# Stjórnartíðindi
# 1991 - B-deild - 2. hluti

Útgáfa 1.0 af rafræna skjalinu

Þetta PDF skjal er hluti afraksturs skönnunar á prentuðum eintökum af Stjórnartíðindum. Markmið þessarar útgáfu er að veita almenningi færi á að eignast sitt eigið eintak af prentuðum Stjórnartíðindum án endurgjalds. Hvorki dómsmálaráðuneytið né önnur stjórnvöld standa að gerð skjals þessa umfram það að hafa útvegað höfundi skjalsins prenteintök af ritinu.

Skjalið er upprunalega birt á vefnum https://urlausnir.is. Þar má finna rafrænar útgáfur hinna bindanna og verða nýrri útgáfur af skjölunum í boði þar.

## Takmörkun ábyrgðar

Höfundur skjals þessa afsalar sér allri ábyrgð, að því marki sem lög heimila, vegna beinnar og/eða óbeinnar notkunar skjalsins sjálfs eða afurða sem af því leiðir. Þó stefnt hafi verið að því markmiði að skjalið endurspegli sem best innihald upprunalegu bindanna er hvorki hægt að tryggja né ábyrgjast að það hafi tekist. Framangreint á einnig við um efnislegt innihald prentuðu eintakanna sem skönnuð voru.

## Höfundaréttur

Samkvæmt 9. gr. núverandi höfundalaga, nr. 73/1972, njóta landslög og önnur áþekk gögn gerð af opinberri hálfu, ekki verndar höfundalaga.

Hvers kyns höfundarréttur sem höfundur skjalsins gæti hafa skapað sér til handa með skönnuninni sjálfri eða öðru framlagi sínu til sköpunar þess, skal vera meðhöndlaður í samræmi við Creative Commons Zero höfundaleyfið (CC0 1.0 Universal eða síðari útgáfa þess).

## Ábendingar

Séu ábendingar um mögulegar úrbætur á skjalinu er hægt að koma þeim á framfæri við höfund þess.

## Athugasemdir um þessa útgáfu

Bls. 1232 er tóm og á (væntanlega) að vera það.
Meiriháttar galli á bls. 844.
Gallar á bls. 699, 785, 796-797, 847, 1014, 1051, 1097-1098, 1230, og 1237.

Höfundur skjalsins: Svavar Kjarrval (svavar@kjarrval.is)

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 655 28. desember 1989.**

1. gr.

6. gr. breytist þannig:

a. Liður 0.2.3 orðist svo:
Stjórn-, yfirfærslu- og hemlabúnaður skal hafa umframfærslu til að mæta hitabreytingum og nokkru sliti. Í vökvahemlabúnaði skal fullri hemlun náð á 2/3 af heildarfærslu fetils.

b. Liður 0.2.13 orðist svo:
Í hverju óháðu hemlakerfi með aðfengnu afli þar sem orka til hemlunar er flutt út í hjólin með þrýstilofti skal vera loki sem auðvelt er að komast að til þrýstimælinga. Hann skal vera sem næst þeim hemlastrokk (eða tilsvarandi) sem hefur lengsta lögn að þrýstiloftsgeymi. Á lokanum utanverðum skulu vera gengjur M16x1,5 og hentug vörn gegn ryki o.þ.h.

c. Aftan við lið 1.4.7 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Bifreið sem búin er hemlalæsivörn samkvæmt EB tilskipun nr. 71/320 og viðbót 88/194 þarf ekki að vera búin hleðslustýrðum hemlajöfnunarloka. Fulllestuð skal bifreið sem búin er slíkri hemlalæsivörn geta fylgt ákvæðum liðar 0.2.20.

d. Liður 6.1.2 orðist svo:
Aksturshemillinn skal vera af samtengdri gerð eða ýtihemill ef leyfð heildarþyngd er 3500 kg eða minna.

e. Liður 6.1.3 orðist svo:
Aksturshemillinn skal vera af samtengdri gerð ef leyfð heildarþyngd er yfir 3500 kg.

f. Aftan við lið 6.1.10 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:
Eftirvagn sem búinn er hemlalæsivörn samkvæmt EB tilskipun nr. 71/320 og viðbót 88/194 þarf ekki að vera búinn hleðslustýrðum hemlajöfnunarloka. Fulllestaður skal eftirvagn sem búinn er slíkri hemlalæsivörn geta fylgt ákvæðum liðar 0.2.20.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júlí 1991.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. júní 1991.*

F. h. r.
**Ólafur W. Stefánsson.**

*Guðni Karlsson.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# AUGLÝSING

**um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Njarðvíkur nr. 711/1983.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Njarðvíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest breytingu á staðfestu aðalskipulagi Njarðvíkur nr. 711/1983 skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því, að Hafnarvegur flyst í núverandi legu, vestan lóðar aðveitustöðvar Hitaveitu Suðurnesja, en lóð aðveitustöðvarinnar stækkar.

*Umhverfisráðuneytið, 24. júní 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

Nr. 307 26. júní 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Selfoss nr. 432/1988.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Selfoss hefur Skipulagsstjórn ríkisins staðfest breytingu á staðfestu aðalskipulagi Selfoss nr. 432/1988 skv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því, að landnotkun á vesturbakka Ölfusár er breytt að hluta þannig að í stað útivistar- og skógræktarsvæðis kemur íbúðar- og skógræktarsvæði.

*Umhverfisráðuneytið, 26. júní 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

Nr. 308 26. júní 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007 nr. 432/1988.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest breytingu á aðalskipulagi Selfoss 1987–2007, nr. 432/1988.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð, sem mælt er fyrir í skipulagslögum nr. 19/1964. Bæjarstjórn Selfoss hefur samþykkt breytinguna og Skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar í ráðuneytinu.

Breytingin er fólgin í því, að notkun lóðarinnar nr. 24 við Austurveg er breytt í lóð fyrir opinbera þjónustu í stað þess, að notkun var áður ákveðin: blönduð landnotkun, opinber þjónusta, verslun/skrifstofur og íbúðir.

*Umhverfisráðuneytið, 26. júní 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

**Stjórnartíðindi B 30, nr. 305–308. Útgáfudagur 28. júní 1991.**

STJÓRNARTÍÐINDI B 31 – 1991



# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Selfoss.**

I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A.1 | Almenn notkun | kr. | 6,00 | (7,47) | kWst |
| A.2 | Vinnuvélar, vinnuljós | kr. | 9,50 | (11,83) | kWst |
| A.3 | Utanhúslýsing | kr. | 28 530,00 | (35 519,85) | kW/ár |
| A.4 | Sumarhús | kr. | 3,46 | (4,30) | kWst |
| B.1 | Aflmælar, orkugjald | kr. | 2,05 | (2,55) | kWst |
| | Aflgjald | kr. | 9 020,00 | (11 229,90) | kW/ár. |
| C.1 | Rofin hitun roftími 1×60 mín. | kr. | 5,00 | (6,23) | kWst |
| C.2 | Rofin hitun roftími 2×90 mín. | kr. | 2,00 | (2,49) | kWst |
| C.3 | Næturhitun eða hliðst. notkun roftími allt að 12 klst. á sólarhring | kr. | 2,00 | (2,49) | kWst |
| D.1 | Hitun í iðnaði: | | | | |
| | Næturtaxti 20.00–08.00 | kr. | 2,00 | (2,49) | kWst |
| | Dagtaxti 08.00–20.00 | kr. | 6,50 | (8,09) | kWst |
| D.2 | Húshitun | kr. | 1,33 | | kWst |

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrám.
d. Að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

## II. FASTAGJALD.

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkumælir, einfasa | 2 825,00 | (3 517,00) | kr/ári |
| Orkumælir, þrífasa | 6 215,00 | (7 738,00) | kr/ári |
| Orkumælir, þrífasa með straumsp. | 6 949,00 | (8 652,0) | kr/ári |
| Orkumælir fyrir sumarhús | 9 036,00 | (11 249,00) | kr/ári |
| Aflmælir | 6 912,00 | (8 605,00) | kr/ári |
| Aflmælar með straumspennum | 7 681,00 | (9 562,00) | kr/ári |
| Tvígjaldsmælir | 6 947,00 | (8 649,00) | kr/ári |
| Klukka | 605,00 | (753,00) | kr/ári |

## III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur (A) | Stofngjald (kr.) | |
|---|---|---|
| 1 x 63 | 49 626,00 | (61 784,00) |
| 3 x 63 | 53 762,00 | (66 934,00) |
| 3 x 100 | 85 323,00 | (106 227,00) |
| 3 x 200 | 168 693,00 | (210 023,00) |
| 3 x 315 | 267 745,00 | (333 343,00) |
| 3 x 400 | 341 728,00 | (425 451,00) |
| 3 x 710 | 607 277,00 | (756 060,00) |
| 3 x 1200 | 1 020 835,00 | (1 270 566,00) |

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Bráðabirgðaheimtaug:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 × 63 | kr. | 13 411,00 | (16 697,00) |
| 3 × 63 | kr. | 18 087,00 | (22 518,00) |

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugagjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Gjald fyrir enduropnun ........................ kr. 1 300,00 (1 618,00)

Ef fasvikstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Aukaálestur ................................ kr. 520,00 (647,00)

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 17, 24. janúar 1990 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1991.*

F. h. r.
**Árni Þ. Árnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*

28. júní 1991 Nr. 310

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrám rafveitna.**

Samkvæmt 62. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám Rafmagnsveitna ríkisins frá og með 1. júlí 1991:

Gjaldskrá heildsölu hækkar um ............................ 5,0%
Allir liðir smásölugjaldskrár hækka um ...................... 5,0%
nema gjaldskrá fyrir heimtaugar sem breytist ekki.
Heitt vatn frá kyndistöð á Höfn hækkar um ................... 5,0%

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrám rafveitna frá og með 1. júlí 1991:

Gjaldskrá Rafveitu Stokkseyrar, nr. 51, 17. janúar 1991:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ........................ 5,0%

Gjaldskrá Rafveitu Eyrarbakka, nr. 52, 17. janúar 1991:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ........................ 5,0%

*Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Selfoss.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, er taki gildi 1. júlí 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 25, 17. janúar 1990:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um .............................. 5,0%
nema taxti fyrir „enduropnun" sem lækkar og verður kr. 1 300,00 og taxti fyrir „sérstakan álestur" sem lækkar og verður kr. 520,00.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. júní 1991.*

F. h. r.
**Árni Þ. Árnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 312 28. júní 1991

# REGLUGERÐ

**um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí – 15. ágúst 1991.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1991 til og með 15. ágúst 1991 eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 28. júní 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 32 – 1991



# REGLUGERÐ

**um aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði.**

I. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

1. gr.

*Orðskýringar.*

Merking orða í reglugerð þessari er sem hér segir:

**Búmarkssvæði** eru þau sömu og ákveðin voru með reglugerð nr. 287/1990. Landbúnaðarráðherra er heimilt að sameina búmarkssvæði innan búnaðarsambandssvæðis, ef hlutaðeigandi búnaðarsamband óskar þess fyrir 1. ágúst 1991. Þá getur landbúnaðarráðherra ákveðið eftir atvikum að miða við sýslur í stað búmarkssvæða.

**Framleiðandi** er hver sá, sem á eigin vegum hefur með höndum sauðfjárframleiðslu til afhendingar í afurðastöð, hvort sem er einstaklingur, lögaðili, aðili að félagsbúi eða ríkisbú.

**Fullvirðisréttur** er það magn sauðfjárafurða, sem búmarkssvæði og/eða framleiðendum er ábyrgst fullt verð fyrir á grundvelli samnings skv. a-lið 30. gr. laga nr. 46/1985.

**Innlagður fullvirðisréttur** er fullvirðisréttur sem lagður er inn til geymslu frá 1. september 1992 til 31. ágúst 1998.

**Lögbýli** eða jörð er í reglugerð þessari skilgreint samkvæmt 1. gr. ábúðarlaga nr. 64 31. maí 1976 með síðari breytingum.

**Niðurfærsla** er tiltekin hlutfallsskerðing á fullvirðisrétti til framleiðslu sauðfjárafurða til að laga hann að innanlandsmarkaði.

2. gr.

*Yfirumsjón og framkvæmd.*

Framkvæmdanefnd búvörusamnings sem skipuð er skv. 7. gr. búvörusamnings, dags. 20. mars 1987 hefur yfirumsjón með aðlögun sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði.

Framleiðsluráð landbúnaðarins aflar nauðsynlegra upplýsinga og annast útreikninga vegna framkvæmdar á þessari reglugerð.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal gefa út sérstakar fullvirðisréttarskrár til grundvallar aðlögunarinnar. Fyrir 15. júlí 1991 verði gefin út sérstök skrá sbr. 5. gr. og síðan endurskoðuð skrá sem tekur mið af þeirri sölu og niðurfærslu fullvirðisréttar sem á sér stað á aðlögunartímanum, þann 1. október 1991 og 31. ágúst 1992. Jafnóðum skal færa inn breytingar vegna kaupa ríkissjóðs á fullvirðisrétti og sölu fullvirðisréttar milli framleiðenda.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

## II. KAFLI
**Kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti, 1. hluti aðlögunar.**

3. gr.

*Tilboð ríkissjóðs.*

Á tímabilinu frá 1. maí 1991 til 31. ágúst 1991 býðst ríkissjóður til að kaupa fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða, eftir því sem framleiðendur óska, að ígildi allt að 3.700 tonnum kjöts. Jafnframt að greiða förgunarbætur vegna fækkunar á allt að 55.000 ám.

Sölutilboð sem berast verða afgreidd í réttri tímaröð. Náist þessi markmið um aðlögun að innanlandsmarkaði ekki á tímabilinu, kemur til niðurfærslu á fullvirðisrétti.

4. gr.

*Ráðstöfun fullvirðisréttar.*

Fullvirðisréttur á lögbýli fylgir því og er kaupverð hans greitt til eiganda þess eða eftir tilvísun hans, nema sá fullvirðisréttur sem ábúandi hefur keypt eða flutt með sér á leigujörð, sem er greiddur ábúanda. Samningi um sölu fullvirðisréttar þarf að fylgja samþykki eiganda (eigenda) og ábúanda (ábúenda) lögbýlis, sem nýtir fullvirðisrétt á lögbýlinu haustið 1991, ef ekki er um sama (sömu) aðila að ræða.

Fullvirðisréttur utan lögbýla er seljanlegur ríkissjóði á tímabilinu á sama hátt og fullvirðisréttur lögbýla en ella fellur hann niður úr fullvirðisréttarskrá 31. ágúst 1992.

5. gr.

*Skráning fullvirðisréttar.*

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal gera sérstaka skrá um fullvirðisrétt á lögbýlum og utan lögbýla, sem gildir við kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti.

Við gerð þeirrar skrár skal gæta þess að fullvirðisréttur, sem lagður hefur verið inn til leigu hjá búnaðarsambandi, sé skráður hjá leigusala. Leigusala er heimilt að selja þann fullvirðisrétt til ríkissjóðs. Búnaðarsamband reiknar út skv. 7. gr. hvaða framleiðendur, sem tekið hafa slíkan rétt á leigu skuli minnka bústofn. Sama gildir um fullvirðisrétt sem leigður hefur verið milli einstaklinga og skal leigutaki fækka fé um tilsvarandi fjölda skv. 7. gr.

Um úthlutanir búnaðarsambanda fer eftir fullvirðisréttarskrá verðlagsársins 1991/92. Þau búnaðarsambönd sem nýttu sér heimild í a-lið 3. gr. reglugerðar nr. 407/1990 skulu tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um endanlega úthlutun á sínu svæði eigi síðar en 5. júlí 1991.

Um fullvirðisrétt bundinn í leigusamningum hjá Framleiðnisjóði og fjárskiptasamningum hjá Sauðfjárveikivörnum fer eftir fullvirðisréttarskrá Framleiðsluráðs landbúnaðarins fyrir verðlagsárið 1991/92 að teknu tilliti til breytinga skv. 3. mgr.

6. gr.

*Kaupverð fullvirðisréttar.*

Ríkissjóður kaupir fullvirðisrétt á 1. hluta aðlögunar, sem bundinn er í leigusamningum við Framleiðnisjóð landbúnaðarins fyrir kr. 480 á kg. Fyrir allan annan fullvirðisrétt sem er seldur ríkissjóði greiðast kr. 600 á kg þar með talinn fullvirðisréttur sem bundinn er samningi við Sauðfjárveikivarnir.

7. gr.

*Fækkun fjár.*

Þegar seldur er fullvirðisréttur sem er nýttur til framleiðslu skuldbindur framleiðandi sig til að fækka ám um tilsvarandi fjölda og sölu nam þannig að ásetningur sauðfjár haustið 1991 verði í samræmi við umsamda fækkun.

Þegar seldur er allur fullvirðisréttur skal öllu fé fargað. Heimilt er þó að halda eftir allt að 10 kindum til heimanota.

Þegar framleiðandi selur hluta fullvirðisréttar, sem nýttur er til framleiðslu, skal farga 0,8 – 1,2 ám á móti hverju seldu ærgildi. Þegar seldur er ónýttur fullvirðisréttur, miðað við innlegg og bústofnsauka á verðlagsárinu 1990–1991, þarf ekki að farga sauðfé á móti seldum rétti.

Áður en greiðslur ríkissjóðs vegna förgunarbóta verða inntar af hendi skal liggja fyrir fullnægjandi staðfesting á því að ám hafi verið fargað og að ásetningur haustið 1991 hafi verið í samræmi við umsamda fækkun.

8. gr.

*Greiðsla förgunarbóta.*

Förgunarbætur eru greiddar seljanda fullvirðisréttar, en ábúanda sé hann annar en seljandi. Ríkissjóður fær til ráðstöfunar þær ær, sem förgunarbætur greiðast fyrir.

Þegar seldur er allur fullvirðisréttur greiðast kr. 5 000 fyrir hverja á sem framvísað er, allt að fjölda seldra ærgilda í fullvirðisrétti. Þetta gildir þótt haldið sé eftir 10 ærgilda fullvirðisrétti.

Þegar seldur er hluti fullvirðisréttar greiðast kr. 3 500 fyrir hverja á sem fargað er á móti hverju seldu ærgildi.

Þegar fargað er fleiri ám en nemur seldum ærgildum, greiðir ríkissjóður kr. 3 500 fyrir hverja á sem umfram er, allt að 1,2 ám á móti hverju seldu ærgildi. Seljandi annast um og kostar flutning að sláturhúsi eða öðrum afhendingarstað sem síðar verður ákveðinn.

Ríkissjóður ábyrgist fullt verð afurða sem svarar minni ásetningsþörf haustið 1991, þ.e. 2,25 kg dilkakjöts fyrir hvert selt ærgildi, þegar krafist er tilsvarandi fækkunar á bústofni, ef innlegg rúmast ekki innan fullvirðisréttar.

III. KAFLI

**Fyrri niðurfærsla.**

9. gr.

*Niðurfærsla.*

Þann 1. september 1991 verður fullvirðisréttur, sem er nýtanlegur til framleiðslu samkvæmt sérstakri fullvirðisréttarskrá 15. júlí 1991, sbr. 5. gr. að hafa minnkað um 12% við sölu til ríkissjóðs. Sé því markmiði ekki náð verður þessi fullvirðisréttur færður niður um það sem á vantar, þó með undantekningum skv. 10. gr.

Fullvirðisréttur bundinn í samningum við Framleiðnisjóð landbúnaðarins eða Sauðfjárveikivarnir skal færður niður um sama hlutfall.

10. gr.

*Búmarkssvæði.*

Á búmarkssvæðum þar sem fullvirðisréttur til sauðfjárframleiðslu var yfir 90% af samanlögðum fullvirðisrétti til mjólkur- og sauðfjárframleiðslu verðlagsárið 1989/1990 skal niðurfærslan miðast við 7,2% minnkun nýtanlegs fullvirðisréttar. Hafi þetta hlutfall verið á milli 70% – 90% skal miðað við 9,6%.

11. gr.

*Lækkun á niðurfærslu búmarkssvæðis.*

Til lækkunar á niðurfærslu á hverju búmarkssvæði kemur innlagður fullvirðisréttur, sbr. 22. gr., og fullvirðisréttur nýtanlegur til framleiðslu, sem seldur hefur verið ríkissjóði, skv. II.

kafla að undanskildum fullvirðisrétti utan lögbýla, sem kemur hlutfallslega til lækkunar á landsvísu.

Fullvirðisréttur sem bundinn er í leigusamningum við Framleiðnisjóð og fjárskiptasamningum við Sauðfjárveikivarnir og er seldur ríkissjóði, kemur ekki til lækkunar við fyrri niðurfærslu.

Verði sala til ríkissjóðs á fullvirðisrétti sem er í framleiðslu á lögbýlum umfram markmið sbr. 9. og 10. gr., kemur það sem umfram er hlutfallslega til lækkunar á fyrri niðurfærslu annarra svæða.

12. gr.

*Lækkun á niðurfærslu framleiðanda.*

Framleiðandi sem hefur fyrir 1. september 1991 selt ríkissjóði fullvirðisrétt skal undanþeginn fyrri niðurfærslu að því marki sem sölu nam.

Framleiðandi sem selur fullvirðisrétt umfram fyrri niðurfærslu skal undanþeginn seinni niðurfærslu að því marki sem umfram er og selji hann 25% eða meira af fullvirðisrétti sínum skal hann undanþeginn seinni niðurfærslu.

13. gr.

*Greiðslur ríkissjóðs.*

Við fyrri niðurfærslu fullvirðisréttar greiðir ríkissjóður kr. 450 á kg. Við niðurfærsluna skal framleiðandi fækka ám tilsvarandi sbr. 7. gr. og greiðir ríkissjóður kr. 3 500 fyrir hverja á sem fargað er. Einnig ábyrgist ríkissjóður fullt verð afurða sem svarar minni ásetningsþörf haustið 1991, þ.e. 2,25 kg dilkakjöts fyrir hvert ærgildi sem niðurfærslunni nemur, ef innlegg rúmast ekki innan fullvirðisréttar.

Áður en greiðslur ríkissjóðs vegna niðurfærslunnar verða inntar af hendi verður að liggja fyrir fullnægjandi staðfesting þess að ám hafi verið fargað og að ásetningur haustið 1991 hafi verið í samræmi við fækkun vegna niðurfærslunnar.

14. gr.

*Breyting fullvirðisréttar.*

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal tilkynna framleiðendum um fullvirðisrétt þeirra við lok fyrri niðurfærslu. Þeir eiga þess kost að gera athugasemdir við hann og skulu þær berast Framleiðsluráði landbúnaðarins innan 30 daga frá dagsetningu tilkynningar. Framleiðsluráð landbúnaðarins endurskoðar útreikninga, sem athugasemdir eru gerðar við og tilkynnir framleiðanda niðurstöðu sína.

Uni framleiðandi ekki þeirri niðurstöðu, getur hann innan 25 daga frá dagsetningu úrskurðar skotið ágreiningnum með rökstuddri kæru til nefndar, sem skipuð er skv. 31. gr. laga nr. 46/1985. Skal nefndin fella úrskurð sinn innan 30 daga frá því erindi berst henni.

## IV. KAFLI

## Sala fullvirðisréttar milli framleiðenda.

15. gr.

*Heimild til sölu.*

Á tímabilinu frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 er heimil sala á fullvirðisrétti milli framleiðenda á lögbýlum með skilyrðum 16. – 20. gr. Sala verður þó fyrst heimil að lokinni fyrri niðurfærslu eða þegar kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti á viðkomandi búmarkssvæðum hafa náð aðlögunarmarkmiðum skv. 9. og 10. gr.

Sé lögbýli í leiguábúð þarf samþykki eiganda og ábúanda fyrir ráðstöfun fullvirðisréttar.

16. gr.
*Takmarkanir á sölu fullvirðisréttar.*

Fullvirðisrétt sem leigður hefur verið Framleiðnisjóði landbúnaðarins má því aðeins selja að hann hafi verið í framleiðslu hjá viðkomandi framleiðanda næstliðin tvö ár fyrir sölu.

Fullvirðisréttur sem bundinn er í fjárskiptasamningi við Sauðfjárveikivarnir verður seljanlegur að liðnum samningstíma og þegar samningurinn telst fullefndur að öðru leyti.

17. gr.
*Aukning fullvirðisréttar.*

Hverjum framleiðanda á lögbýli er heimilt að kaupa sér fullvirðisrétt að því marki að hann auki sinn fullvirðisrétt um 15% frá þeim fullvirðisrétti sem hann var skráður fyrir til framleiðslu verðlagsárið 1991/92.

18. gr.
*Gróðurvernd.*

Landbúnaðarráðherra er heimilt að takmarka eða stöðva kaup á fullvirðisrétti ef fyrir liggur rökstutt álit Landgræðslu ríkisins þar um. Landbúnaðarráðherra ákveður nánari starfsreglur hér að lútandi.

Framleiðsluráð landbúnaðarins skal veita Landgræðslu ríkisins upplýsingar um fyrirhuguð viðskipti með fullvirðisrétt milli einstaklinga jafnóðum og tilkynningar berast.

19. gr.
*Forkaupsréttur.*

Ríkissjóður hefur heimild til að kaupa 20% af fullvirðisrétti í hverri sölu. Það hlutfall getur verið lægra eða ekkert á ákveðnum svæðum eða búum sem byggja afkomu sína nær eingöngu á sauðfjárrækt. Ríkissjóður greiðir kr. 380 á kg.

20. gr.
*Tilkynningar og staðfesting.*

Viðskipti með fullvirðisrétt skulu tilkynnt á þar til gerðum eyðublöðum sem Framleiðsluráð landbúnaðarins lætur í té og munu liggja frammi á skrifstofum búnaðarsambanda. Viðskiptin taka fyrst gildi þegar staðfesting Framleiðsluráðs landbúnaðarins liggur fyrir.

## V. KAFLI
## **Kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti, 2. hluti aðlögunar.**

21. gr.
*Tilboð ríkissjóðs.*

Um kaup ríkissjóðs á fullvirðisrétti í sauðfjárframleiðslu á tímabilinu frá 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 gilda sömu ákvæði og í II. kafla að öðru leyti en því að greiðslur fyrir fullvirðisrétt og förgunarbætur lækka. Ríkissjóður kaupir fullvirðisrétt á 2. hluta aðlögunar, sem bundinn er í leigusamningum við Framleiðnisjóð landbúnaðarins fyrir kr. 300 á kg. Fyrir allan annan fullvirðisrétt sem er seldur ríkissjóði greiðast kr. 380 á kg þar með talinn fullvirðisréttur sem bundinn er samningi við Sauðfjárveikivarnir. Förgunarbætur fyrir hverja á verða kr. 3 500.

22. gr.
*Innlagður fullvirðisréttur.*

Fram til 31. ágúst 1992 er heimilt að leggja fullvirðisrétt lögbýla inn til geymslu til 31. ágúst 1998. Framleiðandi skal þá farga öllum bústofni og greiðir ríkissjóður kr. 5 000 fyrir hverja á sem fargað er og rúmast ekki innan fullvirðisréttar lögbýlisins við innlegg.

Innlagður fullvirðisréttur sætir sömu breytingum og annar fullvirðisréttur.

Einnig ábyrgist ríkissjóður fullt verð afurða sem svarar minni ásetningsþörf haustið 1991, þ.e. 2,25 kg dilkakjöts fyrir hvert ærgildi sem niðurfærslunni nemur, ef innlegg rúmast ekki innan fullvirðisréttar.

23. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er vísað til 38. gr. lánsfjárlaga fyrir árið 1991 nr. 26/1991 og samnings (viðauka I) landbúnaðarráðherra, f.h. ríkisstjórnar Íslands og Stéttarsambands bænda, dags. 11. mars 1991 um aðlögun sauðfjárframleiðslu að innanlandsmarkaði.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. júlí 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

Nr. 314 21. júní 1991

# AUGLÝSING

**um umferð í Kópavogi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi:

1. Að stöðvunarskylda verði á Þverbrekku og Álfaheiði gagnvart Álfhólsvegi.
2. Að hámarkshraði í Kjarrhólma verði 30 km/klst.

Reglur þessar eru settar skv. heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga, um umferð í Kópavogi, sem brjóta í bága við ákvæði auglýsingar þessarar.

*Bæjarfógetinn í Kópavogi, 21. júní 1991.*

**Ólafur Helgi Árnason,** ftr.

Nr. 315 27. júní 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á skipulagstillögu um breytingu á legu vegar og brúar yfir Hrútafjarðará.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest skipulagsuppdrátt, sem felur í sér breytta legu þjóðvegar fyrir botni Hrútafjarðar og þar með nýtt brúarstæði yfir Hrútafjarðará.

Uppdráttur þessi hefur hlotið meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins, en vegna afstöðu hlutaðeigandi hreppsnefnda var málinu vísað til umhverfisráðherra, skv. 3. mgr. 1. gr. skipulagslaga, 3. tl. 3. gr. laga nr. 77/1990.

Eftir að fram hefur farið skv. ákvörðun ráðuneytisins sérstök umhverfiskönnun hefur það í dag staðfest uppdráttinn eins og áður segir.

*Umhverfisráðuneytið, 27. júní 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglum um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa nr. 325/1985, sbr. nr. 171/1987, 80/1988, 412/1988 og 130/1990.**

1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein, 4.3., sem orðist svo:

Í flutningaskipum er falla undir ákvæði Alþjóðasamþykktar um öryggi mannslífa á hafinu 1974 (S.O.L.A.S.) ásamt síðari breytingum er heimilt að samþykkja björgunarbúninga samkvæmt 5. gr. í stað björgunarvesta.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 51/1987 um eftirlit með skipum, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 21. júní 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

26. júní 1991 Nr. 317

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 62/1989, um bann við áfengisauglýsingum.**

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Ákvæðið tekur með sama hætti til auglýsinga sem eingöngu fela í sér firmanafn og/eða firmamerki áfengisframleiðanda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja enda skal tekið fram með áberandi hætti að um óáfenga drykkki sé að ræða í skilningi áfengislaga og ekki sé vísað til hinnar áfengu framleiðslu. Skal letur sem vísar til hins óáfenga drykkjar ekki vera minna áberandi en letur firmanafnsins og/eða firmamerkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 5. mgr. 16. gr. áfengislaga nr. 82/1969, öðlast þegar gildi við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. júní 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010, nr. 251/1990.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010, nr. 251/1990.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð, sem mælt er fyrir í skipulagslögum nr. 19/1964. Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samþykkt breytinguna og Skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar í ráðuneytinu.

Breytingin er fólgin í eftirfarandi:

1. Breyting á legu gatna og íbúðahverfi vestan við Jörfagrund og við Búagrund.
2. Efsta lóðin við Víkurgrund breytist í grænt svæði.
3. Stofnanasvæði við Esjugrund breytist í opið svæði.

*Umhverfisráðuneytið, 27. júní 1991.*

F.h.r.
**Páll Líndal.**

Nr. 319 26. júní 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010, nr. 251/1990.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest breytingu á aðalskipulagi Kjalarneshrepps 1990–2010, nr. 251/1990.

Breyting þessi hefur hlotið þá meðferð, sem mælt er fyrir í skipulagslögum nr. 19/1964. Hreppsnefnd Kjalarneshrepps hefur samþykkt breytinguna og Skipulagsstjórn ríkisins afgreitt hana til staðfestingar í ráðuneytinu.

Breytingin er fólgin í því, að landbúnaðarsvæði í landi Saltvíkur er breytt í svæði fyrir opinbera þjónustu, og gert er ráð fyrir nýrri tengibraut milli Móa og Saltvíkur.

*Umhverfisráðuneytið, 26. júní 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

# REGLUGERÐ

**um bann við togveiðum á Hornbanka.**

1. gr.

Frá og með 5. júlí 1991 til og með 31. ágúst 1991 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka, sem markast af línum, sem dregnar eru um eftirfarandi punkta:

| | |
|---|---|
| 1. 66°56'N - 21°45'V | 3. 66°16'N - 21°10'V |
| 2. 66°59'N - 20°51'V | 4. 66°21'N - 21°23'V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinbera mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. júlí 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

27. júní 1991 Nr. 321

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 213/1991, um greiðslur vasapeninga sjúkratryggðra.**

1. gr.

2. mgr. 2. gr. orðist svo:

Hlutaðeigandi stofnanir skulu gera Tryggingastofnun ríkisins grein fyrir öllum breytingum á vistun, sem haft geta áhrif á framkvæmd reglugerðarinnar tímanlega, verði því við komið, og alls ekki seinna en þegar þær eiga sér stað.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum öðlast gildi 1. júlí 1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# REGLUGERÐ

**um (3.) breytingu á reglugerð nr. 47/1990 um stofnanaþjónustu fyrir aldraða.**

1. gr.

Fjárhæðir, sem nefndar eru í reglugerðinni skulu breytast þannig:

Í 5. gr. komi kr. 23 650 í stað kr. 21 500.
Í 6. gr. komi kr. 23 650 í stað kr. 21 500.
Í 10. gr. komi kr. 19 000 í stað kr. 17 300.
Í 14. gr. komi kr. 19 000 í stað kr. 17 300.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 30., sbr. 27. gr. laga um málefni aldraðra nr. 82/1989 öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 323 2. júlí 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir mengunareftirlit á Norðurlandssvæði eystra.**

1. gr.

Sveitarstjórnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 5. tl. 3. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðisefirlit nr. 81/1988, 3. gr. 6. tl. og viðauka 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990, svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefndar, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 sbr. 5. tl. 8. gr. mengunarvarnareglugerðar, nr. 389/1990, er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000,00

3. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, fyrir hönd svæðisnefndar sveitarstjórnum í té eftirlitsskyld fyrirtæki.

Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

Gjöld samkvæmt 1. gr. má innheimta með lögtaki.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 369/1990.

*Umhverfisráðuneytið, 2. júlí 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# AUGLÝSING

um fylgiskjal (bestukaupalista) með reglugerð nr. 300, 7. júní 1991
um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.

1. gr.

| Heiti | Form | Heiti | Form |
|---|---|---|---|
| Acinil | Töflur | Isordil | Töflur |
| Aldomet | Töflur | Isordil Tembid | Forðahylki |
| Amilin (Delta) | Töflur | Karbamazepin | Töflur |
| Apurin | Töflur | Korzem (Delta) | Töflur |
| Artane | Töflur | Korzem-R (Delta) | Forðatöflur |
| Asyran (Delta) | Töflur | Lanoxin | Mixtúra |
| Atamir | Hylki | Lanoxin | Töflur |
| Atenolol (Gen.) | Töflur | Lanocin-PG | Töflur |
| Atenolol (Delta) | Töflur | Lobac | Töflur |
| Baklofen | Töflur | Metyldopa (Delta) | Töflur |
| Benshexol (LR) | Töflur | Miansin (LR) | Töflur |
| Betasel (Delta) | Töflur | Mildison | Krem |
| Betnovat | Áburður | Monistat | SK-Krem |
| Betnovat | Krem | Mukal (Delta) | Töflur |
| Betnovat | Smyrsli | Naproxen (Delta) | Töflur |
| Cardizem Retard | Forðatöflur | Naproxen (GER) | Töflur |
| Cardol (Delta) | Töflur | Naproxen (LR) | Töflur |
| Cimetidin (Delta) | Töflur | Narox (Delta) | EÞ-Stílar |
| Confortid | EÞ-Stílar | Nebacetin | Smyrsli |
| Cuprimine | Hylki | Neurotol.Slow | Forðatöflur |
| Daren (Delta) | Töflur | Nifedipin | Hylki |
| Diflonid | Töflur | Nuelin Retard | Forðatöflur |
| Dilangin (Delta) | Töflur | Optimol | Augndropar |
| Donobid | Töflur | Parzan (Delta) | Töflur |
| Dopamet | Töflur | Propranolol (Delta) | Töflur |
| Elyzol | SK-Stílar | Renitec | Töflur |
| Entrydil | Töflur | Salbutamol | Innúðalyf |
| Furix | Töflur | Seloken | Töflur |
| Gastran (Delta) | Töflur | Sorbitrate | Töflur |
| Haloperidol (LR) | Töflur | Sorbitrate SA | Forðatöflur |
| Hydrokortison (Delta) | Krem | Sparkal | Töflur |
| Hydrokortison AKV. (Delta) | Krem | Sparkal Mite | Töflur |
| Ibufen (LR) | Töflur | Spasmerin (Delta) | Töflur |
| Ibuprofen | Töflur | Spirix | Töflur |
| Inderal | Töflur | Tamoxifen | Töflur |
| Inderal LA | Forðahylki | Trimonil Retard | Forðatöflur |
| Indocid | EÞ-Stílar | Truxal | Töflur |
| Indometacin | Hylki | Verapamil | Töflur |
| Indometasin (Delta) | EÞ-Stílar | Visloc | Töflur |
| Indomethacin | Hylki | Voltaren | EÞ-Stílar |
| Isordil | Tungur.Töflur | Voltaren | SH-Töflur |
| | | Vostar (Delta) | SH-Töflur |

2.gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður fylgiskjal, skv. augl. nr. 155/1991 sbr. og ákvæði til bráðabirgða í reglugerð nr. 300/1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 3. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 325 2. júlí 1991

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um menntun, réttindi og skyldur læknaritara nr. 161, 30. mars 1987, sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 162, 21. mars 1988.**

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Leyfi samkvæmt 1. gr. skal veita þeim, sem lokið hafa prófi í læknaritun skv. námsskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið samþykkir.

Leyfi má og veita þeim sem lokið hafa námi frá skólum erlendis sem viðurkenndir eru af heilbrigðisyfirvöldum viðkomandi lands. Umsækjendur skulu hafa næga kunnáttu í réttarreglum er lúta að starfinu. Leita skal umsagnar Félags íslenskra læknaritara og landlæknis áður en leyfi samkvæmt þessari málsgrein er veitt.

2. gr.

**Ákvæði til bráðabirgða orðist svo:**

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er ráðherra heimilt fram til 31. desember 1991 að veita þeim starfsleyfi er höfu störf fyrir gildistöku reglugerðar þessarar og sem uppfylla verklagsreglur um veitingu leyfa.

Þeim sem ekki uppfylla verklagsreglur en höfu störf fyrir gildistöku reglugerðar þessarar skal heimilt að veita starfsleyfi að undangenginni þátttöku í sérstöku löggildingarnámskeiði og að fenginni umsögn sömu aðila og um getur í 2. gr.

Skipa skal sérstaka nefnd til að hafa umsjón með slíku námskeiði. Nefndinni er heimilt að ákveða að námskeiðið skuli tvískipt eftir menntun og starfsreynslu þátttakenda.

Í nefndinni skulu eiga sæti fulltrúi heilbrigðisráðuneytisins, Félags íslenskra læknaritara, menntamálaráðuneytisins og landlæknis.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í lögum nr. 24/1985 um starfsheiti og starfsréttindi heilbrigðisstétta öðlast gildi 15. júlí.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Seyðisfjarðar.

I. kafli.

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. kafli.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt orkumæli kr. 2,66 fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli kr. 23,65 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Framangreindir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði kr. 0,99 fyrir hverja kílówattstund sem kemur til frádráttar á viðkomandi reikningi.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er kr. 152,00.

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reikninga eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis kr. 82 470,00.

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 $m^3$ kr. 112,35.

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 $m^3$.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 400,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Allar taxta- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. kafli.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun á heita vatninu.

IV. kafli.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 442, 25. september 1989, með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. júlí 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# SKIPULAGSSKRÁ

## Menningarsjóðs Svarfdæla.

Í tilefni aldarafmælis Sparisjóðs Svarfdæla, 1. maí 1984 er stofnaður sjóður til styrktar menningarmálum í byggðarlaginu.

Um sjóðinn og starfsemi hans gildir eftirfarandi skipulagsskrá:

1. gr.

Nafn sjóðsins er Menningarsjóður Svarfdæla. Heimili hans og varnarþing er á Dalvík.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að veita styrki til hverskonar menningarmála í byggðum Svarfdæla.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn. Einn kosinn af aðalfundi Sparisjóðs Svarfdæla og er hann jafnan formaður stjórnar. Annar kosinn af bæjarstjórn Dalvíkurkaupstaðar og hinn þriðji kosinn af hreppsnefnd Svarfaðardalshrepps. Kjörtími skal vera fjögur ár og fylgja kjörtímabili sveitarstjórna.

Stjórnin ákveður styrkveitingar úr sjóðnum að jafnaði einu sinni á ári fyrir aðalfund Sparisjóðsins. Hún heldur gerðabók og semur árlega reikninga sjóðsins, sem skulu endurskoðaðir af kjörnum endurskoðendum Sparisjóðsins og lagðir, ásamt skýrslu um úthlutun styrkja, fyrir aðalfund hans.

4. gr.

Stofnfé Menningarsjóðs Svarfdæla er kr. 500 000,00, ákveðið af ábyrgðarmannafundi Sparisjóðs Svarfdæla á aldarafmælinu, 1. maí 1984.

Árlegar tekjur sjóðsins eru auk vaxta, framlög sem aðalfundur Sparisjóðsins kann að ákveða honum, eða aðrir þeir aðilar, sem hafa áhuga á að efla getu sjóðsins til styrkveitinga, sbr. 2. grein.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Sparisjóði Svarfdæla. Við styrkveitingar skal þess gætt, að höfuðstóll sjóðsins fari jafnaðarlega ekki niður fyrir upphæð stofnframlagsins að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Að öðru leyti hefur sjóðsstjórnin óbundnar hendur með árlegt ráðstöfunarfé sjóðsins samkvæmt markmiði í 2. grein.

6. gr.

Sjóðurinn tekur til starfa að fenginni staðfestingu þessarar skipulagsskrár.

Þannig samþykkt á aðalfundi Sparisjóðs Svarfdæla árið 1986.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 27. júní 1991.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

---

*Fanney Óskarsdóttir.*

# SAMÞYKKT

## um hundahald á Höfn.

1. gr.

Hundahald er bannað á Höfn.

2. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að veita undanþágur frá banni við hundahaldi með eftirfarandi skilyrðum:

a. Hundurinn skal skráður á skrifstofu Hafnar og þar fær eigandi merkta plötu sem ávallt skal vera á ól um háls hundsins.
b. Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Skal slík vátrygging ná til alls þess tjóns, er dýr hans kynni að valda á mönnum og munum.
c. Árlega skal greiða leyfisgjald af hundum sem undanþága er veitt fyrir. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá, sem heilbrigðisráðherra staðfestir og miðist það við að standa straum af þeim kostnaði sem bærinn verður fyrir vegna þessara hunda. Gjaldið skal greitt við skráningu fyrir eitt ár í senn og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. mars og hafi gjöldin eigi verið greidd innan 3ja mánaða frá gjalddaga skal bæjarstjórn afturkalla leyfið.
d. Hundaeigandi skal koma með hund sinn í árlega hreinsun þegar slík hreinsun verður auglýst. Skal hann þá framvísa vottorði um að hundurinn sé tryggður.
e. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda inn í skóla, íþróttahús, sundstaði, almenningsfarartæki og barnaleikvelli né í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru um hönd höfð.
f. Leyfi fyrir einstökum hundum er jafnan háð því að þeir raski ekki ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum sem um bæinn fara til óþæginda t.d. með slysahættu og hávaða.
g. Ef breyting verður á eignarhaldi hunds fellur undanþáguleyfi úr gildi og ber að færa hundinn til eftirlitsmanns.
h. Hundaeiganda ber að viðhafa fullkomið hreinlæti í meðferð hunds síns, þar á meðal að þrífa eftir dýrið.
i. Hundaeiganda ber að hlíta að öðru leyti lögum og reglum, er hundahald varða svo og fyrirmælum sem heilbrigðisnefnd setur.

3. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds er bæjarstjórn heimilt hvenær sem er að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum. Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla öll leyfi, telji hún þess þörf. Verði leyfi fyrir hund afturkallað og hann ekki fjarlægður úr bænum skal fara með hann samkvæmt 5. gr. þessarar samþykktar.

4. gr.

Óleyfilegir hundar skulu teknir hvar sem til þeirra næst og þeir færðir í sérstaka geymslu sem starfrækt er á vegum bæjarins eða í samstarfi við nágrannasveitarfélög. Þar skulu hundarnir geymdir í allt að því hálfan mánuð meðan eigendum er gefinn kostur á að koma þeim fyrir til frambúðar utan Hafnar. Kostnaður við töku og geymslu hundanna skal að fullu greiddur af eigendum. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um að koma þeim í vörslu utan Hafnar innan hálfs mánaðar frá því að þeir eru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

5. gr.

Með brot gegn samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 81/1988 VI. og VII. kafla.

6. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnar staðfestist hér með skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. og lög nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt nr. 767/1983 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 27. júní 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

19. júní 1991 Nr. 329

# SAMÞYKKT

**um notkun og hreinsun rotþróa í Garðabæ.**

1. gr.

Fráveituvatn frá sérhverri húseign í Garðabæ, sem ekki er tengd holræsakerfi bæjarins, skal leiða gegnum rotþró af nægjanlegri stærð. Hönnun á rotþró og staðsetning hennar er háð samþykki heilbrigðisfulltrúa.

2. gr.

Hverja rotþró skal hreinsa og tæma eftir þörfum skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun fer fram á vegum Garðabæjar, og skal heilbrigðisfulltrúi hafa eftirlit með framkvæmd hennar. Heilbrigðisnefnd og heilbrigðisfulltrúi ákveða verktilhögun og annað, er skiptir máli til þess að tryggja, að góður árangur náist.

4. gr.

Fyrir hreinsun og tæmingu á rotþró skal hver húseigandi greiða árlegt rotþróargjald sem nemur 0,3% af fasteignamati húss og lóðar.

Rotþróargjald hvers árs fellur í gjalddaga 15. janúar og skal innheimt á sama hátt og fasteignagjöld til bæjarsjóðs Garðabæjar.

Heimilt skal að innheimta aukagjald af þeim húseignum þar sem um óvenjumikinn kostnað er að ræða við hreinsun og tæmingu, þó aldrei hærra en nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

5. gr.

Með mál vegna brota gegn samþykkt þessari fer skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

6. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1991.

*Umhverfisráðuneytið, 19. júní 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# SAMÞYKKT

**um breytingu á gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Norðurlandssvæði eystra nr. 24/1988 með breytingu nr. 491/1989 og 345/1990.**

1. gr.

3. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16., 17. tl. 2. gr. laga nr. 81/1981, skal árlega greiða eftirlitsgjöld sem hér greinir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. flokkur | kr. | 10 000 |
| 2. flokkur | kr. | 20 000 |
| 3. flokkur | kr. | 40 000 |
| 4. flokkur | kr. | 60 000 |

2. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarfélaganna á svæði heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 331 1. júlí 1991

# SAMÞYKKT

**um gjaldskrá fyrir hundahald í Ólafsfirði fyrir árið 1991.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Ólafsfirði á árinu 1991 skal vera kr. 5 300 fyrir hvern hund, sbr. 2. gr. stl. e. í samþykkt um hundahald í Ólafsfirði nr. 81/1988.

2. gr.

Handsömunargjald skv. stl. e. 2. gr. sbr. og 4. gr. samþykktar nr. 81/1988 skal vera kr. 5 300.

3. gr.

Hreinsunargjald fyrir hunda á lögbýlum skal vera kr. 2 600 fyrir fyrsta hund, en kr. 1 300 fyrir hunda umfram það.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**Stjórnartíðindi B 34, nr. 326–331. Útgáfudagur 10. júlí 1991.**

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Akraness.**

**Gjöldin eru án virðisaukaskatts.**

**Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.**

| Númer gjald-skrárl. | Heiti gjaldskrárliða | Orku-verð kr./kWst. | Árs-greiðslur | |
|---|---|---|---|---|
| | **A – Almenn notkun.** | | | |
| A | Með fastagjaldi | 6,67 | 1 976,00 | kr/ár |
| | **B – Heimilisnotkun o. fl.** | | | |
| B1. | Heimilisnotkun | 5,06 | 2 075,00 | kr/ár |
| B2. | Mannvirkjagerð og Akraneshöfn | 8,78 | 3 094,00 | kr/ár |
| | **C - Vélanotkun.** | | | |
| C3. | Stórnotkun (Afltaxti) | 1,88 | 6 098,00 | kr/kW/ár |
| | Fastagjald | 21 892,00 | kr/ár | |
| | **D - Húshitun.** | | | |
| D1. | Án rofs | 4,79 | 3 334,00 | kr/ár |
| D2. | Rof 1,5 klst. á dag | 2,58 | 3 334,00 | kr/ár |
| D3. | Rof 2,5 klst. á dag | 2,34 | 3 334,00 | kr/ár |
| D5. | Rof 14,5 klst. á dag | 1,47 | 3 334,00 | kr/ár |
| D6. | Sumarhitun rof 3 klst. á dag | 1,80 | 3 334,00 | kr/ár |
| D7. | Rof breytilegt | 2,13 | 3 334,00 | kr/ár |
| | **E - Annað.** | | | |
| E1. | Sérsamningar | | | |
| E2. | Gatna- og hafnarlýsing | | 22 010,00 | kr/kVa/ár |
| E3. | Lokun og enduropnun veitu | | 1 405,00 | kr |
| | **Mæla- og rofaleiga.** | | | |
| 10 | Einfasa | | 355,00 | kr/ár |
| 11 | Einfasa með liða | | 1 830,00 | kr/ár |
| 20 | Þrífasa | | 1 348,00 | kr/ár |
| 21 | Þrífasa með liða | | 2 713,00 | kr/ár |
| 24 | Þrífasa með straumspenni | | 3 461,00 | kr/ár |
| 30 | Þrífasa með aflmæli | | 2 172,00 | kr/ár |
| 31 | Þrífasa með aflmæli og straumspenni | | 4 213,00 | kr/ár |
| 32 | Ársleiga fyrir önnur tæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar. | | | |

**Ákvæði og skýringar með töflu 1.**

A. Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsum.



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

B2. Til véla- og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaða flutningsgetu tengla er verða 3×32 A og 3×50 A 3×63 A og 3×125 A 380 V.

C3. Til atvinnu með meira en 40kW ársafl. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl á 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkv. þessum taxta, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

**Hitanotkun.**

D. Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og notandinn kosti tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
f. að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.
g. að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, án þess að notkun sé hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.

D3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14,5 klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafnmikið afl órofið.

D6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

**E. Annað.**

E1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskyldu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E2. Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.

E3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkv. þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

E4. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1, en a. m. k. 15% notkunar reiknast á taxta B2.
Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.

E5. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

**Mæla- og rofaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðul hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 53 aura fyrir hvert tímabil mánaðarins sem fer niður fyrir slíkt lágmark.

**Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).**

| Gjald- skrár- liður | Mál- straumur 220 V | Aðalvari 380 V kerfi | Flutnings- geta miðað við stærð aðalvara | Tengigjald jarðstrengs- heimtaugar allt að 15 m |
|---|---|---|---|---|
| nr. | amp. | amp. | kVa. | kr. |
| 2.01 | 2 × 35 | 1 × 35 | 7 | 22 600,00 |
| 2.02 | 2 × 60 | 1 × 60 | 13 | 26 800,00 |
| 2.03 | 3 × 60 | | 22 | 32 500,00 |
| 2.04 | 3 × 100 | 3 × 60 | 38 | 45 700,00 |
| 2.05 | | 3 × 100 | 66 | 66 000,00 |
| 2.06 | 2 × 200 | | 76 | 73 300,00 |
| 2.07 | 3 × 350 | 3 × 200 | 132 | 116 000,00 |
| 2.08 | | 3 × 350 | 231 | 190 000,00 |
| 2.09 | Bráðabirgðaheimtaug | | 1 × 35 Amp. | 8 350,00 |
| 2.10 | Bráðabirgðaheimtaug | | 3 × 35 Amp. | 16 000,00 |
| 2.11 | Bráðabirgðaheimtaug | | 3 × 60 Amp. | 28 300,00 |
| 2.12 | Tenging v/Akraneshöfn | | | 1 820,00 |
| 2.13 | Yfirlengd heimtaugar (973,00+9,73×kVa) kr./m | | | |

**Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).**

| Gjaldskrárliður | Stærð spennis | |
|---|---|---|
| nr. | kVa | kr. |
| 3.01 | 150 | 150 000,00 |
| 3.02 | 300 | 221 000,00 |
| 3.03 | 500 | 447 000,00 |
| 3.04 | 600 | 513 000,00 |
| 3.05 | 800 | 683 000,00 |

## Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.

e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar lagningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

**Ýmis ákvæði.**

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1. september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur 24,5%, nema á húshitun, sem er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 4, 2. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. júlí 1991.*

F. h. r.
**Árni Þ. Árnason.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 333 5. júlí 1991

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 38 31. janúar 1991, um möskvastærðir í togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.**

1. gr.

Aftan við 2. mgr. 4. gr. bætast tvær nýjar málsgreinar er orðast svo:

Við úthafsrækjuveiðar á svæði fyrir Norðurlandi milli 14°V og 18°V skal nota net á legg í a.m.k. fjórum öftustu metrum vörpunnar. Sama gildir við rækjuveiðar fyrir Suðvesturlandi sunnan 65°15'N og vestan 22°V.

Við notkun leggpoka samkvæmt 2. og 3. mgr. er heimilt að nota þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 1. ágúst 1991 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. júlí 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

**Stjórnartíðindi B 35, nr. 332–333. Útgáfudagur 15. júlí 1991.**

 Nr. 334

# REIKNINGUR

**Lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1990.**

**Rekstrarreikningur**

| | | |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur:** | | |
| Vaxtatekjur af innstæðum | kr. | 11 628 089 |
| Vaxtatekjur af útlánum | – | 90 286 846 |
| Dráttarvextir | – | 2 159 117 |
| Verðbætur | – | 259 434 134 |
| Lántökugjöld | – | 5 017 527 |
| Gengismunur | – | 22 558 638 |
| Fjármunatekjur alls: | kr. | 391 084 351 |
| **Fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtagjöld af langtímalánum | kr. | 25 816 263 |
| Verðbætur af langtímalánum | – | 43 046 585 |
| Önnur vaxtagjöld | – | 75 |
| Lántökugjöld | – | 0 |
| Reiknuð gjöld v/verðbreytinga | – | 162 182 334 |
| Gengismunur | – | 16 885 813 |
| Fjármagnsgjöld alls: | kr. | 247 931 070 |
| Hreinar fjármunatekjur: | kr. | 143 153 281 |
| **Tekjur:** | | |
| Framlag Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga | kr. | 96 999 600 |
| Aðrar tekjur alls: | kr. | 96 999 600 |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Hlutdeild í sameiginl. kostnaði | kr. | 9 633 313 |
| Sérkostnaður sjóðsins | – | 3 173 703 |
| Afskriftir | – | 2 871 218 |
| Rekstrargjöld alls: | kr. | 15 678 234 |
| Tekjuafgangur: | kr. | 224 474 647 |

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

## Efnahagsreikningur

### Eignir:

**Veltufjármunir:**

| | | |
|---|---|---|
| Sjóður | kr. | 1 011 417 |
| Bankainnstæður | – | 49 123 263 |
| Útistandandi skuldir | – | 496 192 |
| Bjargráðasjóður | – | 3 096 179 |
| Samband ísl. sveitarfélaga | – | 0 |
| Gjaldf. útist. vextir og verðb. | – | 6 805 841 |
| Gjaldfallnar afborganir | – | 9 496 656 |
| Áfallnir útistandandi vextir | – | 75 193 089 |
| Afborg. sem gjaldf. á næsta ári | – | 407 942 398 |
| Veltufjármunir alls: | kr. | 553 165 035 |

**Fastafjármunir:**

Langtímakröfur:

| | | |
|---|---|---|
| Skuldabréf | kr. | 3 092 910 894 |
| Afborganir til greiðslu á næsta ári | – | 417 439 054 |
| Langtímakröfur alls: | kr. | 2 675 471 840 |

**Áhættufé:**

| | | |
|---|---|---|
| Hlutabréf | kr. | 200 000 |
| Áhættufé alls: | kr. | 200 000 |

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld og búnaður | kr. | 17 403 869 |
| Fasteign | – | 36 821 241 |
| | kr. | 54 225 110 |
| Afskrifað alls | – | 19 620 871 |
| Varanl. rekstrarfjárm. alls: | kr. | 34 604 239 |
| Fastafjármunir alls: | kr. | 2 710 276 079 |
| Eignir samtals: | kr. | 3 263 441 114 |

### Skuldir og eigið fé:

**Skammtímaskuldir:**

| | | |
|---|---|---|
| Skuldheimtumenn | kr. | 2 000 957 |
| Samband ísl. sveitarfélaga | – | 1 789 512 |
| Áfallnir ógr. vextir | – | 9 435 893 |
| Afb. næsta árs af langtímask. | – | 114 557 133 |
| Skammtímaskuldir alls: | kr. | 127 783 495 |

**Langtímaskuldir:**

| | | |
|---|---|---|
| Framkvæmdasjóður Íslands | kr. | 550 860 502 |
| Seðlabanki Íslands | – | 7 163 807 |
| | kr. | 558 024 309 |
| Afborganir næsta árs | – | 114 557 133 |
| Langtímaskuldir alls: | kr. | 443 467 176 |
| Skuldir alls: | kr. | 571 250 671 |

**Eigið fé:**

| | | |
|---|---|---|
| Endurmatsreikningur | kr. | 1 579 708 636 |
| Óráðstafað eigið fé | – | 1 112 481 807 |
| Eigið fé alls: | kr. | 2 692 190 443 |
| Skuldir og eigið fé samtals: | kr. | 3 263 441 114 |

*Reykjavík, 25. mars 1991.*

**Þórður Skúlason.**

*Birgir L. Blöndal.*

**Áritun endurskoðenda.**

Ég hefi endurskoðað ársreikning lánasjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1990. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning ársins 1990, efnahagsreikning 31. desember 1990, fjármagnsstreymi 1990 og skýringar nr. 1–8.

Við framkvæmd endurskoðunarinnar, voru gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar. Það er álit mitt, að miðað við viðteknar reikningsskilavenjur, gefi ársreikningurinn glögga mynd af rekstri sjóðsins árið 1990 og efnahag hans í árslok.

Reykjavík, 25. mars 1991.
Sveinn Sæmundsson,
löggiltur endurskoðandi.

Við undirritaðir, endurskoðendur Lánasjóðs sveitarfélaga, höfum yfirfarið ársreikning þennan. Hann er í samræmi við ákvæði laga og leggjum við til, að hann verði samþykktur.

*Reykjavík, 25. mars 1991.*

**Sveinn Sæmundsson.**

*Richard Björgvinsson.*

# REIKNINGUR

## Bjargráðasjóðs fyrir árið 1990.

### Sameinaður rekstrarreikningur fyrir árið 1990.

| | | |
|---|---|---|
| **Fjármunatekjur:** | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | kr. | 8 081 148 |
| Fjármunatekjur alls: | kr. | 8 081 148 |
| **Fjármagnsgjöld:** | | |
| Vaxtagjöld | kr. | 984 675 |
| Áætlaðar óinnheimtanlegar kröfur | – | 7 299 475 |
| Reikn.gjöld v/verðlagsbreytinga | – | 8 813 595 |
| Fjármagnsgjöld alls: | kr. | 17 097 745 |
| Hreinar fjármunatekjur (gjöld): | kr. | (9 016 507) |
| **Aðrar tekjur:** | | |
| Framlög sveitarfélaga | kr. | 17 045 340 |
| Gjald af söluv. landbúnaðarins | kr. | 70 932 827 |
| Aðrar tekjur alls: | – | 87 978 167 |
| Tekjur alls: | – | 78 961 570 |
| **Styrkveitingar:** | | |
| Styrkir | – | 109 890 061 |
| Styrkveitingar alls: | – | 109 890 061 |
| Hreinar tekjur (gjöld) fyrir rekstrargjöld | – | (30 928 491) |
| **Rekstrargjöld:** | | |
| Hlutdeild í sameiginl. kostnaði | kr. | 9 633 313 |
| Sérkostnaður sjóðsins | – | 1 516 965 |
| Innheimtulaun búvörugjalds | – | 1 418 656 |
| Afskriftir | – | 585 212 |
| Rekstrargjöld alls: | kr. | 13 154 146 |
| Tap ársins: | | (44 082 637) |

### Sameinaður efnahagsreikningur

#### Eignir:

| | | |
|---|---|---|
| **Veltufjármunir:** | | |
| Bankainnstæður | – | 32 465 807 |
| Framleiðsluráð landbúnaðarins | – | 22 103 310 |
| Aðrir skuldunautar | – | 11 210 339 |
| Gjaldf. afb., vextir og verðbætur | – | 5 412 103 |
| Næsta árs afborganir útlána | – | 1 863 860 |
| Veltufjármunir alls: | kr. | 73 055 419 |

**Fastafjármunir:**

| | | |
|---|---|---|
| Langtímakröfur: | | |
| Skuldabréfaeign | kr. | 16 615 301 |
| – Afborganir næsta árs | – | (7 275 963) |
| – Niðurfærsla langtímakrafna | – | (5 412 100) |
| Langtímakröfur alls: | kr. | 3 927 238 |

**Varanlegir rekstrarfjármunir:**

| | | |
|---|---|---|
| Áhöld | kr. | 2 386 710 |
| Fasteignir | – | 15 780 142 |
| | kr. | 18 166 852 |
| Afskrifað alls | – | (4 688 730) |
| Varanl. rekstrarfjárm. alls: | kr. | 13 478 122 |
| Fastafjármunir alls: | kr. | 17 405 360 |
| Eignir samtals: | kr. | 90 460 779 |

**Skuldir og eigið fé:**

**Skammtímaskuldir:**

| | | |
|---|---|---|
| Ógreidd ýmis rekstrargjöld | kr. | 316 884 |
| Séreignadeild | – | 10 218 773 |
| Aðrir lánardrottnar | – | 2 942 102 |
| Skammtímaskuldir alls: | kr. | 13 477 759 |
| Skuldir alls: | | 13 477 759 |

**Eigið fé:**

| | | |
|---|---|---|
| Endurmatsreikningar | kr. | 131 727 929 |
| Ójafnað tap | – | (54 744 909) |
| Eigið fé alls: | kr. | 76 983 020 |
| Skuldir og eigið fé samtals: | kr. | 90 460 779 |

*Reykjavík, 21. mars 1991.*

**Þórður Skúlason.**

*Birgir L. Blöndal.*

**Áritun endurskoðanda.**

Ársreikning þennan fyrir Bjargráðasjóð hefi ég endurskoðað.

Ársreikningurinn, sem er á 16 blaðsíðum, hefur að geyma sameinaðan rekstrarreikning fyrir árið 1990, sameinaðan efnahagsreikning 31. desember 1990, fjármagnsstreymi árið 1990, skýringar nr. 1–8, rekstrarreikning almennrar deildar fyrir árið 1990, efnahagsreikning almennrar deildar hinn 31. desember 1990, rekstrarreikning búnaðardeildar fyrir árið 1990 og efnahagsreikning búnaðardeildar hinn 31. desember 1990.

Endurskoðunin var framkvæmd eftir viðteknum endurskoðunarvenjum og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi og bókhaldsgögnum, sem ég taldi nauðsynlegar.

Sérstaklega vil ég benda á að meðal eigna sjóðsins, eru færðar gjaldfallnar afborganir útlána að fjárhæð kr. 5 412 103, sem er 7,4% veltufjármuna, sbr. skýringu nr. 3. Telja verður hæpið að þessar kröfur komi til með að innheimtast að fullu.

Að undanskildum þeim fyrirvara, sem fram kemur að ofan, er það álit mitt, að ársreikningurinn sé saminn í samræmi við lög og samþykktir og gefi, miðað við þær reikningsskilaaðferðir, sem beitt er og lýst er í skýringum, glögga mynd af rekstri sjóðsins á árinu 1990, efnahag hans hinn 31. desember 1990 og breytingu á hreinu veltufé á árinu 1990.

Reykjavík, 21. mars 1991.
Gunnar Zoëga, lögg. endursk.

Áritun framkvæmdastjóra og skrifstofustjóra.

Reykjavík,
Þórður Skúlason, frkvstj. Birgir L. Blöndal, skrifstofustj.

Nr. 336 4. júlí 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á skipulagsuppdrætti um legu Búrfellslínu 3.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest skipulagsuppdrátt, þar sem kveðið er á um legu 220 kw háspennulínu frá Búrfellsvirkjun að Sandskeiði.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, skv. skipulagslögum nr. 19/1964.

Eftirtaldar hreppsnefndir og bæjarstjórnir hafa samþykkt uppdráttinn:

1. Hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.
2. Hreppsnefnd Landmannahrepps.
3. Hreppsnefnd Skeiðahrepps.
4. Hreppsnefnd Grímsneshrepps.
5. Hreppsnefnd Grafningshrepps.
6. Hreppsnefnd Ölfushrepps.
7. Bæjarstjórn Mosfellsbæjar.
8. Bæjarstjórn Kópavogs.

Skipulagsstjórn ríkisins hefur afgreitt uppdráttinn til staðfestingar í ráðuneytinu.

*Umhverfisráðuneytið, 4. júlí 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Eyrarbakka.**

**I. Gjaldskrárliðir.**

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

*A.1. Almenn notkun.*

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | án vsk. | með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,33 | 7,88 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 234,00 | 4 026,35 | kr/ári |

*A.2. Vinnuljósanotkun.*

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 9,49 | 11,82 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 234,00 | 4 026,35 | kr/ári |

*A.3. Utanhússlýsing.*

Öll sérmæld utanhússlýsing.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 5,80 | 7,22 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 234,00 | 4 026,35 | kr/ári |

*A.4. Sumarbústaðanotkun.*

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald v/húshitunar | 4,87 kr/kWst | | |
| Fastagjald 4 x F1 | 12 936,00 | 16 105,30 | kr/ári |

*B.1. Aflmæling.*

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.
Lágmarksafl 20 kW.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,01 | 2,50 | kr/kWst |
| Aflgjald | 9 082,50 | 11 307,70 | kr/kW/ári |

*C.1. Rofin daghitun.*

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustundir á dag.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,15 | 3,92 | kr/kWst |
| Fastagjald F3 | 12 180,00 | 15 164,10 | kr/ári |

*Mælaleiga.*

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Einfasa mælar kr/ári | 617,40 | 768,70 |
| Þrífasa mælar kr/ári | 2 425,50 | 3 019,75 |

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar hverju sinni.

*Innheimta og lokun.*

Innheimtugjald:
Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning

| | | |
|---|---|---|
| að lokun er . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 787,50 | 980,45 kr |

Lokunargjald:
Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu

| | | |
|---|---|---|
| vegna vanskila er . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1 575,00 | 1 960,90 kr |

## II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

*1. Utanhússlýsing.*

Veitan sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast veitan á sinn kostnað.

*2. Aflgjaldsmæling.*

Liður í B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í lok hvers mánaðar.

Lágmarksgjald sé miðað við 20 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

*3. Véla- og tækjanotkun.*

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Veitan getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri og skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

*4. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.*

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, getur veitan takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur veitan sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

*5. Annað.*

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4 og C.1 og fastagjald F3. Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

## III. Heimtaugagjöld.

Heimtaugagjaldskrá veitunnar er sem hér segir:

1.1 Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimtauga eða spennustöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | án vsk. | með vsk. |
|---|---|---|
| 63 A | 62 685,00 | 78 042,85 kr |
| 100 A | 95 865,00 | 119 351,95 kr |
| 200 A | 230 685,00 | 287 202,85 kr |
| 315 A | 364 980,00 | 454 400,10 kr |
| 400 A | 501 585,00 | 624 473,35 kr |
| 710 A | 869 700,00 | 1 116 391,50 kr |
| 1200 A | 1 504 650,00 | 1 873 289,25 kr |

Málstraumur heimtauga miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | | |
|---|---|---|
| 63 A | 10 710,00 | 13 333,95 |
| 100 A | 14 910,00 | 18 562,95 |

| Yfirlengdargjald<br>Málstraumur | | |
|---|---|---|
| 63 A | 1 176,00 | 1 464,10 kr/5m |
| 100 A | 1 470,00 | 1 830,15 kr/5m |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarskassa í húsveitu.

1.6 Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitunnar, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert veitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið, – uppsteypt – er lagt til veitunni að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir samkomulagi þar um, hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 310, 28. júní 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 52, 17. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Stokkseyrar.**

## I. Gjaldskrárliðir.

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

*A.1. Almenn notkun.*

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | án vsk. | með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,33 | 7,88 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 234,00 | 4 026,35 | kr/ári |

*A.2. Vinnuljósanotkun.*

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 9,49 | 11,82 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 234,00 | 4 026,35 | kr/ári |

*A.3. Utanhússlýsing.*

Öll sérmæld utanhússlýsing.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 5,80 | 7,22 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 234,00 | 4 026,35 | kr/ári |

*A.4. Sumarbústaðanotkun.*

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald v/húshitunar | 4,87 kr/kWst | | |
| Fastagjald 4 x F1 | 12 936,00 | 16 105,30 | kr/ári |

*B.1. Aflmæling.*

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.
Lágmarksafl 20 kW.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,01 | 2,50 | kr/kWst |
| Aflgjald | 9 082,50 | 11 307,70 | kr/kW/ári |

*C.1. Rofin daghitun.*

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustundir á dag.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,15 | 3,92 | kr/kWst. |
| Fastagjald F3 | 12 180,00 | 15 164,10 | kr/ári |

*Mælaleiga.*

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Einfasa mælar kr/ári | 617,40 | 768,70 |
| Þrífasa mælar kr/ári | 2 425,50 | 3 019,75 |

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar hverju sinni.

*Innheimta og lokun.*

| | | |
|---|---|---|
| Innheimtugjald: | | |
| Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 787,50 | 980,45 kr |
| Lokunargjald: | | |
| Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1 575,00 | 1 960,90 kr |

**II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.**

*1. Utanhússlýsing.*

Veitan sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast veitan á sinn kostnað.

*2. Aflgjaldsmæling.*

Liður í B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í lok hvers mánaðar.

Lágmarksgjald sé miðað við 20 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

*3. Véla- og tækjanotkun.*

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Veitan getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri og skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

*4. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.*

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, getur veitan takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur veitan sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

*5. Annað.*

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4 og C.1 og fastagjald F3. Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

**III. Heimtaugagjöld.**

Heimtaugagjaldskrá veitunnar er sem hér segir:

1.1 Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimtauga eða spennustöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | án vsk. | með vsk. |
|---|---|---|
| 63 A | 62 685,00 | 78 042,85 kr |
| 100 A | 95 865,00 | 119 351,95 kr |
| 200 A | 230 685,00 | 287 202,85 kr |
| 315 A | 364 980,00 | 454 400,10 kr |
| 400 A | 501 585,00 | 624 473,35 kr |
| 710 A | 869 700,00 | 1 116 391,50 kr |
| 1200 A | 1 504 650,00 | 1 873 289,25 kr |

Málstraumur heimtauga miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | | |
|---|---|---|
| 63 A | 10 710,00 | 13 333,95 |
| 100 A | 14 910,00 | 18 562,95 |

| Yfirlengdargjald<br>Málstraumur | | |
|---|---|---|
| 63 A | 1 176,00 | 1 464,10 kr/5m |
| 100 A | 1 470,00 | 1 830,15 kr/5m |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarskassa í húsveitu.

1.6 Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitunnar, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert veitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið, – uppsteypt – er lagt til veitunni að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir samkomulagi þar um, hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 310, 28. júní 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 51, 17. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 4. júlí 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Rafmagnsveitna ríkisins.**

## I. SMÁSALA.
**Gjaldskrárliðir.**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

### A. 1. Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,33 | 7,88 | kr/kWst |
| Fastagjald F1 | 3 230,00 | 4 021,35 | kr/ári |

### A. 2. Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 9,49 | 11,82 | kr/kWst |
| Fastagjald F1 | 3 230,00 | 4 021,35 | kr/ári |

### A. 3. Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 5,80 | 7,22 | kr/kWst |
| Fastagjald F1 | 3 230,00 | 4 021,35 | kr/ári |

### A. 4. Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.
Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,92 | 4,88 | kr/kWst |
| Fastagjald 4 × F1 | 2 920,00 | 16 085,40 | kr/ári |

### A. 5. Markmæling.

Allur almennur búrekstur. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW. Hámark 50 kW.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald af allri notkun | 2,32 | 2,89 | kr/kWst |
| Aflgjald (lágmark 4 kw) | 5 580,00 | 6 947,10 | kr/kW/ári |
| Fastagjald 3 × F1 | 9 690,00 | 12 064,05 | kr/ári |
| Orkugjald af notkun umfram aflstillingu | 6,33 | 7,88 | kr/kWst |

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Orkugjald vegna húshitunar er undanþegið virðisaukaskatti.

**B. 1./B. 3. Aflmæling.**

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksafl 15 kW. Notkun varmadælu til húshitunar (B.3) undanþegin virðisaukaskatti.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,01 | 2,50 | kr/kWst |
| Aflgjald | 9 080,00 | 11 304,60 | kr/kW/ári |

**B. 2. Súgþurrkun.**

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,56 | 1,94 | kr/kWh |
| Aflgjald | 2 630,00 | 3 274,35 | kr/kW/ári |

**C. 1. / D. 1. Rofin daghitun.**

Rafhitun með roftíma allt að 2×1,5 klukkustund á dag.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,15 | 3,92 | kr/kWst |
| Fastagjald F3 | 12 200,00 | 15 189,00 | kr/ári |

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis undanþegin virðisaukaskatti.

**C. 2. / D. 2. Næturhitun.**

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 07:00 til 23:00.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,13 | 2,65 | kr/kWst |

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis undanþegin virðisaukaskatti.

**D. 3. Órofin hitun.**

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o. fl.

Hámark uppsetts afls er 200 kW

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald 1. maí til og með 30. september | 3,15 | 3,92 | kr/kWst |
| Orkugjald 1. október til og með 30. apríl | 4,40 | 5,48 | kr/kWst |
| Fastagjald F3 | 12 200,00 | 15 189,00 | kr/ári |

Hitun húsnæðis undanþegin virðisaukaskatti.

**S. 1. Sumartaxti.**

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

| | Án VSK | Með VSK | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,70 | 2,12 | kr/kWst |
| Aflgjald | 326,00 | 405,87 | kr/kW/mán |

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

**MÆLALEIGA.**

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

| | Án VSK | Með VSK |
|---|---|---|
| Einfasa mælar | 617,00 | 768,17 kr/ári |
| Þrífasa mælar | 2 430,00 | 3 025,35 kr/ári |

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

**INNHEIMTA OG LOKUN.**

Innheimtugjald:

| | Án VSK | Með VSK |
|---|---|---|
| Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun | 790,00 | 983,55 kr. |

Lokunargjald:

| | | |
|---|---|---|
| Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er | 1 580,00 | 1 967,10 kr. |

**SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.**

**1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

**2. Markmæling.**

Liður A.5. er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

**3. Aflgjaldsmæling.**

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

**4. Sumartaxti.**

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánðar.

### 5. Véla- og tækjanotkun.

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverjum sinni.

### 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

### 7. Annað.

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjald F.3 og aflgjald B.3 þar sem það á við.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti. Notkunargjöld hitaveitna eru undanþegin virðisaukaskatti.

## II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA.

### 1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:
Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

### 2. Rafmagnsgjald.

| | |
|---|---|
| Aflgjald | 8 619,70 kr/kW/ári |
| Vetrargjald orku | 1,899 kr/kWst |
| Sumargjald orku | 0,950 kr/kWst |
| Tengigjald | 291 060,00 kr/ári |

Ofangreind gjöld eru án virðisaukaskatts.

### 3. Söluskilmálar.

**3.1 Aflsala.**

Við útreikning á sölutoppi til uppgjörs á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalálag á afhendingarstað (stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjörs. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. gr., er nýtt.

**3.2 Tímabil orkugjalda.**

| | |
|---|---|
| Vetrargjald gildir tímabilin: | 1. janúar - 30. apríl |
| | 1. október - 31. desember |
| Sumargjald gildir tímabilið: | 1. maí - 30. september |

**4. Sérsamningur um aflsölu.**

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskilinni grein 3.1.

**5. Mánaðargreiðslur.**

**5.1 Aflsala og tengigjald.**

Í upphafi árs áætla rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð ársgreiðsla fyrir afl- og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti ársgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverðum í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri ársgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

**5.2 Orkusala.**

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við mælda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

**6. Greiðsluskilmálar.**

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

**Gjaldskrá fyrir ótryggða orku.**

**1. Almennt.**

Um viðskipti þessi gilda *Almennir skilmálar Landsvirkjunar* um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og *Almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins* um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

**2. Rafmagnsgjald.**

| | |
|---|---|
| Fast gjald | 110 250,00 kr/ári |
| 1. verðþrep | 0,938 kr/kWst |
| 2. verðþrep | 1,214 kr/kWst |
| 3. verðþrep | 1,744 kr/kWst |

**3. Samningur.**

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

*Ofangreind gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts.* Virðisaukaskattur, 24,5%, leggst á heildsöluverð.

## III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.

Heimtaugagjaldskrá Rafmagnsveitna ríkisins, í þéttbýli með fasta íbúatölu 50 eða fleiri samkvæmt skrá Hagstofu Íslands, er sem hér segir:

1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | Án VSK | Með VSK Heimtaugargjöld |
|---|---|---|
| 63 A einfasa | 53 700,00 | (66 856,50) kr. |
| 63 A þrífasa | 59 700,00 | (74 326,50) kr. |
| 100 A þrífasa | 91 300,00 | (113 668,50) kr. |
| 200 A þrífasa | 219 700,00 | (273 526,50) kr. |
| 315 A þrífasa | 347 600,00 | (432 762,00) kr. |
| 400 A þrífasa | 477 700,00 | (594 736,50) kr. |
| 710 A þrífasa | 854 000,00 | (1 063 230,00) kr. |
| 1200 A þrífasa | 1 433 000,00 | (1 784 085,00) kr. |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | Stofngjald | Yfirlengdargjald Jarðstrengur | Yfirlengdargjald Loftlína |
|---|---|---|---|
| 63 A einfasa | 10 200,00 kr. | 1 120,00 kr/m | 16 000,00 kr/stólpa |
| 63 A þrífasa | 14 200,00 kr. | 1 120,00 kr/m | 18 200,00 kr/stólpa |
| 100 A þrífasa | 15 500,00 kr. | 1 400,00 kr/m | 21 100,00 kr/stólpa |

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er í loftlínustaur greiðist kr. 12 900,00.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

1.6 Leita skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt – er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 Breyting á heimtaug.

Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

2.0 Frávik.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugabreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

Virðisaukaskattur leggst á öll heimtaugagjöld.

Gildir frá 1. janúar 1990.

## IV. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

### Almennt.

Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa greitt heimtaugargjald til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Öll gjöld sem tilgreind eru hér á eftir miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1991, sem er 176,5 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

### 1. Heimtaugargjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ. h.

1.1 Heimtaugargjaldið skal vera grunngjald kr. 91 300,00 á hvern notanda og er þá miðað við að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

Framangreint grunngjald . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 91 300,00

miðast við, að Orkusjóður greiði það sem á vantar í heildarkostnað við lagningu 80 m heimtaugar og 25 kVA spennistöðvar.

1.2 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.1, skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

**2. Heimtaugagjöld fyrir skipulögð sumarhúsahverfi.**

Heimtaugargjaldið fyrir hvert hús er að lágmarki . . . . . . . . . . . . . kr. 162 000,00 miðað við 5 kVA afl í spennistöð. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði.

Þetta heimtaugargjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

2.1 Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af Skipulagi ríkisins.

2.2 Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

2.3 Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeigenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.

2.4 Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp.

2.5 Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaði.

2.6 Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3207.46.

2.7 Lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúsahverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

Sé fyrirsjánlegt að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, þá geta rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt heimtaugargjald, áður en ráðist er í framkvæmdir.

**3. Aðrar heimtaugar.**

Heimtaugargjald fyrir annað, en að framan greinir, svo sem einstök sumarhús, veiðihús, o.fl., er ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en lágmarksgjaldið . . . kr. 162 000,00

Bráðabirgðaheimtaugar eru undanþegnar lágmarksgjaldinu. Fyrir þær skal ávallt greiða samkvæmt kostnaði.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við ofangreind gjöld.

Gildir frá 1. janúar 1991.

**V. GJALD VEGNA VARATENGINGAR.**

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.

1.1 Í hverju tilviki fyrir sig skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst greiðir notandinn að fullu.

1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ. e. af línulögn, spenni, strengjum o. s. frv.

1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW, að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

## Hitaveita á Höfn.

### 1. Almennt.

Eftirfarandi gildir um Hitaveitu Rafmangsveitna ríkisins á Höfn í Hornafirði. Rafmagnsveitur ríkisins selja afnot af heitu vatni úr veitukerfi hitaveitunnar eftir þeim reglum, sem settar eru í fjaldskrá þessari.

### 2. Orkugjöld.

Rafmangsveitur ríkisins, Hitaveita Hafnar, selja heitt vatn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

*H1 Hitun íbúðarhúsnæðis:*

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald | 2,24 | kr/kWst |
| Sérstakur afsláttur | 0,12 | kr/kWst |
| Vatnsgjald | 29,40 | kr/tonn |

Orkugjald til hitunar íbúðarhúsnæðis er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur. Gjöld eru undanþegin viðrðisaukaskatti.

*H2 Önnur hitun:*

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald | 2,24 | kr/kWst |
| Vatnsgjald | 29,40 | kr/tonn |

### 3. Mælaleiga

Rafmangsveiturnar leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Fast gjald fyrir hvern mæli er þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fyrir vatnsmæla minni en 1“ | 10 600 | kr/ári |
| 2. Fyrir stærri mæla | 21 200 | kr/ári |

### 4. Heimæðagjöld.

Heimaðagjöld fyrir hverja heimæð skulu vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir hús allt að 400 rúmmetrum: | 59 700 | kr |
| Fyrir hverja 10 rúmmetra umfram 400: | 1 000 | kr |

Heimæðagjöld hitaveitu eru undanþegin virðisaukaskatti og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

**5. Skilmálar.**

Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkusmásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 310, 28. júní 1991 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 496, 10. október 1989 með síðari breytingum.

**NIÐURGREIÐSLUR OG AFSLÁTTUR.**

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWst) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30 000 kWst á ári samkvæmt lið C1 og H1 (Hitaveita Höfn) og 42 000 samkvæmt lið A 5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 Rofin daghitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWst á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,06 kr á kWst og sérstakur afsláttur að auki, 0,20 kr/kWst.

Liður A5 Markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWst á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,76 kr á kWst og sérstakur afsláttur að auki, 0,142 kr/kWst.

Liður H1 Hitaveita:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWst á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,99 kr á kWst. Sérstakur afsláttur rafmagnsveitnanna er innifalinn í orkugjaldi.

Liður C2 Næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,64 kr á kWst og sérstakur afsláttur að auki, 0,20 kr á kWst.

Gildir frá 1. júlí 1991.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1991, sbr. auglýsingu ráðuneytisins nr. 310, 28. júní 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 534, 27. desember 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. júlí 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Húsavíkur.**

**Raforkuverð – Yfirlit.**

*A – Almennir taxtar.*

| | | grunnverð | | vsk. |
|---|---|---|---|---|
| A.1 | Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir: | | | |
| | Orkugjald | 7,44 | kr/kWst | (9,26) |
| | Fast gjald 1 fasa | 1 823,00 | kr/ár | (2 270,00) |
| A.2 | Verð á raforku til heimilisnotkunar. | | | |
| | Orkugjald | 6,09 | kr/kWst | (7,58) |
| | Fast gjald 1 fasa | 1 823,00 | kr/ár | (2 270,00) |
| A.3 | Verð á raforku til mannvirkjagerðar. | | | |
| | Orkugjald | 9,88 | kr/kWst | (12,30) |
| | Fast gjald 1 fasa | 3 100,00 | kr/ár | (3 860,00) |

*B – Afltaxtar.*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| B.1 | Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar. | | | |
| | Fastagjald | 34 900,00 | kr/ár | (43 451,00) |
| | Orkugjald | 2,24 | kr/kWst | (2,79) |
| | Aflgjald | 8 727,00 | kr/kWst/ár | (10 865,00) |

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

*C – Hitun.*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| C.1 | Verð á raforku til órofinnar hitunar. | | | |
| | Orkugjald | 4,81 | kr/kWst | (5,99) |
| | Fast gjald | 6 530,00 | kr/ár | (8 130,00) |
| C.2 | Verð á raforku til rofinnar hitunar | | | |
| | Orkugjald | 2,52 | kr/kWst | (3,14) |
| | Fast gjald | 4 229,00 | kr/ár | (5 265,00) |

Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.

**Önnur fastagjöld.**

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.

**Mælitæki.**

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

**Heimtaugargjald.**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | | Heimtaugagjöld: | |
|---|---|---|---|
| 25A | 1 fasa | 10 800,00 | (13 446,00) |
| 63A | 1 fasa | 55 500,00 | (69 098,00) |
| 63A | 3 fasa | 60 800,00 | (75 696,00) |
| 100A | 3 fasa | 93 100,00 | (115 910,00) |
| 200A | 3 fasa | 192 000,00 | (239 040,00) |
| 315A | 3 fasa | 301 000,00 | (374 745,00) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

**Ýmis ákvæði.**

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 1 760,00 (2 191,00).

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1 760,00 (2 191,00) gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Virðisaukakattur 24,5% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld með virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. júlí 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 297, 26. júní 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 79, 19. febrúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. júlí 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# REGLUR

## um skilmerki dauða

Skv. 2. gr. laga nr. 15 6. mars 1991 um ákvörðun dauða telst maður látinn ef heilastarfsemi er hætt. Skv. 3. gr. sömu laga er hægt að ákvarða dauða með tvennum hætti:

**I. Samkvæmt ákvæðum 1. mgr. 3. gr., sem er svohljóðandi:**

"Staðfesta má dauða manns ef hjartsláttur og öndun hafa stöðvast svo lengi að öll heilastarfsemi er hætt."

Í langflestum tilfellum má ákvarða dauða samkvæmt þessu ákvæði. Með skoðun (hlustun, þreifingu slagæðar, hjartariti) er staðfest að öndun og hjartsláttur hafi stöðvast. Venjulega stöðvast öll heilastarfsemi um það bil 20 mínútum eftir að hjartað hættir að slá.

Sé líkamshiti manns verulega lægri en eðlilegt er, skal skoða hann af mikilli gaumgæfni áður en hann er úrskurðaður látinn. Við slíkar aðstæður eru hjartsláttur og öndun svo hæg að auðveldlega má yfirsjást. Þá er og heilastarfsemi mjög hæg, en dæmi eru þess að hún hafi komist í eðlilegt horf, þótt hjartsláttur og öndun hafi virst stöðvuð í allt að klukkustund.

Sé um nýfætt barn að ræða og þá sérstaklega fyrirbura ber að fylgjast mun lengur með barninu en fullorðnum eftir að hjartsláttur og öndun stöðvast áður en barnið er úrskurðað látið.

Hafi endurlífgun verið beitt án árangurs má staðfesta dauða strax og lífgunaraðgerðum linnir.

**II. Samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 3. gr., sem er svohljóðandi:**

"Hafi öndun og hjartastarfsemi verið haldið við með vélrænum hætti skal ákvörðun um dauða byggjast á því að skoðun leiði í ljós að öll heilastarfsemi sé hætt."

Til að staðfesta að heilastarfsemi sé hætt er beitt tvenns konar greiningaraðferðum:

1. Ætíð skal beita taugaskoðun og heilariti.
2. Leiki vafi á greiningu skal taka röntgenmyndir af heilaæðum (cerebral angiography). Slíkar myndir skal ætíð taka ef nema skal brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu.

**1. Taugaskoðun og heilarit:**

Til að staðfesta megi dauða með taugaskoðun og heilariti þarf að fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a. *Útiloka skal eitrun, kulnun og miklar truflanir á saltbúskap og efnaskiptum líkamans.* Stórir skammtar af vissum geðlyfjum og svefnlyfjum geta sljóvgað svo heilastarfsemi að það líkist því að starfsemi heilans sé hætt. Hið sama á sér stað við mikla kælingu líkamans. Til að taugaskoðun og heilarit séu marktæk verður líkamshiti að vera hærri en 33 C. Þá geta truflanir á saltbúskap, sýrujafnvægi og efnaskiptum truflað mjög taugaskoðun.

b. *Áverki eða sjúkdómur í heilabúi er þekktur.* Þegar svo háttar verður heilaskemmdin að geta leitt til svo mikillar þrýstingshækkunar í heila að hún hindri bróðrennsli til heilans. Dæmi slíks eru heilablæðing, heilaæxli eða heilaáverki.

Ef skilyrðum a. og b. stafliðar hér að framan er fullnægt er unnt að staðfesta dauða ef:

- meðvitundarleysi er algjört,
- sjálfkrafa öndun er hætt,
- ekkert eftirtalinna taugaviðbragða fæst:
  sjáaldursviðbragð, hornhimnuviðbragð, augn-, hlustarviðbragð, kokviðbragð, viðbragð við sársaukaáreiti í andliti eða útlimum,
- heilarit sýnir engin rafhrif í heila (flatt rit).

Taugaskoðun og heilarit skulu tvítekin með tveggja tíma millibili.

**2. Röntgenmyndir af heilaæðum:**

Sé einhverju framangreindra skilyrða ekki fullnægt eða leiki vafi á um eitthvert þeirra skal taka röntgenmyndir af heilaæðum. Þær skal ætíð taka ef nema skal brott líffæri úr hinum látna. Sé blóðflæði um heila hætt sést ekki skuggaefnisflæði í heilaæðum. Þess er krafist að sjáanlegt sé flæði skuggaefnis í greinar ytri hálsslagæðar (a. carotis externa) eigi rannsóknin að teljast marktæk.

Hafi dauði manns verið staðfestur samkvæmt 2. mgr. 3. gr. má hætta aðgerðum sem viðhalda öndun og hjartslætti. Lækni ber að fræða vandamenn sem best um ástand sjúklingsins og um dauða hans. Honum er ekki skylt að fara að óskum vandamanna um áframhald meðferðar þegar staðfest er að sjúklingurinn sé látinn.

Ef í hlut á látin kona sem gengur með lífvænlegt barn þá skal viðhalda öndun og hjartslætti þar til barnið hefur verið tekið með keisaraskurði.

Ef nema skal brott líffæri úr hinum látna til ígræðslu er heimilt að halda áfram aðgerðum til að viðhalda hjartslætti og öndun í takmarkaðan tíma. Mikilvægt er að tryggja blóðflæði og næringu til slíkra líffæra allt þar til þau eru numin brott. Sé fullnægt skilyrðum laga nr. 16 6. mars 1991 um brottnám líffæra og krufningar má halda við öndun og hjartslætti á meðan líffæri eru numin brott, en það skal gera svo fljótt sem unnt er.

Reglur þessar eru settar með stoð í 4. gr. laga nr. 15 6. mars 1991 um ákvörðun dauða og eru í samræmi við tiltæka læknisfræðilega þekkingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 342 8. júlí 1991

# SAMÞYKKT

**um gjaldskrá fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði.**

1. gr.

Gjöld skv. 4. gr. gjaldskrár nr. 109/1987 fyrir heilbrigðiseftirlit á Vesturlandssvæði verða sem hér segir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. flokkur | kr. 2 000,00 | | 4. flokkur | kr. 4 000,00 |
| 2. flokkur | kr. 3 000,00 | | 5. flokkur | kr. 4 500,00 |
| 3. flokkur | kr. 3 500,00 | | 6. flokkur | kr. 5 000,00 |

2. gr.

Gjöld skv. 5. gr. gjaldskrár nr. 109/1987 verði sem hér greinir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. flokkur | kr. 10 000,00 | 4. flokkur | kr. 38 000,00 |
| 2. flokkur | kr. 20 000,00 | 5. flokkur | kr. 51 000,00 |
| 3. flokkur | kr. 28 000,00 | 6. flokkur | kr. 62 000,00 |

3. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarfélaganna á svæði heilbrigðiseftirlits Vesturlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

**um bann við tog- og dragnótaveiðum í Breiðamerkurdjúpi.**

1. gr.

Frá og með 19. júlí 1991 þar til annað verður ákveðið eru allar togveiðar þar með taldar humarveiðar og dragnótaveiðar bannaðar á svæði í Breiðamerkurdjúpi, sem markast af línum, sem dregnar eru um eftirfarandi punkta:

1. 63°52'N - 16°20'V
2. 64°02'N - 16°03'V
3. 63°50'N - 15°51'V
4. 63°45'N - 16°07'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. júlí 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

8. júlí 1991 Nr. 344

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

11. tölul. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélagsins Múla, sem er Dalvík, Ólafsfjörður, Svarfaðardals- og Árskógshreppur. Hámarkstala er 10 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 8. júlí 1991.*

**Halldór Böndal.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um bátaábyrgðarfélög nr. 367/1976 með síðari breytingum.**

1. gr.

a) Á eftir 8. mgr. 13. gr. kemur ný málsgrein sem verður 9. mgr. svohljóðandi:
Nú þykir sýnt að matsverð skips sé hærra en markaðsverð þess af sérstökum ástæðum, svo sem vegna skerts veiðiréttar skips, og geta þá bæði félagið og vátryggður krafist lækkunar vátryggingarverðsins til samræmis við markaðsverð. Vátryggingarverðið má þó ekki við slíka breytingu verða lægra en samanlagðar fjárhæðir þeirra veðskulda sem á skipinu hvíla. Ef ágreiningur er um vátryggingarverð samkvæmt þessari málsgrein skal skorið úr með mati tveggja dómkvaddra matsmanna.

b) 9. - 11. mgr. 13. gr. verða 10. - 12. mgr. 13. gr.

2. gr.

Við 14. gr. bætist ný málsgrein sem verður 4. mgr. svohljóðandi: Hafi vátryggingarverð skips verið ákveðið lægra en matsverð þess samkvæmt 9. mgr. 13. gr., skal sjálfsábyrgð eiganda í sérhverju tjóni, öðru en alskaða, vera það hlutfall sem vátryggingarverðið er lægra en matsverðið, auk sjálfsábyrgðar skv. 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar.

3. gr.

Á eftir 6. tl. í 22. gr. kemur nýr töluliður sem verður 7. tl. svohljóðandi:

7. Tjón, sem beint eða óbeint leiðir af jónískri geislun eða geislavirkri mengun frá kjarnakljúfum, af sprengingu kjarnaeldsneytis eða geislavirkum, eitruðum, sprengjuhættum eða öðrum hættulegum eiginleikum hvers kyns kjarnasafns eða kjarnahluta þess.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 18/1976 um bátaábyrgðarfélög og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á byggðarmerki Kjalarneshrepps.**

Með skírskotun til 4. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnist hér með að félagsmálaráðuneytið hefur í dag staðfest samþykkt hreppsnefndar Kjalarneshrepps frá 19. júní 1991 um byggðarmerki Kjalarneshrepps.

Samþykkt hreppsnefndar Kjalarneshrepps er svohljóðandi:



1. gr.

Skjaldarmerki Kjalarneshrepps skal vera sem hér segir: Merkið er skjöldur með eftirfarandi myndum sem eru táknrænar fyrir Kjalarneshrepp: Haf, himinn, undirlendi (nes) og fjall (Esja). Auk þess mynd af fugli (kríu) sem stendur fyrir fugla- og dýralíf á Kjalarnesi auk þess að vera til fyllingar í merkið.

Litir í merkinu eru: 1. Undirlendi, himinn og fugl, hvítt
2. Haf og fjall, blátt (Panton 285)

2. gr.

Notkun á skjaldarmerki Kjalarneshrepps er óheimil án leyfis sveitarstjórnar Kjalarneshrepps, sbr. 37. gr. laga nr. 56/1978. Ekki er heimilt að breyta út frá samþykktri gerð merkisins, sbr. meðfylgjandi teikningu, nema í sérstakri hátíðarútgáfu og í svart-hvítri útgáfu.

3. gr.

Í hátíðarútgáfu merkisins er undirlendi, himinn, og fugl silfrað, en fjall og haf blátt (Panton 285). Hátíðarútgáfu skjaldarmerkisins má aðeins nota þar sem merkið stendur eitt sér, t.d. á fánum, skjöldum og barmmerkjum.

4. gr.

Svart-hvíta útgáfu skjaldarmerkisins má einungis nota við bóka- og blaðaprent og er hún heimil án sérstaks leyfis. Í svart-hvítri útgáfu er blár flötur táknaður með láréttum línum.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. júlí 1991.*

F. h. r.
**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þórhildur Líndal.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# AUGLÝSING

**um breytingu á starfsleyfi nr. 95/1991 fyrir Kraftlýsi hf., lifrarbræðslu, Mörk 3, Djúpavogi.**

1. gr.

5. gr., 5. tl. B í starfsleyfi frá 22. febrúar 1991 orðist svo:

Sé lýsið skilið frá grútnum í skilvindum, skal a.m.k. grófsigta föst efni frá vökvanum áður en hann fer í skilvindur. Föst efni og skotmassa frá skilvindum skal taka frá og nýta eða farga, sé vatnsfasinn ekki nýttur.

Sé föstum efnum og skotmassa fargað, skal það gert á fullnægjandi hátt að mati heilbrigðisnefndar Djúpavogssvæðis.

2. gr.

Á eftir kafla 4 í starfsleyfi frá 22. febrúar 1991 komi nýr kafli, kafli 5 eftirfarandi:

**5. Ákvæði til bráðabirgða.**

5.1. Frárennsli frá lifrarbræðslunni sbr. gr. 2.6. skal tengjast fitugildru á árinu 1991.

3. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollusthætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 15. júlí 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 348 18. júlí 1991

# STARFSLEYFI

**fyrir lifrarbræðslu Fiskimjölsverksmiðju Hornafjarðar hf., Höfn, Hornafirði.**

**1. Almenn ákvæði.**

1.1. Lifrarbræðslunni er heimilt að framleiða lýsi úr fisklifur. Hámarksafköst bræðslunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.

1.2. Lifrabræðslan skal sjá svo um, að á öllu athafnasvæði bræðslunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Hornafjarðarsvæðis. Halda skal útlit og umhverfi bræðslunnar snyrtilegu.

1.3. Ganga skal þannig frá mannvirkjum og búnaði bræðslunnar og haga allri starfsemi svo, að hætta á mengun í hráefni og afurðum verði sem minnst.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsemi og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5. Sé ráðgert að gera verulegar breytingar á rekstri eða stækka bræðsluna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðinefnd Hornafjarðarsvæðis skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.

1.6. Hollustuvernd ríksins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

**2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.**

2.1. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til lifrarbræðslu skulu vera vökvaheld.

2.2. Þar sem lifur er losuð af flutningstæki í hráefnisgeymslu, skal vera steypt stétt með niðurföllum.

2.3. Allt hráefni skal geymt í lokuðum þéttum geymslum. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal hún, og tæki sem notuð hafa verið, þrifin.

2.4. Vinnslu og flutningskerfi í lifrabræðslum skal vera sem mest lokað. Bræðslutankar skulu vera lokaðir meðan bræðsla fer fram. Loftræsta skal frá bræðslutönkum á viðunandi hátt.

2.5. Að bræðslu lokinni skal lýsið skilið frá grútnum. Leitast skal við að nýta grútinn.
A. Sé lýsið fleytt ofan af grútnum, skal það lýsi, sem eftir er í grútnum, unnið úr honum með lútsuðu (alkalisk hydrolysa), sé grúturinn ekki nýttur á annan hátt.
B. Sé lýsið skilið frá grútnum í skilvindum, skal a.m.k. grófsigta föst efni frá vökvanum áður en hann fer á skilvindur. Föst efni og skotmassa frá skilvindum skal taka frá og nýta eða farga, sé vatnsfasinn ekki nýttur.

2.6. Frárennsli frá lifrabræðslunni skal tengjast fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennsli leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati heilbrigðisnefndar Hornafjarðarsvæðis. Lifrabræðslan skal leita samþykkis mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.

2.7. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) hans vera á bilinu 2–11,5. Sama á við um lút frá lútsuðu.

2.8. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennsli. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennsli.

2.9. Gengið skal frá fráveitu frá snyrtingum með viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Hornafjarðarsvæðis.

2.10. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins.
Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal vera innan þróar.

2.11. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 og reglum nr.560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

2.12. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal haft reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd heimill aðgangur að henni hvenær sem er.

**3. Eftirlit og eftirlitsgjöld.**

3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald í samræmi við þriðja flokk gjaldskrár nr. 279/1991 með síðari breytingum.
Gjaldið skal standa undir hluta af kostnaði vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð.

3.2. Eftirlitið skal vera með tvennum hætti:
Beint eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

**4. Gildistaka.**

4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnarreglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 18. júlí 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 349 15. júlí 1991

# STARFSLEYFI

**fyrir lifrarbræðslu Fiskafurða hf., Þorlákshöfn.**

**1. Almenn ákvæði.**

1.1. Lifrabræðslunni er heimilt að framleiða lýsi úr fisklifur. Hámarksafköst bræðslunnar skulu við það miðast, að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.

1.2. Lifrabræðslan skal sjá svo um, að á öllu athafnasvæði bræðslunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Þorlákshafnar. Halda skal útliti og umhverfi bræðslunnar snyrtilegu.

1.3. Ganga skal þannig frá mannvirkjum og búnaði bræðslunnar og haga allri starfsemi svo, að hætta á mengun í hráefni og afurðum verði sem minnst.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsemi og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5. Sé ráðgert að gera verulegar breytingar á rekstri eða stækka bræðsluna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Þorlákshafnar skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.

1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

**2. Varnir gegn mengun ytra umhverfis.**

2.1. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til lifrarbræðslu skulu vera vökvaheld.

2.2. Þar sem lifur er losuð af flutningstæki í hráefnisgeymslu, skal vera steypt stétt með niðurföllum.

2.3. Allt hráefni skal geymt í lokuðum þéttum geymslum. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd skal hún, og tæki sem notuð hafa verið, þrifin.

2.4. Vinnslu og flutningakerfi í lifrabræðslum skal vera sem mest lokað. Bræðslutankar skulu vera lokaðir meðan bræðsla fer fram. Loftræsta skal frá bræðslutönkum á viðunandi hátt.

2.5. Að bræðslu lokinni skal lýsið skilið frá grútnum. Leitast skal við að nýta grútinn.
A. Sé lýsið fleytt ofan af grútnum, skal það lýsi, sem eftir er í grútnum, unnið úr honum með lútsuðu (alkalisk hydrolysa), sé grúturinn ekki nýttur á annan hátt.
B. Sé lýsið skilið frá grútnum í skilvindum, skal a.m.k. grófsigta föst efni frá vökvanum áður en hann fer á skilvindur. Föst efni og skotmassa frá skilvindum skal taka frá og nýta eða farga, sé vatnsfasinn ekki nýttur.

2.6. Frárennsli frá lifrabræðslunni skal tengjast fitugildru og þaðan ásamt öðru frárennsli leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð. Fitugildru skal hreinsa eins oft og nauðsyn krefur. Fitu og úrgang, sem safnast fyrir í fitugildru, skal nýta eða farga á viðeigandi hátt að mati heilbrigðisnefndar Þorlákshafnar. Lifrabræðslan skal leita samþykkis mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins um stærð og gerð fitugildru.

2.7. Framkvæma skal hreinsun á tækjabúnaði og mannvirkjum þannig að hreinsivökvanum sé safnað saman og hann endurnýttur eins oft og hægt er. Þegar hreinsivökvanum er veitt til sjávar, skal sýrustig (pH) hans vera á bilinu 2-11,5. Sama á við um lút frá lútsuðu.

2.8. Framkvæma skal reglulega athugun á lífrænum efnum í frárennsli. Skal það gert í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Niðurstöður skulu hafðar til hliðsjónar varðandi frekari kröfur um hreinsibúnað á frárennsli.

2.9. Gengið skal frá fráveitu frá snyrtingum með viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Þorlákshafnar.

2.10. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins.
Lokunarbúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal vera innan þróar.

2.11. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

2.12. Verksmiðjan skal sjá um, að mengunarvarnarbúnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefnd heimill aðgangur að henni hvenær sem er.

**3. Eftirlit og eftirlitsgjöld.**

3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald í samræmi við þriðja flokk gjaldskrár nr. 355/1986 með síðari breytingum.
Gjaldið skal standa undir hluta af kostnaði vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð.

3.2. Eftirlitið skal vera með tvennum hætti:
Beint eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins annars vegar og hins vegar eftirlit fyrirtækisins sjálfs, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur.

**4. Gildistaka.**

4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnarreglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

**5. Ákvæði til bráðabirgða.**

5.1. Framkvæmdum vegna gr. 2.2. skal lokið innan tveggja ára frá útgáfu starfsleyfis þessa.

5.2. Framkvæmdum vegna gr. 2.10., þ.e. gerð steyptrar þróar umhverfis lýsisgeyma skal lokið innan 36 mánaða frá útgáfu starfsleyfis þessa.

*Umhverfisráðuneytið, 15. júlí 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 350 16. júlí 1991

# AUGLÝSING

**um umferð á Akranesi.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu umferðarnefndar Akraness hefur verið ákveðið

1. að biðskylda verði sett á heimkeyrslu að Grundaskóla gagnvart Víkurbraut.
2. að biðskylda verði sett í heimkeyrslu að Sjúkrahúsi Akraness gagnvart Vesturgötu.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

*Lögreglustjórinn á Akranesi, 16. júlí 1991.*

**Jón Vilberg Guðjónsson**, ftr.

Nr. 351 17. júlí 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á fylgiskjali nr. 324 3. júlí 1991 með reglugerð nr. 300, 7. júní 1991.**

1. gr.

Við fylgiskjalið bætist:

ELYZOL, töflur.
INDÓMETASÍN (Delta), hylki.

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. júlí 1991.*

F. h. r.
**Einar Magnússon.**

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 247/1991, um endurgreiðslu virðisaukaskatts til erlendra fyrirtækja.**

1. gr.

Síðari málsliður 8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Endurgreiðsla samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar er heimil vegna viðskipta frá 1. janúar 1990, enda sé sótt um endurgreiðslu fyrir 1. október 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 3. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 5. júlí 1991.*

F. h. r.

**Snorri Olsen.**

*Kristján Gunnar Valdimarsson.*

17. júlí 1991 Nr. 353

# AUGLÝSING

**um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í ágústmánuði 1991.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í ágústmánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,7 %
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,7 %

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 17. júlí 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

16. júlí 1991 Nr. 354

# GJALDSKRÁ

**um sorphirðu í Kópavogi árið 1991.**

1. gr.

Kópavogsbæ er heimilt að innheimta árið 1991 sorphirðugjald kr. 5 500, vegna förgunar neysluúrgangs, sem til fellur í sveitarfélaginu sbr. gr. 6.2.1. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990.

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu og innheimtist með fasteignagjöldum. Gjalddagar og eindagar eru þeir sömu og fasteignagjalda.

3. gr.

Gjaldskrá þessi, byggir á lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er hér með staðfest og gildir frá 1. janúar 1991.

*Umhverfisráðuneytið, 16. júlí 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 355 24. júlí 1991

# REGLUR

**um hreindýraveiðar árið 1991.**

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 1097 hreindýr í Norður-Þingeyjarsýslu, Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 10. ágúst til 15. september árið 1991. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar á öðrum árstíma, ef veiðistjóri telur sérstakar ástæður mæla með því, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann, sem hlut á að máli.

Veturgamlir tarfar eru friðaðir.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veidd verða skv. 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra hreppa og kaupstaða:

| | | Fjöldi hreindýra | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | Tarfar | Kýr | Kálfar | Samtals |
| 1. | Fjallahreppur | 1 | 1 | 1 | 3 |
| 2. | Skeggjastaðahreppur | 1 | 3 | 1 | 5 |
| 3. | Vopnafjarðarhreppur | 4 | 8 | 5 | 17 |
| 4. | Fljótdalshreppur | 29 | 60 | 25 | 114 |
| 5. | Jökuldalshreppur | 29 | 60 | 25 | 114 |
| 6. | Fellahreppur | 9 | 20 | 8 | 37 |
| 7. | Tunguhreppur | 7 | 15 | 6 | 28 |
| 8. | Hlíðarhreppur | 3 | 6 | 4 | 13 |
| 9. | Hjaltastaðahreppur | 14 | 30 | 12 | 56 |
| 10. | Borgarfjarðarhreppur | 21 | 40 | 16 | 77 |
| 11. | Seyðisfjarðarkaupstaður | 2 | 4 | 2 | 8 |
| 12. | Skriðdalshreppur | 11 | 23 | 9 | 43 |
| 13. | Vallahreppur | 12 | 27 | 11 | 50 |
| 14. | Egilsstaðabær | 5 | 11 | 4 | 20 |
| 15. | Eiðahreppur | 7 | 15 | 6 | 28 |
| 16. | Mjóafjarðarhreppur | 2 | 4 | 2 | 8 |
| 17. | Norðfjarðarhreppur | 10 | 8 | 3 | 21 |
| 18. | Eskifjarðarkaupstaður | 10 | 8 | 3 | 21 |
| 19. | Reyðarfjarðarhreppur | 3 | 7 | 3 | 13 |
| 20. | Búðahreppur | 1 | 3 | 1 | 5 |
| 21. | Fáskrúðsfjarðarhreppur | 1 | 3 | 1 | 5 |
| 22. | Stöðvarhreppur | 2 | 3 | 1 | 6 |
| 23. | Breiðdalshreppur | 26 | 49 | 19 | 94 |
| 24. | Beruneshreppur | 8 | 15 | 6 | 29 |
| 25. | Búlandshreppur | 8 | 15 | 6 | 29 |
| 26. | Geithellnahreppur | 24 | 45 | 18 | 87 |
| 27. | Bæjarhreppur | 13 | 25 | 10 | 48 |
| 28. | Nesjahreppur | 10 | 20 | 8 | 38 |
| 29. | Bærinn Höfn í Hornafirði | 1 | 3 | 1 | 5 |
| 30. | Mýrahreppur | 15 | 30 | 12 | 57 |
| | Samtals | 289 | 561 | 229 | 1079 |

3. gr.

Auk þeirra dýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, má veiða 18 hreindýr í Borgarhafnarhreppi, óháð aldri og kyni.

4. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr. og 3. gr. svo og 2. mgr. 5. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Fyrir hvert veitt dýr greiðir sveitarsjóður gjald sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fyrir tarf | kr. 4500,00 |
| Fyrir kú | kr. 2000,00 |
| Fyrir kálf | kr. 1000,00 |

Gjaldið skal greitt embætti veiðistjóra fyrir lok desember 1991 og skal því varið til rannsókna á þeim þáttum í vistfræði hreindýrastofnsins er varða verndun hans og nýtingu, skv. nánari ákvörðun umhverfisráðuneytis.

Að öðru leyti skiptir hver sveitastjórn fénu innan síns svæðis. Skal sveitarstjórn fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd eða skógarlönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð enda greiði hann hæfilega þóknun hreindýraeftirlitsmanni og þeim mönnum sem eru honum til aðstoðar við veiðarnar. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Valdi hreindýr spjöllum eða geri átroðning á eyðijörðum, er sveitarstjórn heimilt að taka nokkurt tillit til þess við skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

5. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverju sveitarfélagi, sem nefnt er í 2. og 3. gr., nema samkomulag verði um það að einn eftirlitsmaður verði fyrir tvö sveitarfélög. Skal hann ráðinn af veiðistjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við sýslumann.

Hreindýraeftirlitsmenn framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður sem ráðinn er fyrir Fljótdalshrepp og hefur hann umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

Hreindýraeftirlitsmenn og aðstoðarmenn þeirra hafa ekki heimild til þess að fella hreindýr í öðru sveitarfélagi en því sem þeir eru ráðnir fyrir, nema með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann þar.

6. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Þess skal gætt að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til þess að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979 og reglugerð nr. 474/1988.

Aðalumsjónarmaður, skv. 3. mgr. 5. gr., ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

7. gr.

Sá sem særir dýr er skyldur að gera allt, hvað hann getur, til þess að aflífa það.

Hvorki má skjóta hreindýr úr vélknúnu farartæki né nota það til að smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

8. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu senda veiðistjóra skýrslu um veiðarnar strax að veiðitíma loknum, sbr. 1. mgr. 5. gr.

9. gr.

Óheimilt er að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni, sbr. ákvæði laga nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

10. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, svo og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, sbr. og 7. gr. laga nr. 47/1990, sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 329/1990 um hreindýraveiðar árið 1990. Einnig falla úr gildi reglur nr. 210/1991, um hreindýraráð.

*Umhverfisráðuneytið, 24. júlí 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

Nr. 356 9. júlí 1991

# REGLUGERÐ

**um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.**

1. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal taka gjald fyrir vinnsluleyfi sem það gefur út til fiskvinnslustöðva og fyrir hæfnisvottorð sem það gefur út til fiskiskipa.

Vinnslustöðvar og fiskiskip skulu hljóta vinnsluleyfi og hæfnisvottorð að jafnaði einu sinni á ári.

Fyrir vinnsluleyfi til fiskvinnslustöðva samkvæmt 2. mgr. skal greiða gjald eins og hér segir eftir vinnslugreinum:

| | kr. |
|---|---|
| 1. Grásleppustöðvar | 2 000,00 |
| 2. Saltfisk-, síldarsöltunar- og skreiðarstöðvar | 8 000,00 |
| 3. Lagmetisverksmiðjur, frystihús þ.m.t. skelfiskvinnslustöðvar og frystitogarar | 15 000,00 |
| 4. Bráðabirgðavinnsluleyfi er veitt þeim vinnslustöðvum sem hafa þá ágalla að fullnægja ekki settum reglum um hreinlæti og búnað en teljast þó hæfar til matvælaframleiðslu að mati Ríkismats sjávarafurða. Hámarksgildistími bráðabirgðaleyfis er 3 mánuðir. Fyrir bráðabirgðaleyfi skal greiða sama gjald og tiltekið er í 1.–3. tl. hér að ofan. | |

Fyrir hæfnisvottorð til fiskiskipa samkvæmt 2. mgr. skal greiða eins og hér segir:

| | kr. |
|---|---|
| 1. Fiskiskip 1–50 brúttórúmlestir | 3 000,00 |
| 2. Fiskiskip 51–200 brúttórúmlestir | 6 000,00 |
| 3. Fiskiskip 201 brúttórúmlestir og stærri | 12 000,00 |
| 4. Fyrir bráðabirgðahæfnisvottorð sem gildir hámark 2 mánuði skal greiða skv. 1.–3. tl. hér að ofan. | |

Gjald fyrir hæfnisvottorð samkvæmt þessari grein skal innheimt við afhendingu vottorðsins.

2. gr.

Ríkismatið skal taka gjald vegna útflutningsmatsvottorða.

Skal gjald vegna afurða hvers framleiðanda á útflutningsvottorði vera kr. 500,00.

3. gr.

Ríkismatið skal taka gjald fyrir eftirlit og mat á afurðum þ.m.t. reglubundið framleiðslueftirlit, og mat á ferskum fiski til útflutnings og störfum sem því tengjast.

Þegar matsmaður hefur lokið störfum hverju sinni samkvæmt 1. mgr., skal hann skrifa vinnuskýrslu með tilgreindum fjölda dag- og eftirvinnustunda, sem hann hefur unnið og skal vinnuþegi eða trúnaðarmaður hans staðfesta hana með undirskrift sinni.

Ríkismatið reiknar út launakostnað samkvæmt vinnuskýrslum, sem um getur í 2. mgr. Fyrir hverja dagvinnustund skal taka kr. 900,00 en fyrir hverja yfirvinnustund kr. 1 400,00 miðað við launavísitölu í janúar 1991 og framreiknast miðað við þróun launavísitölunnar á hverjum tíma. Aldrei skal reikna minna en þrjár klst. fyrir störf þessi.

Heimilt er að taka sérstakt yfirtöku- og útflutningsmatsgjald fyrir hverja tunnu saltaðra hrogna í stað launakostnaðar samkvæmt 1. og 2. mgr. þessar greinar eftir nánari ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni. Á sama hátt er heimilt að taka sérstakt gjald fyrir hvern gám, sem fiskur er ísaður í til útflutnings.

Séu gerðar efnagreiningar og/eða gerlaprufur, skulu þær greiddar samkvæmt reikningi.

4. gr.

Gjald Ríkismats sjávarafurða fyrir aðra útselda vinnu við sérfræðistörf en um getur í 1., 2. og 3. gr. skal vera kr. 2 400,00 á klst.

5. gr.

Útflytjendum og samtökum útflytjenda er skylt að greiða fyrir hönd umbjóðenda sinna reikninga, sem gefnir eru út vegna útgáfu vinnsluleyfa, löggiltra dagbóka, eftirlits og mats, og útgáfu útflutningsmatsvottorða svo og efnagreininga og gerlaprufa.

6. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari eru lögð á og innheimt samkvæmt heimild í 26. gr. laga nr. 53, 30. maí 1984 til að öðlast gildi nú þegar.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 457, 27. september 1989 um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júlí 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

19. júlí 1991 Nr. 357

# AUGLÝSING

**um umferð í Patrekshreppi.**

Að fenginni tillögu byggingarnefndar Patrekshrepps verða settar eftirfarandi reglur um umferð í Patrekshreppi. Reglurnar taka gildi 1. september 1991.

1. Biðskylda verði sett á tengibraut við söluskála Esso-Nesti gagnvart Strandgötu.
2. Biðskylda verði sett á Sigtún gagnvart Strandgötu.
3. Biðskylda verði sett á Hlíðarveg gagnvart Aðalstræti.

4. Biðskylda verði sett á Oddagötu gagnvart Eyrargötu og Þórsgötu.
5. Biðskylda verði sett úr króki (Strandgötu) gagnvart Strandgötu.
6. Biðskylda verði sett á Eyrargötu gagnvart hafnarsvæði.
7. Sett verði upp fjögur vinnusvæðamerki á hafnarsvæðinu:
   A. við enda hafnarsvæðis við Þórsgötu.
   B. við enda Eyrargötu við hafnarsvæði.
   C. við neðanvert bifreiðastæði Straumness hf.
   D. í vatnskrók.
8. Biðskylda verði sett í norðurenda Mýra.

*Patreksfirði, 19. júlí 1991.*

Fyrir hönd sveitarstjóra Patrekshrepps,
**Sigurður Ingi Guðmundsson.**

Nr. 358 16. júlí 1991

# AUGLÝSING

**um umferð í Fellabæ, Norður-Múlasýslu.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Fellahrepps hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Fellabæ, og gilda þær frá 1. september 1991.

1. gr.

Við gatnamót Austurlandsvegar og Smiðjusels, er biðskylda á Smiðjusel.

2. gr.

Við gatnamót Austurlandsvegar og Einhleypings, er biðskylda á Einhleyping.

3. gr.

Við gatnamót Austurlandsvegar og ónefndrar götu gegnt Einhleypingi, er biðskylda á ónefnda götu.

*Lögreglustjórinn í Norður-Múlasýslu, 16. júlí 1991.*

**Helgi Jensson,** fulltrúi.

Nr. 359 26. júlí 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. ágúst 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 77, 19. febrúar 1991:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4,5%

*Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Jón Ingimarsson.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Eyra.**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim sem gerð hafa verið og verða gerð eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar.

Vatnsrennsli að húsinu verður takmarkað um hemla eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu þeirra.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli .............. kr. 80,59 fyrir hvern rúmmetra vatns.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla, ef þess er óskað.

4. gr.

Jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkunina innheimtist fyrir hvern mæli á mánuði eftirfarandi fastagjald.

a) Fyrir mæla til og með ½"–1" .......................... kr. 830,55
b) Fyrir mæla 1¼"–2" .......................... kr. 1 659,00

5. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, samkvæmt mælaálestri eða áætlun.

Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og/eða fækka gjalddögum.

Óski notandi þess að lesið sé af mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það ...... kr. 507,15.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar byggingar aðrar en bifreiðageymslur.

Heimæðagjöld hitaveitunnar skulu vera sem hér segir fyrir hverja heimæð:

| Rúmmál húsa (utanmál) | Heimæðargjald | |
|---|---|---|
| Allt að 500 $m^3$ | kr. 65 313,00 | + 129,36 kr/$m^3$ |
| 500–2 000 $m^3$ | kr. 128 353,00 | fyrir 500$m^3$+ 86,42 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000–6 000 $m^3$ | kr. 258 770,00 | fyrir 2 000$m^3$+ 64,68 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 6 000 $m^3$ | kr. 517 541,00 | fyrir 6 000$m^3$+ 49,88 kr/$m^3$ þar yfir |

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 10 249,00 í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

8. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum, sem á nefndri vísitölu verða, enda séu breytingar staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

III. KAFLI

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný, greiðir sá sem vanskilum veldur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 924,00 hverju sinni.

Þó ekki komi til stöðvunar orkuafhendingar, er hitaveitunni heimilt að krefja notandann um innheimtugjald vegna undirbúnings að stöðvun og innheimtuaðgerða . . . . . kr. 478,80.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af stjórn Hitaveitu Eyra er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. ágúst 1991. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 104, 26. febrúar 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Jón Ingimarsson.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Sauðárkróks.**

## I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Sauðárkróks selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í lögsagnarumdæmi Sauðárkróks og Skarðshrepps eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð staðfesta 5. maí 1971 um hitaveitu og hitalagnir á Sauðárkróki.

2. gr.

Hitaveita Sauðárkróks lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu. Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis sem hemillinn er stilltur á. Hitaveitan ræður gerð hemils og sér um viðhald og endurnýjun hans.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu innsiglaðra tengihluta. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrir árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. september ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári. Minnsta sala gegnum hemil skal vera 1 mín.lítri. Selt vatnsmagn standi ávallt á heilum eða hálfum mín.lítra.

## II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

Vatnsgjald . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 778,00
á mánuði fyrir hvern mín.lítra í hámarksstillingu hemils.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. og 8. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til skrifstofu Sauðárkrókskaupstaðar. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Sauðárkróks skal vera, sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss (utanmál) | Heimæðargjald | | |
|---|---|---|---|
| 400–2 000 m³ = | 85 419,00 kr. fyrir | 400 m³ | 66,00 kr/m³ þar yfir |
| 2 000–6 000 m³ = | 193 522,00 kr. fyrir | 2 000 m³ | 59,95 kr/m³ þar yfir |
| 6 000–10 000 m³ = | 429 511,00 kr. fyrir | 6 000 m³ | 54,25 kr/m³ þar yfir |
| Meira en 10 000 m³ = | 646 675,00 kr. fyrir | 10 000 m³ | 41,00 kr/m³ þar yfir |

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húsráðanda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

7. gr.

Gjöld samkvæmt 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

8. gr.

Þrátt fyrir ákvæði í 2. gr. er heimilt að selja heitt vatn til einstakra notenda skv. rúmmetramæli. Á þetta við um stærri notendur og þegar vatn er notað til annars en húshitunar. Hitaveitan setur upp slíka mæla, ef þurfa þykir og sér um viðhald og endurnýjun þeirra.

Hjá notendum er kaupa vatn skv. rúmmetramæli, er heimilt að innheimta mælaleigu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns skal vera .................... kr. 35,50

Mælaleiga fyrir hvern mánuð skal vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir mæla 3/4" | kr. | 323,15 pr. mán. |
| Fyrir mæla 1"–2½" | kr. | 723,30 pr. mán. |
| Fyrir mæla 3" og stærri | kr. | 1 470,15 pr. mán. |

9. gr.

Öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Sauðárkróks hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er. Gjaldið skal vera það sama og fyrir 2 mín.lítra á mánuði skv. 4. gr. í hvert skipti.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Sauðárkróks skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerð á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Sauðárkróks, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. ágúst 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 125, 15. mars 1991 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Jón Ingimarsson.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Reyðarfjarðar.**

## I. GJALDSKRÁRLIÐIR.

### 1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

| | | Grunnverð | M/vsk |
|---|---|---|---|
| 1.1 | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 7,59 kr. á kWst | (9,50) |
| 1.2 | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 6,33 kr. á kWst | (7,88) |

### 2. Notkun til heimilisþarfa.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2.1 | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 6,33 kr. á kWst | (7,88) |

### 3. Vélanotkun.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3.1 | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 6,33 kr. á kWst | (7,88) |
| 3.2 | Aflgjald lágmark 3 kW | 30 284,00 kr. á ári | (37 703) |
| | Aflgjald frá 3–5 kW | 9 740,00 kr. á kWst | (12 126) |
| | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 2,10 kr. á kWst | (2,61) |
| 3.3 | Aflgjald umfram 5 kW | 9 083,00 kr. á ári | (11 308) |
| | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 2,05 kr. á kWst | (2,55) |
| 3.4 | Til súgþurrkunar: | | |
| | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 2,74 kr. á kWst | (3,41) |

### 4. Húshitun.

| | | |
|---|---|---|
| 4.1 | Fast gjald | 12 180,00 kr. á ári |
| | Orkugjald | 5,18 kr. á kWst |
| | Roftími allt að 1 klst. á dag. | |

| | | Taxti I til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði. | Taxti II til hitunar á íbúðarhúsnæði. |
|---|---|---|---|
| 4.2 | Fast gjald | 1 576,00 kr/kW/ári | 12 180,00 kr. á ári |
| | Orkugjald | 3,15 kr/kWst | 3,15 kr. á kWst |
| | Roftími allt að 3 klst. á dag. | – niðurgr. | 1,26 |
| | | | 1,89 |
| 4.3 | Orkugjald | 1,91 kr/kWst | |
| | Roftími allt að 15 klst. á dag. | | |

### 5. Utanhússlýsing.

| | | |
|---|---|---|
| 5.1 | Fast gjald F1 | |
| | Orkugjald | 6,33 kr. á kWst (7,88) |

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.*

*Föst gjöld.*

| | |
|---|---|
| F1 | 135,45 kr. á mán. (168,64) |
| F3 | 3 234,00 kr. á ári (4 026,00) |

**6. Hitun.**

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8.

## II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun . . . kr. 1 654,00 (2 059,00)

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt . . . kr. 1 654,00 (2 059,00) á skrifstofu rafveitunnar.

## III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

*Málstraumur:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 63 A einfasa | kr. | 52 500,00 | (65 362) |
| 63 A þrífasa | kr. | 62 685,00 | (78 042) |
| 100 A þrífasa | kr. | 95 865,00 | (119 351) |
| 200 A þrífasa | kr. | 230 685,00 | (287 202) |
| 315 A þrífasa | kr. | 364 980,00 | (454 400) |
| 400 A þrífasa | kr. | 501 585,00 | (624 773) |
| 710 A þrífasa | kr. | 896 910,00 | (1 116 652) |
| 1200 A þrífasa | kr. | 1 504 650,00 | (1 873 289) |

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Söluskattur er innifalinn í öllum gjaldskrárliðum nema raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. ágúst 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 65, 11. febrúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Jón Ingimarsson.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Hafnarfjarðar.**

## I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

*A. Lýsing.*

A1. Götu- og útilýsing — Af uppsettu afli.

| | |
|---|---|
| Aflgjald | 16 265,00 (20 250) kr/kWa |
| Viðhaldsgjald | 20 272,00 (25 239) kr/kWa |
| Gjald samtals | 36 537,00 (45 489) kr/kWa |

Auk afls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.
Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

| | | |
|---|---|---|
| A2. | | 5,65 (7,03) kr/kWst |
| | Fast gjald | 2 334,00 (2 906,00) kr/a |

Séu lampar ófasviksjafnaðir, sjá lið 2.4 og 3.5.
Heimilt er að sammæla notkun eftir taxta A2 og C1.

*B. Heimilisnotkun.*

B1. Til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila

| | |
|---|---|
| og hliðstæðra stofnana | 5,65 (7,03) kr/kWst |
| Fast gjald | 2 187,00 (2 723,00) kr/a |

*C. Vélar.*

| | | |
|---|---|---|
| C1. | Til véla | 5,65 (7,03) kr/kWst |
| | og fast gjald | 2 334,00 (2 906) kr/a |
| C2. | | 2,17 (2,70) kr/kWst |
| | fast gjald | 40 072,00 (49 890) kr/a |
| | og | 7 049,00 (8 776,00) kr/kWa |

til véla og fyrir iðnaðarhita. Aflgjald greiðist eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína eftir þessum taxta.

| | | |
|---|---|---|
| C3. | | 7,23 (9,00) kr/kWst |
| | Fast gjald | 4 667,00 (5 810,00) kr/a |

til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og breytingar á eldri mannvirkjum.

*D. Hitun.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| D1. | Órofin hitun: | Orkugjald | 5,38 | (6,70) | kr/kWst |
| | | Fast gjald | 10 005,00 | (12 456) | kr/a |
| D3. | Hitun m/rofi: | Orkugjald | 2,53 | (3,15) | kr/kWst |
| | | Fast gjald | 6 659,00 | (8 290) | kr/a |

Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| D5. Næturhiti m/rofi: | Orkugjald .............. | 1,71 | (2,13) | kr/kWst |
| | Fast gjald ............... | 6 659,00 | (8 290) | kr/a |

Rjúfa má straum í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08:00–24:00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D7. Hitun með rofi í 4 mánuði, mánuðina nóvember til og með febrúar, sama og á taxta D3.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald .............. | 2,73 | (3,40) | kr/kWst |
| Fast gjald ............... | 6 659,00 | (8 290) | kr/a |

D9. Hitun með rofi í 2 mánuði, mánuðina desember til og með janúar, sama og á taxta D3.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald .............. | 4,17 | (5,19) | kr/kWst |
| Fast gjald ............... | 6 659,00 | (8 290) | kr/a |

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru:

a) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) Að hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
c) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) Að hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) Að húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) Að lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
g) Að raforka sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breytir henni í hitaorku.
h) Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki sbr. gr. nr. 1.1.1.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B, eða C, eftir því sem við á.

*F. Önnur notkun.*

F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

*G. Mælaleiga.*

| | | kr/mánuði | |
|---|---|---|---|
| G1. | Af einfasa mælum .................... | 58,70 | (73,08) |
| G2. | Af þrífasa mælum til og með 80A ........... | 144,50 | (179,90) |
| G3. | Af þrífasa mælum yfir 80A ............... | 212,40 | (264,43) |
| G4. | Af mestu mælum .................... | 530,80 | (660,85) |
| G5. | Móttökuliði ......................... | 115,00 | (143,18) |

G6. Ársleiga fyrir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum A, B, C og D.

*H. Fast gjald.*

H1. Fast gjald greiðist af hverri sérmældri raforkusölu.

**II. Heimtaugagjöld.**

2.1 Heimtaugargjald skal greiða fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.

2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

*2.3 Aðalheimtaug.*

Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkv. eftirfarandi töflu:

| Málstraumur stofnvara | Jarðstrengur Heimtaugargjald kr. | | Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengs heimtaug kr. | | Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3×63A kr. | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 220 V kerfi: | | | | | | |
| 63 A 1-fasa | 43 922,00 | (54 683) | 13 241,00 | (16 485) | | |
| 63 A 3-fasa | 47 198,00 | (58 762) | 16 506,00 | (20 550) | 8 631,00 | (10 746) |
| 100 A 3-fasa | 64 628,00 | (80 462) | 20 727,00 | (25 805) | | |
| 200 A 3-fasa | 112 235,00 | (139 733) | | | | |
| 300 A 3-fasa | 159 873,00 | (199 042) | | | | |
| 380 V kerfi: | | | | | | |
| 63 A 1-fasa | 43 922,00 | (54 683) | 13 241,00 | (16 485) | | |
| 63 A 3-fasa | 47 586,00 | (59 245) | 16 506,00 | (20 550) | 16 706,00 | (20 799) |
| 100 A 3-fasa | 74 204,00 | (92 384) | 36 194,00 | (45 062) | | |
| 200 A 3-fasa | 150 465,00 | (187 329) | | | | |
| 300 A 3-fasa | 226 590,00 | (282 105) | | | | |
| 400 A 3-fasa | 300 090,00 | (373 612) | | | | |
| 600 A 3-fasa | 450 765,00 | (561 202) | | | | |
| 900 A 3-fasa | 677 355,00 | (843 307) | | | | |
| 1200 A 3-fasa | 903 525,00 | (1 124 889) | | | | |

2.4 Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1200 A heimtaug í 380 V kerfi.

2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.

Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 3×380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 *Bráðabirgðaheimtaugar.*
Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur stofnvara | Stofngjald kr. | | Lengdargjald Jarðstrengur kr/m | | Loftlína kr/stólpa | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 63 A 1-fasa | 9 650,00 | (12 014) | 1 350,00 | (1 681) | 17 390,00 | (21 651) |
| 63 A 3-fasa | 12 730,00 | (15 849) | 1 350,00 | (1 681) | 20 250,00 | (25 211) |
| 100 A 3-fasa | 13 640,00 | (16 982) | 1 810,00 | (2 253) | 22 490,00 | (28 000) |

2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.

2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 *Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.*

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörð, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingu skipa eða tengikassa, skal greiða gjald kr. 1 652,00 (2 057). Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald kr. 3 606,00 (4 489).

## III. Ýmis ákvæði.

3.0 Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér vanskilavexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Vanskilavextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 1 390,00 (1 731,00). Ennfremur skal sama gjald tekið, ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar kr. 1 390,00 (1 731,00) og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar kr. 2 464,00 (3 068,00).

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta verðskrárliðum gjaldskrár (verðskrár) þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1987, hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta verðskrárliðum gjaldskrár (verðskrár) þessarar til samræmis um allt að ⅗ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

3.7 Virðisaukaskattur 24,5% bætist við öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. júlí 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 297, 26. júní 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá nr. 48, 17. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. júlí 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Jón Ingimarsson.*

30. júlí 1991 Nr. 364

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Ólafsfjarðar

### I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Ólafsfirði, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari samanber og reglugerð Hitaveitu Ólafsfjarðar nr. 50, 10. febrúar 1989.

2. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra, og hitalagnir í góðu lagi.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveita breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við starfsmenn hitaveitunnar fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

II. KAFLI.

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil ........................ kr. 361,00
b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils ........ 585,00
c. Vatnsgjald pr. rúmm. .................................... kr. 27,10

Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur skv. gildandi reglum á hverjum tíma.

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns og í Sparisjóði Ólafsfjarðar, Ólafsfirði, eða öðrum greiðslustöðvum gíróseðla. Reikninga skal gefa út á miðju notkunartímabilinu, gjalddagi reikninga er útgáfudagur.

Eindagi er 20 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd á eindaga.

III. KAFLI.

6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Ólafsfjarðar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð:

A)

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | Hús allt að 300 rúmm. að utanmáli ........................ | kr. | 70 050,00 |
| 2. a. | Hús 300-2.000 rúmm. að utanmáli ...................... | kr. | 70 050,00 |
| b. | Fyrir hvern rúmm. umfram 300 ......................... | kr. | 62,75 |
| 3. a. | Hús stærri en 2.000 rúmm. að utanmáli ................. | kr. | 174 600,00 |
| b. | Fyrir hvern rúmm. umfram 2.000 ....................... | kr. | 54,35 |
| 4. | Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er . . . | kr. | 13 600,00 |

B)

Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmur og því um líkt, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 rúmm. húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

7. gr.

Gjöld skv. 4. gr. og 6. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

8. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, svo sem þurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveita Ólafsfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, .... kr. 1 410,00 í hvert skipti.

Notandi á ekki rétt á lækkun orkureiknings þann tíma sem afhending varmaorku er stöðvuð, vegna vanskila.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Ólafsfjarðar skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

12. gr.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 37, 22. janúar 1990, með síðari breytingum samkvæmt auglýsingu nr. 106, 4. mars 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 30. júlí 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

23. júlí 1991 Nr. 365

# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Seltjarnarneskaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 61/1988.**

1. gr.

2. mgr. 12. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórnarfundir skulu að jafnaði hefjast kl. 17.00.

2. gr.

56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir og starfsmenn til að fara með tiltekin málefni, eftir því, sem lög mæla fyrir:

A. Til eins árs. Á fyrri fundi í júní ár hvert:
1. Forseta bæjarstjórnar.
2. 1. varaforseta bæjarstjórnar.
3. 2. varaforseta bæjarstjórnar.
4. Tvo skrifara bæjarstjórnar og tvo til vara.
5. Skoðunarmenn bæjarreikninga. Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
6. Kjörstjórn(ir) við alþingiskosningar, skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. (Hverfiskjörstjórnir jafnmargar og kjörstaðir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn). (Undirkjörstjórnir jafnmargar og kjördeildir eru: Þrír aðalmenn í hverja og jafnmargir varamenn).

B. Til fjögurra ára. Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:
1. *Almannavarnanefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985.
2. *Áfengisvarnarnefnd.* Sex aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 30. gr. áfengislaga nr. 82/1969.

3. *Byggingarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/ 1978.
4. *Félagsmálaráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 5. gr., sbr. og 11. gr. laga nr. 40/ 1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Félagsmálaráð annast og störf þau sem barnaverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 53/1966, sbr. og 32. gr. laga nr. 40/1991. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla skv. 5. gr. laga nr. 48/1991, sbr. og 33. gr. laga nr. 40/1991 svo og öldrunarmál. Ennfremur önnur mál sem ráðinu eru falin með reglugerð, þ.m.t. vinnumiðlun og atvinnuleysisskráning, sbr. lög nr. 18/1985 og 55. gr. laga nr. 40/1991.
5. *Umhverfismálanefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Umsagnaraðili um landnýtingarmál, tillöguaðili um umhverfismál, gegnir hlutverki fegrunarnefndar. Starfar eftir náttúruverndarlögum nr. 47/1971 og gróðurverndarlögum nr. 17/1965 eftir því sem við á.
6. *Skipulagsnefnd, umferðarnefnd, hafnarnefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með skipulagsmál og umferðarmál ennfremur gegnir nefndin hlutverki hafnarnefndar skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
7. *Heilbrigðisnefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara í svæðisnefnd Kjósarsvæðis, sbr. 6. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og heilbrigðisreglugerð nr. 49/1990.
8. *Húsaleigunefnd.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
9. *Kjörstjórnir við sveitarstjórnarkosningar.* Kjörstjórn (yfirkjörstjórn). Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986. (Hverfiskjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Hverfiskjörstjórnir geta verið jafnmargar og kjörstaðir.) (Undirkjörstjórn. Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Undirkjörstjórnir skulu vera jafnmargar og kjördeildir í bæ/kaupstað. Heimilt að kjósa síðar).
10. *Skólanefnd grunnskóla og tónlistarskóla.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla og 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla.
11. *Stjórn bókasafns.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
12. *Stjórn heilsugæslustöðvar.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 21. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 97/1990.
13. *Stjórn veitustofnana.* (Hitaveita, vatnsveita). Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara.
14. *Húsnæðisnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Þrír eru kosnir af bæjarstjórn, einn tilnefndur af starfsmannafélagi Seltjarnarness og annar af fulltrúaráði verkalýðsfélaganna, sbr. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins og reglugerð nr. 46/ 1991.
15. *Einn búfjáreftirlitsmaður* og annar til vara skv. 9. gr. laga nr. 46/1991 um búfjárhald.
16. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands.* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
17. *Tómstundaráð.* Sjö aðalmenn og jafnmargir til vara. Ráðið starfar samkvæmt reglugerð er bæjarstjórn setti um verkefni tómstundaráðs í Seltjarnaneskaupstað dags. 7. apríl 1983.
18. *Stjórn Náttúrugripasafns Seltjarnarness.* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni Náttúrugripasafns Seltjarnarness sem starfar eftir sérstakri samþykkt.
19. *Bláfjallanefnd.* Einn aðalmaður og annar til vara. Fer með stjórn Bláfjallafólkvangs.
20. *Reykjanesfólkvangur.* Einn aðalmaður og annar til vara. Fer með stjórn Reykjanesfólkvangs.

21. *Stjórn Lista- og menningarsjóðs Seltjarnarness.* Fimm aðalfulltrúar. Annast kaup og vörslu listaverka bæjarsjóðs. Veitir fé til menningarstarfsemi.
22. *Landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga.* Þrír fulltrúar og jafnmargir til vara. Sitja landsþing Sambands ísl. sveitarfélaga með umboð Seltjarnarneskaupstaðar.
23. *Æskulýðs- og félagsheimili Seltjarnarness.* Sjö fulltrúar (bæjarfulltrúar) í stjórn eigendafélags. Fer með stjórn reksturs Æskulýðs- og félagsheimilis Seltjarnarness.
24. *Fjárhags- og launanefnd.* Þrír aðalfulltrúar og jafnmargir til vara. Fer með gerð fjárhagsmála bæjarsjóðs, gerð fjárhagsáætlana og kjarasamninga.
25. *Starfskjaranefnd.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Leysir úr ágreiningi í kjaramálum er upp kemur milli samninga.
26. *Stjórn endurmenntunarsjóðs.* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Metur umsóknir um endurmenntun og veitir styrki úr sjóðnum.
27. *Brunabótavirðingamaður.* Einn. Metur eignir til brunabótamats.
28. *Millimatsmaður.* Einn. Metur eignir til fasteignamats.
29. *Gjafasjóður Sigurgeirs Einarssonar.* Einn maður í stjórn auk forseta sem er sjálfkjörinn samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins. Stjórnar málum sjóðsins í samræmi við reglugerð.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Seltjarnarneskaupstaðar hefur gert, staðfestist hér með samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 23. júlí 1991.*

F. h. r.
**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þórhildur Líndal.*

25. júlí 1991 Nr. 366

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að:

1. banna U-beygju á Laugavegi austan Nóatúns á móts við Heildverslunina Heklu hf. Ákvörðun þessi hefur þegar tekið gildi.
2. biðskylda verði á Borgartúni gagnvart Höfðatúni og að sett verði upp umferðarljós á gatnamótunum.
   Ákvörðun þessi tekur gildi þegar kveikt hefur verið á umferðarljósunum.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 25. júlí 1991.*

**Böðvar Bragason.**

# REGLUGERÐ

## um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992.

### Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa í atvinnuskyni á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 koma aðeins til greina þau skip sem veiðileyfi fengu samkvæmt 5. gr. l. nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða.

Hverfi skip, sem veiðileyfi hefur fengið samkvæmt 5. gr. laga nr. 38/1990, varanlega úr rekstri má veita nýju eða nýkeyptu sambærilegu skipi veiðileyfi í þess stað, enda hafi veiðiheimildir þess skips, er úr rekstri hvarf, ekki horfið til Hagræðingarsjóðs sjávarútvegsins, sbr. l. nr. 40/1990.

### Heildarafli.

2. gr.

Fyrir fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 skal heildarafli og úthlutað aflamark að teknu tilliti til áætlaðs línuafla í nóvember, desember, janúar og febrúar úr botnfisktegundum vera sem hér segir:

| | Heildar-afli (þús.lestir) | Áætlað utan aflamarks Línuafli (þús. lestir) | Úthlutað aflamark (þús.lestir) |
|---|---|---|---|
| 1. Þorskur | 265 | 15 | 250 |
| 2. Ýsa | 50 | 2 | 48 |
| 3. Ufsi | 75 | 0 | 75 |
| 4. Karfi | 90 | 0 | 90 |
| 5. Grálúða | 25 | 0 | 25 |
| 6. Skarkoli | 11 | 0 | 11 |

Afli samkvæmt ofangreindu miðast við óslægðan fisk með haus.

Aflamark einstakra skipa skal miðað við slægðan fisk með haus í öðrum tegundum en karfa.

3. gr.

Á tímbilinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 skal heildarafli fyrir neðangreindar tegundir vera sem hér segir:

| | | Heildarafli (þús. lestir) |
|---|---|---|
| 1. Síld | | 110 |
| 2. Úthafsrækja | | 28 |
| 3. Innfjarðarækja samtals | | 5,5 |
| þ.a. Arnarfjörður | 600 lestir | |
| þ.a. Ísafjarðardjúp | 2.500 lestir | |
| þ.a. Húnaflói | 2.000 lestir | |
| þ.a. Skagafjörður | 400 lestir | |

Heildarafli af loðnu og humri verður ákveðinn síðar með sérstakri reglugerð. Sama gildir um heildarafla hörpudisks á einstökum svæðum fyrir tímabilið 1. janúar 1992 til 31. ágúst 1992.

Veiðitímabil síldar er frá 1. september 1991 til 1. mars 1992. Veiðitímabil úthafsrækju er fiskveiðiárið. Veiðitímabil innfjarðarækju er frá 1. október 1991 til 1. maí 1992 á öllum svæðum. Veiðitímabil annarra tegunda verður ákveðið sérstaklega með reglugerð.

4. gr.

Til úthafsrækju telst veiði á rækju sem veidd er utan viðmiðunarlínu, sbr. l. nr. 81/1976, að undanskildu svæði við Eldey, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40′V og að norðan af 64°05′N.

Veiðar á úthafsrækju á Dohrnbanka vestan 26°V teljast ekki til heildarafla eða aflamarks af úthafsrækju enda staðfesti skipstjóri nákvæmlega í afladagbók og aflaskýrslu hversu mikill afli sé fenginn vestan 26°V. Rangar eða villandi upplýsingar leiða til þess að allur rækjuafli skipsins reiknast til aflamarks í úthafsrækju.

5. gr.

Veiðiheimildum á þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa.

Aflamark hvers skips af hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild skipsins af viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki tegundarinnar skv. 2. og 3. gr.

Aflahlutdeild hvers skips skal vera sú sama sem úthlutað var miðað við heilt ár fyrir fiskveiðitímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991 að teknu tilliti til breytinga er leiða af leiðréttingum sem síðan hafa átt sér stað á aflahlutdeild einstakra skipa og einstakra flokka skipa.

6. gr.

Bátum, sem valið hafa leyfi til línu- og handfæraveiða er óheimilt að stunda veiðar frá 1. desember 1991 til 31. janúar1992, frá 4. apríl til 13. apríl 1992 og frá 29. júlí til 7. ágúst 1992, að báðum dögum meðtöldum.

Hafi bátur fengið leyfi með aflahlutdeild er óheimilt að úthluta slíkum bát síðar leyfi til línu- og handfæraveiða. Jafnframt er óheimilt að flytja til slíks báts veiðileyfi til línu- og handfæraveiða, frá öðrum báti, jafnvel þótt sá bátur hafi verið tekinn úr rekstri og teljist sambærilegur að öðru leyti. Aðeins er heimilt að víkja frá ákvæðum 2. ml. þessarar mgr. ef bátur sem fengið hefur leyfi til línu- og handfæraveiða hafi verið dæmdur óbætandi vegna sjótjóns og tekinn af skipaskrá.

Ekki er heimilt að veita nýjum eða nýkeyptum báti er kemur í stað báts sem fengið hefur leyfi til línu- og handfæraveiða veiðileyfi í atvinnuskyni sé nýi báturinn 6 brúttótonn eða stærri.

7. gr.

Reynist heildaraflahlutdeild báta sem veiðileyfi hafa samkvæmt 6. gr. hafa vaxið meira en sem nemur 25% að meðaltali á árunum 1991 - 1993 miðað við þá hlutdeild sem þeir áttu kost á árið 1991 skal þeim ákvörðuð aflahlutdeild frá og með upphafi þess fiskveiðiárs er hefst 1. september 1994. Aflahlutdeild einstakra báta skal ákvarðast miðað við aflareynslu þeirra á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. desember 1993. Heildaraflahlutdeild þessara báta í upphafi fiskveiðiárs 1. september 1994 skal þó aldrei vera hærri en samanlögð hlutdeild sem þessir bátar áttu kost á 1. janúar 1991 miðað við heilt ár.

8. gr.

Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 0,8, en grálúðu og skarkola með 0,92.

Þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal margfalda magn þorsks, ýsu og ufsa með 1,25, en grálúðu og skarkola með 1,09.

Ráðuneytið skal ákveða reiknistuðla til útreikninga á afla skipa sem vinna eigin afla um borð. Má við þá ákvörðun miða við aflanýtingu hvers einstaks skips og meðalaflanýtingu ákveðins flokks skipa.

Við línuveiðar í nóvember, desember, janúar og febrúar reiknast 50% aflans ekki til aflamarks fiskiskipa.

Þorskur og ufsi styttri en 50 cm að lengd, ýsa styttri en 45 cm og karfi innan við 500 grömm að þyngd telst ekki að tveimur þriðju hlutum með til aflamarks fiskiskips, enda fari fiskur undir þessum lágmarksmörkum ekki yfir 10% af afla þessara fisktegunda í veiðiferð og fyrir liggi staðfesting frá matsmönnum eða vigtarmönnum um magn einstakra tegunda samkvæmt reglum er ráðuneytið setur. Þetta gildir ekki um afla sem frystur er um borð í veiðiskipi nema um heilfrystan fisk með haus sé að ræða. Allur fiskur sem veiddur er á handfæri telst þó til aflamarks.

Allan afla af botnfisktegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla, sbr. 2. gr., og fluttur er óunninn á erlendan markað skal reikna með álagi til aflamarks. Skal álagið vera 20% á þorsk og ýsu, 15% á ufsa, karfa og grálúðu en 10% á skarkola.

9. gr.

Þegar meta skal til hvaða fiskveiðitímabils tiltekinn afli telst skal miða við hvenær afla er landað hér á landi. Þannig telst afli sem landað er 1. september 1991 eða síðar til fiskveiðiársins 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Á sama hátt telst afli sem landað er 1. september 1992 eða síðar til fiskveiðiárs er hefst þann dag enda þótt veiðiferð hefjist fyrr.

Sigli skip með eigin afla á erlendan markað, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs, þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

**Framsal og sameining veiðiheimilda.**

10. gr.

Flutning á aflaheimildum samkvæmt 11. og 12. gr. laga nr. 38/1990 skal tilkynna ráðuneytinu skriflega fyrirfram. Þinglýstur eigandi þess skips, sem aflaheimildir eru fluttar frá, skal undirrita beiðni um flutning. Við varanlegan flutning á aflahlutdeild samkvæmt 11. gr. laga nr. 38/1990 skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá, ásamt samþykki þeirra aðila, sem veð áttu í skipinu 1. janúar 1991. Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting ráðuneytisins liggur fyrir.

Óheimilt er að framselja þann hluta aflahlutdeildar skips, sem rekja má til uppbóta samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða í l. nr. 38/1990. Sama á við um meðalaflahlutdeild samkvæmt 5. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í l. nr. 38/1990.

Séu veiðiheimildir skips, sem uppbætur hafa fengið, sameinaðar varanlega aflahlutdeild annars skips falla uppbætur niður nema fyrir liggi yfirlýsing þinglýsts eigenda um að skipið verði tekið af skipaskrá og réttur til endurnýjunar þess falli niður. Sama á við um meðalaflahlutdeild.

Við mat á því hvernig veiðiheimildir eru nýttar, sbr. 4. mgr. 12. gr. l. nr. 38/1990 skulu verðmætastuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992 vera eftirfarandi: Þorskur 1.00, ýsa 1.17, ufsi 0.52, karfi 0.50, grálúða 0.70, skarkoli 0.89, loðna 0.06, síld 0.13, humar (slitinn) 14.33, rækja 1.10 og hörpudiskur 0.43. Ofangreindir verðmætastuðlar gilda einnig varðandi færslu milli tegunda, sbr. 10. gr. laga nr. 38/1990 eftir því sem við á. Jafnframt skulu þeir hafðir til hliðsjónar við mat á því hvort um jöfn skipti sé að ræða, sbr. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 38/1990.

**Endurnýjun fiskiskipa.**

11. gr.

Fyrir þilfarsskip úrskurðar ráðuneytið hvort um sambærileg skip sé að ræða samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Við mat á því skal leggja til grundvallar rúmtölu skipa sem er margfeldi eftirgreindra hönnunarmála:

1. Lóðlínulengdar, sem er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.
2. Mótaðrar breiddar, sem er mesta breidd á miðbandi. Þversnið skipsgrindar, sem tekið er mitt á milli lóðlína, nefnist miðband.
3. Mótaðrar dýptar, að neðra þilfari, sem er lóðrétt fjarlægð frá neðra punkti miðbands við kjöl að efri brún þilfarsbita við byrðing.

Fyrir opna vélbáta ákvarðast rúmtala sem 4,3 x brúttótonn, þar sem brúttótonnatala er fundin samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 433, 17. ágúst 1990, um mælingar skipa undir 24 metrum að lengd.

12. gr.

Rúmtala nýs skips má ekki vera hærri en rúmtala þess skips sem hverfur úr rekstri.

13. gr.

Við útreikning samkvæmt 11. gr. skal byggt á gögnum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands.

Heimilt er að meta það sérstaklega, ef lögun skipsins er ekki hefðbundin. Sama gildir þegar það er miklum vandkvæðum bundið að finna hönnunarmál samkvæmt 11. gr.

14. gr.

Eigi reglur 11.–13. gr. ekki við vegna þess að nýtt eða nýkeypt skip er annarrar gerðar en það skip er hverfur úr rekstri, skal meta afkastagetu og aflamöguleika skipsins sérstaklega.

15. gr.

Heimilt er með samþykki ráðuneytisins að taka tvö skip eða fleiri úr rekstri fyrir eitt nýtt skip. Leyfileg rúmtala hins nýja skips miðast við samtölu rúmtalna þeirra skipa er hverfa úr rekstri.

16. gr.

Séu heimildir 12.–15. gr. til stækkunar vegna endurnýjunar skips ekki fullnýttar fellur það sem umfram er niður.

17. gr.

Aðeins er heimilt að veita nýju eða nýkeyptu skipi veiðiheimildir samkvæmt 1. gr. í stað skips er hverfur úr rekstri, að skip það sem hverfur úr rekstri hafi verið strikað af skipaskrá Siglingamálastofnunar ríkisins. Ráðuneytinu er þó heimilt að veita allt að þriggja mánaða frest til þess að taka skip af skipaskrá enda verði skipið tekið úr notkun eigi síðar en hið nýja skip hefur veiðar.

18. gr.

Við yfirfærslu veiðiréttinda milli skipa skal nýju skipi í eigu sama aðila úthlutað sömu veiðiréttindum, sem eldra skipið hefði fengið, enda fullnægi nýja skipið þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir úthlutun þeirra veiðiréttinda.

19. gr.

Óheimilt er án sérstaks leyfis ráðuneytisins að breyta nýjum og nýkeyptum skipum, sem veiðileyfi hafa fengið í fyrsta sinn eftir 1. janúar 1986, þannig að rúmmál þeirra vaxi sbr. 11. gr.

**Ýmis ákvæði**

20. gr.

Skylt er að hirða og koma með að landi allan afla, sem markaður er fyrir. Þó skal sleppa lifandi þorski og ufsa styttri en 50 cm að lengd og ýsu styttri en 45 cm sem fæst á handfæri.

21. gr.

Skylt er að hirða alla rækju, sem fæst í rækjuvörpu. Skipstjóra er óheimilt að stunda rækjuveiðar á veiðisvæði þar sem rækja er það smá að fleiri en 300 stykki eru í hverju kg.

22. gr.

Skipstjóra er skylt að halda fiski um borð í veiðiskipum aðgreindum eftir tegundum. Verði slíkri aðgreiningu ekki komið við vegna smæðar fiskiskips skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Ennfremur er skylt að láta vigta afla samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávarafla.

23. gr.

Útgerðum skipa er skylt að senda sjávarútvegsráðuneytinu mánaðarlega skriflegar upplýsingar um afla á eyðublöðum sem ráðuneytið leggur til. Þá er skipstjórum fiskiskipa skylt að halda sérstakar afladagbækur sem Hafrannsóknastofnunin leggur til samkvæmt nánari reglum þar um og skal upplýsingum skilað mánaðarlega til stofnunarinnar. Vanskil á skýrslum samkvæmt þessari málsgrein varða leyfissviptingu án frekari viðvörunar. Sama gildir verði aðili uppvís að undanskoti afla.

Kaupendum afla er skylt að skila til Fiskifélags Íslands skýrslum um móttekinn afla samkvæmt lögum nr. 55, 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

24. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

25. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, öðlast gildi 1. september 1991. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 465, 27. nóvember 1990 um veiðar í atvinnuskyni, reglugerð nr. 117, 28. febrúar 1991 um breytingar á þeirri reglugerð og reglugerð nr. 214, 7. maí 1991 um veiðar á úthafsrækju.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 30. júlí 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 300/1991, um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.**

1. gr.

2. gr. reglugerðarinnar liður a) og e) orðist svo:

| | ATC - flokkur |
|---|---|
| a) Sykursýki | A 10,<br>H 04 A |
| e) Krabbamein | L,<br>G 03 H A 01 |

2. gr.

3. gr. reglugerðarinnar liður b) og e) orðist svo:

| | |
|---|---|
| b) Hjartasjúkdómar (hjartabilun, hjartaöng hjartsláttartruflanir) | C 01<br>C 07,<br>C 02 D E,<br>C 02 E |
| e) Alvarlegir systemiskir bólgusjúkdómar (Systemic lupus erythematosus, Reumuatoid arthritis, Colitis ulcerosa) | A 07 E<br>H 02 A<br>M 01 C<br>P 01 B A |

3. gr.

Við 3. gr. bætist nýr liður (g), sem orðist svo:

| | |
|---|---|
| g) Alvarleg nýrnabilun | A 11 C C |

4. gr.

4. gr. reglugerðarinnar, síðasta setning orðist svo:

Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sbr. 3. gr., en í þeim tilfellum gildir þó ekki að sjúklingur þurfi að hafa notað lyfið í 6 mánuði eða lengur.

5. gr.

5. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Tryggingastofnun ríkisins tekur ekki þátt í kostnaði við eftirtalin lyf og skulu þau aukennd með „O“ í lyfjaskrám:

a. Lyf, sem fáanleg eru í lausasölu (merkt „L“ eða „U“ í lyfjaskrám), ef undan eru skilin lyf í flokkum A 12 B A (Kalíum), C 01 D A 02 (Glýcerýlnítrat) D 07 A A 02 (Hýdrókortisón), P 01 B C 01 (kínín) og P 01 B A (kínólín-afbrigði).



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

b. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir:

| | |
|---|---|
| A 06 A | Hægðalyf |
| A 11 | Vítamín nema lyf í flokki A 11 C C, sbr. 3. gr. stafliðg. |
| D 11 A X | Ýmis önnur húðlyf |
| J 06 | Ónæmissermi (sera) og immúnóglóbúlín |
| J 07 | Bóluefni (vaccina) |
| G 03 A | Hormónar notaðir til getnaðarvarna |
| R 01 A A | Viss neflyf |
| R 02 | Hálslyf |
| R 05 | Hósta- og kveflyf |

c. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir þó ekki stungulyf, en þau skal greiða skv. 6. gr.:

| | |
|---|---|
| J 01 A | Tetracýklínsambönd |
| J 01 C | Breiðvirk penicillín |
| J 01 D | Cefalóspórínsambönd |
| J 01 E | Trímetóprím, þó ekki í blöndum með súlfónamíðum |
| J 01 F | Makrólíðar |
| J 01 H | Penicillín |
| J 03 A | Súlfónamíðar |
| J 03 B | Súlfónamíðar í blöndum með öðrum sýkingalyfjum |
| J 03 C | Önnur sýklalyf (chemotherapeutika) |
| N 05 B | Róandi lyf. |
| N 05 C | Svefnlyf (nema lyf í flokki N 05 C B 02) |
| P | Sníklalyf (nema lyf í flokki P 01 B C 01 og P 01 B A) |

6. gr.

6. gr. 4. málsgrein orðist svo:

Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf), G 03 H (androgenar og blöndur) og V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt „E,O" í lyfjaskrám og greiðast skv. ákvæðum þessarar greinar, enda framvísi sjúklingur lyfjaskírteini útgefnu af Tryggingastofnun. Ef skírteini er ekki fyrir hendi tekur Tryggingastofnunin ekki þátt í greiðslu lyfsins. Undanskilið frá þessari reglu er lyf í flokki G 03 H B (Diane mite), sem skal aukennt með „E" og greiðast skv. áðurnefndri tilhögun.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 6. ágúst 1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. júlí 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson**

*Einar Magnússon*

# GJALDSKRÁ

## yfir þjónusturannsóknir og aðra útselda vinnu er Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins annast.

1. gr.

Gjald Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins fyrir útselda vinnu skal vera sem hér segir:

| | Kr/klst. |
|---|---|
| 1. Sérfræðingur | 2 540,00 |
| 2. Aðstoðarmaður | 1 680,00 |
| 3. Sérfræðingur, rannsóknaaðstaða notuð | 3 445,00 |
| 4. Aðstoðarmaður, rannsóknaaðstaða notuð | 2 570,00 |

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast skulu vera sem hér segir:

Efna og örverurannsóknir:

| | |
|---|---|
| Fiskimjöl: | |
| Vatn | 500,00 |
| Salt | 800,00 |
| Prótein (Kjeldahl) | 2 800,00 |
| Prótein (Kjeltec) | 1 750,00 |
| Fita | 1 500,00 |
| Aska | 900,00 |
| Ammoníak | 750,00 |
| Sandur | 1 000,00 |
| Fosfór | 2 000,00 |
| DMNA gasgreining | 4 000,00 |
| Óbundnar fitusýrur í mjölfitu | 1 600,00 |
| Nítrít í fóðri og fóðurvörum | 2 750,00* |
| Sýrustig pH | 500,00 |
| Lýsi og harðfeiti: | |
| Vítamín A | 3 000,00 |
| Óbundnar fitusýrur | 550,00 |
| Sýrutala | 550,00 |
| Joðtala | 2 500,00 |
| Sáputala | 1 500,00 |
| Eðlisþyngd (pyknometer) | 950,00 |
| Slip-point | 1 755,00 |
| Ósápanlegt | 2 600,00 |
| Peroxýðtala | 950,00 |
| Anisidin | 2 900,00 |
| Litarmæling (Lovibond) | 600,00 |
| Ljósbrot við 20°C | 550,00 |
| Natríumsápa | 800,00 |
| Fitusýrugreining | 8 000,00 |
| Vatnsmæling með toluol | 900,00 |

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

| | |
|---|---|
| Salt: | |
| Klóríð (titer) | 1 100,00 |
| Undirbúningur sýnis fyrir mælingu á málmum, kopar og járn undanskildir. | |
| Grunngjald á hvert sýni | 1 000,00 |
| Kalíum | 1 610,00 |
| Kalsíum | 1 610,00 |
| Natríum | 1 610,00 |
| Mangan | 1 610,00 |
| Magníum | 1 610,00 |
| Súlfat | 3 170,00 |
| Óleysanlegt í vatni | 1 600,00 |
| Raki og bundið vatn | 1 110,00 |
| Járn | 2 200,00 |
| Kopar (ljósmæling með útdrætti >0,1 ppm) | 2 420,00 |
| Kopar (atómgleypnimæling með útdrætti >0,01 ppm) | 4 000,00* |
| Kornastærð | 1 500,00 |

## Rannsóknir með vökvagreini:

| | |
|---|---|
| Mæling á A,D eða E vítamíni eða kolesteroli í lýsi eða hreinni fitu | 9 000,00 |
| Mæling á A,D eða E vítamíni eða kolesteroli í öðrum en lýsi eða hreinni fitu | 10 400,00 |
| Hver viðbótarþáttur í sama sýni | 2 500,00 |
| Squalene í lýsi | 3 000,00 |
| Amínósýrur (fríar eða hydrolysöt) | 5 000,00 |
| Axtaxanthin og/eða Cantaxanthin (í sama sýni) | 5 000,00 |
| Rotvarnarefni | 8 000,00 |
| Hydroxyprolin (cis og trans) og/eða prolin (í sama sýni) | 5 000,00 |
| Þráavarnarefni í matarolíum | 5 000,00 |
| Þráavarnarefni í öðru en matarolíum og hreinni fitu | 6 400,00 |
| | |
| Frárennsli og vatn: | |
| Grugg (suspendible solids) | 1 660,00 |
| Uppleyst föst efni | 1 660,00 |
| Grugg og uppleyst föst efni í sama sýni | 2 210,00 |
| EOCI | 3 300,00 |
| | |
| Undirbúningur sýnis fyrir ákvörðun á uppleystu magni neðangreindra þátta | |
| grunngjald á hvert sýni | 550,00 |
| Lífrænt köfnunarefni | 2 800,00 |
| Ammoníak | 2 200,00 |
| Fosfat (>2ppb) | 2 400,00 |
| COD | 4 900,00 |
| Olía og fita | 1 670,00 |
| Olía | 2 220,00 |
| Olía og fita aðgreind í sama sýni | 3 060,00 |
| Þungmálmar (aðrir en kvikasilfur og arsen) | 2 700,00 |
| Hver þungmálmur umfram 1 í sama sýni | 1 700,00 |
| Kvikasilfur | 3 150,00 |
| Arsen | 3 150,00 |
| Klóríð (ljósmæling, >0,5ppm) | 2 200,00 |

## Ýmsar mælingar:

| | |
|---|---|
| Undirbúningur sýnis fyrir mælingu. Vatn, salt, fita, prótein o.fl. skv. gjaldskrá fyrir mjöl | 650,00 |
| Trimethylamin (TMA) | 1 400,00 |
| TVN | 1 400,00 |
| C-vítamín í matvælum | 6 500,00 |

* Ný aðferð

| | |
|---|---|
| Sýrustig pH | 450,00 |
| Histamín | 5 500,00 |
| Súlfít | 6 000,00 |
| Ediksýra | 625,00 |
| Joð (í fóðurmjöli, þara- og þangmjöli >20ppm) | 2 870,00 |
| Joð (kínetísk mæling >0.01ppm) | 3 500,00* |

Undirbúningur sýna fyrir þungmálmamælingar, kvikasilfur, arsen og selen undanskilin.

| | |
|---|---|
| Grunngjald á hvert sýni | 1 000,00 |
| Kvikasilfur í matvælum | 3 050,00 |
| Ákvörðun á málmum með atomgleypnimælingu | 1 610,00 |
| Frítt klór í vatni | 305,00 |
| Arsen | 3 050,00 |
| Selen | 3 050,00 |

| | |
|---|---|
| Mæling á sykrum í síld | 5 740,00 |
| Drip (vatnstap við þiðnun) | 1 900,00 |
| Drip (3 sýni eða fleiri) | 1 330,00 |
| Íshúð | 1 900,00 |
| Íshúð (3 sýni eða fleiri) | 1 330,00 |
| Vigtun og talning á rækju o.fl. | 1 475,00 |

Síld:

| | |
|---|---|
| Stærðarflokkun | 2 200,00 |

Síld lengdarmæld, vigtuð, hausskorin, slógdregin og hökkuð Framangreint gjald gildir fyrir allt að 100 síldarsýni.
Ef færri en 10 eru í sýni, greiðast (3/4) gjalds.
Efnagreiningar eru samkvæmt gjaldskrá.

## Örverurannsóknir:

| | |
|---|---|
| Undirbúningur sýnis (grunngjald á öll sýni) | 860,00 |
| Örverutalning | 820,00 |
| Kólígerlar, MPN | 1 200,00 |
| Staphylococcus aureus | 950,00 |
| Salmonella | 2 200,00 |
| Listeria | 2 200,00 |
| Listeria, greining | 1 770,00 |
| Clostridium perfringens | 1 200,00 |
| Súlfít-afoxandi clostridia/hitað | 950,00 |
| Bacillus/hitað | 950,00 |
| Enterococci | 820,00 |
| Gler- og myglusveppir | 820,00 |
| Roðagerlar | 820,00 |
| Loftfirrð ræktun | 950,00 |
| Ræktun fyrir niðursuðuvörur | 950,00 |
| Sterilitetsprófanir á lyfjum | 2 920,00 |
| RODAC-skálar með æti, stk. | 100,00 |

## Útflutningseftirlit á lagmeti:

| | |
|---|---|
| Hexametylentetramin í lagmeti | 2,575,00 |
| Kavíar-ógerilsneyddur | 5 445,00 |
| Kavíar-gerilsneyddur | 2 450,00 |
| Niðurlögð vara (önnur en kavíar) | 7 220,00 |
| Niðursoðin vara | 3 480,00 |
| Útflutningsvottorð/gæðavottorð | 1 100,00 |
| Endursýni | 3 150,00 |

### 3. gr.

Innifalið í gjaldi fyrir rannsóknir sem getið er í 2. grein, er skjalfest yfirlýsing um niðurstöður mælinga. Þetta gildir þó ekki um lagmetisathuganir.

4. gr.

Sé um að ræða sérstaka framsetningu á niðurstöðum, greinargerð eða þ.h., er tekið gjald samkvæmt tímamælingu. Ennfremur kemur sérstakt gjald kr. 1 100,00 fyrir vottorð.

5. gr.

Stofnunin áskilur sér rétt til að leggja á aukagjald sé óskað forgangs þannig að yfirvinna sé nauðsynleg vegna mælinganna.

6. gr.

Gjald fyrir rannsóknir sem ekki eru taldar upp í 2. grein, skal ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald sbr. 1. grein.

7. gr.

Stofnunin tekur ekki gjald fyrir samningagerð, almenna upplýsingamiðlun, aðstoð við minniháttar upplýsingaleit o.s.frv.

8. gr.

Stofnuninni er heimilt að vinna eftir föstum verktilboðum eða verksamningum og þá er stuðst við taxta sbr. 1. grein gjaldskrárinnar.

9. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 21. maí 1965, um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins nr. 80/1991.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 29. júlí 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 370 1. ágúst 1991

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð fyrir talnagetraunir Íslenskrar Getspár, nr. 410 16. ágúst 1988 með síðari breytingu.**

1. gr.

9. tl. 2. gr. orðist svo:

Verð fyrir hvern leik (röð) er kr. 40 og er aðeins unnt að gerast þátttakandi hjá söluaðilum Íslenskrar Getspár.

2. gr.

4. málsliður 11. tl. 2. gr. orðist svo:

Verð fyrir þátttöku samkvæmt kerfi er kr. 240 fyrir 6 tölur, kr. 840 fyrir 7 tölur, kr. 2 240 fyrir 8 tölur, kr. 5 040 fyrir 9 tölur og kr. 10 080 fyrir 10 tölur.

3. gr.

Í 18. tl. 2. gr. komi kr. 15 000 í stað kr. 12 000 í 1. og 2. mgr. töluliðarins.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í lögum um talnagetraunir, nr. 26 2. maí 1986, öðlast gildi 12. ágúst 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 393 14. ágúst 1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Þorleifur Pálsson.*

1. ágúst 1991 Nr. 371

# AUGLÝSING

**um (2.) breytingu á gjaldskrá fyrir dýralækna.**

Ákveðin hefur verið 2.56% hækkun á gjaldskrá fyrir dýralækna nr. 204 25. apríl 1990, sbr. breytingu með auglýsingu nr. 223 21. maí 1991.

*Landbúnaðarráðuneytið, 1. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Guðmundur Sigþórsson.**

*Jón Höskuldsson.*

1. ágúst 1991 Nr. 372

# AUGLÝSING

**um breytingu á fylgiskjali nr. 324 3. júlí 1991, með reglugerð nr. 300 7. júní 1991.**

Við fylgiskjalið bætist:

Kaleorid forðatöflur
Slow-K forðatöflur
Beconase aqua nefúði
Beconase nefúði

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991, um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 1. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Einar Magnússon.**

# REGLUGERÐ

**um veiðieftirlitsgjald.**

1. gr.

Greiða skal sérstakt gjald – veiðieftirlitsgjald – fyrir veiðiheimildir sem veittar eru á fiskveiðiárinu 1. september 1991 til 31. ágúst 1992, á grundvelli laga nr. 38/1990, um stjórn fiskveiða eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2. gr.

Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni skv. 1 mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990, skal greiða fast gjald 5 800 kr.

3. gr.

Fyrir tilkynningu um aflamark, sem kveður á um heimild til að veiða tiltekið magn sjávardýra skal greiða gjald sem miðast við úthlutað aflamark af einstökum tegundum metið til þorskígilda samkvæmt verðmætahlutföllum í 5. gr. Gjald fyrir aflamarkstilkynningu skal vera 49 kr. fyrir hvert þorskígildistonn. Gjald fyrir hverja tilkynningu um aflamark, sem ekki er gefin út samhliða almennu leyfi til veiða í atvinnuskyni, skal þó aldrei vera lægra en 1 000 kr.

4. gr.

Fyrir leyfi til veiða með dragnót, leyfi til hrognkelsaveiða og önnur veiðileyfi sem gefin eru út með stoð í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38/1990 skal greiða fast gjald 5 800 kr. fyrir hvert leyfi.

5. gr.

Við útreikning þorskígilda samkvæmt 3. gr. skal miða við eftirfarandi verðmætahlutföll: Þorskur 1.00, ýsa 1.17, ufsi 0.52, karfi 0.50, grálúða 0.70, skarkoli 0.89, rækja 1.10, humar 14.33, hörpudiskur 0.43, síld 0.13 og loðna 0.06.

6. gr.

Gjald samkvæmt 2., 3. og 4. gr. skal innheimt við afhendingu veiðiheimilda.

Gjald fyrir veiðiheimild skal tilgreint á leyfisbréfi. Gjaldið er ekki endurkræft, enda þó veiðiheimildir séu ekki nýttar.

Gjald samkvæmt reglugerð þessari rennur til reksturs veiðieftirlits sjávarútvegsráðuneytis.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá 1. september 1991 reglugerð nr. 499/1990.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. ágúst 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 348 8. október 1976.**

1. gr.

1. og 2. málsl. 1. málsgr. 11. gr. orðist svo: Verð hlutamiða er kr. 600 kr. í hverjum flokki. Fyrir ársmiða skal greiða 7 200 kr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 362 14. júlí 1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. ágúst 1991.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

6. ágúst 1991

Nr. 375

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vöruhappdrætti Sambands íslenskra berklasjúklinga, nr. 372 25. október 1976.**

1. gr.

1. málsl. 7. gr. orðist svo: Verð ársmiða er kr. 6 000,00, en endurnýjunarverð í hverjum flokki kr. 500,00.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 18 22. apríl 1959, sbr. lög nr. 52 25. maí 1976, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 455 29. september 1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 6. ágúst 1991.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð fyrir Íslenskar getraunir, nr. 477 27. október 1989, með síðari breytingum.**

1. gr.

15. gr. orðist svo:
Verð fyrir hverja röð er 20 krónur.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um getraunir nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum, öðlast gildi 12. ágúst 1991.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# AUGLÝSING

**um umferð á Patreksfirði, Barðastrandarsýslu.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaganna nr. 50/1987 og að fenginni tillögu hreppsnefndar Patrekshrepps hafa eftirfarandi reglur verið ákveðnar um umferð í Patrekshreppi og gilda þær frá 1. október 1991:

1. Biðskylda verði sett á tengibraut við söluskála Esso-Nesti gagnvart Strandgötu.
2. Biðskylda verði sett á Sigtún gagnvart Strandgötu.
3. Biðskylda verði sett á Hlíðarveg gagnvart Aðalstræti.
4. Biðskylda verði sett á Oddagötu gagnvart Eyrargötu og Þórsgötu.
5. Biðskylda verði sett úr króki (Strandgötu) gagnvart Strandgötu.
6. Biðskylda verði sett á Eyrargötu gagnvart hafnarsvæði.
7. Sett verði upp fjögur vinnusvæðamerki á hafnarsvæðinu:
   A. við enda hafnarsvæðis við Þórsgötu.
   B. við enda Eyrargötu við hafnarsvæði.
   C. við neðanvert bifreiðaverkstæði Straumness hf.
   D. í Vatnskrók.
8. Biðskylda verði sett í norðurenda Mýra.

*Lögreglustjórinn í Barðastrandarsýslu, 2. ágúst 1991.*

**Stefán Skarphéðinsson.**

9. ágúst 1991 Nr. 378

# REGLUGERÐ

**um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí – 15. ágúst.**

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst ár hvert eru allar þorskfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

# REGLUGERÐ

## um sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna, vélstjórnarmanna og undirmanna á kaupskipum.

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um skilyrði sem gera skal varðandi sjón, heyrn og heilbrigði skipstjórnarmanna og vélstjórnarmanna á íslenskum skipum og læknisvottorða þar að lútandi.

Sömu kröfur skal gera til undirmanna á kaupskipum eftir því sem við á, sbr. 4. mgr. 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

2. gr.

1. Siglingamálastofnun ríkisins annast eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar.
2. Læknar, sem hafa ótakmarkað lækningaleyfi á Íslandi, geta gefið út læknisvottorð um að skipstjórnarmaður, vélstjórnarmaður eða undirmaður á kaupskipi sé fær um að gegna viðkomandi stöðu af heilsufarsástæðum. Að jafnaði skal heimilislæknir umsækjanda annast læknisskoðunina og gefa út vottorðið.
3. Vottorðin skulu rituð á eyðublöð, sem samgönguráðuneytið lætur í té.
4. Læknisskoðun, sjónpróf og heyrnarpróf skal fara fram, þegar sótt er um inntöku í stýrimannaskóla, vélskóla eða námskeið er veita réttindi til skipstjórnar eða vélstjórnar. Skilyrði fyrir inntöku skulu vera, að umsækjandi fullnægi kröfum 4., 5., 10. og 13. greinar reglugerðar þessarar.
5. Læknisskoðun, sjónpróf og heyrnarpróf skal fara fram fyrir útgáfu og endurnýjun atvinnuskírteinis, á fimm ára fresti. Læknisvottorð skal eigi vera eldra en sex mánaða þegar skírteini er gefið út eða endurnýjað.
6. Læknisskoðun, sjónpróf og heyrnarpróf skal fara fram fyrir ráðningu undirmanna á kaupskipum og síðan eigi sjaldnar en á fimm ára fresti.
7. Umsækjandi skal áður en læknisvottorð er gefið út, sanna með persónuskilríkjum eða á annan fullnægjandi hátt, að hann sé sá sem hann segist vera.

3. gr.

Í augum eða tengdum líffærum skal ekki vera til staðar neitt sjúklegt ástand, sem skert geti hæfni skipstjórnarmanns eða vélstjórnarmanns og ógnað öryggi við skyldustörf.

4. gr.

Skipstjórnarmenn, vélstjórar og vélaverðir skulu sanna með læknisvottorði að þeir hafi a.m.k. þá sjónskerpu, sem hér segir:

| Sjónskerpa með eða án gleraugna eða linsa | | Lágmarks sjónskerpa án gleraugna eða linsa | |
|---|---|---|---|
| Betra auga | Lakara auga | Betra auga | Lakara auga |
| 1,0 | 0,25 | 0,2 | 0,2 |
| eða | | | |
| 0,67 | 0,33 | | |

Lestrarsjónskerpa:

Í 30 - 40 cm fjarlægð:
N5 (14 punkta letur, þ.e. um það bil 3,6 cm stafhæð)

Í 100 cm fjarlægð:
N14 (14 punkta letur, þ.e. um það bil 3,6 cm stafhæð)

5. gr.

Skipstjórnarmenn skulu sanna að þeir hafi óskert sjónsvið og fullkomið litskyggni. Sjónsvið er nægilegt að prófa með hendi eða svonefndri "konfrontationsaðferð" (aðferð Donders). Tekið er fram að hver fjórðungur sjónsviðs skal þannig prófaður frá miðju en ekki í láréttu eða lóðréttu plani.

Litskyggni skal prófað með viðurkenndum litatöflum (Stillings, Ishiharas eða öðrum jafngildum pseudoisochromatiskum töflum).

Þá má einnig beita prófun í aðgreiningu hliðarljósa (svonefndri lanternuprófun) en þess skal þá sérstaklega getið á augnvottorði.

Vélstjórar og vélaverðir skulu geta greint mun á rauðum og grænum lit.

6. gr.

Við ofangreint sjónpróf er heimilt að nota gleraugu eða augnlinsur. Sjón skal einnig prófuð án leiðréttingar með glerjum eða linsum og skal sjónskerpan vera minnst: 6/30 (0,2) án leiðréttingar.

7. gr.

Ef umsækjandi (skírteinishafi) uppfyllir skilyrði 4. greinar um sjónskerpu einungis með gleraugum eða linsum skal honum skylt að nota gleraugu eða linsur og hafa að auki varagleraugu eða varalinsur um borð í skipinu þegar hann er við störf.

8. gr.

Læknir sá, sem prófar, skal spyrja þann, sem prófaður er, um hæfileika hans til að greina hluti í dimmu. Komi eitthvað í ljós við læknisskoðunina er bendir til óeðlilegrar náttblindu, skal umsækjandi (skírteinishafi) gangast undir náttblindupróf (adaptationspróf), og þess getið á sjónvottorðinu. Mikil náttblinda veldur réttindamissi um stundarsakir eða að fullu ef ólæknandi reynist.

9. gr.

Við ákvörðun heyrnar skal notaður heyrnarmælir af gerð sem Heyrnar- og talmeinastöð Íslands telur fullnægjandi. Umsækjanda (skírteinishafa) ber skylda til að veita lækni þeim, sem framkvæmir rannsóknina, réttar upplýsingar um einkenni heyrnardeyfu eða svima hafi þeirra orðið vart. Heyrnarpróf skal framkvæma í kyrrlátu herbergi. Æskilegt er að umsækjandi hafi ekki verið í hávaða í a.m.k. 40 klukkustundir áður en heyrnarpróf fór fram.

10. gr.

Kröfur um lágmarksheyrn skipstjórnarmanna, vélstjóra og vélavarða skulu vera sem hér segir:

| Við inngöngu í skóla (a) og útgáfu atvinnuréttinda í fyrsta sinn | | | | Kröfur við endurnýjun réttinda | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 0,5 – 1 – 2 kílórið | | 3 – 4 kílórið | | 0,5 – 1 – 2 kílórið án heyrnartækis eða með heyrnartæki | | 3 – 4 kílórið án heyrnartækis eða með heyrnartæki | |
| Betra eyra | Lakara eyra | Betra eyra | Lakara eyra | Betra eyra | Lakara eyra | Betra eyra | Lakara eyra |
| 25 dB | 35 dB | 35 dB | 45 dB | 35 dB | 45 dB | 45 dB | 55 dB |

(a) Sbr. 2. gr. lið 4.

11. gr.

Við endurnýjun skírteinis er heimilt að nota heyrnartæki í heyrnarprófinu, en ekki við umsókn í fyrsta sinn eða inngöngu í skóla. Leiki vafi á hvort heyrn umsækjanda sé fullnægjandi samkvæmt ofangreindu má vísa viðkomandi til Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands til frekari heyrnarrannsóknar. Skírteinishafar sem ekki uppfylla skilyrðin nema með heyrnartæki skulu gangast undir heyrnarrannsókn á tveggja ára fresti.

12. gr.

Eftir 20 ára starf má lágmarksheyrn (heyrnarþröskuldur) vélstjóra eða vélavarðar við tíðni yfir 2,0 kílórið (þ.e. við 3,0 eða 4,0 kílórið) vera lakari en samkvæmt 10. grein, svo fremi að heyrnarþröskuldur við tíðni 0,4 1,0 og 2,0 kílórið sé eðlilegur (ekki lakari en 25 dB), enda álíti læknirinn að heyrnarskemmdin sé af völdum hávaða. Í þessum undantekningartilvikum skal heyrnarrannsóknin framkvæmd af sérfræðingi í eyrnarsjúkdómum og gerir hann eftir atvikum tillögu um hvort skírteinishafi skuli metinn hæfur eða ekki.

13. gr.

Skipstjórnarmaður, vélstjóri eða vélavörður skal ekki vera haldinn neinum þeim sjúkdómi, t.d. taugasjúkdómi, geðsjúkdómi eða hjartasjúkdómi, sem ógnað geti öryggi skips og áhafnar eða skert verulega hæfni skipstjórnar- eða vélstjórnarmanna í starfi. Það er mat læknisins í hverju tilviki hvort sjúkdómur sé þess eðlis eða á því stigi, að skipstjórnarmaðurinn, vélstjórinn eða vélavörðurinn uppfylli þetta skilyrði.

14. gr.

Nú vill einhver ekki hlíta úrskurði læknis um hæfni til starfa samkvæmt reglum þessum og getur hann þá lagt málið undir úrskurð samgönguráðuneytis.

15. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 12. gr. laga um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum nr. 112/1984, 10. gr. laga um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum nr. 113/1984 og 8. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 165/1963, sbr. 350/1982.

*Samgönguráðuneytið, 23. júlí 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 380 8. ágúst 1991

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Húsavíkur.**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfestri 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

## II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

| | kr. |
|---|---|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | 246,00 |
| b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils | 558,00 |
| c. Vatnsgjald pr. $m^3$ | 35,15 |

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranalögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

| | |
|---|---|
| A | 1.00/1.0 |
| B | 0.95/1.3 |
| C | 0.90/1.7 |
| D | 0.85/2.8 |

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands í Húsavík.

Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimaæð.

a) Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.

| | kr. |
|---|---|
| Hús allt að 300 $m^3$ að utanmáli | 54 700,00 |
| Hús 300–2000 $m^3$ að utanmáli fyrir 300 $m^3$ | 54 700,00 |
| og | 59,38 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |
| Hús stærri en 2 000 $m^3$ að utanmáli | 155 000,00 |
| fyrir 2 000 $m^3$ og | 44,31 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |

b) Fyrir önnur hús.

| | |
|---|---|
| Hús allt að 300 m³ að utanmáli | 77 500,00 |
| Hús 300–2 000 m³ að utanmáli | 77 500,00 |
| fyrir 300 m³ og | 68,97 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |
| Hús stærri en 2 000 m³ að utanmáli | 193 000,00 |
| fyrir 2 000 m³ og | 59,39 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |
| Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er | 15 300,00 |

c) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 m³ húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Virðisaukaskattur, 24,5%, innheimtist samkvæmt lögum þar að lútandi.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, .... kr. 1 760,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. ágúst 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 359, 26. júlí 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 77, 19. febrúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 8. ágúst 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# REGLUR

**um fjárstjórn Strandarkirkju.**

1. gr.

Sóknarnefnd hefir umsjón með Strandarkirkju og heimtir kirkjugjöld, eins og verið hefir.

Gerir hún biskupi Íslands árleg skil fyrir þeim ásamt áheitum, er henni kunna að berast.

Biskup semur árlegan aðalreikning kirkjunnar.

2. gr.

Sjóðfé kirkjunnar skal ávaxtað í Hinum almenna kirkjusjóði.

Þess skal gætt, að hæfilegu fé sé haldið af sjóðnum til nauðsynlegs viðhalds og varðveislu kirkjunnar og lands hennar.

3. gr.

Biskup og sóknarnefnd fara með umsjón jarðeigna, jarðarhlunninda og annarra eigna kirkjunnar undir yfirumsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 4. gr. laga um Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi nr. 50 1928 og tekur þegar gildi.

Jafnframt falla úr gildi bráðabirgðareglur um fjárstjórn Strandarkirkju nr. 20 frá 10. apríl 1931.

*Dómsmálaráðuneytið, 26. apríl 1991.*

**Óli Þ. Guðbjartsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# AUGLÝSING

**um bann við notkun kjarna (ammoníumnítrats) við sprengjuvinnu nærri íbúðabyggð eða stöðum þar sem fólk dvelst eða ferðast um.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 51. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum hefur Vinnueftirlit ríkisins ákveðið að banna notkun kjarna (ammoníumnítrats) sem sprengiefnis þegar sprengivinna fer fram nær íbúðabyggð, vinnustöðum eða öðrum mannvirkjum og svæðum þar sem fólk dvelst en 300 m. Sama gildir um vegi, nema umferð sé stöðvuð fyrir sprengingu.

Þegar fjarlægð er metin skal miða við lóðamörk íbúðarhúsa, atvinnufyrirtækja eða almenningssvæða annars vegar og jaðar þess svæðis sem tekið er fyrir við sprengivinnuna hins vegar.

Bannið tekur gildi við birtingu auglýsingar þessarar.

Reykjavík, 13. ágúst 1991.
Vinnueftirlit ríkisins,
**Eyjólfur Sæmundsson.**

Auglýsing þessi staðfestist hér með.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. ágúst 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

Nr. 383 13. ágúst 1991

# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn Akureyrar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 266/1990.**

1. gr.

1. mgr. 42. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn skal á fyrsta fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum kjósa fimm bæjarfulltrúa í bæjarráð til eins árs og jafnmarga varamenn. Aðalmenn í bæjarstjórn eru einir kjörgengir sem aðalmenn í bæjarráð. Heimilt er að kjósa varamann í bæjarstjórn sem varamann í bæjarráð.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Akureyrar hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 13. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þórhildur Líndal.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 42 – 1991



# REGLUR

**um fastan gerðardóm, er starfar eftir 72. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.**

1. gr.

Starfa skal fastur gerðardómur, sem dæmi um ágreining út af reikningsgerð útgerðarmanns eða skipstjóra eða um ágreining, sem rís af starfi skipverja, ef báðir (eða allir) málsaðilar óska þess.

2. gr.

Gerðardómurinn hefur aðsetur í Reykjavík. Gerðardómurinn hefur heimild til að halda dómþing hvar sem er á landinu ef ástæða þykir til.

3. gr.

Samgönguráðherra skipar þrjá hæfa og óvilhalla menn í gerðardóminn og skal hver þeirra skipaður til tveggja ára í senn. Þeir skulu vera löglærðir og fullnægja almennum skilyrðum til að vera skipaðir héraðsdómarar. Skal einn þeirra vera formaður dómsins en annar varaformaður. Auk þess skulu skipaðir tveir varamenn í dóminn til tveggja ára í senn. Skulu þeir fullnægja sömu hæfisskilyrðum og aðalmenn.

Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð.

Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls.

Gerðardómur sker úr um ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna.

4. gr.

Að jafnaði skulu þrír gerðarmenn sitja í dómi í hverju máli, en í smærri málum getur dómsforseti þó ákveðið, að einn gerðarmaður sitji í dómi.

Gerðarmenn skulu allir taka þátt í störfum dómsins þegar hann er fjölskipaður. Formaður gerðardómsins getur þó einn tekið við skjölum og sinnt öðrum minni háttar framkvæmdaratriðum.

5. gr.

Kostnaður við störf gerðardómsins greiðist úr ríkissjóði samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra. Gerðardómurinn kveður á um málskostnað milli aðila ef báðir (allir) aðilar gera um það kröfu.

6. gr.

Eftir að málsaðilar hafa komið sér saman um að leita til gerðardómsins út af ágreiningsefni, skulu þeir senda formanni dómsins sameiginlega skriflega beiðni um það. Í beiðninni skal tilgreina aðila máls, heimilisföng þeirra og kennitölur, umboðsmenn aðila ef einhverjir

eru og hverjir taki við tilkynningum fyrir aðila. Þá skal ágreiningsefni stuttlega lýst og með hvaða hætti það eigi undir gerðardóminn.

Svo skjótt sem auðið er, sendir dómsforseti aðilum eða talsmönnum þeirra tilkynningu um fyrirtöku málsins.

7. gr.

Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðisreglu.

Gerðardómurinn ákveður sjálfur málsmeðferð. Hraða skal gerðarmáli svo sem kostur er. Málflutningur fyrir gerðardómnum skal að jafnaði vera munnlegur og ætíð ef aðili krefst þess.

Dómurinn heldur gerðarbók þar sem skráð eru þinghöld og dómsorð rituð.

8. gr.

Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að dómi standa. Sátt fyrir gerðardómi skal vera skrifleg og undirrituð af aðilum og gerðarmönnum.

9. gr.

Dómar gerðardómsins og sáttir sem gerðar eru fyrir honum eru bindandi fyrir báða (eða alla) málsaðila um efnisatriði máls eftir sömu reglum og almennt gilda um samningsbundna gerðardóma, sbr. lög nr. 53/1989.

10. gr.

Að því leyti, sem ekki er öðruvísi kveðið á í reglum þessum, skal við málsmeðferð fyrir gerðardómnum gætt meginreglna laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði með síðari breytingum.

11. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 72. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 staðfestast hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 9. ágúst 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

Nr. 385 14. ágúst 1991

# SKIPULAGSSKRÁ

**Landgræðslusjóðs, samþykkt á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands á Ísafirði 25.–27. ágúst 1989.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Landgræðslusjóður. Hann er stofnaður fyrir atbeina landsnefndar lýðveldiskosninganna og forgöngu Skógræktarfélags Íslands, samtímis atkvæðagreiðslunni 20.–23. maí 1944, til minningar um stofnun lýðveldis á Íslandi.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins var:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Frjáls framlög er söfnuðust | kr. 130 000,00 |
| b. | Eftirstöðvar þess fjár, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna barst frá nokkrum stofnunum, til þess að standa straum af kostnaði í sambandi við lýðveldiskosningarnar | kr. 250 000,00 |
| | | kr. 380 000,00 |

3. gr.

Verksvið sjóðsins er hvers konar landgræðsla og gróðurvernd, en aðalhlutverk hans skal þó vera að klæða landið skógi.

4. gr.

Stjórn Landgræðslusjóðs skipa stjórn Skógræktarfélags Íslands, skógræktarstjóri og landgræðslustjóri sem tilnefna varamenn í forföllum sínum. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórnin leggur starfsskýrslu og ársreikninga sjóðsins fyrir aðalfund Skógræktarfélagi Íslands. Reikningarnir skulu endurskoðaðir af eftirlitsmönnum opinberra sjóða og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

5. gr.

Sjóðnum skal aflað tekna með frjálsum samskotum, minningargjöfum, merkjasölu, happdrætti, áheitum eða á annan hátt. Merki sjóðsins er bjarkarlaufin þrjú, sem landsnefnd lýðveldiskosninganna notaði kjördagana og afhenti síðan Skógræktarfélagi Íslands að gjöf.

6. gr.

Stjórn sjóðsins er heimilt að stofna deildir innan sjóðsins af gjöfum, sem kunna að vera bundnar því skilyrði gefanda, að þeim sé varið til landgræðslu á ákveðnum svæðum, enda samþykki stjórn sjóðsins skipulagsskrá þeirra.

7. gr.

Fé Landgræðslusjóðs skal ávaxta í útlánum til þeirra framkvæmda, sem um getur í 3. gr., gegn öruggum tryggingum og hóflegum ársvöxtum. Það fé, sem ekki er bundið í útlánum, skal stjórnin ávaxta á annan tryggan hátt.

Þegar höfuðstóll sjóðsins er orðinn ein milljón króna er stjórn hans heimilt að verja allt að ¾ vaxta til þess að veita styrki eða verðlaun fyrir störf, sem eru í samræmi við tilgang sjóðsins.

Fé sem rennur í sjóðinn skv. fjárveitingum á fjárlögum skal ráðstafa,

1) að hálfu með framlagi til skógræktarfélaga, sem sent hafa fyrir 1. desember ár hvert greinargerð um framkvæmdir og kostnað við viðfangsefni, er samrýmast 3. gr. þó aldrei hærra en 80% af heildarframlagi.
2) að hálfu til skógræktarfélaga til verkefna, sem stjórn sjóðsins hefur samþykkt. Skilyrði fyrir framlagi er að viðkomandi hafi lagt fram greinargerð um framkvæmdir og kostnað.

8. gr.

Verði fénu ekki öllu varið skv. framanskráðu skal afgangur þess leggjast við höfuðstól.

9. gr.

Stjórn Landgræðslusjóðs skal semja reglur um umsóknir og styrkveitingar af framlagi ríkissjóðs, skv. 2. lið 7. gr.

10. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta, að $\frac{6}{9}$ stjórnar sjóðsins sé því samþykk og breytingarnar hljóti auk þess samþykki næsta aðalfundar Skógræktarfélags Íslands með $\frac{3}{4}$ greiddra atkvæða.

11. gr.

Með skipulagsskrá þessari fellur úr gildi skipulagsskrá fyrir Landgræðslusjóð nr. 94 frá 18. júní 1946 og viðaukaskipulagsskrár nr. 110 frá 12. september 1955, nr. 64 frá 21. apríl 1964 og nr. 359 frá 28. september 1977.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 386 14. ágúst 1991

# AUGLÝSING

**um breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, er taki gildi 1. september 1991:

Gjaldskrá Rafmagnsveitu Hveragerðis, nr. 135, 18. mars 1991:
Orkugjald, samkv. töxtum C1, C2, C3, D1 og D2 hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . 5%
Aðrir liðir gjaldskrárinnar verði óbreyttir.

*Iðnaðarráðuneytið, 14. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 387 16. ágúst 1991

# REGLUGERÐ

**um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði.**

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Hafnarfirði, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs, eftir því sem nánar segir í reglugerð þessari.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra, eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu skv. útreikningi Hagstofu Íslands, að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu | 14% |
| Parhús, raðhús og tvíbýlishús | 9% |
| Þríbýlishús og þétt byggð | 9% |
| Fjölbýlishús | 4% |
| Atvinnuhús | 5% |
| Annað húsnæði | 5% |

Rúmmál húss skal reikna skv. ÍST 50.

Bílageymslur og önnur útihús skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa. Af sameiginlegum bílageymslum, sem byggðar eru skv. skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða, skal greiða 25% af rúmmetragjaldi þeirra húsa, er þær skulu þjóna.

Af iðnaðarhúsnæði, sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 5,5 m lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 5,5 m við útreikning rúmmetragjalds.

3. gr.

Gjaldið skal áætla þegar lóðarúthlutun fer fram. Gjald þetta skal vera lágmarksgjald og miðast við nýtingarmöguleika skv. því skipulagi, sem gildir við lóðarúthlutun og endurgreiðist ekki, þótt minna sé byggt á lóð. Innan mánaðar frá úthlutun skal greiða ákveðinn hluta gatnagerðargjalds, skv. ákvörðun bæjarstjórnar, ella fellur úthlutun sjálfkrafa úr gildi.

Bæjarstjórn ákveður gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum. Gatnagerðargjald af rúmmáli, sem er umfram það sem lágmarksgatnagerðargjald er miðað við skv. framansögðu, fellur í gjalddaga þegar byggingarnefndarteikning er samþykkt og skal greiða það eigi síðar en innan mánaðar. Verði breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem líður frá lóðarúthlutun og til þess dags, sem teikning er samþykkt, skal umframgatnagerðargjald greiðast skv. því rúmmetragjaldi, sem gildir þá.

Þegar byggt er á eignarlóð skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingarleyfis.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús eða flytur af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal gjald skv. 2. gr. vera rúmmetragjald nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlægt er. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð.

Ekki verður rúmmetragjald endurgreitt ef hús er minna en eldra húsið.

5. gr.

Hafi byggingarleyfi fallið úr gildi eða verið fellt úr gildi skal við endurnýjun leyfisins greiða skv. gildandi gjaldskrá af þeim hluta byggingarinnar, sem byggingarleyfi er endurnýjað fyrir, að frádregnu því gatnagerðargjaldi, sem áður hefur verið greitt af sama áfanga.

6. gr.

Ef lóðarhafi ætlar að byggja á lóð í áföngum getur bæjarstjórn heimilað áfangaskiptingu, en þá skal endanlegt gatnagerðargjald vera rúmmetragjald, sem í gildi er, þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið. Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar, að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

Verði heimiluð áfangaskipti, falla áætluð gjöld í gjalddaga á þeim tíma, sem bæjarráð ákveður.

7. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, miðað við byggingarvísitölu. Heimilt er að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó almennt ekki lengur en 6 mánuði frá því að lóðinni var skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á byggingar-, úthlutunar- og skipulagsskilmálum. Byggingarleyfisgjald er þó aldrei endurgreitt.

8. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

9. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrána um allt að 25%.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tilteknar lóðir, m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta, eða að bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Hafnarfjarðar staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut kunna að eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 446/1975 um gatnagerðargjöld í Hafnarfirði með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. ágúst 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þórhildur Líndal.*

Nr. 388

# REIKNINGUR

**Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1989.**

**Rekstrarreikningur.**

| | |
|---|---|
| Rekstrartekjur: | Kr. |
| Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu | 1 761 294,00 |
| Innheimtuþóknun önnur | 1 359 741,00 |
| Endurkrafinn innheimtukostnaður | 5 633 487,00 |
| Vextir | 136 528 426,00 |
| | 145 282 948,00 |
| Rekstrargjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | 16 968 660,00 |
| Annar rekstrarkostnaður | 9 787 857,00 |
| | 26 756 517,00 |
| Tekjur umfram gjöld | 118 526 431,00 |

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1989.**

| | |
|---|---|
| Eignir: | |
| Sjóður | 6 030 033,00 |
| Inneign á hlr. 333 í Útvegsbanka Íslands hf. | 8 472 120,00 |
| Skuldabréfaeign | 2 521 599,00 |
| Ógreidd innheimtuþóknun | 918 235,00 |
| Óinnheimtar kröfur | 2 062 685 523,00 |
| Sveitarfélög | 4 431 367,00 |
| Fyrirfram greiddur kostnaður | 193 244,00 |
| | 2 085 252 121,00 |
| Skuldir: | |
| Tryggingastofnun ríkisins | 41 418 412,00 |
| Sveitarfélög | 4 431 367,00 |
| Erlendar innheimtur | 586 504,00 |
| Félagsmálaráðuneytið | 586 362,00 |
| | 47 022 645,00 |
| Framlag Jöfnunarsjóðs | 1 102 076 601,00 |
| Dráttarvextir óinnheimtir | 656 207 367,00 |
| Óráðstafað eigið fé | 279 945 508,00 |
| | 2 085 252 121,00 |

Reykjavík, 30. janúar 1990.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga

**Sigurgeir Sigurðsson, Hallgrímur Dalberg, Sigurjón Pétursson, / Árni Guðjónsson.**

Nr. 389

# REIKNINGUR

**Innheimtustofnunar sveitarfélaga fyrir árið 1990.**

**Rekstrarreikningur.**

| | |
|---|---|
| Rekstrartekjur: | Kr. |
| Innheimtuþóknun v/erlendrar innheimtu | 1 726 256,00 |
| Innheimtuþóknun önnur | 1 674 469,00 |
| Endurkrafinn innheimtukostnaður | 6 552 637,00 |
| Vextir | 159 652 949,00 |
| | 169 606 311,00 |
| Rekstrargjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | 19 919 452,00 |
| Annar rekstrarkostnaður | 13 591 714,00 |
| | 35 511 166,00 |
| Tekjur umfram gjöld | 136 095 145,00 |

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 1990.**

| | |
|---|---|
| Eignir: | |
| Sjóður | 3 570 528,00 |
| Inneign á hlr. 333 í Íslandsbanka hf. | 5 853 124,00 |
| Skuldabréfaeign | 2 180 675,00 |
| Ógreidd innheimtuþóknun | 1 114 230,00 |
| Óinnheimtar kröfur | 2 553 311 069,00 |
| Sveitarfélög | 2 812 121,00 |
| Tryggingastofnun ríkisins | 2 727 656,00 |
| Fyrirfram greiddur kostnaður | 353 659,00 |
| | 2 571 922 062,00 |
| Skuldir: | |
| Ógreiddur launaafdráttur | 426 482,00 |
| Sveitarfélög | 2 812 121,00 |
| Erlendar innheimtur | 449 987,00 |
| Félagsmálaráðuneytið | 2 017 515,00 |
| | 5 706 105,00 |
| Framlag Jöfnunarsjóðs | 1 319 662 308,00 |
| Dráttarvextir óinnheimtir | 830 512 996,00 |
| Óráðstafað eigið fé | 416 040 653,00 |
| | 2 571 923 062,00 |

Reykjavík, 25. janúar 1991.

Í stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga

**Sigurgeir Sigurðsson, Hallgrímur Dalberg, Sigurjón Pétursson, / Árni Guðjónsson.**

Nr. 390 14. ágúst 1991

# REGLUGERÐ

**um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.**

## I. KAFLI
**Almenn ákvæði.**

1. gr.

Hlutverk Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga er að greiða sveitarfélögunum framlög samkvæmt III. kafla reglugerðar þessarar, sbr. III. kafla laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, auk greiðslu bundinna framlaga skv. 8. gr. reglugerðar þessarar.

2. gr.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga skal vera í vörslu félagsmálaráðuneytisins sem aflar upplýsinga á vegum hans, greiðir framlög úr sjóðnum og sér um bókhald hans. Handbært fé sjóðsins skal geymt í banka með ríkisábyrgð.

Ársreikningar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga skulu endurskoðaðir af Ríkisendurskoðun og birtir í B-deild Stjórnartíðinda.

3. gr.

Félagsmálaráðherra hefur á hendi yfirstjórn Jöfnunarsjóðs og tekur ákvarðanir um úthlutun framlaga úr sjóðnum, annarra en bundinna framlaga skv. 8. gr., að fengnum tillögum ráðgjafarnefndar skv. 4. gr.

Samband íslenskra sveitarfélaga, fræðsluskrifstofur og landshlutasamtök sveitarfélaga skulu annast upplýsingaöflun og útreikninga, sem úthlutun framlaga byggist á, eftir því sem við á.

Við úthlutun framlaga skv. b- og c-lið 10. gr. reglugerðar þessarar skal hafa samráð við menntamálaráðuneytið.

Heimilt er að greiða úr sjóðnum kostnað þann sem til kann að falla við upplýsingaöflun og útreikninga skv. 2. mgr.

4. gr.

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skipar félagsmálaráðherra fimm manna ráðgjafarnefnd til fjögurra ára. Fjórir nefndarmenn skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Sambands íslenskra sveitarfélaga en einn nefndarmaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu tilnefndir með sama hætti. Nefndin skal gera tillögur til ráðherra um framlög úr sjóðnum önnur en bundin framlög skv. 8. gr.

Kostnaður við störf nefndarinnar greiðist úr sjóðnum.

## II. KAFLI
## Tekjur Jöfnunarsjóðs.

5. gr.

Tekjur Jöfnunarsjóðs eru þessar:

a. Framlag úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum hvers árs. Skal framlagið nema 1,4% af beinum og óbeinum sköttum sem innheimtir eru í ríkissjóð. Skal framlagið greitt Jöfnunarsjóði mánaðarlega eftir á.
b. Landsútsvör skv. 6. gr.
c. Vaxtatekjur.

6. gr.

Landsútsvör greiða eftirtaldir aðilar:

a. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins, 5% af hagnaði.
b. Áburðarverksmiðja ríkisins, Sementsverksmiðja ríkisins og Sala varnarliðseigna, 1,3% af heildarsölu. Ennfremur olíufélög sem flytja inn olíu og olíuvörur og annast sölu og dreifingu þessara vara innanlands, 1,3% af heildarsölu olíu og olíuvara annarra en gasolíu og svartolíu.
c. Járnblendiverksmiðjan í Hvalfirði, 0,5% af rekstrarútgjöldum.
d. Bankar og sparisjóðir, 1% af mismun heildarútlánsvaxta og heildarinnlánsvaxta.

Fjórðungur landsútsvara, sem til falla í hverju sveitarfélagi, skal koma í hlut þess sveitarfélags með þeirri undantekningu að landsútsvar skv. d-lið þessarar greinar rennur óskipt í Jöfnunarsjóð.

Skattstjórinn í Reykjavík annast álagningu landsútsvara. Gjalddagi landsútsvara er 15. júlí á álagningarári og eindagi 15 dögum síðar. Félagsmálaráðuneytið innheimtir landsútsvör samkvæmt gjaldskrá sem skattstjórinn í Reykjavík lætur ráðuneytinu í té. Sé landsútsvar ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir samkvæmt ákvæðum vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989.

III. KAFLI

**Framlög úr Jöfnunarsjóði.**

7. gr.

Framlög úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga eru bundin framlög, sérstök framlög og jöfnunarframlög í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar.

8. gr.

*Bundin framlög.*

Bundin framlög eru svo sem hér greinir:

a. Framlag til Sambands íslenskra sveitarfélaga, 1,75% af vergum tekjum sjóðsins.
b. Framlög til landshlutasamtaka sveitarfélaga, 2% af vergum tekjum sjóðsins, og skulu þau framlög skiptast jafnt milli allra landshlutasamtakanna.
c. Framlag til Lánasjóðs sveitarfélaga, 6,1% af vergum tekjum sjóðsins.
d. Framlag til Innheimtustofnunar sveitarfélaga skv. 4. gr. laga nr. 54/1971, sbr. 5. gr. laga nr. 43/1984.

Greiðslur framlaga samkvæmt þessari grein skulu inntar af hendi mánaðarlega í samræmi við greiðsluáætlun sem gera skal í byrjun hvers árs. Áætlunin skal endurskoðuð þegar lokið er álagningu landsútsvara skv. 3. mgr. 6. gr.

9. gr.

*Sérstök framlög.*

Sérstökum framlögum skal úthlutað úr sjóðnum sem hér greinir:

a. Til að greiða fyrir sameiningu sveitarfélaga, sbr. 114. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
b. Til að greiða úr sérstökum fjárhagserfiðleikum sveitarfélaga, sbr. 90. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 8/1986.
c. Til kostnaðarsamra stofnframkvæmda hjá fámennum sveitarfélögum, allt að 8% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 10. gr.
d. Til að aðstoða dreifbýlissveitarfélög til að standa undir auknum rekstrarkostnaði við grunnskóla vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 15,5% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 11. gr.
e. Til að bæta upp annan aukinn kostnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, allt að 7,3% af vergum tekjum sjóðsins, sbr. 12. gr.

Heimilt er að færa fjármagn milli c-, d- og e-liða.

10. gr.

*Stofnframlög.*

Framlögum skv. c-lið 9. gr. skal varið til að greiða hluta af stofnkostnaði sveitarfélaga við eftirtaldar framkvæmdir:

a. allt að 50% af stofnkostnaði við meiriháttar vatnsveituframkvæmdir, þ.e. vatnstökuvirki, aðveituæðar og miðlunargeyma,
b. allt að 50% af stofnkostnaði skólamannvirkja og kostnaði við byggingu eða kaup á húsnæði fyrir dagvistun barna,
c. allt að 20% af byggingarkostnaði félagsheimila og íþróttamannvirkja annarra en skólamannvirkja.

Skilyrði þess að sveitarfélag fái framlag skv. 1. mgr. er að það hafi sótt um framlag til félagsmálaráðuneytisins til framkvæmdarinnar og ráðgjafarnefnd hafi samþykkt kostnaðaráætlun fyrir framkvæmdina og styrkhæfni hennar. Nauðsynlegar upplýsingar og gögn skulu fylgja umsókn. Umsóknir þurfa að berast ráðuneytinu fyrir 1. nóvember ár hvert vegna framkvæmda á næsta ári.

Við úthlutun framlaga samkvæmt þessari grein skal hafa hliðsjón af þörf sveitarfélags fyrir framkvæmdina, tekjumöguleikum, stærð þess og fjárhag, og að framlag nýtist til að stytta framkvæmdatíma.

Hundraðshluti framlaga skv. a-, b- og c-liðum 1. mgr. skal reiknaður af stofnkostnaði framkvæmdar framreiknuðum skv. byggingarvísitölu.

11. gr.

*Framlög til rekstrar grunnskóla.*

Framlögum skv. d-lið 9. gr. skal varið til að standa undir auknum rekstrarkostnaði grunnskóla sveitarfélaga með innan við 2000 íbúa vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga, þ.e. kostnaði við akstur, heimavistir, mötuneyti og gæslu barna úr dreifbýli. Framlög skulu miðuð við fjölda starfsvikna í skóla og akstursvegalengd milli skóla og heimilis nemanda samkvæmt eftirfarandi reglu:

| | |
|---|---|
| 3–5 km | 1 670 kr. á viku á nemanda. |
| 5–15 km | 2 742 kr. á viku á nemanda. |
| 15–30 km | 4 176 kr. á viku á nemanda. |
| Meira en 30 km | 5 742 kr. á viku á nemanda. |

Framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag í júlí 1991 og breytast í samræmi við breytingar á aksturstöxtum sérleyfishafa.

Þegar nemendur ferðast með öðrum farartækjum en bifreiðum til og frá skóla má miða framlag samkvæmt þessari grein við áætlun fræðslustjóra um ferðakostnað.

Fræðslustjórar senda félagsmálaráðuneytinu við upphaf skólaárs upplýsingar og útreikninga um framlög samkvæmt þessari grein og áætlun um framlög næsta skólaár.

Framlög samkvæmt þessari grein skulu greidd sveitarfélögum eða byggðasamlögum um skóla og skulu greiðslur berast mánaðarlega á starfstíma skóla.

Heimilt er að leiðrétta útreiknað framlag til sveitarfélags samkvæmt þessari grein til samræmis við áðurgildandi reglur um kostnaðarþátttöku ríkis í rekstri viðkomandi skóla.

Heimilt er að greiða grunnskólaframlag til sveitarfélags er sendir frá sér nemendur í héraðsskóla vegna þess að ekki er grundvöllur fyrir að fullnægja skólaskyldu í sveitarfélaginu. Framlagið miðist við fjölda nemenda og viðmiðunartaxta menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

12. gr.

*Framlög til rekstrar tónlistarskóla o.fl.*

Sérstök framlög skv. e-lið 9. gr. skulu greidd dreifbýlissveitarfélögum sem standa að rekstri tónlistarskóla.

Sveitarfélög eða byggðasamlög um rekstur tónlistarskóla, sem óska framlaga skv. 1. mgr., skulu senda umsókn til félagsmálaráðuneytisins í maí og nóvember, þ.e. undir lok vorannar og haustannar. Umsókninni skal fylgja nemendaskrá sundurliðuð eftir sveitarfélögum.

Mánaðarleg framlög á nemanda í fullu námi skulu vera sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Á nemanda úr sveitarfélagi með innan við 500 íbúa ....... | 2 000 kr. |
| Á nemanda úr sveitarfélagi með 500–700 íbúa .......... | 1 000 kr. |

Framangreindar fjárhæðir eru miðaðar við verðlag í júlí 1991 og breytast í samræmi við breytingar á launavísitölu.

Framlögin skulu greidd sveitarfélögum eða byggðasamlögum um rekstur tónlistarskóla í júní og desember ár hvert.

Komi í ljós að fjárhagur dreifbýlissveitarfélags hefur versnað vegna breyttrar verkaskiptingar ríkis og sveitarfélaga skal veita sveitarfélaginu framlag skv. e-lið 9. gr. að teknu tilliti til aukinna tekna sveitarfélagsins samkvæmt þessari reglugerð.

13. gr.

*Tekjujöfnunarframlög.*

Félagsmálaráðuneytið gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skrá um skatttekjur sveitarfélaga á yfirstandandi reikningsári ásamt upplýsingum um nýtingu tekjustofna, þ.e. útsvara, fasteignaskatts, aðstöðugjalda og annarra sambærilegra tekna (aðstöðugjaldaígildi) og landsútsvara. Með útsvari er átt við álögð útsvör á yfirstandandi ári á tekjur fyrra árs. Á grundvelli skatttekjuskrár skal reikna út eftirtalin meðaltöl:

a. landsmeðaltal skatttekna á íbúa,
b. meðaltal skatttekna á íbúa í öllum sveitarfélögum með færri en 300 íbúa,
c. meðaltal skatttekna á íbúa í hverju sveitarfélagi.

Sé meðaltal skatttekna á íbúa í sveitarfélagi með fleiri en 300 íbúa og íbúa í þéttbýlissveitarfélagi með færri en 300 íbúa lægra en landsmeðaltal skatttekna á íbúa, sbr. a-lið 1. mgr., skal greiða sveitarfélaginu allt að mismuninum sem tekjujöfnunarframlag.

Sé meðaltal skatttekna á íbúa í sveitarfélagi með færri en 300 íbúa lægra en meðaltal skatttekna á íbúa í slíkum sveitarfélögum, sbr. b-lið 1. mgr., skal greiða sveitarfélaginu allt að mismuninum sem tekjujöfnunarframlag.

Upphæð tekjujöfnunarframlaga ræðst af því fé er Jöfnunarsjóðurinn hefur til greiðslu jöfnunarframlaga. Miða skal við að fé til greiðslu tekjujöfnunarframlaga verði eigi hærra en því sem nemur 65% af jöfnunarframlögum.

Skilyrði fyrir greiðslu tekjujöfnunarframlaga til sveitarfélaga er að þau hafi nýtt tekjustofna sína eðlilega. Í nóvember ár hvert gefur félagsmálaráðuneytið út reglur um eðlilega nýtingu tekjustofna sveitarfélaga á næsta ári samkvæmt reglugerð þessari. Reglurnar skulu gefnar út að fengnum tillögum Sambands ísl. sveitarfélaga.

Hafi sveitarfélag, sem um ræðir í 2. og 3. mgr., ekki nýtt tekjustofna sína eðlilega skal draga frá reiknuðu tekjujöfnunarframlagi fjárhæð sem nemur tvöföldum mismun álagðra skatttekna og þeirra skatttekna sem álagðar hefðu verið miðað við eðlilega nýtingu tekjustofna skv. 4. mgr. Skilyrði fyrir því að sveitarfélag fái tekjujöfnunarframlag er að það hafi fullnýtt heimild til útsvarsálagningar.

Tekjujöfnunarframlög skulu greidd sveitarfélögum án umsókna fyrir 1. nóvember ár hvert. Heimilt er ráðgjafarnefnd að endurreikna og leiðrétta tekjujöfnunarframlag síðasta árs komi í ljós verulegt frávik á rauntekjum sveitarfélags frá tekjum samkvæmt skatttekjuskrá.

14. gr.

*Þjónustuframlög.*

Þjónustuframlög skal greiða sveitarfélögum með færri en 3000 íbúa sem skortir tekjur til að halda uppi þeirri þjónustu sem eðlilegt má telja að sveitarfélög af þeirri stærð veiti.

Félagsmálaráðuneytið gerir árlega í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga skýrslu um þjónustu einstakra sveitarfélaga með færri en 3000 íbúa. Skulu sveitarfélögin flokkuð eftir þjónustustigi og afkomu svo sem hér greinir:

a. Sveitarfélög með allt að 1000 íbúa:
   - Þjónustustig A: framlag allt að 6 753 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig B: framlag allt að 4 052 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig C: framlag allt að 2 026 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig D: ekkert framlag.
b. Sveitarfélög með 1001–2000 íbúa:
   - Þjónustustig A: allt að 4 502 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig B: allt að 2 701 kr. á íbúa.
   - Þjónustustig C: allt að 1 351 kr. á íbúa.

c. Sveitarfélög með 2001–3000 íbúa:
- Þjónustustig A: allt að 2 251 kr. á íbúa.
- Þjónustustig B: allt að 1 351 kr. á íbúa.
- Þjónustustig C: allt að 675 kr. á íbúa.

Við flokkun sveitarfélaga í þjónustustig skal hafa hliðsjón af félagslegri þjónustu, svo sem við börn, aldraða og fatlaða, heimaþjónustu og fjárhagsaðstoð, svo og af annarri þjónustu sem sveitarfélag veitir íbúum sínum, t.d. varðandi sorphirðu, snjómokstur, gatnagerð, vatnsveitu, íþróttir og tómstundastörf.

Fjárhæðir skv. 2. mgr. miðast við verðlag í júlí 1991 og breytast í samræmi við breytingar á vísitölu framfærslukostnaðar.

Heimilt er að hækka eða lækka fjárhæðir skv. 2. mgr. með hliðsjón af ráðstöfunarfé sjóðsins.

Umsóknir um framlög samkvæmt þessari grein skal senda félagsmálaráðuneytinu fyrir 31. júlí ár hvert ásamt upplýsingum um þjónustu í sveitarfélaginu og eintaki af ársreikningi sveitarfélagsins fyrir næstliðið ár.

15. gr.
*Gildistaka.*

Reglugerð þessi er sett á grundvelli laga um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 90/1990, og öðlast gildi þegar í stað. Þá fellur jafnframt úr gildi reglugerð um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, nr. 542 15. nóvember 1989, og reglugerð nr. 395 10. október 1990, um breytingu á þeirri reglugerð.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. ágúst 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

12. ágúst 1991 Nr. 391

# AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir móttöku og förgun úrgangs, á starfssvæði sorphirðunefndar héraðsnefndar Rangæinga, við Strönd, Rangárvallahreppi.**

1. **Almenn ákvæði.**

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, endurvinnslu og pökkun úrgangs fyrir athafnasvæði sorphirðunefndar héraðsnefndar Rangæinga.

1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3. Fyrirtækinu er skylt að sjá um, að fyllstu snyrtimennsku og góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæðum fyrirtækisins. Úrgang og annað rusl, svo sem pappír og plast, sem kann að berast út fyrir athafnasvæðin skal hreinsa upp jafnóðum.

1.4. Opin brennsla er óheimil á athafnasvæðunum. Óski rekstraraðili að koma upp brennsluofni þarf að fá sérstakt starfsleyfi fyrir slíkan rekstur.

1.5. Óski rekstraraðili eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstrinum, skal sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

1.6. Komi fram mengun, frá starfseminni, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi ber rekstraraðila að stöðva áframhaldandi mengun, á sinn kostnað, og hreinsa þá mengun sem þegar hefur orðið.

1.7. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis, lagt til við umhverfisráðherra, að starfsleyfi þetta verði endurskoðað, ef í ljós kemur að frá starfseminni sé hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis.

1.8. Ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, gilda um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er fyrirmælt í starfsleyfi þessu.

2. **Ákvæði til varnar mengun ytra umhverfis.**

2.1. *Móttöku- og flokkunarstöð.*

2.1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku og vinnslu neyslu- og framleiðsluúrgangs svo og sérstaks úrgangs. Óheimil er móttaka sóttnæms úrgangs, geislavirks úrgangs, svo og sprengiefna, nema með sérstöku starfsleyfi. Koma skal upp móttöku fyrir spilliefni í samræmi við ákvæði þar um.

2.1.2. Við athafnasvæðin skulu vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fari fram.

2.1.3. Athafnasvæði skulu vera vel afgirt. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.

2.1.4. Á þjónustusvæðinu, skal hlutast til um að komið verði á, á heppilegum stöðum, söfnunarstöðvum (gámastöðvum) þar sem almenningur og smærri fyrirtæki geta losað sig við flokkaðan úrgang sem m.a. gæti nýst til endurvinnslu. Koma skal upp leiðbeiningaskiltum með upplýsingum um flokkun úrgangsins eftir því sem ákveðið kann að vera hverju sinni. Í samráði við viðkomandi sveitarfélög, skal koma greinargóðum upplýsingum til almennings um rekstur og tilgang þessara söfnunarstöðva.

2.1.5. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við rekstraraðila og viðkomandi heilbrigðisnefnd. Rekstraraðili skal leiðbeina og sinna upplýsingaskyldu til sveitarfélaga og annarra er málið varðar um söfnun og aðflutning neysluúrgangs. Jafnframt skal rekstraraðili upplýsa viðkomandi heilbrigðiseftirlit um slík mál og einnig ef eitthvað fer úrskeiðis við starfsemina. Leggja skal áherslu á nýtingu úrgangsefna til endurvinnslu.

2.1.6. Brotamálma skal endurvinna eftir því sem tök eru á. Áður en vinnsla fer fram skal fjarlægja alla vökva úr bifreiðum, vélum, þrýstikerfum og tækjum, s.s. smurolíur, þrýstiolíur, kælivökva og eldsneyti. Vökva þessa skal endurnýta eftir því sem kostur er á, en að öðrum kosti farga reglum samkvæmt.

2.1.7. Fjarlægja skal freon og halon af öllum búnaði, þar sem það er notað sem kæli- eða slökkviefni, sem berst til förgunar. Skal það gert með tækjum sem tryggja að efnin berist ekki út í umhverfið. Tegundum skal haldið aðskildum og þær geymdar í ílátum sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt til slíkra nota. Allt freon og halon skal fara til endurvinnslu.

2.1.8. Notaða rafgeyma skal fyrir vinnslu geyma í sýruheldum ílátum. Geymasýru skal safna saman, sía og stilla af sýrustig 5 - 9 áður en henni er fargað. Blýagnir úr geymasýru þurfa að botnfalla og þeim skal síðan komið til endurvinnslu eða fargað sem hættulegum úrgangi.

2.1.9. Gengið skal, með efnagreiningu, úr skugga um að allir rafspennar, rofar og þéttar, sem fyrirtækið tekur á móti innihaldi ekki PCB, þetta skal framkvæmt áður en olía af búnaði er fjarlægð. Ef olía sem hefur verið fjarlægð, af slíkum búnaði, inniheldur meira en 50 ppm af PCB skal henni fargað sem umhverfismengandi úrgangi. Ef kælivökvi eða olíur úr búnaði innihalda meira en 2000 ppm af PCB er vinnsla búnaðarins óheimil og ber að farga honum samkvæmt fyrirmælum Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins. Sýnataka og efnagreining skal framkvæmd af aðila sem er viðurkenndur af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

2.1.10. Á svæðum þar sem vökvar eru tæmdir af bifreiðum, bifreiðahlutum, vélum og öðrum slíkum búnaði, einnig þar sem unnið er með rafspenna, rofa eða þétta skal vera steypt undirlag. Á fráveitu frá þessum undirlögum skulu vera olíuskiljur.

2.1.11. Stærð og gerð olíuskilju skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

2.1.12. Neysluúrgang og þann hluta framleiðslu- og sérstaks úrgangs sem ekki verður nýttur eða endurunninn skal flytja til urðunar í lokuðum gámum eða vögnum.

2.1.13. Koma skal upp móttökuaðstöðu og þjónustu þar sem almenningi gefst kostur á að losna við spilliefni. Móttökuaðstaða skal vera læst utan þess sem opnað er fyrir einstaka viðskiptavini.

2.1.14. Spilliefnum og hættulegum efnum, skv. viðauka 4. í mengunarvarnareglugerð, skal safna, pakka og búa til flutnings til viðurkenndrar móttöku og eyðingar fyrir slíkan úrgang. Í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis og Hollustuvernd ríkisins skal rekstraraðili standa fyrir kynningu og reglulegri innsöfnun á slíkum úrgangi. Kynningin skal ná bæði til almennings og fyrirtækja.

2.1.15. Sérstök ídræg efni skulu vera til staðar til að hreinsa upp olíu- og leysiefnaúrgang sem hafa farið til spillis. Haga skal aðstöðu við móttökusvæði spilliefna á þann veg að í stað fráveitu frá því svæði séu öll fljótandi spilliefni sem hugsanlega fara niður fönguð með ídrægum efnum eða fönguð í lokaða tanka, þaðan sem hægt er að ná þeim til baka.

2.1.16. Þeir aðilar sem annast flutninga á spilliefnum fyrir rekstraraðila skulu hafa til þess viðurkenndan búnað. Rekstraraðili skal upplýsa Heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis um störf flutningsaðila og fá samþykki fyrir búnaði þeirra.

2.1.17. Fráveitulagnir frá móttökusvæðum skulu búnar olíugildrum. Allar fráveitulagnir skulu að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990. Brunnar til sýnatöku á fráveituvatni skulu vera á fráveitu.

2.1.18. Verktakar sem hugsanlega annast þjónustu við úrgangsmeðhöndlun fyrir rekstraraðila skulu hlíta ákvæðum starfsleyfis þessa hvað mengunarvarnir varðar.

2.1.19. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að varna foki á þeim efnum sem endurunnin eru og geymd á útisvæði eftir vinnslu.

2.1.20. Fyrirbyggja skal að vargfugl eða meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðum rekstraraðila.

2.1.21. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk má ekki vera meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq.

2.2. *Urðunarstaður á Strandarsandi.*

2.2.1. Förgun úrgangs, eftir meðhöndlun í móttökustöð, fari einungis fram á þar til útbúnum stað, þ.e. á urðunarstað á Strandarsandi. Einungis er heimil urðun frá slátur- og kjötvinnsluhúsum, svo og urðun á byggingarúrgangi, timburúrgangi, uppmokstri og stórgerðu rusli. Urðun heimilssorps, olíuúrgangs, olíumengaðs

jarðvegs, efnaúrgangs og sóttmengaðs úrgangs er óheimil. Garðaúrgang skal nýta til jarðvegsmyndunar.

2.2.2. Ekki skal vera nema eitt slíkt svæði í notkun samtímis. Með urðunarsvæði er átt við afmarkaðar urðunarreinar sem ekki ná yfir stærra svæði en 1000 fermetra.

2.2.3. Athafnasvæðið skal girt öryggisgirðingu. Takmarka skal aðgang annarra að urðunarsvæðinu en starfmanna rekstraraðila og verktaka. Eftirlitsaðilar skulu hafa aðgang að svæðinu.

2.2.4. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta í ljósi niðurstaða mælinga á mengun í vatni endurskoðað, á fimm ára fresti, kröfur um hreinsun fráveituvatns.

2.2.5. Lekt jarðlaga í botni urðunarstaðar skal ekki vera meiri en 10 /-7 m/sek. Fráveitulagnir skulu vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990. Til staðar skulu vera sýnatökubrunnar til að unnt verði að fylgjast með mengun.

2.2.6. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal þakinn samdægurs. Mótun þekjulags skal vera með þeim hætti að uppgræðsla svæðisins verði eins hröð og kostur er. Þykkt þekjulags skal ekki vera minni en 75 cm. Í efsta lagið skal sá grasfræi. Koma skal fyrir jarðvegsmönum á urðunarstaðnum m.a. til að minnka sjónmengun á staðnum, minnka fokhættu og til að afmarka svæði fyrir einstaka úrgangstegundir sem bíða frekari vinnslu, t.d. brotamálma, heimilistækja, garðaúrgangs, gúmmí og plastefna.

2.2.7. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarstaðnum. Fokvarnir skulu vera til staðar.

2.2.8. Fyrirbyggja skal að vargfugl og meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðinu.

2.2.9. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk má ekki vera meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq.

3. **Mælingar og eftirlit.**

3.1. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með mælingum og mæliaðferðum. Áætlun um mælingar, á vegum rekstraraðila, skulu samþykkjast af Hollustuvernd ríkisins. Sérstök úttekt, með tilliti til hugsanlegrar mengunar, skal fara fram á fyrsta ári starfseminnnar. Sérhæft eftirlit skal, að lokinni úttekt, fara fram eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanlegar samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, eins og hún er á hverjum tíma. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa rekstraraðila og Heilbrigðiseftirlit Suðurlandssvæðis um niðurstöður matsins, eins fljótt og auðið er.

3.2. Á hverri vinnuvakt, á athafnasvæðum fyrirtækisins, skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum fyrirtækisins. Vaktstjóri skal einnig hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Einnig skal fyrirtækið tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar, eða aðrir, geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma fyrirtækisins.

3.3. Fulltrúar rekstraraðila skulu a.m.k. á þriggja ára fresti koma á sameiginlegan fund með fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og heilbrigðisnefnd. Á þessum fundum verði rætt um niðurstöður eftirlits- og umhverfismælinga og rekstur mengunarvarna við úrgangsmeðhöndlunina og eyðingu.

4. **Gjaldskylda.**

4.1. Starfsemi sorphirðunefndar héraðsnefndar Rangæinga fellur í þriðja gjaldskrárflokk samkvæmt viðauka nr. 8. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla reglugerðarinnar.

5. **Gildistaka.**

5.1. Starfsleyfi þetta er veitt í samræmi við ákvæði greinar 8.4 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 samanber lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 12. ágúst 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

12. ágúst 1991 Nr. 392

# AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir móttöku og förgun úrgangs í Skaftafelli, Öræfasveit.**

1. **Almenn ákvæði.**

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, endurvinnslu og eyðingu úrgangs í þjóðgarðinum í Skaftafelli og nágrenni.

1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3. Rekstraraðila er skylt að sjá um, að fyllstu snyrtimennsku og góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæðinu. Úrgang og annað rusl, svo sem pappír og plast, sem kann að berast út fyrir athafnasvæðið skal hreinsa upp jafnóðum.

1.4. Opin brennsla er óheimil á athafnasvæðinu. Óski rekstraraðili að koma upp brennsluofni þarf að fá sérstakt starfsleyfi fyrir slíkan rekstur.

1.5. Óski rekstraraðili eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstrinum, skal sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

1.6. Komi fram mengun, frá starfseminni, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi ber rekstraraðila að stöðva áframhaldandi mengun, á sinn kostnað, og hreinsa þá mengun sem þegar hefur orðið.

1.7. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við viðkomandi heilbrigðiseftirlit, lagt til við umhverfisráðherra, að starfsleyfi þetta verði endurskoðað, ef í ljós kemur að frá starfseminni sé hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis.

1.8. Ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, gilda um starfsemina eftir því sem nánar er mælt fyrir í starfsleyfi þessu.

2. **Ákvæði til varnar mengun ytra umhverfis.**

2.1. *Móttöku- og flokkunarstöð.*

2.1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku og vinnslu neyslu- og framleiðsluúrgangs svo og sérstaks úrgangs. Óheimil er móttaka sóttnæms úrgangs, geislavirks úrgangs, svo og

sprengiefna, nema með sérstöku starfsleyfi. Koma skal upp móttöku fyrir spilliefni í samræmi við ákvæði þar um.

2.1.2. Við athafnasvæðin skulu vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fari fram.

2.1.3. Á þjónustusvæðinu, skal rekstraraðili hlutast til um að komið verði á, á heppilegum stöðum, söfnunaraðstöðu (gámum eða öðrum ílátum) þar sem almenningur og smærri fyrirtæki geta losað sig við flokkaðan úrgang sem m.a. gæti nýst til endurvinnslu eða annarrar nýtingar. Koma skal upp leiðbeiningaskiltum með upplýsingum um flokkun úrgangsins eftir því sem ákveðið kann að vera hverju sinni. Í samráði við viðkomandi sveitarfélög, skal koma greinargóðum upplýsingum til almennings um rekstur og tilgang þessara söfnunarstöðva.

2.1.5. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við rekstraaðila og viðkomandi heilbrigðisnefnd. Rekstraraðili skal leiðbeina og sinna upplýsingaskyldu til sveitarfélaga og annara er málið varðar um söfnun og aðflutning neysluúrgangs. Jafnframt skal rekstraraðili upplýsa viðkomandi heilbrigðiseftirlit um slík mál og einnig ef eitthvað fer úrskeiðis við starfsemina. Leggja skal áherslu á nýtingu úrgangsefna til endurvinnslu.

2.1.6. Brotamálma skal endurvinna eða koma til endurvinnslu eftir því sem tök eru á. Áður en vinnsla fer fram skal fjarlægja alla vökva úr bifreiðum, vélum, þrýstikerfum og tækjum, s.s. smurolíur, þrýstiolíur, kælivökva og eldsneyti. Vökva þessa skal endurnýta eftir því sem kostur er á, en að öðrum kosti farga reglum samkvæmt.

2.1.7. Fjarlægja skal freon og halon af öllum búnaði, þar sem það er notað sem kæli- eða slökkviefni, sem berst til förgunar. Skal það gert með tækjum sem tryggja að efnin berist ekki út í umhverfið. Tegundum skal haldið aðskildum og þær geymdar í ílátum sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt til slíkra nota. Allt freon og halon skal fara til endurvinnslu.

2.1.8. Koma skal upp söfnunarílátum til móttöku á notuðum rafgeymum og rafhlöðum. Söfnunarílátin skulu vera sýruheld.

2.1.9. Gengið skal, með efnagreiningu, úr skugga um að allir rafspennar, rofar og þéttar, sem tekið er á móti innihaldi ekki PCB, þetta skal framkvæmt áður en olía af búnaði er fjarlægð. Ef olía sem hefur verið fjarlægð, af slíkum búnaði, inniheldur meira en 50 ppm af PCB skal henni fargað sem umhverfismengandi úrgangi. Ef kælivökvi eða olíur úr búnaði innihalda meira en 2000 ppm af PCB er vinnsla búnaðarins óheimil og ber að farga honum samkvæmt fyrirmælum Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins. Sýnataka og efnagreining skal framkvæmd af aðila sem er viðurkenndur af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

2.1.10. Á svæðum þar sem vökvar eru tæmdir af bifreiðum, bifreiðahlutum, vélum og öðrum slíkum búnaði, einnig þar sem unnið er með rafspenna, rofa eða þétta skal vera steypt undirlag. Á fráveitu frá þessum undirlögum skulu vera olíuskiljur.

2.1.11. Stærð og gerð olíuskilju skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

2.1.12. Neysluúrgang og þann hluta framleiðslu- og sérstaks úrgangs sem ekki verður nýttur eða endurunninn skal flytja til urðunar í lokuðum gámum eða vögnum.

2.1.13. Koma skal upp móttökuaðstöðu og þjónustu þar sem almenningi gefst kostur á að losna við spilliefni. Móttökuaðstaða skal vera læst utan þess sem opnað er fyrir einstaka viðskiptavini.

2.1.14. Spilliefnum og hættulegum efnum, skv. viðauka 4. í mengunarvarnareglugerð, skal safna, pakka og búa til flutnings til viðurkenndrar móttöku og eyðingar fyrir slíkan úrgang. Í samvinnu við viðkomandi heilbrigðiseftirlit og Hollustuvernd ríkisins skal

rekstraraðili standa fyrir kynningu og reglulegri innsöfnun á slíkum úrgangi. Kynningin skal ná bæði til almennings og fyrirtækja.

2.1.15. Þeir aðilar sem annast flutninga á spilliefnum fyrir rekstraraðila skulu hafa til þess viðurkenndan búnað. Rekstraraðili skal upplýsa viðkomandi heilbrigðiseftirlit um störf flutningsaðila og fá samþykki fyrir búnaði þeirra.

2.1.16. Verktakar sem hugsanlega annast þjónustu við úrgangsmeðhöndlun fyrir rekstraraðila skulu hlíta ákvæðum starfsleyfis þessa hvað mengunarvarnir varðar.

2.1.17. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að varna foki á þeim efnum sem endurunnin eru og geymd á útisvæði eftir vinnslu.

2.1.18. Fyrirbyggja skal að vargfugl eða meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðum rekstraraðila.

2.1.19. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk má ekki vera meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq.

2.2. *Urðunarstaður á Skeiðarársandi.*

2.2.1. Förgun úrgangs, eftir meðhöndlun í móttökustöð, fari einungis fram á þar til útbúnum stað, þ.e. á urðunarstað á Skeiðarársandi.

2.2.2. Ekki skal vera nema eitt slíkt svæði í notkun samtímis. Með urðunarsvæði er átt við afmarkaðar urðunarreinar sem ekki ná yfir stærra svæði en 100 fermetra.

2.2.3. Takmarka skal aðgang að urðunarsvæðinu annarra en eftirlitsaðila, starfsmanna rekstraraðila og verktaka.

2.2.4. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal þakinn samdægurs. Mótun þekjulags skal vera með þeim hætti að landsslagslýti verði ekki af. Þekjulag skal móta á sama hátt og umhverfið var fyrir urðun. Þykkt þekjulags skal ekki vera minni en 75 cm.

2.2.6. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarstaðnum. Fokvarnir skulu vera til staðar.

2.2.7. Fyrirbyggja skal að vargfugl og meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðinu.

2.2.8. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk má ekki vera meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq.

3. **Mælingar og eftirlit.**

3.1. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með mælingum og mæliaðferðum, vegna hugsanlegrar mengunar. Sérstök úttekt skal fara fram á fyrsta ári starfseminnar. Leita skal samþykkis Hollustuverndar ríkisins vegna mæliáætlunar sem fer fram á vegum rekstraraðila. Sérhæft eftirlit skal, að lokinni úttekt, fara fram eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanlegar samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, eins og hún er á hverjum tíma. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa rekstraraðila og viðkomandi heilbrigðiseftirlit um niðurstöður matsins, eins fljótt og auðið er.

3.2. Rekstraraðili skal hafa á sínum vegum aðila sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum varðandi sorphirðu, endurvinnslu og sorpeyðingu. Aðili þessi skal einnig hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Einnig skal rekstraraðili tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar, eða aðrir, geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma starfseminnar.

3.3. Fulltrúar rekstraraðila skulu a.m.k. á þriggja ára fresti koma á sameiginlegan fund með fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og Heilbrigðisnefnd Hafnar í Hornafirði. Á þessum fundum verði rætt um niðurstöður eftirlits- og umhverfismælinga og rekstur mengunarvarna við úrgangsmeðhöndlunina og eyðingu.

4. **Gjaldskylda.**

4.1. Starfsemin fellur í fjórða gjaldskrárflokk samkvæmt viðauka nr. 8. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla reglugerðarinnar.

5. **Gildistaka.**

5.1. Starfsleyfi þetta, sem gildir til 1. september 1996, er veitt í samræmi við ákvæði greinar 8.4 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 samanber lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 12.ágúst 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 393 12. ágúst 1991

# AUGLÝSING

## um starfsleyfi fyrir móttöku og förgun úrgangs á starfssvæði sorpmálanefndar sveitarfélaga á Miðhéraði.

1. **Almenn ákvæði.**

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, endurvinnslu, pökkun og eyðingu úrgangs fyrir athafnasvæði sorpmálanefndar Miðhéraðs (Egilsstaðabær, Eiðahreppur, Fellahreppur og Vallahreppur).

1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3. Sorpmálanefndinni er skylt að sjá um, að fyllstu snyrtimennsku og góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæðum nefndarinnar. Úrgang og annað rusl, svo sem pappír og plast, sem kann að berast út fyrir athafnasvæðin skal hreinsa upp jafnóðum.

1.4. Opin brennsla er óheimil á athafnasvæðunum. Óski rekstraraðili að koma upp brennsluofni þarf að fá sérstakt starfsleyfi fyrir slíkan rekstur.

1.5. Óski rekstraraðili eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstrinum, skal sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

1.6. Komi fram mengun, frá starfseminni, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi ber rekstraraðila að stöðva áframhaldandi mengun, á sinn kostnað, og hreinsa þá mengun sem þegar hefur orðið.

1.7. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis, lagt til við umhverfisráðherra, að starfsleyfi þetta verði endurskoðað, ef í ljós kemur að frá starfseminni sé hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis.

1.8. Ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, gilda um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er fyrir mælt í starfsleyfi þessu.

2. **Ákvæði til varnar mengun ytra umhverfis.**

2.1. *Móttöku- og flokkunarstöð á Egilsstöðum.*

2.1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku og vinnslu neyslu- og framleiðsluúrgangs svo og sérstaks úrgangs. Óheimil er móttaka sóttnæms úrgangs, geislavirks úrgangs, svo og sprengiefna, nema með sérstöku starfsleyfi. Koma skal upp móttöku fyrir spilliefni í samræmi við ákvæði þar um.

2.1.2. Við athafnasvæðin skulu vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fari fram.

2.1.3. Athafnasvæði skulu vera vel afgirt. Hlið á girðingu skulu vera læst utan afgreiðslutíma.

2.1.4. Á þjónustusvæðinu, skal hlutast til um að komið verði á, á heppilegum stöðum, söfnunarstöðvum (gámastöðvum) þar sem almenningur og smærri fyrirtæki geta losað sig við flokkaðan úrgang sem m.a. gæti nýst til endurvinnslu. Koma skal upp leiðbeiningaskiltum með upplýsingum um flokkun úrgangsins eftir því sem ákveðið kann að vera hverju sinni. Í samráði við viðkomandi sveitarfélög, skal koma greinargóðum upplýsingum til almennings um rekstur og tilgang þessara söfnunarstöðva.

2.1.5. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við rekstraraðila og viðkomandi heilbrigðisnefnd. Rekstraraðili skal leiðbeina og sinna upplýsingaskyldu til sveitarfélaga og annarra er málið varðar um söfnun og aðflutning neysluúrgangs. Jafnframt skal rekstraraðili upplýsa viðkomandi heilbrigðiseftirlit um slík mál og einnig ef eitthvað fer úrskeiðis við starfsemina. Leggja skal áherslu á nýtingu úrgangsefna til endurvinnslu.

2.1.6. Brotamálma skal endurvinna eftir því sem tök eru á. Áður en vinnsla fer fram skal fjarlægja alla vökva úr bifreiðum, vélum, þrýstikerfum og tækjum, s.s. smurolíur, þrýstiolíur, kælivökva og eldsneyti. Vökva þessa skal endurnýta eftir því sem kostur er á, en að öðrum kosti farga reglum samkvæmt.

2.1.7. Fjarlægja skal freon og halon af öllum búnaði, þar sem það er notað sem kæli- eða slökkviefni, sem berst til förgunar. Skal það gert með tækjum sem tryggja að efnin berist ekki út í umhverfið. Tegundum skal haldið aðskildum og þær geymdar í ílátum sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt til slíkra nota. Allt freon og halon skal fara til endurvinnslu.

2.1.8. Notaða rafgeyma skal fyrir vinnslu geyma í sýruheldum ílátum. Geymasýru skal safna saman, sía og stilla af sýrustig pH 5 - 9 áður en henni er fargað. Blýagnir úr geymasýru þurfa að botnfalla og þeim skal síðan komið til endurvinnslu eða fargað sem hættulegum úrgangi.

2.1.9. Gengið skal, með efnagreiningu, úr skugga um að allir rafspennar, rofar og þéttar, sem fyrirtækið tekur á móti innihaldi ekki PCB, þetta skal framkvæmt áður en olía af búnaði er fjarlægð. Ef olía sem hefur verið fjarlægð, af slíkum búnaði, inniheldur meira en 50 ppm af PCB skal henni fargað sem umhverfismengandi úrgangi. Ef kælivökvi eða olíur úr búnaði innihalda meira en 2000 ppm af PCB er vinnsla búnaðarins óheimil og ber að farga honum samkvæmt fyrirmælum Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins. Sýnataka og efnagreining skal framkvæmd af aðila sem er viðurkenndur af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

2.1.10. Á svæðum þar sem vökvar eru tæmdir af bifreiðum, bifreiðahlutum, vélum og öðrum slíkum búnaði, einnig þar sem unnið er með rafspenna, rofa eða þétta skal vera steypt undirlag. Á fráveitu frá þessum undirlögum skulu vera olíuskiljur.

2.1.11. Stærð og gerð olíuskilju skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíuskiljum.

2.1.12. Neysluúrgang og þann hluta framleiðslu- og sérstaks úrgangs sem ekki verður nýttur eða endurunninn skal flytja til urðunar í lokuðum gámum eða vögnum.

2.1.13. Koma skal upp móttökuaðstöðu og þjónustu þar sem almenningi gefst kostur á að losna við spilliefni. Móttökuaðstaða skal vera læst utan þess sem opnað er fyrir einstaka viðskiptavini.

2.1.14. Spilliefnum og hættulegum efnum, skv. viðauka 4. í mengunarvarnareglugerð, skal safna, pakka og búa til flutnings til viðurkenndrar móttöku og eyðingar fyrir slíkan úrgang. Í samvinnu við Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis og Hollustuvernd ríkisins skal rekstraraðili standa fyrir kynningu og reglulegri innsöfnun á slíkum úrgangi. Kynningin skal ná bæði til almennings og fyrirtækja.

2.1.15. Sérstök ídræg efni skulu vera til staðar til að hreinsa upp olíu- og leysiefnaúrgang sem hafa farið til spillis. Haga skal aðstöðu við móttökusvæði spilliefna á þann veg að í stað fráveitu frá því svæði séu öll fljótandi spilliefni sem hugsanlega fara niður fönguð með ídrægum efnum eða fönguð í lokaða tanka, þaðan sem hægt er að ná þeim til baka.

2.1.16. Þeir aðilar sem annast flutninga á spilliefnum fyrir rekstraraðila skulu hafa til þess viðurkenndan búnað. Rekstraraðili skal upplýsa Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis um störf flutningsaðila og fá samþykki fyrir búnaði þeirra.

2.1.17. Fráveitulagnir frá móttökusvæðum skulu búnar olíuskiljum. Allar fráveitulagnir skulu að öðru leyti vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990. Brunnar til sýnatöku á fráveituvatni skulu vera á fráveitu.

2.1.18. Verktakar sem hugsanlega annast þjónustu við úrgangsmeðhöndlun fyrir rekstraraðila skulu hlíta ákvæðum starfsleyfis þessa hvað mengunarvarnir varðar.

2.1.19. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að varna foki á þeim efnum sem endurunnin eru og geymd á útisvæði eftir vinnslu.

2.1.20. Fyrirbyggja skal að vargfugl eða meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðum rekstraraðila.

2.1.21. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk skal ekki vera meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq.

2.2. *Urðunarstaður í Mýnesgryfjum.*

2.2.1. Förgun úrgangs, eftir meðhöndlun í móttökustöð, fari einungis fram á þar til útbúnum stað, þ.e. á urðunarstað í Mýnesgryfjum.

2.2.2. Allt athafnasvæðið skal girt öryggisgirðingu. Hlið skulu einungis opin á þeim tímum sem urðun stendur yfir. Takmarka skal aðgang annarra að svæðinu en þeirra sem starfa á vegum rekstraraðila. Eftirlitsaðilar skulu hafa aðgang að svæðinu.

2.2.3. Opin fráveita skal vera við þann hluta urðunarsvæðisins sem í notkun er hverju sinni. Ekki skal vera nema eitt slíkt svæði í notkun samtímis. Með urðunarsvæði er átt við afmarkaðar urðunarreinar sem ekki ná yfir stærra svæði en 1 hektara.

2.2.4. Í botn urðunarsvæðis skal leggja hriplagnir og hriplag. Lagnir skulu við það miðaðar að geta flutt frá svæðinu grunnvatn er kann að flæða um botn gryfjunnar svo og sigvatn úr urðunarstæðu. Þykkt hriplags skal miðað við að stöðugt vatnsborð, að lokinni urðun nái ekki upp fyrir hriplagið. Koma skal fyrir mælibrunnum til að unnt sé að fylgjast með vatnshæð.

2.2.5. Botn urðunarstaðar skal þétta með náttúrulegu þéttiefni. Lekt jarðlaga neðan hriplags skal ekki vera meira en 10 /-7 m/sek. Tryggt skal að þéttilag sé samfellt og að lágmarki 50 cm eftir þjöppun. Einnig má nota jarðvegsþéttidúk og þá skal gerð hans og lagning vera samkvæmt stöðlum viðurkenndum af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

2.2.6. Öllu vatni úr hriplögnum skal beina í safnlögn tengda búnaði til rennslismælinga, og sandsíu. Allar fráveitulagnir skulu að örðu leyti vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

2.2.7. Fyrir og eftir sandsíu skulu vera sýnatökubrunnar til að unnt verði að fylgjast með mengun.

2.2.8. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta í ljósi niðurstaða mælinga á mengun í vatni endurskoðað kröfur um frekari hreinsun fráveituvatns.

2.2.9. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal þakinn samdægurs. Við frágang þekjulags skal koma fyrir jarðlögum til þéttingar. Mótun þekjulags skal vera með þeim hætti að úrkomuvatn eigi auðvelda leið í fráveitu fyrir úrkomu. Þykkt þekjulags skal ekki vera minni en 150 cm. Þar af skal jarðvegur með ekki meiri lekt en 10/-7 m/sek. vera að minnsta kosti 100 cm. Í efsta lagið skal sá grasfræi.

2.2.10. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarstaðnum. Fokvarnir skulu vera til staðar.

2.2.11. Fyrirbyggja skal að vargfugl og meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðinu.

2.2.12. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk má ekki vera meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq.

3. **Mælingar og eftirlit.**

3.1. Fyrstu fimm árin, sem starfsemi er á urðunarstaðnum skal árlega taka sýni og greina úr sýnatökubrunnum við hreinsivirki í Mýnesi. Eftir fimm ár skal í ljósi niðurstaða mælinganna endurskoða áætlun þessa.

3.2. Greina skal eftirfarandi efni og mæliþætti:

| | |
|---|---|
| Ammoníum (NH4+) | Nítrat (NO3-) |
| Heildar fosfór | Heildar köfnunarefni |
| Krom (Cr) | Sink (Zn) |
| Kadmíum (Cd) | Kvikasilfur (Hg) |
| Blý (Pb) | Mangan (Mn) |
| Kopar (Cu) | Járn (Fe) |
| Súrefnisþörf (COD) | Sýrustig (pH) |
| | Hitastig (°C) |

3.3. Sorpmálanefnd Miðhéraðs skal ábyrgjast framkvæmd mælinganna og fá til þess óháða hæfa aðila. Þessir aðilar sjái um sýnatökuna og túlki niðurstöður. Beita skal viðurkenndum vísindalegum aðferðum. Efnagreiningar fari fram af viðurkenndum aðila.

3.4. Senda skal Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins og Heilbrigðiseftirliti Austurlandssvæðis niðurstöður mælinga jafnóðum og þær liggja fyrir.

3.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með mælingum og mæliaðferðum. Sérstök úttekt skal fara fram á fyrsta ári starfseminnnar. Sérhæft eftirlit skal, að lokinni úttekt, fara fram eigi sjaldnar en fimmta hvert ár. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanlegar samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði

mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, eins og hún er á hverjum tíma. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa Sorpmálanefnd Miðhéraðs og Heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis um niðurstöður matsins, eins fljótt og auðið er.

3.6. Reglulegt viðhald í samræmi við áætlun þar um, skal vera á öllum mengunarvarnabúnaði. Eftirlitsáætlun er til endurskoðunar á þriggja ára fresti ef Hollustuvernd ríkisins eða fyrirtækið óska þess.

3.7. Á hverri vinnuvakt, á athafnasvæðum fyrirtækisins, skal starfa vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum fyrirtækisins. Vaktstjóri skal einnig hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Einnig skal fyrirtækið tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar, eða aðrir, geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma fyrirtækisins.

3.8. Fulltrúar rekstraraðila skulu a.m.k. á þriggja ára fresti koma á sameiginlegan fund með fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og Heilbrigðisnefnd Egilsstaða. Á þessum fundum verði rætt um niðurstöður eftirlits- og umhverfismælinga og rekstur mengunarvarna við úrgangsmeðhöndlunina og eyðingu.

4. **Gjaldskylda.**

4.1. Starfsemi Sorpmálanefndar á Miðhéraði fellur í þriðja gjaldskrárflokk samkvæmt viðauka nr. 8. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla reglugerðarinnar.

5. **Gildistaka.**

5.1. Starfsleyfi þetta gildir til 1. júní 1997 og er veitt í samræmi við ákvæði greinar 8.4 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 samanber lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 12. ágúst 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 394 12. ágúst 1991

# AUGLÝSING

## um starfsleyfi fyrir Íslenska stálfélagið hf., Markhellu 4, Hafnarfirði.

1. **Almenn ákvæði.**

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, geymslu og vinnslu brotamálma, allt að 30.000 tonn á ári, hjá fyrirtækinu að Markhellu 4, Hafnarfirði. Heimilt er að auka framleiðslu í áföngum, í allt að að 80.000 tonn á ári ef niðurstöður mengunarmælinga gefa til kynna að mengun sé innan viðmiðunarmarka.

1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3. Fyrirtækinu er skylt að gæta fyllstu snyrtimennsku og góðrar reglu og umgengni á athafnasvæðinu. Úrgang svo sem plast og pappír sem kann að berast út fyrir athafnasvæðið skal hreinsa upp jafnóðum.

1.4. Óski fyrirtækið eftir því að gera umtalsverðar breytingar á verksmiðjurekstrinum, þar með talið að auka framleiðslu, skal það sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

1.5. Þynningarsvæði verksmiðjunnar samkvæmt skilgreiningu í mengunarvarnareglugerð, telst við mörk verksmiðjulóðar.

1.6. Við athafnasvæði fyrirtækisins skulu vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma þess og hvar móttaka hráefna fari fram. Athafnasvæðið skal vera girt með öryggisgirðingu.

1.7. Komi fram mengun, frá starfseminni, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi ber fyrirtækinu að stöðva áframhaldandi mengun, á sinn kostnað, og hreinsa þá mengun sem þegar hefur orðið.

1.8. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðarsvæðis, lagt til við umhverfisráðherra, að starfsleyfi þetta verði endurskoðað, ef í ljós kemur að frá starfseminni sé hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis.

1.9. Ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, gilda um starfsemi fyrirtækisins eftir því sem nánar er mælt fyrir um í starfsleyfi þessu.

2. **Ákvæði til varnar mengun ytra umhverfis.**

2.1. *Forvinnsla.*

2.1.1. Áður en vinnsla fer fram skal fjarlægja alla vökva úr bifreiðum, vélum, þrýstikerfum og tækjum, svo sem smurolíur, þrýstiolíur, kælivökva og eldsneyti. Vökva þessa skal endurnýta eftir því sem kostur er á, en að öðrum kosti farga reglum samkvæmt. Framangreint á einnig við um rafgeyma.

2.1.2. Innihaldi búnaður freon eða halon skal fjarlægja efnin fyrir vinnslu. Nota skal tæki og aðstöðu sem tryggja að efnin berist ekki út í umhverfið. Tegundum skal haldið aðskildum og þær geymdar í ílátum sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt til slíkra nota. Allt freon og halon skal sent til endurvinnslu.

2.1.3. Notaða rafgeyma skal fyrir vinnslu geyma í sýruheldum ílátum. Geymasýru skal safna saman, botnfall skal síað frá sýrunni og því komið til endurvinnslu eða fargað sem umhverfismengandi úrgangi. Sýrustig síaðrar geymasýru skal stillt af við sýrustig pH 5 – 9 áður en henni er fargað. Ákvæði þetta á einnig við ef rafgeymar eru fluttir óunnir til frekari vinnslu annars staðar.

2.1.4. Gengið skal, með efnagreiningu, úr skugga um að allir rafspennar, rofar og þéttar, sem fyrirtækið tekur á móti innihaldi ekki PCB. Þetta skal framkvæmt áður en olía er fjarlægð. Ef olía sem hefur verið fjarlægð, af slíkum búnaði, inniheldur meira en 50 ppm af PCB skal henni fargað sem hættulegum úrgangi. Ef kælivökvi eða olíur úr búnaði innihalda meira en 2000 ppm af PCB er vinnsla búnaðarins óheimil og ber að farga honum sem hættulegum úrgangi samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins. Sýnataka og efnagreining skal framkvæmd af aðila sem er viðurkenndur af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins.

2.1.5. Á svæðum þar sem vökvar eru tæmdir af bifreiðum, bifreiðahlutum, vélum og þar sem er unnið með rafspenna, rofa eða þétta, skal vera steypt undirlag. Einnig skulu aðalumferðarsvæði flutningabifreiða og vinnuvéla og önnur þau svæði, á athafnasvæði fyrirtækisins, þar sem hætta er á olíusmiti, lögð bundnu undirlagi. Olíugildrur skulu vera á fráveitu frá þessum undirlögum.

2.1.6. Stærð og gerð olíugildru skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíugildrum.

2.1.7. Fylgst skal reglulega með olíugildrum og þær tæmdar eftir þörfum. Olíuna skal endurvinna eftir því sem kostur er en farga að öðrum kosti reglum samkvæmt.

2.1.8. Aukaafurðir sem koma frá forvinnslu brotamálma, plastefni, gúmmí, trefjaefni, gler og fleira skal flokkað og haldið aðgreindu til dæmis í gámum. Þessum efnum skal koma til endurvinnslu eftir því sem kostur er á. Flokkun þessi og geymsla skal fara fram á steyptu undirlagi, fráveita skal vera útbúin olíugildru.

2.1.9. Geymsla brotamálma og annars efnis sem notað er við framleiðsluna eða efna og efnaúrgangs sem verður til við framleiðsluna skal vera með þeim hætti að sem minnst sjónmengun stafi af.

2.2. **Stálbræðsla.**

2.2.1. *Loft.*

2.2.1.1. Verksmiðjan skal gera allt sem í hennar valdi stendur til að halda loftmengun í lágmarki.

2.2.1.2. Útblástur þar sem umtalsverð rykmengun á sér stað, svo sem frá bræðsluofni skal hreinsa í viðeigandi hreinsibúnaði útbúnum pokasíum. Ryk í útblæstri skal að lokinni hreinsun ekki vera meira en 100 $mg/Nm^3$ miðað við eðlilegt loftmagn frá viðkomandi starfsemi.

2.2.1.3. Hönnun hreinsibúnaðar skal vera með þeim hætti, að hreinsun verði skilvirk jafnvel þó hluti hreinsistöðvar bili. Ryki úr hreinsibúnaði skal farga eða endurnýta í samráði við Hollustuvernd ríkisins. Frágangur umhverfis rykhreinsibúnað og geymsla ryks skal vera með þeim hætti að mengun stafi ekki af.

2.2.1.4. Rykmagn í útblásturslofti má vera allt að 0,1 kg/tonn stáls að meðaltali yfir árið.

2.2.2. *Vatn.*

2.2.2.1. Allar fráveitulagnir skulu vera í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

2.2.2.2. Fráveituvatn sem inniheldur olíu skal leiða um olíugildru þannig hannaða að ekki sé meiri jarðolía í vatninu en 15 mg/l að lokinni hreinsun í samræmi við lög nr. 32/1986 um varnir gegn mengun sjávar.

2.2.2.3. Kælivatn frá málmsteypu skal vera í lokaðri hringrás. Ef það er leitt út í viðtaka skal hreinsa það áður. Að lokinni hreinsun skal vatnið uppfylla eftirfarandi skilyrði:

| | |
|---|---|
| sýrustig | pH 5 – 9 |
| svifagnir | 50 mg/l |
| olía og feiti | 15 mg/l |

2.2.3. *Fastur úrgangur.*

2.2.3.1. Verksmiðjan skal leita allra leiða til að nýta framleiðsluúrgang sem til fellur við framleiðsluna. Hollustuvernd ríkisins getur síðar gert kröfur um ákveðna meðhöndlun þess háttar úrgangs.

2.2.3.2. Öllum úrgangi, sem inniheldur umhverfisskaðleg efni, svo sem leysiefni, úrgangsolíu, málningarafganga og þess háttar og ekki verður nýttur eða endurunninn skal farga í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990 og reglur settar samkvæmt henni.

2.2.3.3. Allt sorp, umbúðir og þess háttar skal flutt til næsta viðurkennds móttökustaðar. Förgun efna sem ekki er mögulegt að endurvinna skal fara fram á sorpeyðingarstað sveitarfélagsins eða á öðrum viðurkenndum stað samkvæmt fyrirmælum Hollustuverndar ríkisins.

2.2.3.4. Opin brennsla er óheimil á athafnasvæðinu. Einungis er leyfð brennsla í brennsluofni með reykhreinsibúnaði sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt. Rykmagn í útblástursloft frá hreinsibúnaði skal vera minna en 100 mg/$Nm^3$.

2.2.4. *Hávaði.*

2.2.4.1. Verksmiðjan skal takmarka umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk má ekki vera meiri en 70 dB(A) Leq.

2.2.4.2. Ef um greinilega ríkjandi tón í hávaða frá verksmiðjunni eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða lækkar hámark í grein 2.2.4.1. um 5 dB(A) Leq.

3. **Mælingar og eftirlit.**

3.1. Til eftirlits með rykmengun í útblæstri verksmiðjunnar skal taka ryksýni úr hreinsuðu ofnsogi mánaðarlega. Mæla skal tvisvar á hverjum vinnudegi ryk í mg/$Nm^3$ og kg ryks á klukkustund.

3.2. Efnagreiningu á gjalli úr deiglu og ryki úr hreinsibúnaði skal framkvæma á sex mánaða fresti. Magn ryks skal gefa upp í m/$Nm^3$ og kg/klst.

3.3. Mælingar á umhverfishávaða skal framkvæma annað hvert ár.

3.4. Mælingu skv. lið 3.1., 3.2. og 3.3. skal endurskoða á tveggja ára fresti, ef annar hvor aðili óskar eftir því.

3.5. Verksmiðjan er ábyrg fyrir mælingum og skal sjá til þess að viðunandi aðstaða til framkvæmdar mælinganna sé fyrir hendi. Allar mælingar skulu framkvæmdar af aðilum viðurkenndum af Hollustuvernd ríkisins.

3.6. Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins ef niðurstöður mælinga eru ekki í samræmi við kröfur sem fram koma í greinum 2.2.1.2., 2.2.1.4., 2.2.2.2., 2.2.2.3. og 2.2.4.1. Niðurstöður mælinga skal geyma í a.m.k. tvö ár. Fulltrúar Hollustuverndar ríkisins skulu hvenær sem er hafa aðgang að niðurstöðum mælinganna. Ef um sjálfvirkar mælingar er að ræða skal geyma niðurstöður hvers árs í a.m.k. 2 ár.

3.7. Hollustuvernd ríkisins hefur eftirlit með mælingum verksmiðjunnar og mæliaðferðum. Slíkt eftirlit skal fara fram eigi sjaldnar en einu sinni á ári. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanlegum samanburðarmælingum skal fara fram eigi sjaldnar en þriðja hvert ár í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar.

3.8. Reglulegt viðhald, í samræmi við áætlun þar um, skal vera á öllum mengunarvarnabúnaði verksmiðjunnar. Eftirlitsáætlun er til endurskoðunar á þriggja ára fresti ef Hollustuvernd ríkisins eða fyrirtækið óska þess.

3.9. Ávallt skulu vera til staðar varahlutir fyrir þá hluta mengunarvarnabúnaðarins sem mest mæðir á til að tryggja góða virkni eftir því sem kostur er.

3.10. Tilkynna skal Hollustuvernd ríkisins innan sólarhrings ef alvarleg bilun verður í hreinsibúnaði. Fyrirtækið og Hollustuvernd ríkisins skulu þá í sameiningu ræða og finna leið til að draga úr áhrifum mengunarinnar. Slík leið getur m.a. þýtt að draga verði tímabundið úr framleiðslu.

3.11. Fyrirtækið skal ársfjórðungslega senda Hollustuvernd ríkisins niðurstöður mælinga sem gerðar eru samkvæmt grein 3.1.

3.12. Skrá skal í sérstaka dagbók allar aukaafurðir og úrgang sem til fellur og fluttur er af svæðinu. Þar skal koma fram dagsetning flutnings, nettóþyngd þess flutta, fyrirhugað förgun þess og nöfn flutningsaðila og móttakanda. Í byrjun hvers árs skal taka saman yfirlit yfir þessar upplýsingar fyrir næst liðið ár og senda Hollustuvernd ríkisins fyrir fyrsta mars ár hvert. Sérstaka dagbók skal halda um notkun á olíugildrum. Þar skal skrá jafnóðum hvenær eigið eftirlit og tæming fer fram. Dagbækur þessar skulu aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila með fyrirtækinu.

3.13. Á hverri vinnuvakt skal vera vaktstjóri sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum fyrirtækisins, þar með talið skráningu og flokkun brotamálma, aukaafurða og úrgangs. Vaktstjóri skal einnig hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Einnig skal fyrirtækið tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar, eða aðrir, geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma fyrirtækisins.

3.14. Fulltrúar fyrirtækisins skulu a.m.k. árlega koma til sameiginlegs fundar með Hollustuvernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðarsvæðis og Náttúruverndarráði. Á þessum fundum verði rætt um niðurstöður eftirlits- og umhverfismælinga og rekstur hreinsibúnaðar verksmiðjunnar og annað sem að mengunarvörnum fyrirtækisins snýr.

4. **Eftirlitsgjöld og annar kostnaður.**

4.1. Starfsemi Íslenska stálfélagsins h.f. fellur í fyrsta gjaldskrárflokk samkvæmt viðauka 8 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla reglugerðarinnar. Fyrirtækið skal jafnframt þessu bera allan kostnað af mælingum sem ákvæði eru um hér að framan.

5. **Gildistaka.**

5.1. Starfsleyfi þetta sem er veitt í samræmi við gr. 8.4. í mengunarvarnarreglugerð nr. 389/1990 samanber lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

6. **Ákvæði til bráðabirgða.**

6.1. Fyrirtækið hefur frest til fullnaðarfrágangs mengunarvarna til 1. ágúst 1992 í samræmi við starfsleyfi þetta.

*Umhverfisráðuneytið, 12. ágúst 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 395 13. ágúst 1991

# AUGLÝSING

**um niðurlagningu sjóða.**

Samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá hefur dómsmálaráðherra lagt niður eftirtalda sjóði með samþykki vörsluaðila þeirra og að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar:

| Nr. í sjóðaskrá | Heiti | Númer í B-deild Stjórnartíðinda |
|---|---|---|
| 31 | Veturliðasjóður | Óstaðfest |
| 58 | Styrktarsjóður ekkna sjódrukknaðra í Grýtubakkahreppi | 157/1896 |
| 78 | Ellefsenssjóður | 111/1908 |
| 85 | Bræðrasjóðurinn Ólafsvík | |
| 91 | Jarðakaupasjóður Ísafjarðarkaupstaðar | 1910 |
| 113 | Gjafabr. Helga Þórarinssonar og Höllu Einarsdóttur | 86/1914 |

| Nr. í sjóðaskrá | Heiti | Númer í B-deild Stjórnartíðinda |
|---|---|---|
| 117 | Ekknasjóður sjódrukknaðra | 137/1914 |
| 120 | Aldarminning Jóns Sigurðssonar, forseta | 62/1915 |
| 126 | Dýrleifarminning | 120/1915 |
| 147 | Menningarsjóður | 109/1917 |
| 149 | Framfarasjóður Einars Ásmundssonar | 111/1917 |
| 163 | Styrktarsjóður Þóru Benediktsdóttur | 89/1918 |
| 167 | Minningarsjóður Sigurðar E. Sveinssonar | 113/1918 |
| 117 | Minningarsjóður Kvenfélags Svalbarðsstrandar | 146/1919 |
| 198 | Sjúkrasjóður Reykdæla | 57/1921 |
| 203 | Minningarsjóður hjónanna Vigdísar Sigurðardóttur og Bjarna Sigurðssonar | 87/1921 |
| 204 | Minningarsjóður Gunnsteins litla | 115/1921 |
| 208 | Sjúkrasjóður Kvenfélagsins Einingarinnar | 15/1922 |
| 213 | Verðlaunasjóður fyrir góða meðferð á búpeningi í Mosvallahreppi | 24/1922 |
| 226 | Styrktarsjóður Vatnsfjarðarsveitar „Hjálp í viðlögum" | 6/1924 |
| 235 | Ræktunarsjóður Búnaðarfélags Garða- og Bessastaðahrepps | 11/1925 |
| 247 | Aldamótasjóður Fljótsdælinga | 12/1926 |
| 250 | Menningarsjóður Vatnsfjarðarsveitar | 50/1926 |
| 256 | Menningarsjóður Barnaskólans á Grenivík | 59/1926 |
| 266 | Minningarsjóður Hákonar kaupmanns Bjarnasonar og Jóhönnu Kristínar Þorleifsdóttur | 5/1933 |
| 276 | Mæðrasjóður | 47/1928 |
| 286 | Brúðarstyrktarsjóður Maríu Kr. Stephensen | 81/1928 |
| 287 | Söng- og hljómlistarnámssjóður Maríu Kr. Stephensen | 81/1928 |
| 301 | Þórunnarsjóður | 84/1929 |
| 313 | Ekknasjóður Suðureyrarhrepps | 113/1930 |
| 318 | Minningarsjóður Bjarna Péturssonar | 13/1931 |
| 337 | Minningarsjóður Guðrúnar Gísladóttur Björns | 66/1932 |
| 339 | Gamalmennasjóður Glæsibæjarhrepps | 79/1932 |
| 353 | Menningar- og framfarasjóður Súgfirðinga | 20/1933 |
| 370 | Kjartanssjóður | 33/1934 |
| 380 | Lánasjóður Bændafélagsins Vonarinnar | 96/1934 |
| 392 | Minningarsjóður Guðrúnar Gestsdóttur | 105/1935 |
| 403 | Mýraræktunarsjóður Garða- og Bessastaðahrepps | 9/1937 |
| 410 | Minningarsjóður Odds C. Thorarensen | 15/1938 |
| 434 | Náms- og utanfararsjóður Austur-Skaftfellinga | 122/1939 |
| 440 | Minningarsjóður Ólafs Eiríkssonar | 44/1939 |
| 452 | Bóka- og handritasafnssjóður Skagfirðinga | 217/1939 |
| 472 | Eftirlauna- og styrktarsjóður lyfjafræðinga | 188/1940 |
| 476 | Barnaskólasjóður Ágústar Þórarinssonar og Ásgerðar Arnfinnsdóttur | 35/1941 |
| 497 | Minningarsjóður Kristmanns Tómassonar | 216/1941 |
| 502 | Þrastarsjóður | 19/1942 |
| 506 | Minningarsjóður séra Arnórs Árnasonar og Ragnheiðar Eggertsdóttur | 57/1942 |
| 510 | Minningarsjóður Njáls Jónatanssonar | 77/1942 |
| 514 | Sjúkrasjóður Ólafsfjarðar | 104/1942 |
| 535 | Trjáræktar- og blómræktarsjóður | 102/1943 |
| 553 | Legstaðasjóður Jóns próf. Hallssonar o.fl. | 36/1944 |
| 566 | Minningarsjóður Halldórs og Susie Briem | 88/1944 |
| 581 | Snartartungusjóður | 44/1945 |
| 598 | Menningarsjóður Austur-Landeyjahrepps | 179/1944 |
| 602 | Minningarsjóður Hákonar Waage | 205/1945 |
| 603 | Minningarsjóður Kjartans Sigurjónssonar | 206/1945 |
| 604 | Minningarsjóður Hannesar Thorarensen | 207/1945 |
| 638 | Hjúkrunarsjóður Hornfirðinga | 134/1946 |
| 668 | Minningarsjóður Árna Böðvarssonar | 35/1948 |
| 677 | Sjúkrasjóður Mývetninga | 82/1948 |
| 707 | Framkvæmdasjóður háskólastúdenta | 197/1949 |
| 718 | Minningarsjóður Mortens Hansen | 22/1950 |
| 738 | Minningarsjóður Guðmundar Magnússonar | 223/1950 |
| 760 | Skrúðgarðasjóður Reykjahrepps | 198/1951 |
| 765 | Minningarsjóður Óháða Fríkirkjusafnaðarins | 41/1952 |

| Nr. í sjóðaskrá | Heiti | Númer í B-deild Stjórnartíðinda |
|---|---|---|
| 787 | Áheita- og minningarsjóður Hóladómkirkju | 1/1953 |
| 796 | Minningarsjóður Jóns Péturssonar | 74/1953 |
| 803 | Fegrunarsjóður Vatnsfjarðarkirkju | 149/1953 |
| 833 | Minningarsjóður Halldóru Björnsdóttur | 7/1956 |
| 842 | Minningarsjóður Magnúsar Jónssonar og Vilborgar Sigurðardóttur | 64/1957 |
| 847 | Minningarsjóður Sigurjóns Péturssonar | 70/1957 |
| 855 | Minningarsjóður Veðramótahjóna | 105/1957 |
| 865 | Afmælissjóður Kvenfélags Reyðarfjaðar | 32/1958 |
| 888 | Styrktarsjóður áfengissjúklinga | 169/1959 |
| 932 | Minningarsjóður Sveinbjörns Finnbogasonar, stýrimanns | 144/1961 |
| 936 | Minningarsjóður um Sigurð H. S. Óskarsson | 11/1962 |
| 938 | Minningarsjóður Björns Eiríkssonar og Kristínar Marteinsdóttur | 39/1961 |
| 964 | Björgunar- og hjálparsjóður Dýraverndunarfélags Skagafjarðar | 186/1963 |
| 986 | Minningarsjóður Guðmundar Dagssonar | 137/1964 |
| 989 | Heimilissjóður Hjúkrunarfélags Íslands | 192/1964 |
| 999 | Minningarsjóður Ólafs Þ. Ágústssonar | 238/1965 |
| 1029 | Menntasjóður Sparisjóðs Sauðárkróks | 47/1968 |
| 1039 | Séra Friðrikssjóður | 235/1968 |
| 1065 | Minningarsjóður Ingibjargar Brandsdóttur | 109/1969 |
| 1109 | Minningarsjóður Jónasar Oddssonar, læknis | 35/1972 |
| 1114 | Minningarsjóður Jean V. Van Deurs Claessen | 229/1972 |
| 1134 | Verðlaunasjóður Barnaskólans á Blönduósi | 145/1974 |
| 1153 | Minningarsjóður Jónasar Halldórssonar og Ara Hermannssonar | 241/1975 |
| 1163 | Afmælissjóður Elliheimilis Ísafjarðar | 126/1976 |
| 1171 | Styrktar- og húsbyggingarsjóður Leikfélags Kópavogs | 377/1976 |
| 1172 | Sjóðurinn „Hlíðaskálf" | Óstaðfest |
| 1184 | Sjúkra- og slysatryggingasjóður júdódeildar U.M.F.K. | 338/1977 |
| 1252 | Minningarsjóður Guðnýjar Bjarnadóttur | 668/1981 |

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 13. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 396 13. ágúst 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, er taki gildi 1. september 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Reykjahlíðar, nr. 113, 4. mars 1990:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . 15%.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Þorlákshafnar.**

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Þorlákshafnar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem tengt er veitukerfi hennar, í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar, enda séu hitagjafar (ofnar) hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annars en húshitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Vatnsrennsli að hitunarkerfi og neysluvatnslögn húss skal takmarkað um stillanlega hemla og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það magn, sem hemill fyrir hitunarkerfi húss er stilltur á, en þegar seld eru önnur afnot vatns, skal nota vatnsmæli og miðast gjaldið þá við hvern rúmmetra vatns.

Hitaveitunni er heimilt að selja neysluvatn samkvæmt vatnsmæli til þeirra húsa sem ekki eru hituð með hitaveitu.

Hitaveitan stillir hemil, sbr. 1. mgr. að ósk notanda og breytir stillingu, ef notandi fer fram á það við hitaveituna.

Hæsta stilling hemils gildir eitt ár í senn miðað við 1. september – 31. ágúst, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

4. gr.

Fyrir afnot af heitu vatni (varmaorku) úr veitukerfi hitaveitunnar skal greiða orkugjald:

a. Samkvæmt magnhemli . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 1 782,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.

b. Samkvæmt vatnsmæli . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 89,60
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Í sérstökum tilfellum, þegar um afnot af heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar og/eða neysluvatnsnota, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og selt heitt vatn samkvæmt lið c:

c. Til annars en húshitunar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 30,50
samkvæmt vatnsmæli pr. $m^3$.

5. gr.

Þar sem vatn er selt um hemil til upphitunar afgreiðir hitaveitan kranavatn til heimilisnota án sérstaks orkugjalds að því marki, sem hún telur nægilegt í venjulegum tilvikum og er þá miðað við að ekkert rennsli sé í gegnum hitagjafa (ofna), þegar kranavatn er notað að fullu.

Óski notandi eftir meira kranavatni til heimilisnota en að framan greinir, getur hitaveitan afgreitt það gegn gjaldi, sem nemur $1/30$ af orkugjaldi til upphitunar, reiknað af því umframmagni, sem hann fær.

Orkugjald fyrir kranavatn um hemil til heimilisnota í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu, samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta skal lækka hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

Þar til hemill eða vatnsmælir hefur verið settur upp og hemill stilltur og ef hemill eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Hitaveitan stillir hemil, þegar fullur hiti er kominn á vatnið.

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 4. og 5. gr. má krefja mánaðarlega eftir á. Eigi skulu þau krafin sjaldnar en ársfjórðungslega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

Hafi breyting á stillingu hemils í för með sér viðbótargreiðslur fyrir þann hluta ársins, sem liðinn er sbr. 3. gr., er hitaveitunni heimilt að jafna þeirri greiðslu á þá mánuði ársins sem eftir eru.

7. gr.

Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður allt tengt veitukerfi hitaveitunnar eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu, en af þeim skal greiða hálft gjald. Heimæðagjöld eru miðuð við þátttöku húseiganda í stofnkostnaði veitukerfis hitaveitunnar.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

Af öllu húsnæði sem tengist hitaveitunni skal reiknað heimæðagjald samkvæmt eftirfarandi jöfnu:

$$H = 44.598 + 48,60 \times V$$

Hér táknar H heimæðargjald í krónum fyrir hverja heimæð og/eða hemlagrind og V rúmmál (utanmál) viðkomandi húsnæðis í rúmmetrum.

Þegar lögn heimæðar er lokið er heimæðagjaldið gjaldkræft. Af viðbyggingum og nýbyggingum á lóð þar sem ekki þarf nýja heimæð er gjaldið gjaldkræft þegar byggingarleyfi er veitt.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila skal gjald fyrir að opna á ný samsvara orkugjaldi fyrir einn mínútulítra á mánuði.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitunnar er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

10. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskránni, eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingu sem á nefndri vísitölu verður, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

Gjaldskrárbreyting þessi sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. september 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 631, 27. desember 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# GJALDSKRÁ

## Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.

1. gr.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vogarlóð. | |
| 1.1 | Nákvæmnisflokkur O ($M_3$) | Kr. |
| 1.1.1 | 100 g - 2 kg | 600,00 |
| 1.1.2 | 5, 10 og 20 kg | 700,00 |
| 1.1.3 | 50 kg | 1 500,00 |
| 1.2 | Nákvæmnisflokkur $M_2$ | |
| 1.2.1 | 1g - 2 kg | 750,00 |
| 1.2.2 | 5, 10 og 20 kg | 950,00 |
| 1.2.3 | 50 kg | 2 300,00 |
| 1.3 | Nákvæmnisflokkur $M_1$ | |
| 1.3.1 | 1 mg - 2 kg | 950,00 |
| 1.3.2 | 5, 10 og 20 kg | 1 250,00 |
| 1.3.3 | 50 kg | |
| 1.4 | Nákvæmnisflokkur $F_2$ | |
| 1.4.1 | 1 mg - 2 kg | 1 200,00 |
| 1.4.2 | 5, 10 og 20 kg | 2 500,00 |
| 1.4.3 | 50 kg | Skv. reikn. eða tilboði |
| 1.5 | Annað | |
| 1.5.1 | Massar í öðrum nákv.fl. | Skv. reikn. eða tilboði |
| 1.5.2 | Kvörðun lóða og vottorð | Skv. reikn. eða tilboði |

ATH! Vogarlóð undir 5 g verða *ekki* endurlöggilt.

| | | |
|---|---|---|
| 2. | Lyfjaverslanir og rannsóknarstofur:<br>Mælitæki skv. reglug. nr. 289/1970 og 24/1983<br>Eftirlitsskyld mælitæki í nákvæmnisflokkum I og II | |
| 2.1.3 | Burðarþol ≤ 30 kg | 6 700,00 |
| | Löggildingarskyld mælitæki í nákvæmnisflokki II | |
| 2.2.3 | Burðarþol ≤ 30 kg | 9 500,00 |
| 3. | Brautavogir fyrir sláturhús | |
| 3.1.1 | Burðarþol ≤ 200 kg (1 ár) | 22 500,00 |
| 3.2.1 | Burðarþol > 200 kg (1 ár) | 26 500,00 |
| 4. | Reislur fyrir heilsuverndarstöðvar | |
| 4.1.1 | Burðarþol ≤ 20 kg | 700,00 |
| 5. | Bílavogir | |
| 5.1.1 | Burðarþol ≤ 30 t (1 ár) | 55 000,00 |
| 5.1.2 | Burðarþol ≤ 30 t (2 ár) | 75 000,00 |
| 5.2.1 | Burðarþol > 30 t - 60 t (1 ár) | 70 000,00 |
| 5.2.2 | Burðarþol > 30 t - 60 t (2 ár) | 90 000,00 |
| 5.3.1 | Burðarþol > 60 t - 100 t (1 ár) | 85 000,00 |
| 5.3.2 | Burðarþol > 30 t - 100 t (2 ár) | 105 000,00 |
| 5.4.1 | Burðarþol > 100 t (1 ár) | 105 000,00 |
| 5.4.2 | Burðarþol > 100 t (2 ár) | 125 000,00 |

6. Ósjálfvirkur og hálfsjálfvirkur vogarbúnaður í nákvæmnisflokkum II, III, IV ætlaður til verslunar-, viðskipta- og/eða iðnaðarnota.

| | | |
|---|---|---|
| 6.0.3 | Lágmarksgjald fyrir eina vog | 8 000,00 |
| 6.1.3 | Burðarþol ≤ 30 kg | 6 000,00 |
| 6.2.3 | Burðarþol > 30 kg - 200 kg | 8 000,00 |
| 6.3.3 | Burðarþol > 200 kg - 500 kg | 10 000,00 |
| 6.4.3 | Burðarþol > 500 kg - 2000 kg | 17 000,00 |
| 6.5.3 | Burðarþol > 2000 kg - 5000 kg | 23 000,00 |
| 6.6.3 | Burðarþol > 5000 kg - 15000 kg | 27 000,00 |
| 6.7.3 | Burðarþol > 15000 kg - 30000 kg | 33 000,00 |
| 6.8.3 | Burðarþol > 30000 kg | 37 000,00 |

7. Sjálfvirkur vogarbúnaður; allir nákvæmnisflokkar.

| | | |
|---|---|---|
| 7.1.1 | Burðarþol ≤ 30 kg (a ár) | 8 000,00 |
| 7.2.1 | Burðarþol > 30 kg - 200 (1 ár) | 9 000,00 |
| 7.3.1 | Burðarþol > 200 kg - 500 kg (1 ár) | 10 000,00 |
| 7.4.1 | Burðarþol > 500 kg - 2000 kg (1 ár) | 12 000,00 |
| 7.5.1 | Burðarþol > 2000 kg - 5000 kg (1 ár) | 20 000,00 |
| 7.6.1 | Burðarþol > 5000 kg - 15000 kg (1 ár) | 28 000,00 |
| 7.7.1 | Burðarþol > 15000 kg - 30000 kg (1 ár) | 36 000,00 |
| 7.8.1 | Burðarþol > 30000 kg (1 ár) | 42 000,00 |

8. Rúmtaksmæling.

| | | |
|---|---|---|
| 8.1.0 | Vínmælar; rúmtak 3 cl og 6 cl | 1 250,00 |
| 8.2.2 | Rúmtak ≤ 10 l (2 ár) | 2 500,00 |
| 8.2.5 | Rúmtak ≤ 10 l (5 ár) | 5 500,00 |
| 8.2.10 | Rúmtak ≤ 10 l (10 ár) | 11 000,00 |
| 8.2.12 | Rúmtak ≤ 10 l (12 ár) | 14 000,00 |
| 8.3.2 | Rúmtak > 10 l - 500 l (2 ár) | 12 000,00 |
| 8.3.5 | Rúmtak > 10 l - 300 l (5 ár) | 25 000,00 |
| 8.3.10 | Rúmtak > 10 l - 500 l (10 ár) | 50 000,00 |
| 8.3.12 | Rúmtak > 10 l - 500 l (12 ár) | 57 000,00 |
| 8.4.2 | Rúmtak > 500 l - 5000 l (2 ár) | 19 000,00 |
| 8.4.5 | Rúmtak > 500 l - 5000 l (5 ár) | 38 000,00 |
| 8.4.10 | Rúmtak > 500 l - 5000 l (10 ár) | 76 000,00 |
| 8.4.12 | Rúmtak > 500 l - 5000 l (12 ár) | 80 000,00 |
| 8.5.2 | Rúmtak > 5000 l - 10000 l (2 ár) | 27 000,00 |
| 8.5.5 | Rúmtak > 5000 l - 10000 l (5 ár) | 52 000,00 |
| 8.5.10 | Rúmtak > 5000 l - 10000 l (10 ár) | 105 000,00 |
| 8.5.12 | Rúmtak > 5000 l - 10000 l (12 ár) | 110 000,00 |
| 8.6.2 | Rúmtak > 10000 l - 30000 l (2 ár) | 35 000,00 |
| 8.6.5 | Rúmtak > 10000 l - 30000 l (5 ár) | 70 000,00 |
| 8.6.10 | Rúmtak > 10000 l - 30000 l (10 ár) | 140 000,00 |
| 8.6.12 | Rúmtak > 10000 l - 30000 l (12 ár) | 150 000,00 |
| 8.7.2 | Rúmtak > 30000 l (2 ár) | 70 000,00 |
| 8.7.5 | Rúmtak > 30000 l (5 ár) | 140 000,00 |
| 8.7.10 | Rúmtak > 30000 l (10 ár) | 280 000,00 |
| 8.7.12 | Rúmtak > 30000 l (12 ár) | 300 000,00 |

ATH! Auk framangreindra gjalda, greiðist kostnaður vegna kvörðunar og útgáfu vottorða samkvæmt reikningi eða tilboði.

9. Rennslismælar og dælur

9.1 Bartölvukerfi

| | | |
|---|---|---|
| 9.1.3 | Bartölvukerfi | 22 400,00 |

9.2. Skammtarar

| | | |
|---|---|---|
| 9.2.1 | Rennslismælar með föstum mæli | 6 000,00 |

| | | |
|---|---|---|
| 9.3 | Mælitæki fyrir eldsneyti, olíur og mjólk | |
| 9.3.1 | Rennsli ≤ 100 l/mín. (1 ár) | 8 000,00 |
| 9.3.2 | Rennsli > 100 l/mín. - 750 l/mín (1 ár) | 9 500,00 |
| 9.3.3 | Rennsli > 750 l/mín. - 2000 l/mín (1 ár) | 12 500,00 |
| 9.3.4 | Rennsli > 2000 l/mín. (1 ár) | 17 000,00 |
| 10. | Lengdarmál. | |
| 10.1 | Málbönd ≤ 20 m | 7 500,00 |
| 10.2 | Málbönd > 20 m - 50 m | 10 200,00 |
| 10.3 | Málbönd > 50 m - 100 m | 22 500,00 |
| 10.4 | Kvarðar f. álnavörumark. 0,5 m og 1.0 m | 550,00 |
| 10.5 | Lengdamælivélar | 2 800,00 |
| 10.6 | Möskvamælar | 2 800,00 |
| 11. | Flotmælar | |
| 11.1 | Kvarðaðir við 20°C | 15 000,00 |
| 11.2 | Kvarðaðir við 15°C | 22 400,00 |
| 12. | Önnur mælitæki | |
| 12.1 | Prófun, kvörðun og/eða vottun ... Skv. reikn. eða tilboði | |
| 13. | Tegundarprófanir og viðurkenningar | |
| 13.1 | Tegundarprófun á kaldavatnsmæli án EFTA/EBviðurkenningar | 346 000,00 |
| 13.2 | Tegundarprófun á heitavatnsmæli án EFTA/EB viðurkenningar | 368 500,00 |
| 13.3 | Grunntegundarprófun voga í nákvæmnisflokkum I og II ... Samkv. reikn. eða tilboði | |
| 13.4 | Grunntegnundarprófun voga í nákvæmnisflokkum III og IV | |
| | Burðarþol ≤ 30 kg | 560 000,00 |
| 13.5 | Samanburðarprófun og athugun á vogum með EFTA/EB viðurkenningu | 15 000,00 |
| 13.6 | Önnur tilfelli ... Samkvæmt reikningi eða tilboði | |
| 14. | Umsjónar- og stjórnunarkostnaður. | |
| 14.1 | Lokunargjald ... 30% af viðurk.gjaldi | |
| 14.2 | Endurútgáfa á tegundarviðurkenningu | 25 000,00 |
| 14.3 | Vottorðsgjald | 600,00 |
| 14.4 | Annað ... Samkvæmt reikningi eða tilboði | |

2. gr.

Sérferðir greiðast samkvæmt reikningi, og reiknast brot úr klukkustund sem ein klukkustund. Einnig reiknast: akstur, ferðakostnaður og iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatryggingum.

3. gr.

Virðisaukaskattur greiðist ekki af gjaldskrá þessari, þó skal greiða virðisaukaskatt, þegar um er að ræða kostnað samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar nr. 1 frá 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld til þess að öðlast gildi 1. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 643/1989.

*Viðskiptaráðuneytið, 27. ágúst 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# REGLUGERÐ

**um sérstök togveiðisvæði samkvæmt lögum nr. 38/1990.**

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði B., F. og G. liðar 3. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, er öllum skipum heimilt að stunda veiðar með botnvörpu á eftirgreindum svæðum og tímum:

A. Í Héraðsflóa, frá og með 1. september 1991 til og með 31. desember 1991, frá línu réttvísandi austnorðaustur af Bjarneyjarvita að línu réttvísandi austnorðaustur af Ósfles (65°37'8 N, 13°55'3 V), utan línu, sem dregin er í einnar sjómílu fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins.

B. Utan Breiðafjarðar, frá og með 1. október 1991 til og með 31. desember 1991, norðan 65° og utan fjögurra sjómílna frá línu, sem dregin er úr Öndverðarnesvita í Bjargtanga (65°30'2 N, 24°32'1 V). Að norðan markast svæðið af línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum.

C. Fyrir Vestfjörðum, frá og með 1. október 1991 til og með 31. desember 1991, utan línu, sem dregin er 8 sjómílur utan viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81/1976, frá línu dreginni réttvísandi í vestur frá Bjargtöngum að línu, sem dregin er 328° réttvísandi frá Sauðanesvita (66°07'1 N, 23°39'2 V). Norðan línu, sem er dregin 317° frá Óshólavita í Ísafjarðardjúpi norður um að 22°44'0 V, eru togveiðar með botnvörpu heimilaðar utan fjögurra sjómílna frá viðmiðunarlínu.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 21. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990 um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 400 23. ágúst 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, er taki gildi 1. september 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Rangæinga, nr. 371, 13. september 1990:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 4,63%.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Kópavogs hefur Skipulagsstjórn ríkisins hinn 31. júlí, samþykkt og staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.

Breytingin felur í sér, að í stað opins svæðis vestan lóðarinnar nr. 45 við Sunnubraut og sunnan lóðarinnar nr. 48 við sömu götu kemur íbúðarhúsalóð, Sunnubraut 47.

Bæjarsjóður Kópavogs tekur að sér að bæta tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sem gerð er samkv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

*Umhverfisráðuneytið, 21. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

21. ágúst 1991 Nr. 402

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985–2005.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Húsavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins hinn 7. ágúst, samþykkt og staðfest breytingu á aðalskipulagi Húsavíkur 1985–2005.

Breytingin felur í sér, að landnotkun á horni Bergháls og Þverholts breytist úr verslunar-, skrifstofu og þjónustuhúsnæði í íbúðarsvæði.

Bæjarsjóður Húsavíkur tekur að sér að bæta tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sem gerð er samkv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

*Umhverfisráðuneytið, 21. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

21. ágúst 1991 Nr. 403

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988–2008.**

Samkvæmt ósk hreppsnefndar Gerðahrepps hefur Skipulagsstjórn ríkisins hinn 26. júní, samþykkt og staðfest breytingu á aðalskipulagi Gerðahrepps 1988–2008.

Breytingin felur í sér, að iðnaðarsvæði við götuna Iðngarða stækki til vesturs.

Sveitarstjóra Gerðahrepps ber að bæta tjón, sem einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna, sem gerð er samkv. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

*Umhverfisráðuneytið, 21. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

# AUGLÝSING

**um breytingu á staðfestu aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2010, að hluta óbyggðs svæðis/útivistarsvæðis á horni Undirhlíðar og Hörgárbrautar er breytt í verslunar- og þjónustusvæði.

Þessi breyting hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Akureyrar og Skipulagsstjórn ríkisins og hefur að öðru leyti hlotið þá meðferð, sem áskilin er í skipulagslögum nr. 19/1964.

*Umhverfisráðuneytið, 23. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

Nr. 405 28. ágúst 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir hafnir.**

I. KAFLI
**Gildissvið.**
1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI
**Um hafnagjöld.**
2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við mestu brúttóstærð skipa.

Fyrir íslensk skip skal fara eftir skrá yfir íslensk skip, útgefinni af Siglingamálastofnun ríkisins, en fyrir erlend skip skal miða við viðurkennda skipaskrá, t.d. Lloyds Register of Shipping eða Norsk Veritas.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

**Lestagjöld.**
4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 5,85 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar í mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

**Bryggjugjöld.**
5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 2,90 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald kr. 40,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 1870,00 á mánuði.

Skip þau er getur í síðustu mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálft vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a) Umbúðir sem endursendar eru.
b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

*Vörugjaldskrá.*

1. fl.: Gjald kr. 98,50 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement.

2. fl.: Gjald kr. 205,00 pr. tonn.
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matmæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 565,00 pr. tonn:
a) Vélar og tæki hverskonar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald 1,00%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum.
Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi fob-verðs.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverðmæti hvort tveggja miðað við 1. fl. fisk. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.

Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 52,00.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4. og 5. tl.

## III. KAFLI
## Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.

14. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá

afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

## IV. KAFLI
## Frávik og gildistaka.

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. um vörugjaldskrá 4. fl. skal aflagjald fyrir Bolungarvíkurhöfn vera 1,275%.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 546, 31. desember 1990.

*Samgönguráðuneytið, 28. ágúst 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

# AUGLÝSING

**um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í septembermánuði 1991.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í septembermánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: | Innborgun 2.0% |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 2.0% |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

Nr. 407 28. ágúst 1991

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 245/1991, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald - bensíngjald - af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 21,35 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 23,35 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þann 1. september 1991.

*Fjármálaráðuneytið, 28. ágúst 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Indriði H. Þorláksson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 43 - 1991



# REGLUGERÐ

**um bann við togveiðum á Hornbanka.**

1. gr.

Frá og með kl. 15, 3. september 1991 til og með 30. september 1991 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði á Hornbanka, sem markast af línum, sem dregnar eru um eftirfarandi punkta:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. | 66°57'N - 21°36'V | 5. | 66°54'N - 20°24'V |
| 2. | 66°58'N - 21°08'V | 6. | 66°52'N - 20°54'V |
| 3. | 67°08'N - 20°53'V | 7. | 66°43'N - 20°58'V |
| 4. | 67°06'N - 20°18'V | 8. | 66°41'N - 21°24'V |

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 3. september 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

26. ágúst 1991 Nr. 409

# REGLUGERÐ

**um bann við veiðum á smásíld.**

1. gr.

Óheimilt er að veiða smásíld, 27 cm að lengd eða minni sbr. 2.–3. gr.
Lágmarksstærð síldar er mæld frá trjónuodda að sporðsenda.

2. gr.

Fái nótaskip síldarkast, sem bersýnilega er að mestu leyti smásíld, 27 cm að lengd eða minni, þá er skipstjóra skylt að sleppa síldinni þegar í stað úr nótinni.



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

3. gr.

Sé skipsstjóri nótaskips í vafa um hlutfall smásíldar í aflanum, þá ber honum áður en verulega hefur verið þrengt að síldinni í nótinni, að taka sýnishorn af aflanum í smáriðinn háf og mæla 100 síldir af handahófi. Reynist meira en 25 síldir 27 cm að lengd eða minni, ber honum að sleppa síldinni þegar í stað.

4. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1.–3. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið, að fengnu áliti Hafrannsóknarstofnunar, veitt leyfi til veiði smásíldar, 27 cm að lengd eða minni, til niðursuðu eða annarrar vinnslu til manneldis eða til beitu. Leyfi þetta má binda skilyrðum, sem nauðsynleg þykja.

5. gr.

Ef reknet og lagnet, eru notuð til síldveiða, skal lágmarksmöskvastærð vera slík að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 cm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn, þegar netið er vott.

6. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 81 31. maí 1976, og skal með mál út af brotum farið að hætti opinberra mála.

Um upptöku afla fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 32 19. maí 1976, um upptöku ólöglegs sjávarafla.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 12. gr. laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 292 8. ágúst 1978 um síldveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 26. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# REGLUGERÐ

**um Sjóðshappdrætti Háskóla Íslands.**

1. gr.

Happdrætti Háskóla Íslands rekur sérstakt happdrætti undir heitunum Sjóðshappdrætti Háskóla Íslands og „Happó".

2. gr.

Í happdrættinu eru gefnir út sjálfstæðir útgáfuflokkar, hver um sig auðkenndur með bókstöfum, einum eða fleiri. Bókstafirnir eru prentaðir á happdrættismiðana við hlið miðanúmers. Engar kvaðir eru á fjölda miða sem út eru gefnir í hverjum útgáfuflokki.

3. gr.

Á miðum hvers útgáfuflokks skal, auk auðkennisbókstafs útgáfuflokks, koma fram verð miðans, dráttardagur og innlausnarfrestur vinninga. Miðanúmer skal bæði prentað á miðann með vel læsilegum bókstöfum og tölvutækum strikamerkingum.

4. gr.

Nýr flokkur happdrættismiða skal að jafnaði gefinn út á tveggja vikna fresti, en heimilt er stjórn happdrættisins að breyta útgáfutíðni þannig að ein, tvær, þrjár eða fjórar vikur líði á milli útgáfuflokka.

Sölu hvers flokks lýkur að jafnaði á mánudegi en útdráttur fer fram næsta virkan dag.

5. gr.

Verð hvers happdrættismiða skal vera 250 kr.

6. gr.

Miðar í happdrættinu skulu vera til sölu hjá aðalskrifstofu Happdrættis Háskóla Íslands, umboðsmönnum þess og eftir atvikum öðrum sölumönnum samkvæmt ákvörðun stjórnar happdrættisins.

7. gr.

Miðar í hverjum útgáfuflokki skulu prentaðir í samfellum, sem í eru 100, 200 eða 500 miðar, og myndar hver samfella eitt miðabúnt. Gataröð verði milli einstakra miða þannig að auðveldlega megi skilja miða í sundur þá er sala fer fram.

Miðar skulu að jafnaði seldir úr sérstökum sölukössum, þannig að miðar í hverju miðabúnti seljist í númeraröð - lægri númerin í hverju búnti fyrst.

8. gr.

Þegar miðar (búnt) eru afhentir til sölu skulu númer miðanna skráð í aðaltölvu happdrættisins.

Þegar sölu í útgáfuflokki lýkur skulu starfsmenn happdrættisins, umboðsmenn, og eftir atvikum aðrir sölumenn, staðreyna og staðfesta hvaða miðar eru óseldir af þeim miðum, sem

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

seljendur fengu til sölu. Þessum upplýsingum skal komið tímanlega til aðalskrifstofu happdrættisins þar sem þær verða skráðar í aðaltölvu þess áður en útdráttur fer fram.

Takist ekki að fá upplýsingar tímanlega frá einstökum seljendum um óselda miða skal litið svo á að allir miðar sem þeir fengu til sölu hafi verið seldir.

Útgefnum miðum í tilteknum útgáfuflokki sem ekki höfðu selst þegar sölu var hætt, skal skilað til aðalskrifstofu happdrættisins innan viku frá því er útdráttur fór fram.

Happdrættið skal varðveita skrá um selda miða í hverjum útgáfuflokki, svo og óselda miða, og skulu gögn þessi vera aðgengileg til eftirlits fyrir happdrættisráð. Gögnin skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár frá útdrætti.

9. gr.

Happdrætti Háskóla Íslands ber ekki ábyrgð á villu í prentun miða, en endurgreiða ber handhafa slíks miða andvirði hans, enda framvísi hann miðanum án ástæðulausrar tafar.

Komi í ljós eftir útdrátt að vegna villu í prentun beri tveir eða fleiri miðar sama vinningsnúmer skiptist vinningsfjárhæð jafnt á hvern miða.

Ógallaðir miðar verða ekki endurgreiddir.

10. gr.

Af heildarsölu hvers útgáfuflokks skal helmingi varið til vinninga. Heildarfjárhæð vinninga í hverjum útgáfuflokki skiptist í þrjá hluta þannig að í hlut eins vinningshafa kemur helmingur fjárhæðarinnar, tíu vinningshafar skipta með sér 30% og eitt hundrað vinningshafar fá samtals 20%.

Stjórn happdrættisins er heimilt að ákveða að 2,5% af heildarsölu hvers útgáfuflokks skulu lögð í sérstakan sjóð sem leggst við hæsta vinning í öðrum útgáfuflokki samkvæmt sérstakri ákvörðun stjórnarinnar. Ákvörðun um það í hvaða útgáfuflokki sjóður þessi verði notaður skal auglýsa eigi síðar en þá er sala hefst í þeim útgáfuflokki.

11. gr.

Útdráttur vinninga fer fram á aðalskrifstofu Happdrættis Háskóla Íslands og skal tölva þess notuð við útdráttinn.

Þegar útdráttur fer fram skal liggja fyrir hversu margir miðar voru prentaðir í hlutaðeigandi útgáfuflokki, hversu margir þeirra voru seldir og hvaða miðar höfðu ekki selst.

Vinningsnúmer skulu eingöngu dregin úr númerum seldra miða.

Við útdrátt skal nota sömu gögn og tæki og notuð eru við útdrátt í flokkahappdrætti Háskólans.

Eftirlit með útdrætti skal vera í höndum happdrættisráðs sem færir niðurstöður útdráttar og aðrar upplýsingar um framkvæmd hans í sérstaka gerðabók og staðfestir vinningaskrá.

Heimilt er að fresta birtingu á niðurstöðu útdráttar í allt að tvo sólarhringa.

12. gr.

Að loknum drætti skal happdrættið láta prenta skýrslu um vinninga, hvaða miðar hafi hlotið vinninga og hve háa. Skal skýrslan send öllum umboðsmönnum happdrættisins og vera þar til sýnis viðskiptamönnum.

13. gr.

Vinningsmiðum ber að framvísa til happdrættisins. Þar til nafnritun á sér stað aftan á miðann er litið á handhafa hans sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eiganda á bakhlið vinningsmiða, þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.

14. gr.

Vinningar sem nema lægri upphæð en 20.000 kr. skulu greiddir hjá sölumanni eða umboðsmanni eða á aðalskrifstofu happdrættisins. Greiðsla skal hefjast ekki síðar en á fjórða virkum degi eftir útdrátt.

Vinningar sem nema 20.000 kr. eða hærri fjárhæð skulu greiddir frá aðalskrifstofu Happdrættis Háskóla Íslands innan tveggja vikna frá því er vinningsmiða er framvísað.

Þegar vinningur nemur 20.000 kr. eða hærri fjárhæð skal vinningshafi framvísa vinningsmiða sínum hjá sölumanni eða umboðsmanni eða á aðalskrifstofu happdrættisins ásamt útfylltu þar til gerðu útborgunareyðublaði. Skal vinningshafinn fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins. Aðalskrifstofan greiðir vinning um leið og gengið hefur verið úr skugga um að vinningsmiði sé gildur.

Vextir reiknast ekki á vinninga.

15. gr.

Vinnings skal vitja innan eins árs frá því að útdráttur fór fram í hlutaðeigandi útgáfuflokki. Að þeim fresti liðnum verður vinningurinn eign happdrættisins.

16. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13 13. apríl 1973, sbr. lög nr. 23 5. maí 1986, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 20. ágúst 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*

4. september 1991 Nr. 411

# REGLUGERÐ

## um afnám banns við tog- og dragnótaveiðum í Breiðamerkurdjúpi.

1. gr.

Frá og með 6. september 1991 er felld úr gildi reglugerð nr. 343 15. júlí 1991, um bann við tog- og dragnótaveiðum í Breiðamerkurdjúpi.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 4. september 1991.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Kjartan Júlíusson.*

# SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Vatnsleysustrandarhrepps nr. 139/1988, sbr. samþykkt nr. 333/1988.**

1. gr.

5. tl. B liðar 56. gr. samþykktarinnar orðist svo:

**Hafnarstjórn Vogahafnar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.

2. gr.

Við bætist nýr 6. tl. B liðar 56. gr. samþykktarinnar sem orðist svo:

**Hafnarstjórn Vatnsleysuvíkurhafnar.** Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.

3. gr.

Töluliðir nr. 6–30 færist aftur um einn tölulið og verði töluliðir nr. 7–31.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur gert samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 407 12. október 1990 um fullvirðisrétt til framleiðslu sauðfjárafurða verðlagsárið 1991–1992.**

1. gr.

Við 5. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er verði 3. mgr., svohljóðandi:

Sömu ákvæði um mat líflamba til fullvirðisréttar skulu gilda um kaup líflamba hjá þeim aðilum sem leigt hafa Framleiðnisjóði landbúnaðarins fullvirðisrétt til sauðfjárframleiðslu. Kaupandi líflamba skal tilkynna Framleiðsluráði landbúnaðarins um fjölda líflamba sem keypt eru og seljendur þeirra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

11. september 1991 Nr. 414

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 313 2. júlí 1991 um aðlögun fullvirðisréttar til framleiðslu sauðfjárafurða að innanlandsmarkaði.**

1. gr.

1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Til lækkunar á niðurfærslu fullvirðisréttar á lögbýlum á hverju búmarkssvæði kemur innlagður fullvirðisréttur sbr. 22. gr. og fullvirðisréttur nýtanlegur til framleiðslu sem seldur hefur verið ríkissjóði skv. II kafla. Sala til ríkissjóðs á fullvirðisrétti sem er í framleiðslu á lögbýlum umfram markmið sbr. 9. og 10. gr. kemur ekki til lækkunar á fyrri niðurfærslu annarra búmarkssvæða. Ákvæði þessarar mgr. ná ekki til fullvirðisréttar utan lögbýla.

2. gr.

3. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar falli brott.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 11. september 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Guðmundur Sigþórsson.*

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# AUGLÝSING

**um gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu.**

Samkvæmt 6. gr. laga um birtingu laga og stjórnvaldaerinda, nr. 64 16. desember 1943, er gjald fyrir tilkynningar o.fl. sem birtist í Lögbirtingablaðinu hér með ákveðið þannig:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1. | Fyrir tilkynningu um nýskráningu hlutafélaga og samvinnufélaga | 4 000 |
| 2. | Fyrir tilkynningu um skráningu firma | 1 500 |
| 3. | Fyrir tilkynningu varðandi prókúruumboð | 1 500 |
| 4. | Fyrir tilkynningu um breytingu á hluta- og samvinnufélagi | 500 |
| 5. | Fyrir tilkynningu um breytingu á firma | 1 500 |
| 6. | Fyrir uppboðsauglýsingu, þrjár birtingar | 2 000 |
| 7. | Fyrir fjármark (brennimark innifalið) | 400 |
| 8. | Fyrir auglýsingu um óskilafénað, fyrir hverja kind eða hross | 250 |
| 9. | Fyrir innköllun | 2 000 |
| 10. | Fyrir auglýsingu um skiptafund | 850 |
| 11. | Fyrir ógildingarstefnu | 3 400 |
| 12. | Fyrir dómsbirtingu | 3 400 |
| 13. | Fyrir tilkynningu um útdrátt í happdrætti allt að 7 dálksentímetrum | 1 150 |

Annað efni sem birt er í blaðinu, en eigi fellur undir neinn framangreindra liða, greiðist með 185 krónum fyrir hvern dálksentímetra.

Myndmót, sem nota þarf við prentun auglýsingar, skal auglýsandi leggja til.

Gjaldskrá þessi öðlast gildi 1. október 1991. Fellur þá jafnframt úr gildi auglýsing um gjald fyrir tilkynningar o.fl. nr. 126 17. mars 1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 14. ágúst 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

# REGLUGERÐ

**fyrir Vatnsveitu Reykhólahrepps á Reykhólum og í Króksfjarðarnesi.**

1. gr.

Vatnsveita Reykhólahrepps í umboði hreppsnefndar Reykhólahrepps hefur einkaleyfi til reksturs vatnsveitu og sölu vatns á svæði því, er vatnsveitan nær yfir og hún getur fullnægt.

2. gr.

Sveitarstjóri, undir yfirumsjón hreppsnefndar, fer með framkvæmdastjórn er vatnsveituna varðar, bæði nýbyggingar og viðhald allt og umsjón. Heimilt er hreppsnefnd að ráða sérstakan umsjónarmann vatnsveitunnar er hafi eftirlit með vatnsveitukerfinu og annist öll þau störf í þágu veitunnar er þurfa þykir.

3. gr.

Hver sá sem vill fá tengingu við vatnsveituna, skal senda skriflega umsókn þar um til skrifstofu hreppsins, með upplýsingum um væntanlega vatnsnotkun.

4. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Umsjónarmanni og öðrum starfsmönnum vatnsveitunnar er heimilt að fara um hús manna og lóðir, þar sem vatnsleiðslur liggja, til þess að athuga þær og tæki þau, er sett eru í samband við þær. Telji þeir búnaði ábótavant, skal það tilkynnt húseiganda og tafarlausra úrbóta krafist. Sé því ekki sinnt innan tilskilins frests, skal umsjónarmaður veitunnar láta framkvæma úrbætur á kostnað húseiganda.

5. gr.

Vatnsveita Reykhólahrepps hefur rétt til að takmarka vatnsnotkun, ef skortur er á vatni, eða loka fyrir vatnið vegna hreinsunar, eða framkvæmda við vatnsveituna. Tilkynna skal notendum um slíka lokun, ef tök eru á. Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitunnar heimild til að gera hverjar þær ráðstafanir sem þeir telja nauðsynlegar, hvort sem er á vatnsæðum vatnsveitunnar eða vatnsæðum í einkaeign.

6. gr.

Vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, sem leiða kann af rekstrartruflunum er verða vegna vinnu við æðar vatnsveitunnar, takmörkun á vatnsnotkun eða af öðrum ástæðum, enda skal tilkynna um truflun sé þess kostur.

7. gr.

Hver sá sem veldur spjöllum á mannvirkjum vatnsveitunnar, saurgar vatnsæðar hennar, eða truflar rekstur hennar á annan ólögmætan hátt, skal bæta tjónið að fullu og sæta sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óþægindi og takmörkun afnotaréttar, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, náist samkomulag ekki.

9. gr.

Af öllum húsum sem metin eru til fasteignamats og tengd eru vatnsveitunni skal greiða árlegan vatnsskatt:

a) Af öllum húsum, 0,30% af fasteignamati viðkomandi húss og lóðar, lágmarksgjald hverrar sjálfstæðrar íbúðar (eða matshluta) skal þó vera kr. 4 000, en hámarksgjald kr. 11 000.
b) Fyrir meiri vatnsafnot skal greiða aukavatnsgjald sem hér segir: Þegar um er að ræða fyrirtæki sem nota mikið vatn, getur vatnsveitan ákveðið að settur skuli upp mælir. Vatnsveitan skal sjá um uppsetningu, en notandi annast viðhald hans og hefur umsjónarmaður vatnsveitu rétt til eftirlits með því viðhaldi. Nú vanrækir notandi viðhald mælisins og skal vatnsgjald þá reiknað eftir þeirri vatnsnotkun sem mest hefur orðið næsta ár á undan miðað við einn ársfjórðung, þann tíma sem mælirinn er í ólagi. Gjald fyrir vatnsafnot samkvæmt mæli skal vera kr. 11 fyrir hvern rúmmetra.
c) Tengigjald skal vera kr. 40 000.

Gjöld samkvæmt grein þessari er sveitarstjórn heimilt að hækka eða lækka um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytisins.

10. gr.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið og annast sveitarstjóri reikningshaldið, innheimtur og greiðslur.

Gjalddagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts, nema hvað þeir sem kaupa vatn samkvæmt b) lið 9. gr. skulu greiða vatnsgjaldið ársfjórðungslega.

11. gr.

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari, önnur en vatnsskattur sem reiknast af fasteignamati húsa og lóða, miðast við byggingarvísitölu 1. febrúar 1991 (176,8 stig) og breytast til samræmis við hana einu sinni á ári, 1. október ár hvert.

12. gr.

Öll gjöld samkvæmt reglugerð þessari má taka lögtaki, og eru þau tryggð með lögveði í viðkomandi fasteign næstu tvö ár frá gjalddaga, með forgöngurétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði.

13. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Reykhólahrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um aðstoð til vatnsveitna, nr. 93/1947 og vatnalögum, nr. 15/1923, til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Vatnsveitu Reykhólahrepps, nr. 35/1990.

*Félagsmálaráðuneytið, 2. september 1991.*

F. h. r.
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Þórhildur Líndal.*

# REGLUGERÐ

## um jarðrækt.

### 1. gr.

*Umsóknir um framlög.*

Umsóknir um framlög til jarðabóta skulu hafa borist Búnaðarfélagi Íslands fyrir 15. september árið áður en framkvæmdir hefjast. Umsóknir sem síðar berast verða afgreiddar með umsóknum næsta árs. Umsóknum skal fylgja mat héraðsráðunautar á þörf fyrir jarðabótina og staðfest framkvæmdaáætlun, sbr. 14. gr. þessarar reglugerðar, sé hún til og teikningar af byggingum. Þar sem framlag er hundraðshluti af kostnaði, skulu fylgja kostnaðaráætlanir.

Búnaðarfélag Íslands skal fyrir 1. mars tilkynna bændum hvaða framkvæmdir á jörðum þeirra muni njóta framlags á árinu.

Héraðsráðunautur tekur jarðabætur út, þegar frágangi þeirra er lokið skv. reglugerð þessari, og sendir um það vottorð til Búnaðarfélags Íslands. Framlög til jarðabóta, sem vottorð berast um eftir 1. nóvember, taka ekki mánaðarlegum hækkunum skv. 7. gr. jarðræktarlaga fyrr en frá 1. nóvember ári seinna, hafi framlagið ekki verið greitt þá.

### 2. gr.

*Útboð.*

Til að tryggja sem lægst verð á þeim jarðabótum, þar sem framlag miðast við ákveðinn hundraðshluta af kostnaði við gerð þeirra, svo sem framræslu, er Búnaðarfélagi Íslands heimilt að semja við ákveðna aðila um að annast jarðabætur á ákveðnum svæðum.

Leita skal samþykkis viðkomandi búnaðarsambands um það, við hvern skuli samið og hvort bjóða skuli framkvæmdirnar út.

Jákvætt svar við umsókn um framlag má vera bundið því skilyrði, að sá sem Búnaðarfélag Íslands viðurkennir sem verktaka á svæðinu, vinni verkið.

### 3. gr.

*Áætlun.*

Allar jarða- og húsabætur sem njóta ríkisframlags skv. jarðræktarlögum skulu gerðar eftir áætlun eða í samráði við héraðsráðunauta.

Gæta skal þess að framræsla, ræktun lands eða aðrar jarðabætur, sem ríkisframlag fæst til, brjóti ekki gegn ákvæðum laga um náttúruvernd né annarra laga.

### 4. gr.

*Framræsla vegna endurræktunar.*

a. *Vélgrafnir skurðir.* Fyrir nýjum skurðum skal hafa verið mælt og gerður yfir þá vinnuseðill sem skylt er að leggja til grundvallar við úttekt. Úttektarmaður skal staðreyna með prófmælingum að vinnuseðli hafi verið fylgt. Sé uppmokstri úr skurðum ekki dreift út frá þeim, skal þess gætt að hann sé ekki lagður nær skurðbakka en 1,5 m. Skurðfláa skal haga eftir aðstæðum, en hann sé þó aldrei minni en 1:¾. Sérstaklega skal gæta þess að skurðir sem hreinsað er upp úr verði ekki holbekktir né flái minni en 1:¾. Við úttekt skal skurðurinn vera hreinn, þ.e. ekki liggi hnausar né stórir steinar í skurðbotninum.

b. *Plógræsi* skulu gerð með tækjum sem Búnaðarfélag Íslands viðurkennir og í jarðvegi sem hentar til plógræslu.

c. *Lokræsi* skulu gerð með pípum sem sérstaklega eru gerðar fyrir framræslu og Búnaðarfélag Íslands viðurkennir. Ræsin séu öll með nægum halla að dómi héraðsráðunautar og þau séu 110-130 sm djúp í mýrarjarðvegi en 100-120 sm í leirkenndum jarðvegi eða öðrum þeim jarðvegi, sem ekki er gert ráð fyrir að sígi við framræslu. Pípurnar skulu grafnar í jörðu. Ekki er greitt framlag á lokræsi, þar sem pípurnar eru dregnar í jörð með plógi. Í leirkenndum jarðvegi skal setja möl eða annað viðurkennt fylliefni að pípunum. Efri endi pípa skal lokaður svo að tryggt sé að jarðvegur berist ekki þar inn í pípurnar. Úttekt þarf að fara fram áður en mokað er yfir pípurnar.

d. *Sprenging berghafta* telst því aðeins vera fullnægjandi að nægilega djúp rás sé sprengd í berghaftið til að vatn nái þar framrás en standi ekki uppi fyrir ofan það. Það er hins vegar ekki nauðsynlegt að flái sé sá sami í berghaftinu og annars staðar í skurðinum (mjó rás). Grjót sem losnað hefur við sprenginguna skal hafa verið fjarlægt úr skurðinum þegar úttekt fer fram.

5. gr.

*Jarðrækt.*

a. *Tún.* Til að tún sé úttektarhæft til framlags vegna endurræktunar þarf landið að hafa verið unnið á fullnægjandi hátt. Annaðhvort plægt og herfað eða a.m.k. tætt eða herfað, og sáð í það grasfræi sem sáðvörunefnd viðurkennir. Landið skal vera slétt, þ.e.a.s. véltækt, og nægilega vel ræst til að heilgrös geti þrifist þar. Sáð skal hafa verið í landið á þeim tíma sem ráðunautur telur vera líklegan til að bera árangur og borið nægilega vel á til að tryggja að túngrös þrífist í landinu. Yfirborðsvatn skal hafa eðlilega framrás af landinu, þannig má uppgröftur úr skurðum ekki vera til fyrirstöðu. Á flötu landi skal gerður vatnshalli á landið (kýft). Framlag til endurræktunar er bundið við að landið hafi verið nytjað sem tún, þótt ekki sé þess krafist að það hafi verið nýtt þannig árið fyrir endurræktun. Minnst fimm ár verða að líða milli þess sem sama land er endurunnið, nema það hafi orðið fyrir skemmdum af kali eða öðrum óviðráðanlegum orsökum. Til að fá framlag sem ræktun á mýrlendi þarf uppgröftur úr skurðum að vera færður frá skurðbakka inn á landið. Til ræktunar lands á framræstum mýrarjarðvegi fæst framlag eins og til ræktunar á þurrlendi ef uppmokstri úr skurðum hefur ekki verið dreift um landið við endurvinnslu (t.d. uppmokstur látinn standa á bökkum eða hann er settur hinum megin á skurðbakka) og landið hefur ekki verið kýft eða skurðbakkar lækkaðir.

b. *Kornakrar.* Framlag til kornræktar er bundið því að sáð hafi verið viðurkenndum afbrigðum samkvæmt sáðvöruskrá, sem ætluð eru til kornræktar til þroska, enda sáð í þeim tilgangi. Öll skilyrði skulu vera þannig, að mati ráðunautar, að líklegt sé að korn nái þroska, s.s. eins og sprettutími og jarðvegur. Skilyrði er að sá í landið fyrir 15. maí.

c. *Fræakrar.* Framlag til fræræktar greiðist því aðeins, að gerður hafi verið skriflegur samningur milli jarðabótamanns og fræsölufyrirtækis eða Landgræðslu Íslands um kaup á uppskeru af því landi sem sótt er um framlag til. Búnaðarfélag Íslands skal samþykkja samninginn. Frærækt skal vera undir eftirliti Búnaðarfélags Íslands og standast þær kröfur sem gerðar eru til fjarlægðar frá öðrum fræökrum og annarrar meðferðar akranna til að tryggja hreina og góða uppskeru.

d. *Grænfóðurakrar.* Framlag til grænfóðurræktar er bundið því skilyrði að um sé að ræða ræktun til þess að bæta úr fyrirsjáanlegum fóðurskorti vegna kals eða annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda. Ennfremur er framlagið bundið því að ræktunarþörfin hafi verið metin og viðurkennd af jarðræktarráðunaut Búnaðarfélags Íslands áður en í framkvæmdir er ráðist. Nú telur bóndi eða bændur á ákveðnu landsvæði (búnaðarfélagssvæði) að um svo mikið kal sé að ræða eða önnur ræktunaráföll hafi orðið, þannig að þeim

sé nauðsynlegt að rækta grænfóður til að fyrirbyggja fóðurskort og skulu þeir þá tilkynna það viðkomandi héraðsráðunautum, eða ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í jarðrækt svo fljótt sem tök eru á. Jarðræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands skal meta hvort og þá hve mikillar grænfóðurræktar er þörf, og ákvarðar það mat rétt til framlags.

6. gr.
*Byggingar.*

Byggingar skulu gerðar eftir teikningum sem Búnaðarfélag Íslands hefur viðurkennt. Við úttekt bygginga skal úttektarmaður fullvissa sig um að bygging sé gerð með samþykki viðkomandi byggingaryfirvalda og fullnægi kröfum byggingarreglugerðar. Ekki er veitt framlag til bygginga sem fluttar eru til, jafnvel milli bæja (geymsluhús, votheysturnar) og reistar á nýjum grunni, ef framlag hefur verið veitt til þeirra áður. Við úttekt skulu byggingar fullfrágengnar í samræmi við teikningar, sbr. þó 7. gr. um áburðarkjallara. Stærð bygginga skal miða við utanmál þeirra.

7. gr.
*Áburðargeymslur.*

Áburðargeymslur skulu vera með steyptu gólfi og veggjum eða lagarheldum veggjum og þannig gengið frá opum, að ekki sé hætta á að áburður geti skolast úr geymslunni, þótt hann blandist vatni.

Flatarmál áburðargeymslu skal miða við utanmál, en hæð mæld frá gólfi að neðri brún gólfplötu eða grinda í gripahúsum, þegar um áburðarkjallara er að ræða, en veggjahæð í öðrum geymslum. Heimilt er að taka áburðarkjallara út þegar lokið hefur verið frágangi veggja að utan og innan og frágangi gólfs í kjallara og burðarvirkis undir gólf í gripahúsi, þótt húsi yfir kjallaranum sé ekki enn að fullu lokið.

8. gr.
*Hey-, garðávaxta- og verkfærageymslur.*

a. *Votheyshlöður* úr varanlegu efni. Við úttekt á rými flatgryfja skal mæla fulla veggjahæð byggingar, þó að hámarki 5,0 m. Einungis skal mæla nýtanlegt votheysrými og byggingu yfir því, en ekki sérstakt athafnasvæði innandyra. Í turnum og gryfjum mælist full vegghæð.
b. *Þurrheyshlöður.* Ekki skal taka út þurrheyshlöður fyrr en sett hefur verið í þær súgþurrkunarkerfi sem Búnaðarfélag Íslands hefur samþykkt. Ekki skal taka út athafnasvæði í eða við hlöður.
c. *Súgþurrkunarblásari* með aflvél, *kælivél* vegna garðávaxtageymslu, *losunarbúnaður* í votheyshlöðum og rafstrengur frá aðaltöflu til þessara tækja. Framlag fæst til kaupa á blásara og aflvél, hvort sem hún er sjálfstæð eða sambyggð blásara, ásamt nauðsynlegum rofa til gangsetningar, lausum eða sambyggðum aflvél. Til kælibúnaðar telst frystivélasamstæða með nauðsynlegum gangsetningarrofa (aflvél, pressa, eimsvali, kæliblásari) og eimrör (kælieliment). Losunarbúnaður í votheysgeymslum sem framlag fæst til er hvers konar fastur losunarbúnaður í gryfjum ásamt föstum búnaði til flutnings á heyi úr gryfju í gripahús, s.s. gripkló á föstum brautum og blásari og föst rör til að blása votheyi úr hlöðu í gripahús. Ekki fæst framlag til lausra tækja, s.s. lausra blásara, vagna, heyskera né annarra tækja sem tengd eru dráttarvél og ekki til stillibúnaðar (tölvustýrðs) við súgþurrkunar- eða kælikerfi. Við úttekt skal leggja fram reikninga yfir innkaupsverð tækja og búnaðar, þ.m.t. nauðsynlega gangsetningarrofa. Úttekt fer ekki fram fyrr en

tæki hafa verið tengd. Verð tækja miðast við þau ótengd, þannig að vinna við uppsetningu þeirra skal ekki talin með í verði þeirra. Eingöngu er veitt framlag til nýrra tækja, þ.e. blásara, aflvéla og kælivéla, sem Búnaðarfélag Íslands hefur viðurkennt að stærð og gerð.

d. *Garðávaxtageymslur*. Þær skal ekki taka út fyrr en sett hefur verið í þær viðeigandi loftdreifikerfi. Einangrun geymslunnar skal vera samkvæmt fyrirmælum Byggingastofnunar landbúnaðarins eða Búnaðarfélags Íslands.

e. *Geymsluhús*. Framlag er veitt á verkfærageymslur og geymslur fyrir rúllubagga. Með rými í verkfærageymslu má telja viðgerðarrými í vélageymslu og aðstöðu til pökkunar og flokkunar í verkfærageymslum á garðyrkjubýlum, enda sé gólf þá steypt í geymslunum. Lágmarksfrágangur á yfirborði gólfs í verkfærageymslum skal vera vel þjappað malarlag, en í rúllubaggageymslum skal þó vera fínt sandlag yfir malarlaginu. Vegghæð í rúllubaggageymslum skal vera að lágmarki 3,5 m.

9. gr.

*Vatnsveitur til heimilis- og búsþarfa.*

Til búsþarfa telst vatnsnotkun í gripahúsum, til vökvunar á gróðri, við fiskeldi og vegna ferðaþjónustu. Framlag er miðað við stofnlagnir að inntaki eða húsvegg. Framlag er ekki veitt á brynningarkerfi né annan búnað innandyra í gripahúsum né vökvunarkerfi í gróðurhúsum. Sé um vökvun utandyra að ræða, s.s. vökvunarkerfi til frostsvarna í kartöflugörðum, takmarkast framlag við vatnsleiðslu að ræktunarlandinu, enda sé hún grafin í jörð og endi í krana. En ekki er veitt framlag til vökvunarkerfis né annars búnaðar við vökvunina, s.s. dælu til að auka þrýsting. Framlag til vatnsveitu að fiskeldi á lögbýlum er bundið því skilyrði að um sé að ræða fiskeldi í kerjum eða með öðrum þeim aðferðum, sem viðurkenndar eru af Búnaðarfélagi Íslands. Framlag nær ekki til vatnsvirkja í eldishúsi eða eldisstöð né loftunarbúnaðar. Til fiskeldisstöðva í félagseign takmarkast framlagið við eignarhlut bónda eða bænda. Framlag til vatnsveitu vegna ferðaþjónustu er bundið því skilyrði að um sé að ræða þjónustu (t.d. gistingu, greiðasölu eða snyrtiaðstöðu) sem er liður í búrekstri bónda og í hans eigu, enda séu aðstæður í samræmi við kröfur Félags ferðaþjónustu bænda og viðurkenndar af ráðunaut Búnaðarfélags Íslands í ferðaþjónustu. Ekki er veitt framlag til vatnsveitna í sumarbústaði, sem ekki er liður í búrekstri bónda né heldur til þjónustu, sem aðrir en bóndi reka á jörðinni, t.d. sveitarfélög eða veiðifélög. Sundurliðaður kostnaðarreikningur yfir efni og vinnu fylgi úttektarskýrslu. Sé um samveitu að ræða, skal tilgreina hlutdeild hvers einstaks aðila, og er aðeins greitt framlag út á hlut bænda á lögbýlum.

10. gr.

*Kölkun túna.*

Framlag er veitt til kölkunar, hvort heldur sem kalkið er unnið saman við jarðveginn eða því dreift ofan á grasrót. Það er skilyrði til framlags að minnst 125 kg Ca eða 3000 kg af skeljasandi séu notuð á ha í einu. Kalkinu skal hafa verið dreift í samráði við héraðsráðunaut áður en úttekt fer fram. Við úttekt skal leggja fram reikninga yfir kaupverð kalks og flutningskostnað frá hafnarstað. Við útreikning framlags skal miða við verð ódýrustu kalktegundar á markaði og ekki meira en algengt markaðsverð á flutningi.

11. gr.

*Gróðurhús.*

Eingöngu má veita framlag á nýjan búnað sem Búnaðarfélag Íslands hefur viðurkennt.

a. *Uppeldishús* skal ekki taka út fyrr en lýsibúnaður hefur verið settur í allt húsið og skal ljósmagn vera a.m.k. 3000 lux á $m^2$.

b. *Lýsibúnaður* í gróðurhúsum skal lýsa a.m.k. 3000 lux á $m^2$.
c. *Kolsýrugjöf* í gróðurhúsum. Framlag miðast við kaupverð kolsýrumæla, brennara, geyma og nauðsynlegra leiðslna, en ekki kostnað við uppsetningu þeirra. Við úttekt skal leggja fram reikninga sem sýna kaupverðið.

12. gr.
*Loðdýrabyggingar.*

Við útreikning framlags skal miðað við matsverð Stofnlánadeildar landbúnaðarins á stöðluðum loðdýraskála sömu gerðar án innréttinga. Sé aðstöðurými í loðdýraskála talið með í úttekt, skal hver flatareining þess metin eins og aðrir hlutar hússins. Við úttekt skal loðdýraskálinn fullnægja ákvæðum gildandi reglugerða um loðdýrarækt og innflutning loðdýra hvað varðar vörn gegn því að dýr geti sloppið úr haldi. Þau loðdýrahús sem framlag er veitt til eru refa-, minka- og loðkanínuhús.

13. gr.
*Skjólbelti.*

Skjólbelti skulu gerð eftir áætlun sem héraðsráðunautur og skógarvörður hafa gert. Þar skal a.m.k. koma fram:
a. Hvar og hversu löng fyrirhuguð skjólbelti skuli vera.
b. Hversu margar raðir trjáa skuli vera í hverju belti.
c. Hvaða trjátegundir og kvæmi skuli nota og hve gamlar eða stórar pöntur skuli vera við gróðursetningu.
d. Hversu þétt pöntur skuli gróðursettar, þ.e.a.s. fjöldi plantna á lengdareiningu í hverju belti.
e. Hversu langar nýjar girðingar verður að girða vegna skjólbeltanna.
f. Á hve mörgum árum er áætlað að planta í skjólbeltin.

Við úttekt skal trjám hafa verið plantað samkvæmt áætlun í belti eða þann hluta þeirra sem tekinn er út. Framlag fæst ekki til lengri girðinga en sem svarar tvöfaldri lengd beltis, sem gróðursett hefur verið í þegar úttekt fer fram. Framlag fæst eingöngu til nýrra, varanlegra girðinga, en ekki til endurbóta eða styrkingar á eldri girðingum né heldur til bráðabirgðagirðinga, s.s. tveggja strengja gaddavírsgirðinga og lágspenntra rafgirðinga.

Þar sem notaðir eru græðlingar í skjólbeltin eða trjápöntur tveggja ára eða yngri við gróðursetningu, skal ekki greiða framlag nema dökkur plastdúkur sé umhverfis plönturnar í skjólbeltinu. Framlög eru veitt á skjólbelti umhverfis ræktunarlönd (tún, kornakra, garðlönd), beitiland, bæjarhús, tjaldstæði og ferðaþjónustumannvirki sem eru þáttur í búrekstri á viðkomandi lögbýli. Ekki skal veita framlag til skjólbeltis sem er í minna en 30 m fjarlægð frá öðru samsíða belti nema sérstök rök, sem Búnaðarfélag Íslands tekur gild, mæli með því.

14. gr.
*Áætlun um ræktun og húsabætur.*

Þeir bændur sem hyggja á framkvæmdir er falla undir II. kafla jarðræktarlaga geta óskað eftir að gerð sé áætlun um ræktun og húsabætur á ábýlisjörð þeirra til næstu fimm ára. Áætlun þessi skal m.a. taka til eftirfarandi atriða:
a. Nauðsynlegrar framræslu vegna endurræktunar á túni og annarrar landþurrkunar.
b. Jarðræktar er bæti fóðurframleiðslu búsins að nauðsynlegu marki miðað við fóðurþarfir þess.
c. Nauðsynlegra nýbygginga vegna búreksturs á býlum.
d. Ræktunar skjólbelta á býlum er bæti búrekstraraðstöðu þar.

e. Áætlaðs kostnaðar við framkvæmdir og fjármögnunar þeirra. Við gerð áætlunarinnar skal taka mið af markaðsástandi og markaðshorfum, svo og almennum skilyrðum til búrekstrar á jörðinni, þ.m.t. stærð og ástandi úthaga.

Héraðsráðunautar gera áætlanir á einstökum bújörðum, með tilstyrk Búnaðarfélags Íslands, sem m.a. hlutast til um að vinnubrögð og frágangur áætlananna séu samræmd á milli hinna einstöku búnaðarsambandssvæða. Staðfestar áætlanir skulu sendar Búnaðarfélagi Íslands. Kostnað við gerð áætlana um ræktun og húsabætur skal greiða úr ríkissjóði af framlagi skv. X. tölulið 10. gr. jarðræktarlaga. Framlag þetta skiptist þannig: Til Búnaðarfélags Íslands 3/10 hlutar og til búnaðarsambandanna 7/10 hlutar. Hluti búnaðarsambandanna skal skiptast þannig: 25% deilist jafnt á milli búnaðarsambandanna en 75% deilist á milli búnaðarsambandanna eftir fjölda fullgildra félagsmanna í búnaðarfélögum hvers búnaðarsambands. Búnaðarsamböndunum skal tilkynnt upphæð framlags, sem í hlut þeirra kemur skv. þessari grein, fyrir 1. mars ár hvert.

15. gr.

*Stærðarmörk.*

Auk þeirra stærðarmarka sem getið er í jarðræktarlögum, þ.e. 200 $m^2$ uppeldishús á garðyrkjubýlum, 510 $m^2$ lýsing í gróðurhúsum og 600 $m^2$ loðdýraskáli, skulu eftirtalin stærðarmörk gilda, þannig að á hverju býli fæst aðeins framlag til framkvæmda að umgetnum stærðarmörkum, en ekki til þess sem umfram kann að vera.

I. *Áburðargeymslur.*
   a. við fjós og fjárhús 700 $m^3$ eða 22 $m^3$ á kú og 2,2 $m^3$ á kind.
   b. við alifuglahús 400 $m^3$.
   c. við svína- og hesthús 200 $m^3$.
   d. við loðdýrahús 100 $m^3$.

II. *Votheyshlöður* 1700 $m^3$.

III. *Þurrheyshlöður* 400 $m^2$.

IV. *Garðávaxtageymslur og geymsluhús* 200 $m^2$. Framlag veitist aðeins til framkvæmda að stærðarmörkum á hverju býli á 10 ára tímabili, nema um búháttabreytingar sé að ræða.

Stærðarmörk framkvæmda miðast við jörð eða lögbýli sem setið er af einum ábúanda eða rétt hvers ábúanda þar sem um löggilt félagsbú er að ræða. Annað félagsform, s.s. hlutafélög, samvinnufélög eða sameignarfélög, skal skoða sem einn aðila og þá verður einn (ábúandi) að vera í búnaðarfélagi. Undantekning frá þessu eru sameiginlegar byggingar tveggja eða fleiri bænda sem byggðar eru á annarri jörðinni eða einni, enda séu þá skráðir eigendur að byggingunni allir í búnaðarfélagi og búi á lögbýlum. Þá má veita framlag til meira rýmis en fram kemur í 1. mgr., en þó aldrei meira á hvern aðila en þar er kveðið á um.

16. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í jarðræktarlögum nr. 56 30. mars 1987, sbr. breytingu með lögum nr. 65 29. maí 1989 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um jarðrækt nr. 344 11. september 1985.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

# REGLUGERÐ

**um búfjárrækt.**

1. gr.

*Gildissvið.*

Reglugerð þessi tekur til eftirtalinna búfjártegunda: Alifiska, alifugla, hrossa, kanína, loðdýra, nautgripa, sauðfjár og svína.

2. gr.

*Búfjárræktarsamþykktir.*

Búnaðarsambönd skulu setja sér búfjárræktarsamþykktir um tilhögun ræktunarstarfs í hverri búgrein á sambandssvæðinu. Búfjárræktarsamþykktir skulu gerðar að fyrirmyndum frá Búnaðarfélagi Íslands samkvæmt tillögum frá búfjárræktarnefndum. Þar skal kveðið á um framkvæmd einstakra þátta ræktunarstarfsins sem lög um búfjárrækt mæla fyrir um og skiptingu framlags úr ríkissjóði milli búnaðarsambands og starfandi búfjárræktarfélaga í hverri búgrein.

Búnaðarsambönd geta falið einstökum búfjárræktarfélögum framkvæmd þessa verkefnis enda fullnægi þau skilyrðum viðkomandi búfjárræktarsamþykkta. Lög viðkomandi búfjárræktarfélags skulu kveða á um starfssvæði þess, sem getur náð yfir fleiri en eitt búnaðarsambandssvæði, enda komi til samþykki viðkomandi búnaðarsambanda. Búnaðarsambönd geta einnig falið búgreinafélögum eða búgreinasamtökum framkvæmd ræktunarstarfsins, enda hafi þau ræktun búfjár á stefnuskrá sinni og fullnægi skilyrðum viðkomandi búfjárræktarsamþykkta.

3. gr.

*Búfjárræktarnefndir.*

Í hverri búgrein skal starfa búfjárræktarnefnd. Í hverri nefnd sitja fimm menn og jafnmargir til vara. Stjórn Búnaðarfélags Íslands skipar formann, sem skal vera landsráðunautur í viðkomandi búgrein (héraðsráðunautur ef landsráðunautur er ekki starfandi). Búnaðarþing kýs tvo nefndarmenn úr hópi héraðsráðunauta sem starfa við viðkomandi grein og aðra tvo úr hópi starfandi bænda í greininni. Séu starfandi búgreinafélög, sem sett hafa sér búfjárræktarsamþykkt og uppfylla að öðru leyti skilyrði laganna kjósa þau fulltrúa úr hópi bænda í stað Búnaðarþings. Varamenn skulu kosnir eða skipaðir á sama hátt. Kjörtími hverrar nefndar er tvö ár.

Heimilt er að ákveða að í búfjárræktarnefnd sé tveimur fulltrúum færra eða fleira en áskilið er í 1. mgr. ef sérstakar ástæður þykja til, en hlutföll héraðsráðunauta og bænda séu þó jöfn.

Verkefni búfjárræktarnefndar er eftirfarandi:

a) að móta ræktunarstefnu í viðkomandi grein og hafa eftirlit með framkvæmd ræktunarstarfsins á hverjum tíma. Nefndin skal skilgreina ræktunarmarkmið og setja reglur um framkvæmd meginþátta ræktunarstarfsins, þ.m.t. reglur um skýrsluhald, reglur um búfjár- og afurðadóma og reglur um val gripa til notkunar á ræktunarstöðvum, sem framlags njóta skv. búfjárræktarlögum.
b) að gefa landbúnaðarráðherra umsögn um og gera tillögur um innflutning erlendra búfjárkynja í samræmi við lög um innflutning dýra nr. 54/1990.
c) að vera til ráðuneytis um málefni greinarinnar þeim aðilum sem annast rannsóknir, leiðbeiningar og kennslu í henni.
d) að vera til ráðuneytis við gerð verk- og kostnaðaráætlunar um búfjárræktarstarfið í greininni.

4. gr.

*Starfssvið og menntun ráðunauta.*

Landsráðunautar Búnaðarfélags Íslands skulu veita forystu leiðbeiningaþjónustu, hver í sinni grein og fylgjast með að ákvæðum laga um búfjárrækt sé fullnægt. Landsráðunautar skulu hafa lokið kandídatsprófi í búvísindum og sérnámi á starfssviði sínu eða hafa starfsreynslu, sem stjórn Búnaðarfélags Íslands metur jafngilda.

Héraðsráðunautar skulu vinna að og hafa eftirlit með framkvæmd búfjárræktarlaga, hver á sínu starfssvæði, í samráði við landsráðunauta. Þeir skulu hafa kandídatspróf í búvísindum eða sambærilega menntun.

Þriggja manna kjaranefnd ákveður við hvaða launaflokk hlutur ríkisins í launum héraðsráðunauta skuli miðast og hvernig meta skuli ferðakostnað héraðsráðunauta til greiðslu. Nefndina skipa fulltrúar frá landbúnaðarráðuneyti, fjármálaráðuneyti og fulltrúi frá búnaðarsamböndum, kosinn á formannafundi þeirra. Sá hluti launa héraðsráðunauta, sem ríkissjóði ber að greiða, skal miðast við kjarasamning Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra og skal kjaranefndin byggja ákvarðanir sínar á honum hverju sinni.

5. gr.

*Ræktunarstöðvar.*

Ræktunarstöðvar fyrir búfé, sem nú starfa skv. lögum um búfjárrækt eru eftirtaldar:

Í nautgriparækt:

Nautastöð Búnaðarfélags Íslands á Hvanneyri.
Nautauppeldisstöð Búnaðarfélags Íslands í Þorleifskoti.

Í sauðfjárrækt:

Sauðfjársæðingarstöð Búnaðarsambands Suðurlands í Þorleifskoti.
Sauðfjársæðingarstöð Vesturlands í Borgarnesi.
Sauðfjársæðingarstöðin á Möðruvöllum.

Í hrossarækt:

Stóðhestastöð ríkisins í Gunnarsholti.
Hrossaræktarbúið á Hólum í Hjaltadal.

Nýjar stöðvar í þessum eða öðrum búfjárgreinum verða aðeins stofnaðar með samþykki landbúnaðarráðherra að fengnum meðmælum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

Kjaranefnd samkvæmt 4. gr. þessarar reglugerðar, ákveður við hvaða launaflokk hlutur ríkisins í launum starfsfólks á ræktunarstöðvum og frjótækna skuli miðast.

6. gr.

*Nautgripasæðingar.*

Búnaðarsamböndum er heimilt að innheimta gjald af allri innveginni mjólk í mjólkurbú vegna kostnaðar við sæðingar mjólkurkúa á búnaðarsambandssvæðinu. Gjald þetta getur að hámarki verið 1% af grundvallarverði mjólkur á hverjum tíma. Búnaðarsambönd skulu tilkynna mjólkurbúum fyrir 1. desember ár hvert á hvern hátt þessi heimild skuli nýtt á komandi ári. Mjólkurbú standi skil á gjaldinu til búnaðarsambands mánaðarlega.

Ríkissjóður greiðir árlega styrk til jöfnunar á flutningskostnaði sæðis og ferðakostnaði frjótækna hjá búnaðarsamböndunum sem nemur 95,00 kr. á sædda kú á verðlagi ársins 1988. Verðlagsuppbót á styrk til sæðinga mjólkurkúa skal reikna samkvæmt vísitölu kostnaðar sem Hagstofa Íslands ákveður með hliðsjón af breytingum á aksturtöxtum hjá ferðakostnaðarnefnd ríkisins.

Skipting styrksins á milli búnaðarsambands skal hverju sinni ráðast af fjölda sæddra kúa á hverju svæði og meðalakstursvegalengd vegna hverrar sæðingar samkvæmt reglum frá Búnaðarfélagi Íslands sem landbúnaðarráðherra staðfestir.

7. gr.
*Framlög til skýrsluhalds.*

Skipting framlags, sem ríkissjóður greiðir til búfjárræktarstarfsemi á milli búgreina, skal staðfest af landbúnaðarráðuneyti að fengnum tillögum frá Búnaðarfélagi Íslands. Sú skipting skal einkum taka mið af þeirri starfsemi sem fram fer skv. ákvæðum 7. gr. laga nr. 84/1989, en með hliðsjón af framleiðsluverðmætum hverrar búgreinar að því marki sem þau eru sambærileg. Heimilt er að verja allt að 10% framlagsins til sérstakra átaksverkefna í einni eða fleiri búgreinum, ef sérstök ástæða þykir til.

Búnaðarfélags Íslands, eða þeim aðila öðrum sem annast uppgjör á afurðaskýrslum, er heimilt að innheimta útlagðan kostnað vegna eyðublaða og útsendingar gagna. Viðkomandi búfjárræktarnefnd skal setja reglur um skiptingu framlags til einstakra verkefna í búgreininni. Búfjárræktarfélög sem styrks njóta skulu hafa skilað skýrslum sem fullnægja þeim skilyrðum er búfjárræktarnefnd í viðkomandi grein hefur sett.

8. gr.
*Búfjársýningar.*

Búnaðarfélagi Íslands er skylt að gefa búfjáreigendum reglulega kost á dómum á kynbótagripum og eigi sjaldnar en fjórða hvert ár, samkvæmt reglum sem viðkomandi búfjárræktarnefnd setur og stjórn Búnaðarfélags Íslands staðfestir. Reglur þessar skulu kveða skýrt á um hvaða sýningar er skylt að halda skv. lögum um búfjárrækt. Þar skal einnig tilgreina reglur um framkvæmd sýninga. Búnaðarfélag Íslands skal annast að ráðunautar gegni dóms- og matsstörfum vegna slíkra verkefna. Dómsstörf annast landsráðunautur(ar) Búnaðarfélags Íslands eða aðrir þeir sem stjórnin ræður til slíkra starfa og uppfylla þær starfskröfur sem gerðar eru til ráðunauta. Launa- og ferðakostnað ráðunauta greiðir Búnaðarfélag Íslands, en annan kostnað þeir aðilar sem að sýningum standa.

Sýningaraðilum er heimilt að innheimta gjald af sýndum gripum til að mæta kostnaði við framkvæmd sýninga. Gjaldskrá vegna búfjársýninga skal staðfest af landbúnaðarráðherra að fengnum tillögum viðkomandi búfjárræktarnefndar.

Sláturleyfishafar skulu láta í té aðstöðu til nauðsynlegra athugana á föllum sláturgripa. Þeim sem slíkar athuganir gera ber skylda til að gera viðkomandi sláturleyfishöfum viðvart með góðum fyrirvara vegna áætlunar um slátrun gripa í viðkomandi sláturhúsi.

9. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt 18. gr. laga nr. 84 30. maí 1989. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um búfjárrækt nr. 84 30. maí 1989 og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð um búfjárrækt nr. 139 31. ágúst 1967.

*Landbúnaðarráðuneytið, 26. ágúst 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

# GJALDSKRÁ fyrir póstþjónustu. Gildir frá 1. október 1991.

| TEGUND SENDINGAR<br>Hámark stærðar og þyngdar | Þyngd-armörk g | Innanlands Burðar-gj. kr. | Norðurlönd Alm. burðar-gj. kr. | Norðurlönd 1) Flug-burðar-gj. kr. | Önnur lönd í Evrópu Alm. burðar-gj. kr. | Önnur lönd í Evrópu 1) Flug-burðar-gj. kr. | Lönd utan Evrópu Alm. burðar-gj. kr. | Lönd utan Evrópu 1) Flug-burðar-gj. kr. |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Bréf.** | 20 | 30 | 30 | 2) | 35 | 2) | 35 | 55 |
| Hámarksstærð: | 100 | 35 | 35 | | 90 | | 90 | 280 |
| Lengd + breidd | 250 | 65 | 65 | | 180 | | 180 | 385 |
| + þykkt 900 mm. | 500 | 107 | 107 | | 340 | | 340 | 710 |
| Mesta lengd 600 mm. | 1000 | 180 | 380 | | 585 | | 585 | 1385 |
| Í ströngum: | 2000 | 250 | 960 | | 960 | | 960 | 2650 |
| lengd + tvöfalt þvermál 1040 mm. Mesta lengd 900 mm. Hámarksþyngd 2 kg. Lágmarksstærð: 90 × 140 mm. Í ströngum: Lengd + tvöfalt þvermál 170 mm. Minnsta lengd 100 mm. | | | | | | | | |
| **Póstkort.** Mest 105 × 148 mm. Minnst 90 × 140 mm. | | 30 | 30 | 2) | 30 | 2) | 30 | 35 |
| **Prent.** | | | | | | | | |
| Stærð sama og bréfa. | 20 | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 | 30 | 35 |
| (Prentkort, sama stærð | 100 | 35 | 35 | 35 | 42 | 47 | 42 | 77 |
| og póstkort). | 250 | 65 | 65 | 65 | 72 | 83 | 72 | 175 |
| Hámarksþyngd 2 kg. | 500 | 107 | 107 | 107 | 133 | 180 | 133 | 325 |
| Bækur þó 5 kg. | 1000 | 180 | 180 | 325 | 220 | 370 | 220 | 640 |
| Burðargjald fyrir prent | 2000 | 250 | 310 | 570 | 310 | 570 | 310 | 1270 |
| yfir 1000 g til Norðurl. | 3000 | 380 | 465 | 935 | 465 | 935 | 465 | 1645 |
| er sama og fyrir | 4000 | 525 | 625 | 1300 | 625 | 1300 | 625 | 2020 |
| „Önnur lönd." | 5000 | 640 | 780 | 1660 | 780 | 1660 | 780 | 2395 |
| **Smápakkar.** | 100 | 35 | 35 | 35 | 42 | 47 | 42 | 77 |
| Stærð sama og bréfa. | 250 | 65 | 65 | 65 | 72 | 83 | 72 | 175 |
| Hámarksþyngd 2 kg. | 500 | 107 | 107 | 107 | 133 | 180 | 133 | 325 |
| | 1000 | 180 | 180 | 325 | 220 | 370 | 220 | 640 |
| | 2000[6]) | 250 | 310 | 570 | 310 | 570 | 310 | 1270 |

| | | |
|---|---|---|
| **Innrituð blöð og tímarit.** | | |
| Innritunargjald 20230 kr. | | |
| Stærð sama og bréfa. | | |
| a) Til umboðsm. (minnst 50 eintök til hvers í einu). Hámarksþ. 20 kg. | hver 500 | 28 |
| b) Til áskrifenda. | 20 | 7,30 |
| Minnsta gjald: | 100 | 8,10 |
| 500 eint. | 250 | 14,20 |
| Hámarksþyngd | 300 | 21,60 |
| 500 g hvert eintak. | 500 | 35,95 |

Um afslátt af burðargjaldi fyrir dagblöð, landsmálablöð og tímarit landssamtaka stéttarfélaga og fyrir tímarit og blöð, sem fjalla sérstaklega um bókmenntir og listir eða trúmál, vísast til reglugerðar fyrir póstþjónustu nr. 161/1990, grein 1.3.13.1.

1) Samanlagt fluggjald og alm. burðargjald.
2) Bréf og póstkort (LC) eru flutt flugleiðis innan Evrópu án sérstaks fluggjalds.
3) Umsókn um gjaldeyrisyfirfærslu (ebl. 509) útfyllist við allar greiðslur til útlanda.
4) Til útlanda bætist við gjald fyrir símskeyti til viðkomandi lands.
5) Póststöðvar gefa upplýsingar um þau lönd sem póstgíró og/eða póstávísanaviðskipti eru við.
6) Ekki til allra landa. Nánari upplýsingar veita póststöðvar.
7) Innifalinn er 24,5% virðisaukaskattur vegna sendingar innanlands.

**Greiðsla skaðabóta póststjórnarinnar fyrir ábyrgðarsendingar, verðsendingar og böggla innanlands er sem hér segir:**

1. Verðbréf og -bögglar: allt að upphæð hins tilgreinda verðs.
2. Ábyrgðarsendingar og almennir bögglar: a. allt að 1560 kr. fyrir glataða ábyrgðarsendingu. b. allt að 17.885 kr. fyrir böggul, sem glatast eða eyðileggst.

| TEGUND SENDINGAR | Innanlands | Norðurlönd | Önnur lönd[5]) |
|---|---|---|---|
| **Póstgíróþjónusta**[3]) | Burðargjald krónur | Burðargjald krónur | Burðargjald krónur |
| (Hámarksupphæð ótakmörkuð) | | | [4]) |
| **Innborganir** (ókeypis á eigin reikning) | 50 | 50 | 60 |
| **Millifærslur** á milli póstgíróreikninga | ókeypis | ókeypis | ókeypis |
| **Útborganir** (ókeypis í eigin hendur) . . | 80 | 80 | 95 |
| **Póstávísanir**[3]). Hámarksupphæð 300 000 kr. innanlands. Um hámarksupphæð póstávísana til útlanda veita póststöðvarnar upplýsingar | | | |
| a) almennar póstávísanir . . . . . . . . | 77 | 77 | 90 |
| b) símapóstávísanir . . . . . . . . . . . | 300 | 77[4]) | 90[4]) |
| **Póstkröfur** Hámarksupphæð innanlands sama og póstávísana (300 000 kr.). Með innborgun á póstgíróreikning er hámarksupphæð ótakmörkuð. Burðargjald sendingar eftir tegund. | | | |
| Bréfapóstkrafa: | | | |
| a) Með póstávísun . . . . . . . . . . . . | 135 | 135 | 145 |
| b) Með innborgun á póstgíróreikning | 90 | 90 | 135 |
| Bögglapóstkrafa: | | | |
| a) Með póstávísun . . . . . . . . . . . . | 155[7]) | 135 | 145 |
| b) Með innborgun á póstgíróreikning | 115[7]) | 90 | 135 |

| TEGUND SENDINGAR | Burðargjald krónur | | |
|---|---|---|---|
| **Almennir bögglar** (innanlands): | Þyngdarmörk kg | Alm. bögglar krónur[7]) | Rúmfr. broth. krónur[7]) |
| Hámark þyngdar og stærðar (lágmarksst. 90 × 140 mm): þyngd 20 kg mest. Lengd + mesta ummál 3 m. | 5 | 345 | 515 |
| Mesta lengd 1.50 m. Um burðargj. fyrir | 10 | 450 | 675 |
| böggla til útlanda veita pósthúsin | 15 | 675 | 1010 |
| upplýsingar. | 20 | 900 | 1350 |

| **Verðbréf.** | krónur |
|---|---|
| Burðargjald sendingar eftir tegund. | |
| Skrásetningargjald . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 100 |
| Tryggingargjald. | |
| Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna . . . . . . . . | 100 |

| **Verðbögglar.** | krónur |
|---|---|
| Burðargjald sendingar eftir tegund. | |
| Skrásetningargjald[7]) . . . . . . . . . . . . . . . . | 125 |
| Tryggingargjald. | |
| Fyrir hverjar 5000 kr. eða minna . . . . . . . . | 100 |

**Blindraprent:** Nýtur frígengis innanl. og til útlanda nema fluggj. til útlanda. Hámarksþyngd 7 kg.

## Ýmis önnur gjöld.

**Ábyrgðargjald** . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 100 krónur

**Afturköllun sendingar, breyting á áritun, breyting á póstkröfuupphæð, fyrirspurn um sendingu** 60 krónur

**Hraðboðagjald:** (Útburður bréfa og tilkynningar um böggla með sérstökum sendimanni, þegar eftir komu sendingar á ákvörðunarpósthús).
Þar sem daglegur útburður er . . . . . . . . . . . 230 krónur

**Móttökukvittun** . . . . . . . . . . . . . . . . . . 42 krónur

**Alþjóða-svarmerki:** Söluverð 77 krónur. Skiptiverð í frímerkjum 55 krónur.

**Fyrirframgreiðsla eftir frankóseðli:** 60 krónur.

**Tollmeðferð bréfa, prents og smápakka:** 145 krónur.

**Tollmeðferð böggla:** 145 krónur.

**Gjald fyrir að búa um böggla á ný:** 42 krónur.

**Geymslugjald böggla:** 96 krónur á dag frá 16. degi eftir komu bögguls á ákvörðunarpósthús.

**Afhending ábyrgðarsendingar með móttökukvittun í eigin hendur:** Utanlands og innan 42 krónur.

**Talning í verðbréfi innanlands:** 58 krónur hver sending.

**PÓSTFAX-ÞJÓNUSTA**

| | |
|---|---|
| a) Frá póststöð til póststöðvar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 255 krónur fyrsta síða<br>130 krónur hver viðbótarsíða |
| b) Frá einkatæki til póststöðvar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 160 krónur fyrsta síða<br>85 krónur hver viðbótarsíða |
| c) Frá póststöð til tækis í einkaeign . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 195 krónur fyrsta síða<br>110 krónur hver viðbótarsíða |

Pósthólfaleiga: Ársleiga eftir stærð: 585, 735 og 890 kr. Leigutími er eitt ár. Leiga greiðist fyrirfram.

TEGUND SENDINGAR

| FORGANGSPÓSTUR – EMS Innanlands: | Þyngdar-mörk kg | Burðar-gjald krónur*) | Þyngdar-mörk kg | Burðar-gjald krónur*) |
|---|---|---|---|---|
| Hámark þyngdar og | 0,250 | 2070 | 10 | 4300 |
| stærðar (lágmarksst. | 1 | 2230 | 11 | 4530 |
| 90 × 140 mm): þyngd | 2 | 2460 | 12 | 4760 |
| 20 kg mest. Lengd + | 3 | 2690 | 13 | 4990 |
| mesta ummál 3 m. | 4 | 2920 | 14 | 5220 |
| Mesta lengd 1.50 m. | 5 | 3150 | 15 | 5450 |
| Um burðargj. fyrir | 6 | 3380 | 16 | 5680 |
| forgangspóst til útlanda | 7 | 3610 | 17 | 5910 |
| veita pósthúsin | 8 | 3840 | 18 | 6140 |
| upplýsingar | 9 | 4070 | 19 | 6370 |
| | | | 20 | 6600 |

Faxkröfuþjónusta 350 krónur.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 19. gr. póstlaga nr. 33/1986 svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. október 1991. Samtímis fellur úr gildi gjaldskrá fyrir póstþjónustu nr. 16 frá 21. janúar 1991.

*Samgönguráðuneytið, 13. september 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

Nr. 420 5. september 1991

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Reykjahlíðar.

1. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveita Reykjahlíðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi eftirlitsmanns hitaveitu.

Hitaveitunni er heimilt að takmarka með hemli vatnsrennsli að húsi eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða skv. vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns miðað við vatnshita í tengibrunni þar sem stofnæð og heimtaug/dreifikerfi mætast, sem hér segir:

a) Fyrir vatn 80 °C og heitara . . . . . . . . kr. 83,34
b) Fyrir vatn 70-79 °C greiðast 80% af gjaldi skv. a lið.
c) Fyrir vatn 69 °C og kaldara greiðast 60% af gjaldi skv. a lið.
d) Fyrir vatn til sundlauga greiðist 50% af viðkomandi gjaldflokki.

Hitaveitunni er heimilt að færa notendur milli gjaldflokka þar sem einstakar heimtaugar eru það langar að ætla má að um verulega kólnun sé að ræða í þeim.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins. Hitaveitan lætur húseigendum í té aukamæla ef þess er óskað.

4. gr.

Fyrir hverja húsveitu (1. mæli) er greitt fast mánaðargjald sem fer eftir stærð mælis sem hér segir:

a) Fyrir mæli allt að ¾" . . . . . . . . kr. 666,00
b) Fyrir mæli ¾"–2" . . . . . . . . kr. 1 333,00
c) Fyrir mæli stærri en 2" . . . . . . . . kr. 2 665,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. og 4. grein verða krafin mánaðarlega, þegar eftir mælaálestur. Þó er heimilt að láta líða lengri tíma en einn mánuð á milli álestra og fækka gjalddögum. Óski notandi þess að lesið sé af mæli hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald . . . . . . . . kr. 614,00

Gjalddagi hitaveitugjalda er við útsendingu reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Ber gjaldanda að greiða reikninginn í bönkum, sparisjóðum og öðrum greiðslustöðum þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöld fyrir orkunotkun eru ekki greidd innan 30 daga frá útsendingardegi reiknings.

6. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Reykjahlíðar skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

a) Hús 400-2000 m³:
Fyrir 400 m³ . . . . . . . . kr. 124 539,00
Fyrir hvern rúmmetra umfram 400 m³ . . . . . . . . kr. 107,61
b) Fyrir hús stærri en 2000 m³ . . . . . . . . kr. 245 660,00
Fyrir hvern rúmmetra umfram 2000 m³ . . . . . . . . kr. 71,23
c) Stofngjald fyrir hvern mæli umfram einn á sama inntaki er . . . . . . . . kr. 16 537,00

Öll gjöld í þessari grein miðast við utanmál húsa.

Lóðarhafar greiða auk heimtaugargjalds kostnað við lagningu heimæðar frá stofnæð hitaveitu að húsvegg fyrir lengd lagnar umfram 50 metra.

Hitaveita Reykjahlíðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 7 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun aðrennslis og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er kr. 1 234,00 í hvert skipti.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Á öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 113, 4. mars 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 5. september 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 421 20. ágúst 1991

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 105/1990 um framhaldsskóla með áorðinni breytingu skv. reglugerð nr. 23/1991.**

1. gr.

14. gr. orðist svo:

Í ráðgjafarnefndum, sem skipaðar eru skv. 27. gr. laganna til að stuðla að samráði atvinnulífs og menntamálaráðuneytis, skulu sitja fulltrúar tilnefndir af samtökum vinnumarkaðarins þar sem a.m.k. einn skal vera úr samtökum kennara og hinir frá stofnunum sem tengjast viðkomandi sviði skv. nánari ákvörðun menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðherra ákveður fjölda fulltrúa í ráðgjafarnefndum og skipar formann án tilnefningar.

Ráðgjafarnefndirnar skulu gera tillögur um stefnu, skipulag fræðslu og námsbrautir í viðkomandi starfsgreinum.

Menntamálaráðuneytið setur ráðgjafarnefndum erindisbréf.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. lögum nr. 57/1988 um framhaldsskóla sbr. breyting með lögum nr. 72/1989 og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 20. ágúst 1991.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Sólrún Jensdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um bann við rækjuveiðum utan Kolbeinseyjar.**

1. gr.

Frá og með 21. september 1991 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði, vestan Kolbeinseyjar, sem markast af línum dregnum um eftirgreinda punkta:

1. 67°00'N - 19°30'V
2. 67°00'N - 21°00'V
3. 67°25'N - 21°00'V
4. 67°25'N - 19°30'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerð þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. september 1991.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Kristín Magnússon.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# REGLUGERÐ

**um bann við tog- og dragnótaveiðum í Eyrarbakkabug.**

1. gr.

Frá og með 25. september 1991 eru allar tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði fyrir Suðurlandi sem að vestan markast af 21°22′V og að austan af 20°40′V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 23. september 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 49 – 1991



# GJALDSKRÁ OG REGLUR

**fyrir símaþjónustu.**

(Virðisaukaskattur er ekki innifalinn).

Gildir frá 1. október 1991.

## I. KAFLI
## Gjaldskrá fyrir talsímanotendur í sambandi við sjálfvirkar miðstöðvar.

### 1. Stofngjald.

1.1. Fyrir númer í miðstöð og línu . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 8 220,00

1.2. Símnotandi greiðir símatalfæri, húslagnir og hvers konar búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðarverði á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði. Símnotandi hefur ráðstöfunarrétt á þeim búnaði, sem greiddur hefur verið á kostnaðarverði. Þó er óheimilt að setja slíkan búnað í samband við hið almenna fjarskiptakerfi, nema með samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar og gegn greiðslu, sem fyrir það er ákveðin á hverjum tíma, sbr. einnig 2.3. Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

Stofngjaldið miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi símstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þó greiðist aukagjald, þegar leggja á síma í hús, sem stendur meira en 50 metra frá aðalvegi, þar sem aðaljarðsímar liggja.

Utan þessara marka greiðist aukastofngjald af línuleiðinni frá nefndum mörkum og til hlutaðeigandi notanda. Nefnd aukagjöld eru ákveðin af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Hluti af stofngjaldi – áætlaður helmingur – greiðist fyrirfram, þegar símapöntun hefur verið tekin til greina og undirbúningsframkvæmdir eru hafnar, og afgangurinn þegar síminn er tengdur, og er þá miðað við hina gildandi gjaldskrá á hverjum tíma.

Póst- og símamálastofnunin ákveður reglur um tengingar og lagnir fyrir notendabúnað.

### 2. Afnotagjald.

Afnotagjald greiðist ársfjórðungslega fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi. Umframgjald miðast að jafnaði við notkun símans næsta eða næstsíðasta ársfjórðung á undan. Aflestur af skrefateljurum fer að jafnaði fram á tímabilinu 25. hvers mánaðar til mánaðamóta.

Þó má, þegar sérstaklega stendur á vegna tilfærslu á greiðslumánuði ársfjórðungsgjalda, krefjast afnotagjalda 1–2 mánuði fram í tímann, þegar tilfærsla fer fram.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

Enda þótt væntanlegur símnotandi, sem beðið hefur um síma, sé af einhverjum ástæðum ekki reiðubúinn til þess að taka við honum, þegar stofnunin getur veitt aðgang að númeri í miðstöð og línu, skal þó reikna hið venjulega afnotagjald af símanum strax frá þeim tíma, er stofnunin gat látið umbeðna þjónustu í té, og síðari hluta stofngjalds.

2.1. Ársfjórðungsgjaldið fyrir númer í miðstöð og línu er kr. 1 065,00 fyrir heimili og kr. 2 130,00 fyrir verslunar og/eða atvinnusíma að viðbættum kr. 2,57 fyrir hvert teljaraskref umfram 400 á ársfjórðungi, nema þar sem notendafjöldi er yfir 20 000 á sama stöðvargjaldsvæði, þar verða 200 skref innifalin í fastagjaldinu.

2.2. Fyrir búnað í símstöð til að senda talningar til notanda kr. 484,00 á ársfjórðungi.

2.3. Fyrir notendabúnað, sem Póst- og símamálastofnunin lætur í té, greiðist rekstrargjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, eða afnotagjald skv. I. kafla 3. og 4. Þegar um er að ræða venjulegt símatalfæri fyrir eina línu greiðist ekki rekstrargjald, en í þess stað greiðist fyrir viðgerðir samkvæmt reikningi. Jafnframt er stofnuninni heimilt að fella niður rekstrargjald af öðrum notendabúnaði og greiðist þá fyrir viðhald og viðgerðir á þeim búnaði samkvæmt reikningi.

Hjá notendum, sem hafa tvær eða fleiri línur í sjálfskiptireit stöðvarinnar, er flokkunin miðuð við meðalskrefafjölda á númerunum.

Framangreind gjöld miðast við síma innan marka samfelldrar þéttrar byggðar út frá hlutaðeigandi miðstöð, samkvæmt nánari ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Fjarlægðargjald reiknist af línuleiðum, þegar notandi er utan samfelldrar þéttrar byggðar og fjarlægð frá almennu jarðsímanotendakerfi er yfir 500 metrar.
Gjald þetta skal vera sem hér segir á ársfjórðungi.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| a. | Lengd línuleiðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0.5–1.0 km | kr. | 270,00 |
| b. | Lengd línuleiðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.0–2.0 km | kr. | 400,00 |
| c. | Lengd línuleiðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 2.0–4.0 km | kr. | 670,00 |
| d. | Lengd línuleiðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 4.0–8.0 km | kr. | 1 610,00 |
| e. | Lengd línuleiðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | yfir 8.0 km | kr. | 2 145,00 |

### 3. Talfæri, talfærakerfi og fleira.

Hér er um að ræða búnað sem látinn var í té á stofngjaldi og ekki er gjaldfærður skv. kostnaðarverði og rekstrargjaldi skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar.

| | | Stofngjald kr. | Afnotagjald á ársfj. kr. |
|---|---|---|---|
| 3.1. | Aukatalfæri með gaumskífu (blinker) . . . . . . . . . . | 3 105,00 | 315,00 |
| 3.2. | Talfæri með hringirafli (magnetu, DBH4) . . . . . . . . | | 320,00 |
| 3.3. | Vatnsþétt talfæri . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | 370,00 |
| 3.4. | Hátalarasími . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | | 1 280,00 |
| 3.5. | 2ja línu talfæri Siemens . . . . . . . . . . . . . . . . | 7 750,00²) | 665,00 |
| 3.6. | 2ja línu talfæri DBH (eldri gerð, svört) . . . . . . . . . | 3 905,00²) | 480,00 |
| 3.7. | Ritarasímar (sekreter), ATEA 812L, 1 lína, 2 talfæri | | 555,00³)⁴)⁵) |

**Skýringar:**

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

| | | Stofngjald kr. | Afnotagjald á ársfj. kr. |
|---|---|---|---|
| 3.8. | Ritarasímar, AVH dialog, 2 línur, 2 til 3 talfæri | 6 935,00[2])[3]) | 590,00[3]) |
| 3.9. | Ritarasímar, Siemens, 2 línur, 2 talfæri | 18 890,00[2]) | 1 585,00 |
| 3.10. | Ritarasímar, DBH 3, 1 lína, 2 talfæri (eldri gerð, svört) | 3 320,00[2])[3]) | 350,00[3]) |
| 3.11. | Raðsímar, ATEA 816, 1 lína, 3 til 6 talfæri | | 580,00[3])[4])[5]) |
| 3.12. | Raðsímar, ATEA 822, 2 línur, 1 til 2 talfæri | | 695,00[3])[4])[5]) |
| 3.13. | Raðsímar, ATEA 829, 2 línur, 3 til 10 talfæri | | 915,00[3])[4])[5]) |
| 3.14. | Raðsímar, ATEA 849, 4 línur, 3 til 10 talfæri | | 1 120,00[3])[4])[5]) |
| 3.15. | Raðsímar, Reiha ½, 1 lína, 2 til 3 talfæri | 13 210,00[2])[3]) | 1 135,00[3]) |
| 3.16. | Raðsímar, Reiha ⅕, 1 lína, 3 til 6 talfæri | 9 575,00[2])[3]) | 815,00[3]) |
| 3.17. | Raðsímar, Reipos ⅖, 2 línur, 3 til 6 talfæri | 8 955,00[2])[3]) | 795,00[3]) |
| 3.18. | Raðsímar, Reipos 2/10, 2 línur, 7 til 11 talfæri | 13 745,00[2])[3]) | 1 195,00[3]) |
| 3.19. | Fjöllínusímar, Makler, 8 línur, 2 til 12 talfæri | | 2 000,00[3]) |
| 3.20. | Millisamband á sömu lóð (hámark 50 m) DBH4 (magneto), talfæri innifalin | 4 775,00[2]) | 525,00 |
| 3.21. | Millisamband á sama svæði DBH4 (magneto), talfæri innifalin | 9 930,00[2]) | 1 160,00 |
| 3.22. | Millisamband milli svæða (Rvík) DBH4 (magneto), talfæri innifalin | 9 930,00[2]) | 6 845,00 |
| 3.23. | Millisamband innanhúss DBH4 (magneto), talfæri innifalin | 3 880,00[2]) | 485,00 |
| 3.24. | Millisamband milli húsa án tengingar við miðstöð | 9 930,00 | 2 810,00 |
| 3.25. | Millisamband milli svæða (Reykjavík) án tengingar við miðstöð | 9 930,00 | 8 485,00 |
| 3.26. | Tengigjald, nýr sími í stað millisambands, talfæri ekki innifalið, kr. 1 385,00. | | |
| 3.27. | Útskipting á talfæri, kostnaðarverð. | | |

## 4. Einkasímstöðvar.

4.1. Handvirkar einkasímstöðvar (CB).

Uppsetningarkostnað einkasímstöðvar og allar talfæralagnir skal greiða skv. reikningi (efni og vinnu). Hér er átt við allar stofnlagnir, greini- og tengiskápa, tengilista, tengilagnir, tengla eða annan tengibúnað o. s. frv.

| | | Stofngjald kr. | Afnotagjald á ársfj. kr |
|---|---|---|---|
| 4.1.1. | L.M.E. 1+3 | 29 780,00 | 590,00 |
| 4.1.2. | L.M.E. 2+6 | 47 835,00 | 1 185,00 |
| 4.1.3. | L.M.E. 3+9 | 70 595,00 | 1 775,00 |

**Skýringar:**

2) Uppsetning og flutningur greiðist samkv. reikningi, en áætlaður kostnaður greiðist sem innborgun með kostnaðargjaldi.

3) Á hvert talfæri.

4) Með öllum ATEA raðsímum fylgir ein bjalla fyrir hverja miðstöðvarlínu.

5) ATEA-kerfi sett upp fyrir 10. nóv. 1978, en öll önnur ATEA-kerfi eru í verðskrá.

| | | Stofngjald kr. | Afnotagjald á ársfj. kr. |
|---|---|---|---|
| 4.1.4. | L.M.E. 4+16 | 111 275,00 | 2 955,00 |
| 4.1.5. | L.M.E. 5+30 | 113 885,00 | 5 175,00 |
| 4.1.6. | L.M.E. 6+40 | 115 695,00 | 6 800,00 |
| 4.1.7. | E.B. 6+30 | 115 980,00 | 5 320,00 |
| 4.1.8. | ADG 101 8+40 | 271 200,00 | 7 095,00 |
| 4.1.9. | ADG 101 16+80 | 356 885,00 | 14 190,00 |
| 4.2. | Sjálfvirkar einkasímstöðvar (PABX). Viðhald sjálfvirkra einkasímstöðva, sem stofnunin selur er skv. reikningi eða sérstöku rekstrargjaldi. Við sölu einkasímstöðvar skal greiða ⅓ hluta áætlaðs kostnaðargjalds þegar stöðin er pöntuð, ⅓ hluta þegar stöðin kemur til landsins og eftirstöðvarnar áður en uppsetning hefst. | | |
| 4.2.1. | Fyrir hvern númerabúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar) | | 415,00 |
| 4.2.2. | Fyrir hvern miðstöðvalínubúnað í einkasímstöðvum (ákveðnar eldri stöðvar) | | 830,00 |
| 4.3. | Búnaður og línur tengdar handvirkum og sjálfvirkum einkasímstöðvum í 4.1. og 4.2. og öðrum einkasímstöðvum. | | |
| 4.3.1. | Númer frá einkasímstöð á sama stöðvarsvæði. Talfæri ekki innifalið, afnotagjald sjá X. kafla. | 6 895,00 | |
| 4.3.2. | Númer frá einkasímstöð á aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið | 6 895,00 | 6 560,00 |
| 4.3.3. | Númer frá einkasímstöð út fyrir aðliggjandi stöðvarsvæði (Rvík). Talfæri ekki innifalið | 6 895,00 | 9 375,00 |
| 4.3.4. | Þverlínusamband milli einkasímstöðva á sama stöðvarsvæði. Endabúnaður greiðist skv. reikningi | 6 895,00 | 5 690,00 |
| 4.3.5. | Þverlínusamband milli einkasímstöðva á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi | 6 895,00 | 7 120,00 |
| 4.3.6. | Þverlínusamband milli einkasímstöðva, sem eru ekki á aðliggjandi stöðvarsvæðum (Rvík). Endabúnaður greiðist skv. reikningi | 6 895,00 | 8 540,00 |
| 4.3.7. | Fyrir 2 Mb/s þverlínusamband milli einkasímstöðva greiðist 18 falt gjald sbr. 4.3.4.–4.3.6. | | |
| 4.3.8. | Fyrir beinar innvalslínur í einkasímstöð er tekið gjald skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem gefin er út af póst- og símamálastjóra í samráði við ráðuneytið. | | |

## 5. Tegundaprófun tækja.

Skv. reglum nr. 293/1981 um heimild til innflutnings og sölu tækja til tengingar við sjálfvirka símakerfið.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 5.1. | Gjald fyrir tegundaprófun venjulegs talfæris | 10 360,00 |
| 5.2. | Gjald fyrir tegundaprófun annarra tækja er samkvæmt kostnaðarskýrslu. | |
| 5.3. | Gjald fyrir prófanir á einstökum venjulegum talfærum flutt inn af einstaklingum til eigin nota | 515,00 |
| | Ef talfærið stenst ekki prófun er heimilt að fella niður þetta gjald. | |

### 6. Flutningsgjald.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 6.1. | Milli húsa á sama símstöðvarsvæði fyrir hvert símanúmer og venjulegan búnað | 4 110,00 |
| | (Flutningsgjald greiðist að fullu, enda þótt sími sé fyrir í því húsi, sem flutt er í). | |
| 6.2. | Milli símstöðvarsvæða | 5 085,00 |
| 6.3. | Til viðbótar 6.1. og 6.2. greiðir símnotandi húslagnir og tilheyrandi búnað, sem setja þarf upp, samkvæmt kostnaðargjaldi á hverjum tíma. | |
| 6.4. | Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi. | |

Flutningsgjöld fyrir annan búnað milli símstöðvarsvæða eru samkvæmt kostnaðargjaldi. Sé sími fluttur á sama ári og hann er settur upp, eða oftar en einu sinni á sama ári, innan sama símstöðvarsvæðis, má lækka flutningsgjaldið skv. 6.1. niður í allt að kr. 2 110,00 ef flutt er innan 6 mánaða, en í allt að kr. 2 620,00 ef 6–12 mánuðir líða á milli.

### 7. Viðtökugjald og gjald fyrir númeraskipti.

Flytji aðili í húsnæði og taki samtímis við símaréttindum eldri rétthafa, sem afsalar sér réttindum til hans eða hættir að vera rétthafi, og án breytinga á símalögn er gjaldið kr. 4 615,00. Viðtökugjald lækkar í kr. 820,00 af heimilissíma þegar barn, barnabarn eða tengdabarn tekur við símanum af foreldri og gagnkvæmt. Sama gildir um systkini og maka þeirra. Viðtökugjald fyrir sérbúnað verður ákveðið af Póst- og símamálastofnuninni í hvert skipti.

Óski símnotandi að skipta um símanúmer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 645,00.

Fyrir makaskipti á símanúmerum án nokkurra breytinga á búnaði og lögn skal hvor aðili greiða hálft flutningsgjald sbr. 6.1. og 6.2. hér að framan.

Aldrei er heimil viðtaka nema nýi rétthafinn sæki um skriflega og taki jafnframt að sér að greiða allar áfallnar og áfallandi gjaldskuldir vegna yfirtekinna símaréttinda. Á sama hátt ber nýjum rekstraraðilum að sækja skriflega um viðtöku símaréttinda, þegar aðilaskipti verða að félögum.

Stofnunin getur ákveðið við slit símaréttinda að viðkomandi símanúmer séu ekki til ráðstöfunar nema viðtaka símaréttindanna fari fram. Í því tilviki tekur nýi rétthafinn á sig óþægindi, sem kunna að vera því samfara að eldri rétthafinn er skráður í símaskrá.

### 8. Græn símanúmer.

Rétthafi græns símanúmers greiðir meðallanglínugjald fyrir öll innkomandi langlínusímtöl, þ.e. 40 sek. skrefagjald á dagtaxta, 60 sek. á kvöldtaxta og 80 sek. á nætur- og helgartaxta. Fyrir innkomandi staðarsímtöl greiðir rétthafi samkvæmt staðartaxta. Fyrir símtöl til útlanda greiðir rétthafi samkvæmt gjaldskrá til viðkomandi lands. Sá sem hringir í grænt símanúmer greiðir alltaf samkvæmt staðartaxta.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 8.1. | Stofngjald fyrir þjónustuna | 26 650,00 |
| 8.2. | Afnotagjald fyrir þjónustuna á ársfjórðungi | 10 660,00 |

Upphringingum, sem koma inn á græna númerið, verður vísað yfir á önnur númer eitt eða fleiri, sem rétthafinn greiðir fyrir samkvæmt gjaldskrá.

## 9. Sérþjónusta í stafræna símakerfinu.

9.1. Stofngjald.
Skráningargjald kr. 610 greiðist í hvert sinn, sem beðið er um þjónustu, eina eða fleiri í senn. Vakning, liður 9.2.1., er undanskilin. Gjaldið greiðist einnig í hvert sinn, sem þjónusta er flutt á milli símanúmera við flutning.

9.2. Afnotagjald.
Fyrir þessa þjónustu er greitt ársfjórðungsgjald og/eða sérstakt noktunargjald þegar viðskiptavinur gerir viðkomandi þjónustu virka.

9.2.1. Vakning. Sjálfvirk upphringing frá símstöð á tilteknum tíma sem notandinn sjálfur ákveður. Notkunargjald er 5 teljaraskref í hvert sinn.

9.2.2. Skammval. Afnotagjald fyrir hver 5 númer er kr. 147 á ársfjórðungi.

9.2.3. a) Öll símtöl eru flutt.
b) Þegar númerið er upptekið.
c) Þegar ekki er svarað.
Ekki er greitt afnotagjald fyrir þessa þjónustu en sá sem flytur símtalið greiðir fyrir það teljaraskref samkvæmt 1.1.–1.3. í III. kafla eða 1.5. í IV. kafla.

9.2.4. Langlínulæsing. Afnotagjald fyrir hvorn eftirtalinna kosta er kr. 147 á ársfjórðungi.
a) Föst læsing í stöð.
b) Læsing með lykilorði.
c) Læsing í aðra áttina.

9.2.5. Endurval. Síðast valda númerið endurvalið. Afnotagjald er kr. 147 á ársfjórðungi.

9.2.6. Sjálfvirk hringing í fyrirfram ákveðið númer þegar lyft hefur verið af. Afnotagjald er kr. 147 á ársfjórðungi:
a) Hringing samstundis.
b) Hringing eftir 6 sekúndur.

9.2.7. Þriggja manna tal. Þrír geta talast við í einu. Afnotagjald er kr. 147 á ársfjórðungi. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

9.2.8. Samtal bíður. Tónn gefur til kynna að viðkomandi símtal bíður. Hægt er að geyma fyrra símtal meðan öðru símtali er svarað. Afnotagjald er kr. 147 á ársfjórðungi.

9.2.9. Símtalavíxl. Hægt er að hringja í tvö símanúmer og skipta á milli þeirra. Afnotagjald er kr. 147 á ársfjórðungi. Teljaraskref reiknast eins og um tvö aðskilin símtöl sé að ræða.

## 10. Uppsögn.

Segja má símasambandinu upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.

## 11. Lánssímar.

Þegar sérstaklega stendur á, svo sem þegar um bráðabirgðasíma er að ræða, má þó leigja afnot af síma fyrir lægra gjald en venjulegt árlegt afnotagjald, og ákveður Póst- og símamálastofnunin þá gjaldið í hverju tilviki með tilliti til aðstæðna. Sama gildir um stofngjald.

## 12. Viðhald notendabúnaðar.

Viðhaldskostnaður notendabúnaðar, sem stofnunin selur greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða, eða afnotagjaldi skv. I. kafla 3. og 4. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu búnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

## II. KAFLI

### Notendasímar í sveitum.

Um notendasíma á ábýlisjörðum í sveitum gilda eftirfarandi reglur:

**1. Stofngjald.**

Stofngjald fyrir sjálfvirkan síma er sama og í I. kafla.

**2. Afnotagjald á ársfjórðungi.**

2.1. Fyrir hvert handvirkt númer í miðstöð og línu í sambandi við miðstöð kr. 535,00.

2.2. Fyrir hvert sjálfvirkt númer í miðstöð og línu greiðist sama gjald og um getur í I. kafla 2.

2.3. Fyrir annan notendabúnað en aðaltalfæri greiðist rekstrargjald eða afnotagjald samkvæmt verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið.

2.4. Viðhaldskostnaður aðaltalfæris er innifalinn í afnotagjaldi skv. 2.1., ef um eðlilegt slit er að ræða. Viðhaldskostnaður annars notendabúnaðar sem stofnunin selur, greiðist skv. reikningi eða er innifalinn í rekstrargjaldi eða afnotagjaldi búnaðarins skv. verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar, sem póst- og símamálastjóri gefur út í samráði við ráðuneytið, ef um eðlilegt slit er að ræða. Sjá þó ákvæði í I. kafla 2.3.

**3. Almenn ákvæði.**

3.1. Síminn fylgir jörðinni, og má ekki rifta því. Nýr ábúandi á jörðinni þarf ekkert viðtökugjald að greiða.

3.2. Ef notandi óskar flutnings á símanum, greiðir hann kostnað eftir reikningi.

3.3. Leggist jörð í eyði eða ef ábúandi vill ekki hafa símann, má taka hann burtu. Línuna skal þó ekki taka niður á fyrsta ári, ef líkur benda til, að jörðin verði aftur í byggð eða ábúendaskipti verði. Skal haft um þetta samráð við hlutaðeigandi oddvita.

3.4. Símnotendur eru að sjálfsögðu háðir sömu reglum og venjum, sem almennt gilda um meðferð símtækja og starfrækslu notendasíma.

3.5. Póst- og símamálastofnunin hefur að sjálfsögðu, hvenær sem er, heimild til að fjölga símum út frá notendasímalínum eða í framhaldi af þeim.

3.6. Stofngjöld greiðast fyrirfram og eigi síðar en þegar síminn er tengdur í samband. Afnotagjald greiðist fyrirfram fyrir einn ársfjórðung í senn, og eru gjalddagar 1. virkan dag í janúar, apríl, júlí og október. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.
Þegar um nýtt gjald er að ræða, fer gjaldið í fyrsta sinn eftir því, hve langur tími er eftir af ársfjórðungnum, sem stendur yfir, þegar símasambandið er opnað, og telst þá hluti úr mánuði sem heill mánuður.

3.7. Undir ákvæði þessa kafla gjaldskrárinnar falla símar bænda í sveitum almennt, nema þeirra, sem búa í hverfum, þorpum, kauptúnum eða í nágrenni þeirra. Um síma þeirra fer eftir ákvæði I. kafla eftir því, sem við á, allt samkvæmt ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar. Þannig greiðist afnotagjald fyrir síma í sumarbústöðum, veiðiskálum, íþróttaskálum, skólum, gisti- og veitingastöðum, hjá iðnrekendum, atvinnurekendum eða verslunum o. s. frv., samkvæmt I. kafla, en ekki samkvæmt þessum kafla. Um síma hjá öðrum aðilum eða stofnunum í sveit, eða þar sem sérstaklega stendur á, fer í hvert skipti eftir ákvörðun Póst- og símamálastofnunarinnar eða eftir samkomulagi.

## III. KAFLI
## Símtalagjald.

### 1. Símtalagjald innanlands.

Gjöld fyrir bæjar- og langlínusímtöl sem valin eru sjálfvirkt innanlands:
Símtöl eru gjaldfærð samkvæmt tímamælingu sem skráð er í skrefum á teljara hlutaðeigandi síma. Fyrsta talning kemur ætíð við svar. Líkur fyrir fjölda talninga ákvarðast af eftirfarandi líkingu:

$$F = 1 + n + \frac{t - ns}{s}$$

F = Fjöldi talninga símtals
s = Skreflengd í viðkomandi gjaldflokki
n = Fjöldi viðtalsbila að tímalengd s.

$$n = \begin{cases} 0, & t < s \\ 1,2,3, \ldots & t \geq s \end{cases}$$

t = lengd símtalsins.

$\frac{t - ns}{s}$ = Líkindi fyrir talningu til viðbótar við svartalninguna og fjölda viðtalsbila, n.

$$0 \leq \frac{t - ns}{s} < 1$$

Mæla skal t og s í sömu einingum, sekúndum eða mínútum.

1.1. Dagtaxti er frá kl. 08.00 til kl. 18.00 frá mánudegi til föstudags.

| Gjaldflokkur | | sek. í skrefi |
|---|---|---|
| 1 | staðarsímtöl | 240 sek. |
| 2 | | 48 sek. |
| 3 | | 32 sek. |

1.2. Kvöldtaxti er frá kl. 18.00 til kl. 23.00 frá mánudegi til föstudags.

| Gjaldflokkur | | sek. í skrefi |
|---|---|---|
| 1 | staðarsímtöl | 480 sek. |
| 2 | | 72 sek. |
| 3 | | 48 sek. |

1.3. Nætur og helgartaxti er frá kl. 23.00 til kl. 08.00 frá mánudegi til föstudags og frá kl. 23.00 á föstudegi til kl. 08.00 næsta mánudag.

| Gjaldflokkur | | sek. í skrefi |
|---|---|---|
| 1 | staðarsímtöl | 480 sek. |
| 2 | | 96 sek. |
| 3 | | 64 sek. |

1.4. Sveitabæir með sjálfvirkan síma hafa gjaldflokk 1 við símtöl til annarra notenda sömu símstöðvar.

**2. Símtöl afgreidd um handvirkar afgreiðslur.**

| | | Minnsta gjald kr. | Umframgjald pr. mín. kr. |
|---|---|---|---|
| 2.1. Um | 0– 10 km línulengd | 21,00 | 7,00 |
| – | 10– 25 km línulengd | 27,00 | 9,00 |
| – | 25–100 km línulengd | 36,00 | 12,00 |
| Yfir | 100 km línulengd | 42,00 | 14,00 |

Framannefnt símtalagjald gildir ekki, þegar um sjálfvirka afgreiðslu milli stöðva er að ræða, en þá er í hverju tilfelli ákveðið hvernig reikna skuli greiðslu fyrir millistöðvasímtöl.

2.2. Hraðsímtal: þrefalt venjulegt símtalagjald.

2.3. Forgangshraðsímtal: tífalt venjulegt símtalagjald.

2.4. Kvaðning kr. 26,00. Kvaðningargjald greiðist hvort sem náðst hefur í umbeðinn mann eða ekki.

2.5. Afgreiðslugjald: kr. 57,00 reiknast ávallt fyrir handvirka afgreiðslu símtala um leiðir, þar sem sjálfvirkt langlínusamband er fyrir. Kvaðning er ekki innifalin.

2.6. Boðsending: kr. 80,00 á venjulegu útburðarsvæði símstöðva, og kr. 40,00 fyrir hvern byrjaðan km út fyrir það. Boðsendingargjaldið greiðist hvort sem úr símtali verður eða ekki.

2.7. Handvirk vakning kr. 55,00. Föst vakning, pr. mánuð kr. 925,00.

2.8. Gjald fyrir hringingar í 03 og 08 er 1 teljaraskref við svar og talning á 12 sek. fresti.

**3. Sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu.**

Staðgreidd sjálfvirk símtöl frá símaafgreiðslu, viðskiptavinur velur sjálfur, kr. 3,35 fyrir hvert teljaraskref. Afgreiðslugjald er kr. 26,00.

**4. Radíósímtöl við skip og báta.**

Gjöld fyrir símtöl um íslenskar strandarstöðvar milli íslenskra skipa og lands:

4.1. Línugjald kr. 27,00 fyrir fyrstu 3 mín. og kr. 9,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.2. Strandargjald kr. 60,00 fyrir fyrstu 3 mín., ef skipið er ekki meira en 150 sjómílur frá landi, en annars kr. 81,00 fyrstu 3 mín. og kr. 20,00 eða kr. 27,00 fyrir hverja mín. eða brot úr mín. þar fram yfir.

4.3. Skipsgjald mismunandi eftir skipum, sé gjaldið tekið.

4.4. Aukaþjónusta eftir tegund, að ósk samtalsbeiðanda, greiðist samkvæmt III. kafla 2.

4.5. Fyrir radíósímtöl við skip til eða frá útlöndum er gjaldið þannig reiknað:

a. Gjald milli Íslands og hlutaðeigandi lands.
b. Strandargjald.
c. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
d. Gjald fyrir aukaþjónustu að ósk samtalsbeiðanda, sem greiðist samkv. III., kafla 2.

**5. Símtalagjöld milli Íslands og annarra landa.**

Þau ákvarðast eftir alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau, eins og þau eru á hverjum tíma. Fyrir símtöl til útlanda er í gildi næturtaxti frá kl. 23.00 til kl. 08.00 alla daga.

## IV. KAFLI

## Gjaldskrá fyrir farsímanotendur.

### 1. Farsímaþjónusta.

Í farsímaþjónustunni eru afgreidd sjálfvirk og handvirk símtöl. Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

1.1. Stofngjald er kr. 9 030,00 fyrir hverja stöð og greiðist við úthlutun númers.

1.2. Afnotagjald er kr. 1 175,00 á ársfjórðungi sem greiðist fyrirfram. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram, greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

1.3. Viðtökugjald án númeraskipta kr. 5 070,00, enda beri nýi símnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum.

1.4. Óski handhafi símanúmers að skipta um númer og verði það samþykkt er gjald fyrir slík númeraskipti kr. 1 800,00.

1.5. Viðskiptagjald fyrir sjálfvirka þjónustu til og frá farsímakerfinu er skrefagjald, kr. 2,57 fyrir hvert skref, 12 sek. í skrefi innanlands og gjald tekið fyrir hvert byrjað skref.

1.6. Viðskiptagjald fyrir handvirka afgreiðslu er afgreiðslugjald og mínútugjald. Afgreiðslugjald er kr. 7,00 fyrir hvert símtal og mínútugjald er kr. 15,00 fyrir hverja byrjaða mínútu innanlands.

### 2. Sérþjónusta í sjálfvirka farsímakerfinu.

2.1. Læsing til útlanda.
2.1.1. Stofngjald kr. 2 640,00.
2.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 64,00.

### 3. Sundurliðun reikninga í sjálfvirka farsímakerfinu.

Notendum er gefinn kostur á upplýsingum um hvaða númer hringt er í, dagsetningu og tímalengd símtala, gegn greiðslu eftirfarandi gjalda:

3.1. Símtöl til útlanda.
3.1.1. Stofngjald kr. 600,00.
3.1.2. Ársfjórðungsgjald kr. 215,00.
3.1.3. Gjald pr. símtal kr. 1,25.
3.2. Öll símtöl.
3.2.1. Stofngjald kr. 600,00.
3.2.2. Ársfjórðungsgjald kr. 215,00.
3.2.3. Gjald pr. símtal kr. 1,25.

## V. KAFLI

## Boðkerfi.

Í boðkerfinu eru afgreidd sjálfvirk boðköll til tón- og talnaboðtækja, auk þess er í boði ýmis sérþjónusta.

Fyrir þessa þjónustu greiðist stofngjald, afnotagjald og viðskiptagjald.

### 1. Boðkallsþjónusta.

1.1. Stofngjald er greitt fyrir hvert boðkallsnúmer, og greiðist það við úthlutun boðkallsnúmersins.
1.1.1. Stofngjald fyrir tónboðtæki: kr. 5 330,00.
1.1.2. Stofngjald fyrir talnaboðtæki: kr. 6 395,00.

1.2. Afnotagjald (ársfjórðungsgjald) greiðist fyrirfram fyrir hvert boðkallsnúmer. Verði almenn hækkun afnotagjalds leyfð frá tilteknum degi, skulu þeir sem greitt höfðu fyrirfram greiða hækkunina með síðari afnotagjaldsreikningi.

1.2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir tónboðtæki: kr. 855.00.

1.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talnaboðtæki: kr. 1 065,00.

1.3. Viðtökugjald er kr. 4 615,00 enda ber nýi boðkerfisnotandinn ábyrgð á ógreiddum áföllnum skuldum. Innifalið í gjaldinu er breytingar á boðkallsnúmeri, sé þess óskað.

1.4. Skráningargjald fyrir breytt boðkallsnúmer er kr. 1 065,00.

1.5. Skráningargjald fyrir breytingar, kr. 535,00 greiðist í hvert sinn sem beðið er um eina eða fleiri breytingar á boðtækisnúmeri, aðgangsnúmeri og einstökum boðtækisnúmerum í hópkalli.

Metið er hverju sinni hvort hægt sé að verða við óskum um breytingar.

1.6. Viðskiptagjald fyrir boðkall er skrefagjald, kr. 2,57 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.

## 2. Sérþjónusta í boðkallskerfinu.

2.1. Boðkerfisnotendum gefst kostur á að leigja svokölluð talhólf, sem geymsla fyrir töluð skilaboð. Hver skilaboð geta verið allt að 15 sek. löng, og rými er fyrir 6 skilaboð í hverju talhólfi. Skilaboðum er eytt sjálfkrafa eftir 24 stundir, hafi rétthafi talhólfsins ekki sjálfur eytt þeim áður.

Hægt er að senda boðkall í hvert skipti sem hringt er í talhólfsnúmerið, og gera rétthafa talhólfsins þannig viðvart þegar skilaboð til hans berast í talhólfið. Hlustað er á skilaboðin með því að hringja í talhólfsnúmerið (með tónvalsíma) og velja aðgangsnúmer.

2.1.1. Stofngjald fyrir talhólfsnúmer með aðgangsnúmeri: kr. 5 330,00.

2.1.2. Ársfjórðungsgjald fyrir talhólfsnúmer: kr. 1 065,00.

2.1.3. Viðskiptagjald fyrir talhólf er skrefagjald, kr. 2,57 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.

2.2. Rétthafi talhólfsins getur, gegn greiðslu aukagjalds og með því að nota tónvalsíma, lesið inn eigið kynningarsvar – allt að 15 sek. langt. Kynningarsvarið er geymt, þar til rétthafi eyðir því eða les inn nýtt kynningarsvar. Allir, sem hringja í talhólfsnúmerið, heyra kynningarsvarið.

2.2.1. Stofngjald fyrir eigið kynningarsvar: kr. 2 670,00.

2.2.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 270,00.

2.3. Endurtekning boðkalls. Til þess að tryggja enn betur að boðkall greinist í boðtæki er hægt að endurtaka það sjálfvirkt (venjulega innan nokkurra sek.).

2.3.1. Stofngjald: kr. 1 065,00.

2.3.2. Ársfjórðungsgjald: kr. 105,00.

2.4. Hópkall: Hægt er að senda boðkall til allt að 10 boðtækja í einu, með því að hringja í svokallað hópkallsnúmer. Þegar hringt er í hópkallsnúmerið eru öll boðtækin í hópnum kölluð upp í röð, á sjálfvirkan hátt. Boðtækin í hópnum hafa einnig eigið boðkallsnúmer, sem notuð eru ef koma á boðum til einstakra tækja í hópnum. Öll boðtæki innan hvers hóps verða að vera eins, þ.e. annað hvort öll tónboðtæki, eða öll talnaboðtæki.

2.4.1. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer: kr. 10 660,00.

2.4.2. Stofngjald fyrir hópkallsnúmer, sé samtímis greitt stofngjald fyrir öll boðtækisnúerin í hópnum: kr. 5 330,00.

2.4.3. Ársfjórðungsgjald fyrir hópkall: kr. 1 275,00.

2.4.4. Viðskiptagjald fyrir hópkall er skrefagjald, kr. 2,57 fyrir hvert skref. Við svar frá boðstöð reiknast eitt skref, en síðan kemur skref innan næstu 12 sek. og á 12 sek. fresti eftir það.
Áskilinn er réttur til þess að hafna ósk um hópkall að einhverju eða öllu leyti.

## VI. KAFLI

### Símskeyta- og símatelexgjöld.

### 1. Gjald fyrir símskeyti innanlands.

1.1. Venjulegt símskeyti: Grunngjald kr. 64,00 og kr. 3,45 fyrir hvert orð: Lágmarksorðafjöldi 7 orð.
1.2. Hraðskeyti: Tvöfalt venjulegt skeytagjald auk hraðboðagjalds kr. 230,00 og gjald fyrir afhendingarkvittun kr. 23,00.
1.3. Veðurskeyti: Kr. 28,00 fyrir hvert skeyti.
1.4. Heillaskeyti: Venjulegt skeytagjald auk kr. 74,00 fyrir heillaskeytiseyðublaðið og hálft hraðboðagjald kr. 115,00.
1.5. Samúðarskeyti: Grunngjald kr. 64,00 og hálft hraðboðagjald kr. 115,00. Sendanda er í sjálfsvald sett hve mikið hann gefur, og rennur sú upphæð óskert í Landspítalasjóð.
1.6. Afhending símskeyta.
1.6.1. Venjulegt símskeyti: Hringt er í viðtakanda og texti skeytisins lesinn. Skeytið er síðan póstlagt. Viðtakandi getur sótt skeytið til ákvörðunarsímstöðvar ef hann óskar þess.
1.6.2. Hraðskeyti: Texti skeytis sendur símleiðis til viðtakanda samstundis eða samkvæmt forgangsrétti. Leitast skal við að hafa upp á viðtakanda sem fyrst til afhendingar skeytisins.
1.6.3. Heillaskeyti: Heillaskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
1.6.4. Samúðarskeyti: Samúðarskeyti er borið út samdægurs eða svo fljótt sem verða má.
1.7. Hraðafhending símskeyta: Óski sendandi eða viðtakandi venjulegs skeytis afhendingar samdægurs, mun það verða sent gegn hraðboðagjaldi, kr. 230,00. Óski sendandi, að skeyti sé afhent gegn kvittun, er gjald fyrir það kr. 23,00 að auki.
1.8. Fyrirfram greitt svar (RP): Ef sendandi óskar að greiða gjald fyrir svarskeyti, skal skrifa RP fyrir framan nafnkveðjuna og tiltaka jafnframt orðafjölda svarskeytisins. RP 10 þýðir, að svar sé greitt fyrir 10 orða skeyti.
1.9. Samanburður til tryggingar gegn missímun (TC): Aukagjald er helmingur venjulegs símskeytagjalds.

### 2. Gjald fyrir símskeyti til útlanda.

Gjöld fyrir símskeyti til útlanda eru ákveðin af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum, og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

### 3. Gjald fyrir skeytaafgreiðslu við skip og báta.

3.1. Almenn loftskeyti.
3.1.1. Gjald fyrir loftskeyti til og frá íslenskum skipum um íslenskar strandarstöðvar, ef afhendingar- eða ákvörðunarstöð skeytis er á Íslandi, er þannig reiknað:
a. Grunngjald fyrir hvert skeyti kr. 64,00.
b. Línugjald kr. 3,45 á hvert orð.
c. Strandargjald kr. 3,90 hvert orð.
d. Skipsgjald, ef skipið tekur slíkt gjald.
e. Gjald fyrir aukaþjónustu að beiðni sendanda.
Minnsta gjald er hið sama og fyrir 7 orð.

3.2. Sérstök loftskeyti.
3.2.1. Gjald fyrir veðurskeyti frá veðurathugunarstöðvum og ísl. skipum til Veðurstofu Íslands um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar er kr. 28,00 að viðbættu hálfu strandargjaldi fyrir 10 orð eða kr. 21,00.
3.2.2. Gjöld fyrir önnur loftskeyti og aukaþjónustu eru í samræmi við 1. og 2. grein þessa kafla.
3.3. Gjöld erlendra skipa eru samkvæmt alþjóðagjaldskrá.

**4. Símatelex.**

4.1. Gjald fyrir sendingu.
4.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 145,00.
4.1.2. Afgreiðslugjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex frá kl. 8.00 til kl. 21.00 er kr. 72,00.
4.1.3. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
4.2. Gjald fyrir móttöku.
4.2.1. Símnefni á ári kr. 635,00.
4.2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir áskrift að símatelex kr. 610,00.
4.2.3. Afgreiðslugjald pr. telex (úthringing skv. reglum og póstsending) kr. 145,00.

**5. Stöðvartelex.**

5.1. Gjald fyrir sendingu.
5.1.1. Grunngjald fyrir hvert sent telex kr. 145,00.
5.1.2. Mínútugjald er gildandi telexgjald til hvers lands, tekið fyrir hverja byrjaða mínútu.
5.1.3. Aðstoðargjald fyrir hverja byrjaða mínútu í sendingu telex kr. 55,00.

## VII. KAFLI
## Fjarritvélar og gjald fyrir telexritanir.

**1. Stofngjald.**

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1.1. | Númer í telexstöð | 14 700,00 |
| 1.2. | Bæjarlína | 3 675,00 |
| 1.3. | Venjuleg fjarritvél af eldri gerð | 40 280,00 |
| | Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá. | |
| 1.4. | Innbyggður endurgati | 7 170,00 |
| 1.5. | Innbyggður vélsendir | 7 170,00 |
| 1.6. | Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) | 16 530,00 |
| 1.7. | Afriðill | 3 555,00 |
| 1.8. | Tengipúlt | 5 285,00 |
| 1.9. | Fyrir útskiptingu á fjarritvélum, ef leyft verður, greiðist fullt stofngjald, eða kostnaðarverð ásamt uppsetningarkostnaði. | |
| 1.10. | Viðtökugjald fyrir telexnúmer og búnað, ef leyft verður | 3 555,00 |
| 1.11. | Breyting á telexheiti | 1 890,00 |

**2. Afnotagjald á ársfjórðungi.**

| | | |
|---|---|---|
| 2.1. | Númer í telexstöð | 2 405,00 |
| 2.2. | Bæjarlína | 615,00 |

| | | |
|---|---|---|
| 2.3. | Venjuleg fjarritvél af eldri gerð. Viðhald innifalið án kostnaðar við utanbæjarferðir, án pappírs og leturborða. Viðhald utan dagvinnutíma sé þess óskað, greiðist sérstaklega | 15 795,00 |
| | Venjuleg fjarritvél af nýrri rafeindagerð, sjá Verðskrá. | |
| 2.4. | Innbyggður endurgati | 2 320,00 |
| 2.5. | Innbyggður vélsendir | 2 320,00 |
| 2.6. | Morsetæki (vélsendir eða vélgatari) | 8 470,00 |
| 2.7. | Afriðill | 1 890,00 |
| 2.8. | Tengipúlt | 2 390,00 |
| 2.9. | Fyrir ritsímatæki, sem nota 75 Baud hraða í stað 50 Baud hækkar leigan um 25%. | |
| 2.10. | Fyrir ICAO ritsímatæki á Keflavíkurflugvelli greiðist 40% hærri leiga, en kostnaður sbr. 2.3. vegna utanbæjarferða fellur niður. | |
| 2.11. | Fyrir ritsímatæki, sem eru í notkun allan sólarhringinn, hækkar leiga um 20%. | |

**3. Flutningsgjald fyrir venjulega fjarritvél.**

| | | |
|---|---|---|
| 3.1. | Milli húsa á svæði sömu símstöðvar | 6 730,00 |
| 3.2. | Frá húsi á svæði annarrar símstöðvar | 10 150,00 |
| 3.3. | Til viðbótar 3.1. og 3.2. greiði notandi lagnir og tilheyrandi búnað sem setja þarf upp skv. kostnaðargjaldi á hverjum tíma. | |
| 3.4. | Innanhúss samkvæmt kostnaðargjaldi. | |

**4. Gjald fyrir telexritanir.**

4.1. Telexritanir innanlands greiðast með kr. 2,49 fyrir hvert teljaraskref, og samsvarar það kr. 6,23 á mínútu.

4.2. Gjald fyrir telexritanir til útlanda ákvarðast af alþjóðasamþykktum og milliríkjasamningum og tilkynnir Póst- og símamálastofnunin þau eins og þau eru á hverjum tíma.

**5. Leiga, uppsögn o. fl.**

Stofngjald greiðist fyrirfram, áður en uppsetning er hafin, og afnotagjöld ber að greiða ársfjórðungslega fyrirfram, og eru gjalddagar hinir sömu og fyrir afnotagjald af síma. Hluti úr mánuði telst sem heill mánuður við fyrsta reikning.

Notandi skal sjálfur annast og bera kostnað af tryggingu fjarritabúnaðar í eigu Póst- og símamálastofnunar, sem er í hans vörslu, gagnvart bruna, vatnsskaða eða öðru tjóni.

Segja má sambandinu upp um mánaðamót með eins mánaðar fyrirvara, og skal það gert skriflega.
Upplýsingar um endurkaupsverð búnaðar fást hjá Póst- og símamálastofnuninni hverju sinni.

## VIII. KAFLI

**Gagnaflutningsnet.**

Í almenna gagnaflutningsnetinu eru skiptistöðvar víðs vegar um landið. Gögn eru send um netið líkt og pakkar með heimilisfangi viðtakanda. Í skiptistöðvum eru gagnapakkarnir lesnir sundur og sendir áfram í rétta átt. Notendur verða ýmist tengdir stöðvunum með beinum línum eða þeir geta valið línu með því að nota sjálfvirka símakerfið eins og

þegar hringt er í síma. Hver notandi kaupir rétt til gagnaflutnings á tilteknum hámarkshraða. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innanlands en gjöld fyrir gagnaflutning milli landa eru ákveðin hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

## 1. Stofngjald.

1.1. Stofngjald fyrir afnot af gagnaflutningsnetinu fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

1.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Hraði (b/s) | 2 400 | 4 800 | 9 600 | 19 200[1] | 64 000 |
| Stofngjald kr. | 22 385,00 | 30 915,00 | 44 775,00 | 61 830,00 | 118 450,00 |

1.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hraði (b/s) | 300 | 1 200 | 2 400 | 4 800[1] | 9 600[1] | 19 200[1] |
| Stofngjald kr. | 13 010,00 | 15 450,00 | 17 480,00 | 20 365,00 | 23 235,00 | 27 180,00 |

1.1.3. Fyrir fjölrásanotkun á notandalínu greiðist 745,00 krónur fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 1.1.1.).

1.1.4. Þeir sem tengjast gagnaflutningsnetinu með hringimótaldi, greiða skráningargjald en ekki stofngjald. Skráningargjaldið er 2 130 krónur.

1.1.5. Skráningargjald fyrir úthringigátt er 2 130 krónur.

## 2. Afnotagjald.

2.1. Ársfjórðungsgjald fer eftir hámarkshraða sendinga sem hér segir:

2.1.1. Fyrir notandalínu samkvæmt staðlinum X.25

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Hraði (b/s) | 2 400 | 4 800 | 9 600 | 19 200[1] | 64 000 |
| Ársfjórðungsgjald kr. | 11 195,00 | 15 990,00 | 22 385,00 | 31 980,00 | 58 195,00[2] |

2.1.2. Fyrir notandalínu samkvæmt stöðlunum X.3 og X.28 (PAD)

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| Hraði (b/s) | 300 | 1 200 | 2 400 | 4 800[1] | 9 600[1] | 19 200[1] |
| Ársfjórðungsgjald kr. | 4 155,00 | 5 035,00 | 5 600,00 | 6 480,00 | 7 275,00 | 8 395,00 |

2.1.3. Ársfjórðungsgjald af tengingu við gagnanetið með hringimótaldi er 845 krónur.

2.1.4. Fyrir fjölrásanotkun á einni notandalínu greiðist 140 krónur á ársfjórðungi fyrir hverja rás sem bætist við á línunni (gildir einungis um búnað í samræmi við staðalinn X.25, sbr. 2.1.1.).

2.2. Fast gjald er tekið fyrir hvert samband en síðan er greitt fyrir gagnaflutning eftir því hve langan tíma hann tekur og hversu mikið er flutt.

2.2.1. Gjald fyrir hvert samband er 55 aurar.

1) Grunnbandsmótald er aðeins hægt að nota á notendalínu sem takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar (sjá X. kafla).
2) Leiga á 64 kb/s mótaldi hjá notanda er innifalin.

2.2.2. Tímagjald er miðað við mínútu. Fyrir hverja byrjaða mínútu er tímagjald:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu . . . . 10,0 aurar
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu . . . . . 15,0 aurar
c) Ef hringimótald er notað (sbr. 1.1.4.), skal greiða kr. 1,55 á mínútu til viðbótar.
d) Fyrir notkun á úthringigátt í gagnanetinu skal greiða kr. 1,55 á mínútu til viðbótar.

2.2.3. Gjaldeining gagnaflutnings heitir gagnasneið og er hver sneið 64 átta bita bæti. Gjald fyrir hverja byrjaða gagnasneið er:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu . . . . 1,20 eyrir
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu . . . . . 2,30 aurar

2.3. Þegar notuð er fasttengd lína í gagnaflutningsnetinu er greitt ársfjórðungsgjald í stað sambandsgjalds og tímagjalds sem hér segir:
a) Innan stöðvarsvæðis í gagnanetinu . . . . 5 330 krónur
b) Milli stöðvarsvæða í gagnanetinu . . . . . 6 075 krónur
Þar að auki greiðist magngjald samkvæmt 2.2.3. af slíkum netleigulínum.

**3. Viðtöku- og flutningsgjald.**

3.1. Viðtökugjald fyrir fasttengda notendur er ½ stofngjald, háð hraða.
3.2.1. Flutningsgjald fyrir staðal X.25 er ½ stofngjald samkvæmt hraða 2400 b/s.
3.2.2. Flutningsgjald fyrir staðla X.3 og X.28 er ½ stofngjald samkvæmt hraða 300 b/s.

**4. Skammtímatengingar.**

Eftirfarandi reglur gilda um skammtímatengingu við almenna gagnaflutningsnetið. Stofngjald er ekki tekið, en leigugjald er sem hér segir:
4.1. Fyrir X.25-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 65 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 65 daga.
4.2. Fyrir X.3/X.28-línu. Fundið er notkunargjald á dag með því að deila 55 upp í ársfjórðungsgjald fyrir viðkomandi línu. Leigugjaldið er margfeldi daggjalds og dagafjölda, þó aldrei lægra en fyrir 55 daga.

## IX. KAFLI
## Gagnahólf.

Notendur tengjast kerfinu annað hvort með einkatölvu sem útstöð eða með tölvukerfi sem einkakerfi. Útstöð tengist Gagnahólfskerfinu (X.400) annað hvort með almenna gagnaflutningsnetinu eða sjálfvirka símakerfinu. Einkakerfi tengist gagnahólfskerfinu með almenna gagnaflutningsnetinu. Í þessari gjaldskrá eru einungis gjöld fyrir notkun innanlands. Gjald fyrir flutning milli landa er ákveðið hverju sinni í samræmi við alþjóðasamninga og gengisskráningu.

**1. Stofngjald.**

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1. | Stofngjald fyrir afnot af gagnahólfi. | |
| 1.1. | Fyrir útstöð . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 3 200,00 |
| 1.2. | Fyrir einkakerfi . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 15 990,00 |

**2. Afnotagjald.**

| | | |
|---|---|---|
| 2. | Ársfjórðungsgjald fyrir afnot af gagnahólfi. | |
| 2.1.1. | Fyrir útstöð | 1 065,00 |
| 2.1.2. | Fyrir einkakerfi | 5 330,00 |
| 2.2. | Magngjald er tekið fyrir hverja byrjaða 1000 stafi. | |
| 2.2.1. | Sending á 1000 stöfum | 5,15 |
| 2.3. | Tímagjald er tekið fyrir hverja byrjaða mínútu. | |
| 2.3.1. | Fyrir útstöð | 3,10 |
| 2.4. | Geymslugjald fyrir hverja 1000 stafi í sólarhring. Þó eru fyrstu 4000 stafirnir án gjalds. Þetta gjald á eingöngu við þá sem nota útstöð. | |
| 2.4.1. | Fyrir útstöð | 0,41 |
| 2.5. | Grunngjald fyrir hvert sent skeyti. | |
| 2.5.1. | Fyrir útstöð | 2,06 |
| 2.5.2. | Fyrir einkakerfi | 2,06 |
| 2.6. | Gjald fyrir þjónustueiningar. Kerfið býður upp á ýmsar þjónustueiningar. Tekið er gjald fyrir eftirfarandi: | |
| 2.6.1. | Tilkynning um afhendingu | 10,30 |

**3. Sérþjónusta.**

| | | |
|---|---|---|
| 3.1. | Sending á telexi. | |
| 3.1.1. | Gjald fyrir hvert sent telex | 15,00 |
| 3.1.2. | Gjald fyrir hverja senda 400 stafi | 7,00 |
| 3.2. | Sending á telefaxi. | |
| 3.2.1. | Gjald fyrir hvert sent telefax | 15,00 |
| 3.2.2. | Gjald fyrir hverja senda 1000 stafi | 11,00 |

## X. KAFLI
## Sambönd.

Póst- og símamálastofnun starfrækir almenna fjarskiptaþjónustu um land allt. Stofnunin leigir út línur til þess að auðvelda notendum aðgang að hinu almenna fjarskiptaneti, en að auki línur til að mæta sérþörfum:

Gerður er greinarmunur á langlínum og notendalínum. Langlínur teljast þær línur, sem tengja saman símstöðvar eða notendur, sem venjulega mundu tengjast mismunandi símstöðvum. Notendalínur tengja notendur við næstu símstöð eða við langlínu. Á gjaldsvæði Reykjavíkur og nágrennis eru línur milli stöðva, sem leigðar eru út, gjaldfærðar sem notendalínur. Ef völ er á bæði langlínu og notendalínu fyrir tiltekið leigusamband ákveður Póst- og símamálastofnun hvora tegundina skuli nota.

Hliðrænar leigulínur má ekki nota án sérstakrar heimildar fyrir hærri tíðni en 4 Khz. Undanþeginn þessu ákvæði er gagnaflutningur með grunnbandsmótöldum fyrir hraða allt að 19,2 Kb/s. en slík sambönd skulu takmarkast við svæði einnar sjálfvirkrar símstöðvar.

### Gjaldafyrirkomulag fyrir leigulínur.

Gjaldið skiptist í stofngjald og afnotagjald. Það er reiknað milli endapunkta í samræmi við þá leið, sem línan fer um í fjarskiptakerfinu og er heildargjaldið summa langlínugjalds og notendagjalds eftir því sem við á. Skemmstur leigutími er almennt 6 mánuðir, en að öðru leyti gagnkvæmur uppsagnarfrestur 3 mánuðir talið frá næstu mánaðarmótum eftir uppsögn. Gjald fyrir línu, sem leigð er til skemmri tíma en 6 mánaða, er reiknað samkvæmt 3. grein.

**Notkun.**

Mismunandi gjald er tekið fyrir leigulínur eftir því hver notkun þeirra er og flutningsgeta. Línur fyrir tal greinast í línur milli einkabúnaðar sama notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð og línur, sem tengja einkabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

Línur fyrir gagnaflutning greinast sem hér segir:

1. flokkur. Línur sem tengja saman einkabúnað sama notanda á mismunandi stöðum. Orðið notandi táknar hér einstakling, fyrirtæki eða stofnun, sem starfar undir einu heiti. Línur milli fyrirtækja og dótturfyrirtækis eða milli fyrirtækis og sameiginlega fyrirtækis þess og annarra fyrirtækja falla ekki undir þennan flokk.

2. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notenda, einn í hvorum enda. Það er sett sem skilyrði fyrir leigumálanum að notandi sýni fram á að samtenging við þriðja aðila sé ekki tæknilega möguleg.

3. flokkur. Línur, sem tengja saman einkabúnað mismunandi notenda og eru notaðar til að veita aðgang að vinnslu í tölvu eða eru notaðar til að auka verðmæti gagna, sem verið er að flytja. Línur í þessum flokki eru einungis leigðar út að gerðum sérstökum leigusamningi þar sem kveðið er á um notkun línunnar. Ekki er hægt að fá leigðar línur í þeim tilgangi að annast samtengingu mismunandi notenda eins og gert er í skiptistöðvum.

Línur milli einkasímstöðva, sem tengjast hinu almenna símakerfi, reiknast sem þverlínur.

Dagskrárlínur eru leigðar ýmist sem grunnlínur, þegar um mjög stuttar fjarlægðir er að ræða eða sem stafrænar flutningslínur. Fyrir stafrænar línur í notendakerfum er reiknað fast gjald auk km-gjalds.

**1. Stofngjald.**

1.1. Fyrir notendalínur greiðist stofngjald, sem er áttfalt ársfjórðungsgjald fyrir línuna samkvæmt þeirri gjaldskrá sem gildir þegar hún er tekin á leigu að frádregnum þeim hluta gjaldsins sem er óháður línulengd í liðum 2.1.3., 2.1.6., 2.1.9., 2.1.10. og 2.1.15. (magngjald).

1.2. Fyrir langlínur ákveðst stofngjald af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

**2. Afnotagjald.**

2.1. Ársfjórðungsgjald fyrir notendalínur er sem hér segir. Línulengdir reiknast í hálfs km þrepum, en lágmarksgjald línu eða línuhluta er 2 km, nema annað sé tekið fram.

| | | Gjald fyrir hvern km | |
|---|---|---|---|
| | | 2ja víra<br>Kr. | 4ra víra<br>Kr. |
| 2.1.1. | Tallína. | 715,00 | 1 145,00 |
| 2.1.2. | Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki.<br>Mesti hraði 19,2 Kb/s | 815,00 | 1 300,00 |
| 2.1.3. | Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki.<br>Hraði 48–64 Kb/s. | | |
| | Gjald fyrir hvern enda. | | 7 725,00 |
| | Gjald fyrir hvern km. | | 1 445,00 |
| 2.1.4. | Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. flokki.<br>Hraði 2 Mb/s. | | 16 695,00 |
| | Lágmarksgjald er fyrir 5 km. | | |

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2.1.5. | Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Mesti hraði 19,2 Kb/s. | 900,00 | 1 440,00 |
| 2.1.6. | Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 48–64 Kb/s. | | |
| | Gjald fyrir hvern enda. | | 8 495,00 |
| | Gjald fyrir hvern km. | | 1 585,00 |
| 2.1.7. | Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 2. flokki. Hraði 2 Mb/s. | | 20 035,00 |
| | Lágmarksgjald er fyrir 5 km. | | |
| 2.1.8. | Dagskrárlína fyrir hljóðvarp á stuttri grunnlínu. | 2 945,00 | 3 305,00 |
| 2.1.9. | Stafræn dagskrárlína fyrir mónó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 49 190,00 og að auki fyrir hvern km. | | 985,00 |
| 2.1.10. | Stafræn dagskrárlína fyrir stereó hljóðvarp. Óháð lengd kr. 81 980,00 og að auki fyrir hvern km. | | 1 640,00 |
| 2.1.11. | Fjarstýringarlína. | 715,00 | 1 145,00 |
| 2.1.12. | Ritsímalína í tónritsíma. | | 370,00 |

2.1.13. Gjald fyrir fjarstýringu eða fjarvísun á línu, sem einnig er notuð fyrir tal, skal vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.1.11. Þegar um er að ræða kerfi með mörgum línum innan sama stöðvarsvæðis skal reikna gjaldið eftir meðallínulengd sem telst vera 2 km.

2.1.14. Ritsímalína, sem ekki er flutt á tónritsíma, reiknast sem tallína.

2.1.15. Lína fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki. Gjaldið fer samkvæmt 2.1.5, 2.1.6 eða 2.1.7 eftir hraða en að auki greiðist magngjald samsvarandi 8 mínútna notkun á dag á mesta hraða, sem tilgreindur er í 2.1.5, 2.1.6. eða 2.1.7 eftir því sem við á og á taxta, sem gildir innan stöðvarsvæðis í gagnaflutninganetinu.

2.2. Ársfjórðungsgjald fyrir langlínur eru sem hér segir:

2.2.1. Fyrir tallínu milli einkabúnaðar notanda á mismunandi stöðum án tengingar við miðstöð er gjaldið kr. 21 700,00 fyrir hvern endapunkt og útgangspunkt og kr. 225,00 fyrir hvern km. Fjarlægðin er reiknuð eins og leið liggur í símakerfinu milli viðkomandi endapunkta. Línur samkvæmt þessum lið má ekki nota til að tengja einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði.

2.2.2. Gjald fyrir línu, sem tengir einkasímabúnað notanda símanúmeri í miðstöð eða einkasímstöð á öðru gjaldsvæði, er reiknað samkvæmt 2.2.1. en að auki reiknast langlínugjald, sem samsvarar 7500 mínútum á ársfjórðungi á því gjaldi, sem gildir fyrir sjálfvirkt val að degi til milli viðkomandi gjaldsvæða. Þetta er til viðbótar afnotagjaldi, sem greiða skal fyrir síma skv. I. kafla.

2.2.3. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 1. og 2. flokki er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af flokknum og hraða sendingar:

| Flokkur | Hraði (bit/s) | Stuðull | |
|---|---|---|---|
| | | 1. flokkur | 2. flokkur |
| A1 | 0 - 4800 | 1,00 | 1,00 |
| A2 | 4801 - 9600 | 1,30 | 1,43 |
| A3 | 9601 - 19200 | 1,60 | 1,76 |
| A4 | 48000 - 64000 | 2,50 | 2,75 |
| A5 | 2 Mbit/s | 25,00 | 27,50 |

2.2.4. Fyrir línur fyrir gagnasendingar samkvæmt 3. flokki greiðist eins og fyrir 1. flokk en að auki magngjald, sem samsvarar 8 mínúta notkun á dag á hæsta hraða, sem tilgreindur er í flokki A1 til A5 eftir því sem við á og á taxta, sem gildir milli stöðvarsvæða í almennu gagnaflutningsnetinu.

2.2.5. Fyrir ritsímalínur í tónritsímakerfum er gjaldið reiknað eins og í 2.2.1., en með margföldunarstuðli, sem ákveðst af hraða sendingar:

| Flokkur | Hraði (Baud) | Stuðull |
|---|---|---|
| B1 | 50 | 0,22 |
| B2 | 75 | 0,22 |
| B3 | 100 | 0,24 |
| B4 | 300 | 0,33 |

Ef óskað er eftir ritsímalínu á leið þar sem ekki er tónritsímakerfi, fær notandi tallínu til afnota og er þá reiknað með margfeldisstuðli jafnt og 1.

2.2.6. Gjald fyrir fjarstýringarlínur er hið sama og fyrir tallínur, ef heil lína er tekin undir fjarstýringuna. Ef fjarstýring getur, án þess að valda truflunum, farið fram á línu, sem notuð er fyrir tal, skal gjaldið vera 25% af því, sem reiknað er samkvæmt 2.2.1.

2.2.7. Gjald fyrir dagskrárlínur fyrir hljóðvarp er reiknað eins og í 2.2.1. en með margföldunarstuðli eftir bandbreidd:

| Flokkur | Bandbreidd (KHz) | Stuðull |
|---|---|---|
| C1 | 3 | 1,0 |
| C2 | 15 | 1,4 |
| C3 | 2x15 | 2,8 |

2.3. Gjald fyrir línur til annarrar notkunar en getið er hér að framan ákvarðast af Póst- og símamálastofnun hverju sinni.

**3. Leigur í stuttan tíma.**

3.1. Eftirfarandi gjöld eru tekin fyrir línur, sem leigðar eru í stuttan tíma, þ.e.a.s. í minna en 6 mánuði. Leigutími skal tilgreindur við pöntun. Stofngjald er ekki tekið fyrir þessar línur, nema í sérstökum tilvikum.

3.1.1. Fyrir línur eða línuhluta í notendakerfum er tekið lágmarksgjald, sem er eitt ársfjórðungsgjald skv. 2.1 nema fyrir línur skv. 2.1.9 og 2.1.10 en fyrir þær greiðist fyrstu fimm sólarhringana 1/10 af ársfjórðungsgjaldinu þ.m.t. gjald óháð línulengd. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar upp í allt að tíu sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring en 1/60 af ársfjórðungsgjaldi greiðist á sólarhring umfram tíu sólarhringa.

3.1.2. Fyrir línur eða línuhluta í langlínukerfinu er tekið lágmarksgjald sem er einn 1/6 af ársfjórðungsgjaldi skv. 2.2 og innifelur allt að fimm sólarhringa notkun. Fyrir hvern byrjaðan sólarhring til viðbótar upp í allt að 10 sólarhringa greiðist 1/50 af ársfjórðungsgjaldi á sólarhring, en umfram tíu sólarhringa greiðist 1/60 af ársfjórðungsgjaldinu á sólarhring.

## XI. KAFLI

**Notendabúnaður við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar.**

Verðið er kostnaðarverð á hverjum tíma, sem telst innkaupsverð eða framleiðsluverð að viðbættum umsýslukostnaði.

Póst- og símamálastjóri gefur út verðskrá fyrir búnað við sjálfvirkar og handvirkar miðstöðvar og fjarritvélar í samráði við ráðuneytið.

## XII. KAFLI

**Skrásetning símnefna.**

Fyrir skrásetningu símnefna greiðast kr. 665,00 á ári. Sé sama símnefni skrásett á fleiri en 10 símstöðvum, greiðast þó aðeins kr. 165,00 fyrir hverja skráningu þar fram yfir. Gjaldið greiðist fyrirfram fyrir almanaksárið. Brot úr ári telst sem heilt ár. Uppsagnarfrestur er 3 mánuðir, og er hann gagnkvæmur.

## XIII. KAFLI

**1. Símaskráin.**

Póst- og símamálastofnunin gefur út símaskrá og fylgir hverju símanúmeri eitt eintak af hverri útgáfu hennar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á villum, sem kunna að vera í símaskránni.

Aukaeintök eru til sölu á póst- og símstöðvum á verði sem ráðuneytið samþykkir.

**2. Skrásetning í símaskrána.**

Hver talsímanotandi fær nafn sitt skráð án sérstaks gjalds í einni línu í stafrófsskránni. Gjald fyrir hverja línu í stafrófsskránni fram yfir það, sem að ofan segir, er kr. 195,00. Sé auk aðalsímnotanda einn eða fleiri aukanotendur að sama síma, ber að greiða kr. 335,00 fyrir hvern aukanotanda. Aukasímnotendur geta ekki öðlast aðalsímnotendarétt (t. d. rétt til að fá símann fluttan eða skráðan eingöngu á sitt nafn) án þess að greiða uppsetningargjald fyrir númerið að nýju eða viðtökugjald.

Breytir engu í þessu, þó að aukasímnotandi hafi um lengri eða skemmri tíma haft nafn sitt í símaskránni eða greitt afnotagjald.

Póst- og símamálastofnunin ákveður tilhögun á símaskránni, og hún getur synjað mönnum um upptöku starfsheita, sem hún telur óeðlileg eða vafasamt, að hlutaðeigandi hafi rétt til að bera.

**3. Skrásetning í stafrófsskrána.**

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 3.1. | Breytt letur í skrá, hver lína | 335,00 |
| 3.2. | Aukanafn í skrá | 335,00 |
| 3.3. | Aukalína í skrá, hver lína | 195,00 |
| 3.4. | Aukanafn með breyttu letri (ein lína) kr. 335,00 + 335,00 | 670,00 |

Aukalínur eru taldar: Ef fyrirtæki lætur skrásetja nöfn starfsmanna sinna í skrána undir nafni fyrirtækisins.

**4. Skrásetning í atvinnuskrána.**

4.1. Skrásetning án sérstaks gjalds.

Hver símnotandi, sem rekur atvinnu- eða verslunarfyrirtæki og óskar skriflega eftir skráningu í atvinnu- og viðskiptaskrána í samræmi við þá flokkun, er Póst- og símamálastofnunin hefur ákveðið, fær án sérstaks gjalds eina línu til skrásetningar á símanúmeri sínu, ásamt nafni og heimilisfangi, með venjulegu letri í einn flokk skrárinnar. Aukasímnotendur öðlast ekki rétt til skráningar án sérstaks gjalds.

4.2. Skrásetning gegn borgun.

Ef símnotandi vill láta skrá sig í fleiri en einn flokk, kostar hver skrásetning fram yfir þá fyrstu kr. 195,00. Ef nafnið óskast skráð með breyttu letri, kostar það kr. 335,00. Auglýsingalína kostar kr. 195,00.

**5. Auglýsingar í símaskrá.**

Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að taka auglýsingar til birtingar í símaskránni að því marki, sem hún telur að samrýmist númeraskránni.

## XIV. KAFLI
## Radíótæki og þjónusta um radíóstöðvar.

### 1. Radíóeftirlitsgjöld.

Gjöld vegna radíótækja skulu vera sem hér segir:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| 1.1. | Fyrir milli-, stutt-, metra- og desimetrabylgjustöðvar í skoðanaskyldum skipum, bátum og flugvélum og fastastöðvar (þar með taldar móðurstöðvar fyrir þjónustu við farartæki). | |
| 1.1.1. | Leyfisbréfagjald þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) | 690,00 |
| 1.1.2. | Árlegt eftirlitsgjald senda, þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött | 1 530,00 |
| 1.1.3. | Eftirlitsgjald vegna aukaskoðunar senda þegar samanlagt sendiafl er yfir 100 wött, sem voru ekki í lagi við aðalskoðun eða vegna verulegra breytinga á búnaði | 990,00 |
| | Ferðakostnaður greiðist að auki eftir reikningi. | |
| 1.1.4. | Leyfisbréfagjald, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) | 330,00 |
| 1.1.5. | Árlegt eftirlitsgjald senda, þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna | 1 000,00 |
| 1.1.6. | Eftirlitsgjald vegna aukaskoðunar senda þegar samanlagt sendiafl er 100 wött eða minna, sem voru ekki í lagi við aðalskoðun eða vegna verulegra breytinga á búnaði | 655,00 |
| | Ferðakostnaður greiðist að auki eftir reikningi. | |
| 1.2. | Fyrir hverja talstöð á milli-, stutt- og metra- og desimetrabylgju, sem einungis eru skoðaðar eftir ósk eiganda eða af gefnu tilefni (sjá einnig 1.4). | |
| 1.2.1. | Leyfisbréfagjald (endurnýist við allar breytingar á stöðinni) | 330,00 |
| 1.2.2. | Árlegt starfrækslugjald fyrir handtalstöðvar á skipa- og flugvélatíðnum | 1 595,00 |
| 1.2.3. | Árlegt starfrækslugjald fyrir aðrar stöðvar | 410,00 |
| 1.3. | Farsímar og handvirkir bílasímar. | |
| 1.3.1. | Leyfisbréfagjald er innifalið í stofngjaldi. | |
| 1.3.2. | Starfrækslugjald er innifalið í afnotagjaldi. | |
| 1.4. | Fyrir almenningstalstöðvar (CB) í 27 MHz tíðnisviðinu. | |
| 1.4.1. | Starfsleyfi (gildir í 5 ár) | 755,00 |
| 1.4.2. | Endurnýjunargjald fyrir starfsleyfi | 615,00 |
| 1.4.3. | Stöðvarleyfi (gildir í 1 ár) | 510,00 |
| 1.4.4. | Endurnýjunargjald fyrir stöðvarleyfi | 355,00 |
| 1.4.5. | Stöðvarleyfi fyrir almenningstalstöðvar með sendiafl 50 milliwött eða minna (gildir í 5 ár, starfsleyfi þarf ekki) | 495,00 |
| 1.4.6. | Bráðabirgðaleyfi útlendinga | 355,00 |

| | | |
|---|---|---|
| 1.5. | Fyrir útvarpsstöðvar (hljóðvarp og sjónvarp). | |
| 1.5.1. | Leyfisbréfagjald fyrir senda með sendiafl fyrir 1 kílówatt eða yfir (gildir lengst í 3 ár) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 2 470,00 |
| 1.5.2. | Leyfisbréfagjald fyrir senda með sendiafl minna en 1 kílówatt og endurvarpsstöðvar (gildir lengst í 3 ár), sjá þó 1.5.3. . . . . . . . . . . . . | 1 235,00 |
| 1.5.3. | Leyfisbréfagjald fyrir endurvarpsstöðvar með sendiafl minna en 150 milliwött, sem settar eru upp fyrir sveitabæi (gildir í 3 ár) . . . . . . . . . . | 405,00 |
| 1.6. | Ýmis gjöld. | |
| 1.6.1. | Leyfisbréfagjald amatöra með upphafsskoðun (endurnýist við tilfærslu milli T-, A-, B- og C leyfa) . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 650,00 |
| 1.6.2. | Leyfisbréfagjald amatör-nýliða ásamt upphafsskoðun (gildir í 2 ár) . . . | 330,00 |
| 1.6.3. | Gjald fyrir bráðabirgðaleyfi útlendra amatöra (gildir í 6 mánuði nema um sé að ræða samfellda dvöl þá er gildistími 1 ár) . . . . . . . . . . . . | 330,00 |
| 1.6.4. | Fyrir aukaskoðun amatörstöðvar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 330,00 |
| 1.6.5. | Leyfisbréfagjald vegna radíósenda fyrir fjarstýringar . . . . . . . . . . . | 235,00 |
| 1.6.6. | Fyrir skírteini loftskeytamanns . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 540,00 |
| 1.6.7. | Fyrir skírteini talstöðvarvarðar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 275,00 |
| 1.6.8. | Innsiglisgjald (ferðakostnaður samkvæmt reikningi) . . . . . . . . . . . | 715,00 |

## 2. Gjöld fyrir tegundaprófun.

| | | |
|---|---|---|
| 2.1. | Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl yfir 0,5 watt . . . . . . . . . . . | 15 510,00 |
| 2.2. | Gjald fyrir tegundaprófun talstöðva, afl 0,5 watt eða minna . . . . . . . . | 7 760,00 |
| 2.3. | Gjald fyrir prófun á einstökum talstöðvum, sem fluttar eru inn af einstaklingum til eigin nota . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1 820,00 |
| 2.4. | Gjald fyrir tegundaprófun á radíótækjum öðrum en talstöðvum er eftir reikningi. | |
| 2.5. | Gjald fyrir prófun eða athugun á einstökum radíótækjum, sem einstaklingar flytja inn til eigin nota . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 780,00 |
| 2.6. | Gjald fyrir forkönnun á eiginleikum talstöðva og annarra radíótækja . . | 2 585,00 |
| 2.7. | Viðvíkjandi reglum um viðurkenningu radíótækja og tegundaprófun sjá reglur nr. 322/1985, sem samgönguráðuneytið hefur gefið út. | |

## 3. Viðskiptagjöld.

3.1. Radíósímtöl við skip og báta.
Sjá kafla III. 4. hér að framan.

3.2. Skeytaafgreiðsla við skip og báta.
Sjá kafla V. 3. hér að framan.

3.3. Viðskiptagjöld vegna radíóstöðva í verstöðvum.
Vegna radíóstöðva, sem komið er upp í verstöðvum á vegum samtaka útvegsmanna á viðkomandi stað, skal greiða eftirfarandi daggjöld:

| | Kr. |
|---|---|
| Fyrir 1–5 báta . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 150,00 |
| Fyrir 6–15 báta . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 275,00 |
| Fyrir 16–30 báta . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 390,00 |
| Fyrir 31 bát og fleiri . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 520,00 |

Ef um leigutalstöð er að ræða, greiðast að auki venjuleg leigugjöld samkvæmt verðskrá.

3.4. Vegna metrabylgjustöðva, sem komið er upp á stöðum þar sem Póst- og símamálastofnunin veitir ekki strandarstöðvarþjónustu á metrabylgjurásum, skal greiða daggjald kr. 275,00 enda sé eingöngu um að ræða viðskipti, er lúta að rekstri fiskiskipa og veiðum.

3.5. Viðskiptagjöld landfarstöðva.

3.5.1. Ársfjórðungslegt afnotagjald landfarstöðva, sem nota rásir á millibylgju, kr. 520,00.

3.5.2. Afgreiðslugjald fyrir hvert símtal afgreitt eða skilaboð send (fyrir símtöl eða skilaboð afgreidd frá afgreiðslustöð í landfarstöðvaþjónustunni til annars gjaldsvæðis í símakerfinu, en hún er í, greiðist línugjald skv. gjaldskrá) kr. 74,00.

**4. Skyldutilkynningar skipa.**

Öll íslensk skip, sem eru tilkynningaskyld samkvæmt lögum frá 17. maí 1968 og gildandi reglugerð þar að lútandi, greiði ársfjórðungsgjald fyrir flutning skyldutilkynningar um fjarskiptakerfið.

Gjaldið skal vera svo sem hér segir:

| | Kr. |
|---|---|
| Fyrir skip undir 15 rúmlestum brúttó | 275,00 |
| Fyrir skip 15 að 50 rúmlestum brúttó | 410,00 |
| Fyrir skip 50 að 100 rúmlestum brúttó | 545,00 |
| Fyrir skip 100 rúmlestir brúttó og yfir | 745,00 |

Gjald þetta er óviðkomandi öðrum viðskiptagjöldum vegna viðskipta skipa um strandarstöðvar Póst- og símamálastofnunarinnar, og skal það greitt fyrirfram ársfjórðungslega.

Óheimilt er að hagnýta upplýsingar þær, er fást með skyldutilkynningunum, til annarra nota en öryggisgæslu vegna skipa og áhafna.

**5. Almenn ákvæði.**

5.1. Hver sá, sem óskar að starfrækja radíótæki á landi, sjó eða í lofti, innan íslensks lögsagnarumdæmis, skal senda Póst- og símamálastofnuninni skriflega umsókn um leyfi til þess ásamt nauðsynlegum upplýsingum um tækin og tilgang notkunar. Þetta gildir þó ekki um viðtæki, sem er fyrir útvarp eingöngu og er skráð hjá Ríkisútvarpinu. Verði slíkt leyfi veitt, er það gert með leyfisbréfi, þar sem tilgreind eru skilyrði fyrir leyfinu, leyfistími o. fl. Fyrir hvert leyfisbréf komi ákveðið gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá um radíótæki. Skal gjaldið greitt við afhendingu leyfisbréfs.

5.2. Póst- og símamálastofnunin hefur eftirlit með notkun radíótækja. Talstöðvar í skipum og bátum með þilfari eru skoðaðar einu sinni á ári. Aðrar talstöðvar eru ekki háðar skoðunarskyldu, en eigendum þeirra er heimilt að koma með þær til skoðunar.

5.3. Þegar framkvæma skal skoðun, skal hlutaðeigandi stöðvarvörður sjá um, að nægilegt rafmagn sé fyrir hendi, svo að prófa megi tækin. Enn fremur getur eftirlitsmaður krafist þess, að stöðvarvörður sé viðstaddur skoðun og til aðstoðar eftirlitsmanni sé þörf, t. d. við skoðun lífbátasenda og þ. u. l. Sé stöðvarvörður eða fullgildur staðgengill, að dómi eftirlitsmanns, ekki viðlátinn þrátt fyrir ósk eftirlitsmanns, er honum heimilt að taka sér aðstoðarmann, og ber þá leyfishafi stöðvarinnar aukakostnað, er af því kann að leiða. Óski leyfishafi radíótækja aukaskoðunar, einhverra ástæðna vegna, ber honum að greiða fyrir framkvæmd hennar aukalega hálft eftirlitsgjald að viðbættum ferðakostnaði.

5.4. Þeim, sem leyfi fá fyrir sendistöð, ber að sjá um, að enginn starfræki hana, nema sá sem fengið hefur skírteini hjá Póst- og símamálastofnuninni, er heimili honum starfrækslu

slíkrar stöðvar (skírteini loftskeytamanns eða talstöðvarvarðar). Stöðin er þó ávallt undir yfirumsjón leyfishafa eða fulltrúa hans og starfræksla hennar á ábyrgð þeirra.

5.5. Bæði stöðvarverði og leyfishafa eða fulltrúa hans er skylt að undirrita þagnarheit og haga starfrækslunni í einu og öllu samkvæmt fyrirmælum Póst- og símamálastofnunarinnar og hlíta þeim ákvæðum og reglum, innlendum og alþjóðlegum, sem settar eru og settar kunna að verða um starfrækslu slíkra stöðva. Verði misbrestur á þessu, getur Póst- og símamálastofnunin afturkallað leyfisbréf stöðvarinnar, innsiglað hana eða, sé hún í leigu frá Póst- og símamálastofnuninni, tekið hana í sína vörslu.

5.6. Radíóeftirlitsgjöld og annar kostnaður vegna tækjaskoðunar greiðist á gjalddaga.

5.7. Póst- og símamálastofnunin eða sérstakir umboðsmenn hennar sjá um uppsetningu og viðhaldsþjónustu á fastastöðvum. Uppsetningu og viðhaldsþjónustu á farstöðvum annast Póst- og símamálastofnunin og þau verkstæði, sem fengið hafa heimild til viðgerða á ákveðnum gerðum talstöðva. Leyfishafi greiðir þessa vinnu samkvæmt reikningi.

5.8. Gjöld fyrir símtöl, símskeyti og annað það, sem gjaldskylt er og afgreitt er um símakerfið fyrir tilstuðlan stöðvar leyfishafa, eru á ábyrgð hans og greiðist á gjalddaga.

5.9. Hafi áfallin gjöld vegna radíótækja eða þjónustu ekki verið greidd á gjalddaga, er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innsigla viðkomandi stöð. Um borð í skipum skal þetta þó gert þannig, að nota megi stöðina í neyðartilfelli. Ennfremur er Póst- og símamálastofnuninni heimilt að innheimta þessi gjöld með símareikningum hlutaðeigandi leyfishafa.

5.10. Nú hefur stöð verið innsigluð vegna vanskila eða annarra brota. Skal þá leyfishafi greiða innsiglisgjald, áður en enduropnun fer fram. Ferðakostnað vegna innsiglunar greiðir leyfishafi.

5.11. Framangreindar reglur eiga ekki við um starfrækslu „amatör"-stöðva. Um þá starfsemi er fjallað í sérstakri reglugerð.

5.12. Innflutningur erlendra radíótækja er háður samþykki Póst- og símamálastofnunarinnar. Innflytjendur skulu sækja um heimild á þar til gerðum eyðublöðum. Sé um fyrsta innflutning á talstöðvum að ræða, kannar Póst- og símamálastofnunin með tegundaprófun, hvort stöðvarnar fullnægi þeim lágmarkskröfum, sem gerðar eru.

5.13. Leyfi til starfrækslu radíóstöðva má segja upp með minnst mánaðarfyrirvara, miðað við mánaðamót, óski leyfishafi að hætta starfrækslu stöðvarinnar. Skal það gert skriflega og stílað til Póst- og símamálastofnunarinnar. Vanræksla í þessum efnum leysir leyfishafa ekki frá greiðslu áfallinna gjalda.

5.14. Öll gjöld til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna starfrækslu radíótækja, sem ekki eru greidd á tilsettum tíma, eru lögtakskræf, samkvæmt 1. gr. laga nr. 29 frá 16. des. 1885.

5.15. Póst- og símamálastofnunin hefur nokkurt magn radíótækja til leigu eða til sölu samkvæmt nánari ákvörðun hverju sinni. Um kjör fer samkvæmt sérstakri gjaldskrá um radíótæki.

## XV. KAFLI

### Afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi.

1.1. Fyrir afnot landssímalína til skákkeppni greiðist ⅕ venjulegs símtalagjalds á tímabilinu frá 1. október til 30. apríl kl. 21:00–08:00.

Lágmarksgjald miðast þó við þriggja stunda notkun á línunum. Hver byrjuð klukkustund telst sem heil.

Á öllum öðrum tímum en þeim, sem að framan getur, reiknast fullt gjald, samkvæmt símtalagjaldskrá (sbr. III. kafla).

1.2. Umsóknir um afnot landssímalína til skákkeppni gegn niðursettu gjaldi skulu koma frá Skáksambandi Íslands og sendar skriflega til símstjórans í Reykjavík með minnst sólarhrings fyrirvara. Óskir um niðursett símagjöld til skákkeppni frá öðrum en Skáksambandi Íslands verða eigi teknar til greina.

## XVI. KAFLI

### 1. Almennir skilmálar.

1.1. Sá, sem óskar að fá talsíma eða aukið samband eða breytingar á samböndum og tækjum, er hann hefur áður fengið, sendi um það skriflega umsókn.
Þar til gerð eyðublöð eru í símakránni og fást einnig á símstöðvum og skal umsækjandi tilgreina fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Skal hann þá hlíta þeim kjörum og ákvæðum, sem sett eru eða sett kunna að verða um notkun símtækja og sambanda.

1.2. Símasambandi er venjulega ekki komið á við nokkra húseign, nema húseigandi leyfi endurgjaldslaust að koma fyrir þráðum og öðrum símatækjum á húsi og lóð, og ber þeim, er pantar sambandið, að sjá um, að slíkt leyfi húseiganda fáist. Krefjast má þess, að talsímanotendur setji tryggingu fyrir greiðslu allra gjalda fyrir afnot símans.

1.3. Póst- og símamálastofnunin ákveður, við hvaða stöð símabúnaður skuli tengjast, númer hans og nánara fyrirkomulag og getur síðan breytt um númer, ef það telst nauðsynlegt. Handvirk langlínusímtöl hafa forgangsrétt fram yfir innanbæjarsímtöl, og getur Landssíminn komið inn á sjálfvirk símtöl og beðið um, að viðkomandi leggi á, ef um innanbæjarsímtal er að ræða.

1.4. Ekki er heimilt að gera eða láta gera breytingar á símalögnum nema með heimild Póst- og símamálastofnunarinnar. Öll slík verk framkvæmir stofnunin eftir beiðni en notandi greiðir það gjald, sem ákveðið er. Starfsmenn stofnunarinnar, hafa hvenær sem er aðgang að öllum símatækjum og símalögnum.

1.5. Talsímanotendum er skylt að fara vel og gætilega með allan símabúnað í eigu Póst- og símamálastofnunarinnar er þeir hafa til afnota, og eru þeir bótaskyldir á öllu því, sem aflaga fer og ekki stafar af eðlilegu sliti, svo og öllu því, er glatast úr þeirra vörslu í þessum efnum.
Stranglega er bannað að setja nokkur tæki eða búnað í samband við tæki Póst- og símamálastofnunarinnar, t. d. talfærasnúrur o. þ. h., enda hefur Póst- og símamálastofnunin að sjálfsögðu rétt til að taka allan slíkan búnað burtu og láta hlutaðeigandi sæta sektum eða missi símans, ef ástæða þykir til.

1.6. Verði bilun í símakerfinu eða í notendabúnaði sem Póst- og símamálastofnunin hefur látið í té ber þegar í stað að tilkynna það til viðkomandi símstöðvar. Póst- og símamálastofnunin ber ekki ábyrgð á því, þótt sími verði ónothæfur um stund. Verði óþarfur dráttur af hálfu Póst- og símamálastofnunarinnar á viðgerð síma má krefjast endurgreiðslu á afnotagjaldinu í hlutfalli við þann tíma, er síminn er ónothæfur, ef sambandsslitin eru meira en 10 sólarhringar á ári.

1.7. Póst- og símamálastofnunin tekur ekki á sig neina ábyrgð á afleiðingum þess, ef mistök kunna að eiga sér stað við afgreiðslu símskeyta eða símtala, hvort sem þau eru af völdum starfsmanna, línubilana eða af öðrum orsökum.

1.8. Enginn talsímanotandi má lána, leigja eða selja öðrum afnot talsímakerfisins nema með leyfi Póst- og símamálastofnunarinnar. Sé það engu að síður gert, hefur notandi fyrirgert rétti sínum til símans, og getur stofnunin slitið sambandinu, en notandi borgar samt afnotagjaldið til þess tíma, er hann hefði löglega getað sagt upp.

1.9. Hægt er að fá símanúmer geymt í umsaminn tíma gegn greiðslu afnotagjalds.

1.10. Póst- og símamálastofnuninni er heimilt að synja þeim um síma eða loka símanúmerum þeirra um stundarsakir eða að fullu, sem eftir athugun og að dómi hennar hafa verulega slæm áhrif á afgreiðslu sjálfvirku símstöðvarinnar, eða ef sími þeirra er misnotaður, svo sem með endurteknum gabbhringingum eða öðrum truflunum.

1.11. Sé lína einhvers notanda óhæfilega oft á tali að dómi Póst- og símamálastofnuninnar, getur stofnunin krafist þess, að notandinn fallist á lagfæringar.

1.12. Verðskrá sú er póst- og símamálstjóri gefur út fyrir búnað við sjálfvirkar miðstöðvar og fjarritvélar, í samráði við ráðuneytið, skal liggja frammi á símstöðvum.

1.13. Þeir, sem af ásettu ráði eða vítaverðu gáleysi valda skemmdum á símabúnaði og símakerfum í eigu stofnunarinnar hafa fyrirgert rétti sínum til símans og sæta sektum samkvæmt 176. gr. hegningarlaganna, nema verknaðinum sé þannig farið, að þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum.

## 2. Greiðsluskilmálar.

2.1. Skráður rétthafi síma ber alla ábyrgð á greiðslum til Póst- og símamálastofnunarinnar vegna notkunar á símabúnaði hans.

2.2. Gjalddagi fyrir síma-, radíó- og önnur fjarskiptagjöld er fyrsti hvers mánaðar. Póst- og símamálastofnun skal sjá svo um að reikningar séu sendir notendum með góðum fyrirvara.

2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987.
Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.

2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 165,00, fyrir enduropnun símasambands.

2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

## 3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

## 4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

## 5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XVII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. október 1991. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. október 1991 eða síðar. Jafnframt fellur þá úr gildi gjaldskrá og reglur nr. 15 21. janúar 1991.

*Samgönguráðuneytið, 20. sept. 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

Nr. 425 17. september 1991

# SAMÞYKKT

**um hundahald í Biskupstungnahreppi.**

1. gr.

Hundahald í Biskupstungnahreppi sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald er háð leyfi sveitarstjórnar. Sveitarstjórn getur veitt einstaklingum, búsettum í hreppnum, leyfi til hundahalds með eftirfarandi skilyrðum.

a) Sækja skal um leyfi til að halda hvern einstakan hund. Hundurinn skal skráður á skrifstofu sveitarfélagsins, og þar fær eigandi hans afhent plötu sem jafnan skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal greiða sveitarsjóði leyfisgjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir skv. sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra staðfestir. Skal upphæð gjaldsins miðuð við þann kostnað sem af hundahaldinu hlýst.

c) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðatryggðan hjá viðurkenndu vátryggingafélagi. Við greiðslu árlegs leyfisgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu, sem sýni að trygging sé í fullu gildi.

d. Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hund inn í skólahús, opinberar byggingar, matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Á almannafæri (skipulagt þéttbýli) er leyfishafa skylt að fjarlægja saur eftir hund/a sína á tryggilegan hátt.

e. Hundaeiganda ber að öðru leyti að hlíta lögum og reglum er hundahald varða, þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda, greiðslu leyfisgjalds, svo og fyrirmælum er heilbrigðisnefnd kann að setja.

f. Leyfi fyrir einstökum hundum er að jafnaði háð því að þeir raski ekki ró íbúa hreppsins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um hreppinn fara til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slysahættu.

g. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í sambýlishúsi, skal skriflegt samþykki eiganda/íbúa hússins fylgja umsókn. Raðhús telst ekki sambýlishús nema um sameiginlega lóð sé að ræða.

h. Eigendur þeirra hunda sem grunaðir eru um að vera smitaðir er skylt að hlutast til um að hundar þeirra séu rannsakaðir óski heilbrigðisfulltrúi, heilsugæslulæknar í Laugarási eða héraðsdýralæknir eftir því.

i. Skráðum bændum utan þéttbýliskjarna er heimilt að halda einn hund án greiðslu leyfisgjalds og einnig er heimilt að halda viðurkennda veiðihunda án greiðslu leyfisgjalds. Um þá gilda að öðru leyti öll ákvæði samþykktar þessarar, þar með talin tryggingar- og hreinsunarskylda.

3. gr.

Við brot á skilyrðum skv. 2. gr. skal fjarlægja viðkomandi hund. Skal honum komið fyrir sé um minniháttar brot að ræða í fyrsta skipti. Eiganda hunds er skylt að leysa hann þaðan út gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins. Sé um að ræða alvarleg eða ítrekuð brot, afturkallast viðkomandi leyfi til hundahalds.

Sé hunds ekki vitjað innan tveggja daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja um hundinn getur haft í för með sér. Hreppsyfirvöldum er aldrei skylt að geyma skráða hunda lengur en tíu daga frá handsömun og er heimilt að aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Kostnaður greiðist af eiganda.

Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í geymslu. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað, af þar til kvöddum yfirvöldum.

Handsömun á óskráðum hundi skal auglýsa tryggilega, t.d. í útvarpi eða blöðum. Sé hunds ekki vitjað innan tíu daga má aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti hundinn má krefja hann um greiðslu kostnaðar. Sveitarstjórn er hvenær sem er heimilt að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum eða öll veitt leyfi, telji hún þess þörf.

4. gr.

Brot gegn samþykkt þessari, eða reglum settum skv. henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti opinberra mála og í samræmi við VI. og VII. kafla laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

5. gr.

Ofangreind samþykkt sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 97/1990, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingmálaráðuneytið, 17. september 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

17. september 1991 Nr. 426

# GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Biskupstungnahreppi.**

1. gr.

Upphæð leyfisgjalds skv. b staflið 2. gr. samþykktar um hundahald í Biskupstungnahreppi frá 16. september 1991 skal vera kr. 5 000,00 á ári. Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. júní. Heimilt er að innheimta vanskilavexti á gjalddaga hafi greiðsla ekki farið fram á eindaga.

2. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarstjórnar Biskupstungnahrepps staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 97/1990, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til að öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Gjalddagi leyfisgjalds skv. 1. gr. verður á árinu 1991 1. október og eindagi 1. nóvember. Upphæð leyfisgjalds á árinu 1991 skal vera kr. 2 000,00.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. september 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 427 17. september 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Kópavogi á árinu 1991.**

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. stafl. c í 3. gr. samþykktar nr. 257/1988, um hundahald í lögsagnarumdæmi Kópavogs, skal vera kr. 7 000,00. Gjaldið greiðist óskipt fyrir allt tímabilið eigi síðar en á eindaga sem er 1. október 1991. Dráttarvextir reiknast frá eindaga.

2. gr.

Við handsömun hunda skv. 2. gr. samþykktar nr. 257/1988, skal hlutaðeigandi greiða allan kostnað sem af því leiðir.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarráðs Kópavogs staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 97/1990, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 17. september 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 428 16. september 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008.**

Ráðuneytið hefur í dag staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 1988–2008, að landnotkun á vesturhluta svokallaðs Heiðavallarsvæðis, sem afmarkast af Melaheiði, Tunguheiði, Lyngheiði og Efri-Víghólum breytist úr íbúðabyggð og opnu svæði til sérstakra nota í stofnanasvæði (kirkjulóð) og opið svæði til sérstakra nota (sparkvöllur, leiksvæði og trjáræktarsvæði). Norðurhluti Gagnheiðar er felldur niður.

Breyting þessi hefur verið samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs og Skipulagsstjórn ríkisins og hefur að öðru leyti hlotið þá meðferð, sem áskilin er í skipulagslögum nr. 19/1964.

*Umhverfisráðuneytið, 16. september 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 644/1989, um aukatekjur ríkissjóðs, sbr. reglugerð nr. 250/1990 og reglugerð nr. 37/1991.**

1. gr.

Í stað 11. tl. 1. gr., eins og honum var breytt með reglugerð nr. 37/1991, komi tveir töluliðir sem skulu vera 11.a og 11.b tl. og skulu þeir vera svohljóðandi:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 11.a | Leyfisbréf fyrir verðbréfafyrirtæki | kr. | 100 000 |
| 11.b | Leyfi til verðbréfamiðlunar | kr. | 50 000 |

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum um aukatekjur ríkissjóðs nr. 79 frá 23. desember 1975, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 18. september 1991.*

F. h. r.
**Snorri Olsen.**

*Bragi Gunnarsson.*

10. september 1991 Nr. 430

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 278/1977, um Tækniskóla Íslands.**

1. gr.

16. gr. orðist svo:

Deildarstjórn setur sérstakar ástundunarreglur og skal m.a. tekið fram, hvaða skilyrði eru sett um rétt til að þreyta próf. Reglur þessar eru háðar samþykki skólastjórnar. Próf í hverjum áfanga má nemandi endurtaka tvisvar sinnum, enda hafi hann fallið við fyrri tilraunir. Skólanefnd getur veitt undanþágu frá þessu ákvæði.

2. gr.

17. gr. orðist svo:

Einkunnir skal gefa í heilum tölum á bilinu 1–10.

Til að standast próf í áfanga þarf einkunn að vera 6 eða hærri. Þó getur nemandi útskrifast með einkunnina 5 í 4 áföngum eða færri, að hámarki samtals 8 einingar. Einkunn undir 4 þýðir, að nemanda er skylt að stunda nám í áfanganum að nýju eins og um fyrstu tilraun væri að ræða áður en heimilt er að endurtaka próf.

Um prófkröfur í frumgreinadeild fer þó eftir því, sem kveðið er á um í gildandi námsskrá handa framhaldsskólum.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1972, um Tækniskóla Íslands, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 10. september 1991.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Árni Gunnarsson.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Eglisstaða og Fella.**

1. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sem gerð hafa verið og verða gerð á veitusvæði hitaveitunnar eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. reglugerð um hitaveitu og hitalagnir Hitaveitu Egilsstaða og Fella.

2. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lætur hverju húsi sem tengt er veitukerfi hennar í té vatnsmagn til neysluvatnsnota og upphitunar enda séu ofnar hússins nægjanlega stórir að dómi hitaveitunnar.

Einnig selur hitaveitan afnot af heitu vatni til annarra nota en hitunar og neysluvatnsnota eftir því sem vatnsmagn leyfir og hún telur henta.

3. gr.

Hitaveita Egilsstaða og Fella lætur notanda í té vatnsmagn samkvæmt 1. og 2. gr. um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:
   Fyrir hvern rúmmetra vatns .......... kr. 74,00
2. Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð:
   Fyrir ½ tommu mæli .......... kr. 385,00
   Fyrir ¾ tommu mæli .......... kr. 775,00
   Fyrir 1 tommu mæli og stærri .......... kr. 1 150,00

5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 3. gr. verða krafin mánaðarlega. Lesið verður af mælum að jafnaði tvisvar á ári en notkun þess á milli áætluð. Heimilt er að fækka eða fjölga álestrum, þó skal alltaf lesið af mælum einu sinni á ári.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur skal hann greiða fyrir það gjald kr. 295,00.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu ber gjaldanda að greiða hann þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðargjöld hitaveitunnar skulu miðast við brúttórúmmál húss skv. byggingarreglugerð og vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Stærð húss | Heimæðargjald |
|---|---|
| Allt að 400 $m^3$ | kr. 113 100,00 |
| 401 – 2 000 $m^3$ | kr. 113 100,00 + 87,70 kr/$m^3$ umfram 400 $m^3$ |
| 2 001 – 6 000 $m^3$ | kr. 255 500,00 + 85,40 kr/$m^3$ umfram 2 000 $m^3$ |
| 6 001 – 10 000 $m^3$ | kr. 558 000,00 + 67,70 kr/$m^3$ umfram 6 000 $m^3$ |
| Yfir 10 000 $m^3$ | kr. 831 500,00 + 58,45 kr/$m^3$ umfram 10 000 $m^3$ |

Nú eru fleiri en eitt hitakerfi í húsinu með sérstökum mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 11 110,00
í aukagjald fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta.

Ef um er að ræða atvinnuhúsnæði sem hitað er upp að hluta er heimilt að fella niður heimæðargjald af þeim hluta hússins sem ekki er hitaður. Verði breyting á starfsemi í slíku húsi þannig að farið verði að hita það allt upp þá er allt heimæðargjaldið gjaldfallið skv. gjaldskrá þess tíma sem breytingin á sér stað á.

8. gr.

Þegar tengingu húss er lokið er fyrri helmingur heimæðargjalds gjaldkræfur. Síðari helmingur heimæðargjalds er gjaldkræfur þremur mánuðum síðar. Þó er stjórn heimilt að veita frekari gjaldfrest ef um það er samið skriflega fyrir gjalddaga. Í slíkum samningum skal kveðið á um vexti og verðbætur.

9. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari í samræmi við breytingar á áðurnefndri vísitölu enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Séu fleiri en einn notandi í húsi með sameiginlega heimtaug og hitakerfi skerðir það ekki rétt hitaveitunnar til að loka fyrir aðrennsli heita vatnsins ef einn þessara aðila vanrækir greiðslur þó reikningum sé skipt á notendur.

Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3ja daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 1 540,00
í hvert sinn.

12. gr.

Eftirlitsmanni hitaveitunnar skal hvenær sem er heimill aðgangur að öllum mælum, hitagjöfum og vatnsæðum sem eru í sambandi við hitaveituna.

Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi nú þegar og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 601, 18. desember 1989.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# GJALDSKRÁ

**Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir heitt vatn.**

I. KAFLI

1. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Bæjarveitur Vestmannaeyja láta hverju húsi, sem er í sambandi við dreifikerfi þeirra, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til fullrar hitunar á húsinu, enda fullnægi hitakerfi hússins skilyrðum, sem sett eru í reglugerð fyrir Bæjarveitur Vestmannaeyja, og hitafletir séu nægilega stórir að dómi bæjarveitna.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt vatnsmæli .......... kr. 92,09 fyrir hvern rúmmetra vatns. Heimilt er að áætla vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins, þar til vatnsmælir hefur verið settur upp, og ef vatnsmælir bilar.

4. gr.

Bæjarveitum er heimilt að selja afnot af vatninu á grundvelli orku- og rennslismælingar.
Greiðast þá .................................... kr. 1,53
fyrir hverja kílówattstund samkvæmt orkumæli og .................. kr. 23,03
fyrir hvern rúmmetra vatns samkvæmt rennslismæli.

5. gr.

Þegar afnot af hitaveitunni eru leyfð til annarra nota en húshitunar, er veitunni heimilt að ákveða gjald fyrir slík afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

6. gr.

Bæjarveitur leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra.

Fastagjald fyrir mæli skal greitt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun og skal vera á mánuði:

| | Kr. |
|---|---|
| a) Fyrir mæla allt að ¾" | 594,00 |
| b) Fyrir mæla allt að 2" | 1 185,00 |
| c) Fyrir mæla allt að 3" | 2 373,00 |
| d) Fyrir varmamagnsmæla skal greiða tvöfalt gjald. | |

7. gr.

Gjöld skv. 3.–6. gr. innheimta Bæjarveitur Vestmannaeyja og er heimilt að krefja þau mánaðarlega.

Gjalddagi á greiðslum fyrir vatnsnotkun og mælaleigu er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð.

Greiðslustöðu skal getið á reikningi eða tilkynningu.

Það eru vanskil, ef gjöld eru ekki að fullu greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

### 8. gr.

Fyrir öll hús, sem tengd eru hitaveitunni, skal greiða heimæðargjald. Heimæðargjald skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss ($m^3$) (utanmál) | Heimæðargjald Kr. |
|---|---|
| Allt að 400 | 102 218,00 |
| 400 að 2 000 | 102 218,00 fyrir 400 $m^3$ + 81,61 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000 að 6 000 | 232 845,00 fyrir 2 000 $m^3$ + 68,89 kr/$m^3$ þar yfir |
| 6 000 að 10 000 | 508 235,00 fyrir 6 000 $m^3$ + 61,44 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 10 000 | 754 182,00 fyrir 10 000 $m^3$ + 53,33 kr/$m^3$ þar yfir |

Heimæðargjöld greiðast ekki af bifreiðageymslum.

### 9. gr.

Ef tengt er við fleiri mæla en einn í sama húsi, skal greiða aukalega fyrir hvern mæli umfram þann fyrsta:

| | Kr. |
|---|---|
| A. Fyrir mæli allt að ¾″ | 15 307,00 |
| B. Fyrir mæli allt að 2″ | 30 614,00 |
| C. Fyrir mæli allt að 3″ | 61 356,00 |

### 10. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Bæjarveitunum er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskránni til samræmis við nefnda vísitölu eins og hún er þegar gjöldin eru greidd, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

### 11. gr.

Þegar tengingu heimæðar er lokið er heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins. Greiðslustaður heimæðagjalda er á skrifstofu Bæjarveitna Vestmannaeyja.

## IV. KAFLI

### 12. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

### 13. gr.

Bæjarveitur hafa rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða gjöld til veitunnar. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem gjöld eru vangreidd af.

Lokun skal tilkynna með a.m.k. 5 daga fyrirvara.

Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá, er vanskilum veldur og er gjaldið . . . . . . . . . . kr. 1 192,00
fyrir hvert skipti.

### 14. gr.

Einungis starfsmönnum hitaveitunnar er heimilt að breyta innsigluðum tengihlutum veitunnar.

15. gr.

Eftirlitsmenn hitaveitunnar skulu hvenær sem er hafa frjálsan aðgang að öllum búnaði, sem er í sambandi við hana.

Húseiganda er skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum þeirra um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

V. KAFLI

16. gr.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem ákveðin er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 294, 26. júní 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. september 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 433 16. september 1991

# GJALDSKRÁ

**Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.**

**I. Raforka.**

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**A. Almenn notkun.**

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | Grunngjald | (m/vsk) |
|---|---|---|
| Orkugjald | 5,70 kr/kWst | (7,10) |
| Fastagjald | 2 041,00 kr/a | (2 541,00) |

**C. Afl- og orkumæling.**

C2 Um kW-kWst-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

| | Grunngjald | (m/vsk) |
|---|---|---|
| Aflgjald | 9 771,00 kr/kWa | (12 165,00) |
| Orkugjald: | 2,20 kr/kWst | (2,74) |
| Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá. | | |

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

Á tímabilinu 16. maí–15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki vsk. af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Bæjarveitna Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning bæjarveitna sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

### D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án vsk).

| | |
|---|---|
| Orkugjald | 2,83 kr/kWst |
| Fastagjald | 2 945,00 kr/a |

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,55 kr/kWst og Landsvirkjun 0,20 kr/kWst af orkuverðinu, alls 0,75 kr/kWst, fyrir allt að 30 000 kWst ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4 Til hitunar (án vsk).

| | |
|---|---|
| Orkugjald | 3,03 kr/kWst |
| Fastagjald | 2 945,00 kr/a |

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi veitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum veitustjóra, en kostnaður greiddur af notanda. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

### F. Önnur raforkunotkun.

| | | Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|---|
| F2 | Orkugjald | 8,26 kr/kWst | (10,28) |
| | Fastagjald | 2 041,00 kr/a | (2 541,00) |

til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

| | | Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|---|
| F5 | Aflgjald | 17 675,00 kr/kWa | (22 005,00) |

af uppsettu afli til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxta C2 og 3600 klst. nýtingartíma á ári. Leggi bæjarveitur til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar ........ kr. 22 005,00 kW/a (m/vsk) fyrir þá þjónustu.

### II. Mælaleiga.

Bæjarveitur leigja mælitæki við því verði sem hér segir:

| | Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|
| 1. Einfasa kWst-mælir | 403,00 kr/a | (502,00) |
| 2. Þrífasa kWst-mælir | 1 528,00 kr/a | (1 902,00) |
| 3. Þrífasa kWst-mælir með straumspennumæli | 2 582,00 kr/a | (3 215,00) |
| 4. Þrífasa kW-kWst-mælir | 2 582,00 kr/a | (3 215,00) |
| 5. Þrífasa kW-kWst-mælir með straumspennum | 4 109,00 kr/a | (5 116,00) |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

### III. Heimtaugagjöld.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Bæjarveitna Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

**Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur: Málraun | Stofngjald: kr. Grunngjald | (m/vsk.) | Lengdargjald[1]: kr/m Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|---|---|
| 63 A einfasa | 45 800,00 | (57 021,00) | 1 409,00 | (1 754,00) |
| 63 A þrífasa | 52 200,00 | (62 499,00) | 1 409,00 | (1 754,00) |
| 100 A þrífasa | 79 700,00 | (99 227,00) | 1 723,00 | (2 145,00) |
| 200 A þrífasa | 164 800,00 | (205 176,00) | 2 071,00 | (2 578,00) |
| 315 A þrífasa | 248 800,00 | (309 756,00) | Skv. kostnaði | |
| 400 A þrífasa | 314 200,00 | (391 179,00) | - | |
| 710 A þrífasa | 570 500,00 | (710 273,00) | - | |
| 1200 A þrífasa | 967 600,00 | (1 204 662,00) | - | |

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur: | Stofngjald kr.: Grunngjald | (m/vsk.) | Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur kr/m: Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|---|---|
| 63 A einfasa | 8 969,00 | (11 166,00) | 1 409,00 | (1 754,00) |
| 63 A þrífasa | 12 482,00 | (15 540,00) | 1 409,00 | (1 754,00) |
| 100 A þrífasa | 13 251,00 | (16 497,00) | 1 723,00 | (2 145,00) |

A merkir málstraum stofnvara í amper. kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina bæjarveitunum að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum bæjarveitna um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af bæjarveitunum (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

**IV. Opnunargjöld.**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun . . . . . . . . . kr. 1 115,00 (1 388,00)
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 1 115,00 (1 388,00) á skrifstofu bæjarveitna.

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem bæjarveitur hafa samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu sem bæjarveitur veita að ósk notanda, skal greiða gjald . . . . . . . . . kr. 1 115,00 (1 388,00)
4. Fyrir þá þjónustu bæjarveitna sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnukaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

### V. Ýmis ákvæði.

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bæjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 24,5% virðisaukaskattur, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 293, 26. júní 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

13. september 1991 Nr. 434

# GJALDSKRÁ

**fyrir Hitaveitu Flúða og nágrennis.**

1. gr.

Hitaveita Flúða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu hitafletir hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

2. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 1. gr. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseigenda fyrsta árið, sem hús hans er

tengt við hitunarkerfið, en síðan verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

3. gr.

Gjöld fyrir notkun á heita vatninu eru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| a. | Fastagjald fyrir gróðurhús sek.l á mánuði | kr. 1 209,00 |
| | Fastagjald fyrir meiri notkun en 1 sek.l skal vera samsvarandi eftir vatnsmagni. | |
| | Fyrir önnur hús á mánuði | kr. 775,00 |
| b. | Vatnsgjald fyrir gróðurhús mín.l á mánuði | kr. 89,00 |
| | Fyrir önnur hús mín.l á mánuði | kr. 429,00 |
| c. | Þeir sem taka vatn gegnum hemil gróðurhúsa til hitunar á pökkunar- og geymsluhúsnæði, skulu greiða fastagjald sem hér segir: | |
| | Fyrir hvern rúmmetra á mánuði | kr. 3,70 |
| d. | Þar sem vatn er selt gegnum rúmmetramæli: | |
| | Orkugjald fyrir hvern $m^3$ á mánuði | kr. 29,50 |
| | Fastagjald á mánuði | kr. 439,00 |
| | Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur eftir gildandi reglum á hverjum tíma. | |

4. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt 3. gr. verða krafin til greiðslu ársfjórðungslega og skulu þau greiðast til skrifstofu hitaveitunnar eða annars innheimtuaðila sem hitaveitan vísar til. Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki greidd að fullu innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld Hitaveitu Flúða skulu vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Stærð húss utanmál: | Heimæðargjald: |
|---|---|
| Allt að 300 $m^3$ | kr. 58 824,00 |
| 301 – 2000 $m^3$ | kr. 58 824,00 + 38,00 kr/$m^3$ umfram 300 $m^3$ |
| Gróðurhús 200 $m^2$ | kr. 58 824,00 + 89,00 kr/$m^2$ umfram 200 $m^2$ |

Stofngjald fyrir aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er . . . . . . . . kr. 10 335,00

6. gr.

Gjöld skv. 3. og 5. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, hverju sinni.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

9. gr.

Hitaveita Flúða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá sem í vanskilum er, . . kr. 850,00

10. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Flúða skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

11. gr.

Þeir neytendur, sem ekki fá vatnið eftir hámarksskammti, skulu greiða eftir áætluðum hámarksskammti þar til þeir hafa fengið hemil.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkv. orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 66, 8. febrúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

20. sepember 1991 Nr. 435

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Blönduóss.**

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir: Kr.

a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 750,00
og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða ársrúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð

b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra vatns . . . . . . . . . 45,45

c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns . . . . . . . . . . . . . . 84,10

d) Gjald fyrir lokun og enduropnun . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1 499,10

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá réttri stillingu, skal hann greiða . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 750,00

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

| Rúmmál húss (Utanmál) | Heimæðargjald | | |
|---|---|---|---|
| Allt að 300 $m^3$ | 101 422 kr. | | |
| 300– 2 000 $m^3$ | 101 422 kr. | fyrir | 300 $m^3$ og 93 kr/$m^3$ þar yfir |
| 2 000– 6 000 $m^3$ | 259 855 kr. | fyrir | 2 000 $m^3$ og 74 kr/$m^3$ þar yfir |
| 6 000–10 000 $m^3$ | 555 895 kr. | fyrir | 6 000 $m^3$ og 60 kr/$m^3$ þar yfir |
| Meira en 10 000 $m^3$ | 797 112 kr. | fyrir | 10 000 $m^3$ og 52 kr/$m^3$ þar yfir |

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er ...................... kr. 10 366,00 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. september 1991 186,5 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 20, 16. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 436 20. september 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, er taki gildi 1. október 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Akureyrar, nr. 518, 20. desember 1990, með síðari breytingum:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um ............................ 0,62%

*Iðnaðarráðuneytið, 20. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.**

1. gr.

Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar (HAB) selur hitaorku frá aðveituæð og dreifikerfi veitunnar samkvæmt ákvæðum gjaldskrár þessarar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi sem tengist veitunni í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar húss og neyslu enda verði ofnar þess taldir nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Stjórn hitaveitunnar getur heimilað afnot hitaorku til annars en húshitunar, svo sem til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, enda verði ákveðið gjald í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

3. gr.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis sbr. 2. gr. Hemlastillingu verður að jafnaði ekki breytt nema einu sinni á ári í nóvember enda verði beiðni þ.a.l. komið á framfæri við hitaveitu. Hámarksstilling hemils gildir frá 1. desember til 30. nóvember, þótt orkunotkun verði minni hluta ársins. Heimilt er að víkja frá reglum um hámarksstillingu hemils ef um er að ræða sölu á orku að sumarlagi til heyþurrkunar eða annars atvinnureksturs, sem getur nýtt umframorku á þessum árstíma. Orka til húshitunar á svæði hefur ætíð forgang umfram slíka orkusölu.

4. gr.

Vatn um hemil til húshitunar er selt í margfeldi af 0,25 úr mínútulítra, þó aldrei minni en 1,50 mínútulítrar.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu til húshitunar og neyslu eru sem hér segir:

a) Vatnsgjald um hemil . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 2 900,00
fyrir hvern mínútulítra á mánuði.
b) Vatnsgjald um vatnsmæli . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 125,30
fyrir hvern rúmmetra.
c) Ef hitastig vatns við mörk byggðar er að jafnaði lægra en 80° C skal hitaveitan leiðrétta vatnsmagn um hemla, þannig að vatnsskammtur sé aukinn um 1/45 fyrir hverja gráðu sem hitastigið er undir 80° C. Leiðrétting verður að ná 0,25 mínl. til að hitaveitunni sé skylt að leiðrétta samanber 1. mgr. Leiðrétt verður einu sinni á ári sbr. 3. gr. Hliðstæð regla gildir ef um er að ræða sölu samkvæmt vatnsmæli.

Á gjöldin leggjast skattar samkvæmt gildandi reglum á hverjum tíma. Þegar um afnot á heitu vatni er að ræða til annars en húshitunar, sbr. 3. gr., getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

5. gr.

Endurgjald fyrir kranavatn í húsum, sem ekki eru hituð með hitaveitu, skal vera 12% af áætluðum hitunarkostnaði með hitaveitu samkvæmt mati hitaveitunnar. Gjald þetta lækkar hlutfallslega ef hluti hússins er hitaður með vatni frá hitaveitunni.

6. gr.

Stofngjöld skal reikna af öllu húsrými á lóð. Heimilt er að undanskilja sérstakar óupphitaðar byggingar aðrar en bifreiðargeymslur.

Stofngjald skal vera:

a) Af öllu húsnæði öðru en um getur í liðum b og c hér á eftir:

| Stærð húss | Stofngjald |
|---|---|
| 250 $m^3$ ......... | kr. 65 260,00 |
| 251 – 500 $m^3$ ......... | kr. 65 260,00 + 155,80 kr/$m^3$ yfir 250 $m^3$ |
| 501 – 1500 $m^3$ ......... | kr. 104 210,00 + 91,20 kr/$m^3$ yfir 500 $m^3$ |
| 1501 – 6000 $m^3$ ......... | kr. 195 410,00 + 58,50 kr/$m^3$ yfir 1500 $m^3$ |
| 6000 $m^3$ ......... | kr. 458 660,00 + 46,00 kr/$m^3$ yfir 6000 $m^3$ |

Lámarksstofngjald fyrir íbúð í sambýlishúsi skal vera kr. 49 180,00.
Sama gildir um annað húsnæði í slíkum byggingum.

b) Fyrir rafkynt hús með þilofnum eða geislum sem einungis tekur heimæð til neysluvatnsnotkunar skal greiða 40% af stofngjaldi skv. a-lið. Þetta gjald hækkar ekki þótt heimtaugin verði síðar notuð til húshitunar, ef sú breyting fer fram innan 5 ára.

c) Hitaveitunni er heimilt að leggja sérstakar heimæðar, sem ekki eru ætlaðar til hitunar skv. reikningi og fellur þá niður gjald skv. a og b.

7. gr.

Af húsnæði sem tengist hitaveitu eftir að það hefur verið tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds þegar hafin er lagning dreifiæða og götuæða veitukerfis, sem bundin er ákveðnum framkvæmdaáföngum í viðkomandi hverfum, en eftirstöðvar gjaldsins gjaldfalla þegar tengingu heimæðar er lokið.

Heimilt er hitaveitunni að veita frest til að greiða eftirstöðvar gjaldsins.

Af nýju húsnæði og breytingum eða endurbyggingu á húsnæði, sem húseigendur geta miðað við að tengja hitaveitunni áður en það er tekið í notkun, gjaldfellur 50% stofngjalds við veitingu byggingarleyfis og eftirstöðvar við útgáfu fokheldisvottorðs samkvæmt gildandi gjaldskrá á þeim tíma.

Af húseignum, sem um gilda sérstök ákvæði eða sérsamningar um stofngjöld, t.d. vegna dreifðrar byggðar, gjaldfellur stofgjald þegar tengingu heimæðar er lokið nema annað sé tekið fram í samningum.

8. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 2 900,00.

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu opnunargjalds áður en opnað er.

9. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð og skulu gjöldin greidd þar sem hitaveitan ákveður.

Það eru vanskil ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 21 dags frá gjalddaga.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldenda.

11. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar, 187,00 stig.

Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, þó ekki meira en nemur breytingum sem á nefndri vísitölu verða enda liggi fyrir staðfesting ráðuneytisins hverju sinni.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 505, 21. desember 1990 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

16. september 1991 Nr. 438

# REGLUGERÐ

**um greiðslu sérstakrar fjárhæðar til rekstrar ökutækis hreyfihamlaðra.**

1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins er heimilt að greiða elli- og örorkulífeyrisþegum svo og örorkustyrksþegum sérstaka fjárhæð vegna rekstrar bifreiðar, sem bótaþega er brýn nauðsyn að hafa vegna hreyfihömlunar.

2. gr.

Með hreyfihömlun skv. reglugerð þessari er átt við líkamlega hreyfihömlun, þ.á m. blindu, sem gerir menn ófæra um að komast ferða sinna á ökutækis. Um mat á hreyfihömlun skv. Þessari grein fer skv. almannatryggingalögum.

3. gr.

Til þess að geta notið greiðslna skv. reglugerð þessari þarf viðkomandi eða maki (sambúðaraðila) að vera skráður eigandi ökutækis.

Ennfremur þarf viðkomandi sjálfur að aka bifreiðinni eða maki (sambúðaraðili). Heimilt er að víkja frá þessu skilyrði, t.d. eigi einhleypingur í hlut eða mæli sérsakar ástæður með.

4. gr.

Umsóknir um greiðslu skv. reglugerð þessari skulu sendar Tryggingastofnun ríkisins eða viðkomandi umboðsskrifstofu, sem framsendir umsóknir ásamt athugasemdum og meðmælum aðalskrifstofunni til úrskurðar.

Með umsókn skulu fylgja upplýsingar um eftirfarandi:

1. Eignarhald bifreiðar.
2. Ökumann, aki umsækjandi ekki sjálfur.
3. Ljósrit af ökuskírteini umsækjanda eða annars ökumanns.
4. Hagi og atvinnu umsækjanda, t.d. með skattframtali.

5. gr.

Greiðslur skv. reglugerð þessari skulu vera kr. 4050 á mánuði. Fjárhæðir taka breytingum skv. 79. gr. almannatryggingalaga og skal sérstakt tillit tekið til breytinga á verði eldsneytis ökutækja.

6. gr.

Tryggingastofnun ríkisins annast framkvæmd reglugerðar þessarar.

7. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 1. gr. laga nr. 36/1980, um breytingar á lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. október 1991. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 394/1980, um uppbót á elli- og örorkulífeyri og örorkustyrk vegna rekstrar bifreiðar hreyfihamlaðra með breytingu nr. 359/1982.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. september 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 439 20. september 1991

# SAMÞYKKT

**um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ.**

1. gr.

Við hvert hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal vera taðþró nægjanlega stór og þannig gerð, að frá henni verði ekki hætta á mengun í grunnvatni. Umgengni um taðþrærnar, hreinsun þeirra og hreinsun hesthúsa skal vera með þeim hætti, að ekki stafi af óþrifnaður.

2. gr.

Tvisvar á ári skulu allar taðþrær tæmdar og hreinsaðar skv. nánari ákvæðum samþykktar þessarar.

3. gr.

Hreinsun skal fara fram á vegum Garðabæjar í samráði við stjórn hestamannafélagsins Andvara. Aukahreinsanir skulu fara fram eftir þörfum.

4. gr.

Fyrir hreinsun skal sérhver hesthúsaeigandi greiða gjald, skv. sérstakri gjaldskrá, sem ráðherra staðfestir, og skal gjald þetta innheimt með fasteignagjöldum.

5. gr.

Ef taðþró fyllist milli reglubundinna hreinsana sbr. 4. gr. skal hesthúsaeigandi greiða kostnað við aukahreinsun.

6. gr.

Í taðþrær má einungis setja hrossatað og moð, sem hreinsað er úr hesthúsunum og umhverfis þau.

7. gr.

Með brot á samþykkt þessari, og um valdsvið, þvingunarúrræði, málsmeðferð, úrskurði og viðurlög, fer skv. lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Garðabæjar er hér með staðfest skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 20. september 1991.*

F. h. r.

**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# REGLUR

**um verðmætismörk vegna yfirlýsingar útflytjanda á vörureikningi um uppruna vöru svo og sérstaka tollmeðferð smáböggla til einkaaðila og einkafarangurs ferðamanna samkvæmt fríverslunarsamningum EFTA og EB.**

1. gr.

Til að njóta tollfrelsis við innflutning á upprunavörum frá EFTA- og EB-löndum gegn framvísun á vörureikningi með yfirlýsingu útflytjanda um uppruna vöru, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 404/1987, eða innflutning á slíkum varningi í smábögglum til einkaaðila eða einkafarangurs ferðamanna án þess að framvísa í þeim tilvikum EUR. 1 skilríki eða vörureikningi með yfirlýsingu útflytjanda um uppruna vöru verður verðmæti innflutningsins að vera innan þeirra marka í gjaldmiðli hvers aðildarlands sem gerð er grein fyrir hér á eftir:

| Land | Mynt | Smábögglar til einkaaðila 365 ECU | Persónulegur farangur ferðamanna 1 025 ECU | Mörk vegna yfirlýsingar á vörureikn. 5 110 ECU |
|---|---|---|---|---|
| Austurríki | ATS | 6 000 | 15 000 | 74 000 |
| Belgía | BEF | 16 000 | 44 000 | 217 000 |
| Bretland | GBP | 255 | 720 | 3 585 |
| Danmörk | DKK | 2 900 | 8 100 | 40 200 |
| Finnland | FIM | 1 800 | 5 000 | 25 000 |
| Frakkland | FRF | 2 500 | 7 100 | 35 300 |
| Grikkland | GRD | 75 000 | 210 000 | 1 046 000 |
| Holland | NLG | 850 | 2 400 | 11 900 |
| Írland | IEP | 280 | 780 | 3 900 |
| Ísland | ISK | 27 300 | 76 700 | 382 400 |
| Ítalía | ITL | 565 000 | 1 585 000 | 7 885 000 |
| Lúxemborg | LUF | 16 000 | 44 000 | 217 000 |
| Noregur | NOK | 2 900 | 8 200 | 40 800 |
| Portúgal | PTE | 66 600 | 187 000 | 932 500 |
| Spánn | ESP | 47 100 | 132 200 | 658 800 |
| Sviss | CHF | 650 | 1 800 | 8 800 |
| Svíþjóð | SEK | 3 000 | 8 000 | 39 000 |
| Þýskaland | DEM | 750 | 2 100 | 10 500 |

Útflytjanda er heimilt að rita vörureikning í gjaldmiðli hvaða aðildarríkis að fríverslunarsamningi sem er. Velji hann hins vegar einhvern annan gjaldmiðil en að ofan greinir geta tollyfirvöld í innflutningslandinu aðeins beitt fjárhæð sem gildir fyrir það.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 1. tölul. 6. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, sbr. 9. gr. auglýsingar nr. 404/1987, til að öðlast gildi hinn 1. október 1991. Jafnframt eru felldar úr gildi reglur nr. 270/1989, um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 23. september 1991.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

# AUGLÝSING

**um umferð á Sauðárkróki.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar Sauðárkróks hafa eftirtaldar reglur verið ákveðnar varðandi umferð á Sauðárkróki:

Á Strandvegi verður aðalbrautarréttur. Biðskylda verður því á Aðalgötu gagnvart Strandvegi, á Freyjugötu gagnvart Strandvegi og á sundi norðan Rafsjár gagnvart Strandvegi.

Reglur þessar taka gildi nú þegar.

*Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 11. september 1991.*

**Sigríður J. Friðjónsdóttir,** aðalfulltrúi.

Nr. 442 20. september 1991

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

27. tölul. 7. gr. orðist svo:
Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja, sem er Keflavík, Njarðvík, Vatnsleysustrandar-, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppur. Hámarkstala er 25 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. september 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Elín Helgadóttir.*

Nr. 443 16. september 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.**

1. gr.

Af eftirlitsskyldri starfsemi á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar er sveitarstjórnum heimilt að innheimta gjöld svo sem greinir í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Eftirlitsskyldum fyrirtækjum er skipt í fjóra flokka eftir gerð og umfangi, sbr. fyrirtækjalista sem fylgir með gjaldskrá þessari.
Færsla fyrirtækja milli flokka skal staðfest á sama hátt og gjaldskrá þessi og listi.

3. gr.

Fyrir rekstrarleyfi skv. III-IV og VIII-XIX kafla heilbrigðisreglugerða nr. 149/1990 er heimilt að innheimta leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs svo sem hér greinir:

| | kr. |
|---|---|
| 1. flokkur | 1 000 |
| 2. flokkur | 2 000 |
| 3. flokkur | 3 000 |
| 4. flokkur | 4 000 |

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálft gjald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar er heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

4. gr.

Í samræmi við 5. gr. 3. tl. í lögum nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. tl. 2. gr. sömu laga, svo sem hér segir:

| | kr. |
|---|---|
| 1. flokkur | 10 000 |
| 2. flokkur | 20 000 |
| 3. flokkur | 40 000 |
| 4. flokkur | 60 000 |

Þar sem um er að ræða mjög takmarkaða starfsemi eða starfsemi hluta úr ári, er heimilt að innheimta hálft gjald viðkomandi flokks eða færa fyrirtæki niður um flokk miðað við skráningu á fylgiskjali.

5. gr.

Framkvæmdastjóri heilbrigðiseftirlits lætur, fyrir hönd svæðisnefndar, sveitarstjórnum í té lista yfir eftirlitsskyld fyrirtæki. Sveitarstjórnir annast álagningu og innheimtu eftirlitsgjalda.

6. gr

Gjöld skv. 4. gr. má innheimta með lögtaki.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af sveitarstjórnum á heilbrigðiseftirlitssvæði Eyjafjarðar, sbr. 6. gr. 7. tl. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, í samráði við svæðisnefnd, staðfestist hér með skv. 22. gr. áðurnefndra laga, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt falla úr gildi öll ákvæði gjaldskrár nr. 86/1990, fyrir heilbrigðis- og mengunareftirlit á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar önnur en þau er lúta að eftirlitsgjaldi með eftirlitsskyldri starfsemi sem hefur í för með sér mengun sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988 og mengunarvarnareglugerð.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 16. september 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**Fylgiskjal.**

**Flokkun fyrirtækja eftir umfangi skv. ákvæðum 2. gr. laga nr. 81/1988.**

I.
Leiktækjasalir
Gufubaðsstofur
Ljósbaðstofur
Leikvellir
Læknastofur
Rakarastofur
Hárgreiðslustofur og aðrar snyrtistofur
Sælgætis- og tóbakssölur
Málningaverslanir
Tannlæknastofur
Torgsala og annar sambærilegur rekstur

II.
Fangageymslur
Félagsheimili, sem ekki eru með samfelldan veitingarekstur
Gistiheimili án veitinga
Heilsuræktarstöðvar
Íþróttahús án sundstaðar
Íþróttavellir/sundstaðir
Brauðgerð/brauðsala
Kvikmyndahús
Læknastöðvar
Leikskólar
Matsöluvagnar
Mötuneyti (minni)
Neysluvörurgeymslur
Nýlenduvöruverslanir
Sælgætisgerðir (minni)
Tækifærisveitingar
Annar sambærilegur rekstur

III.
Brauðgerðarhús
Brauðstofur
Pizzugerðir
Dagheimili
Félagsheimili með veitingarekstur
Fiskbúðir
Minni hótel
Sjúkrahús 1 (hjúkrunarheimili o.s.frv.)
Dvalarheimili o.þ.h.
Ísbúðir/ísgerðir
Íþróttahús með sundlaug
Sundlaugar/sundhallir
Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir
Leiktækjasalir með veitingum
Skyndibitastaðir
Stærri samkomuhús og veitingastaðir
Sælgætisgerðir (stærri)
Veislumiðstöðvar
Veitingastaðir
Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur og önnur matvæli)
Annar sambærilegur rekstur

IV.
Stórmarkaðir
Stærri kjörbúðir
Stór hótel
Stórar matvælavinnslustöðvar
Stór brauðgerðarhús
Mjólkurstöðvar
Vinnuheimili
Tækifærisveitingar vegna stórsýninga, kaupstefna o.þ.h.
Sjúkrahús 2 (svæðissjúkrahús, deildarskipt sjúkrahús, almenn sjúkrahús)
Annar sambærilegur rekstur.

Nr. 444 24. september 1991

# AUGLÝSING

**um gildistöku breytinga á skipan prestakalla.**

Sameining Háls- og Staðarfellsprestakalla í Þingeyjarprófastsdæmi í eitt prestakall, Ljósavatnsprestakall, sbr. lög um skipan prestakalla o.fl. nr. 62 17. maí 1990, 1. gr. XIII. lið, sem frestað var með auglýsingu nr. 538/1990, tekur gildi frá og með 1. okt. 1991.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. september 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Anna Guðrún Björnsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Sauðárkróks.**

**I. Raforka.**

Rafveita Sauðárkróks selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

| | | Grunn verð | Verð VSK | |
|---|---|---|---|---|
| Taxti A–1 | Orka til lýsingar og véla, í verslun, iðnaði og hliðstæðum atvinnugreinum | 7,12 | 8,86 | kr/kwh |
| | Mælaleiga samkv. kafla II. | | | |
| Taxti A–2 | Orka til lýsingar þar sem ekki verður mælingu við komið (lágmark 2 kW) | 21 784,00 | 27 121,00 | árskW |
| Taxti B–1 | Orka til almennrar heimilisnotkunar, svo og til sjúkrahúsa, vistheimila, hótela og hliðstæðra stofnana | 7,12 | 8,86 | kr/kWh |
| | Leiga af mælum ekki tekin. | | | |
| Taxti C–1 | Orka til mannvirkjagerðar | 10,71 | 13,33 | kr/kWh |
| | Mælaleiga samkv. kafla II. | | | |
| Taxti C–2 | Orka samkv. 15. mín. meðalaflsmælingu | 2,37 | 2,95 | kr/kWh |
| | + aflgjald (lágmark 20 kW) | 8 902,00 | 11 083,00 | árskW |

Mælaleiga samkv. kafla II.
Ef ekki er unnt að mæla notað afl, miðast aflgjald við málraun véla.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Hitun: | | | |
| Taxti D–1 | Orka til húshitunar, roftími 2 × 1,5 klst. á dag | 2,52 | 2,52 | kr/kWh |
| | Mælaleiga samkv. kafla II. | | | |
| Taxti D–2 | Önnur hitanotkun, roftími 2 × 1,5 klst á dag | 2,37 | 2,95 | kr/kWh |
| | Mælaleiga samkv. kafla II. | | | |
| Taxti D–3 | Orka til næturhitunar, eða hliðstæðra nota, roftími allt að 13 klst. á sólarhring | 2,68 | 2,68 | kr/kWh |
| | Mælaleiga samkv. kafla II. | | | |
| | Um framangreinda gjaldskárliði gilda eftirfarandi ákvæði: | | | |
| | Minnsta ársnotkun sé 6000 kWst. | | | |

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.
b. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, sem gilda um mæla.
c. Að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

**II. Mælaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er ákvörðun sú skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu sem hér segir:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Af einfasa mælum 30 A og minna | 36,14 | 45,00 | kr/mán. |
| 2. | Af þrífasa mælum 50 A og minna | 60,24 | 75,00 | kr/mán. |
| 3. | Af þrífasa mælum 50–100 A | 85,14 | 106,00 | kr/mán. |

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði mælitækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

### III. Heimtaugagjöld.

Heimtaugagjald skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu. Fari lengd jarðstrengsheimtaugar fram úr 15 m., skal greitt yfirlengdargjald eins og taflan sýnir:

| Málmstraumur stofnvara | Lágmark kr. | | Jarðstrengur yfirlengd kr/m | |
|---|---|---|---|---|
| | Grunn-verð | Með VSK | Grunn-verð | Með VSK |
| 63 A 1–fasa | 46 165 | 57 475 | 1 475 | 1 836 |
| 63 A 3–fasa | 53 377 | 66 454 | 1 475 | 1 836 |
| 100 A 3–fasa | 70 527 | 87 806 | 2 022 | 2 517 |
| 125 A 3–fasa | 89 351 | 111 242 | 2 278 | 2 836 |
| 200 A 3–fasa | 138 553 | 172 498 | 3 060 | 3 810 |
| 300 A 3–fasa | 203 283 | 253 087 | 3 658 | 4 554 |

Stærri heimtaugar svo og bráðabirgðaheimtaugar greiðast samkvæmt kostnaði.

Af loftlínuheimtaug reiknast gjald, sem er 20% lægra en að framan greinir, fyrir heimtaug allt að 40 m. Það, sem þar fer fram yfir greiðist samkv. kostnaði.

Lengd jarðlínuheimtaugar 63–200 A reiknast frá aðaltöflu að götugreiniskáp.

Yfirlengd reiknast ekki af vegalengd, sem er umfram 100 m frá varkassa. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi Rafveitu Sauðárkróks.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o. s. frv. skal staðsetning þess ákveðin með samþykki rafveitunnar í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæði – uppsteypt hús – er lagt rafveitunni til að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

Óski húseigandi eftir, að heimtaug verði breytt úr 1-fasa heimtaug eða flutningsgeta jarðstrengsheimtaugar verði aukin, skal hann greiða fyrir breytingarnar samkv. kostnaði, þó aldrei minna en mismun á heimtaugargjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum innan lögsagnarumdæmis Sauðárkróksbæjar. Sé um óskipulagt svæði að ræða, eða aðstæður óvenjulegar, er heimilt að krefjast sérstaks aukagjalds af húseiganda eða gera honum að greiða fyrir heimtaugina samkvæmt kostnaði, en gera skal honum aðvart um það fyrirfram.

### IV. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun:

| Grunngjald | Með VSK |
|---|---|
| 510,00 kr. | 635,00 kr. |

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt á skrifstofu rafveitunnar:

| Grunngjald | Með VSK |
|---|---|
| 510,00 kr. | 635,00 kr. |

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að taka gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 298, 26. júní 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

25. september 1991 Nr. 446

# GJALDSKRÁ

## Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

1. gr.
**Orkuveitusvæði.**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

2. gr.
**Raforkugjöld.**

*A. Almennir taxtar.*

A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fast gjald | 2 260,00 | (2 813,70) | kr/ár |
| Orkugjald | 5,35 | (6,66) | kr/kWh |

A.2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fast gjald | 4 520,00 | (5 627,40) | kr/ár |
| Orkugjald | 6,95 | (8,65) | kr/kWh |

*B. Afltaxtar.*

B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fast gjald | 38 900,00 | (48 430,50) | kr/ár |
| Aflgjald | 6 630,00 | (8 254,35) | kr/kW/ár |
| Orkugjald | 2,35 | (2,93) | kr/kWh |

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW.
Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni.
Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta, þó ekki sé um neina vélanotkun að ræða.

B.2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 17 200,00 | (21 414,00) | kr/kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 19 700,00 | (24 526,50) | kr/kW/ár |
| Gjald samtals | 36 900,00 | (45 940,50) | kr/kW/ár |

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.
Lýsing þessi stýrist af stjórnbúnaði rafmagnsveitunnar.

*C. Hitunartaxtar.*

C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fast gjald | 9 720,00 | (12 101,40) | kr/ár |
| Orkugjald | 5,17 | (6,44) | kr/kWh |

C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fast gjald | 6 470,00 | (8 055,15) | kr/ár |
| Orkugjald með rofi í 6 mánuði, október–mars | 2,47 | (3,08) | kr/kWh |
| Orkugjald með rofi í 4 mánuði, nóvember–febrúar | 2,67 | (3,32) | kr/kWh |
| Orkugjald með rofi í 2 mánuði, desember–janúar | 4,07 | (5,07) | kr/kWh |

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skiptið.

C.3 Verð á rafmagni til næturhitunar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fast gjald | 6 470,00 | (8 055,15) | kr/ár |
| Orkugjald | 1,83 | (2,28) | kr/kWh |

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að tólf klukkustundum á tímabilinu kl. 09:00 til 21:00.

*S. Sumartaxti.*

S.1 Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi.
Lágmarksaflgjald á mánuði miðast við 75 kW.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald | 370,00 | (460,65) | kr/kW/mán |
| Orkugjald | 1,62 | (2,02) | kr/kWh |

Ekki er heimilt að selja raforku á þessum taxta frá 1. nóvember til 31. mars.

3. gr.

**Mælaleiga.**

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr.

Fyrir mælitæki til annarra nota, en að framan greinir, skal ársleiga vera sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkumælir, einfasa | kr. | 683,00 | (850,00) |
| Orkumælir, þrífasa | kr. | 2 690,00 | (3 349,00) |
| Orkumælir, þrífasa með straumspennum | kr. | 4 560,00 | (5 677,00) |
| Aflmælir | kr. | 4 560,00 | (5 677,00) |
| Aflmælir með straumspennum | kr. | 6 830,00 | (8 503,00) |
| Tvígjaldsorkumælir | kr. | 4 390,00 | (5 466,00) |
| Tvígjaldsorkumælir með straumspennum | kr. | 6 700,00 | (8 342,00) |
| Móttökuliði, einpóla | kr. | 3 030,00 | (3 772,00) |
| Móttökuliði, þrípóla | kr. | 4 560,00 | (5 677,00) |

Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.
**Heimtaugagjöld.**

4.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur.
Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

4.3 Aðalheimtaugar.
Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | | Heimtaugargjöld | |
|---|---|---|---|
| 63 A | 1-fasa | 48 800,00 | (60 756,00) kr. |
| 63 A | 3-fasa | 54 000,00 | (67 230,00) kr. |
| 100 A | 3-fasa | 86 300,00 | (107 444,00) kr. |
| 200 A | 3-fasa | 170 000,00 | (211 650,00) kr. |
| 315 A | 3-fasa | 268 000,00 | (333 660,00) kr. |
| 400 A | 3-fasa | 348 000,00 | (433 260,00) kr. |
| 630 A | 3-fasa | 540 000,00 | (672 300,00) kr. |
| 710 A | 3-fasa | 610 000,00 | (759 450,00) kr. |
| 1200 A | 3-fasa | 1 029 000,00 | (1 281 105,00) kr. |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.
Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| | | | Lengdargjald | |
|---|---|---|---|---|
| Málstraumur | | Stofngjald kr. | Jarð-strengur kr/m | Loftlína kr/stólpi |
| 63 A | 1-fasa | 9 670,00 | 1 440,00 | 18 400,00 |
| | | (12 039,15) | (1 792,80) | (22 908,00) |
| 63 A | 3-fasa | 13 600,00 | 1 440,00 | 21 200,00 |
| | | (16 932,00) | (1 792,80) | (26 394,00) |
| 100 A | 3-fasa | 14 400,00 | 1 890,00 | 24 500,00 |
| | | (17 928,00) | (2 353,05) | (30 502,50) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.
Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

4.5 Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

4.7 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

4.8 Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram.

5. gr.

**Ýmis ákvæði.**

5.1 Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

5.2 Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilsins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárliðum. Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

5.3 Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

5.4 Óski notandi þess, að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma rafmagnsveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald .................................. kr. 955,00 (1 189,00)

5.5 Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo sem landtengingu skipa, skal greiða gjald ......................... kr. 1 890,00 (2 353,05)

5.6 Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða gjald ...... kr. 1 890,00 (2 352,05) fyrir, að settur sé straumur á að nýju.

5.7 Sala rafmagns til hitunar samkvæmt C-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafmagnsveitunnar.

5.8 Virðisaukaskattur 24,5% bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

5.9 Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstri hennar svo og aukningu veitukerfis. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

5.10 Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 og samkvæmt reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451 20. desember 1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 295 25. júní 1991 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, er taki gildi 1. október 1991:

Gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar, nr. 363, 26. júlí 1991.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5%.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. september 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Steinunn Bjarman.*

25. september 1991 Nr. 448

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Borgarness.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Borgarness, er taki gildi 1. október 1991:
Gjaldskrá Rafveitu Borgarness, nr. 287, 24. júní 1991.
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5%.

*Iðnaðarráðuneytið, 25. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

26. september 1991 Nr. 449

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu og Rafveitu Húsavíkur.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu og Rafveitu Húsavíkur, er taki gildi 1. október 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Húsavíkur, nr. 380, 8. ágúst 1991:
Vatnsgjald pr. rúmmetra lækki um 7,5%, aðrir liðir gjaldskrárinnar séu óbreyttir.
Gjaldskrá Rafveitu Húsavíkur, nr. 340, 3. júlí 1991:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5%.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. september 1991.*

F. h. r.
**Kristmundur Halldórsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Hitaveitu Selfoss.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 158, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, er taki gildi 1. október 1991:

Gjaldskrá Hitaveitu Selfoss, nr. 25, 17. janúar 1990 með áorðnum breytingum:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5,0%.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. september 1991.*

F. h. r.
**Jón Ingimarsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 451 26. september 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Selfoss.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 158, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Selfoss, er taki gildi 1. október 1991:

Gjaldskrá Rafveitu Selfoss, nr. 309, 28. júní 1991:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5,0%.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. september 1991.*

F. h. r.
**Jón Ingimarsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 452 26. september 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrám Orkubús Vestfjarða.**

Samkvæmt 29. gr. orkulaga nr. 158, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku og hitaveitur, er taki gildi 1. október 1991:

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku, nr. 139, 18. mars 1991:
I. Smásala – Allir taxtar í þessum kafla gjaldskrárinnar hækka um . . . . . . . . . 7,5%.

Gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur, nr. 140, 18. mars 1991:
Allir taxtar gjaldskrárinnar hækka um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 7,5%.

*Iðnaðarráðuneytið, 26. september 1991.*

F. h. r.
**Jón Ingimarsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# REGLUR

## um vélknúin leiktæki í skemmtigörðum.

1. gr.

**Almenn ákvæði.**

1.1 Reglur þessar gilda um búnað, rekstur og eftirlit með vélknúnum leiktækjum sem taka farþega í skemmtigörðum. Hér eftir nefnd vélknúin leiktæki.

1.2 Rekstur vélknúinna leiktækja er óheimill nema að fengnu rekstrarleyfi Vinnueftirlits ríkisins. Sótt skal um rekstrarleyfi með nægum fyrirvara. Með umsókn skulu fylgja fullnægjandi gögn um gerð, búnað og tilhögun rekstrar. Sækja skal um rekstrarleyfi fyrir hvert einstakt leiktæki.

1.3 Sá sem hefur með höndum rekstur vélknúinna leiktækja er ábyrgur fyrir því að búnaður og frágangur þeirra sé í samræmi við gildandi lög og reglur. Hann skal hafa tryggingu fyrir því tjóni sem hann kann að verða ábyrgur fyrir.

1.4 Kostnað vegna eftirlits með vélknúnum leiktækjum skal eigandi greiða samkvæmt gjaldskrá Vinnueftirlits ríkisins.

2. gr.

**Uppsetning og frágangur.**

2.1 Vélknúin leiktæki skulu vera þannig gerð, uppsett og frá þeim gengið að farþegar geti farið í þau, verið í þeim og farið úr þeim á öruggan hátt.

2.2 Vélknúin leiktæki skulu vera afgirt þannig að fólk komist ekki það nærri þeim að hætta geti stafað af.

2.3 Girðingar skulu vera til að stjórna umferð þeirra sem fara í leiktækin og úr þeim. Merkingar fyrir umferð skulu vera greinilegar.

2.4 Undirstöður vélknúinna leiktækja skulu vera traustar og þannig frá þeim gengið, að ekki sé hætta á að þær láti undan eða skekkist.

3. gr.

**Vélbúnaður og burðarvirki.**

3.1 Vélbúnaður og burðarvirki skulu vera traust og þola það álag sem þau geta orðið fyrir við óhagstæðustu skilyrði. Við hönnun skal farið eftir gildandi Evrópustöðlum (EN) eða öðrum stöðlum eða reglum sem Vinnueftirlit ríkisins viðurkennir.

3.2 Við alla hreyfanlega hluta vélbúnaðar skulu vera hlífar, sé hætta á að þeir geti valdið slysum.

3.3 Sé brunahreyfill notaður til að knýja leiktæki skal hann búinn góðum hljóðdeyfi og tryggt að útblástur hans valdi ekki starfsmönnum eða öðrum heilsutjóni eða óþægindum.

3.4 Aðrar reglur Vinnueftirlitis ríkisins gilda ennfremur um vélknúin leiktæki og skemmtigarða þar sem starfsmenn geta verið við vinnu.

4. gr.

**Rafbúnaður.**

4.1 Allur rafbúnaður skal vera samkvæmt gildandi reglum um raforkuvirki.

4.2 Rofar skulu vera þannig gerðir að ekki sé hætta á að óviðkomandi geti gangsett vélknúið leiktæki eða það verði gangsett í ógáti.

5. gr.

**Leiðbeiningar um uppsetningu, viðhald og rekstur.**

5.1 Sá sem flytur inn selur eða afhendir vélknúin leiktæki skal sjá til þess að til séu nauðsynlegar leiðbeiningar á íslensku um uppsetningu, viðhald og notkun viðkomandi leiktækis. Þær skulu m.a. leiðbeina um eftirfarandi:
- Stjórnun og öryggisbúnað.
- Daglegt og kerfisbundið eftirlit.
- Stillingu og frágang á samsetningar- og festibúnaði.

6. gr.

**Rekstur og ábyrgð starfsfólks.**

6.1 Sá sem hefur með höndum rekstur vélknúinna leiktækja skal tilnefna rekstrarstjóra og staðgengil hans. Rekstrarstjóri skal hafa yfirumsjón með rekstrinum og sjá um að gæslumenn fái fullnægjandi kennslu í að framkvæma störf sín á réttan og öruggan hátt. Rekstrarstjóri skal kunna skil á þeim lögum og reglum sem um reksturinn gilda og sjá til þess að uppsetning og rekstur sé í samræmi við þær. Rekstrarstjóri skal vera orðinn fullra 20 ára.

6.2 Heimilt er að ráða gæslumenn til að annast rekstur vélknúinna leiktækja og daglegt efirlit með þeim undir yfirstjórn rekstrarstjóra. Gæslumenn skulu vera orðnir fullra 17 ára og hafa næga þekkingu, þjálfun og hæfni til að stjórna viðkomandi leiktæki. Gæslumenn skulu sjá um að rekstur gangi eðlilega og að farþegum eða öðrum stafi ekki hætta af.

6.3 Þegar vélknúið leiktæki er í notkun skal það vera undir stöðugri gæslu.

6.4 Rekstur vélknúins leiktækis skal stöðva sé rekstraröryggi ekki fyllilega tryggt.

6.5 Gæslumenn skulu sjá til þess að farþegar klæðist ekki fatnaði sem getur valdið slysahættu.

7. gr.

**Dagbók.**

7.1 Fyrir vélknúin leiktæki skal færa rekstrardagbók þar sem m.a. skal skrá:
- Tímasetningu notkunar og fjölda notkunartíma.
- Staðfestingu á því að reynslukeyrsla og daglegt eftirlit hafi farið fram.
- Viðgerðir sem framkvæmdar eru.
- Öll óhöpp og óvenjuleg atvik við rekstur.

8. gr.

**Fyrsta skoðun.**

8.1 Áður en nýtt eða nýinnflutt vélknúið leiktæki er tekið í notkun, eða eftir að verulegar breytingar hafa verið gerðar á því, skal fara fram fyrsta skoðun sem Vinnueftirlit ríkisins framkvæmir.

8.2 Þegar skoðun fer fram skal eftirfarandi liggja fyrir:
a) Staðfesting viðurkennds aðila á því að undirstöður séu í samræmi við samþykktar teikningar.
b) Staðfesting viðurkennds aðila á því að rafbúnaður sé í samræmi við gildandi reglur um raforkuvirki.
c) Staðfesting á að ábyrgðartrygging sé í gildi.

9. gr.
**Árlegt eftirlit.**

9.1 Svo lengi sem vélknúið leiktæki er í rekstri skal það skoðað árlega af Vinnueftirliti ríkisins.

9.2 Eftirlitsmaður Vinnueftirlitsins getur gert kröfu um að eigandi afli sér vottorða frá viðurkenndum aðila um ástand einstakra hluta vélknúins leiktækis.

9.3 Komi í ljós við eftirlit að vélknúið leiktæki eða búnaður þess brjóti í bága við þær reglur sem um það gilda er Vinnueftirliti ríkisins heimilt að afturkalla rekstrarleyfið.

9.4 Ákvörðun eftirlitsmanna og forstjóra Vinnueftirlits ríkisins má vísa til stjórnar Vinnueftirlitsins innan fjögurra vikna frá því að hún var birt, sbr. 98. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Ákvörðun stjórnar má á sama hátt áfrýja til ráðherra.

10. gr.
**Slysatilkynningar.**

10.1 Verði slys í eða við vélknúið leiktæki sem ætla má að leiði til líkamstjóns eða umtalsverðs skaða skal það tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins í samræmi við reglur þar að lútandi.

11. gr.
**Viðurlög.**

11.1 Brot á reglum þessum varða sektum samkvæmt ákvæðum laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Með mál útaf brotum á reglum þessum skal farið að hætti opinberra mála.

12. gr.
**Gildistaka.**

12.1 Reglur þessar, sem settar eru af stjórn Vinnueftirlits ríkisins samkv. heimild í 34. gr., 38. gr. og 47. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestast hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 1992. Jafnframt staðfestir ráðuneytið að reglur þessar skuli gilda um öryggi almennings jafnt sem starfsmanna sem reka leiktækin, sbr. 3. mgr. 3. gr. laga nr. 46/1980.

*Félagsmálaráðuneytið, 25. september 1991.*

F. h. r.
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Óskar Hallgrímsson.*

# GJALDSKRÁ

**Rafmagnsveitu Hveragerðis.**

1. gr.

**Orkuveitusvæði.**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Hveragerðis.

2. gr.

**Raforkugjöld.**

| | Án VSK | Með VSK |
|---|---|---|
| A. *Almennir taxtar* | | |
| A.1 Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir: | | |
| Orkugjald | 6,30 | (7,84) kr/kWh |
| Fast gjald 1-fasa | 2 625,00 | (3 268,13) kr/ár |
| Fast gjald 3-fasa | 5 250,00 | (6 536,25) kr/ár |
| A.2 Verð á rafmagni við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum: | | |
| Orkugjald | 8,19 | (10,20) kr/kWh |
| Fast gjald | 5 250,00 | (6 536,25) kr/ár |
| A.3 Verð á rafmagni til notkunar á heimilum: | | |
| Orkugjald | 6,30 | (7,84) kr/kWh |
| Fast gjald 1-fasa | 2 625,00 | (3 268,13) kr/ár |
| Fast gjald 3-fasa | 5 250,00 | (6 536,25) kr/ár |
| B. *Afltaxtar* | | |
| B.1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar: | | |
| Orkugjald | 2,21 | (2,75) kr/kWh |
| Aflgjald | 7 875,00 | (9 804,38) kr/kW/ár |
| Fast gjald | 42 000,00 | (52 290,00) kr/ár |
| Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Einnig er notendum, sem greiða fyrir 50 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta. | | |
| B.2 Uppsett afl (götulýsing): | | |
| Aflgjald | 10 450,00 | (13 010,25) kr/kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 13 750,00 | (17 118,75) kr/kW/ár |
| Samtals | 24 200,00 | (30 129,00) kr/kW/ár |
| C. *Hitunartaxtar* | | |
| C.1 Verð á rafmagni til órofinnar hitunar: | | |
| Orkugjald | 4,42 | (5,50) kr/kWh |
| Fast gjald | 11 025,00 | (13 726,13) kr/ár |
| C.2 Verð á rafmagni til rofinnar daghitunar: | | |
| Orkugjald | 2,48 | (3,09) kr/kWh |
| Fast gjald | 2 625,00 | (3 268,13) kr/ár |

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn tvisvar á sólarhring, allt að tveimur stundum í hvort skipti.

C.3 Verð á rafmagni til næturhitunar:

Lágmark 1800 klst. notkun á uppsett kW á ári.

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald | 2,21 | (2,75) kr/kWh |
| Fast gjald | 2 625,00 | (3 268,13) kr/ár |

Straumur til hitunar samkvæmt þessum lið er rofinn allt að 12 klukkustundum á sólarhring á tímabilinu kl. 09.00 til 21.00.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

A) Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafmagnsveitunnar.

B) Að vélaafl, línur og spennar þoli álagið.

C) Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafmagnsveitan leggur til og greiði leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrá.

D) Að hitatæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafmagnsveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

*D. Aðrir taxtar*

D.1 Sumartaxti fyrir meiri háttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksgjald miðast við 75 kW á mánuði.

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald | 1,80 | (2,24) kr/kWh/ár |
| Aflgjald | 350,00 | (435,75) kr/kW/mán |

Ekki er heimilt að selja raforku á þessum taxta frá 1. nóv. til 31. mars.

D.2 Garðyrkjutaxti fyrir ræktunarlýsingu í gróðurhúsum:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald | 2,78 | (3,46) kr/kWh |
| Fast gjald | 2 625,00 | (3 268,13) kr/ár |
| Aflgjald | 1 250,00 | (1 556,25) kr/kW/ár |
| Aflgjald, lágmark | 18 750,00 | (23 343,75) kr/ár |

Uppsett afl samkvæmt þessum lið skal minnst vera 15 kW og minnsta ársnotkun skal vera minnst 1.000 kWh/uppsett kW.

Straum til lýsingar samkvæmt þessum lið má rjúfa fyrirvaralaust þegar rafmagnsveitan telur það nauðsynlegt til þess að komast hjá afltoppi í veitukerfinu. Um lýsingartíma er samið sérstaklega við hvern einstakan notanda.

3. gr.

**Mælaleiga.**

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í gjöldum samkvæmt 2. gr.

Fyrir mælitæki til annarra nota en að framan greinir skal ársleiga vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Orkumælir einfasa | 656,00 | (816,72) kr/ár |
| Orkumælir þrífasa | 2 625,00 | (3 268,13) kr/ár |
| Orkumælir þrífasa með straumspennum | 5 250,00 | (6 536,25) kr/ár |
| Orkumælir þrífasa með klukkurofa | 5 250,00 | (6 536,25) kr/ár |
| Aflmælir | 5 250,00 | (6 536,25) kr/ár |
| Aflmælir með straumspennum | 7 875,00 | (9 804,38) kr/ár |

Ársleiga fyrir önnur tæki en að framan greinir skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

4. gr.

**Heimtaugagjald.**

4.1 Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Hveragerðis.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

4.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

4.3 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | Stofngjald | | Yfirlengdargjald Jarðstrengur | |
|---|---|---|---|---|
| (A) | (kr.) | Með VSK (kr.) | (kr/m) | Með VSK (kr/m) |
| 1 × 63 | 52 500,00 | (65 362,50) | 1 354,00 | (1 685,73) |
| 3 × 63 | 57 750,00 | (71 898,75) | 1 354,00 | (1 685,73) |
| 3 × 100 | 89 250,00 | (111 116,25) | 1 774,00 | (2 208,63) |
| 3 × 200 | 178 500,00 | (222 232,50) | 3 360,00 | (4 183,20) |
| 3 × 315 | 283 500,00 | (352 957,50) | 3 990,00 | (4 967,55) |
| 3 × 400 | 357 000,00 | (444 465,00) | Skv. kostn. | |
| 3 × 630 | 556 500,00 | (692 842,50) | Skv. kostn. | |
| 3 × 710 | 630 000,00 | (784 350,00) | Skv. kostn. | |
| 3 × 1200 | 1 050 000,00 | (1 307 250,00) | Skv. kostn. | |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

4.4 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | Stofngjald | | Yfirlengdargjald Jarðstrengur | |
|---|---|---|---|---|
| (A) | (kr.) | Með VSK (kr.) | (kr/m) | Með VSK (kr/m) |
| 1 × 63 | 11 550,00 | (14 379,75) | 1 354,00 | (1 685,73) |
| 3 × 63 | 15 750,00 | (19 608,75) | 1 354,00 | (1 685,73) |
| 3 × 100 | 16 800,00 | (20 916,00) | 1 774,00 | (2 208,63) |

| Málstraumur | Yfirlengdargjald Loftlína | (kr/Stólpi) |
|---|---|---|
| (A) | (kr.) | Með VSK (kr.) |
| 1 × 63 | 17 325,00 | (21 569,63) |
| 3 × 63 | 21 000,00 | (26 145,00) |
| 3 × 100 | 26 250,00 | (32 681,25) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarskassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

4.5 Sé fyrirsjánlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

4.6 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

4.7 Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekinnar húsveitu, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja skal miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

4.8 Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu, og spennistöðin að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði, rafmagnsveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar eða gerð húsnæðis.

5. gr.

**Ýmis ákvæði.**

5.1 Heimilt er með samþykki bæjarstjórnar að selja háspennt rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.

5.2 Heimilt er að selja raforku til meiri háttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október. Utan tímabilisins er framangreind notkun ekki leyfð um viðkomandi kW/kWh-mæli né aðra mæla rafmagnsveitunnar á öðrum gjaldskrárliðum. Aflgjald sé samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

5.3 Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun . . . . . . . . . . . . . 1 785,00 (2 222,33) kr.

5.4 Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8 getur rafmagnsveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

5.5 Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekna tíma sólarhrings.

5.6 Virðisaukaskattur (VSK) 24,5% bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

5.7 Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

5.8 Rafmagnsveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með, samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 135, 18. mars 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. september 1991.*

F. h. r.

**Kristmundur Halldórsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 313/1990 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.**

Frá og með 1. janúar 1992 falla brott úr 1. gr. framangreindrar auglýsingar liðirnir:

| Tollskrárnr. | Vörutegund |
|---|---|
| 2709.0000 | Jarðolíur og olíur, fengnar úr tjörukenndum steinefnum, óunnar |
| 2710.0060 | Gasolíur |
| 2710.0070 | Brennsluolíur |

*Viðskiptaráðuneytið, 24. september 1991.*

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Friðfinnsson.*

Nr. 456 25. september 1991

# AUGLÝSING

**um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í októbermánuði 1991.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í októbermánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,0 %
2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: Innborgun 2,0 %

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. september 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 457 27. september 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir Rafveitu Akureyrar.**

**Almennir taxtar.**

| A-1 Almenn notkun: | Grunnverð | Verð með VSK |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh | 5,29 | (6,59) |
| Fast gjald kr/ár | 2 104 | (2 620 ) |

Skýringar:

Taxti fyrir heimili, iðnað, verslanir, skrifstofur, skóla og alla notkun sem ekki er getið um annars staðar.

A-3 Mannvirkjagerð:

| | Grunnverð | Verð með VSK |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh | 8,27 | (10,30) |
| Fast gjald kr/ár | 2 104 | 2 620 ) |

Skýringar:

Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.

**Afltaxtar.**

B-1 Afl- og orkumæling:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh vetur | 2,90 | (3,61) |
| Orkugjald kr/kWh sumar | 1,45 | (1,80) |
| Aflgjald kr/kWh ár | 6 659 | (8 291 ) |
| Fast gjald kr/ár | 46 305 | (57 650 ) |

Skýringar:

Sumargjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september.
Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

a) Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er sem lágmark 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári.
Þessi taxti er ætlaður sem vélataxti en þó er heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun.
b) Notendum sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira er heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta.

B-2 Afl- og orkumæling 11 kV:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh vetur | 2,70 | (3,36) |
| Orkugjald kr/kWh sumar | 1,34 | (1,67) |
| Aflgjald kr/kW ár | 6 204 | (7 725 ) |
| Fast gjald kr/ár | 46 305 | (57 650 ) |

Skýringar: Taxti fyrir sölu á 11 kV.

Sumargjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september.
Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

B-3 Afl- og orkumæling:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh vetur | 2,90 | (3,61) |
| Orkugjald kr/kWh sumar | 1,45 | (1,80) |
| Aflgjald kr/kWh ár | 6 659 | (8 291 ) |
| Fast gjald kr/ár | 46 305 | (57 650 ) |

Skýringar:

Taxti fyrir varmadælu til hitunar húsa og laugavatns.
Sumargjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september.
Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

B-4 Hemill:

| | | |
|---|---|---|
| Aflgjald kr/A/ár | 1 430 | (1 780) |

Skýringar:

Taxti fyrir verbúðir og skepnuhús.

**Hitataxtar.**

C-1 Rofin daghitun. Roftími 2x1 ½ klst.:

| | Grunnverð | Verð með VSK |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh | 2,66 | (2,66) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207 | (4 207 ) |

Skýringar:

Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

C-2 Rofin daghitun. Roftími 2x1½ klst.

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh | 3,17 | (3,17) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207 | (4 207 ) |

Skýringar:

Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Þeir sem hita hús sín með rafhituðu vatni en eiga þess kost að tengjast hitaveitunni skulu greiða samkvæmt þessum taxta.

C-3 Rofin næturhitun. Roftími 15 klst. á tímabilinu kl. 06 til 24:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh | 2,25 | (2,25) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207 | (4 207 ) |

Skýringar:

Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu frá kl. 06-24.

C-4 Rofin iðnaðarhitun. Roftími 2x1½ klst.:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh | 2,67 | (3,32) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207 | (5 238 ) |

Skýringar:

Rofin daghitun til iðnaðar og annarra nota en hitunar húsa.
Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

C-5 Órofin iðnaðarhitun:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWh | 5,05 | (5,29) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207 | (5 238 ) |

Skýringar:

Órofin iðnaðarhitun.

**Aðalheimtaugar.**

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

220 V kerfi

Málstr. A

| | | | |
|---|---|---|---|
| 25 | 1 fasa | 12 507 | (15 571) |
| 63 | 3 fasa | 46 224 | (57 574) |
| 125 | 3 fasa | 72 510 | (90 275) |
| 200 | 3 fasa | 108 764 | (135 411) |
| 260 | 3 fasa | 137 767 | (171 520) |
| 315 | 3 fasa | 185 475 | (230 917) |
| 400 | 3 fasa | 235 661 | (293 398) |

380 V kerfi

| Málstr. A | | Grunnverð | VSK 24,5% |
|---|---|---|---|
| 25 | 1 fasa | 12 507 | (15 571) |
| 63 | 3 fasa | 46 244 | (57 574) |
| 125 | 3 fasa | 76 136 | (94 789) |
| 200 | 3 fasa | 151 365 | (188 449) |
| 260 | 3 fasa | 193 963 | (241 484) |
| 315 | 3 fasa | 253 783 | (315 960) |
| 400 | 3 fasa | 326 293 | (406 234) |

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Stofngjald – Málstraumur | | | |
|---|---|---|---|
| 63 A | 1 fasa | 8 411 | (10 471) |
| 63 A | 3 fasa | 11 777 | (14 662) |
| 100 A | 3 fasa | 12 407 | (15 446) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Málstraumur | 63 A | 1 242 | (1 546) |
| Málstraumur | 100 A | 1 640 | (2 042) |

**Heimtaugagjöld.**

Skýringar:

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

**Ýmis ákvæði.**

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir opnun veitunnar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 754 (939)

   Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.

3. Taxtar til hitunar húsa og neysluvatns eru undanþegnir virðisaukaskatti (VSK)
4. Rafveitan leiðbeinir notendum er þess óska um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

**Önnur notkun.**

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 296, 26. júní 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

Nr. 458 27. september 1991

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Suðurnesja fyrir raforku.**

**Raforkugjöld.**

*A. Almennir taxtar.*

A. 1 Verð á rafmagni til allrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,00 | (7,47) | kr/kWst |
| Fast gjald | 2 200,00 | (2 739,00) | kr/ár |

A. 2 Verð á rafmagni til notkunar við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 7,80 | (9,71) | kr/kWst |
| Fast gjald | 4 500,00 | (5 602,50) | kr/ár |

A. 4 Verð á rafmagni til notkunar í sumarbústöðum og sumarbúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A. 1 ef hagkvæmara þykir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,60 | (4,48) | kr/kWst |
| Fast gjald | 8 800,00 | (10 956,00) | kr/ár |

*B. Afltaxtar.*

B. 1 Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,18 | (2,71) | kr/kWst |
| Aflgjald | 8 000,00 | (9 960,00) | kr/kW/ár |

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

Orkugjald miðast við að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

B. 2 Verð á rafmagni og viðhaldi úti- og götulýsingar, samkvæmt uppsettu afli:

| | |
|---|---|
| Aflgjald | 12 000,00 (14 940,00) kr/kW/ár |
| Viðhaldsgjald | 18 000,00 (22 410,00) kr/kW/ár |
| Gjald samtals | 30 000,00 (37 350,00) kr/kW/ár |

Auk afl- og viðhaldskostnaðar greiðir notandi stofnkostnað að fullu.

*C. Hitun.*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| C. 1 | Órofin húshitun | 6,00 | (7,47) | kr/kWst |
| C. 2 | Daghitun, húshitun rofin | 2,68 | (3,34) | kr/kWst |
| C. 3 | Næturhitun, húshitun | 1,50 | (1,87) | kr/kWst |
| | Fast gjald á C. 1 | 8 600,00 | (10 707,00) | kr/ár |
| | Fast gjald á C. 2 og C. 3 | 7 800,00 | (9 711,00) | kr/ár |

*D. Mælaleiga.*

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns. Fyrir tæki þau, sem notuð eru við rafmagnssölu, skal greiða eftirfarandi:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| D. 1 | Af einfasa mælum | 550,00 | (684,75) | kr/ár |
| D. 2 | Af þrífasa mælum upp að 50A | 2 200,00 | (2 739,00) | kr/ár |
| D. 3 | Af þrífasa mælum 50A og ofar | 3 300,00 | (4 108,50) | kr/ár |
| D. 4 | Af álagsstýringarliðum | 3 300,00 | (4 108,50) | kr/ár |
| D. 5 | Af aflmælum | 5 500,00 | (6 847,50) | kr/ár |

Mælaleiga reiknast ekki af A. 1, A. 2, C. 1, C. 2 og C. 3. Ársleiga fyrir önnur tæki, en að framan greinir, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafveitunnar. Leiga skal greidd samtímis raforkugjaldi.

*E. Heimtaugargjald.*

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

*Aðalheimtaugar.*

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur: | | | Heimtaugargjöld | |
|---|---|---|---|---|
| 63A | 1-fasa | kr. | 44 500,00 | (55 402,50) |
| 63A | 3-fasa | kr. | 48 800,00 | (60 756,00) |
| 100A | 3-fasa | kr. | 78 400,00 | (97 608,00) |
| 200A | 3-fasa | kr. | 153 800,00 | (191 481,00) |
| 300A | 3-fasa | kr. | 229 000,00 | (285 105,00) |
| 400A | 3-fasa | kr. | 302 000,00 | (375 990,00) |
| 600A | 3-fasa | kr. | 460 000,00 | (572 700,00) |
| 900A | 3-fasa | kr. | 695 000,00 | (865 275,00) |
| 1200A | 3-fasa | kr. | 934 000,00 | (1 162 830,00) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

*Bráðabirgðaheimtaugar.*

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

Málstraumur:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 63A 1-fasa | kr. | 11 000,00 | (13 695,00) |
| 63A 3-fasa | kr. | 12 500,00 | (15 562,50) |
| 100A 3-fasa | kr. | 16 500,00 | (20 542,50) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Heimtaugargjöld fyrir sumarhús í skipulögðu sumarhúsahverfi er að lágmarki kr. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 133 500,00 166 207,50).

Fyrir einstök sumarhús er heimtaugargjaldið ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en ofangreint lágmarksgjald.

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa í húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun hitaveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

## Ýmis ákvæði.

1. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar, svo og landtengingu skipa, skal greiða gjald . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 2 600,00 (3 237,00).

2. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða . . . . . . . . . . . . . kr. 2 200,00 (2 739,00) gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

3. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi hitaveitunnar.

4. gr.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd í sviga.

5. gr.

Hitaveitan leiðbeinir notendum, er þess óska, um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Suðurnesja og sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 290, 25. júní 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Guðrún Skúladóttir.*

27. september 1991 Nr. 459

# GJALDSKRÁ

**Rafmagnsveitna ríkisins.**

## I. SMÁSALA

**Gjaldskrárliðir.**

Rafmagnsveitur ríkisins selja raforku í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

### A.1 Almenn notkun.

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,65 | 8,28 | kr/kWh |
| Fastagjald F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

### A.2 Vinnuljósanotkun.

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 9,97 | 12,41 | kr/kWh |
| Fastagjald F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

### A.3 Utanhússlýsing.

Öll sérmæld utanhússlýsing.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,65 | 8,28 | kr/kWh |
| Fastagjald F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

### A.4 Sumarbústaðanotkun.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum. Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A.1 ef hagkvæmara þykir.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 4,12 | 5,13 | kr/kWh |
| Fastagjald 4xF1 | 13 560,00 | 16 882,20 | kr/ári |

**A.5 Markmæling.**

Allur almennur búrekstur. Heimilt er að selja raforku til búreksturs samkv. öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksafl 4 kW, hámarksafl 50 kW.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald af allri notkun | 2,44 | 3,04 | kr/kWh |
| Aflgjald (lágmark 4 kW) | 5 860,00 | 7 295,70 | kr/kW/ári |
| Fastagjald 3xF1 | 10 200,00 | 12 699,00 | kr/ári |
| Orkugjald af notkun umfram aflstillingu | 6,65 | 8,28 | kr/kWh |

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Orkugjald vegna húshitunar undanþegið virðisaukaskatti.

**B.1/B.3 Aflmæling.**

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun. Lágmarksafl 15 kW. Notkun varmadælu til húshitunar (B.3) undanþegin virðisaukaskatti.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,11 | 2,63 | kr/kWh |
| Aflgjald | 9 530,00 | 11 864,85 | kr/kW/ári |

**B.2 Súgþurrkun.**

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júní til 31. október.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,64 | 2,04 | kr/kWh |
| Aflgjald | 2 760,00 | 3 436,20 | kr/kW/ári |

**C.1/D.1 Rofin daghitun.**

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustund á dag.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,31 | 4,12 | kr/kWh |
| Fastagjald F3 | 12 800,00 | 15 936,00 | kr/ári |

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis undanþegin virðisaukaskatti.

**C.2/D.2 Næturhitun.**

Rafhitun með roftíma allt að 15 klukkustundum á dag, á tímabilinu frá kl. 7.00 til 23.00.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,24 | 2,79 | kr/kWh |

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt.

Hitun húsnæðis undanþegin virðisaukaskatti.

**D.3 Órofin hitun.**

Fyrir órofna rafhitun, varmadælur o.fl. Hámark uppsetts afls er 200 kW.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald 1. maí til og með 30. sept. | 3,31 | 4,12 | kr/kWh |
| Orkugjald 1. okt. til og með 30. apríl | 4,62 | 5,75 | kr/kWh |
| Fastagjald F3 | 12 800,00 | 15 936,00 | kr/ári |

Hitun húsnæðis undanþegin virðisaukaskatti.

**S.1 Sumartaxti.**

Fyrir meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun á tímabilinu 1. apríl til 31. október, samkvæmt sérsamningi. Lágmarksafl 75 kW á mánuði.

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 1,79 | 2,23 | kr/kWh |
| Aflgjald | 342,00 | 425,79 | kr/kW/mán |

Engin orkuafhending er heimil frá 1. nóvember til 31. mars.

**Mælaleiga.**

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Einfasa mælar | 648,00 | 806,75 | kr/ári |
| Þrífasa mælar | 2 550,00 | 3 174,75 | kr/ári |

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun RARIK hverju sinni.

**Innheimta og lokun.**

| | Án Vsk | Með Vsk | |
|---|---|---|---|
| Innheimtugjald: Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu: | 830,00 | 1 033,35 | kr |
| Opnunargjald: Gjald fyrir aðgerðir vegna lokunar og/eða opnunar veitu vegna vanskila er: | 3 320,00 | 4 133,40 | kr |

SKILGREININGAR OG ÝMIS ÁKVÆÐI.

**1. Utanhússlýsing.**

Rafmagnsveitur ríkisins sjá um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað. Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Rafmagnsveitur ríkisins á sinn kostnað.

**2. Markmæling.**

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun.

**3. Aflgjaldsmæling.**

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega. Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er hæsta mánaðargildi afls á almanaksárinu. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

**4. Sumartaxti.**

Heimilt er að selja raforku til meiriháttar véla- og iðnaðarnota á sérstökum sumartaxta. Gera þarf sérstakan samning þar um í hverju tilviki. Sumartaxti gildir aðeins á tímabilinu 1. apríl til 31. október og er engin notkun leyfð á sama rafbúnaði eftir öðrum gjaldskrárliðum utan þess tímabils. Aflgjald sé samkvæmt mælingu við 15 mín. meðalgildi afls. Álestur fari fram að jafnaði 1. hvers mánaðar.

### 5. Véla- og tækjanotkun.

Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Rafmagnsveiturnar geta krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (fasviksstuðull undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

### 6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, geta Rafmagnsveitur ríkisins takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilja rafmagnsveiturnar sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

### 7. Annað.

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4, A.5, B.3, C.1, C.2, D.1, D.2, D.3 og fastagjaldi F.3 og aflgjaldi B.3 þar sem það á við.

Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti. Notkunargjöld hitaveitna eru undanþegin virðisaukaskatti.

## II. HEILDSALA TIL ALMENNINGSVEITNA

### 1. Skilgreining.

Gjaldskrá þessi gildir um sölu til eftirtalinna aðila:

Rafveitu Sauðárkróks, Rafveitu Húsavíkur, Rafveitu Reyðarfjarðar, Rafveitu Hveragerðis, Selfossveitna, Hitaveitu Eyra og Bæjarveitna Vestmannaeyja.

### 2. Rafmagnsgjald.

| | | |
|---|---|---|
| Aflgjald | kr/kW/ári | 9 050,70 |
| Vetrargjald orku | kr/kWh | 1,994 |
| Sumargjald orku | kr/kWh | 0,997 |
| Tengigjald | kr/ári | 305 613,00 |

Ofangreind gjöld eru án virðisaukaskatts.

### 3. Söluskilmálar.

*3.1 Aflsala.*

Við útreikning á sölutoppi til uppgjörs á ári hverju skal fyrst fundinn hæsti álagstoppur hvers almanaksmánaðar, mældur sem 60 mínútna sammælt meðalálag á afhendingarstað(stöðum). Fjórir hæstu fyrrgreindra tólf álagstoppa koma til uppgjörs. Sölutoppur ársins telst útreiknað meðaltal þessara fjögurra toppa. Þessi grein gjaldskrár gildir ekki ef heimild til sérsamnings, sbr. 4. grein, er nýtt.

*3.2 Tímabil orkugjalda.*

| | |
|---|---|
| Vetrargjald gildir tímabilin: | 1. janúar – 30. apríl |
| | 1. október – 31. desember |
| Sumargjald gildir tímabilið: | 1. maí – 30. september |

**4. Sérsamningur um aflsölu.**

Rafmagnsveitunum og hverri einstakri veitu fyrir sig er heimilt að gera með sér sérstakan samrekstrarsamning. Í samningi þessum komi fram á hvern hátt sölutoppur skuli ákveðinn ásamt öðrum þeim atriðum sem aðilar koma sér saman um og varða samrekstur. Ákvæði samnings þessa mega þó í engu breyta þeim ákvæðum sem fram koma í gjaldskrá þessari að undanskilinni grein 3.1.

**5. Mánaðargreiðslur.**

*5.1 Aflsala og tengigjald.*
Í upphafi árs áætla rafmagnsveiturnar, í samráði við kaupanda, sölutopp komandi árs. Áætluð ársgreiðsla fyrir afl- og tengigjald skal síðan reiknuð út frá gildandi gjaldskrá. Mánaðargreiðsla telst 1/12 hluti ársgreiðslunnar nema desembergreiðslan sem er útreiknuð lokagreiðsla ársins. Mánaðargreiðslurnar teljast innborganir.

Við gjaldskrárbreytingar skulu þær mánaðargreiðslur sem ekki eru fallnar í gjalddaga taka sömu hlutfallslegu breytingum og gjaldskráin. Við lokauppgjör í árslok skal reikna með einingarverði í réttu hlutfalli við dagafjölda verðtímabila. Frá þannig reiknaðri ársgreiðslu dragast gjaldfallnar innborganir og mismunurinn telst mánaðargreiðsla desember.

*5.2 Orkusala.*

Mánaðargreiðsla fyrir orku miðast við mælda orkunotkun í mánuðinum og gildandi einingarverð. Séu fleiri en eitt einingarverð í gildi innan mánaðarins skal reikna í réttu hlutfalli við dagafjölda.

**6. Greiðsluskilmálar.**

Mánaðargreiðslur fyrir janúar falla í gjalddaga síðasta dag febrúar og þannig koll af kolli fyrir aðra mánuði. Ef ekki er greitt á gjalddaga, reiknast fullir vanskilavextir frá honum eins og Seðlabanki Íslands ákveður þá hverju sinni.

**Gjaldskrá fyrir ótryggða orku.**

**1. Almennt.**

Um viðskipti þessi gilda almennir skilmálar Landsvirkjunar um sölu ótryggðs rafmagns frá 1. janúar 1991 og almennir skilmálar Rafmagnsveitna ríkisins um sölu ótryggðrar orku frá 1. janúar 1991.

**2. Rafmagnsgjald.**

| | | |
|---|---|---|
| Fast gjald | kr/ári | 115 760,00 |
| 1. verðþrep | kr/kWh | 0,985 |
| 2. verðþrep | kr/kWh | 1,274 |
| 3. verðþrep | kr/kWh | 1,831 |

Ofangreind gjöld eru án virðisaukaskatts.

**3. Samningur.**

Skilyrði fyrir viðskiptum samkvæmt gjaldskrá þessari er að gerður sé sérstakur skriflegur samningur milli Rafmagnsveitna ríkisins og kaupanda um viðskiptin og hann staðfestur með áritun Landsvirkjunar. Með slíkum samningi er heimilt að veita nánar umsaminn afslátt, ef um endursölu er að ræða.

## III. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI

Heimtaugargjöld Rafmagnsveitna ríkisins í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengdum veitusvæðum rafmagnsveitnanna og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1.1 Rafmagnsveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitna ríkisins. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.4 *Aðalheimtaugar.*

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | Gerð | Án vsk | Með vsk |
|---|---|---|---|
| 63 A | einfasa | 53 700,00 | (66 856,50) |
| 63 A | þrífasa | 59 700,00 | (74 326,50) |
| 100 A | þrífasa | 91 300,00 | (113 668,50) |
| 200 A | þrífasa | 219 700,00 | (273 526,50) |
| 315 A | þrífasa | 347 600,00 | (432 762,00) |
| 400 A | þrífasa | 477 700,00 | (594 736,50) |
| 710 A | þrífasa | 854 000,00 | (1 063 230,00) |
| 1200 A | þrífasa | 1 433 000,00 | (1 784 085,00) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 *Bráðabirgðaheimtaugar.*

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | | Stofngjald | Yfirlengdargjald Jarðstrengur | Yfirlengdargjald Loftlína |
|---|---|---|---|---|
| 63 A | einfasa | 10 200,00 kr. | 1 120,00 kr/m | 16 000,00 kr/stólpa |
| 63 A | þrífasa | 14 200,00 kr. | 1 120,00 kr/m | 18 200,00 kr/stólpa |
| 100 A | þrífasa | 15 500,00 kr. | 1 400,00 kr/m | 21 100,00 kr/stólpa |

Fyrir stofnvarkassa með tilheyrandi búnaði og mælitækjum sem tengdur er loftlínustaur greiðist kr. 12 900,00. Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarkassa í húsveitu og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

1.6 *Staðsetning.* Leitað skal samþykkis rafmagnsveitnanna um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.7 *Aukakostnaður.* Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

1.8 *Spennistöð.* Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þeirra um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.

Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt – er lagt til rafmagnsveitunum að kostnaðarlausu, en þær sjá um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um, hverju sinni.

1.9 *Breyting á heimtaug.* Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breyting fer fram.

Heimilt er þó að lækka eða fella niður þetta gjald þegar sérstakar aðstæður mæla með því að mati rafmagnsveitnanna.

2.0 *Frávik.* Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum í þéttbýli. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða heimtaugar stærri en 1200 A, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna, með hliðsjón af þessari gjaldskrá. Gjald fyrir aðrar heimtaugarbreytingar en um getur í þessari gjaldskrá er samkvæmt kostnaðarreikningi eða eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitnanna.

Öll gjöld er gefin upp án virðisaukaskatts nema annars sé getið. Virðisaukaskattur leggst á öll heimtaugagjöld.

## IV. HEIMTAUGARGJALD Í DREIFBÝLI.

Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Rafmagnsveitum ríkisins, utan þéttbýlis, skal hafa gengið frá greiðslu heimtaugargjalds til Rafmagnsveitna ríkisins, áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.

Öll gjöld sem tilgreind eru hér á eftir miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 1991, sem er 176.5 stig og breytast í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar þannig, að vísitalan 1. janúar ár hvert er lögð til grundvallar gjöldum almanaksársins.

*1.0 Heimtaugargjald fyrir íbúðarhús, kirkjur, skóla, atvinnuhúsnæði og þ.h.*

1.1 Heimtaugargjaldið skal vera grunngjald kr. 91 300,00 (113 669,00 m/vsk) á hvern notanda og er þá miðað við, að heildarkostnaður við heimtaugarlögnina fari ekki fram yfir kostnað við lagningu 80 m heimtaugar og uppsetningu 25 kVA spennistöðvar.

1.2 Um greiðslu kostnaðar af breytingu heimtaugar eða spennistöðvar fer eftir ákvæðum reglugerðar Rafmagnsveitna ríkisins. Verði fallist á að leggja veitu, þar sem heimtaugarlengd og stærð spennistöðvar fer fram úr því, sem tilgreint er í lið 1.1, skulu heimtaugagjöld hækka samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitustjóra, með hliðsjón af áætluðum umframkostnaði.

*2.0 Heimtaugargjald í skipulögðu sumarhúsahverfi*

Heimtaugargjaldið fyrir hvert hús er að lágmarki kr. 162 000,00 (201 690,00 m/vsk) miðað við 5 kVA afl í spennistöð. Sé um meira afl að ræða bætist við gjald samkvæmt kostnaði.

Þetta heimtaugargjald gildir innan hverfisins, sé eftirfarandi skilyrðum fullnægt:

2.1 Um sé að ræða skipulögð hverfi. Með skipulögðu hverfi er átt við afmarkað svæði, þar sem fyrir liggur uppdráttur af staðsetningu húsa og lóða hverfisins í mælikvarða 1:2000, staðfestur af skipulagi ríkisins.

2.2 Á staðfestum uppdrætti skulu koma fram akbrautir, stígar, stærð lóða og staðsetning húsa á lóðum.

2.3 Sveitarfélag, landeigandi eða félag sumarhúsaeigenda viðkomandi hverfis, eftir því sem við á, tryggi í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins heimild til lagningar dreifikerfis, hvort heldur er háspennukerfis, uppsetningar nauðsynlegs búnaðar og allan eðlilegan umgengnisrétt til eftirlits, rekstrar og viðhalds kerfisins.
2.4 Í upphafi þurfa a.m.k. 5 bústaðir að tengjast hverri spennistöð sem sett er upp.
2.5 Meðallengd heimtauga frá stofndreifikerfi fari ekki yfir 120 m. Umframlengd greiðist samkvæmt kostnaði.
2.6 Lega heimtaugar frá lágspennudreifikerfi að bústað skal ákveðin í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins, en umsækjandi sér um gröft fyrir heimtaug innan sinna lóðamarka og annast frágang í samræmi við teikningu frá Rafmagnsveitum ríkisins nr. 4.3207.46.
2.7 Lengd háspennulínu sem leggja þarf að sumarhúsahverfi, má ekki fara yfir 100 metra á hverja lóð.

Sé fyrirsjáanlegt, að mati Rafmagnsveitna ríkisins, að hverfi sem skipulagt hefur verið komi til með að byggjast seint upp, þá geta rafmagnsveiturnar krafist þess, að fyrir allt að 35% af lóðafjölda hverfisins verði greitt heimtaugargjald, áður en ráðist er í framkvæmdir.

*3.0 Aðrar heimtaugar.*

Heimtaugargjald fyrir annað, en að framan greinir, svo sem einstök sumarhús, veiðihús, o.fl., er ávallt samkvæmt kostnaði, þó aldrei lægra en lágmarksgjaldið kr. 162 000,00 (201 690,00 m/vsk). Bráðabirgðaheimtaugar eru undanþegnar lágmarksgjaldinu. Fyrir þær skal ávallt greiða samkvæmt kostnaði.

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við ofangreind grunngjöld.

**GJALD VEGNA VARATENGINGAR.**

Eftirfarandi reglur skulu gilda um kostnað við varatengingu þar sem önnur orkuöflun er fyrir hendi. Gjaldtaka miðast við 20 kW aflúttekt.
1.1 Í hverju tilviki fyrir sig, skal gera skriflegan samning um tenginguna og frágang hennar. Þann kostnað sem af henni hlýst, greiðir notandinn að fullu.
1.2 Hafi viðkomandi ekki verið tengdur við dreifikerfi rafmagnsveitnanna þegar varatengingar er óskað, greiðir hann allan kostnað við tenginguna, þ.e. af línulögn, spenni, strengjum o.s.frv.
1.3 Notandi greiðir fyrir varatenginguna, óháð orkunotkun, fast gjald á ári, sem samsvarar aflgjaldi á marktaxta fyrir 4 kW að viðbættu föstu gjaldi marktaxtans. Fyrir hverja kWh sem notuð er, skal notandinn greiða samkvæmt almenna taxtanum A1.

**HITAVEITUR**

**1. Almennt.**

Eftirfarandi gildir um hitaveitur Rafmagnsveitna ríkisins á Höfn í Hornafirði og á Siglufirði. Rafmagnsveitur ríkisins selja afnot af heitu vatni úr veitukerfi hitaveitnanna eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

**2. Orkugjöld.**

Rafmagnsveitur ríkisins selja heitt vatn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

*H1 Hitun íbúðarhúsnæðis*

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald | 2,35 | kr/kWh |
| Sérstakur afsláttur | 0,12 | kr/kWh |
| Vatnsgjald | 30,87 | kr/tonn |

Orkugjald til hitunar íbúðarhúsnæðis er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur. Gjöld eru undanþegin virðisaukaskatti.

*H2 Önnur hitun*

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald | 2,35 | kr/kWh |
| Vatnsgjald | 30,87 | kr/rúmm |

*H3 Hitun um rennslismæli á Siglufirði*

| | | |
|---|---|---|
| Vatnsgjald | 121,04 | kr/rúmm |

*H31 Hitun um hemil á Siglufirði*

| | | |
|---|---|---|
| Fast gjald skv. stillingu hemils | 29 540,00 | kr/mínl/ári |

**3. Mælaleiga.**

Rafmagnsveiturnar leigja vatnsmæla og annast viðhald þeirra. Mælaleiga gildir fyrir liði H1 og H2. Fast gjald fyrir hvern mæli er þannig:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fyrir vatnsmæla minni en 1 | 11 130,00 | kr/ári |
| 2. Fyrir stærri mæla | 22 260,00 | kr/ári |

**4. Heimæðagjöld.**

Heimæðagjöld fyrir hverja heimæð skulu vera háð rúmmáli þess húsnæðis sem hita skal (utanmáli) og eru sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Fyrir hús allt að 400 rúmmetrum: | 59 700,00 | kr |
| Fyrir hverja 10 rúmmetra umfram 400: | 1 000,00 | kr |

Rafmagnsveitunum er heimilt að takmarka aðgang að heitavatnskerfi ef orkuöflun gefur tilefni til. Heimæðagjöld hitaveitu eru undanþegin virðisaukaskatti og miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar ár hvert.

**5. Skilmálar.**

Að öðru leyti en að ofan er greint, gilda sömu skilmálar um orkuviðskipti og í gildi eru fyrir raforkusmásölu Rafmagnsveitna ríkisins.

## NIÐURGREIÐSLUR OG AFSLÁTTUR

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna vegna hitunar íbúðarhúsnæðis með raforku og rafkyntum hitaveitum og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við slíka hitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá jarðhitaveitu sem starfrækt er á viðkomandi stað.

Rafmagnsveitur ríkisins veita ennfremur fyrst um sinn, sérstakan afslátt til þeirra sem nota raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis.

Um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og H1 (hitaveita Höfn) og 42000 samkvæmt lið A5, en er skipt hlutfallslega niður á reikningstímabilið.

Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 Rofin daghitun:
Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 1,06 kr á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,20 kr á kWh.

Liður A5 Markmæling:
Niðurgreidd er orka sem er allt að 115 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,76 kr á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,142 kr á kWh.

Liður H1 hitaveita
Niðurgreidd er orka sem er allt að 83 kWh á dag að jafnaði á notkunartímabilinu. Niðurgreiðsla nemur 0,99 kr á kWh. Sérstakur afsláttur rafmagnsveitnanna er innifalinn í orkugjaldi.

Liður C2 næturhitun
Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur samkvæmt lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur 0,64 kr á kWh og sérstakur afsláttur að auki, 0,20 kr á kWh.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar eldri gjaldskrár Rafmagnsveitna ríkisins sama efnis nr. 339 3. júlí 1991, gjaldskrá Hitaveitu Siglufjarðar nr. 110, 4. mars 1991 og og gjaldskrá Rafveitu Siglufjarðar nr. 50, 17. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. september 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Kristmundur Halldórsson.*

# REGLUGERÐ

**um bann við rækjuveiðum vestan Kolbeinseyjar.**

1. gr.

Frá kl. 16.00 1. október 1991 eru allar rækjuveiðar bannaðar á svæði vestan Kolbeinseyjar, sem markast af línum dregnum um eftirgreinda punkta:

1. 67°20'N - 21°20'V
2. 67°15'N - 19°56'V
3. 67°25'N - 19°41'V
4. 67°00'N - 19°40'V
5. 67°00'N - 20°23'V
6. 66°51'N - 20°38'V
7. 66°51'N - 21°00'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Við gildistöku banns skv. 1. gr. fellur úr gildi reglugerð nr. 422 20. september 1991, um bann við rækjuveiðum vestan Kolbeinseyjar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. október 1991.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# REGLUGERÐ

**um bann við tog- og dragnótaveiðum við Ingólfshöfða.**

1. gr.

Frá og með 3. október 1991 eru allar veiðar með vörpu og dragnót bannaðar á svæði við Ingólfshöfða, sem að vestan markast af 16°40'V, að austan af 16°20'V og að sunnan af 63°45'N. Að norðan markast svæðið af fjöruborði.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 1. október 1991.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 51 - 1991



# AUGLÝSING

**um samkomulag samkvæmt 20. grein samnings milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989.**

Til þess að framfylgja samningnum milli Norðurlanda frá 7. desember 1989 um aðstoð í skattamálum, sem nær til Danmerkur, Færeyja, Grænlands, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, hefur samkvæmt 20. grein hans verið gert samkomulag um eftirfarandi ákvæði:

1. Með orðunum „öflun framtala eða annarra upplýsinga" í 1. gr. b) í samningum er átt við öflun framtala eða annarra upplýsinga vegna skattlagningar eða annarra ráðstafana í skattamálum í því aðildarríki sem biður um aðstoð. Með þeim er einnig átt við afhendingu framtala eða annarra gagna, í frumriti eða afriti, sem skilað hefur verið inn vegna skattlagningar eða annarra ráðstafana vegna skattlagningar í því aðildarríki þar sem beiðst er aðstoðar.
2. Með sköttum sem veita ber aðstoð er einnig átt við:
   a) dráttarvexti og vanskilaálag eða annað gjald, sem lagt er á vegna vangreiðslu, í einu aðildarríkjanna fram að þeim tíma að krafa er lögð fram til innheimtu í hinu aðildarríkinu, eða vegna vanrækslu á upplýsinga- eða framtalsskyldu vegna álagningar á skatti eða opinberum gjöldum (álag, viðbótargjald o.s.frv.).
   b) slíka dráttarvexti og vanskilaálag eða annað álag, sem lagt er á vegna vangreiðslu skatta í einu aðildarríkjanna eftir að krafan hefur verið lögð fram til innheimtu í hinu aðildarríkinu og sérstök beiðni um aðstoð fylgir, og
   c) greiðslu á innheimtukostnaði og févíti að svo miklu leyti sem kostnaðurinn og févítið eru ekki til komin vegna málsmeðferðar fyrir dómi.

3.A. Með skatti á „vélknúin ökutæki" skv. 2. gr. samningsins, 1. mgr. h) 2), er átt við skatta og gjöld skv. eftirfarandi lögum með síðari breytingum:
   a) í Danmörku: skráningargjald á vélknúin ökutæki skv. lögum nr. 221 frá 26. maí 1971 og þungaskatt á vélknúin ökutæki skv. lögum nr. 99 frá 28. mars 1962;
   b) í Finnlandi: skatt skv. lögum um skatt á vélknúin ökutæki (722/66) og lög um bifreiða- og bifhjólaskatt (482/67);
   c) í Færeyjum: gjald skv. lögþingslögum nr. 102 frá 1. október 1986 um skráningargjald á vélknúin ökutæki;
   d) á Grænlandi: gjald skv. landsþingslögum nr. 3 frá 16 júní 1987 um gjald á vélknúin ökutæki;
   e) á Íslandi; árlegt gjald eða kílómetragjald á bifreiðar, sem ekki ganga fyrir bensíni skv. lögum nr. 3/1987 og bifreiðagjald skv. lögum nr. 39/1988;
   f) í Noregi: gjöld skv. lögum frá 19. júní nr. 2/1959, það er gjald á vélknúin ökutæki, sem greitt er einu sinni, o.fl., samsetningargjald, árlegt gjald, kílómetragjald o.fl. og gjald fyrir fyrstu skráningu hjólhýsa; og

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

g) í Svíþjóð: skatta skv. umferðarskattalögum (1973:601) og (1988:327), lögum (1976:339) um skatt á söluvagna og lögum (1988:328) um umferðarskatt á erlend ökutæki.

3.B. Með „virðisaukaskatti og öðrum almennum söluskatti" í 2. gr. samningsins, 1. mgr. h) 3), er átt við skatta og gjöld í eftirfarandi lögum með síðari breytingum:
a) í Danmörku: gjöld skv. lögum nr. 102 frá 31. mars 1967 um almennan söluskatt (virðisaukaskatt);
b) í Finnlandi: skatt skv. lögum um söluskatt (532/63);
c) í Færeyjum: (hefur ekki verið lagður á sem stendur);
d) á Grænlandi: (hefur ekki verið lagður á sem stendur);
e) á Íslandi: almennan söluskatt skv. lögum nr. 10/1960 og skatt skv. lögum um virðisaukaskatt skv. lögum nr. 50/1988;
f) í Noregi: gjald skv. lögum frá 19. júní 1969 um virðisaukaskatt; og
g) í Svíþjóð: skatt skv. lögum (1968:430) um virðisaukaskatt.

3.C. Með „sérsköttum" skv. 2. gr. samningsins, 1. mgr. h) 4), er átt við skatta og gjöld í eftirfarandi lögum með síðari breytingum:
a) í Danmörku: gjöld skv. lögum nr. 628 frá 8. desember 1982 um bensíngjald, lögum nr. 414 frá 18. desember 1968 um gjald á súkkulaði og sælgæti, lögum nr. 98 frá 17. mars 1971 um gjald á vín og ávaxtavín, lögum nr. 153 frá 6. maí 1980 um gjald á brennd vín, lögum nr. 62 frá 19. febrúar 1986 um bjórgjald, lögum nr. 68 frá 28. febrúar 1950 um gjald á ilmvötn, snyrtivörur o.fl., lögum nr. 68 frá 25. mars 1955 um tóbaksgjöld, lögum nr. 174 frá 7. maí 1975 um gjald á ábyrgðatryggingar vélknúinna ökutækja o.fl., lögum nr. 607 frá 21. desember 1946 um neyslugjald, lögum nr. 406 frá 20. ágúst 1976 um sykurgjald o.fl., lögum nr. 413 frá 20. ágúst 1976 um gjald á tryggingar skemmtibáta, lögum nr. 634 frá 21. desember 1977 um gjald á ákveðnar smásöluumbúðir, lögum nr. 453 frá 7. september 1977 um gjald á ákveðnar olíuvörur, lögum nr. 265 frá 9. júní 1982 um gjald á steinkol, brúnkol og koks o.fl., lög nr. 577 frá 15. desember 1983 um gjald á ölkelduvatn, ýmsum vökvum og gosdrykkjaefnum o.fl., lögum nr. 441 frá 6. september 1977 um leiguflugsgjald, lögum nr. 89 frá 9. mars 1977 um rafmagnsgjald, lögum nr. 291 frá 29. júní 1979 um gasgjald, lögum nr. 174 frá 30. apríl 1969 um stimpilgjald, lögum nr. 284 frá 23. maí 1973 um gjald á fjármagnstilflutning, lögum nr. 313 frá 20. desember 1915 um kauphallarstimpilgjald, lög nr. 228 frá 22. apríl 1987 um gjald vegna framsals á hlutabréfum o.fl. (hlutabréfaskattalögin) lög nr. 575 frá 25. nóvember 1977 um gjald á fyrstu sölu vissra íbúða, lög nr. 832 frá 21. desember 1988 um gjöld vegna klórfluorkolefna o.fl. (CFC gjöld), lög nr. 834 frá 21. desember 1988 um ákveðin umhverfisgjöld (einnota vörur og baráttutæki), lög nr. 376 frá 6. júlí 1988 um sjóð vegna staðbundinna útvarpsstöðva, lög nr. 838 frá 19. desember 1989 um gjöld vegna úrgangs og hráefna, lög nr. 830 frá 19. desember 1989 um launatengd gjöld þeirra fyrirtækja sem starfa á fjármagnsmörkuðum, gjöld skv. lögum nr. 44 frá 14. mars 1955 um ýmsan neysluskatt og gjöld skv. lögum nr. 43 frá 14. mars 1955 um ráðstafanir til takmörkunar á neyslu.
b) í Finnlandi: skatta og gjöld skv. lögum um gjald á tóbak (875/79), lögum um gjald á sælgæti (867/79), lögum um gjald á bjór (877/79), lögum um gjald á gosdrykki (870/79), lögum um gjald á matvæli (868/79), lögum um gjald á eldsneyti (948/82), lögum um gjald á æta feiti (879/79), lögum um gjald á sykur (872/79), lögum um gjald á áburð (881/79), lögum um skatt á áfenga drykki (869/79), lögum um öryggisbirgða-

gjald (1105/83), lögum um gjald á eggjahvítuefni (1092/85), lögum um gjald á olíuúrgang (894/86), lögum um olíuvarnarsjóð (379/74), lögum um happdrættisskatt (259/70), lögum um skatt á ákveðin tryggingariðgjöld (664/66), lögum um stimpilgjöld (662/43), lögum um kvikmyndahúsaskatt (366/64), lögum um skatt á vélknúin ökutæki (722/66) og lögum um bifreiða- og bifhjólaskatt (482/67);

c) í Færeyjum: lögþingslög nr. 23 frá 23. febrúar 1950 um innflutningsgjald o.fl., (framleiðslugjald), lögþingslög nr. 99 frá 1. október 1986 um sérstakt gjald á brennsluolíu o.fl., lögþingslög nr. 37 frá 26. maí 1988 um ferðagjald og lögþingslög nr. 11 frá 9. apríl 1968 eins og þeim var breytt með lögum nr. 8 frá 16. janúar 1990 um gjald á happdrættisvinninga o.fl.;

d) á Grænlandi: gjöld skv. landþingslögum nr. 1 frá 6. maí 1989 um innflutning á vörum og innflutningsgjöld, nr. 8. frá 25. október 1985 um veitingahúsagjald vegna sölu og veitinga sterkra drykkja, nr. 7 frá 31. október 1987 um happdrættisgjöld og nr. 8 frá 31. október 1987 um stimpilgjald nr. 3 frá 17. maí 1990 um gjald á spilakassa, nr. 16 frá 18. október 1990 um farþegaflug innan Grænlands og nr. 20 frá 25. október 1990 um gjöld á rækju;

e) á Íslandi: lög um vörugjald nr. 97/1987, lög um tekjuöflun til vegagerðar nr. 3/1987, lög um skemmtanaskatt nr. 158/1970, lög um sérstakt gjald af innfluttum bifreiðum og bifhjólum nr. 4/1960, lög um stimpilgjald nr. 36/1978 og lög um flugvallarskatt nr. 31/1987;

f) Í Noregi: gjald á innflutt brennd vín og léttvín o.fl. og gjald á innflutt alkóhól í bragðefnum o.fl. (lög frá 19. júní 1964 nr. 1), bjórgjald (lög frá 28. júní 1912 nr. 4), gjald á tóbak, steinolíu, bátavélar, raforku, smurolíu, súkkulaði og sælgæti o.fl., sykur, óáfenga drykki (með og án kolsýru), umbúðir fyrir drykkjarvörur, snyrtivörur, hópferðir með flugi og umhverfisspillandi rafhlöður (lög frá 19. maí 1933 nr. 11), gjöld á vélknúin ökutæki, sem talin eru með í 3. gr. A f) (lög frá 19. júní 1959 nr. 2), gjald á þóknun til erlendra listmanna o.fl. (lög frá 5. apríl 1963 nr. 10), skjalagjald, útvarps- og sjónvarpsgjald (lög frá 13. júní 1980 nr. 36) og gjald á útbúnað til upptöku eða flutnings á tali og tónum eða myndum (lög frá 12 júní 1981 nr. 69); og

g) í Svíþjóð: lög um skatt á happdrættisvinninga (1928:376), lög um sérstakan vöruskatt (1941:251), gjöld og skattar skv. lögum um almennan orkuskatt (1957:262), lögum um bensínskatt (1961:372), lögum um tóbaksskatt (1961:394), lög um innflutningsgjald á tiltekið sætabrauð (1968:361), lögum um skatt á auglýsingar (1972:266), lögum um skatt á getraunir (1972:820), lögum um sérstakan skatt á olíuvörur og kol (1973:1216), lögum um niðurrif bifreiða (1975:343), lögum um skatt á drykkjarvörur (1977:306), lögum um skatt á sölu vélknúinna ökutækja (1978:69), lögum um skatt á tilteknar ferðir (1978:144), lögum um skatt á tilteknar hljóðsnældur (1982:691), lögum um skatt á myndbandstæki (1982:1200), lögum um skatt á tiltekna raforku (1982:1201), lögum um skatt á viðskipti með tiltekin verðbréf (1983:1053), lögum um sérstakan skatt á raforku frá kjarnorkuverum (1983:1104), lögum um skatt til að útrýma vissum efnum (1984:351), lögum um skatt á tilteknar drykkjarumbúðir (1984:355), lögum um stimpilgjald hjá þinglýsingarembættum (1984:404), lögum um stimpilgjöld á tiltekin hlutabréf (1984:405), lögum um gjald á skordýra- og illgresiseitur (1984:410), lögum um umhverfisskatt á innanlandsflug (1988:1567), lög um skatt á brennistein (1990:587) og lög um umhverfisgjald vegna losunar á köfnunarefnisoxíði við orkuframleiðslu (1990:613).

3.D. Með gjöldum skv. 2. gr. samningsins, 1. mgr. h) 5), er átt við skatta og gjöld í eftirfarandi lögum með síðari breytingum:

a) í Danmörku: atvinnurekendagjald til dagpeningasjóðsins, sbr. 41. gr., 4. mgr., 11. og 13. gr. og 15. gr., 2. mgr., laga nr. 262 frá 7. júní 1972 um dagpeninga vegna veikinda og barnsfæðinga, gjald vegna óskyldubundinna trygginga í samræmi við 27. gr. laga nr. 852 frá 20. desember 1989 um dagpeninga vegna veikinda eða barnsfæðinga, útgerðargjald, sbr. 21. gr., 4. mgr., laga nr. 311 frá 9. júní 1971 um opinbera sjúkratryggingu, atvinnurekendagjald vegna greiðslu eftirlauna fyrir eftirlaunaaldur, sbr. 54. og 55 gr. laga nr. 624 frá 28. september 1987 um lífeyri almannatrygginga, tryggingariðgjald o.fl. sem tryggingaskyldur atvinnurekandi skal greiða til sérstaklega viðurkennds tryggingarfélags eða -samtaka sbr. 42., 43. og 44. gr. auglýsingar félagsmálaráðuneytisins frá 25. júní 1987 um vinnuslysatryggingalögin, álögð gjöld, skv. lögum um félagslega aðstoð (lög nr. 333 frá 19. júní 1974), þegar má skv. 7. gr., sbr. 27. gr., innheimta hann sem persónulegan skatt, gjald skv. lögum um viðbótareftirlaun vinnumarkaðarins (lög nr. 46 frá 7. ágúst 1964), V. kafla (ATP), atvinnurekendagjald til atvinnuleysistrygginga (lög nr. 114 frá 24. mars 1970) og vinnumarkaðsgjald skv. lögum nr. 840 frá 18. desember 1987;

b) í Finnlandi: gjöld og iðgjöld skv. lögum um almenn eftirlaun (347/56), sjúkratryggingarlögum (364/63), lögum um félagslegt tryggingagjald atvinnurekenda (366/63) og lögum um skóggæslufélög (558/50);

c) í Færeyjum: lögþingslög nr. 68 frá 9. júní 1988 ásamt breytingarlögum nr. 6 frá 16. janúar 1990 um ábyrgðarsjóð vegna samninga fiskiðnaðarins og launa o.fl.;

d) á Grænlandi: tryggingariðgjald sem tryggingaskyldur atvinnurekandi skal greiða til viðurkenndra tryggingarfélaga, sbr. 48., 49. og 50. gr. tilskipunar fyrir Grænland nr. 558 frá 28. desember 1979 um vinnuslysatryggingu og atvinnurekendagjald skv. landsþingslögum nr. 5 frá 23. apríl 1988 um innheimtu fjár til að fjármagna starfsþjálfunarstyrki;

e) á Íslandi: gjöld skv. lögum um almannatryggingar nr. 67/1971, lögum um atvinnuleysistryggingar nr. 96/1990, lögum um Iðnlánasjóð nr. 76/1987 og lögum um launaskatt nr. 14/1965 svo og lög um aðstöðugjald o.fl., skv. V. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990, kirkjugarðsgjald, skv. lögum um kirkjugarða nr. 21/1963, og iðnaðarmálagjald, skv. lögum um iðnaðarmálagjald nr. 48/1975;

f) í Noregi: gjöld skv. lögum frá 17. júní 1966 um almannatryggingar og lögum frá 19. júní 1969 um gjöld á fjárfestingar o.fl. svo og gjald skv. konungsúrskurði frá 17. desember 1971 með ákvæðum um ofhleðslugjald; og

g) í Svíþjóð: lög um skóggæslugjald (1946:324), gjöld skv. lögum um almannatryggingar (1962:381), lögum um ofhleðslugjald (1972:435), lögum um vinnuslysatryggingar (1976:380), lögum um tryggingar vegna eftirlauna að hluta til (1979:84), lögum um félagsleg gjöld (1981:691), lögum um almennt launagjald (1982;423) og lögum um launatengd gjöld atvinnurekenda (1984:668), lög um sérstakan launaskatt (1990:659), lög um skatt á eftirlaunatekjur (1990:661), lög um gjöld af tilteknum iðgjaldagreiðslum (1990:662), lög um sérstakan skatt á iðgjöld hóplíftrygginga o.s.frv. (1990:1427);

3.E. Samkomulagið gildir einnig um skatta og gjöld sem eðlislík eru þeim sköttum og gjöldum sem nefnd eru í stafliðum (A -D), sem lögð hafa verið á fyrir undirritun samkomulagsins eða kunna að vera lögð á eftir undirritun í stað fyrrnefndra skatta og gjalda. Bær stjórnvöld í aðildarríkjunum skulu svo fljótt sem auðið er tilkynna hvoru öðru um meiri háttar breytingar á löggjöf hvers og eins aðildarríkis.

4. Upplýsingaskylda skv. 11. gr. samningsins nær einnig til upplýsinga um greidda tímabundna fjárhagsaðstoð.

5. Með beiðni um aðstoð við innheimtu skal fylgja, í frumriti eða afriti, sú ákvörðun sem skattkrafan byggist á eða opinber útdráttur úr innheimtuskrá eða annað skjal þar sem efni kröfunnar kemur fram.

Í beiðninni skal taka fram:
a) hvaða stjórnvöld óska aðstoðar;
b) varðandi greiðsluskyldan einstakling: nafn, heimilisfang, fæðingardag og ár (kennitölu) og sveitarfélag svo og ef unnt er vinnustað og dvalarstað;
c) varðandi greiðsluskylda lögaðila: tegund félags, nafn og heimilisfang;
d) Þar sem svo á við, stað í því ríki, sem beðið er um aðstoð, þar sem eign greiðsluskylds aðila er að finna og tegund eignar;
e) tegund kröfu og upphæð, þar með talda vexti, tímabil sem krafan nær yfir og hvenær krafan fyrnist að öllu eða hluta skv. lögum eigin ríkis;
f) grundvöll vaxtaútreiknings eða gjalda skv. 2. gr. a) eða b); og
g) önnur atriði sem geta einfaldað eða flýtt fyrir innheimtu kröfunnar.

Samsvarandi upplýsingar skulu fylgja beiðni um aðstoð til að tryggja greiðslu skattkröfu.

6. Beiðni um aðstoð við skattinnheimtu má því aðeins leggja fram að samanlögð krafa, þar með ekki talin upphæð skv. 2. lið 2. gr., sé hærri en 2500 danskar krónur, 1500 finnsk mörk, 25000 íslenskar krónur, 2500 norskar krónur eða 2500 sænskar krónur.

7. Innheimt er í gjaldmiðli þess aðildarríkis, sem beðið er um aðstoð. Viðkomandi stjórnvöld í því ríki skulu, svo fljótt sem auðið er eftir að beiðni um aðstoð berst, umreikna þá upphæð sem beiðnin tekur til í eigin gjaldmiðil skv. gengisskráningu seðlabanka þann dag sem beiðnin barst og nær innheimta til þannig umreiknaðar upphæðar. Við umreikning má beita reglum um jöfnun upphæðar, sem kunna að vera í gildi skv. lögum þess ríkis.

Verði gengisbreyting á meðan innheimta stendur yfir geta, vegna breytingarinnar bær stjórnvöld í því aðildarríki sem beðið er um aðstoð ákveðið hvaða gengisskráning skuli notuð.

Ofangreind ákvæði koma ekki í veg fyrir að greiðsla þeirrar upphæðar sem beiðnin tekur til geti farið fram í gjaldmiðli þess aðildarríkis sem biður um innheimtu.

Varðandi Færeyjar og Grænland gildir dönsk króna sem gjaldmiðill.

8. Innheimtustofnun skal svo fljótt sem auðið er greiða þá upphæð sem innheimtist vegna aðstoðar skv. þessum samningi, inn á reikning seðlabanka þess aðildarríkis sem innheimta var gerð fyrir í seðlabanka eigin ríkis.

Innleggi skulu fylgja upplýsingar um nafn og heimilisfang þeirrar innheimtustofnunnar sem á að fá upphæðina svo og hvaða skattakröfu upphæðin á við.

Innkomna upphæð má einnig leggja inn á póstgíróreikning þeirrar innheimtustofnunnar sem bað um aðstoð.

Þar sem svo á við dregst máls- og skiptakostnaður frá innheimtri upphæð (22. gr. samningsins).

Með „innheimtustofnun" er í þessari grein átt við:

| | |
|---|---|
| í Danmörku: | Toll- og skattstjórnin, |
| í Finnlandi: | Lénsskattstjóraembætti, héraðstollstöðvar og bifreiðarskráningarskrifstofan, |
| í Færeyjum: | Gjaldstofa Færeyja, |
| á Grænlandi: | Skattstjóri, |
| á Íslandi: | Gjaldheimtan í Reykjavík, |
| í Noregi: | Skattafógetaembættið í Osló, og |
| í Svíþjóð: | Krúnufógetaembætti. |

Með „seðlabanka" er í þessari grein átt við,

| | |
|---|---|
| í Danmörku: | Þjóðbanki Danmerkur, |
| í Finnlandi: | Finnlandsbanki, |
| í Færeyjum: | Landsbanki Færeyja, |
| á Grænlandi: | Nuna bankinn hf., |
| á Íslandi: | Seðlabanki Íslands, |
| í Noregi: | Noregsbanki, og |
| í Svíþjóð: | Ríkisbanki Svíþjóðar. |

9. Gjaldeyrisyfirfærsla vegna skattgreiðslna frá einu aðildarríki til annars fer fram skv. gildandi greiðslusamkomulagi milli þessara ríkja.

Samkomulag þetta öðlast gildi á þrítugasta degi eftir þann dag er bær stjórnvöld í öllum aðildarríkjunum hafa undirritað það og gildir um þau mál sem eftir gildistöku þess berast bærum stjórnvöldum í því aðildarríki sem aðstoðar er leitað hjá.

Samkomulag þetta er gert í átta eintökum á dönsku, færeysku, grænlensku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, og eru sænsku textarnir tveir, annar fyrir Finnland og hinn fyrir Svíþjóð, og eru allir textarnir jafngildir.

Nuuk hinn 19. júní 1991.

| | |
|---|---|
| Fyrir Danmörk: | Jonna Sneum |
| Fyrir Færeyjar: | Peter A. Lamhauge |
| Fyrir Grænland: | Kaare Hagemann |
| Fyrir Finnland: | Hillel Skurnik |
| Fyrir Ísland: | Garðar Valdimarsson |
| Fyrir Noreg: | Martin Wikborg |
| Fyrir Svíþjóð: | Kerstin Bostrøm |

Framangreint sendist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsingar og eftirbreytni.

*Fjármálaráðuneytið, 2. september 1991.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Snorri Olsen.*

# HAFNARREGLUGERÐ

**fyrir Búðardalshöfn.**

I. KAFLI

**Höfnin og stjórn hennar.**

1. gr.

*Takmörk hafnarinnar.*

1.1 Hafnarsvæði Búðardalshafnar markast af línu, sem er dregin frá punkti A, sem er á miðlínu Miðbrautar 150 m framan við núverandi bryggjuhaus. Þaðan 200 m norður og þaðan í lóðamörk Búðarbrautar 10 og 12. Frá punkti A 350 m til suðurs og þaðan í lóðarmörk Ægisbrautar 5 og 7. Að ofanverðu ráða Búðarbraut og Ægisbraut, en undan eru skildar lóðir Kjötpokaverksmiðjunnar hf. Búðarbraut 1 og Afurðastöðvarinnar í Búðardal hf. Ægisbraut 2-4.

1.2 Landsvæði hafnarinnar skiptast í:

Bryggjur, afgreiðslusvæði, götur, iðnaðar- og baksvæði.

2. gr.

*Stjórn hafnarinnar.*

2.1 Laxárdalshreppur er eigandi hafnarinnar. Hreppsnefnd fer með stjórn hafnarmála undir yfirumsjón samgönguráðuneytisins.

2.2 Hafnarstjórn fer með framkvæmd hafnarmála í umboði hreppsnefndar. Hafnarstjórn skal skipuð þrem fulltrúum og jafnmörgum til vara er hreppsnefnd kýs. Kjörtímabil hafnarstjórnar er hið sama og hreppsnefndar.

2.3 Auk hinna kjörnu fulltrúa eiga sveitarstjóri og hafnarstjóri sæti í hafnarstjórn með málfrelsi og tillögurétt.

2.4 Hreppsnefnd kýs formann nefndarinnar og stýrir hann fundum hennar og boðar til þeirra í samráði við hafnarstjóra.

3. gr.

*Hlutverk og valdsvið hafnarstjórnar.*

3.1 Hafnarstjórn gerir fjárhagsáætlun fyrir hafnarsjóð, þar sem fram kemur viðhald hinna ýmsu hafnarmannvirkja svo og nýbyggingar. Hafnarstjórn skal leggja fjárhagsáætlun fyrir hreppsnefnd til staðfestingar. Hafnarstjórn gerir tillögu til hreppsnefndar um ráðningu hafnarstjóra og annarra fastra starfsmanna hafnarinnar.

3.2 Hafnarstjórn hefur endanlegt ákvörðunarvald um:

Rekstur hafnarinnar, svo sem ráðstöfun á aðstöðu þ.m.t. leiga á húsnæði í eigu hafnarinnar og landi hennar, sem leigt er til skamms tíma.

Leyfisveitingar til starfsemi á hafnarsvæðinu og hefur vald til að banna eða takmarka afnot hafnarsvæða er hún telur torvelda eðlilega hafnarstarfsemi.

3.3 Hafnarstjórn gerir tillögur til hreppsnefndar varðandi skipulagsmál á hafnarsvæðinu. Byggingamál á hafnarsvæðinu skulu hljóta umfjöllun hafnarstjórnar og bygginganefndar áður en þau eru lögð fyrir hreppsnefnd. Innan hafnar má ekki heldur gera nein hafnarmannvirki, né breyta þeim mannvirkjum sem nú eru og ekki heldur fylla upp, né dýpka út frá landi, nema leyfi hafnarstjórnar og/eða hreppsnefndar komi til. Hafnarstjórn hefur eftirlit á hafnarsvæðinu, með byggingu mannvirkja, sem undanþegin eru ákvæðum byggingarlaga nr. 54/1978.

4. gr.
*Hlutverk hafnarstjóra.*

4.1 Hafnarstjóri sem skipaður er af hreppsnefnd að fenginni tillögu hafnarstjórnar og fer með daglega stjórn hafnarinnar í umboði hafnarstjórnar. Hafnarstjóri undirbýr mál sem leggja á fyrir hafnarstjórn og veitir viðtöku erindum til hennar. Hann sér um framkvæmd samþykkta hafnarstjórnar og veitir hafnarstjórn og hreppsnefnd upplýsingar um málefni hafnarinnar. Hann sér um að fjárhagsáætlun sé fylgt og ber ábyrgð á fjárreiðum hafnarsjóðs og ber í hvívetna að gæta hagsmuna hafnarsjóðs. Í erindisbréfi má setja nánari reglur um starfssvið hafnarstjóra.

4.2 Hafnarstjóri skal vinna störf sín í samræmi við ákvæði hafnalaga og hafnarreglugerðar og fara að öðru leyti eftir samþykktum hafnarstjórnar og hreppsnefndar.

4.3 Hafnarstjóri sér um að gætt sé reglu á höfninni og á landi hennar. Er öllum skylt að hlýða fyrirmælum hans eða þeirra sem hann felur slík störf.

5. gr.
*Aðrir starfsmenn hafnarinnar.*

5.1 Hafnarstjóri ræður vikukaupsmenn og fólk til afleysinga.

5.2 Hafnarstarfsmenn, sem hafa umsjón með eignum hafnarinnar, gæta reglu og sinna hafnarvörslu, skulu bera skilríki um starf sitt og/eða einkennisbúning samkvæmt ákvörðun hafnarstjórnar.

5.3 Starfsmenn hafnarinnar skulu gæta allrar kurteisi í starfi. Þyki einhverjum sér óréttur gerður af starfsmönnum hafnarinnar, getur hann kært það fyrir hafnarstjórn en skipun starfsmannsins ber að hlýða þegar í stað.

II. KAFLI
**Umferð skipa.**

6. gr.
*Skilgreining á skipi.*

6.1 Skip telst í reglugerð þessari sérhvert fljótandi far, sem nota má sem flutningstæki, dvalarstað, vinnustað, framleiðslustað eða geymslustað.

7. gr.
*Almennar reglur við komu og brottför.*

7.1 Við komu og brottför að degi til skulu skip, önnur en íslensk fiskiskip, hafa þjóðfána við hún.

7.2 Þjónusta við skip svo sem vatnsafgreiðsla og tenging rafmagns er unnin af hafnarvörðum undir stjórn hafnarstjóra. Skip skulu við komu, brottför og siglingu um hafnarsvæðið hafa opna talstöð á viðskiptabylgju Búðardalshafnar.

7.3 Sérhvert skip skal boða áætlaða komu sína (ETA) til hafnarvarða með fjarskiptasambandi eða gegnum umboðsmenn með minnst 24 klst. fyrirvara, en fiskiskip í síðasta lagi með 1 klst. fyrirvara. Tilkynna skal brottför með minnst 3ja klst. fyrirvara.

7.4 Skipstjóri skal við komu til hafnar gefa hafnarverði eftirfarandi upplýsingar eftir því sem við á:
Skipsnafn, skipaskrárnúmer, þjóðerni, stærð samkvæmt mælibréfi, djúpristu og síðasta viðkomustað.
Nafn skipstjóra.
Stærð áhafnar og fjölda farþega.
Tegund og magn farms.
Um hættulegan farm, tegund (tækniheiti og IMDG flokkun) og magn.

Um hugsanlega sjúkdóma um borð.
Nafn umboðsmanns.

7.5 Búnaður skipa skal uppfylla kröfur alþjóðasamþykkta, sem íslensk stjórnvöld hafa staðfest svo og sérreglna Siglingamálastofnunar ríkisins. Skipstjórnarmenn skulu sýna hafnarstarfsmönnum, ef óskað er, skírteini um fullnægjandi búnað skipa sinna.

8. gr.
*Umferð um höfnina.*

8.1 Skip sem kemur til hafnar skal leita upplýsinga hjá hafnarverði eða umboðsmanni hvar binda megi skipið við bryggju. Óheimilt er að binda skip annars staðar en þar sem starfsmenn hafnarinnar vísa til.

8.2 Skip mega ekki láta vélar sínar ganga af svo miklu afli að öðrum skipum eða mannvirkjum stafi hætta af straumi frá aðal- eða þverskrúfum.

8.3 Skylt er að gæta allrar varúðar í meðferð elds og ljósa í skipum á höfninni.

8.4 Sérhvert skip, sem ekki er bundið við bryggju eða hafnarbakka, skal hafa uppi fyrirskipuð ljós og dagmerki.

8.5 Skemmti- og smábátar þar með taldir ára- og seglbátar, skulu svo sem frekast er unnt, forðast siglingaleiðir stærri skipa, sem eru á leið til eða frá höfninni. Ennfremur skal sýna sérstaka aðgæslu er skip eru að leggja að og frá viðlegu.

9. gr.
*Skip í viðlegu.*

9.1 Skip telst í viðlegu er það liggur við hafnarbakka, bryggju, þ.m.t. utan á öðru skipi, eða föst legufæri og er í eða bíður eftir afgreiðslu eða þjónustu.

9.2 Skip hljóta viðlegu í sömu röð og þau koma til hafnar. Undantekin eru skip, sem hafa fastar viðlegur eða umsamin forgangsafnot hafnarbakka og skemmtiferðaskip.

9.3 Ekki má festa skip við hafnarbakka eða bryggjur nema við festarhringa eða festarstólpa. Festum skal þannig komið fyrir, að þær hindri sem minnst umferð á bryggju eða hafnarbakka og skulu festar auðkenndar með veifum eða öðrum varúðarmerkjum. Þyki hafnarstjóra þess ekki nægilega gætt, getur hann krafist að bætt sé úr því tafarlaust.

9.4 Þegar búið er að leggja skipi við bryggju má ekki flytja það innan hafnar án leyfis hafnarstjóra, en skyldur er skipstjóri að flytja skipið ef hafnarstjóri skipar svo fyrir. Skip sem ekki er verið að lesta eða losa eða eru ekki í rekstri mega aldrei liggja svo í höfninni, að þau tálmi vinnu við önnur skip og skal skylt að hlýða boðum hafnarinnar um flutning þeirra. Færist hlutaðeigandi undan að færa skipið samkvæmt ákvæðum þessa töluliðs eða dragist flutningur þess yfir þann tíma, er hafnarstjóri hefur fyrirskipað er hafnarstjóra heimilt að láta flytja skipið á kostnað og ábyrgð skipseiganda.

9.5 Í sérhverju skipi skal að jafnaði vera einn maður að minnsta kosti, er tekið geti á móti skipunum starfsmanna hafnarinnar og framkvæmt þær. Skal hann sjá um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að skipinu og ber eigandi fulla ábyrgð á öllu því tjóni, er leiða kann af vanrækslu í þessu efni. Heimilt er hafnarstjóra að fallast á gæslu sérstakra öryggisvarða, enda séu hjá hafnarvörðum nöfn skipstjórnarmanna, sem kalla má út vegna veðurs eða annarra orsaka.

9.6 Hafnarverðir ákveða legur fyrir skip 12 brl. og minni við viðeigandi mannvirki eftir því sem rými leyfir. Þegar skip er sjósett eða siglt í höfn, skal eigandi tilkynna það hafnarvörðum. Skip þessi eru á ábyrgð eigenda, sama hvort þau eru á floti í höfninni eða á landi hennar. Heimilt er að fela félögum smábátaeigenda umsýslu á ákveðnum svæðum undir eftirliti hafnarstjóra samkvæmt nánari reglum.

10. gr.

*Skip í lægi.*

10.1 Skip telst í lægi er það liggur fyrir akkeri eða öðrum legufærum og er ekki í rekstri.

10.2 Skipum sem leggja skal í lægi má aðeins leggja á þeim stöðum er hafnarstjóri leyfir. Skipum skal lagt undir umsjá hafnarstjóra og legufæri ákveðin í samráði við hann. Eftirlit og viðhald legufæra er á ábyrgð skipseiganda. Meðan skip liggur mannlaust í lægi, skal ekki sjaldnar en tvisvar í mánuði farið út í það til þess að líta eftir, hvort legufæri eða annað hafi haggast eða bilað og ef svo reynist, skal lagfæra það svo fljótt sem auðið er. Áður en skipstjóri fer af skipinu, skal hann skriflega tilgreina hafnarstjóra siglingafróðan mann, sem búsettur sé í Búðardal, sem hafa skal umsjón skipsins á hendi. Beinir hafnarstjóri til hans öllum fyrirskipunum sem skipið varða. Sér hann um að þeim sé fullnægt. Verði dráttur á því, skal hafnarstjóri láta fullnægja þeim, en skipseigandi greiði allan kostnað sem af því leiðir.

III. KAFLI

**Afnot hafnarmannvirkja og landsvæða.**

11. gr.

*Lestun og losun, almennt.*

11.1 Afnot hafnarvirkja og lands er öllum heimil, að fengnu leyfi hafnaryfirvalda og gegn greiðslu samkvæmt gjaldskrá.

11.2 Hafnarstjórn ber enga ábyrgð á varningi eða öðrum eignum, sem geymdar eru á hafnarsvæðinu.

11.3 Við lestun og losun skal viðhafa fyllstu gætni til að koma í veg fyrir óeðlilegt slit mannvirkja og búnaðar. Ekki má draga þunga hluti eftir hafnarbökkum, né sturta varningi af bílum án eðlilegs hlífðarlags.

11.4 Hafnarstjórn getur sett hraða- og þungatakmarkanir á hafnarsvæðinu. Í sérstökum tilfellum er hafnarstjóra þó heimilt að veita undanþágu frá slíku.

11.5 Óheimilt er að geyma tækjabúnað á hafnarsvæðinu utan eigin leigusvæða, án leyfis hafnaryfirvalda.

11.6 Þeir munir og vörur, sem skipað er upp eða láta á í skip, mega ekki liggja á bryggju, hafnarbakka eða annars staðar á landi hafnarinnar en á þeim stöðum, sem ætlaðir eru til geymslu á slíkum varningi. Hafnarstjóri getur flutt vörur og muni, sem geymdir eru í óleyfi burt á kostnað og ábyrgð eiganda eða umboðsmanns hans.

11.7. Við lestun og losun á vikri, sandi, kolum og öðru þess háttar er skylt að hafa nægilega sterkar hlífar milli skips og hafnarbakka, svo að ekkert falli fyrir borð. Sé þessa eigi gætt, getur hafnarstjóri stöðvað verkið, uns bætt hefur verið úr því sem áfátt er.

11.8 Þegar lokið er lestun eða losun skal sá er séð hefur um verkið, láta ræsta bryggju þá eða hafnarbakka, sem notuð hefur verið. Farist það fyrir, skal hafnarstjóri sjá um að það sé gert, en afgreiðslumaður skipsins greiði allan kostnað sem af því leiðir.

12. gr.

*Meðferð eldfims og hættulegs varnings.*

12.1 Skip sem flytja sprengiefni, eldfima vökva, lofttegundir undir þrýstingi (flöskugas) eða efni, sem við vissar aðstæður valda eld- eða sprengihættu, mega ekki leggjast að bryggju, fyrr en leyfi hefur verið veitt til þess. Skipstjóra eða umboðsmanni ber að tilkynna hafnarstjóra og slökkviliðstjóra um farminn 24 klst. fyrir áætlaðan komutíma. Tilkynningarskyldan nær til efna, sem samkvæmt alþjóðareglum (International Maritime Dangerous Goods Code) flokkast í flokka 1, 2, 3, 4, og 5. Í tilkynningu skal greint tækniheiti efna og UN-tölu þeirra skv. IMDG-reglum, magn, pökkun og lestun.

Sem dæmi um hættulegan varning má nefna: púður, dynamit, geomit, hlaðnar patrónur, bensín, steinolíu, aceton, terpentínu, toluol, kosangas, kalciumkarbit, ammoniumnitratn og natríumklórat.

12.2 Losun á vörum sem um ræðir í þessari grein skal að jafnaði framkvæmd strax og skip leggst að bryggju og á undan losun á öðrum varningi. Við lestun skal slíkur farmur lestaður síðast og skal skip láta strax úr höfn að lestun lokinni. Áliti hafnarstjóri að hætta geti stafað af lestun eða losun eldfimrar vöru getur hann stöðvað verkið uns nauðsynlegar varúðarrráðstafanir hafa verið gerðar.

12.3 Skylt er að hafa öryggisvörð við skip sem er að lesta eða losa eldfimar vörur. Hafnarstjóri getur ákveðið að lestun og losun slíkrar vöru fari fram við sérstaka hafnarbakka, þar sem tryggast er talið. Varningur skal geymdur á svæði, sem hafnarstjóri samþykkir. Setja skal sérstakar reglur um nánari framkvæmd og ákvæði þessarar greinar, sbr. ráðleggingar Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) um öryggi við flutning, meðferð og geymslu á hættulegum efnum á hafnarsvæðinu. Skip, sem flytja eldfim efni, skulu á daginn hafa uppi rautt flagg (merkjatákn B) á framsiglu, en á nóttu rautt ljósker. Í skipum sem flytja eldfim efni, má eigi kveikja ljós eða eld nema undir kötlum skipsins eða í eldavél skipsins og á lögboðnum ljóskerjum. Tóbaksreykingar eru bannaðar í þeim skipum og á því svæði þar sem unnið er að fermingu eða affermingu eldfims varnings.

## IV. KAFLI
## **Um hafnargjöld í Búðardal.**

### 13. gr.
*Um hafnargjöld.*

13.1 Gjöld til hafnarsjóðs skulu innheimt samkvæmt gjaldskrám er settar skulu í samræmi við ákvæði 13. gr. hafnalaga.

## V. KAFLI
## **Ýmis ákvæði.**

### 14. gr.
*Löggæsla á hafnarsvæðinu, umferð og fleira.*

14.1 Lögreglan í Búðardal hefur á hendi almenna löggæslu á hafnarsvæðinu.

14.2 Þeim sem ekkert lögmætt erindi eiga, er bannað að dvelja á landi hafnarinnar, ef þeir með því tálma lestun og losun eða önnur störf,sem þar eru unnin. Banna má ónauðsynlegan akstur hverskonar ökutækja um bryggju, hafnarbakka, farmstöðvar og önnur afgreiðslusvæði. Fólk sem fer um hafnarsvæðið er þar á eigin áhættu og ábyrgð.

14.3 Bannað er að skjóta af byssum eða öðrum skotvopnum við höfnina eða á henni. Sömuleiðis er bannað að skjóta flugeldum á hafnarsvæðinu án leyfis.

14.4 Sand- og malarnám og önnur slík starfsemi er bönnuð á hafnarsvæðinu án leyfis. Fiskveiðar á hafnarsvæðinu mega ekki trufla eðlilega umferð og afgreiðslu. Bannað er að leggja veiðarfæri á merktar siglingaleiðir og er heimilt að fjarlægja slík veiðarfæri bótalaust.

14.5 Hafnarstjóra skal tilkynnt um allt það sem bjargað er í höfninni, en hann gefur lögreglunni skýrslu um það.

### 15. gr.
*Bryggjur, skipsflök og hlutir í hirðuleysi.*

15.1 Ef skip lendir á grynningum eða sekkur, þar sem það að áliti hafnarstjóra tálmar greiðri notkun hafnarinnar, skal færa það í burtu svo fljótt sem auðið er. Verði dráttur á því, má hafnarstjóri láta færa skipið burt á kostnað eigandans og er honum heimilt að láta

selja skipið til lúkningar kostnaðinum, ef nauðsyn krefur. Skipsflök má ekki draga á land á hafnarsvæðinu án leyfis.

15.2 Ef skip, bátar, bryggjur, flutningatæki á landi eða annar búnaður er í hirðuleysi á hafnarsvæðinu og/eða veldur óþrifnaði eða hættu þá skal hafnarstjóri fyrirskipa úrbætur innan ákveðins frests. Sé slíkum fyrirmælum ekki sinnt, má fjarlægja viðkomandi hlut á kostnað eiganda án nokkurrar skaðabótaskyldu.

16. gr.

*Varnir gegn mengun og óþrifnaði.*

16.1 Engum úrgangi eða rusli má kasta í höfnina.

16.2 Bannaður er hverskonar hvalskurður í eða við höfnina. Eigi má draga, reka eða flytja á annan hátt inn í höfnina hvali, skipsflök eða neitt það sem valdið getur óþrifnaði, umferðartruflunum eða óþægindum í höfninni nema leyfi hafnarstjóra komi til.

16.3 Öllum skipum, farartækjum svo og verksmiðjum og öðrum atvinnurekstri er stranglega bannað að dæla eða láta renna í höfnina olíur, lýsi, olíusora eða annað sem veldur mengun. Skip sem hyggjast taka fljótandi eldsneyti skulu áður hafa gert ráðstafanir svo olía renni ekki í sjóinn af þilfari, verði óhapp m.a. með því að loka afrennslisleiðum frá þilfari.

16.4 Afgreiðsluaðila er óheimilt að afgreiða olíu til skipa, sem ekki hafa að mati hafnarstarfsmanna gengið forsvaranlega frá þessum atriðum.

16.5 Um varnir gegn mengun sjávar og viðurlög við mengunarbrotum fer samkvæmt gildandi lagaákvæðum á hverjum tíma.

17. gr.

*Beiðni um skilyrði fyrir þjónustu.*

17.1 Allir þeir sem æskja afgreiðslu fyrir skip, láns á tækjum eða aðstoðar á einn eða annan hátt hjá höfninni, skulu snúa sér beint til skrifstofu hafnarinnar með beiðni þar að lútandi. Heimilt er hafnarstjóra að neita þeim aðilum um aðstoð eða afgreiðslu, sem eru í vanskilum með gjöld hafnarinnar.

18. gr.

*Hverjum gefa skal fyrirmæli.*

18.1 Fyrirmæli samkvæmt reglugerð þessari skal gefa skipstjóra, en stýrimanni ef skipstjóri er ekki á skipi og eigi heldur umboðsmaður hans, samkvæmt gr. 9.5. Ef stýrimaður er fjarverandi, má gefa einhverjum öðrum af skipshöfninni skipunina og er það jafngilt sem skipstjóri hefði fengið skipunina sjálfur.

19. gr.

*Um skaðabótaskyldu.*

19.1 Um skaðabótaskyldu vegna skemmda á höfninni, mannvirkjum hennar eða áhöldum fer eftir almennum reglum. Ef samningum um skaðabætur verður ekki við komið, má ákveða þær af tveim dómkvöddum mönnum. Hvorum aðila fyrir sig er heimilt að krefjast yfirmats, en gera skal það áður en einn mánuður er liðinn frá því að matsgerð er lokið. Yfirmat skal framkvæmt af þrem dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmat greiðir sá sem krafðist yfirmats, ef það gengur honum ekki í vil.

19.2 Nú veldur skip skemmdum í höfninni eða skipstjóri verður brotlegur við ákvæði reglugerðar þessarar og er þá óheimilt að flytja skipið úr höfninni áður en málið er útkljáð, nema fullnægjandi trygging sé sett fyrir greiðslu að dómi hafnarstjóra. Bótakröfum hafnarsjóðs fylgir lögtaksréttur, sbr. 38. gr. hafnalaga.

20. gr.

*Brot, sektarákvæði og meðferð mála.*

20.1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð Búðardals. Til tryggingar sektum og vangoldnum gjöldum má leita kyrrsetningar, sbr. 39. gr. hafnalaga.

20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 23. september 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

4. október 1991 Nr. 464

# REGLUGERÐ

## um útgáfu á 3. flokki húsbréfa 1991 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 3. flokk húsbréfa 1991. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 3. flokki 1991, skal vera að hámarki 3 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum a, b, c og d. Í undirflokki a skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 1 000 000,00, í undirflokki b kr. 500 000,00, í undirflokki c kr. 100 000,00 og í undirflokki d kr. 10 000,00. Vextir í 3. flokki 1991 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 19 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala októbermánaðar 1991.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. október 1991, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. október 1991.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert í fyrsta skipti á fyrsta gjalddaga eftir að flokknum hefur verið lokað, þó eigi síðar en 15. janúar 1993. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. október 1992. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa svo og númer áður útdreginna, ógreiddra húsbréfa og greiðslustaður þeirra, skulu birt í Lögbirtingablaði og a.m.k. einu dagblaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. október 2016. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, lög nr. 124/1990, lög nr. 130 /1990, lög nr. 24/ 1991 og lög nr. 47/1991, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. október 1991.*

F. h. r.
**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 313/1990 um innflutnings- og gjaldeyrisleyfi.**

Úr 1. gr. framangreindrar auglýsingar falla brott eftirtalin tollskrárnúmer:

| Tollskrárnr. | Vörutegund |
|---|---|
| 9603.1000 | Sópar og burstar úr hrísi eða öðrum jurtaefnum, samanbundið, einungis með skafti. |
| 9603.4000 | Málningarpenslar (ekki málningarrúllur). |
| 9603.9000 | Aðrir sópar, burstar og penslar, þó ekki gúmmíþvögur á skafti og skaftþvögur. |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 4. október 1991.*

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Friðfinnsson.*

2. október 1991 Nr. 466

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um eldsneytisáfyllingu loftfara nr. 282/1980.**

1. gr.

Við síðustu málsgrein greinar 6.2. bætist eftirfarandi setning:

„Aldrei má taka eldsneyti af eldsneytistönkum loftfars (defuel), þegar farþegar eru um borð, að fara um borð eða ganga frá borði.“

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 150. gr. laga um loftferðir nr. 34 21. maí 1964 til að öðlast þegar gildi, birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 2. október 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# REGLUGERÐ
## um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti.

### I. KAFLI
### Skilgreiningar.
1. gr.

1) Reiknað verð húsbréfs er nafnverð þess auk vaxta, vaxtavaxta og verðbóta, sbr. reiknijöfnu í 29. gr. reglugerðar þessarar.
2) Markaðsverð húsbréfa er vegið meðaltal viðskipta hvers dags á Verðbréfaþingi Íslands næstliðinn dag.
3) Með verðbréfaflokki er átt við skuldabréf sem gefin eru út af sama aðila með sömu vöxtum, lánstíma og endurgreiðsluskilmálum.
4) Fasteignaveðbréf er skuldabréf sem skipta má fyrir húsbréf Byggingarsjóðs ríkisins. Fasteignaveðbréfi má skipta í frumbréf og viðaukabréf.
5) Með íbúðarkaupanda er í reglugerð þessari átt við einstakling, hjón eða sambýlisfólk.
6) Með húsbyggjanda er í reglugerð þessari átt við einstakling, hjón eða sambýlisfólk.
7) Með byggingaraðila er í reglugerð þessari átt við hvern þann viðurkenndan framkvæmdaraðila sem byggir og selur fullfrágengnar íbúðir skv. ÍST 51.
8) Með nýbyggingu er í reglugerð þessari átt við nýja íbúð sem hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda og ekki hefur verið tekin í notkun eða hefur verið í notkun í 6 mánuði eða skemur þegar fasteignaveðbréf (frumbréf) er gefið út.
9) Núvirði kaupverðs er verð íbúðar að teknu tilliti til áhvílandi lána og lánskjara miðað við gefna verðbólguspá.

### II. KAFLI
### Fjárhagur og rekstrarkostnaður húsbréfadeildar.
2. gr.

Fjárhagur og bókhald húsbréfadeildarinnar skal aðskilið frá öðrum þáttum í starfsemi Byggingarsjóðs ríkisins. Gera skal sérstakan ársreikning fyrir húsbréfadeildina.

Rekstrarkostnaður húsbréfadeildarinnar og áætlað tap vegna útlána skal greitt af tekjum deildarinnar. Félagsmálaráðherra ákveður lántökugjald, allt að 1%, og fast vaxtaálag, allt að 0.1%, fyrir húsbréfadeild, að fengnum tillögum húsnæðismálastjórnar, til að standa straum af rekstrarkostnaði deildarinnar. Nægi tekjur samkvæmt þessari málsgrein ekki til að standa undir útgjöldum skal sérstakt framlag greitt úr Byggingarsjóði ríkisins. Verði tekjur hins vegar hærri en útgjöld skal mynda sérstakan varasjóð til að bera þann kostnað sem verður af sveiflum í tekjum deildarinnar og mögulegu tapi vegna útlána.

### III. KAFLI
### Útgáfa húsbréfa.
3. gr.

Húsbréfadeild gefur út flokka markaðshæfra skuldabréfa í nafni Byggingarsjóðs ríkisins, svonefnd húsbréf. Þau skulu gefin út í verðbréfaflokkum og öll bréf í sama flokki bera sömu fjárhæð og lánskjör. Vextir húsbréfa í hverjum flokki skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Húsbréf skal endurgreiða að undangengnum útdrætti. Verði húsbréf ekki dregið út endurgreiðist það í samræmi við lánstímann. Hámarkslánstími skal vera 25 ár.

Húsbréfadeildin gerir tillögu til félagsmálaráðherra um verðtryggingarskilmála, endurgreiðslur, lánstíma, vexti og heildarfjárhæðir í hverjum húsbréfaflokki. Ríkisstjórnin tekur

ákvörðun um framangreind atriði að fenginni umsögn Seðlabanka Íslands. Ráðherra birtir ákvörðun þessa sem sérstaka reglugerð fyrir hvern húsbréfaflokk.

Húsbréfadeildin ráðstafar húsbréfum til seljanda, húsbyggjanda eða byggingaraðila og eru þau gefin út á nafn hans í skiptum fyrir þinglýst fasteignaveðbréf. Þegar skiptin eiga sér stað er fasteignaveðbréf greitt með húsbréfum metnum á reiknuðu verði þeirra miðað við fyrsta vaxtadag fasteignaveðbréfsins, sbr. 29. gr., og skal reiknað verð húsbréfa vera sem næst nafnverði fasteignaveðbréfs á þeim degi. Mismuninn greiðir húsbréfadeildin án vaxta og verðbóta.

4. gr.

Húsbréfadeild skal stuðla að því að húsbréf séu ávallt seljanleg á markaði. Í því skyni skal húsbréfadeild leita eftir skráningu húsbréfa á Verðbréfaþingi Íslands og jafnframt tryggja að kauptilboð liggi ávallt frammi á þinginu. Löggiltum fasteignasölum er skylt að hafa aðgengilega skrá yfir verðgildi húsbréfa og upplýsa íbúðakaupendur og íbúðaseljendur um atriði sem þau varða.

Húsbréfadeildin skal sjá til þess að daglega birtist opinberlega upplýsingar um tilboð og viðskipti á Verðbréfaþingi Íslands næstliðinn viðskiptadag. Fyrir hvern flokk húsbréfa skal m.a. koma fram:

a. Hæsta tilboðsverð.
b. Lægsta tilboðsverð.
c. Markaðsverð (Meðalviðskiptaverð).
d. Ávöxtun skv. a, b og c liðum.

A.m.k. mánaðarlega skulu jafnframt birtar upplýsingar um hversu mikil viðskiptin hafi verið og útistandandi eftirstöðvar í hverjum húsbréfaflokki.

5. gr.

Húsbréfadeild skal leita eftir samningum við banka, sparisjóði og aðrar fjármálastofnanir um að annast afgreiðslu skuldabréfaskipta. Einnig skal húsbréfadeildin leita eftir samningum við sömu aðila um að greiða fyrir viðskiptum með húsbréf.

6. gr.

Verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, er skylt að hafa á reiðum höndum nýjustu skráningu á verðgildi húsbréfa fyrir viðskiptamenn sína. Óheimilt er að láta fara fram viðskipti utan Verðbréfaþings Íslands sem eru í ósamræmi við það bil sem er á milli hæsta og lægsta verðs sem skráð er á Verðbréfaþinginu. Skylt er verðbréfamiðlurum, sem annast viðskipti með húsbréf, að tilkynna öll viðskipti, sem þeir annast, jafnharðan til Verðbréfaþings Íslands enda þótt viðskiptin eigi sér stað utan Verðbréfaþingsins.

7. gr.

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal hafa eftirlit með viðskiptum með húsbréf á grundvelli laga nr. 20/1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði.

8. gr.

Byggingarsjóði ríkisins er heimilt að ráðstafa hluta af fjármunum sínum til viðskipta með húsbréf í því skyni að ávallt sé markaður fyrir þau. Byggingarsjóður getur falið öðrum aðilum að gegna þessu hlutverki. Seðlabanki Íslands skal hindra að verulegt misvægi myndist á markaðnum fyrir húsbréf í þeim mæli sem hann telur nauðsynlegt.

## IV. KAFLI
**Fasteignaveðbréf.**
*Notaðar íbúðir.*
9. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við eigendaskipti á notaðri íbúð er hlotið hefur samþykki byggingaryfirvalda. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skulu gefin út á nafn seljanda íbúðar. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf, skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarkaupa má skipta í frumbréf og viðaukabréf í þeim tilvikum er seljandi þarf að aflétta áhvílandi veðskuldum sem kaupandi tekur ekki yfir. Við undirritun kaupsamnings er gefið út frumbréf en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar seljandi hefur lokið aflýsingum.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum. Viðaukabréf geta numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á kaupsamningsdegi og skal höfuðstóll þeirra ekki uppfærður til útgáfudags þeirra. Við gerð viðaukabréfs skal einnig tekið tillit til nýrra áhvílandi lána, uppfærðra.

Frumbréfið skal hafa borist húsbréfadeild innan 60 daga frá útgáfudegi þess og skal ljósrit af þinglýstum kaupsamningi fylgja því. Bréfið skal gefið út við undirskrift kaupsamnings.

Viðaukabréf skal hafa borist húsbréfadeildinni innan 60 daga frá útgáfudegi þess, þó eigi síðar en ári frá undirskrift kaupsamnings.

*Nýbyggingar.*
10. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf vegna nýrrar íbúðar, sem gefin eru út í tengslum við íbúðarbygginguna og með veði í henni. Fasteignaveðbréf skulu gefin út af húsbyggjanda eða byggingaraðila á nafn húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins eða íbúðarkaupanda á nafn seljanda. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

Fasteignaveðbréfi vegna íbúðarbyggingar má skipta í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi.

Við gerð frumbréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum. Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af samþykktum byggingarkostnaði fokheldrar íbúðar, sbr. þó 13. gr., enda hafi byggingarkostnaður áður hlotið samþykki húsbréfadeildar.

Við gerð viðaukabréfs skal tillit tekið til áhvílandi lána þannig að fjárhæð þess nemi mismuninum á umbeðinni fjárhæð og öllum áhvílandi lánum, uppfærðum, til þess dags sem brunabótavottorð er gefið út.

Frumbréfi skal fylgja fokheldisvottorð, vottorð um smíðatryggingu og ljósrit af kaupsamningi þegar hann er fyrir hendi. Frumbréf skal hafa borist húsbréfadeild innan 60 daga frá útgáfudegi þess, þó eigi síðar en einu ári frá dagsetningu fokheldisvottorðs.

Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal hafa borist húsbréfadeildinni innan 60 daga frá útgáfudegi þess og innan tveggja ára frá dagsetningu fokheldisvottorðs. Bréfinu skal fylgja nýtt veðbókarvottorð, brunabótavottorð og ljósrit af þinglýstum kaupsamningi ef um íbúðarkaup er að ræða. Viðaukabréf eða óskipt fasteignaveðbréf skal eigi gefið út fyrr en íbúðarseljandi hefur lokið aflýsingum þeirra lána sem kaupandi yfirtekur ekki.

Viðaukabréf eða fasteignaveðbréf ef það er óskipt, er gefið út af húsbyggjanda, á nafn húsbréfadeildar, eða af íbúðarkaupanda, á nafn seljanda. Húsbréfadeild kaupir einungis frumbréf af byggingaraðila, sbr. 3. mgr.

*Meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði.*

11. gr.

Húsbréfadeild kaupir fasteignaveðbréf sem gefið er út í tengslum við viðbyggingu, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði sem er eldra en 15 ára frá fokheldi þess að telja. Tekið er veð í viðkomandi íbúð. Fasteignaveðbréf skulu gefin út af íbúðareiganda á nafn húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

Ef um viðbyggingu er að ræða má skipta fasteignaveðbréfi í frumbréf og viðaukabréf. Frumbréf má gefa út þegar fokheldisvottorð liggur fyrir en viðaukabréf, eitt eða fleiri, þegar brunabótamat er fyrir hendi vegna viðbyggingarinnar.

Fjárhæð frumbréfs getur numið allt að 90% af byggingarkostnaði fokheldrar viðbyggingar, sbr. þó 13. gr. Viðaukabréf getur numið mismuninum á umbeðinni fjárhæð og fjárhæð frumbréfsins á útgáfudegi þess. Við gerð viðaukabréfs skal einnig taka með í reikninginn ný uppfærð áhvílandi lán.

Húsbréfadeild hefur heimild til að skipta húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf vegna endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði þegar 80% af samþykktum framkvæmdum er lokið.

Umsóknum um skuldabréfaskipti vegna viðbyggingar, endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði skal fylgja kostnaðaráætlun og verklýsing á eyðublöðum sem húsbréfadeild samþykkir og skal umsókn berast húsbréfadeild áður en framkvæmdir hefjast.

Ekki verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf vegna viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði fyrr en eftir að húsbréfadeild hefur staðfest að verkið hefur verið unnið á þann veg sem fram kemur í verklýsingu. Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreinda úttekt.

12. gr.

Til meiri hátta endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði teljast m.a. eftirfarandi framkvæmdir:

1. Endurbygging eða viðamikil viðgerð á þaki.
2. Endurnýjun á gluggum, jafnt gluggakörmum sem tvö- eða þreföldun á gleri.
3. Endurnýjun á rafkerfi.
4. Endurnýjun á lagnakerfi.
5. Utanhússklæðning.
6. Endureinangrun á þaki og veggjum.

Óheimilt er að skipta á fasteignaveðbréfi og húsbréfum vegna venjulegs viðhalds á íbúðarhúsnæði, eins og:

a. Málningarvinnu úti og inni.
b. Endurnýjunar á innréttingum.
c. Endurnýjunar á gólfefni.

Húsbréfadeild hefur þó heimild til að taka tillit til þessara þátta ef um heildarendurnýjun á íbúðarhúsnæði er að ræða.

*Sameiginleg atriði um notaðar íbúðir, nýbyggingar og meiri háttar viðbyggingar, endurbætur og endurnýjun á notuðu íbúðarhúsnæði.*

13. gr.

Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 65% af matsverði íbúðar, sbr. 22. gr., þó aldrei fyrir hærri fjárhæð en kr. 6.000.000,00, vegna nýrra íbúða og vegna notaðrar íbúða allt að kr. 5.000.000,00, og aldrei hærri fjárhæð en kr.

3.000.000,00, vegna meiri háttar viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði, þó aldrei meira en 65% af samþykktri kostnaðaráætlun vegna viðbygginga, miðað við byggingarvísitölu 1. október 1991, 187,0 stig. Hámarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega samkvæmt byggingarvísitölu í samræmi við breytingar á vísitölunni og skal vera í heilum þúsundum króna.

Þegar um er að ræða íbúðarkaup eða húsbyggingu skal fasteignaveðbréf ekki nema hærri fjárhæð en nemur mismuni á söluverði fyrri eignar að frádregnum áhvílandi lánum og matsverði, sbr. 22. gr., þeirrar íbúðar sem sótt er um skuldabréfaskipti fyrir. Hafi sala ekki farið fram skal miða við áætlað söluverð.

14. gr.

Ekki verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem nemur lægri fjárhæð en kr. 650.000,00, miðað við byggingarvísitölu 1. október 1991, 187,0 stig. Lágmarksfjárhæð breytist ársfjórðungslega í samræmi við breytingar á vísitölunni og skal vera í heilum þúsundum króna.

15. gr.

Fasteignaveðbréf skal vera verðtryggt með lánskjaravísitölu sem Seðlabanki Íslands auglýsir með heimild í 39. gr. laga nr. 13/1979, með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989, og auglýsingu nr. 19/1989, og hefur sömu lánskjör og þau húsbréf sem skipta á fyrir fasteignaveðbréfið, að viðbættu föstu vaxtaálagi, sbr. 2. gr.

Fasteignaveðbréf ber vexti og verðbætur frá þeim degi sem kaup takast eða frá útgáfudegi þess.

Vextir skulu vera óbreytanlegir allan lánstímann. Lánstími er hinn sami og lánstími húsbréfa, sbr. 3. gr.

Fasteignaveðbréfið skal endurgreiðast að fullu með jöfnum greiðslum vaxta og afborgana, þ.e. jafngreiðslulán, að viðbættum verðbótum samkvæmt lánskjaravísitölu.

Almennir gjalddagar fasteignaveðbréfa eru ársfjórðungslega í mars, júní, september og desember ár hvert. Fyrsta greiðsla afborgunar, vaxta og verðbóta af fasteignaveðbréfi, er á öðrum almennum gjalddaga frá útgáfudegi þess. Vextir á hverjum gjalddaga skulu reiknast þannig að deilt er með fjölda gjalddaga á hverju ári í ársvextina.

16. gr.

Heimilt er skuldara fasteignaveðbréfs að greiða aukaafborganir eða endurgreiða skuldina að fullu á almennum gjalddögum.

17. gr.

Við eigendaskipti á íbúð, sem á hvílir fasteignaveðbréf í eigu húsbréfadeildarinnar, skal liggja fyrir samþykki deildarinnar, að öðrum kosti hefur húsbréfadeildin heimild til að gjaldfella lánið.

## V. KAFLI
## **Endurgreiðslur fasteignaveðbréfa og húsbréfa.**

18. gr.

Húsbréfadeild innheimtir afborganir, vexti og verðbætur af fasteignaveðbréfum og ráðstafar því fé til endurgreiðslu húsbréfa að undangengnum útdrætti eftir hlutkesti sem lögbókandi ("notarius publicus") hefur umsjón með.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf í hlutaðeigandi húsbréfaflokki að fullu eftir útdrætti á föstum gjalddögum sem ákveðnir eru í sérstakri reglugerð fyrir hvern flokk fyrir sig. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er

og eftirstöðvum. Niðurstöður skulu birtar a.m.k. tveimur mánuðum fyrir gjalddaga ásamt númerum áður útdreginna, ógreiddra húsbréfa. Húsbréf endurgreiðast á reiknuðu verði á gjalddaga, sbr. 29. gr.

19. gr.

Húsbréfadeild skal gæta þess að inn- og útgreiðslur af fasteignaveðbréfum og húsbréfum standist á þannig að jafnvægi sé í hverjum ársfjórðungi. Í þessu skyni skal deildin gera áætlanir um fjárstreymi. Þó er deildinni heimilt að taka við greiðslum af fasteignaveðbréfum til varðveislu án þess að ráðstafa þeim til útdráttar húsbréfa ef tilsvarandi húsbréfaflokkur er enn í sölu.

Verði innstreymi fjár vegna aukaafborgana af fasteignaveðbréfum, sbr. 16. gr., meira en sem nemur vanskilum fasteignaveðbréfa er húsbréfadeildinni heimilt að innleysa útgefin húsbréf sem þeim mun svarar, sbr. 18. gr.

20. gr.

Endurgreiðslur höfuðstóls, vaxta og verðbóta húsbréfa, sem fallnar eru í gjalddaga, fyrnast sé þeirra ekki vitjað innan 10 ára frá gjalddaga. Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

21. gr.

Húsbréfadeildinni er heimilt að taka lán hjá Byggingarsjóði ríkisins ef tímabundnar sveiflur verða í innheimtu fasteignaveðbréfa vegna vanskila og endurgreiðslu húsbréfa.

## VI. KAFLI
## Matsverð íbúða.

22. gr.

Matsverð notaðrar íbúðar er kaupverð hennar en þó aldrei hærra en brunabótamatið. Matsverð nýrrar íbúðar er samþykktur byggingarkostnaður hennar, þó aldrei hærra en kaupverð eða brunabótamat. Matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar er brunabótamat hennar.

Húsbréfadeild er heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar með tilliti til markaðsverðs íbúða eða færa það til núvirðis ef greiðslufyrirkomulag er óeðlilegt.

Húsbréfadeild er einungis heimilt að leiðrétta matsverð nýrra íbúða með tilliti til markaðsverðs ef markaðsverðið á viðkomandi landssvæði hefur verið óeðlilega lágt til lengri tíma og fyrir liggur að ekki er þörf fyrir frekari íbúðarbyggingar og að íbúðir eru á lausu á viðkomandi svæði. Áður en til þess kemur að slíkum heimildum sé beitt skal húsbréfadeild leita álits viðkomandi sveitarstjórnar.

Húsbréfadeild er heimilt að leiðrétta matsverð notaðrar íbúðar vegna meiri háttar viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar með tilliti til markaðsverðs.

Húsbréfadeild skal ársfjórðungslega leggja mat á áhættu þá sem hlýst af skuldabréfaskiptum með hliðsjón af þróun á fasteignamarkaði og nýbyggingum.

Húsbréfadeild getur falið sérstökum trúnaðarmönnum að annast ofangreint mat.

## VII. KAFLI
## Greiðslugeta íbúðakaupenda og húsbyggjenda og veðhæfni íbúða.

23. gr.

Húsbréfadeild, eða aðrir aðilar sem hún vísar til, aðstoðar væntanlega íbúðarkaupendur, húsbyggjendur og íbúðareigendur við að meta greiðslugetu þeirra og greiðslubyrði vegna fyrirhugaðra íbúðakaupa, bygginga, viðbygginga, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.

Áður en gengið er frá kauptilboði, bygging eða viðbygging hafin eða endurnýjun og endurbætur eru hafnar skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða íbúðareigandi fá greiðslugetu sína metna hjá húsbréfadeildinni eða öðrum aðilum sem hún vísar til. Til að unnt sé að meta greiðslugetu skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi eða íbúðareigandi leggja fram upplýsingar um eignir, heildarlaun og skuldir.

24. gr.

Húsbréfadeild skal að öllu jöfnu ekki samþykkja skipti á skuldabréfum í þeim tilvikum sem áætluð greiðslubyrði allra skulda væntanlegs íbúðarkaupanda, húsbyggjanda eða íbúðareiganda fer yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári að jafnaði næstu fjögur árin, sbr. 2. gr. (e) laga nr. 76/1989, að teknu tilliti til vaxta- eða húsnæðisbóta.

25. gr.

Byggingaraðilar sem fullnægja ákvæðum 7. tl. 1. gr. geta fengið frumbréfum skipt fyrir húsbréf gegn því að leggja fram ábyrgð frá viðurkenndri fjármálastofnun eða sveitarfélagi. Fyrrgreind ábyrgð verður að gilda þar til væntanlegur íbúðarkaupandi, sem húsbréfadeildin samþykkir, yfirtekur frumbréfið. Falli ábyrgð niður, áður en íbúð er seld, er heimilt að gjaldfella lánið.

26. gr.

Áður en gengið er frá kaupsamningi og/eða fasteignaveðbréfi (frumbréfi), á eyðublöðum sem húsbréfadeildin samþykkir, skal væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi, byggingaraðili eða íbúðareigandi leita eftir mati á veðhæfni þeirrar íbúðar sem hann hyggst festa kaup á, byggja, byggja við eða endurbæta og endurnýja, sbr. 22. gr.

Til að unnt sé að leggja mat á veðhæfni íbúðar skulu eftirtalin gögn liggja fyrir eftir því sem við á:

- Fokheldisvottorð.
- Veðbókarvottorð.
- Brunabótamat eða smíðatrygging ef um frumbréf vegna nýbyggingar er að ræða.
- Kostnaðaráætlun vegna nýbyggingar.
- Kostnaðaráætlun vegna viðbyggingar, endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði.
- Kauptilboð sem samþykkt er af væntanlegum seljanda með fyrirvara um skuldabréfaskipti við húsbréfadeild. Í kauptilboði skulu koma fram upplýsingar um áhvílandi uppfærð lán ásamt lánskjörum þeirra. Kauptilboðið skal vera á eyðublaði sem húsbréfadeildin samþykkir.
- Ljósrit af síðasta greiðsluseðli allra áhvílandi lána.
- Yfirlýsingu húsfélags (upplýsingar um hússjóð, væntanlegar viðgerðir, o.fl.).
- Staðfesting á ábyrgð viðurkenndrar fjármálastofnunar eða sveitarfélags þegar um viðurkenndan byggingaraðila er að ræða.

27. gr.

Uppfylli væntanlegur íbúðarkaupandi, húsbyggjandi, byggingaraðili eða íbúðareigandi ekki ákvæði 23., 25. og 26. gr., getur húsbréfadeildin synjað um skipti á skuldabréfum.

28. gr.

Ef greiðslubyrði íbúðarkaupanda, húsbyggjanda eða íbúðareiganda er innan þeirra marka, sem kveðið er á um í 24. gr., gengur húsbréfadeildin frá fasteignaveðbréfum skv. 9., 10., 11., 13. og 14. gr, að frádregnum yfirteknum og áhvílandi lánum. Húsbréfadeild, eða þeir sem hún vísar til, veitir upplýsingar um andvirði húsbréfa, sem skipt verður fyrir fasteignaveðbréf, miðað við markaðsverð húsbréfa á þeim degi sem fasteignaveðbréfið er afhent.

## VIII. KAFLI
## Reiknað verð húsbréfa.

29. gr.

Reiknað verð húsbréfs, sbr. 1. tl. 1. gr. í reglugerð þessari, fylgir eftirfarandi reiknijöfnu:

$$V = N \frac{L_2}{L_1} \left(1 + \frac{v}{100}\right)^{da/360} \left(1 + \frac{p}{100}\right)^{db/30}$$

þar sem

- V er reiknað verð húsbréfs á reiknidegi. Reiknidagur getur verið fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs, sbr. 3. gr., eða gjalddagi húsbréfs, sbr. 18. gr.
- N er nafnverð húsbréfs.
- $L_1$ er grunnvísitala húsbréfs, þ.e. lánskjaravísitala á útgáfudegi húsbréfs.
- $L_2$ er lánskjaravísitala á reiknidegi. L2 getur verið grunnvísitala fasteignaveðbréfs, sbr. 3. gr., eða lánskjaravísitala á gjalddaga húsbréfs, sbr. 18. gr.
- v eru nafnvextir húsbréfs í prósentum á ári.
- da er dagafjöldi frá og með útgáfudegi húsbréfs til reiknidags. Reiknað er með 30 dögum í mánuði og 360 dögum á ári.
- p er verðbólguforsenda á mánuði í þeim mánuði sem skipti á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fara fram samkvæmt upplýsingum Verðbréfaþings Íslands.
- db er dagafjöldi innan mánaðar milli útgáfudags húsbréfs og fyrsta vaxtadags fasteignaveðbréfs, þ.e. fyrsti vaxtadagur fasteignaveðbréfs að frádregnum útgáfudegi húsbréfs. db er 0 sé um að ræða reiknað verð húsbréfs á gjalddaga, sbr. 18. gr.

## IX. KAFLI
## Ýmis ákvæði og gildistaka.

30. gr.

Ekki verður skipt á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf sem gefin hafa verið út án samþykkis húsbréfadeildarinnar, sbr. 23., 25. og 26. gr.

31. gr.

Húsbréfadeild hefur heimild til að hafna skiptum á húsbréfum fyrir fasteignabréf ef sýnt þykir að um málamyndagerning sé að ræða.

32. gr.

Húsbréfadeild heimilar ekki nýja veðsetningu á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi, sem hún hefur tekið við, nema getið sé um slíka veðsetningu í fasteignaveðbréfi.

33. gr.

Ekki er hægt að nýta sér bæði húsbréfaviðskipti annars vegar og lánsrétt til nýrra eða notaðra íbúða hins vegar samkvæmt ákvæði I til bráðabirgða, í lögum nr. 47/1991 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins.

34. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 76/1989, nr. 70/1990, nr. 124/1990, nr. 130/1990, nr. 24/1991 og nr. 47/1991, öðlast þegar gildi, sbr. þó 3. mgr.

Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 217/1990 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti.

Ákvæði 11. og 12. gr. um skipti á húsbréfum og fasteignaveðbréfum vegna endurbóta og endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði taki gildi í áföngum með eftirfarandi hætti:

Umsóknir þeirra umsækjenda um skuldabréfaskipti, sem sótt hafa um lán Byggingarsjóðs ríkisins til endurbóta eða endurnýjunar á notuðu íbúðarhúsnæði, skulu berast Húsnæðisstofnun ríkisins fyrir 31. desember 1991. Afgreiðsla þeirra fari þannig fram:

1. Umsóknir þeirra umsækjenda, sem sótt hafa um lán til endurbóta eða endurnýjunar úr Byggingarsjóði ríkisins fyrir 1. janúar 1990 og eiga lánshæfar umsóknir, verða afgreiddar eftir 1. febrúar 1992.
2. Umsóknir þeirra umsækjenda, sem sótt hafa um lán til endurbóta eða endurnýjunar úr Byggingarsjóði ríkisins eftir 1. janúar 1990 og fram til 1. september 1991 og eiga lánshæfar umsóknir, verða afgreiddar eftir 1. júní 1992.
3. Afgreiðsla umsókna um lán til endurbóta eða endurnýjunar á notuðu húsnæði, sem borist hafa Húsnæðisstofnun eftir 1. september 1991, hefst frá og með 1. janúar 1993.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

Nr. 468 8. október 1991

# REGLUGERÐ

## um húsbréfaviðskipti vegna greiðsluerfiðleika íbúðareigenda.

### Fasteignaveðbréf.

1. gr.

Húsbréfadeild hefur heimild til að kaupa fasteignaveðbréf sem gefið er út til greiðslu á skuldum íbúðareigenda í greiðsluerfiðleikum. Fasteignaveðbréf skulu gefin út á nafn íbúðareiganda. Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal því þinglýst.

2. gr.

Skipta má á fasteignaveðbréfi og húsbréfum fyrir fjárhæð sem nemur allt að 75% af matsverði íbúðar, að frádregnum áhvílandi lánum, uppfærðum, sem eru á veðréttum á undan fasteignaveðbréfi.

Fjárhæð fasteignaveðbréfs má ekki vera hærri en svo að andvirði þeirra húsbréfa, sem fást við skuldabréfaskiptin, nægi til að greiða fyrirliggjandi skuldir miðað við skráð söluverð húsbréfa á þeim degi sem húsbréfadeild samþykkir skuldabréfaskiptin.

Hámarksfjárhæð fasteignaveðbréfs sem veitt er vegna greiðsluerfiðleika er 2,5 milljónir króna.

### Matsverð íbúða.

3. gr.

Matsverð íbúðar er brunabótamat hennar. Húsbréfadeild er þó heimilt að ákveða matsverðið með tilliti til markaðsverðs íbúða.

### Greiðslugeta, greiðslubyrði og veðhæfni íbúða.

4. gr.

Áður en skipt er á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf skal húsbréfadeild, eða viðskiptabankar eða fjármálastofnanir sem hún vísar til, meta greiðslugetu umsækjanda og greiðslubyrði af öllum skuldum hans. Einnig skal húsbréfadeildin meta veðhæfni viðkomandi íbúðar. Til að unnt sé að meta greiðslugetu, greiðslubyrði og veðhæfni skal umsækjandi leggja fram upplýsingar um eignir, heildarlaun og skuldir, samkvæmt nánari ákvörðun húsbréfadeildar.

**Skilyrði fyrir skiptum á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf vegna greiðsluerfiðleika.**

5. gr.

Skilyrði fyrir skiptum á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf eru eftirfarandi:

a. Fjárhagsvandi umsækjanda sé til kominn vegna fjármögnunar á hóflegu íbúðarhúsnæði miðað við fjölskylduaðstæður.
Íbúðarhúsnæði telst að jafnaði hóflegt ef stærð íbúðar miðað við fjölskyldustærð eru með eftirfarandi hætti:

| Fjölskyldustærð: | Stærð íbúðar (brúttó) sé minni en: ($m^2$) |
|---|---|
| 1–2 | 85 |
| 3–4 | 120 |
| 5–6 | 150 |

Ef um stærri fjölskyldu eða aðrar sérstakar aðstæður er að ræða metur húsbréfadeild hvert tilfelli sérstaklega.
Við mat á stærðarmörkum íbúða er húsbréfadeild heimilt að taka tillit til markaðsverðs íbúða á viðkomandi stað og eignarhluta sbr. b. lið.

b. Eignarhluti umsækjanda í íbúð og aðrar eignir hans og fjölskyldustærð séu að jafnaði með eftirfarandi hætti:

| Fjölskyldustærð: | Eignarhluti og aðrar eignir séu lægri en: (millj. kr.) |
|---|---|
| 1–2 | 3,0 |
| 3–4 | 5,0 |
| 5–6 | 8,0 |

Ef um stærri fjölskyldu er að ræða metur húsbréfadeild hvert tilfelli sérstaklega.
Ef íbúðareigandi er í hjónabandi eða óvígðri sambúð skal miða við íbúðareign og skuldir beggja.
Eignarhluti er skilgreindur sem matsverð íbúðar að frádregnum skuldum íbúðareiganda sem stafa af byggingu eða kaupum íbúðar.
Viðmiðunarfjárhæðir miðast við byggingarvísitölu 1. október 1991, 187 stig.

c. Fyrir liggi að skipti á húsbréfum fyrir fasteignaveðbréf leysi greiðsluvanda umsækjanda.

d. Skuldareigendur samþykki greiðslu skulda umsækjenda með húsbréfum.

e. Greiðslubyrði umsækjanda sé að jafnaði yfir 30% af áætluðum heildarlaunum hans á ári næstu fjögur árin. Eftir skuldabréfaskiptin verði greiðslubyrðin að jafnaði um eða undir 20% af heildarlaunum hans.

**Ýmis ákvæði og gildistaka.**

6. gr.

Ákvæði reglugerðar nr. 217/1990 um húsbréfadeild og húsbréfaviðskipti gilda að öðru leyti um framangreind atriði, eftir því sem við á.

Umsóknir vegna greiðsluerfiðleikalána þurfa að berast húsbréfadeild fyrir 1. nóvember 1991.

7. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 124/1990 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins nr. 86/1988, sbr. lög nr. 76/1989 og 70/1990, öðlast gildi þegar í stað og gildir til og með 14. janúar 1992.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 44 21. janúar 1991.

*Félagsmálaráðuneytið, 8. október 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Berglind Ásgeirsdóttir.*

# AUGLÝSING

**um fylgiskjal (bestukaupalista) með reglugerð nr. 300, 1. október 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði.**

1. gr.

| Heiti | Form | Heiti | Form |
|---|---|---|---|
| Acinil | Töflur | Isordil Tembid | Forðahylki |
| Airol | Krem | Íbúfen (LR) | Töflur |
| Aldomet | Töflur | Kaleorid | Töflur |
| Amilín (Delta) | Töflur | Karbamazepin | Töflur |
| Apurin | Töflur | Korzem (Delta) | Töflur |
| Artane | Töflur | Korzem-R (Delta) | Forðatöflur |
| Asýran (Delta) | Töflur | Kódimal (Delta) | Töflur |
| Atamir | Hylki | Lanoxin | Mixtúra |
| Atenolol | Töflur | Lanoxin | Töflur |
| Atenólól (Delta) | Töflur | Lanoxin-PG | Töflur |
| Baklofen | Töflur | Lobac | Töflur |
| Beconase | Nefúðalyf | Mesasal | EÞ-Stílar |
| Beconase Aqua | Nefúðalyf | Mesasal | SH-Töflur |
| Becotide | Innúðalyf | Metýldópa (Delta) | Töflur |
| Betasel (Delta) | Töflur | Mildison | Krem |
| Betnovat | Áburður | Míansín (LR) | Töflur |
| Betnovat | Krem | Monistat | SK-Krem |
| Betnovat | Smyrsli | Múkal (Delta) | Töflur |
| Bromergon | Töflur | Naproxen (Delta) | Töflur |
| Cardizem Retard | Forðatöflur | Naproxen | Töflur |
| Cartól (Delta) | Töflur | Naproxen (LR) | Töflur |
| Címetidín (Delta) | Töflur | Naproxen (LR) | EÞ-Stílar |
| Clomid | Töflur | Narox (Delta) | EÞ-Stílar |
| Combizym | Töflur | Nebacetin | Smyrsli |
| Confortid | EÞ-Stílar | Neurotil Slow | Forðatöflur |
| Cuprimine | Hylki | Nifedipin | Hylki |
| Daren (Delta) | Töflur | Nitradisc | Forðapl. |
| Decreten | Töflur | Nuelin Redtard | Forðatöflur |
| Depsín (Delta) | Töflur | Optimol | Augndropar |
| Dienoestrol | SK-Stílar | Parzan (Delta) | Töflur |
| Diflonid | Töflur | Pergotime | Töflur |
| Dílangín (Delta) | Töflur | Própranólól (Delta) | Töflur |
| Dolyl (LR) | Töflur | Rrentec | Töflur |
| Donobid | Töflur | Salbutamol | Innúðalyf |
| Dopamet | Töflur | Seloken | Töflur |
| Elyzol | Töflur | Slow-K | Töflur |
| Elyzol | SK-Stílar | Sorbitrate | Töflur |
| Entrydil | Töflur | Sorbitrate SA | Forðatöflur |
| Furix | Töflur | Sparkal | Töflur |
| Gastran (Delta) | Töflur | Sparkal Mite | Töflur |
| Halóperídól (LR) | Töflur | Spasmerín (Delta) | Töflur |
| Hýdrókortisón (Delta) | Krem | Spirix | Töflur |
| Hýdrókortisón AKV. (Delta) | Krem | Theo-Dur | Forðatöflur |
| Ibuprofen | Töflur | Transiderm-Nitro | Forðapl. |
| Inderal | Töflur | Trimonil Retard | Forðatöflur |
| Interal LA | Forðahylki | Truxal | Töflur |
| Indocid | EÞ-Stílar | Verapamil | Töflur |
| Indometacin | Hylki | Voltaren | EÞ-Stílar |
| Indomethacin | Hylki | Voltaren | SH-Töflur |
| Indómetasín (Delta) | EÞ-Stílar | Vóstar (Delta) | SH-Töflur |
| Isordil | Tungur.Töfl. | Vóstar (Delta) | EÞ-Stílar |
| Isordil | Töflur | | |

2. gr.

Auglýsing þessi er gefin út skv. 3. tl. 1. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 300 7. júní 1991 um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði, sbr. lög nr. 67/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur niður fylgiskjal, skv. augl. nr. 324/1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. október 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Einar Magnússon.*

23. september 1991 Nr. 470

# REGLUGERÐ

**um endurgreiðslu virðisaukaskatts til sendimanna erlendra ríkja.**

1. gr.

Við kaup á vörum eða þjónustu innanlands ber erlendum sendiráðum og sendierindrekum að greiða virðisaukaskatt og aðra óbeina skatta eftir þeim reglum sem almennt gilda á Íslandi um þau viðskipti.

Erlend sendiráð og sendierindrekar (diplomatic agents) fá endurgreiddan virðisaukaskatt af vörum, þó ekki matvælum, enda sé því lýst yfir að viðkomandi vara sé eingöngu ætluð til notkunar fyrir erlent sendiráð eða til persónulegra nota sendierindreka og þeirra venslamanna hans er teljast til heimilisfólks.

2. gr.

Umsókn um endurgreiðslu skal beina til utanríkisráðuneytisins og fylgi umsókn frumrit af þeim reikningum sem endurgreiðslubeiðni er byggð á. Reikningar skulu vera í samræmi við ákvæði 20. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum. Eftir að utanríkisráðuneytið hefur gengið úr skugga um að í hlut eigi aðilar er undir reglurnar falla sendir það ríkisendurskoðun endurgreiðslubeiðni ásamt þeim reikningum er umsókn fylgja. Að lokinni endurskoðun sendir ríkisendurskoðun reikninga til viðkomandi sendiráðs með áritun um endurgreiðslu en sendir endurgreiðslubeiðni til ríkisféhirðis til afgreiðslu.

Ekki verður um endurgreiðslu að ræða nema heildarfjárhæð hvers einstaks reiknings nemi a.m.k. 10.000 kr., með virðisaukaskatti, og einungis ef viðkomandi reikningur ber það greinilega með sér að virðisaukaskattur hafi verið greiddur.

3. gr.

Um innflutning gilda ákvæði 3. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 47. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, til að öðlast gildi hinn 1. október 1991. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 532/1989, um sama efni.

*Fjármálaráðuneytið, 23. september 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

# REGLUGERÐ

**um sérstök línu- og netasvæði suður og vestur af Reykjanesskaga.**

1. gr.

Frá og með 12. október 1991 til og með 31. desember 1991 eru allar veiðar með botn- og flotvörpu bannaðar á svæði suður af Reykjanesskaga, sem að austan markast af línu, sem dregin er frá Selvogsvita í punkt 63°30 N, 21°39 V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er úr punkti 63°30 N, 21°39 V í punkt 63°40 N, 22°32 V. Að vestan markast svæðið af línu sem dregin er úr punkti 63°40 N, 22°32 V réttvísandi norður af Staðarbergi.

2. gr.

Á tímabilinu frá og með 12. október 1991 til og með 31. janúar 1992 eru allar togveiðar bannaðar á svæði út af Faxaflóa, sem að sunnan markast af línu, sem dregin er réttvísandi 270° frá Sandgerðisvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan af 64°20 N.

Á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1992 til og með 30. apríl 1992 eru allar togveiðar bannaðar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 270° frá Stafnesvita. Að vestan markast svæðið af 23°42 V og að norðan 64°20 N.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 9. október 1991.*

F. h. r.
**Jón B. Jónasson.**

*Þórður Eyþórsson.*

# FJALLSKILASAMÞYKKT

**fyrir Múlasýslur.**

I. KAFLI

**Um stjórn fjallskilamála.**

1. gr.

Sveitarfélög (hreppar) Norður- og Suður-Múlasýslu, Seyðisfjarðarkaupstaður, Neskaupstaður, Eskifjörður og Egilsstaðabær, eru tvö fjallskilaumdæmi. Kaupstaðirnir og hvert sveitarfélag (hreppur) innan hvors fjallskilaumdæmis eru sérstök fjallskiladeild. Héraðsnefnd getur heimilað sameiningu tveggja eða fleiri fjallskiladeilda, óski viðkomandi sveitarstjórnir eða bæjarstjórnir eftir sameiningu að undangenginni fundarsamþykkt meirihluta fjallskilaskyldra aðila í hverri eða hvorri fjallskiladeild, enda hafi verið boðað til fundarins með dagskrá.

2. gr.

Héraðsnefnd hefur á hendi yfirstjórn allra fjallskilamála í fjallskilaumdæmunum, en sveitarstjórn eða bæjarstjórn annast stjórn og framkvæmd þeirra í hverri fjallskiladeild. Héraðsnefnd úrskurðar ágreinings- og kærumál er upp kunna að koma innan fjallskiladeildanna.

3. gr.

Oddviti sveitarstjórnar annast stjórn fjallskilamála í sinni fjallskiladeild, en heimilt er sveitarstjórn að fela öðrum það verk. Skal hún þá að afloknum hverjum sveitarstjórnarkosningum kjósa mann, og annan til vara, til þess að hafa á hendi framkvæmd fjallskilamála fjallskiladeildarinnar undir yfirstjórn sveitarstjórnar og nefnist hann fjallskilastjóri.

Þar sem sveitarstjórn kýs fjallskilastjóra, er henni heimilt að kjósa fjallskilanefnd honum til aðstoðar, og starfar hún í fullu umboði sveitarstjórnar.

Þar sem fjallskiladeildir hafa verið sameinaðar er sveitarstjórnum skylt að kjósa fjallskilastjóra ásamt fjallskilanefnd á sameiginlegum fundi. Fái tveir eða fleiri jafnmörg atkvæði, skal hlutkesti ráða.

Fjallskilastjóri skal sjálfur, eigi hann þess kost, vera við aðalréttir í hvert skipti sem þar er réttað, stjórna sundurdrætti og ráða þar réttarrúmi öllu. Þó er sveitarstjórn eða fjallskilanefnd heimilt að kjósa sérstaka réttarstjóra á aðalréttir.

Heimilt er sveitarstjórn að fela fjallskilastjóra bókhald allt fjallskilanna vegna og innheimtu á fjallskilagjöldum.

Fjallskilastjóra ber þóknun fyrir störf sín úr sveitar- eða bæjarsjóði.

II. KAFLI

**Um bókhald og fjallskilasjóði.**

4. gr.

Í hverri fjallskiladeild ber að halda fjallskilabók, staðfesta af oddvita héraðsnefndar. Í hana skal rita allt það, sem máli skiptir um afréttar- og fjallskilamál í deildinni. Héraðsnefnd semur skrá, að fengnum upplýsingum sveitar- og bæjarstjórnar, yfir allar afréttir og

upprekstrarheimalönd innan deildarinnar. Skal þar lýst merkjum þeirra og skýrt tekið fram, hvað eru heimalönd, upprekstrarheimalönd og afréttir. Fram skal tekið hvaða jarðir eiga upprekstur á hverja afrétt og hvert upprekstrarheimaland, og hverjir séu eigendur þessara landssvæða. Þá ber að skrá allar breytingar á afréttum og upprekstrarheimalöndum og réttindum yfir þeim.

Eftirrit af skrá þessari ber að senda til oddvita héraðsnefndar. Skal hún þar færð í sérstaka bók, sem afréttarskrá heitir og fylgir skjölum héraðsnefndar. Auk þessa getur héraðsnefnd krafist eftirrits af fjallskilabókum að öðru leyti, eftir því sem hún telur þörf á.

5. gr.

Hver fjallskiladeild færir sérstakt bókhald og skal fjallskilareikningur endurskoðaður á sama hátt og sveitar- og bæjarsjóðsreikningur.

Þegar reisa þarf eða endurbyggja aðalrétt er sveitar- og bæjarsjóði skylt að standa straum af kostnaði við þær framkvæmdir. Einnig ber sveitar- og bæjarsjóði að standa straum af kostnaði við byggingu viðunandi húsa fyrir gangnamenn og hesta, þar sem þeir þurfa að gista, einnig girðingarhólfa fyrir fé.

Til þess að standa straum af öðrum þeim kostnaði er af fjallskilum leiðir, getur sveitarstjórn stofnað sjóð, sem fjallskilasjóður nefnist. Úr honum skal greiða kostnað við viðhald aðalrétta og annarra gangnamannvirkja, nema um sé að ræða meiriháttar viðhald eða endurbyggingu, þá greiðist sá kostnaður úr sveitarsjóði. Um aukaréttir (undirréttir) fer eftir ákvörðun sveitar- og bæjarstjórna. Kostnað við smölun og leitir, sem sveitar- og bæjarsjóðisjóði annars ber að greiða, þóknun til fjallskilastjóra, svo og öll önnur gjöld sem af fjallskilum leiða og ekki hefur verið jafnað niður á fjáreigendur sem dagsverkum, skal greiða úr fjallskilasjóði.

Tekjur sjóðsins eru:

a. Niðurjafnað gjald á allt sauðfé og stóðhross í fjallskiladeildinni.
b. Andvirði óskilafjár.
c. Björgunar- og fundarlaun fyrir fé og hross, sem bjargað er úr ógöngum eða finnast í eftirleitum samkv. 24. gr. fjallskilasamþykktar þessarar og 57. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
d. Bætur fyrir gangnarof skv. 44. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986.
e. Tillag úr sveitar- eða bæjarsjóði eftir fyrirmælum sveitar- eða bæjarstjórnar og 39. gr. laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986. Reikningur sjóðsins skal endurskoðaður árlega ásamt sveitar- eða bæjarsjóðsreikningum og færður inn í fjallskilabók.

## III. KAFLI
## Um afréttir og notkun þeirra.

6. gr.

Land sem fjallskilaframkvæmd tekur til, skiptist í afréttir og heimalönd. Þar sem öræfi (óbyggðir) þurfa hreinsunar við, tekur fjallskilaframkvæmd til þeirra, eftir því sem þörf krefur og nánar er fyrir mælt í lögum um afréttamálefni, fjallskil o.fl., og samþykkt þessari.

7. gr.

Heimilt er sveitarstjórnum að gangast fyrir því, hverri í sinni fjallskiladeild, að gerð sé sveitarsamþykkt um, að nota megi heimalönd til upprekstrar, enda sé það vilji eigenda. Skal í fjallskilabók skýrt tekið fram, hvar og hver þau lönd séu og tala fjár þess er á þau má reka. Upprekstrarheimalönd ber að skoða sem afréttir, að því er snertir löggöngur að hausti, aðrar en eftirleitir. Samþykktir um upprekstrarheimalönd öðlast því aðeins gildi, að héraðsnefnd samþykki þær.

8. gr.

Um fjölda afréttarpenings sem má reka á hverja afrétt, fer eftir afréttalögum nr. 6 21. mars 1986, III. kafla.

Eigi skal upprekstur leyfður fyrr en vorgróður er nægur að mati sveitarstjórnar, en henni er heimilt að leita álits gróðurverndarnefndar sýslunnar áður en leyfi er veitt.

9. gr.

Upprekstrarrétt á afrétt hrepps eða annars upprekstrarfélags eiga allir búfjáreigendur, sem landafnot hafa í hreppi eða á félagssvæði. Um upprekstrarrétt á afréttarland, sem liggur undir einstaka jörð eða stofnun, fer eftir fornri venju eða samningum.

Enginn má nota afrétt, sem eigi á þar upprekstrarrétt, nema viðkomandi sveitarstjórn eða sveitarstjórnir leyfi, eða landeigandi, ef um einkaeign á afréttarlandi samkvæmt 8. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 er að ræða.

Um afréttargjald til eiganda afréttarlands fer eftir samningi eða, ef samkomulag næst ekki, eftir ákvörðun viðkomandi sveitarstjórnar. Þó getur sá aðili, sem eigi vill una ákvörðun sveitarstjórnar, krafist mats dómkvaddra manna um gjaldhæð. Ákvörðun um afréttargjald, hvort heldur ákveðin er með samningi eða eftir mati, gildir aldrei fyrir lengri tíma en 6 ár í senn.

## IV. KAFLI
**Um smölun og rekstur til afrétta.**

10. gr.

Eftir að fé hefur verið sleppt að vori og allt til fyrstu gangna, má enginn smala afréttir eða upprekstrarheimalönd, né valda búpeningi sem þar gengur neinu ónæði, nema með leyfi viðkomandi sveitar- eða bæjarstjórnar. Heimilt er þó sveitar- og/eða bæjarstjórnum að ákveða smölun á því tímabili, ef þær aðstæður kynnu að skapast sem krefðust þess.

11. gr.

Rétt er að sauðfé sé rekið á afrétt eða upprekstarheimalönd eftir því sem við verður komið. Heimilt er þó að hafa fé í eyjum og sauðheldum girðingum yfir sumarið. Geti fjáreigandi ekki fengið upprekstarleyfi, ber honum að leita aðstoðar sveitarstjórnar.

12. gr.

Innansveitarmenn skulu sitja fyrir utansveitarmönnum um upprekstur á afrétti og sýslubúar fyrir utansýslubúum.

## V. KAFLI
**Um fjallskil að hausti.**

13. gr.

Haustgöngur skulu hefjast svo fljótt í september sem þurfa þykir. Þó skal ekki hefja göngur í neinni fjallskiladeild fyrr en haft hefur verið samráð við aðliggjandi fjallskiladeildir, svo að samsmölun geti farið fram. Þá skal fyrsta lögrétt aldrei vera seinna en 22. september og ber að haga gangnadögum í samræmi við það. Ganga skal afréttir og upprekstrarheimalönd að minnsta kosti tvisvar á hausti hverju. Tilkynna ber sveitarstjórnum eða fjallskilastjórnum sveitarfélaga þeirra, sem fjárvon eiga í réttum sveitarfélagsins, hvenær gengið verður. Þá skal og smala heimalönd öll. Meta má smölun heimalanda sem fjallskil að einhverju leyti. Skal þá víðátta landsins höfð til hliðsjónar.

14. gr.

Eigi síðar en viku fyrir fyrstu löggöngu skal sveitarstjórn eða fjallskilastjórn hafa lokið við að raða niður gangnadagsverkum og öðrum áætluðum fjallskilakostnaði á fjáreigendur í

fjallskiladeildinni og aðra þá sem upprekstarland nota á því ári. Raða skal dagsverkum niður eftir fjártölu hvers fjáreiganda.

Hver bóndi eða jarðeigndi, hvaða búskap sem hann stundar, er skyldur að smala heimaland sitt að hausti samhliða leitum, þegar sveitarstjórn eða fjallskilastjórn mælir svo fyrir. Sama gildir um eigendur eyðijarða eða umráðamenn þeirra, þó þeir eigi þar ekki fjár von.

Heimilt er sveitarstjórn eða fjallskilastjórn einnig að leggja gangnadagsverk á fjárlausa bændur vegna fjárskipta, eyðibýlaeigendur og aðra bændur í fjallskiladeildinni, ef aðstæður krefjast þess. Heimilt er að leggja hluta fjallskilakostnaðar á landverð jarða að frádregnu verði ræktaðs lands og hlunninda.

15. gr.

Sveitar- og bæjarstjórnir skipa gangnaforingja á öll gangnasvæði í fjallskiladeildinni. Enginn getur skorast undan að vera gangnaforingi, nema hann sé til þess ófær sökum elli eða heilsuleysis.

16. gr.

Sá sem rekur fé á utansveitarafrétt, tilkynni það sveitarstjórn fyrir 15. júlí ár hvert. Vanræki hann þetta, getur sveitarstjórn gert honum full fjárskil heima í sveitinni fyrir allt hans fé. Sama gildir um þá menn, er rétt hafa til að taka utansveitarfé í afréttarland sitt, enda séu þeir skyldir að tilgreina tölu fjárins og annast öll skil á því.

17. gr.

Nú verður ágangur fjár frá einu sveitarfélagi í annað, eða frá einu fjallskilaumdæmi í annað, og getur þá sá er fyrir verulegum ágangi verður, krafið hinn aðilann um gjald fyrir eða að hann sendi menn í göngur. Skulu viðkomandi sveitarstjórnir eða fjallskilastjórnir gera um þetta skriflegan samning til þriggja ára í senn og endurskoðast hann þá ef annar aðili óskar eftir. Náist ekki samkomulag, skal héraðsnefnd úrskurða kröfu sveitarstjórnar um gangnamenn, sem byggjast verður á tölu þess fjár sem kemur fyrir í fjallskilaumdæminu næsta haust á undan, að frádregnu því fé sem kemur fyrir í hinu fjallskilaumdæminu.

18. gr.

Hver fjáreigandi og fjallskilaskyldur eintaklingur er skyldur til að gera þau fjallskil, sem sveitarstjórn eða fjallskilastjórn leggur á hann, og eru í samræmi við fjallskil þau, sem öðrum fjáreigendum og fjallskilaskyldum einstaklingum er gert að leysa af hendi. Bágstöddum einyrkjum má veita undanþágu frá fjallskilum, að einhverju eða öllu leyti, einnig þeim, sem hafa fé sitt í eyjum eða sauðheldum girðingum sumarlangt, skv. 11. gr.

19. gr.

Sveitar- eða bæjarstjórnir skipa fjallskiladeildum í gangnasvæði og ákveða tölu gangnamanna, og hvar skuli réttað. Einnig hverjir skuli smala eða sækja fé til nærliggjndi sveita úr hverjum göngum.

20. gr.

Gangnaforingjar skulu vera sjálfir í göngum, nema gild forföll hindri, ber þeim þá að setja fullgilda menn í staðinn. Gangnaforingi sker úr um það, hverjir séu fullgildir gangnamenn. Óhlýðnist gangnamaður gangnaforingja eða sýni hirðuleysi, telst það sem gangnarof og varðar sömu viðurlögum og vanræksla á að inna af hendi fjallskil. Gangnaforingjum ber skylda til að tilkynna fjallskilastjóra um gangnarof. Sá sem mætir ekki í göngur á þeim stað og tíma, þar sem hann hefur verið skipaður, og tilkynnir gangnaforingja ekki forföll, svo unnt sé að fá mann í hans stað, skal greiða fyrir gangnarof sem svarar einu og hálfu gangnadagsverki, eins og það er metið á hverjum tíma, eftir ákvörðun sveitarstjórnar.

21. gr.

Gangnaforingjar skulu sjá um, að fjallsöfn séu rekin tafarlaust til rétta. Telst það gangnarof, ef gangnamaður yfirgefur safnið fyrr en í rétt er rekið, þó að smölun sé lokið. Óheimilt er að reka fjallsöfn til sundurdráttar í heimaréttum í fyrstu og annarri göngu.

22. gr.

Ef grunur leikur á, að fé sé enn á afréttum eftir að löggöngum lýkur, skal fjallskilastjóri sjá um, að eftir því sé leitað svo fljótt sem kostur er.

Smölunarkostnaður skal greiddur úr fjallskilasjóði eða sveitarsjóði viðkomandi sveitarfélags.

Ef óaðkomið fé gengur á leitarsvæðum eftir 6. nóvember, er hverjum sem er heimilt að ná fénu gegn fundarlaunum, sem nema 40% af skattmati fjárins til eignar.

Sveitarsjóður eða fjallskilasjóður þess hrepps, sem féð fannst í, skal greiða fundarlaunin, en hann á endurkröfurétt á helmingi upphæðarinnar hjá eigendum fjárins.

23. gr.

Nú liggja öræfi, þar sem fjárvon kann að vera, að afréttum eða öðrum sumargöngulöndum, og skal þá héraðsnefnd hlutast til um, að þau séu leituð að minnsta kosti einu sinni á hausti. Fé sem finnst í öræfaleitum má sveitarstjórn láta lóga.

24. gr.

Sveitarstjórn eða fjallskilastjórn skal sjá um, að eftir réttir á haustum séu öll heimalönd rækilega smöluð samtímis, svo oft sem þurfa þykir, og að afbæjarfé komist til réttra eigenda.

Skyldur er hver bóndi, eða umráðamaður jarða, að hirða kindur sem finnast í heimalandi hans eftir að fjallskilum er lokið. Sé það innansveitarfé ber honum að tilkynna eigendum það, annars skal tilkynna sveitarstjórn eða fjallskilastjóra. Kostnað við tilkynningu og geymslu fjárins ber eigendum þess að greiða.

25. gr.

Nú verður fjár vart í ógöngum, og er þeim þá skylt, er sér, að tilkynna það oddvita viðkomandi sveitarfélags eða fjallskilastjóra. Skal hann þá leitast við að fá færa menn til að bjarga fénu, ef fært þykir. Sé björgun óframkvæmanleg eða of hættuleg að dómi björgunarmanna eða aðstæður það örðugar, að tvöfalt verð fjárins hrökkvi ekki fyrir björgunarkostnaði, er skylt að skjóta féð, sé það unnt. Takist björgun kinda úr slíkum ógöngum, greiðir eigandi kindar hálft verð hennar fyrir björgun, en sveitarsjóður, þar sem eigandi er heimilisfastur, hinn hluta kostnaðar. Náist kind eða kindur hins vegar ekki lifandi, skal héraðssjóður bera kostnað vegna tilraunarinnar, enda samþykki oddviti héraðsnefndar reikninga.

## VI. KAFLI
**Um réttir, skil á fé og réttarhald.**

26. gr.

Í hverri fjallskiladeild skal vera minnst ein aðalrétt og aukarétt eftir þörfum, og ákvörðun sveitarstjórnar þar um. Sveitarstjórn sér um byggingu og viðhald aðalrétta, og aukarétta eftir samkomulagi við ábúendur þeirra jarða er réttina nota. Réttir skulu vera nægilega stórar og örugglega fjárheldar, og fjöldi dilka við hæfi á hverjum stað.

27. gr.

Aðalréttir og aukaréttir í hverri fjallskiladeild skulu vera sem hér segir:

| | *Aðalrétt:* | *Aukarétt:* |
|---|---|---|
| Í Skeggjastaðahreppi | Miðfjarðarrétt | |
| | Bakkarétt | |
| Í Vopnafjarðarhreppi | Fellsrétt | |
| Í Hlíðarhreppi | Hallgeirsstaðarétt | |
| | Ketilsstaðarétt | |
| Í Jökuldalshreppi | Aðalbólsrétt | |
| | Klausturselsrétt | |
| | Múlarétt | |
| | Hnefilsdalsrétt | |
| Í Fljótsdalshreppi | Melarétt | |
| | Múlarétt | |
| Í Fellahreppi | Ormarsstaðarétt | |
| Í Tunguhreppi | Hallfreðarstaðarétt | |
| | Heiðarselsrétt | |
| Í Hjaltastaðaþinghá | Kóreksstaðarétt | |
| | Knarrarrétt | |
| Í Borgarfjarðarhreppi | Brandsbalarétt | |
| Í Seyðisfjarðarhreppi | Hánefsstaðarétt | |
| | Dvergasteinsrétt | |
| Í Seyðisfjarðarkaupstað | Hagarétt | |
| Í Eiðahreppi | Mýnesrétt | |
| | Bleiksásrétt | |
| | | Gilsárteigsrétt |
| Í Egilsstaðahreppi | Steinholtsrétt | |
| Í Vallahreppi | Hallormsstaðarétt | |
| | Hnúturétt | |
| | | Unalækjarrétt |
| Í Skriðdalshreppi | Múlarétt | |
| | | Geitdalsrétt |
| | | Haugarétt |
| Í Mjóafjarðarhreppi | Fjarðarrétt | |
| | | Gilsárlaugarétt |
| | | Brekkurétt |
| Í Norðfjarðarhreppi | Skálateigsrétt | |
| Í Eskifirði | Litla-Breiðuvíkurrétt | |
| | Eskifjarðarrétt | |
| | | Innstekksrétt |
| Í Reyðarfjarðarhreppi | Kollaleirurétt | |
| | Slétturétt | |
| Í Fáskrúðsfjarðarhreppi | | Allar réttir í hreppnum þar sem sauðfjárbúskapur er stundaður |
| Í Búðahreppi | Búðarétt | |
| Í Stöðvarhreppi | Stöðvarrétt | |
| | | Hrafnakambsrétt |
| | | Strandarrétt |

| | | |
|---|---|---|
| Í Breiðdalshreppi | Höskuldsstaðarétt | |
| | Eydalarétt | |
| | | Hlíðarendarétt |
| Í Beruneshreppi | Berufjarðarrétt | |
| | | Allar réttir í hreppnum þar sem sauðfjárbúskapur er stundaður |
| Í Búlandshreppi | Borgargarðsrétt | |
| | | Hálsrétt |
| | | Teigarhornsrétt |
| Í Geithellnahreppi | Starmýrarrétt | |
| | Hamarsselsrétt | |
| | | Bragðavallarétt |
| | | Múlarétt |
| | | Kambsselsrétt |
| | | Hofsrétt |
| | | Flugustaðarétt |

Heimilt er sveitarstjórn að færa til réttir, ef aðstæður breytast og meirihluti þeirra er afréttinn nota óska þess. Slíkar breytingar skulu skráðar í fjallskilabók. Einnig getur sveitarstjórn ákveðið að breyta aukarétt í aðalrétt og skal það þá tilkynnt nágrannasveitarstjórnum og héraðsnefnd.

28. gr.

Hver aukarétt heyrir undir aðalrétt sömu fjallskiladeildar. Úrtíningsfé úr aukaréttum skal rekið eða flutt til aðalréttar af mönnum, sem sveitarstjórn eða fjallskilastjórn hefur til þess kvatt. Enginn má reka fé frá aðalrétt fyrr en úrtíningur hefur verið að fullu sundur dreginn, nema fjallskilastjóri eða réttarstjóri leyfi.

29. gr.

Sundurdráttur í aðalrétt skal hafinn svo snemma dags sem unnt er, eftir ákvörðun fjallskilastjóra eða réttarstjóra, og er hverjum fjáreiganda skylt að vinna að sundurdrætti og hirða fé sitt úr réttinni strax og drætti er lokið. Enginn má láta fé í aðalrétt eða aukarétt nema láta réttarstjóra eða fjallskilastjóra og/eða umsjónarmann aukarétta vita. Fjallskilastjóri, réttarstjóri og umsjónarmenn aukarétta skulu sjá um að fjáreigendur taki fé sitt úr réttum svo fljótt sem kostur er. Skylt er fjallskilastjóra eða réttarstjóra að sjá svo um, að ávallt sé til dilkur fyrir sjúkt fé við hverja rétt.

Draga skal eftir markaskrám eftir því sem þörf krefur. Hreppstjóri eða bæjarstjóri tilnefnir tvo marklýsingamenn, sem skera úr um vafamörk. Verði marklýsingamenn ósammála, sker hreppstjóri eða bæjarstjóri úr. Með ómerkinga og annan óskilapening skal farið samkvæmt VIII. kafla laga um afréttamálefni, fjallskil o.fl., nr. 6 21. mars 1986.

## VII. KAFLI
## Um meðferð ómerkinga og óskilafjár.

30. gr.

Hver sá, sem fjallskil innir af höndum, hvort heldur við smölun afrétta eða heimalanda, skal leitast við að handsama, svo fljótt sem verða má, ómerkinga, sem vart kann að verða og auðkenna þá, ef þeir fylgja móður.

Nú koma ómerkingar eða annað óskilafé til réttar, og skal þá draga það í sérstakan dilk, þar sem menn eiga kost á að leiða mæður til ómerkinga og sanna eignarrétt sinn á öðru óskilafé.

31. gr.

Ómerkingum og óskilafé, sem kemur fyrir í skilaréttum og ekki finnast eigendur að, skal þegar lógað í sláturhúsi, og sér hreppstjóri um að svo sé gert. Áður en slíku fé er lógað, skal skrifa nákvæma lýsingu á því, þar sem getið sé marks og annarra einkenna, er eigendur gætu helgað sér það eftir.

Óskilafé sem fram kemur eftir réttir og ekki finnast eigendur að, eða ekki kemst til eigenda vegna fjarlægðar, skal farið með á sama hátt.

Andvirði alls óskilafjár, sem fargað er, skal lagt inn á reikning, þannig að reiða megi út verð hverrar kindar, ef eigandi finnst.

Annan óskilapening, svo sem hross og nautgripi, skal hreppstjóri eða bæjarstjóri selja á opinberu uppboði með 12 vikna innlausnarfresti.

32. gr.

Fyrir árslok skulu hreppstjórar eða bæjarstjórar birta í Lögbirtingablaði tilkynningu um förgun óskilafjár, hver í sínum hreppi, eða um sölu, ef um óskilahross eða nautgripi er að ræða. Skal í tilkynningu greint mark og auðkenni hverrar skepnu, eftir því sem kostur er, og skorað á rétta eigendur að gefa sig fram og sanna rétt sinn innan tiltekins tíma.

33. gr.

Af sláturverði ómerkinga og annars óskilafjár og andvirði seldra hrossa og nautgripa greiðist áfallinn kostnaður. Eftirstöðvar andvirðis greiðast eiganda, ef hann sannar eignarrétt sinn innan tiltekins tíma, ella í fjallskilasjóð eða sjóði þeirra fjallskiladeilda, þar sem óskilapeningurinn kom fyrir.

## VIII. KAFLI
## Um markaskrá.

34. gr.

Skylt er að eyrnamarka allt fé áður en því er sleppt á fjall.

35. gr.

Markaskrá skal vera í þremur köflum:

1. kafli: Eyrnamörk í töluröð eftir stafrófi. Brennimörk eyrnamarkseigenda séu prentuð aftan við eyrnamarkið. Þar afturundan í sömu línu komi nafn markeiganda, heimili, bæjarnúmer, sýslu- eða kaupstaðartákn og hreppsnúmer. Kaupstaðir skulu merktir með fyrsta staf í nafni.
2. kafli: Brennimörk eftir stafrófsröð, og nöfn markeigenda aftan við.
3. kafli: Mannanafnaskrá eftir stafrófsröð með heimilisfangi, hreppsnúmeri og marknúmeri hvers eins markeiganda við nafn hans.

36. gr.

Hvert sveitarfélag eða kaupstaður skal hafa sveitarfélagsnúmer og er hverjum fjáreiganda skylt að merkja með því fullorðið fé sitt. Skal hyrnt fé brennimerkt á horn, en kollótt fé merkt með plötu í eyra.

Sveitarfélagsnúmer skulu vera eftirfarandi:
Í Skeggjastaðahreppi N-1
Í Vopnafjarðarhreppi N-2
Í Jökuldalshreppi N-3
Í Hlíðarhreppi N-4
Í Tunguhreppi N-5
Í Fellahreppi N-6
Í Fljótsdalshreppi N-7
Í Hjaltastaðarhreppi N-8
Í Borgarfjarðarhreppi N-9
Í Seyðisfjarðarhreppi N-11
Í Seyðisfjarðarkaupstað N-12
Í Eiðahreppi SM-1
Í Vallahreppi SM-2
Í Skriðdalshreppi SM-3
Í Mjóafjarðarhreppi SM-4
Í Norðfjarðarhreppi SM-5
Í Reyðarfjarðarhreppi SM-6
Í Fáskrúðsfjarðarhreppi SM-7
Í Breiðdalshreppi SM-8
Í Beruneshreppi SM-9
Í Geithellnahreppi SM-10
Í Stöðvarhreppi SM-11
Í Búðahreppi SM-12
Í Eskifirði SM-14
Í Neskaupstað SM-15
Í Búlandshreppi SM-16
Í Egilsstaðabæ SM-17

Heimilt er að brennimerkja með bæjarnúmeri, sýslutákni og sveitarfélagsnúmeri.

37. gr.

Um fjármörk, merkingar á búfé og útgáfu markaskrár, fer að öðru leyti eftir IX. kafla laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl. og reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 579/1989.

IX. KAFLI

**Almenn ákvæði.**

38. gr.

Héraðsnefnd sker úr öllum ágreiningi sveitar- eða fjallskilastjórna út af fjallskilamálum. Ennfremur geta einstakir menn komið sér saman um að leggja slík mál fyrir héraðsnefnd og úrskurð hennar.

39. gr.

Brot gegn ákvæðum samþykktar þessarar varða sektum og skal fara með mál út af þeim að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. laga nr. 6 21. mars 1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld fjallskilasamþykkt fyrir Norður-Múlasýslu og Seyðisfjarðarkaupstað nr. 366 12. júlí 1989 og fjallskilareglugerð fyrir Suður-Múlasýslu, Neskaupstað og Eskifjarðarkaupstað nr. 383 28. ágúst 1977.

*Landbúnaðarráðuneytið, 3. október 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

# AUGLÝSING

**um þingsætatölu kjördæma við kosningar til Alþingis.**

Þingsætatala kjördæma samkvæmt a- og b- lið 1. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987, skal vera sem hér segir við næstu almennar kosningar til Alþingis:

| | |
|---|---|
| Reykjavíkurkjördæmi | 18 þingsæti |
| Reykjaneskjördæmi | 12 þingsæti |
| Vesturlandskjördæmi | 5 þingsæti |
| Vestfjarðakjördæmi | 5 þingsæti |
| Norðurlandskjördæmi vestra | 5 þingsæti |
| Norðurlandskjördæmi eystra | 6 þingsæti |
| Austurlandskjördæmi | 5 þingsæti |
| Suðurlandskjödæmi | 6 þingsæti |

Þetta auglýsist hér með samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga um kosningar til Alþingis, nr. 80 16. október 1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. október 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 474 3. október 1991

# GJALDSKRÁ

**Bæjarveitna Vestmannaeyja fyrir raforku.**

## I. Raforka.

Bæjarveitur Vestmannaeyja selja rafmagn á þann hátt og við því verði sem hér segir:

### A. Almenn notkun.

A1 Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | Grunngjald | (m/vsk) |
|---|---|---|
| Orkugjald | 5,90 kr/kWst | (7,35) |
| Fastagjald | 2 112,00 kr/a | (2 629,00) |

### C. Afl- og orkumæling.

C2 Um kW-kWst-mæli, enda sé málraun tækja yfir 40 kW.

| | Grunngjald | (m/vsk) |
|---|---|---|
| Aflgjald | 10 113,00 kr/kWa | (12 591,00) |
| Orkugjald | 2,28 kr/kWst | (2,84) |

Mælaleiga samkvæmt gjaldskrá.

Aflgjaldið miðast við mesta 15 mínútna meðalálag ársins.

Á tímabilinu 16. maí – 15. september er heimilt að leyfa kaupendum að auka aflúttekt sína um allt að 20% án þess að aflgjald hækki.

Sé húshitun innan þessa liðar, sérmæld, þá greiðist ekki vsk. af þeirri orku.

Ofangreindur taxti fylgir kaupverði Bæjarveitna Vestmannaeyja á rafmagni, þannig að álagning bæjarveitna sé samkvæmt ákvörðun hverju sinni.

Orkugjald miðast við, að meðalfasviksstuðull hvers mánaðar hjá kaupanda sé eigi lægri en 0,85. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi skal orkugjald umrædds mánaðar hækka um 2% fyrir hvert hundraðshlutastig eða meirihluta úr stigi, sem meðalfasviksstuðull mánaðarins er lægri en 0,85.

## D. Hitun.

D1 Til hitunar á íbúðarhúsnæði (án vsk).

| | |
|---|---|
| Orkugjald | 2,83 kr/kWst |
| Fastagjald | 2 945,00 kr/a |

Ríkissjóður Íslands greiðir 0,55 kr/kWst og Landsvirkjun 0,20 kr/kWst af orkuverðinu, alls 0,75 kr/kWst, fyrir allt að 30 000 kWst ársnotkun á hverja íbúð og kemur sú greiðsla fram á reikningi.

D4 Til hitunar (án vsk).

| | |
|---|---|
| Orkugjald | 3,03 kr/kWst |
| Fastagjald | 2 945,00 kr/a |

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru: Að vélaafl, spennar og götulínur þoli álagið, að dómi veitustjóra. Búnaði öllum sé hagað skv. fyrirmælum veitustjóra, en kostnaður greiddur af notanda. Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga um mesta samtímaafl og ársorkuþörf þess húsrýmis sem hita skal.

## F. Önnur raforkunotkun.

| | | Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|---|
| F2 | Orkugjald | 8,55 kr/kWst | (10,64) |
| | Fastagjald | 2 112,00 kr/a | (2 629,00) |

til vinnuljósa, vinnuvéla og annarrar notkunar við mannvirkjagerð, svo og breytingar á eldri mannvirkjum.

| | | Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|---|
| F5 | Aflgjald | 18 294,00 kr/kWa | (22 776,00) |

af uppsettu afli til götu- og hafnarlýsingar. Gjald þetta miðast við taxta C2 og 3600 klst. nýtingartíma á ári. Leggi bæjarveitur til búnað til lýsingarinnar og sjái um viðhald hans, greiðir notandi aðrar kr. 22 776,00 kW/a (m/vsk) fyrir þá þjónustu.

## II. Mælaleiga.

Bæjarveitur leigja mælitæki við því verði sem hér segir:

| | Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|
| 1. Einfasa kWst-mælir | 417,00 kr/a | (519,00) |
| 2. Þrífasa kWst-mælir | 1 581,00 kr/a | (1 968,00) |
| 3. Þrífasa kWst-mælir með straumspennumæli | 2 672,00 kr/a | (3 327,00) |
| 4. Þrífasa kW-kWst-mælir | 2 672,00 kr/a | (3 327,00) |
| 5. Þrífasa kW-kWst-mælir með straumspennumæli | 4 253,00 kr/a | (5 295,00) |

Af öðrum mælitækjum en þeim sem hér eru nefnd, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækjanna.

## III. Heimtaugagjöld.

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Bæjarveitna Vestmannaeyja. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

**Aðalheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir aðalheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur: Málraun | Stofngjald: kr. Grunngjald | (m/vsk.) | Lengdargjald[1]: kr/m Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|---|---|
| 63 A einfasa | 47 400,00 | (59 013,00) | 1 458,00 | (1 815,00) |
| 63 A þrífasa | 52 000,00 | (64 740,00) | 1 458,00 | (1 815,00) |
| 100 A þrífasa | 82 500,00 | (102 713,00) | 1 783,00 | (2 220,00) |
| 200 A þrífasa | 170 600,00 | (212 397,00) | 2 143,00 | (2 668,00) |
| 315 A þrífasa | 257 500,00 | (320 588,00) | Skv. kostnaði | |
| 400 A þrífasa | 325 200,00 | (404 874,00) | – | |
| 710 A þrífasa | 590 500,00 | (735 173,00) | – | |
| 1200 A þrífasa | 1 001 500,00 | (1 246 868,00) | – | |

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Heimtaugagjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur: | Stofngjald kr.: Grunngjald | (m/vsk.) | Lengdargjald[1)2)] Jarðstrengur kr/m: Grunngjald | (m/vsk.) |
|---|---|---|---|---|
| 63 A einfasa | 9 283,00 | (11 557,00) | 1 458,00 | (1 815,00) |
| 63 A þrífasa | 12 919,00 | (16 084,00) | 1 458,00 | (1 815,00) |
| 100 A þrífasa | 13 715,00 | (17 075,00) | 1 783,00 | (2 220,00) |

A merkir málstraum stofnvara í amper. kVA merkir málraun spennis í kílóvoltamper, þegar um sérstaka spennistöð er að ræða.

Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði eða lóð undir stöðina bæjarveitunum að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum bæjarveitna um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

Þegar húsnæði er lagt til skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Eðlilegur kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af bæjarveitunum (í leiguformi t.d. fyrir lengri tíma) og kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Þegar aðalheimtaug er að ósk notanda breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug, að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

**IV. Opnunargjöld.**

1. Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá ekki verið greitt, þannig að beita þurfi reglugerðarákvæðum um lokun, skal greiða fyrir enduropnun kr. 1 154,00 (1 437,00).
2. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni tafarlaust lokað og verður hún eigi opnuð fyrr en notandi hefur greitt gjald kr. 1 154,00 (1 437,00) á skrifstofu bæjarveitna.
3. Fyrir uppsetningu á viðbótarmælitækjum, breytingar á mælingu svo og aðra þjónustu sem bæjarveitur veita að ósk notanda, skal greiða gjald kr. 1 154,00 (1 437,00).

1) Lengd heimtaugar reiknast 2 m inn fyrir húsvegg á þeim stað, sem bæjarveitur hafa samþykkt. Eigandi húseignar láti ganga frá röri til ídráttar á heimtaug, sé tengistaður heimtaugarinnar ekki á útvegg.

2) Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug og fyrir hvern stólpa innan lóðarmarka í loftlínuheimtaug.

4. Fyrir þá þjónustu B.V. sem veitt er utan venjubundins vinnutíma skal notandi aldrei greiða lægra gjald en sem samsvarar þreföldu gjaldi skv. 3. lið þessa kafla. Vari þjónustan lengur en 3 klst. skal greiða aukalega fyrir hverja klst. er samsvarar yfirvinnukaupi viðkomandi starfsmanna með launatengdum gjöldum.

**V. Ýmis ákvæði.**

1. Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjöld þau sem ákveðin eru í I., II. og III. kafla þessarar gjaldskrár, um allt að 20%, enda sé breytingin staðfest af iðnaðarráðuneytinu áður en til hennar kemur.
2. Gjaldskrá þessi er miðuð við raforkukaup samkvæmt samningi við Rafmagnsveitur ríkisins. Stöðvist flutningur raforku frá landi í samfleytt einn mánuð eða lengri tíma, hækkar rafmagnsverðið frá gildandi gjaldskrá um allt að 50% fyrir jafnlangan tíma.
3. Heimilt er, með samþykkt stjórnar veitunnar, að selja rafmagn samkvæmt sérstökum samningi.
4. Heimilt er að takmarka eða stöðva notkun tækja, sem valdið geta truflunum á veitukerfinu og/eða óþægindum hjá öðrum notendum.
5. Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls eða lágan ársnýtingartíma, geta Bæjarveitur Vestmannaeyja takmarkað val notenda við ákveðna gjaldskrárliði, eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu.
6. 24,5% virðisaukaskattur, er innifalið í gjaldskrá þessari, nema annað sé tekið fram.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til þess að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 433 16. september 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

30. september 1991 Nr. 475

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir sjóð til minningar um Odd Ólafsson.**

1. gr.

Sjóðurinn ber nafnið: Sjóður Odds Ólafssonar. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnaðilar sjóðsins eru: Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ), Hússjóður öryrkjabandalagsins og Samband íslenska berkla- og brjóstholssjúklinga (SÍBS).

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 15.000.000,00. Hver stofnaðili leggur sjóðnum til kr. 5.000.000,00 auk verðbóta í samræmi við breytingar á lánskjaravísitölu frá stofndegi til greiðsludags.

Stofnfé greiðist þannig, að hver stofnaðili greiðir á stofndegi sjóðsins kr. 1.000.000,00 og síðan eina milljón árlega, auk verðbóta á þá greiðslu, uns stofnframlagið er að fullu greitt. Gjafir og önnur framlög í sjóðinn skulu leggjast við höfuðstólinn.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja:

1. Rannsóknir á fötlun og fræðslu um hana.
2. Forvarnir í þágu fatlaðra og endurhæfingu þeirra.
3. Rannsóknarverkefni á sviði öndunarfærasjúkdóma og fræðslu um þá.
4. Forvarnir og endurhæfingu vegna öndunarfærasjúkdóma.
5. Fatlaða til framhaldsnáms og rannsóknarstarfa.

5. gr.

Stofnaðilar tilnefna hver um sig einn mann í stjórn og einn til vara til tveggja ára í senn. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnin fer með málefni sjóðsins og tekur ákvörðun um úthlutun úr honum. Hún auglýsir í fjölmiðlum eftir umsóknum, sem skulu studdar ítarlegri greinargerð um framkvæmd og markmið þess verkefnis sem um er að ræða.

Stjórnin skal halda gerðabók um alla starfsemi sjóðsins.

6. gr.

Úthluta skal árlega úr sjóðnum. Fyrsta úthlutun fer þó fram 1994, og er þá heimilt að úthluta öllum eignfærðum vöxtum. Stjórn sjóðsins er heimilt að fella niður úthlutun, að hluta eða öllu leyti, enda sé ástæða þess rökstudd í gerðabók sjóðsins.

7. gr.

Höfuðstóll sjóðsins er framlög stofnaðila og aðrar tekjur samkv. 3. gr. Stjórninni er ávallt skylt að ávaxta fjármuni hans með hagkvæmasta hætti.

Til úthlutunar styrkja má eingöngu verja vaxtatekjum sjóðsins. Höfuðstóllinn skal ávallt standa óskertur.

Falli úthlutun úr sjóðnum niður eitt ár, að hluta eða öllu leyti, er stjórninni heimilt að ráðstafa niðurfelldri úthlutunarupphæð til úthlutunar næsta ár, að öðrum kosti leggst hún við höfuðstólinn.

8. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stofnaðilar tilnefna hver um sig einn endurskoðanda fyrir sjóðinn til tveggja ára. Þeir skulu yfirfara og árita reikninga sjóðsins ásamt stjórnendum og löggiltum endurskoðanda.

9. gr.

Að tillögu stjórnar sjóðsins má aðeins breyta skipulagsskrá þessari ef allir stofnaðilar samþykkja það. Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til stofnaðila í hlutfalli við greidd stofnframlög.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. september 1991.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Akraness.**

## Tafla 1. Orku- og aflverð, fastagjöld og rofaleiga.

| Númer gjald-skrárl. | Heiti gjaldskrárliða | Orku-verð kr./kWst. | Árs-greiðslur | |
|---|---|---|---|---|
| | **A – Almenn notkun.** | | | |
| A | Með fastagjaldi | 7,00 | 2 075,00 | kr/ár |
| | **B – Heimilisnotkun o. fl.** | | | |
| B1. | Heimilisnotkun | 5,31 | 2 180,00 | kr/ár |
| B2. | Mannvirkjagerð og Akraneshöfn | 9,22 | 3 250,00 | kr/ár |
| | **C - Vélanotkun.** | | | |
| C3. | Stórnotkun (Afltaxti) | 1,99 | 6 403,00 | kr/kW/ár |
| | Fastagjald | 22 987,00 kr/ár | | |
| | **D - Húshitun.** | | | |
| D1. | Án rofs | 5,03 | 3 500,00 | kr/ár |
| D2. | Rof 1,5 klst. á dag | 2,71 | 3 500,00 | kr/ár |
| D3. | Rof 2,5 klst. á dag | 2,46 | 3 500,00 | kr/ár |
| D5. | Rof 14,5 klst. á dag | 1,54 | 3 500,00 | kr/ár |
| D6. | Sumarhitun rof 3 klst. á dag | 1,89 | 3 500,00 | kr/ár |
| D7. | Rof breytilegt | 2,24 | 3 500,00 | kr/ár |
| | **E - Annað.** | | | |
| E1. | Sérsamningar | | | |
| E2. | Gatna- og hafnarlýsing | | 23 100,00 | kr/kVa/ár |
| E3. | Lokun og enduropnun veitu | | 1 475,00 | kr |
| | **Mæla- og rofaleiga.** | | | |
| 10 | Einfasa | | 373,00 | kr/ár |
| 11 | Einfasa með liða | | 1 922,00 | kr/ár |
| 20 | Þrífasa | | 1 453,00 | kr/ár |
| 21 | Þrífasa með liða | | 2 849,00 | kr/ár |
| 24 | Þrífasa með straumspenni | | 3 634,00 | kr/ár |
| 30 | Þrífasa með aflmæli | | 2 281,00 | kr/ár |
| 31 | Þrífasa með aflmæli og straumspenni | | 4 424,00 | kr/ár |
| 32 | Ársleiga fyrir önnur tæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi búnaðar. | | | |

### Ákvæði og skýringar með töflu 1.

A. Til lýsingar véla og tækja í iðnaði, verslun og þjónustugreinum. Eftir þessum lið má einnig selja raforku til eldunar- og þvottatækja í sjúkrahúsum, elliheimilum, vistheimilum fyrir börn og gisti- og veitingahúsum.

B2. Til véla- og vinnuljósa, fyrir hús sem eru í byggingu. Einnig til véla við Akraneshöfn. Gjaldið miðast við hverja byrjaða 12 tíma og allt að 40% ástimplaða flutningsgetu tengla er verða 3×32 A og 3×50 A 3×63 A og 3×125 A 380 V.

C3. Til atvinnu með meira en 40kW ársafl. Gjaldstofn aflgjalds er úttekt í kílóvöttum. Ársafl reiknast hæsta meðalafl á 15 mín. Heimilt er að selja einnig rafmagn til lýsingar samkv. þessum taxta, að tilskyldu samþykki rafveitunefndar, en greiða skal þá þrefalt fastagjald.

**Hitanotkun.**

D. Öll sala raforku til hitunar er háð ákvörðun rafveitustjóra og rafveitunefndar m. a. með tilliti til:

a. að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar (forgangsorka).
b. að vélaafl, spennar og rafstrengir þoli álagið.
c. verðlags og hagkvæmni slíkrar sölu.
d. að straumur sé rofinn á álagstímum með sjálfvirkum búnaði og notandinn kosti tengingu slíks búnaðar og greiði leigu af honum.
e. að tæki, lagnir og allur hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum. Ofnar séu fasttengdir, hafi rofa og hitastilla.
f. að notkun sé eigi minni en 6 000 kWst. á ári. Undanþeginn þessu ákvæði er liður D1. Ef notkun er minni er rafveitunni heimilt að krefjast gjalds fyrir 6 000 kWst. á ári, eða færa notkunina yfir á D1.
g. að notendur fái skriflegt leyfi (hitaleyfi) fyrir slíka notkun. Ef tvö ár líða frá útgáfu hitaleyfis, án þess að notkun sé hafin, fellur leyfið úr gildi. Sama gildir ef leyfi er ekki notað í tvö ár.

D3. Eftir þessum lið má einnig selja raforku með blönduðu rofi, þannig að hluti notkunar sé rofinn í 14,5 klst. á sólarhring, en á móti sé a. m. k. jafnmikið afl órofið.

D6. Fyrir notkun sem eingöngu fer fram á tímabilinu frá 1. maí til 15. október ár hvert. Einnig má selja eftir þessum lið orku, sem rafveitunni er heimilt að rjúfa að vild.

**E. Annað.**

E1. Ef sérstaklega stendur á getur notandi leitað eftir samningi um raforkukaup. Rafveitustjóra er heimilt að leyfa tengingu einstakra tækja við kerfi rafveitunnar án mælis, um stundarsakir, að því tilskyldu að greiðsla komi fyrir í samræmi við áætlaða notkun tækisins.

E2. Gjald miðast við uppsett afl til úti- og götulýsingar. Lýsing þessi stjórnast af ljósnemabúnaði rafveitunnar. Auk rafmagnskostnaðar er allur eðlilegur viðhaldskostnaður lýsingarkerfisins innifalinn í verðinu, en notandi greiðir stofnkostnað að fullu. Þó ákveður bæjarstjórn greiðslu fyrir gatna- og hafnarlýsingu að fengnu áliti rafveitunefndar.

E3. Hafi gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari ekki verið greidd svo að til lokunar veitu hafi komið, skal taka gjald fyrir enduropnun samkv. þessum lið. Ef við skoðun finnast óleyfileg eða of stór vör í veitu skal henni lokað tafarlaust og ekki má opna hana aftur fyrr en úr hefur verið bætt og gjald samkvæmt þessum lið greitt á skrifstofu rafveitunnar.

E4. Á hafnarsvæðinu er heimilt að selja rafmagn til skipa samkvæmt blönduðum taxta á þann hátt að allt að 85% notkunar reiknist á hitataxta D1, en a. m. k. 15% notkunar reiknast á taxta B2.
Slík sala er háð samþykki rafveitustjóra, hann skal ákvarða skiptingu milli fyrrnefndra tveggja taxta innan þeirra marka er að framan getur og ganga úr skugga um að hitanotkun sé í samræmi við þá skiptingu.

E5. Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma.

**Mæla- og rofaleiga.**

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann. Gjaldskráin miðast við að meðalfasviksstuðul hvers mánaðar hjá kaupanda sé ekki lægri en 0,9. Falli meðalfasviksstuðull niður fyrir þetta gildi, skal kílówattsstundaverð umrædds mánaðar hækka um 56 aura fyrir hvert tímabil mánaðarins sem fer niður fyrir slíkt lágmark.

**Tafla 2. Tenging við veitukerfið (heimtaugar).**

| Gjald-skrár-liður | Mál-straumur 220 V | Aðalvari 380 V kerfi | Flutnings-geta miðað við stærð aðalvara | Tengigjald jarðstrengs-heimtaugar allt að 15 m |
|---|---|---|---|---|
| nr. | amp. | amp. | kVa. | kr. |
| 2.01 | 2 × 35 | 1 × 35 | 7 | 23 730,00 |
| 2.02 | 2 × 60 | 1 × 60 | 13 | 28 150,00 |
| 2.03 | 3 × 60 | | 22 | 34 200,00 |
| 2.04 | 3 × 100 | 3 × 60 | 38 | 48 000,00 |
| 2.05 | | 3 × 100 | 66 | 69 000,00 |
| 2.06 | 2 × 200 | | 76 | 77 000,00 |
| 2.07 | 3 × 350 | 3 × 200 | 132 | 122 000,00 |
| 2.08 | | 3 × 350 | 231 | 200 000,00 |
| 2.09 | Bráðabirgðaheimtaug | | 1 × 35 Amp. | 8 770,00 |
| 2.10 | Bráðabirgðaheimtaug | | 3 × 35 Amp. | 16 800,00 |
| 2.11 | Bráðabirgðaheimtaug | | 3 × 60 Amp. | 29 800,00 |
| 2.12 | Tenging v/Akraneshöfn | | | 1 910,00 |
| 2.13 | Yfirlengd heimtaugar (1 073,00+10,73×kVa) kr./m | | | |

**Tafla 3. Tenging við veitukerfið (spennistöð).**

| Gjaldskrárliður nr. | Stærð spennis kVa | kr. |
|---|---|---|
| 3.01 | 150 | 158 000,00 |
| 3.02 | 300 | 232 000,00 |
| 3.03 | 500 | 470 000,00 |
| 3.04 | 600 | 540 000,00 |
| 3.05 | 800 | 720 000,00 |

**Ákvæði og skýringar með töflu 2 og 3.**

a. Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar eða spennistöðvar fyrir húsveitu.

b. Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við stíg eða götu stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

c. Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal greiða fullt gjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin er gerð. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu leiðir.

d. Tengigjald samkvæmt töflu 3 skal reikna þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leiti í þágu eins notanda. Skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir stöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra. Húsnæðið skal fullnægja öllum kröfum um gerð spennistöðvarhúsa. Kostnaður notenda við gerð húsnæðis kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en tengigjaldi nemur.

e. Þessi gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum innan Akraneskaupstaðar. Í óskipulögðum hverfum greiðist tengigjald samkv. kostnaði. Tengigjald fellur í gjalddaga þegar lagningu heimtaugar eða byggingu spennistöðvar er lokið.

**Ýmis ákvæði.**

Hækki innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 60% af þeirri hækkun. Hækki tilkostnaður rafveitunnar vegna almennra verðhækkana er rafveitunefnd heimilt að hækka gjaldskrá þessa um allt að 40% af þeirri hækkun og skal viðmiðun vera vísitala byggingarkostnaðar. Fyrrnefnd viðmiðun miðast við verðlag 1.

september 1983. Breyting og hækkun gjaldskrár samkvæmt ofanrituðu, er því aðeins gild að til komi samþykki iðnaðarráðuneytisins. Á gjöld þessi leggst virðisaukaskattur 24,5%, nema á húshitun, sem er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi 15. október 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 332, 5. júlí 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 477 1. október 1991

# REGLUGERÐ

**um flugvallagjald og eldsneytisgjald.**

1. gr.

Flugvallagjald skal vera kr. 1.250,00 fyrir hvern farþega sem ferðast frá Íslandi til annarra landa.

Fyrir hvern farþega í innanlandsflugi og í flugi til Færeyja og Grænlands skal flugvallagjald vera kr. 165,00.

Fyrir farþega á aldrinum tveggja til tólf ára skal greiða hálft gjald en fyrir yngri farþega skal ekkert gjald greiða.

2. gr.

Eldsneytisgjald skal vera kr. 1,60 af hverjum lítra flugbensíns og kr. 0,80 af hverjum lítra þotueldsneytis.

3. gr.

Um innheimtu gjalda samkvæmt 1. og 2. gr., skil þeirra, viðurlög og aðra framkvæmd samkvæmt reglugerð þessari, gilda ákvæði laga nr. 31/1987 um flugmálaáætlun og fjáröflun til framkvæmda í flugmálum.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 15. gr. laga nr. 31/1987, sbr. einnig 5., 8. og 9. gr. sömu laga, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1991. Frá sama tíma fellur reglugerð nr. 426/1989 úr gildi.

*Samgönguráðuneytið, 1. október 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 54 – 1991



# REGLUGERÐ

**um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða.**

1. gr.

Hugtakaskilgreiningar:

1. „Kaupgengi": er innlausnarvirði hlutdeildarskírteina að frádreginni þóknun eins og kveðið er á um í rekstrarsamningi milli verðbréfasjóðs og verðbréfafyrirtækis.
2. „Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina": er markaðsvirði samanlagðra eigna í verðbréfasjóði að frádregnum skuldum hans við innlausn samkvæmt 23. gr. laga nr. 20/1989, sbr. þó 1. tl. þessarar greinar.
3. „Sölugengi": er söluverð hlutdeildarskírteina að teknu tilliti til lögboðinna stimpilgjalda.
4. „Markaðsvirði": er skráð eða áætlað andvirði verðbréfs á verðbréfamarkaði á hverjum tíma sbr. og 2. og 3. gr. þessarar reglugerðar.
5. „Niðurfærslureikningur eigna" er reikningur sem skylt er að mynda í verðbréfasjóði, eða sérhverri sjóðsdeild, þar sem færð eru almenn og sérstök tillög í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.
6. „Almenn tillög": merkir almenn tillög verðbréfasjóðs, eða sjóðsdeildar, sem mynduð eru til að mæta þeirri almennu tapshættu sem talin er vera innan sérhvers áhættuflokks samkvæmt 4. og 5. gr. þessarar reglugerðar.
7. „Sérstök tillög": merkir sérstök tillög verðbréfasjóðs, eða sjóðsdeildar, sem mynduð eru vegna sérstakrar tapshættu í einstökum málum sem verður innnan sérhvers áhættuflokks samkvæmt 4. gr. þessarar reglugerðar vegna krafna sem líklegt er talið að muni ekki innheimtast, að hluta eða öllu leyti, sbr. 5. grein.

2. gr.

Markaðsverðbréf sem skráð eru á opinberu verðbréfaþingi eða á verðbréfamörkuðum, skulu metin samkvæmt því kaupgengi sem er ríkjandi á markaðnum á hverjum tíma. Þegar skráð er bæði kaup- og sölugengi verðbréfa skal miðað við miðgengi sem er meðaltal kaup- og sölugengis.

Önnur verðbréf en um getur í 1. mgr. skulu metin með hliðsjón af þeirri ávöxtunarkröfu sem þau voru keypt á að viðbættri, eða frádreginni, þeirri breytingu sem orðið hefur að meðaltali á ávöxtunarkröfu markaðsverðbréfa, sbr. 1. mgr. frá þeim tíma sem þau voru keypt, sbr. ennfremur 3. gr. þessarar reglugerðar.

Við mat á verðbréfaeign samkvæmt þessari gr. skal taka tillit til sérstakra aðstæðna, sem geta haft áhrif til lækkunar á verðmæti verðbréfaeignar, til dæmis þegar fyrir liggur að breyta þurfi verðbréfaeign í laust fé með skömmum fyrirvara.

3. gr.

Verðbréfafyrirtæki skulu mynda niðurfærslureikning eigna fyrir sérhvern verðbréfasjóð, eða sjóðsdeild, sem verðbréfafyrirtæki hefur gert rekstrarsamning um, til að tryggja eigendum



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

hlutdeildarskírteina rétt innlausnarvirði við innlausn og rétt gengi hlutdeildarskírteina á hverjum tíma. Leyfð frávik í gengisútreikningi eru allt að 0,80% og skulu þau leiðrétt innan þriggja mánaða.

Tillög í niðurfærslureikning skulu vera vegna allra verðbréfa verðbréfasjóðs, eða sjóðsdeildar, svo og vegna allra annarra kröfuréttinda sem í þeirra eigu eru eins og nánar er kveðið á um í 5. gr. þessarar reglugerðar.

4. gr.

Tillög samkvæmt 5. gr. skulu vera breytileg og taka mið af eftirfarandi áhættuflokkun:

**Flokkur A:** *Markaðsverðbréf, veðskuldabréf og önnur sérstök verðbréf með sjálfsskuldarábyrgð.*

A.1. Veðskuldabréf og önnur verðbréf með sjálfsskuldarábyrgð eftirtalinna aðila:

A.1.1. Ríkissjóður og stofnanir ríkisins enda sé um að ræða beina ábyrgð ríkisins á skuldbindingum þeirra

1.2. Sveitarfélög, enda fari skuldir að frádregnum veltufjármunum ekki fram úr 50% af sameiginlegum tekjum og íbúafjöldi þeirra sé a.m.k 1000 íbúar.

1.3. Fjármálastofnanir er hafa fengið starfsleyfi samkvæmt sérstökum lögum s.s. viðskiptabankar, sparisjóðir, eignarleigufyrirtæki og vátryggingarfélög.

1.4. Fyrirtæki með 30% eiginfjárhlutfall, veltufjárhlutfall sé 1,2 hið lægsta og eigið fé að lágmarki 350 millj. króna samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi.

A.2. Fasteignaveðskuldabréf með tryggingum samkvæmt eftirfarandi flokkun:

A.2.1. Fasteignaveð á höfuðborgarsvæðinu. Höfuðborgarsvæði telst vera Reykjavík, Kópavogur, Hafnarfjörður, Seltjarnarnes, Garðabær, Bessastaðahreppur og Mosfellsbær-.Veðmörk heildarveðsetninga skulu vera eigi hærri en 60% af fasteignamati eða 60% af sölumati fasteigna.

A.3. Hlutabréf og hlutdeildarskírteini.

A.3.1. Hlutabréf sem skráð eru á Verðbréfaþingi Íslands, sbr. reglur nr. 166/1990 og reglur settar samkvæmt þeim, eða eru skráð opinberlega á verðbréfamarkaði erlendis.

A.3.2. Hlutdeildarskírteini innlendra verðbréfasjóða sem starfa samkvæmt lögum nr. 20 4. apríl 1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði svo og hlutdeildarskírteini erlendra verðbréfasjóða sem eingöngu fjárfesta í verðbréfum sem skráð eru á opinberum verðbréfamarkaði.

**Flokkur B:** *Veðskuldabréf og önnur verðbréf með sjálfsskuldarábyrgð.*

B.1. Veðskuldabréf og önnur verðbréf með sjálfsskuldarábyrgð eftirtalinna aðila:

B.1.1. Sveitarfélög sem falla ekki undir flokk A.1.2.

1.2. Fyrirtæki sem falla ekki undir flokk A.1.4., en hafa 30% eiginfjárhlutfall, veltufjárhlutfall sé 1,2 og eigið fé að lágmarki 150 milljónir króna samkvæmt endurskoðuðum ársreikningi.

B.2. Fasteignaveðskuldabréf með eftirfarandi flokkun:

B.2.1. Fasteignaveðskuldabréf með tryggingum í fasteignum öðrum en samkvæmt A.flokki, sbr. A.2.1. og innan sömu veðmarka og þar eru.

**Flokkur C:** *Önnur verðbréf.*

C.1. Hlutabréf.

C.1.1. Hlutabréf sem ekki eru skráð á Verðbréfaþingi Íslands eða sem ekki eru skráð opinberlega á verðbréfamarkaði erlendis.

C.2. Önnur verðbréf.
C.2.1. Önnur verðbréf með ábyrgð og útgefin af einstaklingum, fyrirtækjum eða stofnunum.

Ráðherra er heimilt, að fenginni umsögn bankaeftirlits Seðlabanka Íslands og Samtaka íslenskra verðbréfafyrirtækja, að bæta við áhættuflokkum eftir því sem nauðsynlegt þykir.

5. gr.

Tillög í niðurfærslureikning eigna skulu færð í samræmi við auglýsingu bankaeftirlits Seðlabanka Íslands sem það birtir starfandi verðbréfafyrirtækjum. Tillög í niðurfærslureikning eigna skulu vera:

1. Almenn tillög reiknuð í hundraðshlutum af bókfærðri heildarfjárhæð verðbréfa að frádregnum sérstökum tillögum sbr. 2. tl. þessarar greinar.
2. Sérstök tillög reiknuð í hundraðshlutum af vanskilum, þ.e. gjaldföllnum eftirstöðvum verðbréfa ásamt vöxtum. Tillög tengd vanskilum skulu reiknuð fyrir hvern byrjaðan mánuð sem vanskil hafa staðið en þó ekki fyrr en að liðnum fyrstu 6 mánuðum vanskila. Þegar vanskil sem sérstök tillög reiknast af hafa staðið í eitt ár, eða lengur, skal hætt að tekjufæra dráttarvexti svo og þóknanir, og skal krafan þá standa óbreytt í bókhaldi verðbréfasjóðsins, eða sjóðsdeildarinnar, þangað til ljóst verður hversu hátt hlutfall höfðustóls og vaxta innheimtist.

Leiðrétta skal þó sérstök tillög í niðurfærslureikning á þriggja mánaða fresti í samræmi við skriflegt mat sem yfirfarið er af löggiltum endurskoðanda verðbréfasjóðs.

Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er heimilt, að fenginni umsögn frá Samtökum íslenskra verðbréfafyrirtækja að kveða nánar á um tillög samkvæmt þessari grein.

6. gr.

Verðbréfafyrirtæki sem annast rekstur verðbréfasjóðs er skylt að reikna út kaupgengi, innlausnarvirði og sölugengi hlutdeildarskírteina þeirra verðbréfasjóða sem það annast rekstur á.

Ávallt skulu liggja fyrir upplýsingar um kaupgengi, innlausnarvirði og sölugengi hlutdeildarskírteina svo og upplýsingar um umsýslu- og stjórnunarkostnað í verðbréfasjóðnum, eða sjóðsdeild, til upplýsingar fyrir eigendur hlutdeildarskírteina.

7. gr.

Allar fjárhæðir í reglugerð þessari eru miðaðar við lánskjaravísitölu 3194 og skulu þær breytast í hátt við breytingar sem verða á henni og auglýstar eru af Seðlabanka Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 23. gr. laga nr. 20 4.apríl 1989 um verðbréfaviðskipti og verðbréfasjóði, og öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skal gefa út auglýsingu samkvæmt 5. gr. þessarar reglugerðar innan sex mánaða frá gildistöku hennar. Verðbréfafyrirtæki fyrir hönd verðbréfasjóðs skulu hafa lokið aðlögun að ákvæðum reglugerðarinnar og auglýsingar bankeftirlitsins innan 18 mánaða frá gildistöku þessarar reglugerðar.

*Viðskiptaráðuneytið, 24. október 1991.*

**Jón Sigurðsson.**

*Björn Friðfinnsson.*

# VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 528 28. desember 1990 um loðnuveiðar.**

1. gr.

Aftan við 8. gr. reglugerðarinnar komi ný grein er orðist svo:

Frá 26. október 1991 uns annað verður ákveðið er íslenskum loðnuskipum, sem leyfi hafa til loðnuveiða skv. 1. gr. regl. 528/1990, heimilt að veiða samtals 187.200 lestir af loðnu.

Frá 26. október 1991 eru allar loðnuveiðar bannaðar á eftirgreindum svæðum fyrir Norðurlandi: 1. Fyrir sunnan 67°30'N milli 20°V og 24°V. 2. Fyrir sunnan 67°45'N milli 18°V og 19°V.

2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi er settur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón B. Jónasson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 55 - 1991



# AUGLÝSING

**um samkomulag um innheimtu og yfirfærslu skatta, sbr. 20. grein í samningi milli Norðurlanda um aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989.**

Til að framfylgja samningi Norðurlanda um gagnkvæma aðstoð í skattamálum frá 7. desember 1989 hefur eftirfarandi samkomulag verið gert milli Danmerkur, Færeyja, Finnlands, Íslands, Noregs og Svíþjóðar, skv. 20. gr. nefnds samnings:

## I. UPPHAFSÁKVÆÐI

### 1. gr.

**Skattar sem samkomulagið tekur til.**

Samkomulag þetta tekur til skatta af tekjum, sem samningurinn milli Norðurlandanna frá 12. september 1989 nær yfir, til að komast hjá tvísköttun að því er varðar skatta á tekjur og eignir (hér eftir kallaður „tvísköttunarsamningurinn").

### 2. gr.

**Skilgreiningar.**

1. Í beitingu þessa samkomulags merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

a) „skattur" merkir endanlega álagningu eða staðgreiðsluskatt, sem greiddur er og kemur til frádráttar við endanlega álagningu; ef aðeins er átt við endanlega álagningu eða staðgreiðsluskatt eru hugtökin „endanleg álagning" og „staðgreiðsluskattur" notuð þar sem staðgreiðsla skatta á launatekjur, eru lögð að jöfnu við endanlega álagningu og staðgreiðsluskatt;
b) „heimilisfesturíki" merkir það aðildarríki, sem aðili er heimilisfastur í;
c) „atvinnuríki" merkir það aðildarríki, annað en heimilisfesturíki, þar sem aðili innir af hendi starf, sem samkomulag þetta nær yfir;
d) „umsóknarríki" merkir það aðildarríki, sem ber fram beiðni til annars aðildarríkis um skattayfirfærslu;
e) „beiðniríki" merkir það aðildarríki, sem fær beiðni frá öðru aðildarríki um skattayfirfærslu.

2. Að staðgreiðsluskattur sé greiddur merkir í samkomulagi þessu að skatturinn sé innborgaður eða að hann hafi verið dreginn frá launum launþega og haldið eftir.

3. Önnur hugtök, sem notuð eru í samkomulagi þessu og einnig koma fyrir í tvísköttunarsamningnum, skulu hafa þá merkingu, sem þau hafa í síðastnefnda samningi.

4. Við beitingu aðildarríkis á þessu samkomulagi skal, nema annað leiði af samhenginu, sérhvert hugtak, sem ekki er skilgreint í 1. - 3. tl., hafa þá merkingu sem hugtakið hefur samkvæmt löggjöf hlutaðeigandi ríkis varðandi þá skatta, sem samkomulagið tekur til.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

II. SKATTINNHEIMTA

3. gr.

**Ríki þar sem krefjast má staðgreiðsluskatta.**

1. Þegar aðili heimilisfastur í einu aðildarríkjanna þiggur laun fyrir starf, sem innt er af hendi í öðru aðildarríkjanna, og heimilisfesturíkið telur að starfið, í eitt eða fleiri skipti, muni á tólf mánaða tímabili samtals ekki vara lengur en 183 daga og launin eru greidd af eða fyrir hönd atvinnurekanda með heimilisfesti í síðastnefnda ríkinu, skal staðgreiðsluskattur greiðast til heimilisfesturíkis. Skattayfirvald í atvinnuríki skal í því tilviki ekki krefjast staðgreiðsluskatts, ef sýnt er með skriflegri tilkynningu frá skattayfirvaldi í heimilisfesturíki að frádráttur vegna staðgreiðsluskatts sé gerður þar. Ef atvinnuríkið viðurkennir álit heimilisfesturíkis samkvæmt fyrstu málsgrein, getur atvinnuríkið látið hjá líða að krefjast staðgreiðsluskatts, þó svo að tilkynningu samkvæmt annarri málsgrein hafi ekki verið skilað. Ef frádráttur vegna staðgreiðsluskatts er ekki lengur gerður í heimilisfesturíki, skal skattayfirvald þar upplýsa skattayfirvald í atvinnuríki um það strax og það fær vitneskju þar um.

2. Ákvæðum 1. tl. skal ekki beitt ef skattayfirvald í heimilisfesturíki telur að launagreiðslur eigi að réttu að gjaldfærast hjá fastri atvinnustöð eða fastri stofnun í atvinnuríkinu.

3. Komi fram í upplýsingum frá vinnuveitanda eða á annan hátt, að forsendur séu ekki lengur fyrir frádrætti vegna skatts í heimilisfesturíki samkvæmt 1. tl. eða að slíkur frádráttur sé ekki gerður, getur atvinnuríkið krafist staðgreiðsluskatts. Áður en slíkur frádráttur er gerður, skal skattayfirvald í atvinnuríki tilkynna skattayfirvaldi í heimilisfesturíki um breyttar aðstæður og að slíks skatts verði krafist í atvinnuríkinu.

4. Ef staðgreiðsluskatti hefur verið haldið eftir í atvinnuríkinu samkvæmt 3. tl., skal skattayfirvald síðastnefnda ríkis tilkynna skattayfirvaldi heimilisfesturíkis strax og það fær vitneskju um að starfi sé lokið.

4. gr.

**Kröfur um staðgreiðsluskatt í atvinnuríki.**

1. Þegar laun skulu skattlögð í atvinnuríki samkvæmt ákvæðum 21. greinar 7. tl. tvísköttunarsamningsins getur síðastnefnda ríki krafist staðgreiðsluskatts. Hið sama gildir, eins og átt er við í 3. grein 1. tl., þegar laun eru greidd af eða fyrir hönd atvinnurekanda sem ekki er heimilisfastur í atvinnuríkinu eða í heimilisfesturíki launþega.

2. Telji skattayfirvald í atvinnuríki að staðgreiðsluskattur greiðist eða muni greiðast í atvinnuríkinu samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal það yfirvald tilkynna skattayfirvaldi í heimilisfesturíki launþega að svo sé. Þegar síðastnefnda skattayfirvald hefur fengið slíka tilkynningu skal staðgreiðsluskatts ekki krafist í heimilisfesturíki launþega.

5. gr.

**Útleiga á vinnuafli.**

1. Telji skattayfirvald í atvinnuríki að um útleigu sé að ræða á vinnuafli getur það haldið eftir staðgreiðsluskatti þar. Launþegi, samkvæmt 3. grein 1. tl., telst leigður út ef einhver aðili (útleigjandi) ráðstafar honum til vinnu í starfsemi annars aðila í atvinnuríkinu (verkkaupandi, svo fremi sem hann er heimilisfastur eða hafi fasta atvinnustöð í atvinnuríkinu) og útleigjandi er hvorki ábyrgur fyrir né ber áhættu af árangri vinnunnar.

2. Við ákvörðun á því, hvort launþegi skuli talinn útleigður, skal gert heildarmat og sérstaklega haft hliðsjón af hvort:

a) heildarverkstjórn sé í höndum verkkaupanda;
b) vinna sé innt af hendi á vinnustað, sem verkkaupandi hefur til umráða og ber ábyrgð á;
c) greiðsla til útleigjanda reiknist út eftir nýttum starfstíma eða út frá öðrum tengslum milli greiðslunnar og launa launþega;

d) verkkaupandi leggi til megnið af verkfærum og efni; og
e) útleigjandi ákveði ekki einhliða fjölda launþega og hvaða hæfniskröfur skulu gerðar til þeirra.

3. Skattayfirvald í atvinnuríki skal tilkynna skattayfirvaldi í heimilisfesturíki um að staðgreiðsluskattur greiðist í atvinnuríki. Hafi slík tilkynning borist skal heimilisfesturíki ekki krefjast staðgreiðsluskatts á launin.

6. gr.
**Innbyrðis samkomulag vegna ágreinings um innheimtu staðgreiðsluskatts.**

1. Ef skattayfirvald aðildarríkis, sem, samkvæmt ákvæðum hér að ofan, á að láta hjá líða að krefjast staðgreiðsluskatts, samþykkir ekki ákvörðun skattayfirvalds annars aðildarríkis, skal málið leyst með innbyrðis samkomulagi milli bærra stjórnvalda þessara aðildarríkja.
2. Nema bær stjórnvöld komist að öðru samkomulagi skal, þar til málið leysist, skatts ekki krafist í:

a) atvinnuríki, ef málið skal útkljáð samkvæmt ákvæðum í 3. gr.;
b) heimilisfesturíki, ef málið skal útkljáð samkvæmt ákvæðum 4. eða 5. gr.

7. gr.
**Landamærafarar.**

Ef tvísköttunarsamningurinn eða sérstakt samkomulag milli aðildarríkjanna inniheldur ákvæði um skattlagningu launa sem svonefndir landamærafarar með heimilisfestu í einu aðildarríki þiggja fyrir persónulegt starf, sem innt er af hendi í öðru aðildarríki, skal ákvæðum 3.–6. greinar ekki beitt á slík laun.

III. SKATTAYFIRFÆRSLA
8. gr.
**Almennt um skattayfirfærslu.**

Hafi skattur vegna tekna verið greiddur í aðildarríki má, eftir beiðni bærs stjórnvalds í öðru aðildarríki, yfirfæra þennan greidda skatt til síðarnefnds ríkis og telja til tekjuskatts skattskylds aðila þar.

9. gr.
**Beiðni um skattayfirfærslu á staðgreiðsluskattsstigi.**

1. Hafi staðgreiðsluskattur verið greiddur í öðru aðildarríki en því, sem samkvæmt tvísköttunarsamningnum á rétt á endanlegri álagningu, skal, eftir beiðni síðastnefnds ríkis, yfirfæra skattinn til þessa ríkis.
2. Beiðni samkvæmt 1. tl. skal hafa borist bæru stjórnvaldi í Danmörku í síðasta lagi 1. febrúar og í hinum aðildarríkjunum í síðasta lagi 1. september árið eftir tekjuárið.
3. Ekki skal yfirfæra hærri upphæð en, með tilliti til tekna skattskylds aðila, hefði átt að greiða sem staðgreiðsluskatt tekna samkvæmt löggjöf umsóknarríkis. Ekki skal heldur yfirfæra hærri upphæð en greidd hefur verið sem staðgreiðsluskattur tekna í beiðniríkinu. Séu atvinnutekjur undanskildar skattlagningu í beiðniríkinu, hindrar það ekki yfirfærslu á staðgreiðsluskatti, eins og vitað var á innheimtutíma að hefði átt að greiðast í síðastnefnda ríki.

10. gr.
**Beiðni um skattayfirfærslu að staðgreiðsluskattsstigi loknu en innan þriggja ára frá lokum tekjuárs.**

1. Komi beiðni um skattayfirfærslu eftir þann tíma, sem nefndur er í 9. grein, en innan þriggja ára frá lokum tekjuárs, skal, með þeim takmörkunum sem leiða af 2. tl., yfirfæra skatt

sem greiddur hefur verið vegna tekna í beiðniríki til þess ríkis sem hefur forgangsrétt á að skattleggja tekjurnar samkvæmt tvísköttunarsamningnum.

2. Beiðníríkið getur takmarkað yfirfærsluna við þá upphæð sem greiddur skattur í síðastnefnda ríki er hærri en sem nemur þeim skattakröfum tekjuársins, sem eftir eru þegar tekjur hafa verið undanskildar skattlagningu, eða, ef frádráttaraðferðin er notuð til að koma í veg fyrir tvísköttun, frádráttur hefur verið leyfður við endanlega álagningu á tekjur í umsóknarríkinu. Frádráttarupphæðin getur þó takmarkast við þann hluta tekjuskatts (útreiknaður án frádráttar) í beiðniríki, sem lagður er á þær tekjur sem má skattleggja í umsóknarríkinu.

11. gr.

**Beiðni um skattayfirfærslu að þremur árum liðnum eftir lok tekjuárs.**

Komi beiðni um skattayfirfærslu að þremur árum liðnum eftir lok tekjuárs getur yfirfærsla átt sér stað samkvæmt ákvæðum 10. greinar. Yfirfærsluupphæðin getur þó í slíku tilfelli einnig verið takmörkuð með tilliti til annarra krafna sem beiðniríkið á um skatta og gjöld og ekki eru álögð á tekjuárinu.

12. gr.

**Endurgreiðsla.**

1. Hafi staðgreiðsluskattur fyrir sömu tekjur verið greiddur í fleiri aðildarríkjum, skal það ríki endurgreiða hann, sem samkvæmt ákvæðum 6. greinar ekki á kröfu á skatti.

2. Komi upp mál í aðildarríki um endurgreiðslu skatts, og annað aðildarríki gerir kröfu um skattinn, skal endurgreiðslu frestað meðan beðið er eftir að síðastnefnt ríki leggi fram beiðni um yfirfærslu á skattinum innan þess tíma sem kveðið er á um í 9. grein 2. tl. Ef skattskyldur aðili fer sjálfur fram á endurgreiðslu skatts er 3. tl. beitt.

3. Ef endurgreiðsla á ofgreiddum skatti á sér stað í einu aðildarríki vegna tekna aflaðra í öðru aðildarríki, og hafi síðastnefnda ríki ekki lagt fram beiðni um skattayfirfærslu, skal því ríki tilkynnt um það áður en endurgreiðsla á sér stað. Hafi fyrrnefnt ríki ekki móttekið slíka yfirfærslukröfu innan 30 daga frá því að tilkynning var send, getur endurgreiðsla átt sér stað.

13. gr.

**Vextir.**

Beiðniríki er ekki skyldugt að greiða vexti á þær skattupphæðir, sem eru yfirfærðar samkvæmt 8.–10. grein. Umsóknarríki getur ekki heldur krafist vaxta á slíkar skattupphæðir.

IV. ÖNNUR ÁKVÆÐI

14. gr.

**Tilkynningar og beiðnir.**

1. Tilkynning samkvæmt 3.–6. grein skal innihalda upplýsingar um:

a) nafn launþega, fæðingardag og -ár (kennitölu), heimilisfang og skattalegt heimili í báðum ríkjunum;
b) nafn vinnuveitanda og heimilisfang í báðum ríkjunum; og
c) tímabil, sem staðgreiðsluskattur hefur verið greiddur.

Tilkynning skal eins og kostur er einnig innihalda kennitölu launþega í báðum ríkjunum og vinnuveitandanúmer (eða kennitölu ef svo stendur á) vinnuveitanda í báðum ríkjunum.

Telji skattayfirvald veittar upplýsingar ekki fullnægjandi til að grundvalla megi úrskurð um að frádráttur vegna staðgreiðsluskatts skuli ekki eiga sér stað, skal skattayfirvaldi hins ríkisins tilkynnt um það þegar í stað.

2. Tilkynningar samkvæmt 12. grein 3. tl. skulu innihalda upplýsingar um:
a) nafn skattskylds aðila, fæðingardag og -ár og heimilisfang í beiðniríki;
b) nafn veinnuveitanda og heimilisfang í báðum ríkjunum ef kostur er;
c) tekjur og tekjutímabil sem endurgreiðslan nær yfir; og
d) hjúskaparstétt skattskylds aðila.
3. Beiðni um skattayfirfærslu samkvæmt 9. - 11. grein skal innihalda upplýsingar um:
a) nafn skattskylds aðila, fæðingardag og -ár (kennitölu) og heimilisfang í umsóknarríki;
b) nafn vinnuveitanda og heimilisfang í báðum ríkjunum ef kostur er;
c) tekjur og tekjutímabil sem staðgreiðsluskattur hefði átt að greiðast af í umsóknarlandi; og
d) upphæð sem á að yfirfæra.
4. Tilkynningar og beiðnir samkvæmt þessu samkomulagi sendist gegnum bært yfirvald.

15. gr.
**Nánari framkvæmd.**

Bær stjórnvöld geta komið sér saman um nánari beitingu ákvæða samkomulags þessa.

16. gr.
**Gildistaka.**

Samkomulag þetta öðlast gildi þrjátíu dögum eftir þann dag er bær stjórnvöld í aðildarríkjunum hafa ritað undir það.

Þetta samkomulag er gert í sjö eintökum, í einu eintaki á dönsku, færeysku, finnsku, íslensku, norsku og sænsku, á sænsku gilda tveir textar, einn fyrir Finnland og einn fyrir Svíþjóð, og skulu allir textar jafngildir.

Nuuk hinn 19. júní 1991

| | |
|---|---|
| Fyrir Danmörk: | Jonna Sneum |
| Fyrir Færeyjar: | Peter A. Lamhauge |
| Fyrir Finnland: | Hillel Skurnik |
| Fyrir Ísland: | Garðar Valdimarsson |
| Fyrir Noreg: | Martin Wikborg |
| Fyrir Svíþjóð: | Kerstin Bostrøm |

Framangreint sendist hér með öllum hlutaðeigandi til upplýsingar og eftirbreytni.

*Fjármálaráðuneytið, 2. september 1991.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Snorri Olsen.*

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Seyðisfjarðar.

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi hitaveitunnar. Einnig lætur hitaveitan í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða samkvæmt orkumæli . . . . . . . . . . . . kr. 2,77
fyrir hverja kílówattstund og jafnframt samkvæmt vatnsmæli . . . . . . . . . . . . . . . kr. 24,61
fyrir hvern rúmmetra vatns.

Framangreindir taxtar eru án niðurgreiðslu. Af íbúðarhúsnæði er niðurgreiðsla úr ríkissjóði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 0,99
fyrir hverja kílówattstund sem kemur til frádráttar á viðkomandi reikningi.

Hitaveitu Seyðisfjarðar er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra vatns er . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 158,00

Framangreind hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega.

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reikninga eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Heimæðagjöld fyrir Hitaveitu Seyðisfjarðar skulu vera sem hér segir:

Lágmarksgjald fyrir mælagrind og fyrstu 300 rúmmetra húsnæðis . . . . . kr. 82 470,00

Fyrir hvern rúmmetra húsnæðis fram yfir fyrstu 300 $m^3$ . . . . . . . . . . . . kr. 112,35

Við ákvörðun á rúmmálsstærð húsa skal miðað við fasteignamatsskrá og fyrir hús, sem ekki eru skráð í fasteignamati, skal miðað við teikningar húsa.

Ekki skal greiða rúmmálsgjald af óupphituðu húsnæði í hluta af húsi, svo sem vöruskemmum og öðru óupphituðu rými fram yfir stærð, sem nemur 300 $m^3$.

6. gr.

Nú er tengingu heimæðar lokið og er þá heimæðargjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest á hluta heimæðargjalds ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

7. gr.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notenda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 1 400,00

Heimilt er hitaveitunni að krefjast greiðslu þessarar áður en opnað er.

8. gr.

Hitaveitugjöld skv. 5. og 7. gr. í gjaldskránni eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar.

Allar taxta- og gjaldskrárbreytingar skulu hljóta staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

III. KAFLI

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

10. gr.

Hitaveita Seyðisfjarðar hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Seyðisfjarðar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Hitaveitu Seyðisfjarðar. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir misnotkun á heita vatninu.

IV. KAFLI

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af Hitaveitu Seyðisfjarðar og sett er samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 326, 3. júlí 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. október 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

10. október 1991 Nr. 482

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Húsavíkur.**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Húsavíkur selur afnot hitaorku úr hitakerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Húsavík og Reykjahreppi eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð staðfesta 25. maí 1970 um hitaveitu og hitalagnir í Húsavík.

2. gr.

Hitaveita Húsavíkur lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitustjóra.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers upphitunarkerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark, sem hemillinn er stilltur á.

Hitaveitan lætur húseigendum í té aukahemil, ef þess er óskað.

3. gr

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils þess, er um getur í 2. gr. Hitaveitan breytir stillingu vatnshemils eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðan verður hemilsstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári og skal beiðni um breytingu komið á framfæri við hitaveituna fyrir 1. janúar ár hvert.

Hámarksstilling hemils gildir allt árið, þótt orkunotkun verði minni, hluta úr ári.

II. KAFLI

4. gr.

Gjöld fyrir afnot af heita vatninu eru sem hér segir:

| | kr. |
|---|---|
| a. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 246,00 |
| b. Vatnsgjald á mánuði fyrir hvern mínútulítra í hámarksstillingu hemils | 558,00 |
| c. Vatnsgjald pr. m$^3$ . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 32,51 |

5. gr.

Vilji notandi fá meira rennsli í kranalögn en er á miðstöðvarkerfi getur hann fengið sérskammtara á kranavatnslögn hjá hitaveitunni. Kranavatnsskammtarar í sambandi við aðalhemil eru af 4 gerðum og gefa þeir eftirfarandi rennslishlutföll milli miðstöðvarkerfis og kranavatnslagnar:

| | |
|---|---|
| A . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.00/1.0 |
| B . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0.95/1.3 |
| C . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0.90/1.7 |
| D . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 0.85/2.8 |

Vatnsskammtur notanda (gjaldskammtur) er í þessum tilvikum reiknaður 1.0.

6. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða í Landsbanka Íslands á Húsavík.

Gjalddagi er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 7 daga frá gjalddaga.

III. KAFLI

7. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Húsavíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimaæð.

a) Fyrir hús, sem hafa olíu-, kola- eða rafmagnskynditæki fyrir 1. október 1970.

| | kr. |
|---|---|
| Hús allt að 300 m$^3$ að utanmáli . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 54 700,00 |
| Hús 300–2000 m$^3$ að utanmáli fyrir 300 m$^3$ . . . . . . . . . . . . . . . . | 54 700,00 |
| og . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 59,38 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |
| Hús stærri en 2 000 m$^3$ að utanmáli . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 155 000,00 |
| fyrir 2 000 m$^3$ og . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 44,31 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |

b) Fyrir önnur hús.

| | |
|---|---|
| Hús allt að 300 $m^3$ að utanmáli | 77 500,00 |
| Hús 300–2 000 $m^3$ að utanmáli | 77 500,00 |
| fyrir 300 $m^3$ og | 68,97 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |
| Hús stærri en 2 000 $m^3$ að utanmáli | 193 000,00 |
| fyrir 2 000 $m^3$ og | 59,39 |
| á hvern rúmmetra þar yfir. | |
| Stofngjald fyrir hvern aðrennslishemil umfram einn á sama inntaki er | 15 300,00 |

c) Sé um óupphitað rými að ræða í atvinnuhúsnæði, svo sem vöruskemmum og því um líku, skal heimæðargjald einungis reiknað af því rými er hita skal þó sé lágmarksgjald tekið samkvæmt 300 $m^3$ húsnæði. Verði hið upphitaða rými síðar stækkað þá komi til full gjaldtaka af þeirri aukningu.

8. gr.

Gjöld skv. 7. gr. eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar. Er hitaveitunefnd heimilt að breyta þeim í samræmi við þær breytingar, sem á nefndri vísitölu verða, að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins hverju sinni.

## IV. KAFLI

9. gr.

Nú eru leyfð afnot af hitaveitunni til annars en húshitunar, svo sem heyþurrkunar eða ræktunar og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Virðisaukaskattur, 24,5%, innheimtist samkvæmt lögum þar að lútandi.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveita Húsavíkur hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð notanda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný, greiðir sá sem í vanskilum er, .... kr. 1 760,00 í hvert skipti.

12. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Húsavíkur skal hvenær sem er frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 449, 26. september 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 380, 8. ágúst 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Húsavíkur.**

**Raforkuverð – Yfirlit.**

*A – Almennir taxtar.*

| | | Grunnverð | | Vsk. |
|---|---|---|---|---|
| A.1 | Verð á rafmagni til allrar almennrar notkunar, sem eigi er sérstaklega talin hér á eftir: | | | |
| | Orkugjald | 7,81 | kr/kWst | (9,72) |
| | Fast gjald 1 fasa | 1 914,00 | kr/ár | (2 383,00) |
| A.2 | Verð á raforku til heimilisnotkunar. | | | |
| | Orkugjald | 6,39 | kr/kWst | (7,96) |
| | Fast gjald 1 fasa | 1 914,00 | kr/ár | (2 383,00) |
| A.3 | Verð á raforku til mannvirkjagerðar. | | | |
| | Orkugjald | 10,37 | kr/kWst | (12,91) |
| | Fast gjald 1 fasa | 3 255,00 | kr/ár | (4 052,00) |

*B – Afltaxtar.*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| B.1 | Verð á rafmagni til meiri háttar vélanotkunar. | | | |
| | Fastagjald | 36 645,00 | kr/ár | (45 623,00) |
| | Orkugjald | 2,35 | kr/kWst | (2,93) |
| | Aflgjald | 9 163,00 | kr/kWst/ár | (11 408,00) |

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. afl, enda sé lágmarksafl 30 kW. Heimilt er að sammæla raforku til órofinnar iðnaðarhitunar með vélanotkuninni. Í vissum tilvikum er einnig heimilt, með sérstöku samþykki rafveitunnar, að sammæla aðra notkun með vélanotkuninni.

*C – Hitun.*

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| C.1 | Verð á raforku til órofinnar hitunar. | | | |
| | Orkugjald | 5,05 | kr/kWst | (6,29) |
| | Fast gjald | 6 857,00 | kr/ár | (8 537,00) |
| C.2 | Verð á raforku til rofinnar hitunar | | | |
| | Orkugjald | 2,65 | kr/kWst | (3,30) |
| | Fast gjald | 4 440,00 | kr/ár | (5 528,00) |

Roftími allt að tveir tímar tvisvar á sólarhring.

**Önnur fastagjöld.**

Fast gjald fyrir þriggja fasa notkun á A og C liðum skal vera tvöfalt.

**Mælitæki.**

Rafveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja sem notuð eru við sölu rafmagns og eru þau eign rafveitunnar en uppsetning sé á vegum notanda eftir fyrirmælum rafveitunnar.

**Heimtaugargjald.**

Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við veitukerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald má innheimta, þegar umsókn er lögð fram. Gjöld fyrir heimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | | Heimtaugagjöld: | |
|---|---|---|---|
| 25A | 1 fasa | 11 300,00 | (14 069,00) |
| 63A | 1 fasa | 58 300,00 | (72 584,00) |
| 63A | 3 fasa | 63 800,00 | (79 431,00) |
| 100A | 3 fasa | 97 800,00 | (121 761,00) |
| 200A | 3 fasa | 202 000,00 | (251 490,00) |
| 315A | 3 fasa | 316 000,00 | (393 420,00) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meiri en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu skal greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna húsveitu, og hún að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til húsnæði undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum hennar um staðsetningu stöðvar.

Þegar aðalheimtaug er stækkuð skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

**Ýmis ákvæði.**

1. gr.

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

2. gr.

Fyrir tengingu ásamt aftengingu vegna skammtímanotkunar skal greiða gjald kr. 1 850,00 (2 303,00).

3. gr.

Sé heimild notuð til að rjúfa straum á veitu vegna vanskila notanda á greiðslu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari, skal hann greiða kr. 1 850,00 (2 303,00) gjald fyrir að settur sé straumur á að nýju.

4. gr.

Sala rafmagns til hitunar samkvæmt c-liðum er bundin því skilyrði, að orkuver og veitukerfi þoli álagið að dómi rafveitunnar.

5. gr.

Virðisaukakattur 24,5% er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld með virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

6. gr.

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfis.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 449, 26. september 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 340, 3. júlí 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. október 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnson.**

*Steinunn Bjarman.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Reyðarfjarðar.**

## I. GJALDSKRÁRLIÐIR.

### 1. Lýsing.

Rafveita Reyðarfjarðar selur raforku á því verði sem hér segir:

| | | Grunnverð | M/vsk |
|---|---|---|---|
| 1.1 | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 7,92 kr. á kWst | (9,86) |
| 1.2 | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 6,60 kr. á kWst | (8,22) |

### 2. Notkun til heimilisþarfa.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 2.1 | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 6,60 kr. á kWst | (8,22) |

### 3. Vélanotkun.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 3.1 | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 6,60 kr. á kWst | (8,22) |
| 3.2 | Aflgjald lágmark 3 kW | 31 586,20 kr. á ári | (39 325) |
| | Aflgjald frá 3–5 kW | 10 158,80 kr. á kWst | (12 648) |
| | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 2,19 kr. á kWst | (2,73) |
| 3.3 | Aflgjald umfram 5 kW | 9 473,60 kr. á ári | (11 795) |
| | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 2,14 kr. á kWst | (2,66) |
| 3.4 | Til súgþurrkunar: | | |
| | Fast gjald F3 | | |
| | Orkugjald | 2,86 kr. á kWst | (3,56) |

### 4. Húshitun.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 4.1 | Fast gjald | 12 704,00 kr. á ári | |
| | Orkugjald | 5,40 kr. á kWst | |
| | Roftími allt að 1 klst. á dag. | | |
| | | **Taxti I til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.** | **Taxti II til hitunar á íbúðarhúsnæði.** |
| 4.2 | Fast gjald | 1 643,77 kr/kW/ári | 12 704,00 kr. á ári |
| | Orkugjald | 3,29 kr/kWst | 3,29 kr. á kWst |
| | Roftími allt að 3 klst. á dag. | – niðurgr. | 1,26 |
| | | | 2,03 |
| 4.3 | Orkugjald | 1,99 kr/kWst | |
| | Roftími allt að 15 klst. á dag. | | |

### 5. Utanhússlýsing.

| | | | |
|---|---|---|---|
| 5.1 | Fast gjald F1 | | |
| | Orkugjald | 6,60 kr. á kWst | (8,22) |

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.*

*Föst gjöld.*

| | | |
|---|---|---|
| F1 | 141,27 kr. á mán. | (175,88) |
| F3 | 3 373,00 kr. á ári | (4 199,00) |

**6. Hitun.**

*Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.*

a) Að notandi setji á sinn kostnað klukkurofa fyrir hitalögnina og kosti viðhald þeirra.
b) Að vélaafl, götulínur og spennar þoli álag að dómi rafveitustjóra.
c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir. Ef fasviksstuðull hjá notanda er lægri en 0,8% skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að hækka fasviksstuðulinn upp í það gildi. Notandi greiðir hærra verð fyrir raforku með fasviksstuðli undir 0,8%.

II. OPNUNARGJÖLD.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu skal taka gjald fyrir enduropnun .................. kr. 1 725,12 (2 148,00)

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun skal veitunni lokað og hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt ...................... kr. 1 725,12 (2 148,00) á skrifstofu rafveitunnar.

III. HEIMTAUGAGJÖLD.

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir:

*Málstraumur:*

| | | | |
|---|---|---|---|
| 63 A einfasa | kr. | 54 757,50 | (68 173) |
| 63 A þrífasa | kr. | 65 380,50 | (81 399) |
| 100 A þrífasa | kr. | 99 987,20 | (124 484) |
| 200 A þrífasa | kr. | 240 604,50 | (299 553) |
| 315 A þrífasa | kr. | 380 674,10 | (473 939) |
| 400 A þrífasa | kr. | 523 153,20 | (651 326) |
| 710 A þrífasa | kr. | 935 477,10 | (1 164 669) |
| 1200 A þrífasa | kr. | 1 569 350,00 | (1 953 841) |

Sé lengd jarðlínuheimtaugar meiri en 20 metrar og loftlínu meiri en 60 metrar og gildleiki víra meiri en 3 × 70q, skal húseigandi greiða kostnað af því sem umfram er.

Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að sama húsi skal greiða allan kostnað af síðari heimtauginni eftir reikningi.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 staðfestist hér með til að öðlast gildi við birtingu og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 362, 26. júlí 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# GJALDSKRÁ

## Rafveitu Hafnarfjarðar.

### I. Raforka.

Rafveita Hafnarfjarðar selur raforku á þann hátt og á því verði er hér segir:

*A. Lýsing.*

A1. Götu- og útilýsing — Af uppsettu afli.

| | |
|---|---|
| Aflgjald | 17 080,00 (21 264,60)kr/kWa |
| Viðhaldsgjald | 21 290,00 (26 506,05) kr/kWa |
| Gjald samtals | 38 370,00 (47 770,65) kr/kWa |

Auk afls- og viðhaldskostnaðar greiði notandi stofnkostnað að fullu.
Þó ákveður bæjarstjórn gjald fyrir götulýsingu í Hafnarfirði að fenginni tillögu rafveitunefndar, sem gerð skal árlega við afgreiðslu fjárhagsáætlunar bæjarins.
Lýsing þessi stýrist að jafnaði af stjórnbúnaði rafveitunnar.

| | | |
|---|---|---|
| A2. | Orkugjald | 5,94 (7,40) kr/kWh |
| | Fast gjald | 2 451,00 (3 051,50) kr/a |

Séu lampar ófasviksjafnaðir, sjá lið 2.4 og 3.5.
Heimilt er að sammæla notkun eftir taxta A2 og C1.

*B. Heimilisnotkun.*

B1. Til heimilisnota, sjúkrahúsa, heilsuverndarstöðva, vistheimila, elliheimila og hliðstæðra stofnana

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald | 5,94 | (7,40) kr/kWh |
| Fast gjald | 2 300,00 | (2 863,50) kr/a |

*C. Vélar.*

| | | | |
|---|---|---|---|
| C1. | Orkugjald | 5,94 | (7,40) kr/kWh |
| | og fast gjald til véla | 2 451,00 | (3 051,50) kr/a |
| C2. | Orkugjald | 2,28 | (2,84) kr/kWh |
| | fast gjald | 42 080,00 | (52 389,60) kr/a |
| | og til véla og fyrir iðnaðarhita | 7 400,00 | (9 213,00) kr/kWa |

Aflgjald greiðist eftir mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls, enda sé lágmarksaflnotkun 30 kW.

Einnig er notendum, sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira, heimilt að kaupa alla raforku sína eftir þessum taxta.

| | | | |
|---|---|---|---|
| C3. | Orkugjald | 7,59 | (9,45) kr/kWh |
| | Fast gjald | 4 900,00 | (6 100,50) kr/a |

til vinnuvéla, vinnuljósa og annarrar notkunar við mannvirkjagerð og breytingar á eldri mannvirkjum.

*D. Hitun.*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| D1. | Órofin hitun: | Orkugjald | 5,65 | (7,03) | kr/kWh |
| | | Fast gjald | 10 510,00 | (13 084,95) | kr/a |
| D3. | Hitun m/rofi: | Orkugjald | 2,66 | (3,31) | kr/kWh |
| | | Fast gjald | 6 990,00 | (8 702,55) | kr/a |

Rjúfa má straum í allt að 3 klst. á dag við hitun íveruhúsnæðis og allt að 5 klst. við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| D5. Næturhiti m/rofi: | Orkugjald | 1,80 | (2,24) | kr/kWh |
| | Fast gjald | 6 990,00 | (8 702,55) | kr/a |

Rjúfa má straum í allt að 12 klst. á sólarhring við hitun á íveruhúsnæði og frá kl. 08.00–24.00 við hitun á öðru en íveruhúsnæði.

D7. Hitun með rofi í 4 mánuði, mánuðina nóvember til og með febrúar, sama og á taxta D3.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,87 | (3,57) | kr/kWh |
| Fast gjald | 6 990,00 | (8 702,55) | kr/a |

D9. Hitun með rofi í 2 mánuði, mánuðina desember til og með janúar, sama og á taxta D3.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 4,38 | (5,45) | kr/kWh |
| Fast gjald | 6 990,00 | (8 702,55) | kr/a |

Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar eru að:

a) vélaafl, götulínur og spennar þoli álagið að dómi rafveitustjóra.
b) hiti með rofi valdi ekki auknum aflkaupum hjá rafveitunni utan roftíma.
c) notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
d) hitalagnir og öll tæki séu gerð skv. fyrirmælum rafveitunnar og hitatæki fasttengd.
e) húsnæðið fullnægi þeim lágmarkskröfum um einangrun, sem rafveitan kann að setja.
f) lagðir séu fram fullkomnir útreikningar á hitaþörf þess húsrýmis, er hita skal, eftir reglum, er rafveitan hefur sett.
g) raforka sé notuð til hitunar með þar til gerðum tækjum sem breytir henni í hitaorku.
h) Ákvæði liðanna a til og með g, eiga ekki við varðandi tengingu við skip. Það skoðast sem sérstök veita. Raforkuvirki í skipum eru undanþegin ákvæðum reglugerðar Rafmagnseftirlits ríkisins um raforkuvirki sbr. gr. nr. 1.1.1.

Hjálpartæki, sem sambyggð eru við rafhitatæki og nota verður af öryggisástæðum og eðli tækjanna, svo sem rafliðar, rafeindastýringar, vísiljós eða smáhreyflar, sem varna yfirhitun á hitaldi tækisins mega vera tengd og sammæld með hitatækinu enda sé raforkunotkun þeirra óveruleg. Undir lið D í gjaldskránni falla ekki olíukynditæki, miðstöðvardælur, varmadælur eða tæki til varmaflutnings í loftræstikerfum eða lofthitunarkerfum. Þau falla undir gjaldskrárlið B, eða C, eftir því sem við á.

*F. Önnur notkun.*

F1. Rafveitustjóra er heimilt að veita afslátt frá framangreindum verðlagsákvæðum á liðum A til D á orku, sem notuð er á sumrin ef um töluverða aukningu frá vetrarnotkun er að ræða, eða ef orkan er eingöngu notuð á sumrin.

F2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitustjóri selja raforku eftir sérstökum samningi, þó eigi lengur en til eins árs í senn, nema samþykki rafveitunefndar komi til.

*G. Mælaleiga.*

| | | kr/mánuði | |
|---|---|---|---|
| G1. | Af einfasa mælum | 61,60 | (76,69) |
| G2. | Af þrífasa mælum til og með 80A | 152,00 | (189,24) |
| G3. | Af þrífasa mælum yfir 80A | 223,00 | (277,64) |
| G4. | Af mestu mælum | 557,00 | (693,47) |
| G5. | Móttökuliði | 121,00 | (150,65) |

Ársleiga fyrir önnur mælitæki og rofa skal vera sem næst 15% af verði viðkomandi tækis.

Tækjaleiga greiðist ekki við rafmagnssölu eftir liðum A, B, C og D.

*H. Fast gjald.*

H1. Fast gjald greiðist af hverri sérmældri raforkusölu.

## II. Heimtaugagjöld.

2.1 Heimtaugargjald skal greiða fyrir hverja heimtaug, sem tengir húsveitu við veitukerfi Rafveitu Hafnarfjarðar.

2.2 Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

2.3 *Aðalheimtaug.*

Gjald fyrir aðalheimtaug og breytingu á heimtaug skal greitt samkv. eftirfarandi töflu:

| Málstraumur stofnvara | Jarðstrengur Heimtaugargjald | | Loftlínuheimtaug breytt í jarðstrengs heimtaug | | Einfasaheimtaug 63 A aukin í 3×63A | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 220 V kerfi: | kr. | | kr. | | kr. | |
| 63 A 1-fasa | 46 100 | (57 395) | 13 900 | (17 306) | | |
| 63 A 3-fasa | 49 600 | (61 752) | 16 330 | (20 331) | 9 060 | (11 280) |
| 100 A 3-fasa | 67 900 | (84 536) | 21 760 | (27 090) | | |
| 200 A 3-fasa ........ | 117 800 | (146 661) | | | | |
| 300 A 3-fasa ........ | 167 900 | (209 036) | | | | |
| 380 V kerfi: | | | | | | |
| 63 A 1-fasa ........ | 46 100 | (57 395) | 13 900 | (17 306) | | |
| 63 A 3-fasa ........ | 50 000 | (62 250) | 16 330 | (20 331) | 17 540 | (21 837) |
| 100 A 3-fasa ........ | 77 900 | (96 986) | 38 000 | (47 310) | | |
| 200 A 3-fasa ........ | 158 000 | (196 710) | | | | |
| 300 A 3-fasa ........ | 237 900 | (296 186) | | | | |
| 400 A 3-fasa ........ | 315 100 | (392 300) | | | | |
| 600 A 3-fasa ........ | 473 300 | (589 259) | | | | |
| 900 A 3-fasa ........ | 711 000 | (885 195) | | | | |
| 1200 A 3-fasa ........ | 948 700 | (1 181 132) | | | | |

2.4 Gjald fyrir heimtaug með meiri flutningsgetu en taflan tilgreinir, reiknast í réttu hlutfalli við 300 A heimtaug í 220 V kerfi og 1200 A heimtaug í 380 V kerfi.

2.5 Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð vegna tiltekinnar húsveitu og hún að mestu notuð í þágu þeirrar húsveitu, skal eiganda veitunnar skylt að leggja til lóð undir stöðina rafveitunni að kostnaðarlausu og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.

2.6 Óski húseigandi eftir að flutningsgeta heimtaugar verði aukin skal húseigandi greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá, þegar breytingin fer fram. Ef einfasa 63 A heimtaug er aukin í þrífasa skal greitt skv. töflu.

2.7 Ef breyta þarf loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug vegna óska húseiganda eða vegna breytingar á stofnlínu í götu skal húseigandi greiða heimtaugargjald skv. töflu. Húseigandi skal kosta breytingar á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað, er af þessu kann að stafa.

Ef 3×220 V notendakerfi er breytt í 3×380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug, en þó ekki breytingu á loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug.

Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug innanhúss, sem þessu kann að vera samfara og taka á sig annan kostnað er af þessu kann að stafa.

2.10 *Bráðabirgðaheimtaugar.*

Heimtaugargjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingarstaði skulu greidd samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur stofnvara | Stofngjald kr. | | Lengdargjald Jarðstrengur kr/m | | Loftlína kr/stólpa | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 63 A 1-fasa ................ | 10 130 | (12 612) | 1 418 | (1 765,41) | 18 260 | (22 733,70) |
| 63 A 3-fasa ................ | 13 370 | (16 646) | 1 418 | (1 765,41) | 21 260 | (26 468,70) |
| 100 A 3-fasa ................ | 14 320 | (17 828) | 1 901 | (2 366,75) | 23 610 | (29 394,45) |

2.11 Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra í jarðstrengsheimtaug frá tengistað við húsveitu að útitengiskáp eða rofa í dreifistöð og fyrir hvern stólpa í loftlínuheimtaug.

2.12 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.13 Ef hluti af bráðabirgðaheimtaug nýtist með óbreyttri legu sem aðalheimtaug, reiknast ekki lengdargjald af þeim hluta.

2.20 *Varðandi aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.*

2.21 Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar að því er varðar fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðast samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

2.22 Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörð, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

2.23 Fyrir tengingu vegna skammtímanotkunar svo sem landtengingu skipa eða tengikassa, skal greiða gjald .............................. kr. 1 950,00 (2 428,00)
Fari tenging fram utan venjulegs vinnutíma skal greiða gjald .... kr. 3 790,00 (4 719)

## III. Ýmis ákvæði.

3.0 Gjalddagi reiknings er útgáfudagur. Eindagi er 10 dögum síðar og skal hann tilgreindur á reikningi. Verði greiðslufall á reikningi, hvort sem um er að ræða áætlunarreikning eða álestrarreikning, getur rafveitan áskilið sér vanskilavexti af því sem gjaldfallið er, talið frá og með gjalddaga. Vanskilavextir eru þeir sömu og hjá innlánsstofnunum, sbr. 13. gr. l. nr. 10/1961 og ákvörðun Seðlabanka Íslands á hverjum tíma.

3.1 Hafi gjald fyrir raforku ekki verið greitt, svo að til lokunar hafi komið skal taka gjald fyrir enduropnun veitunnar ...................... kr. 1 460,00 (1 818,00)
Ennfremur skal sama gjald tekið, ef farið er á stað til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.

3.2 Ef fundin eru við skoðun óleyfileg vör eða of stór skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð aftur fyrr en notandi hefur greitt gjald til rafveitunnar .................................. kr. 1 460,00 (1 818,00)
og sett viðeigandi vör.

3.3 Sé opnað utan venjulegs vinnutíma skal taka gjald fyrir opnun veitunnar
.................................. kr. 2 590,00 (3 225,00)

3.4 Ef launafl nemur 48% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls (raunstuðull 0,9) er heimilt að hækka afl- og orkugjald um 15%.

3.5 Við fasviksjöfnun skal viðhafa raðtengingu (duo-tengingu) eða samhliða tengingu með sperru fyrir 1050 Hz.

3.6 Breytist innkaupsverð á raforku er rafveitunefnd heimilt að breyta verðskrárliðum gjaldskrár (verðskrár) þessarar til samræmis um allt að 60% af þeirri breytingu. Breytist kaupgjald hjá Rafveitu Hafnarfjarðar frá 1. janúar 1987, hvort heldur er vegna breytingar á grunnkaupi, kaupgjaldsvísitölu eða vegna samninga, er rafveitunefnd heimilt að breyta verðskrárliðum gjaldskrár (verðskrár) þessarar til samræmis um allt að ⅓ af þeirri breytingu. Breyting skv. þessum lið er háð samþykki iðnaðarráðuneytisins.

3.7 Virðisaukaskattur 24,5% bætist við öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

3.8 Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að taka gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 447, 26. september 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri verðskrá nr. 363, 26. júlí 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 10. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 486

# REIKNINGUR

**Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1989.**

*Rekstrarreikningur fyrir árið 1989.*

| | | |
|---|---|---|
| Tekjur: | | Kr. |
| Vextir af bankainnstæðum | | 15 044,88 |
| | | 15 044,88 |
| Gjöld: | | |
| Tekjur umfram gjöld | | 15 044,88 |
| | | 15 044,88 |

*Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1989.*

| | | |
|---|---|---|
| Eignir: | | |
| Bankainnstæður | | 72 955,31 |
| | | 72 955,31 |
| Skuldir: | | |
| Hrein eign pr. 1. jan. 1989 | kr. 57 913,43 | |
| Hreinar tekjur árið 1989 | kr. 15 044,88 | 72 955,31 |

*Samgönguráðuneytið, 9. október 1991.*

**Halldór S. Kristjánsson.**

# REIKNINGUR

**Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar árið 1990.**

*Rekstrarreikningur fyrir árið 1990.*

| | | Kr. |
|---|---|---|
| **Tekjur:** | | |
| Vextir af bankainnstæðum | | 8 415,14 |
| | | 8415,14 |
| **Gjöld:** | | |
| Tekjur umfram gjöld | | 8 415,14 |
| | | 8 415,14 |

*Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1990.*

| | | |
|---|---|---|
| **Eignir:** | | |
| Bankainnstæður | | 81 370,45 |
| | | 81 370,45 |
| **Skuldir:** | | |
| Hrein eign pr. 1. jan. 1990 | kr. 72 955,31 | |
| Hreinar tekjur árið 1990 | kr. 8 415,14 | 81 370,45 |

*Samgönguráðuneytið, 9. október 1991.*

**Halldór S. Kristjánsson.**

Nr. 488

# REIKNINGUR

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1989.**

*Rekstrarreikningur fyrir árið 1989.*

| | Kr. |
|---|---|
| **Tekjur:** | |
| Vextir af bankainnstæðum | 6 785,86 |
| | 6 785,86 |
| **Gjöld:** | |
| Tekjur umfram gjöld | 6 785,86 |
| | 6 785,86 |

*Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1989.*

| | |
|---|---|
| **Eignir:** | |
| Bankainnstæður | 36 389,29 |
| | 36 389,29 |

Skuldir:

*Höfuðstólsreikningur:*

| | | |
|---|---|---|
| Hrein eign pr. 1. jan. 1989 | kr. 29 603,43 | |
| Hreinar tekjur árið 1989 | kr. 6 785,86 | 36 389,29 |
| | | 36 389,29 |

*Samgönguráðuneytið, 9. október 1991.*

**Halldór S. Kristjánsson.**

Nr. 489

# REIKNINGUR

**Gullbrúðkaupssjóðs Bjarna amtmanns Þorsteinssonar og frú Þórunnar Hannesdóttur árið 1990.**

*Rekstrarreikningur fyrir árið 1990.*

Tekjur:

| | Kr. |
|---|---|
| Vextir af bankainnstæðum | 3 559,03 |
| | 3559,03 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Tekjur umfram gjöld | 3 559,03 |
| | 3 559,03 |

*Efnahagsreikningur pr. 31. des. 1990.*

Eignir:

| | |
|---|---|
| Bankainnstæður | 39 948,32 |
| | 39 948,32 |

Skuldir:

*Höfuðstólsreikningur:*

| | | |
|---|---|---|
| Hrein eign pr. 1. jan. 1990 | kr. 36 389,29 | |
| Hreinar tekjur árið 1990 | kr. 3 559,03 | 39 948,32 |
| | | 39 948,32 |

*Samgönguráðuneytið, 9. október 1991.*

**Halldór S. Kristjánsson.**

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að Fossvogsvegi milli Kringlumýrarbrautar og Háaleitisbrautar verði lokað við Kringlumýrarbraut.

Ákvörðunin hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 7. október 1991.*

**Böðvar Bragason.**

11. október 1991 Nr. 491

# AUGLÝSING

**um breytingu á grunnfjárhæðum skv. 4. og 6. gr., sbr. 22. gr. laga nr. 83/1984 um erfðafjárskatt.**

Grunnfjárhæð skv. 4. gr. verður kr. 558.842.
Grunnfjárhæð skv. 6. gr. verður kr. 40.222.

Breyting þessi tekur gildi 1. desember 1991 og gildir til jafnlengdar á næsta ári.

*Félagsmálaráðuneytið, 11. október 1991.*

F. h. r.
**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

7. október 1991 Nr. 492

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á söluumboðseyðublaði Félags fasteignasala.**

Hér með staðfestir ráðuneytið samkvæmt 3. mgr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987, sbr. 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986 sbr. lög nr. 10/1987, nýtt eyðublað fyrir söluumboð sem Félag fasteignasala hefur látið gera og birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari. Jafnframt er felld úr gildi auglýsing sama efnis nr. 568/1987.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 7. október 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

# SÖLUUMBOÐ

Félag fasteignasala, eyðublað nr. 1.0 staðfest af dómsmálaráðuneytinu skv. ákvæðum 9. gr. laga um fasteigna- og skipasölu nr. 34/1986, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 520/1987.

Undirrit _____ veitir hér með

umboð til að annast sölu eignarinnar

Eigandi

Kennitala

Eigandi

Kennitala Sími H. V.

Heimilisfang

Maki eiganda

Kennitala Sími H. V.

Þinglesinn eigandi Kt.

Umboðsmaður eiganda Kt.

Umboð þetta nær til þess að leita eftir tilboðum í eignina, semja kaupsamning, skuldabréf, afsal og aðra þá löggerninga sem tengjast sölu eignarinnar.

Um samskipti aðila, framkvæmd og tilhögun starfa fasteignasalans og um greiðslu kostnaðar, skal fara sem hér að neðan greinir.

## TILHÖGUN SÖLU, SÖLUÞÓKNUN

Eignin er sett í ☐ einkasölu ☐ almenna sölu

Söluþóknun skal vera % af söluverði eignarinnar er greiðist við undirritun kaupsamnings ásamt virðisaukaskatti.

## AUGLÝSINGAR

☐ Fasteignasali auglýsir á sinn kostnað einu sinni á venjulegan hátt í eindálki, og síðan á sama hátt að beiðni og á kostnað eiganda ..............................

☐ Eignin skal auglýst með sérauglýsingum samkvæmt sérstöku samkomulagi.

☐ Eignin skal ekki auglýst

Venjuleg auglýsing í eindálki er 1,5–2,0 dálksentímetrar. Útlagður auglýsingakostnaður skal greiddur mánaðarlega samkvæmt gjaldskrá dagblaðs hverju sinni.

## GILDISTÍMI

Frá undirritun gildir umboðið í _______ daga, eða uns eignin hefur verið seld eða annað ákveðið.

Umboðið er uppsegjanlegt af beggja hálfu með 30 daga fyrirvara.

## GREIÐSLUSTAÐUR KAUPVERÐS

Ef eignin verður seld samkvæmt umboði þessu, skal greiðslustaður kaupverðs verða á reikning nr. _________ hjá ______________________

______________________ Eigandi reikningsins er ______________________

## ÖFLUN UPPLÝSINGA VEGNA GERÐAR SÖLUYFIRLITS UM EIGNINA SBR. 10. GR. L. NR. 34/1986

Vegna gerðar söluyfirlits skal eigandi innan þriggja daga leggja fram eftirtalin gögn:

(1) Veðbókarvottorð, (2) afrit af öllum skuldabréfum áhvílandi á eigninni og kvittanir fyrir síðustu greiðslum af öllum áhvílandi lánum, (3) tilkynningu um fasteignamat, (4) fasteignagjaldaseðil og greiðslukvittanir fyrir gjöldunum, (5) brunabótamatsvottorð og greiðslukvittun vegna brunatryggingar, (6) yfirlit um stöðu hússjóðs auk upplýsinga um yfirstandandi eða væntanlegar framkvæmdir, (7) afrit af eftirtöldum skjölum: eldra afsal eða kaupsamningur, eignaskiptasamningur, sérstakar kvaðir, (8) samþykktar teikningar.

Samkvæmt umboði þessu er fasteignasala heimilt að afla ofangreindra gagna á kostnað seljanda og afla upplýsinga um stöðu áhvílandi veðskulda hjá skuldareigendum eða innheimtuaðilum skulda, reynist það nauðsynlegt.

Allar breytingar á söluumboði þessu skulu gerðar skriflega.

Fasteignasali lýsir því yfir að hann tekur að sér sölu eignarinnar samkvæmt söluumboði þessu og lýsir því yfir að hann mun rækja störf sín af alúð og samviskusemi og í samræmi við ákvæði laga nr. 34/1986.

Skoðunargjald kr. með virðisaukaskatti er greitt, með og skal dregið frá söluþóknun ef af sölu verður.

Það athugist að öll þjónusta fasteignasala er virðisaukaskattsskyld, þ.m.t. auglýsingar.

Til staðfestu framanritaðu hafa aðilar ritað nöfn sín hér undir.

______________________ ______________________

Eigandi/umboðsmaður eiganda Staður og dagsetning

______________________ ______________________

Samþykki maka Fasteignasali/umboðsmaður fasteignasala

1.0 SÖLUUMBOÐ – FÉLAG FASTEIGNASALA

PAV Prentsmiðja Arna Valdemarssonar

# REGLUGERÐ

**um gatnagerðargjöld í Kópavogi.**

1. gr.

Af öllum nýbyggingum svo og stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Kópavogi, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs Kópavogs.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar pr. rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsinu samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands að frádregnum kostnaði við gatnagerð pr. rúmmetra svo sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu | 14.0% |
| 2. | Raðhús, tvíbýlishús, keðjuhús | 9.0% |
| 3. | Fjölbýlishús | 4.0% |
| 4. | Verslunar-, skrifstofu- og iðnaðarhús | 5.0% |
| 5. | Bílageymslur við eldri hús | 3.0% |
| 6. | Gróðurskálar, innangengt úr húsum | 1.5% |
| 7. | Annað húsnæði | 5.0% |

Af viðbyggingum í eldri hverfum skal greiða 75% af venjulegu rúmmetragjaldi.

Rúmmál húss skal reikna samkvæmt ÍST-50. Bílageymslur og önnur útihús (úthýsi) skal telja með við útreikning á rúmmáli húsa.

Af rúmmálsaukningu vegna endurbygginga án aukinnar nýtingar húsnæðis, skal ekki greiða gatnagerðargjöld. Af gluggalausu kjallararými íbúðarhúsa, sem myndast þegar hagkvæmara er, að mati byggingarnefndar, að grafa út grunn en fylla hann upp, skal aðeins greiða 25% af venjulegu rúmmetragjaldi enda sé aðeins gengt í húsrýmið innan frá. Skilgreining húsagerða skal miðast við skipulagsskilmála.

Af sameiginlegum bílageymslum, sem byggðar eru skv. skipulagsskilmálum og koma í stað bifreiðastæða, skal greiða 25% af rúmmetragjaldi þeirra húsa, er þær skulu þjóna. Af iðnaðarhúsnæði, sem vegna starfsemi sinnar þarf meira en 5,5 m lofthæð, skal hámarkslofthæð að jafnaði reiknast 5,5 m við útreikning rúmmetragjalds.

3. gr.

Ef lóðarhafi rífur á eigin kostnað gamalt íbúðar- eða atvinnuhúsnæði og byggir nýtt á sömu lóð, skal gjald skv. 2. gr. reiknað af rúmmetrum nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss sem fjarlægt er. Skal miða við rúmmetragjald nýja hússins. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð. Lækkun gjaldsins getur þó aldrei orðið meiri en nemur greiðslum skv. 2. gr.

4. gr.

Gjald skal áætla, þegar lóðarúthlutun fer fram. Bæjarráði er einnig heimilt að áætla gjald á eignarlóð eða áður úthlutaðri lóð til greiðslu kostnaðar við gerð gatna sem nauðsynlegar eru vegna framkvæmdar skipulags. Gjald þetta skal vera lágmarksgjald og miðast við nýtingarmöguleika samkvæmt skipulagi og endurgreiðist ekki þó minna sé byggt á lóð. Innan mánaðar frá úthlutun skal greiða að fullu eða ákveðinn hluta gatnagerðargjalds samkvæmt ákvörðun bæjarráðs, ella fellur úthlutunin úr gildi. Bæjarráð ákveður gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum. Gatnagerðargjald af rúmmáli, sem er umfram það sem lágmarksgatnagerðargjald er miðað við samkvæmt framansögðu, fellur í gjalddaga, þegar byggingarnefndarteikning er samþykkt og skal greiða það eigi síðar en innan mánaðar.

Verði breytingar á byggingarkostnaði vísitöluhússins á þeim tíma, sem líður frá lóðarúthlutun og til þess dags, sem teikning er samþykkt, skal umframgatnagerðargjald

greiðast samkvæmt því rúmmetragjaldi sem gildir þá. Þegar byggt er á eignarlóð eða áður úthlutaðri lóð og bæjarráð nýtir ekki heimild til að áætla gjald svo og þegar eldra hús er stækkað, skal greiða allt gjaldið við útgáfu byggingarleyfis.

5. gr.

Ef lóðarhafi leigulóðar eða umráðandi eignarlóðar ætlar að byggja á lóð í áföngum getur bæjarráð heimilað að greitt verði gatnagerðargjald af fyrirhuguðum mannvirkjum samkvæmt áfangaskiptingu, en þó skal endanlegt gatnagerðargjald vera rúmmetragjald, sem í gildi er, þegar byggingarleyfi hvers áfanga er útgefið og samkvæmt sérstöku samkomulagi við bæjarráð um gjalddaga og greiðsluskilmála á eftirstöðvum. Umsækjandi skal taka það sérstaklega fram í umsókn um úthlutun lóðar að hann ætli að reisa fyrirhugað mannvirki í áföngum.

6. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi þ.e. sömu krónutölu ásamt almennum innlánsvöxtum á hverjum tíma. Bæjarráði er heimilt að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 6 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir, ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda á úthlutunarskilmálum.

Falli byggingarleyfi úr gildi og verði endurnýjað síðar, skal reikna gjaldið að nýju en áður greitt gjald kemur þá til frádráttar umreiknað í sama hlutfalli og breyting á byggingarkostnaði hefur orðið.

7. gr.

Af öllum húsum í eldri hverfum og þegar byggðum stækkunum eldri húsa, hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Kópavogi, skal greiða sérstakt gjald, svonefnt B-gjald, til Kópavogskaupstaðar, sem varið skal til framkvæmda við að setja bundið slitlag á götur og til lagningar gangstétta. B-gjald reiknast skv. 9. gr.

8. gr.

Af hverjum rúmmetra húss, skv. 7. gr., greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar, samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu | 1.0% |
| Raðhús eða tvíbýlishús | 0.7% |
| Fjölbýlishús | 0.5% |
| Atvinnuhúsnæði | 0.7% |

Rúmmál húss reiknast með sama hætti og skv. 2. gr.

9. gr.

B-gjald samkvæmt 8. gr. miðast við byggingarkostnað vísitöluhússins á þeim tíma, sem lokaframkvæmd við gerð götu fer fram.

10. gr.

Gjald samkvæmt 9. gr. fellur í gjalddaga einum mánuði eftir að framkvæmdum við tiltekna götu eða götukafla er lokið.

Geri gjaldendur skil innan mánaðar frá gjalddaga er heimilt að greiða 66% gjaldsins með þremur jöfnum greiðslum. 1. júlí ár hvert næstu þrjú árin á eftir, ef það er 47 000 kr. eða hærra. Sé gjaldið 34 000–47 000 kr. má skipta 58% þess í tvö ár, en heimilt er að greiða 40% þess eftir 1 ár, ef það er 20 000–34 000 kr. Skal lánið bundið lánskjaravísitölu og bera hæstu lögleyfða vexti. Ef ekki er gengið frá lánum á réttum tíma, greiðast dráttarvextir á sama hátt og hjá lánastofnunum. Miðast tölur þessar við byggingarvísitölu 177,1 stig.

11. gr.

Bæjarstjóri, eða starfsmaður í umboði hans, leggur á gjald samkvæmt samþykkt þessari.

Bæjarráð sker úr ágreiningi, er rísa kann um álagningu og innheimtu samkvæmt samþykkt þessari.

12. gr.

Bæjarráði er heimilt að veita afslátt og rýmri greiðslufrest, ef aðstæður eru með þeim hætti sem greinir í lögum nr. 90/1990, eftir því sem við getur átt.

13. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur einnig til vátryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Kópavogs, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld til þess að öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð sama efnis nr. 318/1981 með síðari breytingum.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Þrátt fyrir ákvæði reglugerðar þessarar skulu ákvæði varðandi A- og B-gatnagerðargjöld í reglugerð nr. 318/1981 með síðari breytingum gilda í eftirtöldum nýbyggingarhverfum, þar sem framkvæmdir í þeim eru þegar hafnar: Huldubraut, D-reit í Suðurhlíðum og Digraneshlíðum.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. október 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þórhildur Líndal.*

11. október 1991 Nr. 494

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990, ásamt síðari breytingum.**

1. gr.

27. tölul. 7. gr. orðist svo:

Á félagssvæði Vörubílstjórafélags Suðurnesja, sem er Keflavík, Njarðvík, Sandgerði, Vatnsleysustrandar-, Gerða- og Hafnahreppur. Hámarkstala er 25 vörubifreiðar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar, nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur brott reglugerð nr. 442/1991 um breytingu á reglugerð um vörubifreiðar og sendibifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 121/1990.

*Samgönguráðuneytið, 11. október 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Elín Helgadóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 655 28. desember 1989.**

1. gr.

1. gr. breytist þannig:

a. Í upphafi skilgreininga komi nýr liður, 0, svohljóðandi:

0. ALMENN ÁKVÆÐI

Þegar ökutæki er skilgreint í flokk ökutækja, t.d. hvort það er bifreið, dráttarvél eða vinnuvél, skal taka mið af grunnbyggingu ökutækisins, án tillits til þess þótt við það sé festur búnaður, oft á hjálpargrind, t.d. grafa, hleðslubúnaður, hefiltönn (snjómoksturstönn), krani eða þessu líkt.

b. Stafliður c í skilgreiningu á bifreið orðist svo:

Beltabifreið: Vélknúið ökutæki sem aðallega er ætlað til fólks- eða vöruflutninga og/eða til að draga annað ökutæki og er búið beltum og eftir atvikum stýrimeiðum/stýrihjólum og er 400 kg eða meira að eigin þyngd.

2. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Liður 0.3.10.2 orðist svo:

Staðfesting/vottorð/ábyrgð frá framleiðanda viðkomandi ökutækis eða óháðum rannsóknaraðila um að það standist kröfur um hemlun samkv. 6. gr. um bifreiðir eða í samræmi við ECE reg. nr. 13.05 eða aðrar sambærilegar reglur, en dráttarvélar skulu standast kröfur um hemlun samkv. EB tilskipun nr. 76/432 eða sambærilegum reglum.

b. Liður 0.3.10.4 orðist svo:

Staðfesting/vottorð/ábyrgð frá framleiðanda viðkomandi ökutækis eða óháðum rannsóknaraðila um að það standist kröfur um hraðamæli samkv. 12. gr. (sbr. ECE reg. nr. 39 eða aðrar sambærilegar reglur). Kröfurnar eiga við um allar fólks- og sendibifreiðir.

c. Liður 0.3.10.8 orðist svo:

Staðfesting/vottorð/ábyrgð frá framleiðanda viðkomandi ökutækis eða óháðum rannsóknaraðila um að það standist kröfur um rafseglultruflanir samkv. 23. gr. (sbr. ECE reg. nr. 10 eða aðrar sambærilegar reglur). Kröfurnar eiga við um bifreiðir með rafkveikju.

d. Liður 0.3.10.10 orðist svo:

Staðfesting/vottorð/ábyrgð frá framleiðanda viðkomandi ökutækis um að það standist kröfur um höfuðpúða samkv. ECE reg. nr. 25. Kröfurnar eiga við um fólksbifreiðir með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna.

e. Liður 0.3.10.12 orðist svo:

Upplýsingar um merkingu hvers tákns eða samstöðu tákna í verksmiðjunúmeri ökutækis. Krafan á við um bifreiðir.

f. Liður 0.3.10.14 orðist svo:

Teikning með öllum aðalmálum. Krafan á við um öll ökutæki.

g. Nýr liður, 0.3.10.20, orðist svo:

Við skráningarviðurkenningu á beltabifreið þarf ekki að gera kröfu um staðfestingu/vottorð/ábyrgð, sbr. liði 0.3.10.1 til 0.3.10.11. Kröfur um búnað skulu uppfylltar samkvæmt reglugerð þessari eftir því sem við á.

h. Nýr liður, 0.3.10.21, orðist svo:

Bifreiðaskoðun er heimilt að meta hvort bifreið sem ekki hefur verið skráð erlendis uppfylli ákvæði 12. gr. um hraðamæli, 13. gr. um hljóðmerki, 22. gr. um hávaðamengun og 23. gr. um útgeislunarmörk fyrir rafsegulbylgjur. Reynist öll þessi atriði innan þeirra marka sem kveðið er á um í ákvæðum nefndra greina er heimilt að skráningarviðurkenna bifeiðina án staðfestinga/vottorða/ábyrgða sem áskilið er í liðum 0.3.10.4, 0.3.10.5, 0.3.10.6 og 0.3.10.8.

i. Liður 0.4.2.1 orðist svo.

Hafi ökutæki verið skráð erlendis í eign hlutaðeiganda í a.m.k. 1 ár og flutt til landsins sem hluti af búslóð hans er heimilt að líta á skráningarskírteini ökutækisins sem fullnægjandi fylgigögn vegna skráningarviðurkenningar.

j. Liður 0.4.2.2 orðist svo:

Ökutæki sem fellur undir lið 0.4.2.1 og hefur leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna er heimilt að skráningarviðurkenna enda fullnægi það öllum kröfum sem gerðar voru til slíks ökutækis hér á landi þegar það var skráð í fyrsta sinn erlendis að viðbættum afturvirkum kröfum um búnað ökutækja. Í bifreið skal þó vera viðvörunarþríhyrningur (sbr. 31. gr. lið 1.3). Sama gildir um bifreið með leyfða heildarþyngd 3500 kg eða minna sem orðin er a.m.k. 25 ára, en með slíkri bifreið þarf ekki að fylgja skráningarskírteini, ef framvísað er gögnum um aldur og lögmætan eiganda ökutækisins.

3. gr.

Við 5. gr. bætist nýr liður, 6.2, svohljóðandi:

Eftirvagni sem tengdur er við bifreið skal vera hægt að aka milli tveggja sammiðja hringa án þess að nokkur hluti ökutækjanna standi út fyrir stærri hringinn eða inn fyrir minni hringinn. Radíi stærri hringsins er 12,5 m og þess minni 5,3 m.

4. gr.

6. gr. breytist þannig:

a.

Við lið 0.2.20 bætist ný málsgrein, svohljóðandi:

Ökutækið telst einnig uppfylla kröfur um hemlun ef hún er í samræmi við viðkomandi línurit í EB tilskipun nr. 71/320.

b. Liður 6.1.6.1 falli niður.

5. gr.

7. gr. breytist þannig:

a. Liður 1.1.1.1 orðist svo:

*Merking:* Ljósker og perur skulu vera „e“ merkt samkvæmt EB tilskipunum, „E“ merkt samkv. ECE reglum eða „DOT“ merkt samkv. SAE stöðlum.

b. Liður 1.1.2.1 orðist svo:

*Merking:* Ljósker og perur skulu vera „e" merkt samkvæmt EB tilskipun, „E" merkt samkvæmt ECE reglum um mishverf ljósker eða „DOT" merkt samkvæmt SAE staðli. Ljóskerin skulu gerð fyrir hægri umferð.

c. Liður 1.1.3.1 orðist svo:

Dreifing: Ljós frá hvoru ljóskeri skal vera sýnilegt innan lóðrétts horns, sem er a.m.k. 15° ofan við og a.m.k. 15° (5° ef hæð ljóskersins er minni en 750 mm) neðan við lárétta planið sem gengur gegnum miðju ljóskersins og innan lárétts horns, sem er a.m.k. 45° innan við og a.m.k. 80° utan við lóðrétta planið, sem er samsíða lengdarási bifreiðar og gengur gegnum miðju ljóskers.

d. Liður 1.1.3.3 orðist svo:

*Stærð:* Lýsandi flötur á hvoru ljóskeri fram á við skal vera a.m.k. 30 $cm^2$. Ljósker sem eru „e", „E" eða „DOT" merkt má viðurkenna þótt kröfum um flatarmál sé ekki fullnægt.

e. Liður 1.1.3.4 orðist svo:

*Staðsetning:* Hæð frá akbraut að neðri brún lýsandi flatar ljóskers skal vera 350 mm eða meira, en hæð að efri brún flatarins skal ekki vera meiri en 1500 mm. Hæð í efri brún lýsandi flatar ljóskers má þó vera allt að 2100 mm ef þess er þörf vegna lögunar bifreiðar. Mælt skal þegar bifreið er óhlaðin. Ytri brún lýsandi flatar skal ekki vera meira en 400 mm frá ystu brún bifreiðar.

f. Liður 1.1.4.1 breytist þannig:

1. mgr. orðist svo:

*Dreifing:* Ljós frá hverju ljóskeri að framan og aftan skal vera sýnilegt innan lóðrétts horns, sem er a.m.k. 15° ofan við og a.m.k. 15° (5° ef hæð ljóskersins er minni en 750 mm) neðan við lárétt plan, sem gegnur í gegnum miðju ljóskers og innan lárétts horns, sem er a.m.k. 45° innan við og a.m.k. 80° utan við lóðrétt plan sem er samsíða lengdarási bifreiðar og gengur gegnum miðju ljóskers.

Við 2. mgr. bætist ný mgr., sem verður 3. mgr., svohljóðandi:

Bifreiðaskoðun er heimilt að veita undanþágu frá kröfu um hliðarstefnuljós á bifreið sem er styttri en 6 m.

g. Liður 1.1.4.4 orðist svo:

*Stærð:* Lýsandi flötur ljóskeranna fram á við og aftur á við skal vera 30 $cm^2$ eða meira. Ljósker sem eru „e",„E" eða „DOT" merkt má viðurkenna enda þótt kröfurnar um flatarmál séu ekki uppfylltar.

h. Liður 1.1.4.5 orðist svo:

*Staðsetning:* Hæð frá akbraut að neðri brún lýsandi flatar ljóskers skal vera 350 mm eða meira að framan- og aftanverðu og 500 mm eða meira fyrir hliðarljóskerin. Hæð frá akbraut að efri brún lýsandi flatar skal ekki vera meiri en 1500 mm. Hæð í efri brún lýsandi flatar ljóskers má þó vera allt að 2100 mm á fram- og afturljóskerum en 2300 mm á hliðarljóskerum ef þess er þörf vegna lögunar bifreiðar. Mælt skal þegar bifreið er óhlaðin.

a. Fjarlægð frá framenda bifreiðar að fremsta hluta lýsandi flatar hliðarljóskers skal vera 1800 mm eða minni en má þó vera allt að 2500 mm ef þess er þörf vegna lögunar bifreiðar.

b. Ytri brún lýsandi flatar á ljóskerum að framan- og aftanverðu skal ekki vera meiri en 400 mm frá ystu brún bifreiðar.

i. Liður 1.1.4.6 orðist svo:
*Tenging:* Ljósker fyrir stefnuljós skulu tengjast grænu blikkandi gaumljósi og/eða hljóðgjafa, sem sést og/eða heyrist greinilega í úr sæti ökumanns þegar kveikt er á stefnuljósunum og gefa til kynna hvort þau vinni rétt.

j. Liður 1.1.6.1 orðist svo:
*Dreifing:* Ljósið frá hvoru ljóskeri skal vera sýnilegt innan lóðrétts horns a.m.k. 15° ofan við og a.m.k. 15° (5° ef hæð ljóskersins er minni en 750 mm) neðan við lárétt plan sem gengur í gegnum miðju ljóskers og innan lárétts horns sem er a.m.k. 45° innan við og a.m.k. 80° utan við lóðrétt plan sem er samsíða lengdarási bifreiðar og gengur gegnum miðju ljóskers.

k. Liður 1.1.6.3 orðist svo:
*Stærð:* Lýsandi flötur á hvoru ljóskeri aftur á við skal vera 30 $cm^2$ eða meira. Ljósker sem eru „e", „E" eða „DOT" merkt má viðurkenna þótt kröfur um flatarmál séu ekki uppfylltar.

l. Liður 1.1.6.4 orðist svo:
*Staðsetning:* Hæð frá akbraut að neðri brún lýsandi flatar ljóskers skal vera 350 mm eða meira, en hæð að efri brún flatarins skal ekki vera meiri en 1500 mm. Hæð í efri brún lýsandi flatar ljóskers má þó vera allt að 2100 mm ef þess er þörf vegna lögunar bifreiðar. Mælt skal þegar bifreið er óhlaðin.
a. Fjarlægð frá ytri brún lýsandi flatar að ystu brún bifreiðar skal ekki vera meiri en 400 mm fyrir a.m.k. eitt ljósker hvorum megin.
b. Fjarlægð frá öftustu brún bifreiðar og aftasta hluta glers næsta ljóskers skal vera minni en 1000 mm.

m. Liður 1.1.7.1 orðist svo:
*Dreifing:* Ljósið frá hvoru ljóskeri skal vera sýnilegt innan lóðrétts horns, sem er a.m.k. 15° ofan við og a.m.k. 15° (5° ef hæð ljóskersins er minni en 750 mm) neðan við lárétt plan, sem gengur gegnum miðju ljóskers og innan lárétts horns sem er a.m.k. 45° utan við lóðrétt plan, sem er samsíða lengdarási bifreiðar og gengur gegnum miðju ljóskers.

n. Liður 1.1.7.3 orðist svo:
*Stærð:* Lýsandi flötur á hvoru ljóskeri aftur á við skal vera 30 $cm^2$ eða meira. Ljósker sem eru „e", „E", eða „DOT" merkt má viðurkenna þótt kröfum um flatarmál sé ekki fullnægt.

o. Liður 1.1.7.4 orðist svo:
*Staðsetning:* Hæð frá akbraut að neðri brún lýsandi flatar ljóskers skal vera 350 mm eða meira, en hæð að efri brún flatarins skal vera 1500 mm eða minni. Hæð í efri brún lýsandi flatar ljóskers má þó vera allt að 2100 mm ef þess er þörf vegna lögunar bifreiðar. Mælt skal þegar bifreið er óhlaðin.

p. Liður 1.1.11.1 orðist svo:
Glitaugun skulu vera „e", „E" eða „DOT" merkt eða viðurkennd af Bifreiðaskoðun.

q. Liður 1.1.11.2 orðist svo:
*Dreifing:* Endurskinið frá hvoru glitauga skal vera sýnilegt innan lóðrétts horns, sem er a.m.k. 15° ofan við og a.m.k. 15° (5° ef hæð glitaugans er minni en 750 mm) neðan við lárétt plan, sem gengur gegnum miðju glitaugans og innan lárétts horns, sem er a.m.k. 30° innnan við og a.m.k. 30° utan við lóðrétt plan, sem er samsíða lengdarási bifreiðar og gengur gegnum miðju glitaugans.



**Endurprentað blað**

r. Liður 1.1.11.3 orðist svo:

*Staðsetning:* Hæð frá akbraut að neðri brún glitauga skal vera 400 mm eða meira en hæð að efri brún þess skal ekki vera meiri en 900 mm. Mælt skal þegar bifreið er óhlaðin.

Fjarlægð frá ytri brún endurskinsflatar að ystu brún bifreiðar skal ekki vera meiri en 400 mm og frá öftustu brún bifreiðar að glitauga skulu ekki vera meira en 1000 mm.

Endurskinsflötur skal vera lóðréttur og hornréttur á lengdarás bifreiðar. Ef lögun bifreiðar er þannig að þessu verði ekki náð má leyfa +5° frávik lárétt og lóðrétt.

s. Liður 1.2.4 orðist svo:

Bifreið sem er lengri en 8 m skal á hvorri hlið búin gulum (rauðgulum) glitaugum eða gulum (rauðgulum) ljóskerum sem sjást greinilega í a.m.k. 300 m fjarlægð án þess að valda glýju.

t. Liður 1.2.4.1 orðist svo:

*Viðurkenning:* Glitaugun skulu vera „e", „E" eða „DOT" merkt eða viðurkennd af Bifreiðaskoðun.

u. Liður 1.2.4.2 orðist svo:

*Dreifing:* Endurskin (ljós) frá hverju glitauga (ljóskeri) skal vera sýnilegt innan lóðrétts horns sem er a.m.k. 15° ofan við og 15° neðan við lárétta planið sem gengur gegnum miðju glitaugans (ljóskersins) og innan lárrétts horns sem er a.m.k. 45° innan við og a.m.k. 45° utan við lóðrétta planið sem er þvert á lengdarás bifreiðar og gengur gegnum miðju ljóskers. Hornið undir láréttu plani má þó fara niður í 5° ef hæð glitaugans (ljóskersins) er minna en 750 mm yfir vegi.

v. Liður 1.2.4.4 orðist svo:

*Lögun:* Glitaugun (ljóskerin) skulu ekki vera þríhyrnd.

x. Liður 1.2.5.2 orðist svo:

Stærð: Lýsandi flötur á hverju ljóskeri skal vera a.m.k. 30 $cm^2$. Ljósker sem eru „E", „e" eða „DOT" merkt má viðurkenna þótt kröfum um flatarmál sé ekki fullnægt.

y. Liður 1.3.1.1. orðist svo:

*Tenging:* Ljósker skulu tengd um eigin rofa og mega aðeins geta logað með háu ljósunum og skulu slokkna um leið og slökkt er á þeim.

ý. Liður 1.3.2.1 orðist svo:

*Merking:* Ljósker og perur fyrir þokuljós skulu vera „e", „E" eða „DOT" merkt.

z. Liður 1.3.6.1. orðist svo:

*Merking:* Glitaugu skulu vera „e", „E" eða „DOT" merkt eða viðurkennd af Bifreiðaskoðun.

þ. Liður 1.3.6.2 orðist svo:

*Staðsetning:* Hæð frá akbraut að neðri brún endurskinsflatar skal vera 400 mm eða meira en hæð að efri brún flatarins skal ekki vera meiri en 900 mm. Mælt skal þegar bifreið er óhlaðin. Fremst og aftast á hvorri hlið skal vera a.m.k. eitt glitauga.

æ. Liður 1.3.13.2. orðist svo:
*Staðsetning og ljósmagn:* Ljóskerinu skal komið fyrir innan við afturrúðu fyrir miðju bifreiðar án þess að hætta sé á að það valdi meiðslum. Heimilt er og að hafa ljóskerið utan við afturrúðu fyrir miðju bifreiðar. Ef ljóskerið er neðan við afturrúðu skal enginn hluti glers ljóskersins vera neðar en 160 mm frá afturrúðu á opinni bifreið en 80 mm á öðrum bifreiðum. Ljósið er óháð kröfunni um minnsta ljósstyrk, en ákvæði um mesta ljósstyrk gilda (sbr. lið 1.1.7.2).

ö. Liður 7.1 orðist svo:
Á skráðu tengitæki skal eftir því sem við á vera sami ljósabúnaður og á eftirvagni sem gerður er fyrir 30 km ökuhraða á klst. eða meira. Þó er ekki gerð krafa um hliðarljósker á hjólhýsi eða tjaldvagni.

6. gr.

Liður 1.1.1 í 12. gr. orðist svo:
Leyfileg frávik eru allt að 10% yfir réttum hraða að viðbættum 4 km/klst. Hraðamælir má aldrei sýna meira en 4% minni hraða en raunhraða.

7. gr.

Liður 1.1.2.1 í 13. gr. falli niður. Liður 1.1.2.2 verði 1.1.2.1.

8. gr.

16. gr. breytist þannig:

a. Liður 1.2 og orðist svo:
*Felga*: Á felgu skal vera merking með höggstöfum eða með öðrum hætti sem greini nafn framleiðanda eða merki ásamt stærð felgunnar.

b. Liður 1.3.2.1. orðist svo:
Slitflötur hjólbarða skal vera með mynstri. Á hjólbarða undir bifreið sem er 3500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd skal dýpt mynsturs vera a.m.k. 1,6 mm á þrem fjórðu hluta slitflatarins. Á hjólbarða undir bifreið sem er yfir 3500 kg að leyfðri heildarþyngd skal dýpt mynstursins vera a.m.k. 1 mm á öllum slitfletinum.

c. Nýr liður, 1.3.2.2, orðist svo:
*Gildistaka:* Ákvæði um 1,6 mm dýpt á mynstri hjólbarða undir bifreið sem er 3500 kg eða minna að leyfðri heildarþyngd gilda frá 1. apríl 1992. Ákvæðið gildir einnig um hjólbarða sem þegar eru í notkun.

9. gr.

Liður 1.4 í 17. gr. orðist svo:
SKERMUN HLJÓLA Á BREYTTRI TORFÆRUBIFREIÐ

10. gr.

23. gr. breytist þannig:

a. Liður 1.2 orðist svo:
Raftengi fyrir eftirvagn. Bifreið sem ætluð er til að draga eftirvagn skal búin stöðluðu raftengi fyrir rafkerfi eftirvagnsins.

b. Liður 1.2.1 orðist svo (skýringarmynd fellur út):
Á fólksbifreið og sendibifreið skal raftengi fyrir eftirvagn vera fyrir 12 volta spennu.

c. Liður 1.2.2 orðist svo (skýringarmynd fellur út):
Á vörubifreið skal raftengi fyrir eftirvagn vera fyrir 24 volta spennu.

d. Liður 6.1 orðist svo:
Á eftirvagni sem gerður er fyrir 30 km ökuhraða á klst. eða meira skal vera kapall með staðlaðri gerð af kló eða tengi.

11. gr.

Liður 0.4.1 í 24. gr. falli niður.

12. gr.

26. gr. breytist þannig:

a. Liður 1.2 orðist svo:
Þegar draga á eftirvagn sem ekki er búinn sjálfvirkum hemli sem stöðvar vagninn ef hann losnar frá bifreiðinni skal vera festing fyrir aukatengingu (keðju eða stálvír) á bifreiðinni.

b. Liður 1.4, 1. mgr., orðist svo:
Tengibúnaður skal vera framleiddur og tekinn út samkvæmt staðli sem Bifreiðaskoðun viðurkennir eða hafa hlotið viðurkenningu af óháðum rannsóknaraðila. Tengibúnaðurinn skal vera samþykktur af Bifreiðaskoðun.

13. gr.

28. gr. breytist þannig:

a. Liður 0.2.6 orðist svo:
Hæð þverbita undirakstursvarnar skal ekki vera minni en 100 mm, en Bifreiðaskoðun metur styrk undirakstursvarnar og ræður gerð hennar.

b. Nýr liður, 0.2.8.6, orðist svo:
Ökutæki af framleiðsluári 1967 eða eldri.

c. Liður 1.1, 1.mgr., orðist svo:
Fjarlægð frá bakhlið yfirbyggingar eða palls að miðju afturáss skal ekki vera meiri en 60% fjarlægðar milli miðju fram- og afturáss, ef aftasti hluti yfirbyggingar er í fullri breidd og ekki lengri en fjórir metrar. Séu afturásar tveir telst viðmiðunarpunkturinn vera mitt á milli þeirra. Ef afturhorn eru inndregin um 30° frá hvorri hlið (frá 60% fjarlægðinni milli fram- og afturáss) má leyfa 65% fjarlægðar milli fram- og afturáss frá bakhlið yfirbyggingar að miðju afturáss en þó ekki meira en 4,35 m. Aftan við þetta má leyfa hleðslubúnað, varahjól o.þ.h. ef hann nær ekki út fyrir boga sem aftasta ytra horn yfirbyggingar myndar þegar bifreiðinni er ekið með minnsta mögulegum beygjuradía.

d. Liður 1.4 orðist svo:
Ef yfirbygging torfærubifreiðar er þannig að veltistyrkur hennar telst ekki fullnægjandi að mati Bifreiðarskoðunar (t.d. blæjur, plastskýli) skal komið fyrir viðurkenndri veltigrind.

14. gr.

29. gr. breytist þannig:

a. Liður 1.2.3. orðist svo:
Veltigrind: Á breyttri torfærubifreið sem er opin eða þar sem yfirbygging hefur ekki nægan veltistyrk að mati Bifreiðaskoðunar skal vera veltigrind sem Bifreiðaskoðun samþykkir.

b. Liður 1.2.7 orðist svo:

Hjólbarðar. Heimilt er að hafa það stóra hjólbarða að þvermál þeirra nái allt að 44% af hjólhafi, mælt frá miðjum framási til miðs afturáss. Stækkun hljólbarða frá því sem viðurkennt er við almenna skráningu er aðeins heimil ef unnt er að aka bifreiðinni á öruggan hátt, sbr. 5. gr., hemlar ná að stöðva bifreiðina á virkan hátt, sbr. 6. gr., og fylgt er reglum um hjólhlífar, sbr. 17. gr. Ytri brún hljólhlífa skal a.m.k. ná jafnlangt út og sóli stærstu leyfilegra hjólbarða. Breidd sóla á hljólbarða skal ekki vera meiri en ⅓ af þvermáli hans. Stærð stærstu leyfðu hjólbarða undir bifreið skal skráð í skráningarskírteini.

15. gr.

Liður 1.2.1 í 31. gr. orðist svo:

Hæð frá miðri setu upp á efri brún höfuðpúða skal ekki vera minni en 700 mm.

16. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið 16. október 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

16. október 1991 Nr. 496

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Akureyrar.**

**Almennir taxtar.**

A-1 Almenn notkun:

| | Grunnverð | Verð með VSK |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst | 5,29 | (6,59) |
| Fast gjald kr/ár | 2 104,00 | (2 620,00) |

Skýringar:

Taxti fyrir heimili, iðnað, verslanir, skrifstofur, skóla og alla notkun sem ekki er getið um annars staðar.

A-3 Mannvirkjagerð:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst | 8,27 | (10,30) |
| Fast gjald kr/ár | 2 104,00 | 2 620,00) |

Skýringar:

Taxti fyrir alla skammtímanotkun vinnuvéla, vinnuljósa og annars í sambandi við mannvirkjagerð.

**Afltaxtar.**

B-1 Afl- og orkumæling:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst vetur | 2,90 | (3,61) |
| Orkugjald kr/kWst sumar | 1,45 | (1,80) |
| Aflgjald kr/kWst ár | 6 659,00 | (8 291,00) |
| Fast gjald kr/ár | 46 305,00 | (57 650,00) |

Skýringar:

Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 30 mínútna meðalgildi afls. Sumargjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september.

Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

a) Iðnaðartaxti. Þar sem vélaafl er sem lágmark 30 kW og nýtingartími minnst 1000 klst. á ári.
Þessi taxti er ætlaður sem vélataxti en þó er heimilt í vissum tilvikum að sammæla aðra notkun.
b) Notendum sem greiða fyrir 100 kW afl eða meira er heimilt að kaupa alla raforku sína samkvæmt þessum taxta.

B-2 Afl- og orkumæling 11 kV:

| | Grunnverð | Verð með VSK |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst vetur | 2,70 | (3,36) |
| Orkugjald kr/kWst sumar | 1,34 | (1,67) |
| Aflgjald kr/kW ár | 6 204,00 | (7 725,00) |
| Fast gjald kr/ár | 46 305,00 | (57 650,00) |

Skýringar: Taxti fyrir sölu á 11 kV. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 30 mínútna meðalgildi afls. Sumargjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september. Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

B-3 Afl- og orkumæling:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst vetur | 2,90 | (3,61) |
| Orkugjald kr/kWst sumar | 1,45 | (1,80) |
| Aflgjald kr/kWst ár | 6 659,00 | (8 291,00) |
| Fast gjald kr/ár | 46 305,00 | (57 650,00) |

Skýringar:

Taxti fyrir varmadælu til hitunar húsa og laugavatns. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 30 mínútna meðalgildi afls. Sumargjald reiknast á mælda orku í mánuðunum maí-september. Vetrarorkugjald reiknast á mælda orku í janúar-apríl og október-desember.

B-4 Hemill:

| | | |
|---|---|---|
| Aflgjald kr/A/ár | 1 430 | (1 780) |

Skýringar:

Taxti fyrir verbúðir og skepnuhús.

**Hitataxtar.**

C-1 Rofin daghitun. Roftími 2x1 ½ klst.:

| | Grunnverð | Verð með VSK |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst | 2,66 | (2,66) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207,00 | (4 207,00) |

Skýringar:

Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

C-2 Rofin daghitun. Roftími 2x1½ klst.

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst | 3,17 | (3,17) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207,00 | (4 207,00) |

Skýringar:

Rofin daghitun. Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn. Þeir sem hita hús sín með rafhituðu vatni en eiga þess kost að tengjast hitaveitunni skulu greiða samkvæmt þessum taxta.

C-3 Rofin næturhitun. Roftími 15 klst. á tímabilinu kl. 06 til 24:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst | 2,25 | (2,25) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207,00 | (4 207,00) |

Skýringar:

Rofin næturhitun. Straumur er rofinn á tímabilinu frá kl. 06-24.

C-4 Rofin iðnaðarhitun. Roftími 2x1½ klst.:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst | 2,67 | (3,32) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207,00 | (5 238,00) |

Skýringar:

Rofin daghitun til iðnaðar og annarra nota en hitunar húsa.
Straumur er rofinn í allt að 3 klst. á dag, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.

C-5 Órofin iðnaðarhitun:

| | | |
|---|---|---|
| Orkugjald kr/kWst | 5,05 | (5,29) |
| Fast gjald kr/ár | 4 207,00 | (5 238,00) |

Skýringar:

Órofin iðnaðarhitun.

**Aðalheimtaugar.**
Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

220 V kerfi

| Málstr. A | | | |
|---|---|---|---|
| 25 | 1 fasa | 12 507 | (15 571) |
| 63 | 3 fasa | 46 224 | (57 574) |
| 125 | 3 fasa | 72 510 | (90 275) |
| 200 | 3 fasa | 108 764 | (135 411) |
| 260 | 3 fasa | 137 767 | (171 520) |
| 315 | 3 fasa | 185 475 | (230 917) |
| 400 | 3 fasa | 235 661 | (293 398) |

380 V kerfi

| Málstr. A | | | |
|---|---|---|---|
| 25 | 1 fasa | 12 507 | (15 571) |
| 63 | 3 fasa | 46 244 | (57 574) |
| 125 | 3 fasa | 76 136 | (94 789) |
| 200 | 3 fasa | 151 365 | (188 449) |
| 260 | 3 fasa | 193 963 | (241 484) |
| 315 | 3 fasa | 253 783 | (315 960) |
| 400 | 3 fasa | 326 293 | (406 234) |

**Bráðabirgðaheimtaugar.**

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Stofngjald – Málstraumur | | Grunnverð | VSK 24,5% |
|---|---|---|---|
| 63 A | 1 fasa | 8 411 | (10 471) |
| 63 A | 3 fasa | 11 777 | (14 662) |
| 100 A | 3 fasa | 12 407 | (15 446) |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðamarka í jarðstrengsheimtaug:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Málstraumur | 63 A | 1 242 | (1 546) |
| Málstraumur | 100 A | 1 640 | (2 042) |

**Heimtaugagjöld.**

Skýringar:

1. Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug er tengir húsveitu við kerfi rafveitunnar. Heimtaugargjald skal greitt áður en tenging fer fram.
2. Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
3. Séu aðstæður óvenjulegar að því er snertir fjarlægð húsveitu frá veitukerfi eða fyrirhugaða raforkunotkun húsveitunnar, skal heimtaugargjald ákveðið samkvæmt samningi hverju sinni.
4. Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda og hún að mestu leyti notuð í hans þágu, skal notandanum skylt að leggja til lóð undir stöðina, rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um stærð lóðarinnar og staðsetningu stöðvarinnar.
5. Þegar heimtaug er stækkuð eða henni breytt úr loftlínu í jarðstrengsheimtaug, samkvæmt beiðni notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, samkvæmt gjaldskrá, þegar breyting fer fram.
6. Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafveitunnar.

**Ýmis ákvæði.**

1. Hafi gjald fyrir raforku eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið, skal taka gjald fyrir opnun veitunnar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 754 (939)

   Ennfremur skal sama gjald tekið ef farið er á staðinn til lokunar, jafnvel þótt lokun sé ekki framkvæmd.
2. Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum ef úttekið launafl nemur 50% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 30 mín. meðalgildi afls.
3. Taxtar til hitunar húsa og neysluvatns eru undanþegnir virðisaukaskatti (VSK)
4. Rafveitan leiðbeinir notendum er þess óska um val gjaldskrárliða eftir tegund notkunar.

**Önnur notkun.**

1. Rafveitan getur með sérstökum samningi selt raforku þeim notendum, sem hafa eigin vélar til orkuvinnslu, með því skilyrði að stöðva megi raforkusölu til þeirra hvenær sem þarf að dómi rafveitunnar.
2. Þegar sérstaklega stendur á má rafveitan, í samráði við rafveitustjórn, selja raforku eftir sérstökum samningi í hvert sinn.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 457, 27. september 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

18. október 1991 Nr. 497

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Akureyrar.**

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu samkvæmt gjaldskrá þessari og reglugerð Hitaveitu Akureyrar.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi er tengt er við vatnsæðar hennar í té vatnsmagn er nægir til fullrar hitunar að dómi hitaveitunnar enda sé hitakerfi hússins nægilega stórt. Vatnsrennsli að húsi verður takmarkað um hemil eftir því sem þörf krefur og er starfsmönnum hitaveitunnar einum heimilt að breyta stillingu hans.

3. gr.

Fyrir afnot af heita vatninu skal greiða:

A. Samkvæmt vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns kr. 114,20.
Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp og ef vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins.

B. Fyrir hverja húsveitu ákveður Hitaveita Akureyrar mælisstærð.
Greiða skal mánaðargjald, sem fer eftir stærð vatnsmælis sem hér segir:

| Fyrir hvern mæli: | kr. |
|---|---|
| a. fyrir mæla 15 mm | 674 |
| b. fyrir mæla 20 mm | 1 640 |
| c. fyrir mæla 25 mm | 3 281 |
| d. fyrir mæla 32 mm | 6 561 |
| e. fyrir mæla 40 mm | 13 123 |
| f. fyrir mæla 50 mm og stærri | 26 246 |

4. gr.

C. Heimæðargjald skal reiknast 15 hundraðshlutar af gatnagerðargjaldi sem álagningarstofn samkvæmt reglugerð um gatnagerðargjöld á Akureyri.

Í heimæðargjaldi er innifalin ein heimæð allt að 30 m að lengd frá götuæð í stofnkrana húss.

Húseigandi skal greiða kostnað við heimæð umfram 30 m samkvæmt ákvörðun hitaveitunnar. Þurfi að bora eða brjóta fyrir inntaksvinkli skal húseigandi greiða þann kostnað er af því hlýst.

Kostnaður vegna tengigrindar kr. 20 252 er ekki innifalinn í heimæðargjaldi.

5. gr.

D. Önnur gjöld:

| | | |
|---|---|---|
| D.1. Lokunargjald | kr. | 1 279 |
| D.2. Mælaálestrargjald (aukaálestur) | kr. | 745 |

6. gr.

Hitaveitugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar og taka breytingum í samræmi við hana.

7. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Akureyrar, er sett samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, 6. og 9. grein sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og reglugerð Hitaveitu Akureyrar frá 6. apríl 1989, staðfestist hér með til að taka gildi 1. október 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 436, 20. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 518, 20. desember 1990 með síðari breytingum.

*Iðnaðarráðuneytið, 18. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 498 17. október 1991

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð um fólksbifreiðar, sem notaðar eru til leiguaksturs og takmarkanir á fjölda þeirra, nr. 308/1989, ásamt síðari breytingum.

1. gr.

3. mgr. 16. gr. orðist svo:

Óski leyfishafi eftir lengri undanþágu fjallar umsjónarnefnd um mál hans og getur hún veitt allt að tólf mánaða undanþágu til viðbótar. Umsjónarnefnd er þó heimilt að veita allt að tuttugu og fjögurra mánaða undanþágu þar að auki vegna alvarlegra og langvarandi veikinda leyfishafa.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum um leigubifreiðar nr. 77/1989, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 17. október 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Elín Helgadóttir.*

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að setja einstefnu á Tjarnargötu frá Skothúsvegi að innkeyrslu í bílastæðakjallara ráðhúss.

Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember 1991.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 1991.*

**Böðvar Bragason.**

16. október 1991 Nr. 500

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að biðskylda verði við Hverafold á eftirfarandi þvergötum:

a. Botnlanga fyrir hús nr. 2– 48 við Hverafold.
b. Botnlanga fyrir hús nr. 50– 88 við Hverafold.
c. Botnlanga fyrir hús nr. 90–128 við Hverafold.
d. Fjörgyn.

Einnig hefur verið ákveðið að aðalbrautarréttur verði á Víkurvegi, að því undanskildu að umferð á Víkurvegi víki fyrir umferð á Vesturlandsvegi.

Ákvörðun þessi tekur gildi 5. nóvember 1991.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 1991.*

**Böðvar Bragason.**

16. október 1991 Nr. 501

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að banna U-beygju úr vestri til vesturs á mótum Suðurlandsbrautar og Vegmúla.

Ákvörðun þessi tekur gildi 6. nóvember 1991.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 1991.*

**Böðvar Bragason.**

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið bann við U-beygju á Höfðabakka við Bæjarháls, úr norðri til norðurs.

Ákvörðunin hefur þegar tekið gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 16. október 1991.*

**Böðvar Bragason.**

Nr. 503 29. október 1991

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Eyrarbakka.**

**I. Gjaldskrárliðir.**

Rafveita Eyrarbakka selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

*A.1. Almenn notkun.*

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | Án vsk. | Með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,65 | 8,28 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

*A.2. Vinnuljósanotkun.*

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

| | Án vsk. | Með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 9,97 | 12,41 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

*A.3. Utanhússlýsing.*

Öll sérmæld utanhússlýsing.

| | Án vsk. | Með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,65 | 8,28 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

*A.4. Sumarbústaðanotkun.*

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

| | Án vsk. | Með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald v/húshitunar | 4,12 kr/kWst | | |
| Fastagjald 4 x F1 | 13 560,00 | 16 882,20 | kr/ári |

*B.1. Aflmæling.*

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksafl 20 kW.

| | Án vsk. | Með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,11 | 2,63 | kr/kWst |
| Aflgjald | 9 530,00 | 11 864,85 | kr/kW/ári |

*C.1. Rofin daghitun.*

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustundir á dag.

| | Án vsk. | Með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,31 | 4,12 | kr/kWst |
| Fastagjald F3 | 12 800,00 | 15 936,00 | kr/ári |

*Mælaleiga.*

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

| | Án vsk. | Með vsk. |
|---|---|---|
| Einfasa mælar kr/ári | 648,00 | 806,76 |
| Þrífasa mælar kr/ári | 2 550,00 | 3 174,75 |

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar hverju sinni.

*Innheimta og lokun.*

Innheimtugjald:

| | Án vsk. | Með vsk. |
|---|---|---|
| Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er | 830,00 | 1 033,35 kr |

Lokunargjald:

| | Án vsk. | Með vsk. |
|---|---|---|
| Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er | 1 650,00 | 2 054,25 kr |

## II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

*1. Utanhússlýsing.*

Veitan sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast veitan á sinn kostnað.

*2. Aflgjaldsmæling.*

Liður í B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í lok hvers mánaðar.

Lágmarksgjald sé miðað við 20 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

*3. Véla- og tækjanotkun.*

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Veitan getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri og skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

*4. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.*

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, getur veitan takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur veitan sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

*5. Annað.*

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4 og C.1 og fastagjald F3. Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

**III. Heimtaugagjöld.**

Heimtaugagjaldskrá veitunnar er sem hér segir:

1.1 Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimtauga eða spennustöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.

1.4 Aðalheimtaugar.

Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | Án vsk. | Með vsk. |
|---|---|---|
| 63 A | 65 819,00 | 81 944,65 kr |
| 100 A | 100 658,00 | 125 319,20 kr |
| 200 A | 242 219,00 | 301 562,65 kr |
| 315 A | 383 229,00 | 477 120,10 kr |
| 400 A | 526 664,00 | 655 696,70 kr |
| 710 A | 913 185,00 | 1 136 915,35 kr |
| 1200 A | 1 579 883,00 | 1 966 954,35 kr |

Málstraumur heimtauga miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.

Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | Án vsk. | Með vsk. |
|---|---|---|
| 63 A | 11 245,00 | 14 000,05 |
| 100 A | 15 655,00 | 19 490,50 |

Yfirlengdargjald

| Málstraumur | | |
|---|---|---|
| 63 A | 1 235,00 | 1 537,60 kr/5m |
| 100 A | 1 544,00 | 1 922,30 kr/5m |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.

Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarskassa í húsveitu.

1.6 Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.

1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitunnar, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert veitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.
Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið, – uppsteypt – er lagt til veitunni að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir samkomulagi þar um, hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 337, 4. júlí 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 29. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

16. október 1991 Nr. 504

# SKIPULAGSSKRÁ

**Fjallasjóðs.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Fjallasjóður.
Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnendur eru Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins og Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að efla áhuga á landvernd og að bæta aðstöðu ferðamanna í óbyggðum Íslands.
Vöxtum og öðrum tekjum sjóðsins skal varið til að stuðla að þessum markmiðum með því að veita framlög til verkefna á þessu sviði.

4. gr.

Sjóðurinn lýtur stjórn fjögurra manna. Eftirtaldir aðilar tilnefna menn í stjórn: umhverfisráðuneytið, fjármálaráðuneytið, Fríhöfnin á Keflavíkurflugvelli og Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins. Fulltrúi Á.T.V.R. skal vera formaður stjórnar. Hætti Fríhöfnin eða Á.T.V.R. starfsemi skulu ráðuneyti þau, er fóru með mál þessara fyrirtækja, tilnefna stjórnarmenn í þeirra stað. Ekki eru greidd laun til stjórnarmanna.

5. gr.

Stofnfé sjóðsins er 500 000 kr. – fimm hundruð þúsund krónur –.
Stofnfé sjóðsins er gefið af Heineken bjórfyrirtækinu í Hollandi.

6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur og frjáls framlög erlendra viðskiptavina stofnenda sjóðsins.
Stjórn sjóðsins skal árlega gera fjármálaráðuneytinu grein fyrir tekjum sjóðsins.

7. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta með bestu fáanlegu kjörum hverju sinni en jafnframt skal gætt fyllsta öryggis varðandi ávöxtunarmáta. Lánastarfsemi með fjármuni sjóðsins er ekki heimil.

8. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður styrkveitingar og aðrar ráðstafanir sem gera þarf. Ræður þar einfaldur meirihluti atkvæða. Formaður stjórnar fer með oddaatkvæði.

9. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

Ríkisendurskoðun skal annast árlega endurskoðun reikninga sjóðsins. Reikningsskilum skal lokið fyrir 1. júlí næsta ár á eftir reikningsári.

10. gr.

Heimilt er að breyta skipulagsskrá þessari samþykki þrír stjórnarmanna breytinguna.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til ríkissjóðs og skal varið til verkefna í samræmi við 3. gr. skipulagsskrárinnar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dómsmálaráðuneytið, 16. október 1991.*

F. h. r.
**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 505 25. október 1991

# AUGLÝSING

## um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í nóvembermánuði 1991.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í nóvembermánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: | Innborgun 1,6% |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 1,6% |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. október 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á gjaldskrá Rafveitu Stokkseyrar.**

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58, 29. apríl 1967 hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingar á gjaldskrá Rafveitu Stokkseyrar, er taki gildi 1. nóvember 1991:

Gjaldskrá Rafveitu Stokkseyrar, nr. 338, 4. júlí 1991:
Allir liðir gjaldskrárinnar hækki um . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 5%.

*Iðnaðarráðuneytið, 31. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

STJÓRNARTÍÐINDI B 57 – 1991



# AUGLÝSING

**um náttúruminjaskrá.**

Náttúruverndarráð hefur gengið frá nýrri náttúruminjaskrá, sbr. 28. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 svohljóðandi:

## FRIÐLÝST SVÆÐI OG AÐRAR SKRÁÐAR NÁTTÚRUMINJAR

### SUÐVESTURLAND

Á Suðvesturlandi starfa eftirtaldar náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum um náttúruvernd: náttúruverndarnefnd Gullbringusýslu, náttúruverndarnefnd Kjósarsýslu, umhverfismálaráð Reykjavíkur, náttúruverndarnefnd Mosfellsbæjar, náttúruverndarnefnd Seltjarnarness, umhverfismálaráð Kópavogs, náttúruverndarnefnd Garðabæjar, náttúruverndarnefnd Hafnarfjarðar, umhverfismálanefnd Grindavíkur, umhverfismálanefnd Njarðvíkur og náttúruverndarnefnd Keflavíkur.

*FRIÐLÝST SVÆÐI*

**FRIÐLÖND:**

Eldey, Gullbringusýslu. Friðlýst með lögum 1940. Lýst friðland 1960. Friðlýsing endurskoðuð sbr. auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 119/1974. Stærð 2 ha. Óheimilt er að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs og til verndar fuglalífi eru skot bönnuð nær eynni en 2 km.

**Ástjörn**, Hafnarfirði. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 189/1978. Stærð 25 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 15. júlí.

**Grótta**, Seltjarnarnesi. Lýst friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 13/1984. Stærð 5 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 1. júlí.

**Varmárósar**, Mosfellsbæ. Lýstir friðland 1980. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 506/1987. Stærð 9,6 ha.

**NÁTTÚRUVÆTTI:**

**Eldborg í Bláfjöllum**, Reykjavík. Fyrst friðlýst 1971. Lýst náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1974. Stærð 50 ha.

**Eldborgir undir Geitahlíð**, Grindavík. Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 622/1987. Stærð 10,5 ha.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

**Hamarinn**, Hafnarfirði. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1984. Stærð 2 ha.

**Tröllabörn í Lækjarbotnum**, Kópavogi. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 294/1983. Stærð 5 ha.

**Víghólar**, Kópavogi. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 778/1983. Stærð 1 ha.

**Borgir**, Kópavogi. Friðlýstar sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 269/1981. Stærð 3 ha.

**Laugarás**, Reykjavík. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 41/1982. Stærð 1 ha.

**Háubakkar við Elliðaárvog**, Reykjavík. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 347/1983. Stærð 2 ha.

**Steðji (Staupasteinn) á Skeiðhól**, Kjósarhreppi, Kjósarsýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 218/1974. Stærð 7 ha.

FÓLKVANGAR:

**Bláfjöll**, Bessastaðahreppi, Garðabæ, Gerðahreppi, Grindavík, Hafnarfirði, Keflavík, Kópavogi, Miðneshreppi, Njarðvík, Reykjavík, Seltjarnarnesi, Ölfushreppi og Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu og Kjósarsýslu. Fólkvangur 1973. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 173/1985. Stærð 8.400 ha.

**Rauðhólar**, Reykjavík. Svæðið friðlýst sem náttúruvætti 1961. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 185/1974. Stærð 45 ha.

**Reykjanesfólkvangur**, Garðabæ, Grindavík, Hafnarfirði, Keflavík, Kópavogi, Njarðvík, Reykjavík, Seltjarnarnesi og Ölfushreppi, Gullbringusýslu og Kjósarsýslu. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 520/1975. Stærð 30.000 ha.

## *AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR*

101. **Keilir, Höskuldarvellir og Eldborg við Trölladyngju,** Grindavík, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Mörk svæðisins eru um Keili að vestan, Markhelluhól að norðan, fylgja síðan vesturmörkum Reykjanesfólksvangs á móts við Hverinn eina, þaðan um Driffell í Keili. (2) Mikið gígasvæði vestan í Vesturhálsi, liggur frá Höskuldarvöllum suður á milli Oddafells og Trölladyngju til Selsvalla, en úr gígaröðinni þar hefur Afstapahraun runnið. Gígasvæðið er að hluta innan Reykjanesfólksvangs. Norðan undir Trölladyngju er einstakur gígur, Eldborg, myndaður á sögulegum tíma. Á vesturmörkum svæðisins gnæfir móbergsfjallið Keilir.

102. **Katlahraun við Selatanga,** Grindavík. (1) Austurmörk fylgja mörkum Reykjanesfólksvangs að þjóðvegi, eftir honum að vesturenda Skálamælisfells. Vesturmörk frá vesturenda Skálamælifells til sjávar í Veiðibjöllunef. (2) Stórbrotið landslag, hrauntjarnir og hellar. Friðaðar söguminjar við Selatanga.

103. **Hraunsvík og Festarfjall,** Grindavík. (1) Fjaran í Hraunsvík frá Hrauni að Lambastapa, ásamt kríuvarpi á Hraunssandi vestan Hrólfsvíkur. Suðurhluti Festarfjalls. (2) Sjávarhamrar og brimrofin eldstöð, Festarfjall. Fjölbreytt sjávarlíf. Fjölsóttur náttúruskoðunarstaður.

104. **Sundhnúksröðin og Fagridalur,** Grindavík. (1) Sundhnúksgígaröðin öll, frá Melhól í vestur að hraunkantinum sunnan Þorbjarnarfells, með honum vestur og norður fyrir fellið, að háspennulínu sem er ca. 200 m vestan þjóðvegar. Mörkin fylgja síðan línunni til norðurs að stað 2 km norðan Arnarseturs og þaðan í horn landamerkjalínu við norðausturhorn Litla Skógarfells, Fagridalur sem gengur austur af enda gígaraðarinnar. Þá 400 m breitt svæði austan gígaraðarinnar suður í Melhól. (2) Tæplega 9 km löng gígaröð sem kennd er við Sundhnúk. Fallegar hrauntraðir í suðvesturhlíð Hagafells. Grindavíkurbær stendur á hrauni úr gígaröðinni. Fagridalur er grösugt dalverpi við norðvesturhorn Fagradalsfjalls. Söguminjar.

105. **Strandsvæði vestan Grindavíkur,** Grindavík. (1) Strandlengjan frá Litlubót, ásamt Gerðavallabrunnum, vestur að Vörðunesi. (2) Fjölbreyttur strandgróður, fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, athyglisverður hraunkantur með sjávartjörnum.

106. **Eldvörp, Reykjanes og Hafnaberg,** Grindavík, Hafnahreppi, Gullbringusýslu. (1) Mörk liggja úr Mölvík, nokkru austan Vatnsstæðis, 500 m austan Eldvarpagígaraðarinnar, norðaustur fyrir gíginn Lat, að borholu Hitaveitu Suðurnesja, HSK 10 við Lágar, þaðan bein lína í norður í átt að Vörðugjá, hraunsvæðið Lágar austan Þórðarfells í Þórðarfell og þaðan bein lína í veg fyrir botn Stóru Sandvíkur, norðvestur með honum niður að Lendingamel, eftir Hafnabergi að eyðibýlinu Eyrarbæ. (2) Reykjanesið er framhald Reykjaneshryggjarins á landi, sem er gliðnunarbelti á mótum tveggja platna. Stórbrotin jarðfræði, m.a. gígaraðirnar Eldvörp og Stampar, dyngjurnar Skálafell, Háleyjabunga og Sandfellshæð, ásamt fjölda gjáa, sprungna og hrauntjarna. Allmikið hverasvæði, fjölskrúðugur jarðhitagróður, sérstæð volg sjávartjörn. Hafnaberg er lágt fuglabjarg með fjölmörgum tegundum bjargfugla. Aðgengilegur staður til fuglaskoðunar.

107. **Ósar,** Hafnahreppi, Miðneshreppi, Gullbringusýslu. (1) Vogurinn með strandlengju, fjörum og grunnsævi austan línu sem dregin er á milli Hafna og Þórshafnar. (2) Mikið og sérstætt botndýralíf, fjölbreyttar fjörur, vetrarstöðvar ýmissa fuglategunda.

108. **Fjörur og tjarnir á Rosmhvalanesi,** Miðneshreppi, Gerðahreppi, Gullbringusýslu. (1) Fjörur og sjávarfitjar frá Stafnesi að Rafnkelsstaðabergi, m.a. Sandgerðistjörn, Gerðasíki, Miðhúsasíki og Útskálasíki. (2) Fjölbreyttur strandgróður og ýmsar fjörugerðir. Lífauðugar sjávartjarnir og mikið fuglalíf.

109. **Seltjörn, Snorrastaðatjarnir og hluti Hrafnagjár,** Grindavík, Njarðvík, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Svæði frá Seltjörn til Snorrastaðatjarna, ásamt skógarreitum. Einnig syðsti hluti Hrafnagjár. (2) Gróskumikill gróður í Snorrastaðatjörnum. Gróðursælir skógarreitir undir Háabjalla og í Sólbrekkum. Mikilvægur áningarstaður farfugla vor og haust. Hrafnagjá er misgengissprunga með fjölbreyttum gróðri. Kjörið útivistarsvæði.

110. **Tjarnir á Vatnsleysuströnd,** Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Síkistjörn, Vogatjörn, Mýrarhústjörn, Gráhella, tjarnir við Hlöðunes, Ásláksstaðatjörn, Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Landakotstjörn, Kálfatjarnartjörn og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi. (2) Lífríkar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi.

111. **Látrar við Hvassahraun,** Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Fjaran og strandlengjan frá Fögruvík að Stekkjarnesi suður að þjóðvegi ásamt ísöltum tjörnum og Hvassahraunskötlum sunnan vegar. (2) Sérstætt umhverfi með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörulífi og gróðri. Sjávartjarnir með mismikilli seltu. Katlarnir eru reglulegar hraunkúpur, e.k. gervigígar, á sléttri klöpp í Hvassahrauni. Útivistarsvæði með mikið rannsókna- og fræðslugildi í nánd við þéttbýli.

112. **Straumsvík,** Hafnarfirði. (1) Fjörur, strendur svo og tjarnir með fersku og ísöltu vatni við innanverða Straumsvík, frá Urtartjörn vestan Straums suður fyrir Þorbjarnarstaði að athafnasvæði Ísal. (2) Tjarnir með einstæðum lífsskilyrðum, allmikið fuglalíf.

113. **Hvaleyrarlón og fjörur Hvaleyrarhöfða,** Hafnarfirði. (1) Hvaleyrarlón og fjörur umhverfis Hvaleyrarhöfða að Þvottaklettum í Hraunavík. (2) Lífauðugar leirur og malarfjörur. Mjög þýðingarmikill áningarstaður farfugla, einkum vaðfugla. Fjölsótt útivistarsvæði.

114. **Vífilsstaðavatn og Hraunsholtslækur,** Garðabæ. (1) Vífilsstaðavatn ásamt 200 m spildu umhverfis vatnið. Hraunsholtslækur frá upptökum til ósa í Arnarnesvogi auk 200 m breiðrar spildu af Búrfellshrauni meðfram læknum að sunnan. (2) Lítt raskað vatn með góðri veiði, fallegur lækur milli hrauns og hlíðar. Vinsælt útivistarsvæði.

115. **Búrfell og Búrfellsgjá,** Garðabæ. (1) Búrfell og hrauntröðin, Búrfellsgjá og Selgjá, ásamt um 200 m breiðri spildu beggja vegna gjárinnar. (2) Eldstöð frá nútíma, ein sérstæðasta hrauntröð landsins. Svæðið er að mestu innan Reykjanessfólkvangs.

116. **Urriða(kots)vatn,** Garðabæ. (1) Urriða(kots)vatn allt. (2) Hraunjaðar, mýrlendi, gróðurmikið vatn. Auðugt lífríki við þéttbýli.

117. **Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi,** Hafnarfirði, Garðabæ, Kópavogi og Bessastaðahreppi, Gullbringusýslu. (1) Fjaran frá Bala í Hafnarfirði að Kársnesi í Kópavogi. Bessastaðanes allt og Lambhúsatjörn, Bessastaðatjörn, Skógtjörn og Kasthúsatjörn. Gálgahraun sem afmarkast af Álftanesvegi að sunnan, en hraunjöðrum að austan og vestan. (2) Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum sjávarfitjum. Hraunið er nyrsta tunga af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli. Kjörið útivistarsvæði.

118. **Fossvogsbakkar,** Reykjavík. (1) Strandlengja í innanverðum Fossvogi frá botni hans að Nauthólsvík. (2) Setlög með skeljum frá síðasta hlýskeiði ísaldar.

119. **Öskjuhlíð,** Reykjavík. (1) Öskjuhlíð milli Hafnarfjarðarvegar, Hlíðarfótar og Öskjuhlíðarskóla. (2) Vinsæll og fjölsóttur útsýnisstaður og útivistarsvæði. Minjar um hæstu sjávarstöðu frá ísaldarlokum.

120. **Tjörnin og Vatnsmýrin,** Reykjavík. (1) Tjarnir allar með hólmum og bökkum. Vatnsmýrin milli Hringbrautar, Norræna hússins og Háskólavallar. (2) Mikið fuglalíf, varpland í miðri borg. Vinsælt útivistarsvæði.

121. **Valhúsahæð,** Seltjarnarnesi. (1) Kollur Valhúsahæðar, ofan Skólabrautar og Stranda. (2) Útivistarstaður og útsýni í þéttbýli.

122. **Seltjarnarnesfjörur og Suðurnes,** Seltjarnarnesi. (1) Fjörur kringum nesið frá Bakka að Bygggörðum. Suðurnes allt, Kotagrandi, Bakkagrandi og Bakkatjörn. (2) Fjölbreyttar fjörur og strandgróður ásamt sjávartjörnum, ríkulegt fuglalíf. Jarðlög með skeljaleifum frá síðasta hlýskeiði ísaldar og ísaldarlokum. Vinsælt útivistarsvæði.

123. **Vesturhorn Laugarness,** Reykjavík. (1) Mörk svæðisins eru að sunnan frá Kleppsvegi á móts við Suðurkotsvör meðfram Kleppsvegi að Laugarnesvegi og þaðan meðfram húsum Tollvörugeymslunnar og Kletts í sjó. (2) Fjörur og strandbelti á vesturströnd Laugarness, sem að mestu er óröskuð strandlengja með sérkennilegum sjávarrofnum klettum. Vinsæll útivistar- og útsýnisstaður, ásamt menningarsögulegum minjum.

124. **Elliðaárdalur,** Reykjavík, Kópavogi. (1) Vatnasvið Elliðaár í Elliðaárdal, frá upptökum í Elliðavatni allt til ósa. (2) Fjölbreytt náttúrufar, kjörið útivistarsvæði í þéttbýli.

125. **Myllulækjartjörn í Heiðmörk,** Reykjavík. (1) Myllulækjartjörn, Myllulækur og mýrin norðan og austan tjarnarinnar. (2) Fjölskrúðugur gróður og fuglalíf. Svæðið er innan Heiðmerkur, sem er umsjónarsvæði Skógræktarfélags Reykjavíkur.

126. **Grafarvogur,** Reykjavík. (1) Leirur í Grafarvogi. (2) Einn mikilvægasti viðkomustaður farfugla, einkum vaðfugla, á höfuðborgarsvæðinu.

127. **Gufuneshöfði,** Reykjavík. (1) Vestur- og norðurhluti Gufuneshöfða, inn að vegi í Gufunesi, ásamt fjöru og grunnsævi. (2) Stórgrýttur höfði með jökulminjum og brattri strönd. Kjörið útivistarsvæði, gott útsýni.

128. **Viðey,** Reykjavík. (1) Öll Viðey. (2) Lítt snortin og vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi í nánd við þéttbýli. Söguminjar. Vinsælt útivistarsvæði.

129. **Eyjar á Kollafirði,** Reykjavík, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. (1) Þerney, Lundey, Engey og Akurey. (2) Lágar, grónar eyjar í næsta nágrenni við þéttbýli. Varpstöðvar allmargra fuglategunda.

130. **Úlfarsá og Blikastaðakró,** Reykjavík, Mosfellsbæ. (1) Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa ásamt um 200 m breiðum bakka beggja vegna árinnar. Fjörur og grunnsævi ásamt 50 m breiðri strandlengju í Blikastaðakró, suður að Eiðsgranda, eftir honum og austurströnd Geldinganess í Réttarnes, þaðan bein lína í ósa Úlfarsár.

131. **Leiruvogur og Varmá,** Mosfellsbæ. (1) Óshólmar Leirvogsár, ásamt strandlengju, fjörum og grunnsævi út að Blikastaðakró og Gunnunesi. Varmá frá upptökum til ósa. (2) Fjölbreytilegur strandgróður, lífríkar fjörur, mikið fuglalíf. Varmá er eitt fárra varmavatna á landinu og hefur mikið vísindalegt gildi. Hluti svæðisins hefur þegar verið friðlýstur, þ.e. Friðland við Varmárósa.

132. **Tröllafoss,** Mosfellsbæ, Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. (1) Tröllafoss í Leirvogsá ásamt nánasta umhverfi. (2) Foss í fallegu gljúfri á vinsælli gönguleið.

133. **Andríðsey,** Kjalarneshreppi, Kjósarsýslu. (1) Eyjan öll. (2) Mikið fuglalíf, mesta varpeyjan við sunnanverðan Faxaflóa.

134. **Laxárvogur,** Kjósarhreppi, Kjósarsýslu. (1) Grunnsævi, fjörur og strandlengja frá ósi Laxár út að línu milli Hálsness og Hvalfjarðareyrar. (2) Víðáttumiklar leirur með fjölbreyttu dýralífi og gróðri.

135. **Þórufoss,** Kjósarhreppi, Kjósarsýslu. (1) Þórufoss í Laxá ásamt nánasta umhverfi. (2) Tilkomumikill foss í fögru gljúfri. Vinsæll áningarstaður.

136. **Brynjudalur og Botnsdalur,** (201), Kjósarhreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Lönd Litla og Stóra Botns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi svo og Brynjudal og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins er í Botnsá.

# VESTURLAND

Á Vesturlandi starfa eftirtaldar náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum um náttúruvernd: náttúruverndarnefnd Borgarfjarðarsýslu, náttúruverndarnefnd Mýrasýslu, náttúruverndarnefnd Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, náttúruverndarnefnd Dalasýslu, umhverfismálanefnd Akraness, umhverfismálanefnd Borgarness, náttúruverndarnefnd Ólafsvíkur og umhverfismálaráð Stykkishólms.

## *FRIÐLÝST SVÆÐI*

### FRIÐLÖND:

**Geitland,** afréttur í Hálsahreppi, Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 283/1988. Stærð 11.750 ha.

**Húsafellsskógur,** Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1974. Stærð 440 ha.

**Búðahraun,** Staðarsveit, Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnessýslu. Lýst friðland 1977. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 357/1979. Stærð 915 ha.

**Ströndin við Stapa og Hellna,** Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnessýslu. Lýst friðland 1979. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 284/1988. Stærð 58 ha.

**Melrakkaey,** Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu. Lýst friðland 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 118/1974. Stærð 9 ha. Óheimilt að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs og til verndar fuglalífi eru skot bönnuð nær eynni en 2 km.

### NÁTTÚRUVÆTTI:

**Hraunfossar og Barnafoss,** Hálsahreppi, Hvítársíðuhreppi, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 410/1987. Stærð 39 ha.

**Grábrókargígar,** Norðurárdalshreppi, Mýrasýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti 1962. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 216/1975. Stærð 34 ha.

**Eldborg í Hnappadal,** Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnessýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 309/1974. Stærð 150 ha.

**Bárðarlaug,** Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnessýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 445/1980. Stærð 50 ha.

## *AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR*

201. **Brynjudalur og Botnsdalur,** (136) Kjósarhreppi, Hvalfjarðarstrandarhreppi, Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Lönd Litla og Stóra Botns, Hrísakots, Ingunnarstaða, Þrándarstaða og Skorhaga. Svæðið tekur yfir fjörur í Botnsvogi og Brynjudalsvogi svo og Brynjudal og Botnsdal, allt upp fyrir Hvalvatn. (2) Fagrir dalir, töluverður kjarrgróður. Mjög lífauðugar leirur, mikið fuglalíf. Glymur, hæsti foss landsins er í Botnsá.

202. **Blautós og Innstavogsnes,** Akranesi og Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt Innstavogsnesi. (2) Miklar leirur, sjávarfitjar, mikið fuglalíf. Tilvalið útivistar- og fræðslusvæði.

203. **Leirárvogur,** Leirárhreppi, Melahreppi, Skilmannahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Fjörur og grunnsævi frá ósum Leirár og Súlueyri að norðan og Hvítanesi að sunnan. (2) Víðáttumiklar leirur með auðugu smádýralífi. Sellátur og fjöldi vaðfugla.

204. **Reykjadalsá ásamt nálægum hverum og Rauðsgil,** Reykholtsdalshreppi, Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Reykjadalsá frá ármótum árinnar við Hvítá að Giljafossi, hverasvæði Deildartungu, Deildartunguhver ásamt hverahólnum, hverirnir Vellir og Hægindakotshver ásamt nánasta umhverfi þeirra og Rauðsgil allt niður að Reykjadalsá. (2) Reykjadalsá er lygn gróðurmikil á sem helst auð að vetrinum vegna hveravatns sem í hana rennur. Svigðumyndun árinnar er óvenju falleg. Við Reykjadalsá eru vetrarstöðvar andfugla. Jarðhitasvæði í Deildartungu er samfellt jarðhitakerfi með hverum, laugum og lindum, en Deildartunguhver er vatnsmesti hver á landinu. Árhver (Vellir) er goshver í Reykjadalsá og einn af fáum ósködduðum hverum í Borgarfirði. Hægindakotshver er í alfaraleið, en við hann er allfjölbreytt dýralíf. Við Reykjadalsá eru vetrarstöðvar andfugla ásamt því að á jarðhitasvæðunum er að finna athyglisverðan gróður og dýralíf. Í Rauðsgili er að finna fallega fossaröð.

205. **Sudda,** Reykholtsdalshreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Laug norðan við eyðibýlið Suddu og nágrenni hennar. (2) Laug í miklum dýjum. Óvenju fjölskrúðugt dýralíf. Ein af fáum ósködduðum laugum í Borgarfirði.

206. **Húsafell,** Hálsahreppi, Borgarfjarðarsýslu. (1) Jörðin Húsafell. (2) Tilkomumikið, fjölbreytt landslag, víðlendur skógur, laugar og lindir. Vinsælt útivistarsvæði. Þegar friðað að nokkru á vegum landeigenda, Skógræktar ríkisins og Náttúruverndarráðs, þ.e. Friðland í Húsafellsskógi.

207. **Víðgelmir í Hallmundarhrauni,** Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu. (1) Hellirinn svo og hraunið næst honum, í landi Fljótstungu. (2) Stór hraunhellir.

208. **Surtshellir og Stefánshellir í Hallmundarhrauni,** Hvítársíðuhreppi, Mýrasýslu. Hellarnir og hraunið næst þeim, í landi Kalmannstungu. (2) Stórir hraunhellar, Surtshellir er stærstur og nafntogaðastur íslenskra hella.

209. **Arnarvatnsheiði og Tvídægra,** (401), Mýrasýslu, V-Húnavatnssýslu. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Að sunnan liggja mörk frá Guðnahæð í Efri Fljótsdrögum um Eiríksgnípu í topp Lambafells norðan Strúts og þaðan vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafell í Litlaskálshæð. Austurmörk eru úr Litlaskálshæð um Suðurmannasandfell í Guðnahæð. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Hvítár, Hrútafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalsár. Silungsveiði og mikið fuglalíf.

210. **Grábrókarhraun og Hreðavatn,** Norðurárdalshreppi, Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu. (1) Grábrókarhraun norðan hreppamarka allt austur að Bjarnardalsá og Norðurá, ásamt Hraunsey og fossinum Glanna. Hreðavatn allt og suðurhlíðar Setmúla milli Kiðár og Brekkuár. (2) Fjölbreytt og fagurt umhverfi, fjölsótt útivistarsvæði. Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer í Brekkuárgili, Hestabrekku og Þrimilsdal.

211. **Ferjubakkaflói og Ystatunga,** Borgarhreppi, Stafholtstungnahreppi, Mýrasýslu. (1) Ferjubakkaflói við Eskiholt, Hóp, neðanverð Gljúfurá og Norðurá með bökkum ásamt Ystutungu sunnan Sólheimatungu. Að sunnan ræður þjóðvegur, að vestan Tjarnarás, Hóp og Gljúfurá, að austan Norðurá og Hvítá. (2) Víðáttumiklir flóar og flæðilönd, gróðursæl síki og lygnar ár. Einn mikilvægasti viðkomustaður andfugla hérlendis.

212. **Utanverður Borgarfjörður,** Álftaneshreppi, Borgarneshreppi, Borgarhreppi, Leirár- og Melahreppi, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Borgarvogi, Langárósi ásamt utanverðum Borgarfirði frá línu á milli Straumeyrar og Brákareyrar suður að Belgsholtshólma í Melasveit og vestur um Þórmóðssker að Álftanesi á Mýrum. Langárós upp að Skuggafossi. (2) Víðáttumikið grunnsævissvæði, leirur og fitjar með miklu fuglalífi. Utanverður Borgarfjörður hefur afar mikla þýðingu fyrir æðarfugl síðari hluta sumars. Langárós er einn lengsti og frjósamasti árós landsins.

213. **Hjörsey og Straumfjörður,** Álftaneshreppi, Hraunhreppi, Mýrasýslu. (1) Hjörsey, Hjörseyjarsandur og aðrar eyjar og sker milli Hjörseyjarsands og Straumfjarðar ásamt fjörum og grunnsævi. (2) Leirur, mýrlendi og sjávarfitjar með miklum gróðri og dýralífi. Mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

214. **Löngufjörur,** Hraunhreppi, Kolbeinsstaðahreppi, Eyjahreppi, Miklaholtshreppi, Mýrasýslu, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi ásamt strandlengju, eyjum og skerjum frá Ökrum og Hvalseyjum í Hraunhreppi vestur fyrir Sauratjörn í Miklaholtshreppi svo og Laxárbakkaflói og Glámsflói. (2) Grunnsævi, víðáttumiklar leirur, sandfjörur og fitjar, auk fjölda eyja og skerja. Blautir brokflóar. Afar mikilvægt svæði fyrir fuglalíf.

215. **Barnaborg og Barnaborgarhraun,** Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Barnaborg ásamt öllu Barnaborgarhrauni. (2) Úfið apalhraun frá nútíma, víða lyngi og kjarri vaxið, runnið frá Barnaborg, eldvarpi í miðju hrauninu, kjörið útivistarsvæði.

216. **Gerðuberg,** Eyjahreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Stuðlabergsbelti milli bæjanna Gerðubergs og Ytra Rauðamels, ásamt brekkunum niður að þjóðvegi. (2) Tilkomumikið stuðlað hraunlag og gróskumiklar blómabrekkur.

217. **Gullborg og Gullborgarhellar,** Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Gullborg ásamt hrauni, þar sem eru Borgarhellir, Vegghellir og Flórhellir, auk tveggja nafnlausra hella. Tilheyrir landi Syðra Rauðamels, Heggstaða og Hraunholta. (2) Gígur og sérkennilegir hraunhellar með töluverðum dropsteinsmyndunum.

218. **Rauðamelsölkelda,** Eyjahreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Ölkeldan og næsta nágrenni hennar. (2) Ein af merkari ölkeldum landsins.

219. **Ölkelda,** Staðarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Ölkelda við samnefndan bæ í Staðarsveit. (2) Ósnortin, athyglisverð ölkelda.

220. **Tjarnir við Ytri-Garða,** Staðarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Hofgarðatjörn og tjörnin Kúka ásamt votlendi umhverfis þær. (2) Gróðurmiklar tjarnir og votlendi, þar sem finnast sjaldgæfar plöntutegundir. Auðugt dýralíf.

221. **Lýsuhóll,** Staðarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Laug og kalkútfellingar við bæinn Lýsuhól, ásamt hallamýri ofan þeirra að brekkurótum. (2) Óvenjulegt gróðurfar, sjaldgæfar plöntur og sérstæð kalkútfelling við laugina.

222. **Bjarnarfoss,** Staðarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Foss suðaustur af Mælifelli, ásamt stuðlabergshömrum beggja vegna og gróskumiklum brekkum neðan þeirra. (2) Hár og tignarlegur foss, sem blasir við frá Búðum. Tilkomumiklir hamrar og sérstæður gróður.

223. **Undir Jökli,** Breiðuvíkurhreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Lönd býla vestan Snæfellsjökuls frá Dagverðará að sunnan, að Skarðsvík og Móðulæk að norðan. (2) Fjölbreytilegt landslag, frá fjörum til efstu tinda Snæfellsjökuls. Eldstöðvar og hraun frá nútíma. Fjölsótt útivistarsvæði.

224. **Svöðufoss,** Neshreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Foss í Fossgili, Hólmkelsá (Laxá á Breið), suðaustur af Ingjaldshóli svo og umgjörð fossins. (2) Hár og vatnsmikill foss með stuðlabergshömrum beggja vegna.

225. **Búlandshöfði,** Ólafsvík, Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Setlög í Búlandshöfða frá Mávahlíð að Höfða. (2) Merk jarðlög með steingerðum skeljum.

226. **Stöð (Brimlárhöfði),** Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu. (1) Setlög í austurhlíð fjallsins. (2) Jarðlög með skeljum og blaðförum frá hlýskeiði á ísöld.

227. **Berserkjahraun, Hraunsfjörður og nálæg vötn,** Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu. (1) Berserkjahraun allt og Hraunsfjörður innan Seljaodda ásamt Selvallavatni, Hraunsfjarðarvatni og Baulárvallavatni. (2) Stórbrotið apalhraun með gíghólum og söguminjum, Berserkjagötu og Berserkjadys. Lífauðugar fjörur, veiðivötn. Kjörið útivistarsvæði.

228. **Fjörur í Hofstaðavogi,** Helgafellssveit, Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Hofstaðavogi út að Jónsnesi og Kóngsbakka. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.

229. **Helgafell,** Helgafellssveit, Snæfellsnessýslu. (1) Fellið og nánasta umhverfi. (2) Sérkennileg klettaborg, stuðluð gosrásarfylling. Fagurt útsýni og fjölbreyttur gróður í hlíðum. Söguhelgi.

230. **Fjörur í Álftafirði og Vigrafirði,** Helgafellssveit, Skógarstrandarhreppi, Snæfellsnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Álftafirði og Vigrafirði innan Helgafellseyja og Galtareyja. (2) Miklar og frjósamar leirur og þangfjörur. Mikil umferð farfugla.

231. **Saltadý,** Haukadalshreppi, Dalasýslu. (1) Saltadý í landi Hamra í Haukadal og umhverfi þess. (2) Sölt laug, óvenjulegt gróðurfar.

232. **Tungustapi,** Hvammshreppi, Dalasýslu. (1) Klettastapi fyrir miðjum Sælingsdal, milli Gerðis og Sælingsdalstungu. (2) Áberandi einkenni í landi og vætti í íslenskum þjóðsögum.

233. **Skeljaleifar í Kaldrana,** Saurbæjarhreppi, Dalasýslu. (1) Fundarstaðir skeljaleifa á um 200 m breiðu strandbelti, frá Kaldrana austur að Holtahlíð í Saurbæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeljaleifum frá lokum ísaldar.

234. **Breiðafjarðareyjar,** (301), Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, A- og V-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjar allar, hólmar og sker á Breiðafirði. (2) Miklar fuglabyggðir, sellátur, auðugar fjörur og sérstætt landslag og jarðmyndanir. Æskilegt að settar verði reglur um Breiðafjörð með tilliti til sérstöðu hans og gildis frá sjónarmiði náttúrufræði, búsetu og hlunninda.

## VESTFIRÐIR

Á Vestfjörðum starfa eftirtaldar náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum um náttúruvernd: náttúruverndarnefnd A-Barðastrandarsýslu, náttúruverndarnefnd V-Barðastrandarsýslu, náttúruverndarnefnd V- og N-Ísafjarðarsýslu, náttúruverndarnefnd Strandasýslu, náttúruverndarnefnd Bolungarvíkur og náttúruverndarnefnd Ísafjarðar.

*FRIÐLÝST SVÆÐI*

**FRIÐLÖND:**

**Hrísey,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 425/1977. Stærð 40 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. júlí.

**Flatey,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B,nr. 395/1975. Stærð 100 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. apríl til 15. ágúst.

**Vatnsfjörður,** Barðastrandarhreppi, V-Barðastrandarsýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 96/1975. Stærð 20.000 ha.

**Hornstrandir,** Snæfjallahreppi, N-Ísafjarðarsýslu. Friðland 1975. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 332/1985. Stærð 58.000 ha. Frá 15. apríl til 15. júní ár hvert þarf að tilkynna Náttúruverndarráði um ferðalög um svæðið.

**NÁTTÚRUVÆTTI:**

**Surtarbrandsgil,** Barðastrandarhreppi, V-Barðastrandarsýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 103/1975. Stærð 150 ha.

**Dynjandi,** Þingeyrarheppi, V-Ísafjarðarsýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti 1981. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 348/1986. Stærð 700 ha.

*AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR*

301. **Breiðafjarðareyjar,** (234), Snæfellsnessýslu, Dalasýslu, A- og V-Barðastrandarsýslu. (1) Eyjar allar, hólmar og sker á Breiðafirði. (2) Miklar fuglabyggðir, sellátur, auðugar fjörur og sérstætt landslag og jarðmyndanir. Æskilegt að settar verði reglur um Breiðafjörð með tilliti til sérstöðu hans og gildis frá sjónarmiði náttúrufræði, búsetu og hlunninda.

302. **Borgarland og Berufjörður,** Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1) Nesið milli Króksfjarðar og Berufjarðar í landi Borgar, Hafrafells, Klukkufells, Mýrartungu og Hríshóls. Fjörur í Berufirði öllum út að Bjartmarssteini að austan og Börmum að vestan, ásamt Barmahlíð. (2) Sérkennilegt og fagurt landslag. Tjarnir og mýrar með miklu fuglalífi. Lífmiklar þangfjörur og leirur, gróskumiklar blóma- og kjarrbrekkur í Barmahlíð.

303. **Norðurströnd Þorskafjarðar og fjörur í Djúpafirði, Reykhólahreppi, A-Barðastrandarsýslu. (1)** Fjörur, fitjar og sjávartjarnir frá Teigsskógum að Grónesi. Auk þess skóglendi á norðurströnd Þorskafjarðar milli Teigsskóga og Hallsteinsness. (2) Víðlendar og lífauðugar fjörur með miklu fuglalífi. Þéttur skógur og gott sýnishorn af landslagi við norðanverðan Breiðafjörð.

304. **Kjálkafjörður, Kerlingarfjörður og Skálmarnes,** Reykhólahreppi, Barðastrandarhreppi, A- og V-Barðastrandarsýslu. (1) Svæðið milli Hjarðarness að vestan og Vattardalsár í botni Vattarfjarðar að austan. Að norðan liggja mörkin um Kjálkafjarðará og Þingmannaheiði. (2) Ríkulegt gróðurfar með skóglendi í fjörðum, fuglabjarg í Múlanesi.

305. **Seljárgil í Vaðalsdal,** Barðastrandarhreppi, V-Barðastrandarsýslu. (1) Jarðlög með blaðförum við Selja í Vaðalsdal. (2) Vatnasetlög með surtarbrandi og leifum blaða og aldina frá tertíer.

306. **Bæjarvaðall,** Rauðasandshreppi, V-Barðastrandarsýslu. (1) Fjörur í Bæjarvaðli ásamt Rifi og Melanesrifi. (2) Víðáttumiklar, rauðleitar skeljasandsfjörur með fjölbreyttu dýralífi.

307. **Látrabjarg og Keflavíkurbjarg,** Rauðasandshreppi, V-Barðastrandarsýslu. (1) Fuglabjörgin frá Bjargtöngum allt austur að Brimnesi. (2) Stórkostleg fuglabjörg, hin mestu við Norður-Atlantshaf.

308. **Hafnarvaðall og Örlygshöfn,** Rauðasandshreppi, V-Barðastrandarsýslu. (1) Hafnarvaðall og Tungurif. (2) Leirur og skeljasandsfjörur, fjölskrúðugt lífríki.

309. **Þórishlíðarfjall,** Bíldudalshreppi, V-Barðastrandarsýslu. (1) Setlög með blaðförum í Þórishlíðarfjalli við Selárdal. (2) Meðal elstu minja um gróðurfar hérlendis á tertíer.

310. **Geirþjófsfjörður,** Bíldudalshreppi, V-Barðastrandarsýslu. (1) Geirþjófsfjörður innan Krosseyrartanga og Ófæruness. Að norðan ráða sýslumörk, að suðaustan hreppamörk og vatnaskil að sunnan. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag, ríkulegur gróður, skóglendi.

311. **Keldudalur í Dýrafirði,** Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Keldudalur og Hraunsland. Afmarkast annars vegar af hæstu fjallseggjum og hins vegar af Dýrafirði. (2) Fjölbreytt landslag, gróðursælar hlíðar og dalir, umgirt stórskornu fjalllendi. Framhlaup og jökulminjar.

312. **Ketilseyri í Dýrafirði,** Þingeyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Jarðlög með plöntusteingervingum í norðurhlíð fjallsins Töflu, við bæinn Ketilseyri. (2) Einstæður fundarstaður plöntuleifa í rauðu millilagi frá tertíer.

313. **Lambadalsfjall, Botn í Dýrafirði og Hestfjarðarbrúnir við Hestfjörð,** Mýrahreppi, Þingeyrarhreppi, Súðavíkurhreppi, V- og N-Ísafjarðarsýslu. (1) Mörk að sunnan frá Bæjará fylgja hreppamörkum um fjallið Snjófríð, þaðan liggja austurmörk eftir hreppamörkum í botn Hestfjarðar, þá eftir ströndinni í Vatnsdalsá í botni Seyðisfjarðar. Í Hestfirði fylgja mörk 300 m hæðarlínu að Lambagilsá, þaðan í Lambadalsskarð eftir Lambadalsá í Lambadalsodda. (2) Stórbrotið land, jökulhvilftir og árgljúfur. Fjölskrúðugur gróður, kjarr- og skóglendi. Söguminjar í Dýrafirði.

314. **Holtsengi og Vöð í Önundarfirði,** Mosvallahreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í innsta hluta Önundarfjarðar, innan Holtsodda, ásamt mýrlendi milli Þórustaða og Bjarnardalsóss. (2) Fjölbreytt lífríki.

315. **Botn í Súgandafirði, Seljalandsdalur og Tungudalur,** Ísafjarðarkaupstað, Suðureyrarhreppi, V-Ísafjarðarsýslu. (1) Ysti hluti Botnslands ásamt hlíðum. Að norðan ráða sýslumörk að Gyltuskarði, þá eggjar Eyrarfjalls. Að sunnan frá Hafradal ráða hreppamörk að Botnsheiði, þá um Austmannafall og Hnífa yfir Tunguá við Tunguskóg og þaðan á Skíðaveg. (2) Fjölbreytt landslag, gil, ár og fossar. Sérstætt gróðurfar, vöxtulegur birkiskógur. Fundarstaður surtarbrands og annarra steingerðra plöntuleifa, m.a. elstu minjar um gróðurfar hérlendis.

316. **Gil í Syðridal,** Bolungarvík. (1) Surtarbrandslög við Gilsá upp af Syðridal. (2) Fundarstaður surtarbrands frá tertíer. Fjölsótt útivistarsvæði.

317. **Fjörur í botni Skutulsfjarðar,** Ísafjarðarkaupstað. (1) Fjörur í botni Skutulsfjarðar frá ósi Tunguár að vestan að syðri enda flugvallar á Skipeyri að austan. (2) Víðáttumiklar, lífauðugar leirur, mikið fuglalíf.

318. **Arnarnes,** Ísafjarðarkaupstað. (1) Strandlengjan ásamt fjörum, frá Stóra-Bási í Skutulsfirði, um Arnarnes og inn fyrir Arnarneshamar. (2) Sérkennileg klettaströnd, lífauðug fjara og mikið fuglalíf.

319. **Mjóifjörður,** Reykjafjarðarhreppi, N-Ísafjarðarsýslu. (1) Vestanverður Mjóifjörður, Heydalur, Gljúfradalur, Seljadalur og Látur, ásamt aðliggjandi fjalllendi. Suðurmörk liggja um Botnsfjall, Grímshól og í hreppamörk vestan Djúpavatns, þaðan um hreppamörk allt norður að Digranesi. (2) Fjölbreytt landslag, fagurt og gróskumikið kjarrlendi.

320. **Botn Ísafjarðar,** Reykjafjarðarhreppi, N-Ísafjarðarsýslu. (1) Dalbotninn vestan hreppamarka upp að efstu klettabrúnum, frá Hestakleif suður á móts við Torfadal. (2) Sérstætt gróðurfar.

321. **Reykjanes við Ísafjörð,** Reykjafjarðarhreppi, N-Ísafjarðarsýslu. (1) Allt nesið norðan Rauðagarðs. (2) Eitt mesta hverasvæði á Vestfjörðum. Sérkennilegar sjávarrofsmyndanir, sérstætt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

322. **Vatnsfjarðarnes og Borgarey,** Reykjafjarðarhreppi, N-Ísafjarðarsýslu. (1) Vatnsfjarðarnes allt og fjörur norðan botns Vatnsfjarðar og Saltvíkur í Mjóafirði ásamt Borgarey. Tilheyrir landi Vatnsfjarðar og Skálavíkur. (2) Fagurt og fjölbreytt land, sérstæðar sjávarrofsmyndanir. Grösug eyja með fjölskrúðugu fuglalífi.

323. **Kaldalón,** Nauteyrarhreppi, Snæfjallahreppi, N-Ísafjarðarsýslu. (1) Undirlendi, fjörur og grunnsævi austan Lónseyrar og Kaldár upp að fjallsbrúnum allt að Votubjörgum og Jökulholti. (2) Fjölbreytt og mikilfenglegt landslag. Ýmsar berggerðir, jökulgarðar, óshólmar, leirur og surtarbrandur. Fjölskrúðugur gróður og dýralíf.

324. **Suðausturhluti Grunnavíkurhrepps hins forna,** Snæfjallahreppi, N-Ísafjarðarsýslu. (1) Svæðið sunnan Skorarheiðar að mörkum hins forna Grunnavíkurhrepps frá Geirólfsnúp að vatnaskilum í Drangajökli. Að vestan ráða vatnaskil og síðan Jökulsá til sjávar í Leirufirði. (2) Hrikaleg fjöll og sérstæð náttúrufegurð ásamt fjölskrúðugu lífi. Æskilegt að þetta svæði verði sameinað friðlandinu á Hornströndum.

325. **Drangaskörð,** Árneshreppi, Strandasýslu. (1) Hrikalegur klettarani austur úr Drangahálsi norðan Drangavíkur ásamt undirlendi. (2) Stórskorinn klettarani með djúpum skörðum mótaður af rofi jökla frá ísöld.

326. **Grásteinn (Silfursteinn),** Árneshreppi, Strandasýslu. (1) Stór granítsteinn í landi Stóru Ávíkur. (2) Talið er að steinninn hafi borist til landsins með hafís í lok ísaldar. Einn stærsti steinninn af erlendum uppruna á landinu.

327. **Veiðileysa og Kaldbaksdalur,** Árneshreppi, Kaldrananeshreppi, Strandasýslu. (1) Fjalllendið milli Veiðileysu og Kaldbaksdals. Að sunnan ræður Kaldbaksá, þaðan í Strýtu og síðan Bæjará. Norðurmörk fylgja Bæjará í botn Veiðileysu. (2) Stórskorið og margbreytilegt landslag.

328. **Húsavíkurkleif,** Kirkjubólshreppi, Strandasýslu. (1) Opna í millilagi í blágrýtismyndun rétt við þjóðveginn nærri bænum Húsavík. (2) Fundarstaður plöntusteingervinga frá tertíer. Afsteypur og för eftir trjáboli.

329. **Tröllatunga,** Kirkjubólshreppi, Strandasýslu. (1) Steingervingalög við Grýlufoss og í Hrafnsklettum í Tröllatungu við Steingrímsfjörð. (2) Setlög með steingerðum plöntum frá tertíer.

330. **Mókollsdalur,** Fellshreppi, Strandasýslu. (1) Steingervingalög í Hrútagili í Mókollsdal, í landi Þrúðardals. (2) Setlög með steingerðum plöntum og skordýrum frá tertíer.

331. **Nákuðungslögin við Bæ í Hrútafirði,** Bæjarhreppi, Strandasýslu. (1) Malarkambur við Bæjará niður af Bæ. (2) Merk sjávarsetlög með skeldýraleifum frá nútíma. Lögin bera vitni um hærri sjávarstöðu á miðbiki nútíma, fyrir 4000–5000 árum.

# NORÐURLAND VESTRA

Á Norðurlandi vestra starfa eftirtaldar náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum um náttúruvernd: náttúruverndarnefnd Vestur-Húnavatnssýslu, náttúruverndarnefnd Austur- Húnavatnssýslu, náttúruverndarnefnd Skagafjarðarsýslu, umhverfis- og gróðurverndarnefnd Sauðárkróks, náttúruverndarnefnd Siglufjarðar og umhverfismálaráð Blönduóss.

## *FRIÐLÝST SVÆÐI*

### FRIÐLÖND:

**Miklavatn,** Skarðshreppi, Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 29/1977. Stærð 1.550 ha. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 15. maí til 1. júlí.

### NÁTTÚRUVÆTTI:

**Kattarauga,** Áshreppi, A-Húnavatnssýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 522/1975. Stærð 1 ha.

**Hveravellir á Kili,** A-Húnavatnssýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti 1960. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 217/1975. Stærð 170 ha.

### FÓLKVANGAR:

**Hrútey í Blöndu,** Blönduósbæ, A-Húnavatnssýslu. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 521/1975. Stærð 10 ha.

**Spákonufellshöfði,** Höfðahreppi, A-Húnavatnssýslu. Friðlýstur sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 444/1980. Stærð 30 ha.

## *AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR*

401. **Arnarvatnsheiði og Tvídægra,** (209), Mýrasýslu, V-Húnavatnssýslu. (1) Vatnasvæði Arnarvatnsheiðar og Tvídægru. Að sunnan liggja mörk frá Guðnahæð í Efri Fljótsdrögum um Eiríksgnípu í topp Lambafells norðan Strúts og þaðan vestur í Vatnshnúk, um Spenaheiði, Sléttafell í Litlaskálshæð. Austurmörk eru úr Litlaskálshæð um Suðurmannasandfell í Guðnahæð. (2) Frjósamar tjarnir, stöðuvötn, flóar og ár á vatnasviði Þverár, Hvítár, Hrútafjarðarár, Miðfjarðarár og Víðidalsár. Silungsveiði og mikið fuglalíf.

402. **Hindisvík**, Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Jörðin Hindisvík á Vatnsnesi. (2) Fjölbreytilegt strandlandslag. Eitt mesta sellátur á Norðurlandi.

403. **Hvítserkur,** Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Hvítserkur í vestanverðum botni Húnafjarðar. (2) Sérkennilegur brimsorfinn berggangur í sjó.

404. **Björg og Borgarvirki,** Þverárhreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Að vestan fylgja mörk vesturbakka Sigríðarstaðavatns og Hólaá suður á móts við Hrútatanga og síðan meðfram vestur- og suðurbökkum Vesturhópsvatns að Faxalæk. Að sunnan og austan ráða hreppa- og sýslumörk allt norður í Bjargarós. (2) Fagurt og fjölbreytt landslag, björg, tjarnir, mýrlendi og sandar. Athyglisverðar jarðmyndanir og fornminjar, það er Borgarvirki.

405. **Kerafossar,** Þorkelshólshreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Fossar og árrofsmyndanir í Fitjaá í Víðidal. (2) Fossar, flúðir og skessukatlamyndanir.

406. **Kolugil og Bakkabrúnir í Víðidal,** Þorkelshólshreppi, V-Húnavatnssýslu. (1) Gljúfur og fossar í Víðidalsá rétt sunnan við bæinn Hvarf suður á móts við bæinn Hrappsstaði, auk þess setlagaopna í landi Bakka og nánasta umhverfi. (2) Þröngt og djúpt gljúfur með fallegum fossum, Kolugilsfossum, en víða er gljúfrið gróðurríkt. Í Bakkabrúnum er að finna þykk setlög með steingerðum plöntuleifum frá einu af hlýskeiðum ísaldar.

407. **Vatnsdalshólar,** Sveinsstaðahreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Hólarnir vestan Hnausakvíslar og Flóðsins milli þjóðvegar og Þórdísarlækjar í löndum Sveinsstaða og Vatnsdalshóla. (2) Fjöldi framhlaupshóla úr Vatnsdalsfjalli, flæðiengi og tjarnir.

408. **Eylendið, Flóðið og Húnavatn,** Sveinsstaðahreppi, Torfalækjarhreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Húnaós, Húnavatn, Hnausakvísl með bökkum, Eylendið frá Giljáreyrum suður undir Hnausa, Flóðið og óshólmar Vatnsdalsár í Vatnsdal. (2) Flæðimýrar, óshólmar og vötn með fjölbreyttu lífi.

409. **Kálfshamarsvík á Skaga,** Skagahreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Strandlengja og fjörur milli Framness og Kálfshamars á Skaga. (2) Sérkennileg sjávarströnd með fjölbreyttum stuðlabergsmyndunum, lón með varphólma.

410. **Fossar í Vatnsdalsá og Friðmundará,** Áshreppi, A-Húnavatnssýslu. (1) Fossarnir Skínandi, Kerafoss, Rjúkandi og Skessufoss í Vatnsdalsá vestur af Bótarfelli og Bótarfoss í Friðmundará. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í hrikalegum gljúfrum. Surtarbrandslög.

411. **Eyjavatn og Friðmundarvatn vestara,** Auðkúluheiði, A-Húnavatnssýslu. (1) Vötnin ásamt hólmum og bökkum. (2) Grunn stöðuvötn, óvenjumikið fuglalíf og gróskumikill gróður í hólmum.

412. **Blöndugil og Rugludalur,** Auðkúluheiði, A-Húnavatnssýslu. (1) Árgljúfur Blöndu frá norðurenda Reftjarnarbungu niður undir Þröm ásamt Rugludal. (2) Hrikalegt gljúfur með gróðursælum hvömmum og birkikjarri.

413. **Orravatnsrústir á Hofsafrétt,** Skagafjarðarsýslu. (1) Votlendi umhverfis Orravatn allt norður að Reyðarvatni. (2) Einstakt rústasvæði, flár og tjarnir.

414. **Botn Vesturdals (Hofsárdals),** Skagafjarðarsýslu. (1) Innsti hluti Vesturdals, innan Miðmundargils og gljúfrið inn af honum. (2) Sérkennilegur og gróðursæll dalur, umgirtur hömrum og snarbröttum hlíðum. Fagrir fossar í Fossá.

415. **Kotagil og Skeljungssteinn,** Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Kotagil og Skeljungssteinn, sem stendur stakur alllangt vestan þess. Gilið er á mörkum Silfrastaða og Ytri-Kota. (2) Hrikalegt, djúpt árgljúfur. Í hraunlagi í gljúfrinu, svo og í Skeljungssteini, eru för eftir trjáboli.

416. **Fossar í Bólugili,** Akrahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Bólugil, fossaröð í Bóluá við bæinn Bólu. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar í tilkomumiklu gljúfri nærri alfaraleið.

417. **Malarásar í Sæmundarhlíð,** Seyluhreppi, Staðarhreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Malarásar meðfram Sæmundará, milli bæjanna Fjalls og Auðna. (2) Óvenju fallegir og reglulega lagaðir malarásar auk jökulkerja. Merkar jarðsögulegar minjar um hop jökulsins í lok ísaldar.

418. **Austara-Eylendið,** Rípurhreppi, Viðvíkurhreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Óshólmasvæði Austari-Héraðsvatna. Að austan fylgja mörk austurbakka Austari-Héraðsvatna frá sjó suður að norðurodda Holtseyjar, en að vestan vesturjaðri mýrlendis við Ríp og síðan vesturbökkum Ásvatns og Garðsvatns og til sjávar í Garðskróki. (2) Fjölbreytt fuglalíf og gróður.

419. **Ketubjörg á Skaga,** Skefilsstaðahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Strandlengjan frá Ketukögri suður á móts við eyðibýlið Kleif. (2) Tilkomumikil sjávarbjörg, drangar og gatklettar, leifar af eldstöð frá ísöld.

420. **Drangey,** Skagafjarðarsýslu. (1) Drangey ásamt Kerlingu. (2) Há, þverhnípt klettaeyja með miklum fuglabjörgum og gróskumiklum gróðri.

421. **Höfðavatn og Þórðarhöfði,** Hofshreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Höfðavatn og Þórðarhöfði við austanverðan Skagafjörð. (2) Stöðuvatn með ísöltu vatni. Fjölbreytt og auðugt lífríki.

422. **Reykjarhóll á Bökkum,** Fljótahreppi, Skagafjarðarsýslu. (1) Reykjarhóll og nánasta umhverfi, við samnefndan bæ. (2) Sérkennilegur, stakur, keilulaga jökulbergshóll með laug í kollinum.

423. **Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar,** (501), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegar nr. 1 á Öxnadalsheiði. Á vestanverðum skaganum er mörk miðuð við 200 m h.y.s., mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150–250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

## NORÐURLAND EYSTRA

Á Norðurlandi eystra starfa eftirtaldar náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum um náttúruvernd: náttúruverndarnefnd Eyjafjarðarsýslu, náttúruverndarnefnd Suður-Þingeyjarsýslu, náttúruverndarnefnd Norður-Þingeyjarsýslu, náttúruverndarnefnd Ólafsfjarðar, umhverfismálanefnd Dalvíkur, umhverfismálanefnd Akureyrar og umhverfismálaráð Húsavíkur.

### *FRIÐLÝST SVÆÐI*

**ÞJÓÐGARÐAR:**

Jökulsárgljúfur, Kelduneshreppi, N-Þingeyjarsýslu. Þjóðgarður stofnaður með reglugerð sbr. Stjórnartíðindi B, nr. 216/1973. Stærð 15.100 ha.

**FRIÐLÖND:**

**Friðland í Svarfaðardal,** Dalvík, Svarfaðardalshreppi, Eyjafjarðarsýslu. Lýst friðland 1972. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 443/1980. Stærð 540 ha.

**Vestmannsvatn,** Aðaldælahreppi, Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 30/1977. Stærð 600 ha.

**Herðubreiðarfriðland,** S-Þingeyjarsýslu. Friðlýst með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 272/1974. Stærð 17.000 ha.

**NÁTTÚRUVÆTTI:**

**Skútustaðagígar,** Skútustaðahreppi, S-Þingeyjarsýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 399/1973. Stærð 28 ha.

**Askja í Dyngjufjöllum,** S-Þingeyjarsýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 194/1978. Stærð 5.000 ha.

*ÖNNUR FRIÐUÐ SVÆÐI*

**Mývatn og Laxá,** S-Þingeyjarsýslu. Svæðið er verndað með sérstökum lögum, sbr. Stjórnartíðindi A, nr. 36/1974. Stærð 440.000 ha. Hluti svæðisins (20.000 ha) hefur verið verndaður samkvæmt Ramsar-samþykktinni frá 2. desember 1977, það er verndun votlendis sem hefur alþjóðlegt gildi. Vegna fuglaverndunar er almenningi óheimilt að fara um svæði utan þjóðvegar við norðanvert Mývatn frá 15. maí til 20. júlí.

*AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR*

501. **Fjalllendið milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar,** (423), Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu. (1) Hálendi milli Skagafjarðar og Eyjafjarðar norðan þjóðvegar nr. 1 á Öxnadalsheiði. Á vestanverðum skaganum eru mörk miðuð við 200 m h.y.s, mörk ná víðast í sjó fram á norðanverðum skaganum og á austanverðum skaganum eru mörk í 150-250 m h.y.s. (2) Hálendur og hrikalegur skagi með djúpum dölum, stórbrotið land. Á hæstu fjöllum eru jöklar. Um hálendið liggja fornar leiðir milli byggða.

502. **Sauðakotsrípill á Ufsaströnd,** Dalvík. (1) Rípill norðaustan við Sauðaneshnjúka. (2) Jökulurðir frá lokum ísaldar.

503. **Hólsrípill á Ufsaströnd,** Dalvík. (1) Rípill austur af Hólshyrnu. (2) Jökulurðir frá lokum ísaldar.

504. **Hrísey,** Hríseyjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Norðurhluti Hríseyjar, land Miðbæjar og Ystabæjar. (2) Fjölskrúðugur gróður, enda hefur svæðið verið friðað fyrir beit frá 1960. Mikið fuglalíf, allt að þrjátíu tegundir hafa orpið þar.

505. **Hraunsvatn og Vatnsdalur,** Öxnadalshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Svæðið nær yfir vatnasvið Vatnsdals auk Hraunshrauns og Hólahóla allt niður að brekkurótum milli Hrauns og Bessahlaða. (2) Fjölbreytt og fagurt land með stöðuvötnum, stórum framhlaupum og sérkennilegum klettadröngum, svo sem Hraundröngum.

506. **Hörgárósar,** Glæsibæjarhreppi, Arnarneshreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Ósasvæði Hörgár ásamt Gáseyri neðan bæjanna Óss og Skipalóns með fjörum og grunnsævi. (2) Tjarnir, flæðimýrar og strandgróður. Mikið fuglalíf. Rústir forns verslunarstaðar.

507. **Krossanesborgir,** Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Krossanesborgir, Krossaneshagi, Brávellir, Blómsturvellir, Pétursborg og Sílastaðatangi. Að sunnan afmarkast svæðið af útjaðri túna í Ytra-Krossanesi, að vestan af þjóðvegi og túnum í Dvergasteini, en Teigalæk og Efra-Lóni að norðan. (2) Sérkennilegt landslag, jökulminjar og votlendi. Hentugt útivistarsvæði í nágrenni þéttbýlis.

508. **Glerárgil,** Akureyri, Glæsibæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Árgil Glerár frá Bandagerðisbrú við Sólvelli, upp gilið að ármótum Glerár og Hlífár. (2) Gróðurríkt gil, skógarlundir, fjölbreyttar árrofsmyndanir, fossar, skessukatlar og skútar. Söguminjar.

509. **Leyningshólar og Hólahólar,** Saurbæjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Framhlaup norðan mynnis Villingadals og vestan þjóðvegar í innanverðum Eyjafirði. (2) Mikið framhlaupasvæði með tjörnum og skógarleifum. Fornminjar. Vinsælt útivistarsvæði.

510. **Hólmarnir,** Akureyri, Öngulsstaðahreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Óshólmar Eyjafjarðarár ásamt fjörum og flæðimýrum beggja vegna árinnar suður á móts við suðurodda Staðareyjar. (2) Marflöt flæðilönd, árhólmar, kvíslar og leirur. Mikið fuglalíf, sérstætt gróðurfar.

511. **Grímsey,** Grímseyjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu. (1) Grímsey norðan Bása og Handfestargjár ásamt öllum fuglabjörgum á austurhluta eyjarinnar suður að Flesjum. (2) Miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.

512. **Skaginn milli Eyjafjarðar og Skjálfanda,** Grýtubakkahreppi, Hálshreppi, Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Látraströnd, Fjörður, Flateyjardalur og Náttfaravíkur. Suðurmörk eru um Kaldbak, Leirdalsöxl, Blámannshatt, Skessuskálarfjall og Bakranga. (2) Mjög fjölbreytilegt landslag og ríkulegur gróður. Kjörið útivistarsvæði til alhliða náttúruskoðunar.

513. **Lónin og Laufáshólmar,** Grýtubakkahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Ósasvæði Fnjóskár og gilið upp fyrir Laufásfossa, Lónin í Höfðahverfi auk Nesmóa og Flæðiengja allt norður að Hólsá og Gljúfurá. (2) Fjölbreytt gróðurfar og fjölskrúðugt fuglalíf.

514. **Melar við Illugastaði,** Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Illugastaðaklif og aðrir melhjallar milli Illugastaða og Sellands í Fnjóskadal. (2) Leifar af framburðareyrum í svonefndu Fnjóskadalsvatni, sem fyllti dalinn í lok ísaldar.

515. **Bleiksmýrardalur,** Hálshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Dalurinn upp að fjallsbrúnum frá Reykjum að Skarðsöxl sunnan Gönguskarðs. (2) Fjölbreytilegt landslag, berghlaup, jarðhiti við Reyki og birkiskógur í hlíðum.

516. **Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur),** (702) S-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu. (1) Jökullinn ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga, Nýjadal og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum.

517. **Gæsavötn við Gæsahnjúk,** S-Þingeyjarsýslu. (1) Vötn við suðurjaðar Ódáðahrauns vestur undir Gæsahnjúk og umhverfi þeirra. (2) Lindavötn og hálendisvin, um 920 m h.y.s.

518. **Laufrönd og Neðribotnar,** S-Þingeyjarsýslu. (1) Gróðurlendi í vesturjaðri Ódáðahrauns milli Laufrandar og Hraunár sunnan frá Steinfelli norður fyrir Neðribotna. (2) Gróðursælt umhverfi tjarna og lindavatna, 700–800 m y. s. Sérstætt fuglalíf.

519. **Ingvararfoss, Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss,** Bárðdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Skjálfandafljót ásamt bökkum, frá og með Hrafnabjargafossi og norður fyrir Ingvararfoss. (2) Sérkennilegir og fagrir fossar nærri fjölfarinni leið.

520. **Ljósavatn,** Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Ljósavatn og umhverfi upp að brúnum Krossaxlar að norðan og Stóradalsfjalls að sunnan, milli hreppamarka að vestan og Geitár og bæjarins Kross að austan. (2) Fjölbreytt landslag, stöðuvatn, framhlaup, jökulurðarhólar, hraun og skógur.

521. **Goðafoss,** Ljósavatnshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Fossinn og gljúfrið neðan hans og næsta nágrenni. (2) Goðafoss er einn tilkomumesti foss landsins.

522. **Þingey,** Ljósavatnshreppi, Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Þingey og nálægar eyjar í Skjálfandafljóti, eyrar og bakkar fljótsins norður að Vaðsvaði, austurhlíðar Kinnarfells og vesturhlíðar Fljótsheiðar við Þingey. (2) Óbyggður skógivaxinn dalur. Fallegir fossar og gljúfur, gróðurríkar eyjar. Söguhelgi.

523. **Varastaðaskógur,** Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Skóglendi milli Ljótsstaða og Brettingsstaða í Laxárdal. (2) Fallegur birkiskógur. Svæðið er að hluta friðlýst skv. lögum um vernd Mývatns og Laxár.

524. **Halldórsstaðir,** Reykdælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Jörðin Halldórsstaðir I í Laxárdal. (2) Fjölbreytt landslag neðan frá Laxá og upp í heiði.

525. **Gervigígar við Knútsstaði í Aðaldal,** Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Gervigígar vestan Laxár, í Aðaldalshrauni. (2) Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra.

526. **Gervigígaþyrpingar í Aðaldal,** Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Gjallgígar og borgir í miðjum Aðaldal við bæina Haga, Nes, Hafralæk, Garð, Jarlsstaði og Tjörn. (2) Fjölbreyttar gervigígamyndanir í Laxárhrauni yngra.

527. **Votlendi á Sandi og Sílalæk,** Aðaldælahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Miklavatn í Aðaldal og mýrlendi umhverfis það milli Aðaldalshrauns, Sjávarsands og Skjálfandafljóts, í löndum Sands og Sílalækjar. (2) Stórt og gróðurmikið vatn, víðáttumikil flæðilönd með miklu fuglalífi.

528. **Bakkafjara og Bakkahöfði,** Húsavík. (1) Höfðinn ásamt fjörum, skerjum og grunnsævi. (2) Sérkennilega rofnir sjávarklettar og nafir (berggangar) fram undan höfðanum. Lífríkar fjörur og sker.

529. **Lundey,** Tjörneshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Eyjan ásamt fjöru og grunnsævi. (2) Í eynni sem er úr jökulbergi, er eitt stærsta lundavarp á Norðurlandi. Fjölbreytt botnlíf á grunninu umhverfis eyna.

530. **Tjörneslögin og Voladalstorfa,** Tjörneshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Strandlengja og sjávarbakkar á vestanverðu Tjörnesi frá Köldukvísl norður og austur fyrir að Sandvík. (2) Í sjávarbökkunum koma fram þykk setlög frá tertíer og ísöld með skeljum og surtarbrandi. Við Voladalstorfu eru móbergshamrar og lundabyggð.

531. **Mánáreyjar,** Tjörneshreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Háey og Lágey. (2) Allmiklar byggðir sjófugla.

532. **Votlendi við Öxarfjörð,** Kelduneshreppi og Öxarfjarðarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Um 3 km breið strandlengja vestan frá Lóni austur að hreppamörkum við Núpa, auk Litluár að Brunnum. (2) Sjávarlón og gróðurmikil grunn vötn. Starengjar, keldur og þornaðir árfarvegir. Mikið fuglalíf.

533. **Þeistareykir,** Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Jarðhitasvæðið á Þeistareykjum. (2) Fjölbreyttar jarðhitamyndanir, gufu- og leirhverir, útfellingar í norðurhlíðum Bæjarfjalls og við Bóndhól. Jarðhitaplöntur.

534. **Vítin á Reykjaheiði,** Reykjahreppi, S-Þingeyjarsýslu. (1) Stóra- og Litla-Víti á Þeistareykjabungu ásamt nánasta umhverfi. (2) Merkar jarðeldamyndanir, formfagur hraungígur frá nútíma.

535. **Meiðavallaskógur og Ásbyrgi,** Kelduneshreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Frá mótum þjóðvegar (nr. 85) og vegar inn í Vesturdal, suður á móts við botn Ásbyrgis. Beint í austur í botninn, með þjóðgarðsmörkum að þjóðvegi. (2) Vesturbarmur Ásbyrgis, skóglendi og fornir hlaupfarvegir Jökulsár á Fjöllum.

536. **Jökulsárgljúfur austan ár,** Öxarfjarðarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Svæðið austan Jökulsár frá Selfossi í suðri og norður að brú við Ferjubakka. Norðurmörk fylgja síðan þjóðvegi að Vaðkotsá og með henni suður á móts við Bjarnastaði. Þaðan bein lína suðaustur í Reyð og þaðan bein lína í suðvestur í Ytra-Norðmelsfjall. Úr Ytra-Norðmelsfjalli í vestur, stystu leið í Jökulsá sunnan Selfoss. (2) Fjölbreytt landslag og ríkulegur gróður. Æskilegt að þetta svæði verði sameinað þjóðgarðinum í Jökulsárgljúfrum.

537. **Röndin við Kópasker,** Presthólahreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Sjávarbakkar frá Kópaskeri suður að Snartarstaðalæk. (2) Jarðmyndun frá lokum ísaldar (Kópaskersskeið), sjávarset með skeljum, jökulruðningur. Minjar um hopunarsögu ísaldarjökulsins.

538. **Norðausturhorn Melrakkasléttu,** Presthólahreppi, Raufarhafnarhreppi, N-Þingeyjarsýslu. (1) Norðausturhorn Sléttu. Að vestan liggja mörk frá Blikalóni með vesturjaðri Blikalónsdals suður á móts við Grænuás á Austursléttuheiði. Suðurmörk liggja um Grænur og þaðan sunnan Steinunnarvatns í Miðás við Glápavötn, Melrakkaás og austur í Bæjarvík norðan Raufarhafnar. (2) Víðáttumiklar mýrar, lóna- og straumvatnakerfi, sjávarfitjar. Gróður og dýralíf með svalviðrisblæ, mikið fuglalíf. Sigdalur með miklu grunnvatnsstreymi, lindir.

## AUSTURLAND

Á Austurlandi starfa eftirtaldar náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum um náttúruvernd: náttúruverndarnefnd Norður-Múlasýslu, náttúruverndarnefnd Suður-Múlasýslu, náttúruverndarnefnd Austur-Skaftafellssýslu, umhverfisráð Seyðisfjarðar, umhverfisráð Eskifjarðar, umhverfisnefnd Neskaupstaðar, náttúruverndarnefnd Egilsstaða og náttúruverndarnefnd Hafnar í Hornafirði.

### *FRIÐLÝST SVÆÐI*

**ÞJÓÐGARÐAR:**

**Skaftafell,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. Stofnaður þjóðgarður 1967. Reglugerð sett um þjóðgarðinn 1968 og endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 319/1984. Stærð 160.000 ha.

**FRIÐLÖND:**

**Hvannalindir í Krepputungu,** N-Múlasýslu. Lýstar friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 32/1973. Stærð 4.300 ha.

**Kringilsárrani,** N-Múlasýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 524/1975. Stærð 8.500 ha.

**Lónsöræfi,** Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 31/1977. Stærð 32.000 ha.

**Esjufjöll í Breiðamerkurjökli,** A-Skaftafellssýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 188/1978. Stærð 27.000 ha.

**Salthöfði og Salthöfðamýrar,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 249/1977. Stærð 220 ha.

**Ingólfshöfði,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. Lýstur friðland 1974. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 388/1978. Stærð 90 ha.

**NÁTTÚRUVÆTTI:**

**Helgustaðanáma,** Eskifirði, S-Múlasýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 525/1975. Stærð 1 ha.

**Teigarhorn,** Búlandshreppi, S-Múlasýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 518/1975. Stærð 120 ha.

**Díma í Lóni,** Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 523/1975. Stærð 8 ha.

**Háalda,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 519/1975. Stærð 5 ha.

**FÓLKVANGAR:**

**Álfaborg,** Borgarfjarðarhreppi, N-Múlasýslu. Stofnaður fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 71/1976. Stærð 10 ha.

**Fólkvangur Neskaupstaðar,** Neskaupstað. Friðlýstur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 333/1972. Stærð 300 ha.

**Hólmanes,** Eskifirði, Reyðarfjarðarhreppi, S-Múlasýslu. Friðlýst sem fólkvangur og að hluta friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 393/1973. Stærð 260 ha.

**Ósland,** Höfn í Hornafirði, A-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem fólkvangur með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 427/1982. Stærð 15 ha.

## *AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR*

601. **Gunnólfsvík og Gunnólfsvíkurfjall,** Skeggjastaðahreppi, N-Múlasýslu. (1) Jörðin Gunnólfsvík. (2) Mjög athyglisvert gróðurfar.

602. **Fuglabjarganes,** Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Strandlengja og fjörur við Fuglabjarganes í Vopnafirði, frá Litluá að Hámundarstöðum. (2) Fögur og fjölbreytt strönd, mikið fuglalíf.

603. **Nípslón og Skógalón,** Vopnafjarðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Nípslóni og Skógalóni inn af Nípsfirði. (2) Grunn, sölt lón. Mikið dýralíf við sérstæð skilyrði, einkum í Skógalóni.

604. **Fagradalsfjöll og Kollumúli,** Vopnafjarðarhreppi, Hlíðarhreppi, N-Múlasýslu. (1) Skaginn milli Vopnafjarðar og Héraðsflóa utan við Búr, Hellisheiði og Hellisá, ásamt Bjarnarey. (2) Fagurt fjalllendi með dalverpum og litríkri strönd. Athyglisverður gróður.

605. **Votlendi og sandar í Hjaltastaðaþinghá,** Hjaltastaðahreppi, N-Múlasýslu. (1) Votlendissvæði og sandar milli Lagarfljóts og Selfljóts, frá Héraðsflóa suður undir Hjaltastað, auk Sandbrekkuness og mýrlendis vestan og norðan Kýrhöfða. Að vestan liggja mörkin frá Bóndastöðum um Torfatjörn og austan ræktaðs lands við Hrollaugsstaði, Ásgrímsstaði, Móberg og Sand og þaðan í Lagarfljót. (2) Víðáttumiklir flóar með kílum og tjörnum, sem mikið til eru óframræst. Sendin gulstararengi. Svæðið er mikilvægt vegna gróðurfars og fuglalífs.

606. **Stórurð og Hrafnabjörg,** Hjaltastaðahreppi, N-Múlasýslu. (1) Eyðibýlið Hrafnabjörg ásamt Stórurð og Dyrum í Dyrfjöllum. (2) Stórbrotið framhlaup. Fjölbreytt og sérstætt landslag.

607. **Loðmundarfjörður, Víkur, Vestdalur og Vestdalseyri,** Borgarfjarðarhreppi, Seyðisfjarðarkaupstað, N-Múlasýslu. (1) Svæði frá Hrafnabjargi norðan Brúnavíkur að Fjallshnaus sunnan Loðmundarfjarðar, þá ráða hreppamörk á Brimnesfjalli að Grýtukolli suður með Grýtuá. Vestdalur, Hrútahjalli, norðureggjar Bjólfs og þaðan sýslumörk norður að Hvannastóðseggjum. Vatnaskil ráða mörkum frá Hvannastóðseggjum

að Hrafnabjargi. (2) Víðlent og fjölbreytt svæði með litríkum bergmyndunum svo sem líparíti. Fjölskrúðugur og sérstæður gróður og grösug dalverpi norðan undir Bjólfi og eyrar með minjum um byggð.

608. **Austdalur,** Seyðisfirði, N-Múlasýslu. (1) Vatnasvið Austdalsár, í landi eyðibýlisins Austdals. (2) Grösugt dalverpi kringt háum fjöllum.

609. **Kirkjubólsteigur, Hólar og Tandrastaðir,** Norðfjarðarhreppi, S-Múlasýslu. (1) Svæðið norðan Norðfjarðarár, frá Ytri-Máríánslæk (Maríulæk) inn að Fannardalsá og til fjallseggja. (2) Kjarri vaxnar hlíðar og mikið framhlaup, þ.e. Hólahólar, með lífríkum smátjörnum. Gott land til útivistar.

610. **Fjarðardalur,** Mjóafjarðarhreppi, S-Múlasýslu. (1) Dalurinn inn af Fjarðarbýlum í botni Mjóafjarðar norður að vatnaskilum á Mjóafjarðarheiði og Eggjum. (2) Gróðursæll dalbotn með fjölgresi, birkikjarr í norðurhlíðum. Hrikaleg blágrýtisfjöll á báðar hliðar. Fagrir fossar, t.d. Klifbrekkufossar í Fjarðará.

611. **Austanverður Eyvindarárdalur og Eyvindarárgil,** Egilsstöðum, S-Múlasýslu. (1) Eyvindarárgil ofan Uppsalaáróss að austan og vestan. Miðhúsa- og Dalhúsaskógur, ásamt Kálfshóli og Þuríðarstöðum, inn að Slenju, upp að fjallsbrún. Að vestan austasti hluti Egilsstaðaskógar inn fyrir Hnútu. (2) Fagurt gljúfur, vatnsmikil bergvatnsá, skóglendi og jökulgarðar. Útivistarsvæði í nágrenni Egilsstaða.

612. **Stuðlafoss,** Jökuldalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Stuðlafoss hjá samnefndum bæ á Jökuldal. (2) Sérlega fögur stuðlabergsumgjörð um fallegan foss.

613. **Kverkfjöll og Krepputunga**, N-Múlasýslu. (1) Kverkfjöll, Kverkfjallarani og Krepputunga. Svæðið milli Jökulsár á Fjöllum og Kreppu, allt suður í Vatnajökul. (2) Stórbrotið landslag með virkum eldstöðvum og fjölbreytilegum jarðmyndunum, jarðhiti í Hveradal og Hveragili. Íshellir í sporði Kverkjökuls. Kjörið land til útivistar og náttúruskoðunar.

614. **Fagridalur og Grágæsadalur á Brúaröræfum,** N-Múlasýslu. (1) Svæðið afmarkast af Kreppu að vestan, Grágæsahnjúk og hæstu hnjúkum rétt suðaustan Fagradals. Frá þeim bein lína í nafnlaust vatn nokkru norðan dalsins. Þaðan beint vestur í Kreppu. (2) Gróskumiklar vinjar í u.þ.b. 600 m h.y.s. Í Fagradal hafa fundist yfir 100 tegundir háplantna og um 80 tegundir mosa. Auðugt smádýralíf og fagurt landslag.

615. **Snæfell, Vesturöræfi og Hafrahvammagljúfur,** Jökuldalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Frá Eyjabakkajökli fylgja mörkin 700 m hæðarlínu að Laugará, þaðan í Fremra Kálfafell, um Tungusporð í Búrfellstopp og þaðan beina línu í ós Dysjarár og þvert yfir Jökulsá. Að vestan fylgja mörkin vestari barmi Jökulsár á Dal inn að Kringilsá og sameinast þar eystri mörkum Kringilsárranafriðlandsins. (2) Vesturöræfi eru víðáttumikið og vel gróið hálendissvæði ásamt því að vera aðalburðar- og sumarland hreindýra. Mikilvægt beitiland heiðagæsa. Hafrahvammagljúfur er eitt hrikalegasta gljúfur landsins og eru gróðursælir hvammar meðfram því.

616. **Eyjabakkar,** Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Svæðið afmarkast að vestan af 700 m hæðarlínu í Snæfellshálsi, frá Eyjabakkajökli að Eyjabakkafossi og þaðan í suðvesturenda Folavatns. Frá Folavatni beina línu um Háöldur að mörkum friðlands í Lónsöræfum suður í jökul. (2) Óvenju grösugt votlendi í um 650 m h.y.s. með fjölda tjarna. Svipmikið landslag við rætur Snæfells, jökulgarðar með hraukum við Eyjafell. Beitiland heiðagæsa og álfta.

617. **Hengifossárgljúfur,** Fljótsdalshreppi, N-Múlasýslu. (1) Gljúfrið með Hengifossi og Litlanesfossi. (2) Sérstæð umgjörð um Hengifoss, einn hæsta foss landsins, og stuðlabergsmyndanir við Litlanesfoss.

618. **Ranaskógur og Gilsárgil,** Fljótsdalshreppi, Vallahreppi, N- og S-Múlasýslu. (1) Gilsáreyri, Gilsárgil og Gilsárdalur ásamt Ranaskógi austan Vallholts og Tófuaxlar. (2) Stórbrotið gljúfur og vöxtulegur skógur.

619. **Þingmúli, Skriðuvatn, Haugahólar og Vatnaskógar,** Skriðudalshreppi, S-Múlasýslu. (1) Lönd jarðanna Þingmúla og Múlastekks milli Múlaár og Geitdalsár frá ármótum suður í og með Hálsamótum. Þá áfram suður með Múlaá, Skriðuvatn og svæði milli Forviðarár og Stuttadals, þ.e. vesturhlíðar Vatnsskógafjalls og Haugafjalls. (2) Fjölbreyttar jarðmyndanir, framhlaup og steingervingar frá tertíer. Söguminjar við Þingmúla. Skriðuvatn er lífríkt vatn í gróðursælu umhverfi.

620. **Skrúður,** Fáskrúðsfjarðarhreppi, S-Múlasýslu. (1) Eyjan Skrúður í landi Vattarness. (2) Gróin klettaeyja, miklar sjófuglabyggðir.

621. **Sandfell í Fáskrúðsfirði,** Fáskrúðsfjarðarhreppi, S-Múlasýslu. (1) Sandfell í landi Víkurgerðis ásamt næsta umhverfi. (2) Afar sérstæður líparíteitill, hluti af hinni fornu Reyðarfjarðareldstöð.

622. **Blábjörg við Berufjörð,** Beruneshreppi, S-Múlasýslu. (1) Klettur við sjó í landi Fagrahvamms, ásamt tanganum Haga og Gatkletti við hann og tveimur hólmum utar, Stórhólma og Kálhólma. (2) Blábjörg eru hluti af sérkennilegu flikrubergslagi sem mynda með tanga og hólum fallega heild.

623. **Hálsar og Hálsarætur við Djúpavog,** Búlandshreppi, S-Múlasýslu. (1) Hálsar og svæði ofan þjóðvegar frá Kambshjáleigu út fyrir Rakkaberg og inn með því að norðan á móts við Nautalág. (2) Fjölbreytilegt landslag með sérkennilegum berggöngum, skógarreit og góðum gróðurskilyrðum. Útivistarsvæði í nágrenni Djúpavogs.

624. **Papey,** Búlandshreppi, S-Múlasýslu. (1) Papey og úteyjar. (2) Stór, vel gróin eyja með fjölbreyttu landslagi og miklu fuglalífi.

625. **Hofsdalur,Tunga (Hofstunga), Hofsá og Álftafjörður,** Geithellnahreppi, S-Múlasýslu. (1) Hofsdalur innan við Eyðikinnargil og Flugustaðadalur norðan Hofsár Syðri (Sauðár). Að vestan og norðan ráða vatnaskil. Frá Eyðikinnargili í austur ræður Hofsá ásamt 100 m breiðu belti sitt hvoru megin árinnar allt fram í sjó. Grunnsævi og fjörur sunnan Brimilsness. (2) Gróðursælir dalir með vöxtulegu kjarri og skógarteigum kringdir litríkum og háum fjöllum. Margir fallegir fossar, einkum í Hofsá. Í Álftafirði eru víðáttumiklar ísaltar leirur með einstæðum gróðri.

626. **Lónsfjörður og Hvalnes**, Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur og grunnsævi í Lónsfirði öllum ásamt votlendi utan ræktaðs lands, milli fjarðar og Jökulsár auk jarðarinnar Hvalness í Lóni. (2) Grunnur fjörður með þroskamiklum og sérstæðum botngróðri, sjávarfitjar og mýrlendi með tjörnum. Þýðingarmikill viðkomustaður farfugla. Sérkennilegt og fagurt landslag með hömrum úr djúpbergi við Hvalnes.

627. **Þórisdalur,** Bæjarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Land jarðarinnar Þórisdals í Lóni vestan þjóðvegar. Að sunnan fylgja mörk Laxá og síðan hreppamörkum að Lambatungujökli, en að norðan fylgja mörk Skyndidalsá og Jökulsá. (2) Fjölbreytt og litríkt landslag. Dalsskógur í norðanverðum Laxárdal. Fjölsótt útivistarsvæði.

628. **Laxárdalur,** Nesjahreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Laxárdalur að meðtöldum malarkambi í dalsmynninu, að öðru leyti ráða vatnaskil til Laxár. (2) Dalur með fjölbreyttum og litríkum jarðmyndunum, mýrlendi og vötn. Talsvert fuglalíf.

629. **Skarðsfjörður,** Nesjahreppi, Höfn í Hornafirði, A-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur, grunnsævi, eyjar og sker í Skarðsfirði öllum, ásamt Álaugarey. (2) Lífauðugar leirur og grunnsævi með miklu fuglalífi. Álaugarey er jarðfræðilega sérstæð.

630. **Baulutjörn,** Mýrahreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Baulutjörn á Mýrum. (2) Óvenju lífrík tjörn, mikið fuglalíf.

631. **Viðborðsdalur,** Mýrahreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Dalurinn norðaustan undir Viðborðsfjalli og Sandmerkisheiði frá Selhvammi að jökli, svo og Jökulfell austan dalsins. (2) Stórbrotið landslag með kjarrlendi. Jarðhitavottur í Vandræðatungum.

632. **Skálafellsjökull og fjalllendi í Suðursveit,** Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Mörk svæðisins eru frá Litlafelli í Hafrafell (1008 m hæðarpunkt), þaðan í Kistugil, um Bæjarhlíðar og eftir Smyrlabjargará yfir Borgarhafnarheiði í Svínadal. Eftir Staðardal suður fyrir Hrafnagil og Kálfafellstind um Kálfafellsdal í Brókarjökul. (2) Stórbrotið landslag, jarðmyndanir svo sem jökulminjar og gabbróhnullungar. Í tindum og jökulskerjum vaxa fjallaplöntur í 1100–1300 m hæð.

633. **Steinadalur og Staðarfjall,** Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Steinadalur, Hvannadalur og Kálfafellsdalur vestan Steinavatna með aðliggjandi fjalllendi. Að suðaustan fylgja mörk þjóðvegi, frá Steinavötnum að Steinafjalli, en að öðru leyti ráða vatnaskil. (2) Stórbrotið landslag með háum fjöllum, Þverártindsegg, hrikalegu gljúfri, þ.e. Klukkugili, og kjarri á Steinadal og í Staðarfjalli.

634. **Hrollaugseyjar,** Borgarhafnarhreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Þrjár smáeyjar. (2) Eyjar í hlýjasta hluta sjávar við landið, en nálægt skörpum hitaskilum. Klettafjörur, nánast þær einu á mjög stóru svæði.

635. **Breiðamerkursandur, jökulöldur við Kvíárjökul og Eystrihvammur,** Borgarhafnarhreppi, Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Sandurinn milli Vestari-Kvíár og Fellsár, frá Breiðamerkurjökli til fjöru. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul, þá Eystrihvammur allur ásamt stöðuvatni í botni hans. (2) Jökulsáraurar og ýmsar jökulminjar á svæði sem nýlega varð jökulvana. Kvíármýrarkambur, Kambsmýrarkambur og aðrar jökulöldur við Kvíárjökul eru einhverjar stærstu og sérstæðustu jökulöldur á landinu. Eystrihvammur er kjarrivaxinn með tæru stöðuvatni. Mikill og sérstæður gróður, auðugt fuglalíf og selir.

636. **Hamrar milli Gljúfursár og Salthöfða,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Hamrabelti ofan flugvallar við Fagurhólsmýri, frá Gljúfursá að Salthöfðafriðlandi. (2) Sérkennilegir blágrýtishamrar, sérstætt náttúrufar.

637. **Svínafellslögin,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Sandsteinslög neðarlega í vestanverðu Svínafellsfjalli. (2) Vatnasetlög með blaðförum frá hlýskeiði ísaldar.

638. **Stóralda,** Hofshreppi, A-Skaftafellssýslu. (1) Aldan sjálf, svo og um 50 m belti umhverfis. (2) Forn, algróin jökulalda framan við Svínafellsjökul.

# SUÐURLAND

Á Suðurlandi starfa eftirfarandi náttúruverndarnefndir samkvæmt lögum um náttúruvernd: náttúruverndarnefnd Vestur-Skaftafellssýslu, náttúruverndarnefnd Rangárvallasýslu, náttúruverndarnefnd Árnessýslu, náttúruverndarnefnd Vestmannaeyja, umhverfis- og gróðurverndarnefnd Selfoss og náttúru- og gróðurverndarnefnd Hveragerðis.

## *FRIÐLÝST SVÆÐI*

### FRIÐLÖND:

**Dyrhólaey,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 101/1978. Stærð 510 ha.

**Friðland að fjallabaki,** Rangárvallasýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 354/1979. Stærð 47.000 ha.

**Þjórsárver,** Árnessýslu, Rangárvallasýslu. Lýst friðland 1981. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 507/1987. Stærð 37.500 ha. Svæðið hefur verið verndað samkvæmt Ramsar-samþykktinni frá 20. mars 1990, það er verndun votlendis sem hefur alþjóðlegt gildi. Vegna fuglaverndunar er óheimilt að fara um svæðið frá 1. maí til 10. júní og í sama tilgangi er flug neðan 3.000 feta hæðar óheimilt frá 10. maí til 10. ágúst.

**Surtsey,** Vestmannaeyjum. Lýst friðland 1965. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 122/1974. Stærð 270 ha. Vegna vísindarannsókna er óheimilt að fara í eyna án leyfis Náttúruverndarráðs. Skot eru bönnuð nær eynni en 2 km.

**Gullfoss,** Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. Lýstur friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 141/1979. Stærð 160 ha.

**Herdísarvík,** Ölfushreppi, Árnessýslu. Lýst friðland með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 121/1988. Stærð 4.000 ha.

### NÁTTÚRUVÆTTI:

**Dverghamrar,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, 446/1987. Stærð 2 ha.

**Kirkjugólf,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýst sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 426/1987. Stærð 0,2 ha.

**Álftaversgígar,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 105/1975. Stærð 3.650 ha.

**Lakagígar,** V-Skaftafellssýslu. Friðlýstir sem náttúruvætti 1971. Friðlýsing endurskoðuð með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 215/1975. Stærð 16.000 ha.

**Skógafoss,** A-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 477/1987. Stærð 2.204 ha.

**Jörundur í Lambahrauni,** Árnessýslu. Friðlýstur sem náttúruvætti með auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 333/1985. Stærð 0,1 ha. Vegna verndunar jarðmyndana er óheimilt að fara í hellinn án leyfis Náttúruverndarráðs.

*ÖNNUR FRIÐUÐ SVÆÐI*

**Þingvellir,** Þingvallahreppi, Árnessýslu. Friðlýst samkvæmt lögum nr. 59/1928. Svæðið er í umsjá Þingvallanefndar sem starfar undir Alþingi. Stærð 5.000 ha.

**Geysir,** Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. Hverasvæðið var í umsjá Geysisnefndar frá 1953 til ársloka 1990, en frá 1. janúar 1991 í umsjá Náttúruverndarráðs. Stærð 15 ha.

*AÐRAR NÁTTÚRUMINJAR*

701. **Núpsstaður, Núpsstaðarskógar og Grænalón,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Allt land Núpsstaðar frá stórstraumsfjörumörkum upp í jökul. (2) Sérstætt svæði vegna náttúrufars og fegurðar. Söguminjar, gamlar byggingar.

702. **Tungnafellsjökull og Nýidalur (Jökuldalur),** (516), S-Þingeyjarsýslu, Rangárvallasýslu. (1) Jökullinn ásamt undirhlíðum, Tómasarhaga, Nýjadal og jarðhitasvæði í Vonarskarði. (2) Fjölbreytilegt landslag með fögrum og sérstæðum gróðurvinjum.

703. **Fjaðrárgljúfur,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Gljúfrið allt. (2) Tilkomumikið gljúfur með háum og fallegum slæðufossi.

704. **Grenlækur,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Grenlækur ásamt Tröllshyl, Arnardrangshólma og Stararflóði milli Grenlækjaróss og Þykkvabæjar. (2) Víðáttumikil flæðiengi, tjarnir, lindir og lækir. Auðugt og óvenjulegt lífríki, mikið fuglalíf.

705. **Steinsmýrarflóð,** Skaftárhreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Votlendið frá jaðri Eldhrauns norður og austur að söndum og suður að Eldvatni. (2) Gulstararflóð og grunnt stöðuvatn. Mikið fuglalíf.

706. **Eldgjá,** V-Skaftafellssýslu. (1) Eldgjá á Skaftártungnaafrétti milli Gjátinds og Svartahnúksfjalla. (2) Hluti af um 40 km langri gossprungu, sem vitnar um stórkostleg eldsumbrot á nútíma. Stórbrotið og fjölbreytilegt landslag.

707. **Veiðivötn,** Rangárvallasýslu. (1) Veiðivötn og umhverfi þeirra. Að norðvestan liggja mörk um Vatnaöldur, norður fyrir Hraunvötn og síðan til austurs um Hraunskarð sunnan Svartakambs í Jökulvatn. Tungnaá ræður mörkum að suðaustan og vestan. (2) Fagurt og sérkennilegt landslag með fjölskrúðugu lífríki í nálægt 600 m y. s. Vinsælt útivistarsvæði.

708. **Dyrhólaós, Loftsalahellir, Reynisdrangar og Reynisfjall,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Fjörur þar með Reynisfjara öll og grunnsævi í Dyrhólaósi ásamt Loftsalahelli og nánasta umhverfi. Reynisfjall upp að efstu brúnum, frá Görðum að vestan, suður fyrir fjallið að Króktorfuhaus, ásamt Reynisdröngum og Hellnaskaga. (2) Í Dyrhólaósi eru sjávarleirur, þær einu á Suðurlandi, með sérstæðum lífsskilyrðum. Loftsalahellir er sögustaður og sérstæður hellir í móbergshamri syðst í Geitafjalli. Fjölbreyttar stuðlabergsmyndanir, hellisskútar og gróskumiklar hlíðar. Mikið fuglalíf. Sögulegar minjar.

709. **Skammadalskambar í Mýrdal,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Efri hluti Skammadalskamba og Sjónaröxl, upp af bæjunum Skammadal og Skammadalshóli. (2) Fornar sæskeljar og kuðungar í setbrotum á víð og dreif um móbergið.

710. **Vatnsdalur á Dalsheiði,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Dalurinn afmarkast af Ögmundarhöfði að norðan, Vatnstindi og Gæsatindum að austan og sunnan. Innan markanna er Gæsaá ásamt nánasta umhverfi, allt að Hálsgili. (2) Vatnsdalur er geysistór og hrikalegur sprengigígur. Suðvestan í honum er Gæsavatn, en úr því fellur Gæsaá í slæðufossum niður í Hálsgil. Ísaldarminjar.

711. **Eyjarhóll,** Mýrdalshreppi, V-Skaftafellssýslu. (1) Eyjarhóll og um 200 m breið pöldrótt brekka norður af hólnum í Pétursey. (2) Stakur keilulaga blágrýtishóll, afar sérstætt stallalandslag vegna pöldra (jarðsils).

712. **Kvernugil,** A-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Gilið og nánasta umhverfi. (2) Sérstætt gljúfur með fögrum fossi, þ.e. Kvernufossi.

713. **Drangurinn í Drangshlíð,** A-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Drangurinn og nánasta umhverfi, í landi Drangshlíðar undir Eyjafjöllum. (2) Sérkennilegur móbergsdrangur, áberandi einkenni í landslagi.

714. **Þórsmörk,** Rangárvallasýslu. (1) Þórsmörk, Almenningar og afréttir sunnan Krossár vestur að Jökultungum. (2) Fjölbreytt og fagurt landslag. Skóglendi í skjóli jökla, að hluta til í umsjá Skógræktar ríkisins. Vinsælt útivistarsvæði.

715. **Bleiksárgljúfur,** Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu. (1) Gljúfrið ásamt fossum. (2) Þröngt og djúpt gljúfur. Fjölbreyttur gróður.

716. **Merkjárfoss (Gluggafoss),** Fljótshlíðarhreppi, Rangárvallasýslu. (1) Foss í Merkjá rétt vestan Múlakots. (2) Hár og sérstæður foss í fögru umhverfi.

717. **Litla- og Stóra-Dímon,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Höfðarnir Litla- og Stóra-Dímon, í landi Eyvindarkots, ásamt nánasta umhverfi. (2) Svipmiklir, stakir móbergshöfðar.

718. **Nauthúsagil,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Nauthúsagil ásamt fossi, skammt fyrir innan Stóru-Mörk. (2) Djúpt og þröngt gil, fallegur foss.

719. **Tjarnir og Tjarnanes,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Að austan liggja mörk svæðisins um Markarfljót og að vestan um Ála. (2) Gróður og dýralíf. Mólendi og votlendi, mikið fuglavarp.

720. **Seljalandsfoss og Gljúfrabúi,** V-Eyjafjallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Fossarnir báðir, svo og hamrarnir og brekkan milli þeirra. (2) Einkar fallegir fossar, sem setja mikinn svip á landslagið, gróskumiklar brekkur.

721. **Elliðaey,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög miklar og sérstæðar sjófuglabyggðir.

722. **Ystiklettur,** Vestmannaeyjum. (1) Ytri hluti Norðurkletta utan línu sem hugsast dregin norður úr botni Klettsvíkur. (2) Miklar og sérstæðar fuglabyggðir.

723. **Helgafell og Eldfell,** Vestmannaeyjum. (1) Eldfjöllin bæði, hluti af nýja hrauninu og Flakkarinn við Skans. Norðurmörk liggja frá Prestavík með suðurjaðri athafnasvæðis hitaveitunnar, vestur fyrir fellin og til sjávar við Skarfatanga. (2) Stórfenglegt landslag og fræðandi um myndun og mótun lands.

724. **Hellisey,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Mjög falleg eyja, mikið um bjargfugl.

725. **Súlnasker,** Vestmannaeyjum. (1) Eyjan öll. (2) Um 70 m há klettaeyja. Mikið um bjargfugl, bæði utan í og ofan á eynni.

726. **Skúmsstaðavatn,** V-Landeyjahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Skúmsstaðavatn ásamt votlendi ofan Landeyjasands milli Grímsstaða og Klaufar, svo og Kuggavatn. (2) Gróðurmikið stöðuvatn, tjarnir og stararflóð. Mikið fuglalíf.

727. **Oddaflóð,** Rangárvallahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Oddaflóð, Hólmaflóð, Bakkar og Oddeyrar í Þverá norður að Selalæk austur með Þverlæk, Lambhagavatn og Langanes suður með Eystri-Rangá. Að sunnan eru mörk um Þverá. (2) Votlendi með einstæðu gróðurfari. Mikið og sérstætt fuglalíf.

728. **Safamýri,** Ásahreppi, Djúpárhreppi, Rangárvallasýslu. (1) Votlendi sunnan Flóðkeldu og Mýrarskurðar að Kálfalæk, ásamt Frakkavatni og Kringlutjörn. Að sunnan liggja mörk um Þríkeldur og Hesthólma. (2) Gróðurmikil vötn og mýrlendi. Mikilvægur viðkomustaður farfugla.

729. **Sauðholtsnes,** Ásahreppi, Rangárvallasýslu. (1) Svæðið afmarkast af Þjórsá að vestan, Steinslæk að austan og Miðási og Kálfalæk að norðan. (2) Víðáttumiklar og lífríkar mýrar. Mikið og fjölbreytt fuglalíf.

730. **Hekla,** Rangárvallasýslu. (1) Mörk frá Norðurbotnum um Sölvahraun í Valafell og þaðan í Stóra Mælifell. Að austan ráða vesturmörk Friðlands að fjallabaki og að sunnan frá Laufafelli um Krakatind í Vondubjalla. Þaðan í Selsundsfjall, Melfell í Ytri Rangá við Stóra Glerhausgil og upp með ánni að Norðurbotnum. (2) Eitt þekktasta eldfjall landsins.

731. **Þjórsárdalur, Gjáin og fossar í Fossá,** Gnúpverjahreppi, Árnessýslu. (1) Að vestan fylgja mörkin Fossá ásamt suðausturhlíðum Fossöldu upp fyrir Háafoss og Granna, en þaðan í Sandafell. Frá Sandafelli ræður Rauðá mörkunum allt að Fossá og frá ármótunum 100 m breitt belti sitt hvoru megin Fossár allt niður í Þjórsá. (2) Fagrir fossar á vinsælu útivistarsvæði. Háifoss er talinn næsthæsti foss landsins. Gjáin er sérstætt gljúfur og þar eru athyglisverðar bergmyndanir. Söguminjar.

732. **Kerlingarfjöll,** Árnessýslu. (1) Fjallaklasi milli Kerlingaröldu og Rauðkolla að sunnan og Skeljafells, Ásgarðsfjalls og Þverfells að norðan. Að vestan liggja mörk um Bringur, en Kisubotna og Mosdal að austan. (2) Stórbrotið og litríkt landslag, mikill jarðhiti. Vinsælt útivistarsvæði.

733. **Þjófadalir og Jökulkrókur,** Biskupstungnaafrétti, Árnessýslu. (1) Þjófadalir, ásamt landi vestur að Langjökli. Að norðan liggja mörkin um Rauðkoll og Þröskuld, jaðar Kjalhrauns að austan og Innra- og Fremra-Sandfell að sunnan. (2) Stórskorið og sérkennilegt landslag í nánd við jökul. Grösug dalverpi í yfir 600 m h.y.s.

734. **Hvítárvatn og Hvítárnes,** Biskupstungnaafrétti, Árnessýslu. (1) Vatnið ásamt Fróðárdölum og Hvítárnesi, vestan Kjalvegar hins forna. Norðurmörk liggja um Sólkötlu, Innri-Fróðárdal, um Baldheiði og með austurhlíðum Hrefnubúða að Fúlukvísl. (2) Víðáttumikið gróið votlendi á upptakasvæði Hvítár.

735. **Austurbakki Hvítárgljúfurs,** Hrunamannahreppi, Árnessýslu. (1) Bakkinn, ásamt um 1 km breiðri spildu austan hans, frá Þorsteinshöfða að Háöldu við Tungufell. (2) Fjölbreytt landslag. Skóglendi í umsjá Landgræðslu ríkisins.

736. **Brúarhlöð,** Hrunamannahreppi, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Árgljúfur Hvítár frá Brúarhlöðum upp að Ármótum (Hvítá og Fossá), ásamt 200 m belti beggja vegna árinnar. (2) Tilkomumikið gljúfur með kjarri- og skógivöxnum bökkum.

737. **Haukadalur og Almenningar,** Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Svæðið afmarkast af Laugaá, Beiná, Almenningsá, Tungufljóti og skógræktargirðingunni í Haukadal. (2) Hverasvæðið við Geysi og Haukadalur eru vinsælt útivistarsvæði. Áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almenningar er ósnortið mýrasvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.

738. **Pollengi og Tunguey,** Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Votlendi milli Hvítár og Tungufljóts frá ármótum allt norður og austur undir Krók, Galtalæk og Ásakot ásamt Tunguey, Hrosshagavík og mýrlendi sunnan Reykjavalla. (2) Margbreytilegt votlendi með fjölbreyttu gróðurfari og miklu fuglalífi.

739. **Brúará og Brúarárskörð,** Laugardalshreppi, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Brúará frá upptökum í Brúarskörðum og niður fyrir Brúarfoss. (2) Sérstæð á með óvenjulegum fossi. Fjölskrúðugur gróður og tilkomumikið landslag.

740. **Skjaldbreiður,** Árnessýslu. (1) Að sunnan frá 532 m hæðarpunkti í Lágafelli eftir beinni línu dreginni í 1.005 m hæðarpunkt á Skriðu. Þaðan í 671 m hæðarpunkt á Skaga og í Hlöðufell (1.188 m hæðarpunkt), þá í 670 m hæðarpunkt suður af Langafelli, í Litla-Björnsfell (914 m hæðarpunkt) þá í sýslumörk og suður eftir hreppamörkum Þingvalla- og Laugardalshrepps. (2) Skjaldbreiður er eldfjall, og er fagurformuð hraundyngja, 1.060 m h.y.s.

741. **Laugarvatn,** Laugardalshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnið ásamt mýrlendi við Djúpárós og fenjasvæði norðaustanvert við það. (2) Stöðuvatn og votlendið umhverfis, sem að einhverju leyti er undir áhrifum frá jarðhita. Gróskumikill gróður, fundarstaður sjaldgæfra jurta.

742. **Tintron,** Laugardalshreppi, Árnessýslu. (1) Tintron í Reyðarbarmshrauni sunnan við Stóru-Dímon. (2) Sérstæður hraunketill, um 20 m djúpur.

743. **Þingvellir og Þingvallavatn,** Þingvallahreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Þingvellir og land jarðanna Kárastaða, Brúsastaða, Svartagils og Gjábakka samkvæmt sérlögum nr. 59/1928, eins og er lýst í stefnumörkun Þingvallanefndar. Þingvallavatn, ásamt eyjum og strandlengju umhverfis vatnið. (2) Þingvellir eru einstæður sögustaður, landslag stórbrotið og fágætt að jarðfræðilegri gerð. Þingvallavatn er lífauðugt vatn í sigdal og má þar m.a. finna fjórar gerðir af bleikju.

744. **Höfðaflatir,** Skeiðahreppi, Biskupstungnahreppi, Árnessýslu. (1) Votlendisræma milli Hvítár og Vörðufells norður á móts við Iðu og suður að Fjalli. (2) Fjölbreytt gróðurfar. Allmikið fuglalíf.

745. **Kerhóll við Seyðishóla,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Kerhóll ásamt spildu umhverfis, sem afmarkast af vegum, en að suðvestan af 400 m spildu út frá gígnum. (2) Tilkomumikill gjallklepragígur, ein af tólf eldstöðvum er mynduðu Grímsneshraun.

746. **Kerið,** Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Gígurinn og umhverfi hans. (2) Formfagur gígur í gjallgígaþyrpingu í þjóðbraut.

747. **Alviðra og Neðra-Sog,** Ölfushreppi, Grafningshreppi, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Neðra-Sog frá ármótum Hvítár ásamt Álftavatni öllu með eyjum, svo og mýrlendi vestan vatnsins ásamt Þrastaskógi og öllu landi Alviðrustofnunar ásamt Öndverðarnesi I. (2) Fjölbreyttur gróður og fuglalíf. Kjörið útivistarsvæði.

748. **Hraunbollar,** Selfossi. (1) Bollar í Þjórsárhrauni við eystri sporð Ölfusárbrúar. (2) Sérkennilegir bollar í hrauni frá nútíma.

749. **Bæjarvatn,** Gaulverjabæjarhreppi, Árnessýslu. (1) Vatn í landi Gaulverjabæjar í Flóa. (2) Grunnt stöðuvatn. Sérstæður gróður.

750. **Fjörur við Stokkseyri,** Stokkseyrarhreppi, Eyrarbakkahreppi, Árnessýslu. (1) Fjörur og grunnsævi frá Eyrarbakka austur að Baugsstaðasíki, ásamt landspildu milli fjöru og vegar, frá Gamla-Hrauni austur að ósi Skerflóðs. (2) Fjölskrúðug fjara, fitjar og mýrlendi. Sérstætt lífríki.

751. **Varmá og Ölfusforir,** Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Varmá frá upptökum ásamt Ölfusforum. Mörk svæðisins að vestan fylgja túnjöðrum frá Varmá að Hrauni ásamt Þurárhrauni. Að austan frá Varmá að Gljúfurá og suður með túnjöðrum að

Ölfusá ásamt Arnarbæliseyjum, þaðan í vestur að Hrauni. (2) Ölfusforir eru víðáttumiklar, blautar engjar með miklu og fjölskrúðugu fuglalífi. Varmá hefur mikið vísindalegt gildi.

752. **Hengilssvæðið,** Ölfushreppi, Grafningshreppi, Árnessýslu. (1) Vatnasvið Grændals, Reykjadals og Hengladala ásamt Marardal og Engidal norðan Húsmúla. Að sunnan liggja mörk um Skarðsmýrarfjall, Orrustuhól og Hengladalsá að Varmá. (2) Stórbrotið landslag og fjölbreytt að jarðfræðilegri gerð, m.a. jarðhiti.

753. **Eldborgir við Lambafell,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Eldvörpin, hrauntraðirnar frá þeim ásamt hrauninu umhverfis. (2) Formfagrar eldstöðvar frá sögulegum tíma.

754. **Eldborg undir Meitlum,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Gígurinn og næsta nágrenni hans. (2) Stór gjallgígur.

755. **Raufarhólshellir,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Raufarhólshellir í Leitahrauni á Hellisheiði. (2) Alllangur og merkur hellir í hrauni frá nútíma.

756. **Fjörumörk við Hjalla,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Malarkambur suðvestur af Hjalla í Ölfusi. (2) Minjar um sjávarstöðubreytingar í lok ísaldar, hnullungafjara í um 55 m h.y.s.

757. **Hafnarnes við Þorlákshöfn,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Svæðið sunnan byggðar í Þorlákshöfn vestur að Flesjum. (2) Útivistarsvæði í grennd við þéttbýli.

758. **Stakkavík,** Ölfushreppi, Árnessýslu. (1) Jörðin Stakkavík. (2) Á jörðinni er að finna allar helstu gerðir lífsamfélaga á Reykjanesskaga.

Með auglýsingu þssari sem öðlast þegar gildi, er felld úr gildi auglýsing um náttúruminjaskrá nr. 356 frá 5. júlí 1988.

*Umhverfisráðuneytið, 11. október 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

Nr. 508 23. október 1991

# GJALDSKRÁ

## Orkubús Vestfjarða fyrir hitaveitur.

### I. KAFLI

1. gr.

Orkubú Vestfjarða selur hitaorku úr veitukerfum þeim, sem gerð hafa verið og verða gerð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari.

2. gr.

Orkubú Vestfjarða lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar þess, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til fullrar hitunar, enda séu ofnar hússins nægilega stórir, að dómi Orkubús Vestfjarða. Einnig lætur Orkubú Vestfjarða í té heitt vatn til hitunar neysluvatns.

II. KAFLI

3. gr.

Orkubú Vestfjarða selur heitt vatn í smásölu á þann hátt og við því verði sem hér segir:

**Orka og vatnsmagn H490**

| | |
|---|---|
| Fastagjald | 12 470,00 kr/ári |
| Orkugjald | 2,63 kr/kWst |
| Rúmmetragjald | 23,41 kr/m$^3$ |

Niðurgreiðsla ákveðin af iðnaðarráðuneytinu er kr. 0,99 á kWst og greiðist vegna allt að 30 000 kWst á ári, og að auki er veittur sérstakur afsláttur vegna sömu notkunar og er hann kr. 0,34 á kWst, eða samtals 1,33 kr/kWst. Sjá niðurgreiðslur í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.

**Orka og vatnsmagn H499**

*Til hitunar á öðru en íbúðarhúsnæði.*

| | |
|---|---|
| Fastagjald | 12 470,00 kr/ári |
| Orkugjald | 2,63 kr/kWst |
| Rúmmetragjald | 23,41 kr/m$^3$ |

**Vatnsmagn I480**

*Orkubúinu er heimilt að selja heitt vatn samkvæmt vatnsmæli eingöngu.*

| | |
|---|---|
| Fastagjald | 12 470,00 kr/ári |
| Rúmmetragjald | 122,00 kr/m$^3$ |

**Orka H498**

*Orkubúi Vestfjarða er heimilt að selja heitt vatn um varmaskipti til þeirra er nota meira en 400.000 kWst/ári*

| | |
|---|---|
| Fastagjald | 12 470,00 kr/ári |
| Orkugjald | 1,70 kr/kWst |
| Rúmmetragjald | 15,24 kr/m$^3$ |

**Hemill I489.**

*Orkubúi Vestfjarða er heimilt að takmarka vatnsrennsli til húsa um stillanlega hemla. Orkubúið stillir hemil að ósk notanda og gildir hæsta stilling í eitt ár frá 1. september til 31. ágúst.*

| | |
|---|---|
| Fastagjald | 22 849,00 kr/ári |
| Mínútulítragjald | 2 416,00 kr/mán. |

4. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningurinn ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem orkubúið ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 14 daga frá gjalddaga.

5. gr.

Varðandi tengigjöld fyrir hitaveitur sjá heimtaugagjald í þéttbýli í gjaldskrá Orkubús Vestfjarða fyrir raforku (heimtaugagjöld í þéttbýli).

6. gr.

Gjald til greiðslu kostnaðar vegna vanskilainnheimtu og undirbúnings að lokun er kr. 806,00.

Þegar lokað hefur verið fyrir aðrennsli heita vatnsins til notanda vegna vanskila, skal gjald fyrir að opna á ný vera kr. 1 613,00.

7. gr.

Miðað skal við að kostnaður hitunar húsa með hitaveitu fari ekki fram úr kostnaði hitunar með rafmagni skv. gjaldskrá Orkubús Vestfjarða hverju sinni.

III. KAFLI

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað húseiganda.

9. gr.

Orkubú Vestfjarða hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara.

Eftirlitsmanni Orkubús Vestfjarða skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hemlum, mælum, hitagjöfum og vatnsæðum, sem eru í sambandi við veitukerfi Orkubús Vestfjarða. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

10. gr.

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967 og lögum nr. 66 31. ágúst 1976, til að öðlast gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 452, 26. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 140, 18. mars 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 509 23. október 1991

# GJALDSKRÁ

**Orkubús Vestfjarða fyrir raforku.**

**I. SMÁSALA.**

*Gjaldskrárliðir.*

Orkubú Vestfjarða selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

**A.1 Almenn notkun.**

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | |
|---|---|
| Orkugjald | 6,48 kr/kWh |
| Fastagjald | 3 311,00 kr/á ári |

**A.2 Vinnuljósanotkun.**

Öll skammtímanotkun og til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

| | |
|---|---|
| Orkugjald | 9,72 kr/kWh |
| Fastagjald F1 | 3 311,00 kr/á ári |

**A.3 Utanhússlýsing.**

Öll notkun og viðhald úti- og götulýsingar.

| | |
|---|---|
| Aflgjald | 11 852,00 kr/kW/á ári |
| Viðhaldsgjald | 17 609,00 kr/kW/á ári |

**A.4 Sumarbústaðanotkun.**

Heimilt er að selja raforku til þessara nota samkvæmt lið A1 ef hagkvæmara þykir.

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

| | |
|---|---|
| Orkugjald | 3,23 kr/kWh |
| Fastagjald F2 | 15 614,00 kr/á ári |

**A.5 Markmæling.**

Allur almennur búrekstur.

| | |
|---|---|
| Aflgjald, (lágmark 4 kW) | 5 708,00 kr/kW/á ári |
| Fastagjald F3 | 12 470,00 kr/á ári |
| Orkugjald af allri notkun | 2,37 kr/kWh |
| Orkugjald af notkun umfram aflstillingu | 6,48 kr/kWh |

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytis. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Orkugjald og fastagjald vegna húshitunar undanþegið virðisaukaskatti.

Heimilt er að selja raforku til búrekstrar samkvæmt öðrum liðum ef hagkvæmara þykir. Lágmarksfé 4 kW, hámarksafl 20 kW.

**B.1 Aflmæling.**

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmark 15 kW

| | |
|---|---|
| Aflgjald | 9 299,00 kr/kW/á ári |
| Orkugjald | 2,05 kr/kWh |

**B.2 Súgþurrkun.**

Til súgþurrkunar á tímabilinu 1. júlí til 31. október.

| | |
|---|---|
| Aflgjald | 2 688,00 kr/kW/á ári |
| Orkugjald | 1,60 kr/kWh |

**C.1/D.1 Hitun.**

| | |
|---|---|
| Orkugjald | 3,23 kr/kWh |
| Fastagjald F3 | 12 470,00 kr/á ári |

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Roftími er allt að 3 klst. á sólarhring.

**C.2/D.2 Næturhitun.**

Orkugjald .............................. 2,18 kr/kWh

Orkugjald vegna rafhitunar heimila er niðurgreitt samkvæmt ákvörðun iðnaðarráðuneytisins. Sjá kafla um niðurgreiðslur og sérstakan afslátt. Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

Roftími er allt að 15 klst. á sólarhring.

**D.3 Varmadælur.**

Til notkunar á varmadælum.

Orkugjald .............................. 4,50 kr/kWh

Fastagjald F3 .............................. 12 470,00 kr/ári

Hitun húsnæðis er undanþegin virðisaukaskatti.

*Innheimta og lokun.*

Innheimtugjald:

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er kr. 806,00.

Opnunargjald:

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er kr. 1 613,00.

*Skilgreiningar og ýmis ákvæði.*

**1. Utanhússlýsing.**

Orkubú Vestfjarða sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notanda, sem greiðir allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast Orkubú Vestfjarða á sinn kostnað.

**2. Markmæling.**

Liður A.5 er fyrir heildarorkusölu til bændabýla samkvæmt opinberri skráningu og skilgreiningu þar um. Aðrir gjaldskrárliðir eru ekki veittir samhliða honum svo sem súgþurrkun eða húshitun. Breyting á aflstillingu er aðeins gerð samkvæmt skriflegri beiðni notanda, hvort sem hún er til hækkunar eða lækkunar.

**3. Aflgjaldsmæling.**

Liður B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Aflgjald er ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls.

Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í byrjun hvers mánaðar.

Lágmarksaflgjald er miðað við 15 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

**4. Sumarafl.**

Á tímabilinu 1. maí til og með 30. september ár hvert geta notendur á afltaxta, B.1, fengið heimild til að hækka afltopp sinn, án þess að sú hækkun hafi áhrif á reiknaðan ársmeðaltopp.

Skilyrði fyrir slíkri heimild eru:

1. Lágmarksheimild er 30 kW.
2. Gjald fyrir heimild er 10% af ársaflgjaldi skv. gjaldskrárlið B.1, ár hvert.

Heimildin tekur gildi 1. maí eða á greiðsludegi ef hann er síðar og gildir til loka septembermánaðar.

**5. Véla- og tækjanotkun.**

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall.

Orkubú Vestfjarða getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.

2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri eða skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

**6. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o. fl.**

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, getur Orkubú Vestfjarða takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem framleiðslukostnaður orku er sérstaklega hár, svo sem á dieselstöðvasvæðum, eða flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur orkubúið sér rétt til þess að takmarka val gjaldskrárliða.

**7. Annað.**

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4, A.5, C.1, C.2, D.1, D.2 og D.3 og fastagjaldi þar sem það á við, nema fastagjald A.4 sem er með virðisaukaskatti.

Gjaldskrárverð breytast í samræmi við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

**II. HEIMTAUGARGJALD Í ÞÉTTBÝLI.**

Heimtaugagjöld Orkubús Vestfjarða í kaupstöðum, kauptúnum og þorpum, tengd veitusvæðum orkubúsins og með fasta íbúatölu 50 eða fleiri, samkvæmt skrá Hagstofu Íslands á hverjum tíma miðað við áramót, eru sem hér segir:

1. Orkubú Vestfjarða ákveður stærð og gerð heimtauga eða spennistöðva fyrir hverja húsveitu. Með heimtaug er átt við hvort heldur tengingu við rafveitu og/eða hitaveitu.
   1.1 Umsækjandi heimtaugar skal á heimtaugarumsókn gera grein fyrir væntanlegri heildaraflþörf næstu 5 árin, ásamt gerð og notkun húsnæðis. Tilgreina skal sérstaklega aflþörf vegna hitunar. Teikning af húsnæðinu fylgi heimtaugarumsókn. Heimtaugargjald skal greitt að fullu áður en verk er hafið.
2. Ein heimtaug er lögð að eign eða eignum á hverri lóð og greiðist heimtaugargjald af hverri heimtaug eða spennistöð sem hér segir:
   2.1 Heimtaug.

| Aflþörf veitu kW | Stofngjald kr. | Jarðstrengur gjald af yfirlengd kr/m |
|---|---|---|
| Allt að 40 | 65 100,00 | 1 310,00 |
| 40 – 65 | 96 495,00 | 1 570,00 |
| 65 – 130 | 202 965,00 | 1 970,00 |
| 130 – 200 | 318 675,00 | 2 370,00 |

Aukamælagrind fyrir hitaveitur kr. 26 355,00 en virðisaukaskattur bætist ekki við það.

2.2 Yfirlengd reiknast af jarðlínuheimtaug, sem er lengri er 25 m í lóð.
Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðamörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa á útvegg götuhliðar hússins. Teljist hagkvæmara að hafa varkassa á innvegg skal leita samþykkis orkubúsins um gerð og frágang pípu, sem heimtaugarstrengurinn verður

dreginn í. Af jarðstrengsheimtaug með flutningsgetu 130–200 kW greiðist yfirlengdargjald af vegalengd frá stofnvarkassa að rofa í dreifistöð að frádregnum 25 m í lóð. Af vegalengd umfram 125 m í götu greiðist ekki yfirlengdargjald, sjá þó lið 2.4.

2.3 Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja spennistöð að mestu eða öllu leyti, fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi orkubúsins, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.

Þegar lóð er lögð til, er það gert orkubúinu að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum þess um stærð og staðsetningu stöðvarinnar. Þegar húsnæði fyrir spennistöð er lagt til, t.d. innan þess húsrýmis er umsækjandi hefur til umráða, svo sem í fiskverkunarhúsum, fiskimjölsbræðslum, iðnaðarhúsnæði, verslunarhúsnæði o.s.frv., skal staðsetning þess ákveðin með samþykki orkubúsins í hverju tilviki og skal húsnæðisaðstaðan fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið – uppsteypt hús – er lagt orkubúinu til að kostnaðarlausu, en það sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðisins eftir nánara samkomulagi þar um hverju sinni.

2.4 Telji orkubúið að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða stækka spenni, eða notandi óskar eftir þeirri aukningu skal notandi greiða 40% kostnaðar samkvæmt heimtaugargjaldskrá fyrir íbúðarhús, en allan kostnað samkvæmt kostnaðarreikningi fyrir iðnaðar- og verslunarhús o.þ.h.

3. Fyrir bráðabirgðaheimtaug í vinnuskúr eða hús í byggingu skal greiða sem hér segir:
   3.1 Grunngjald óháð kostnaði við setningu bráðabirgðaheimtaugar kr. 6 321,00.
   3.2 Fyrir kostnað við framkvæmd verksins og leigu á efni samkvæmt kostnaðaráætlun orkubúsins, sem miða skal við aðstæður hverju sinni.
4. Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, innan kaupstaða, kauptúna og þorpa. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt reikningi, er byggist á kostnaðaráætlun eða raunkostnaði, háð aðstæðum og ákvörðun orkubúsins hverju sinni.

   Öll gjöld eru gefin upp án virðisaukaskatts en hann leggst á öll heimtaugargjöld nema annars sé getið.

## III. HEIMTAUGARGJALD Í SVEITUM.

1. Hver sá, er óskar að fá heimtaug frá Orkubúi Vestfjarða í sveitum, skal hafa greitt heimtaugargjald til Orkubús Vestfjarða áður en lagning veitunnar er hafin. Óheimil er rafmagnsnotkun um heimtaug, nema framangreindu skilyrði um greiðslu heimtaugargjalds hafi verið fullnægt.
2. Heimtaugargjald fyrir sumarhús, veiðihús og annað húsnæði þar sem ekki er föst búseta eða reglubundin starfsemi, svo og bráðabirgðaheimtaugar, skal vera samkvæmt kostnaðaráætlun Orkubús Vestfjarða fyrir heimtaugar í íbúðarhús, kirkjur, skóla og atvinnuhúsnæði o. þ. h. skal grunngjald vera kr. 91 300,00 á hvern notanda.

   Framangreint grunngjald, kr. 91 300,00, miðast við vísitölu byggingarkostnaðar, 176,5 stig og að orkusjóður greiði það sem vantar á heildarkostnað við lagningu heimtaugar og spennistöðvar. Grunngjald breytist í sama hlutfalli og vísitalan til hækkunar eða lækkunar.

   Virðisaukaskattur, 24,5% bætist við ofangreind grunngjöld.

## IV. NIÐURGREIÐSLUR.

Iðnaðarráðuneytið ákveður upphæð niðurgreiðslna á raforku til hitunar íbúðarhúsnæðis og setur nánari reglur þar um. Niðurgreiðslna njóta þau heimili sem búa við rafhitun og eiga ekki kost á heitu vatni til upphitunar frá hitaveitu sem rekin er á viðkomandi stað. Orkubú Vestfjarða veitir ennfremur fyrst um sinn sérstakan afslátt til sömu aðila og njóta niður-

greiðslna. Um niðurgreiðslur sem inntar verða af hendi frá 1. janúar 1991 og sérstakan afslátt gilda eftirfarandi reglur:

Hver kílóvattstund (kWh) er niðurgreidd um fasta upphæð, upp að ákveðinni hámarksnotkun. Til grundvallar þessu er lögð orkunotkun að hámarki 30 000 kWh á ári samkvæmt lið C1 og 42 000 kWh samkvæmt lið A5, en er skipt eftir vægi veturs og sumars í hitaþörf. Vetrartímabilið er frá og með 16. október til og með 15. apríl. Þetta skal framkvæmt á eftirfarandi hátt:

Liður C1 hitun:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 105 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 60 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 1,06 á kWh og að auki sérstakur afsláttur, 0,40 kr. á kWh, eða samtals 1,46 kr/kWh.

Liður A5 markmæling:

Niðurgreidd er orka sem er allt að 146 kWh á dag að jafnaði á vetrartíma en 85 kWh á dag á öðrum tíma árs. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,76 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,28 kr. á kWh, eða samtals 1,04 kr/kWh.

Liður C2 næturhitun:

Ekki er sett hámark við niðurgreiðslur skv. lið C2 næturhitun. Niðurgreiðsla nemur kr. 0,64 á kWh og að auki sérstakur afsláttur 0,40 kr. á kWh, eða samtals 1,04 kr/kWh.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett samkvæmt lögum nr. 66, 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. október 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins, nr. 452, 26. september 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 139, 18. mars 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

23. október 1991 Nr. 510

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Selfoss.**

## I. RAFORKA.

Rafveita Selfoss selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A.1 | Almenn notkun | kr. | 6,30 | (7,84) | kWst |
| A.2 | Vinnuvélar, vinnuljós | kr. | 9,98 | (12,42) | kWst |
| A.3 | Utanhússlýsing | kr. | 29 956,50 | (37 295,84) | kW/ár |
| A.4 | Sumarhús | kr. | 3,63 | (4,52) | kWst |
| B.1 | Aflmælar, orkugjald | kr. | 2,15 | (2,68) | kWst |
| | Aflgjald | kr. | 9 471,00 | (11 791,40) | kW/ár. |
| C.1 | Rofin hitun roftími 1×60 mín. | kr. | 5,25 | (6,54) | kWst |
| C.2 | Rofin hitun roftími 2×90 mín. | kr. | 2,10 | (2,61) | kWst |
| C.3 | Næturhitun eða hliðst. notkun roftími allt að 12 klst. á sólarhring | kr. | 2,10 | (2,61) | kWst |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| D.1 | Hitun í iðnaði: | | | | |
| | Næturtaxti 20.00–08.00 | kr. | 2,10 | (2,68) | kWst |
| | Dagtaxti 08.00–20.00 | kr. | 6,83 | (8,50) | kWst |
| D.2 | Húshitun | kr. | 1,40 | | kWst |

Um framangreinda gjaldskrárliði gildir eftirfarandi ákvæði. Minnsta árgjald skal vera sem svarar 1800 klst. á hvert kW uppsetts afls hitunartækja. Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

a. Að aflnotkun sé innan þeirra marka að hún valdi ekki hækkun á aflkaupum rafveitunnar.
b. Að vélaafl, línur og spennir þoli álagið.
c. Að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til og greiðir leigu af þeim, samkvæmt gjaldskrám.
d. Að hitunartæki, lagnir og búnaður séu samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.

## II. FASTAGJALD.

Rafveitan ákvarðar stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverja veitu, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu fyrir hvert tæki sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkumælir, einfasa | 2 966,25 | (3 692,98) | kr/ári |
| Orkumælir, þrífasa | 6 525,75 | (8 124,56) | kr/ári |
| Orkumælir, þrífasa með straumsp. | 7 296,45 | (9 084,08) | kr/ári |
| Orkumælir fyrir sumarhús | 9 487,80 | (11 812,31) | kr/ári |
| Aflmælir | 7 257,60 | (9 635,71) | kr/ári |
| Aflmælar með straumspennum | 8 065,05 | (10 040,99) | kr/ári |
| Tvígjaldsmælir | 7 294,35 | (9 081,47) | kr/ári |
| Klukka | 635,25 | (790,89) | kr/ári |

## III. HEIMTAUGARGJALD.

Heimtaugargjald, fyrir varanlega heimtaug, skal greitt samkvæmt eftirfarandi töflu:

| Málstraumur (A) | Stofngjald (kr.) | |
|---|---|---|
| 1 x 63 | 52 107,00 | (64 873,22) |
| 3 x 63 | 56 450,00 | (70 280,25) |
| 3 x 100 | 89 589,00 | (111 538,31) |
| 3 x 200 | 177 128,00 | (220 524,36) |
| 3 x 315 | 281 132,00 | (350 009,34) |
| 3 x 400 | 358 814,00 | (446 723,43) |
| 3 x 710 | 637 641,00 | (793 863,05) |
| 3 x 1200 | 1 071 877,00 | (1 334 486,87) |

Yfirlengd miðast við: Jarðstrengsheimtaug lengri en 15 m og loftlínuheimtaug lengri en 30 m. Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast frá lóðarmörkum að stofnkassa eða stofntengikassa húsveitu.

Þegar stækka þarf spenni eða heimtaug vegna tiltekins notanda, skal greiða fullt heimtaugargjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

Sé nauðsynlegt að setja upp spennistöð vegna tiltekins notanda, og hún að mestu eða öllu leyti notuð í hans þágu, er honum skylt að leggja til lóð undir stöðina eða húsnæði rafveitunni að kostnaðarlausu, og skal hann í öllu hlíta skilmálum rafveitunnar um gerð húsnæðis eða stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

Bráðabirgðaheimtaug:

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1 × 63 | kr. | 14 082,00 | (17 532,09) |
| 3 × 63 | kr. | 18 991,00 | (23 643,80) |

Séu aðstæður þannig að leggja þurfi aðallínu að vinnustað skal greitt yfirlengdargjald samkvæmt töflu.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óvenjulegar, skal heimtaugagjald greitt samkvæmt sérstökum samningi hverju sinni.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í samningi slíkum skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

### IV. ÝMIS ÁKVÆÐI.

Gjald fyrir enduropnun ........................ kr. 1 365,00 (1 699,43)

Ef fasvikstuðull hjá notanda er lægri en 0,9 getur rafveitan krafist þess að hann sé hækkaður upp í það gildi.

Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, sem valda tilfinnanlegum truflunum, eða takmarka notkun þeirra við tiltekinn tíma sólarhrings.

Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Aukaálestur ................................ kr. 546,00 (679,77)

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 451, 26. septemer 1991, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 309, 28. júní 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 23. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

24. október 1991 Nr. 511

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Borgarness.**

1. gr.
**Raforkugjöld.**

**A. Almennur taxti**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,30 | (7,84) | kr/kWst |
| Fastagjald | 2 479,00 | (3 087,00) | kr/ár |

**B. Afltaxti**

Rafmagn til meiri háttar vélanotkunar.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,19 | (2,72) | kr/kWst |
| Aflgjald | 7 489,00 | (9 324) | kr/kW/ár |
| Fastagjald | 42 580,00 | (53 012) | kr/ár |

Mæling miðuð við 15 mínútna meðalgildi afls.

Lágmarksafl 15 KW.

**C. Húshitunartaxtar**

| | | | |
|---|---|---|---|
| C.1 Orkugjald (án rofs) | 6,21 | (6,21) | kr/kWst |
| C.2 Orkugjald (rof allt að 4 st/d) | 2,89 | (2,89) | kr/kWst |
| C.3 Orkugjald rof allt að 15/ st/d. | 1,91 | (1,91) | kr/kWst |
| C.4 Orkugjald til iðnaðarhitunar – órofin – | 5,93 | (7,38) | kr/kWst |
| C.5 Orkugjald til iðnaðarhitunar – rof 15 st/d | 1,91 | (2,37) | kr/kWst |
| Fastagjöld: Taxti C1 | 10 632,00 | (13 237,00) | kr/ár |
| Taxti C2 og C3 | 7 076,00 | (8 810,00) | kr/ár |
| Taxti C4 | 10 632,00 | (13 237,00) | kr/ár |
| Taxti C5 | 7 076,00 | (8 810,00) | kr/ár |

E. Sérsamningar.

F. Vinnuljós og mannvirkjagerð:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 8,20 | (10,19) | kr/kWst |
| Fastagjald | 4 959,00 | (6 174,00) | kr/ár |

G. Götu- og hafnalýsing:

| | | |
|---|---|---|
| Aflgjald, miðað við uppsett afl | 38 823,00 | (48 334,00) |

2. gr.

**Tengigjöld.**

| Gjaldskrár-liður | Málstraumur stofnvara | | Tengigjald kr. | |
|---|---|---|---|---|
| T 1 | 63A | 1-fasa | 39 000,00 | (48 555) |
| T 2 | 63A | 3-fasa | 52 600,00 | (65 487) |
| T 3 | 100A | – | 83 200,00 | (103 584) |
| T 4 | 200A | – | 165 900,00 | (206 545) |
| T 5 | 315A | – | 262 000,00 | (326 190) |
| T 6 | 400A | – | 331 800,00 | (413 091) |
| T 7 | 630A | – | 522 200,00 | (650 139) |
| T 8 | 710A | – | 590 100,00 | (734 674) |
| T 9 | 1200A | – | 996 000,00 | (1 240 020) |

**Önnur ákvæði:**

a) **Um heimtaugar:**

Lengd heimtaugar reiknast frá lóðarmörkum við götu, stystu greiðfæra leið að varkassa eða töflu.

Tengigjaldið miðast við allt að 15 metra jarðstrengsheimtaug. Fyrir hvern umframmetra greiðist sem svarar 1/40 hluta tengigjalds.

Tengigjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast eftir kostnaði.

b) **Um spennistöðvar:**

Þegar spennistöð er byggð að mestu eða öllu leyti í þágu eins notanda, skal notandi leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra, vegna staðsetningar stöðvarinnar. Húsnæðið skal fullnægja öllum skilyrðum um gerð spennistöðvarhúsa. Þegar lóð er lögð til, er það gert rafveitunni að kostnaðarlausu, en kostnaður notanda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina kemur til frádráttar tengigjaldi, þó aldrei meira en gjaldinu nemur.

c) **Um bráðabirgðaheimtaugar:**

Fyrir bráðabirgðaheimtaug skal greiða eftir kostnaðarreikningi.

d) **Um spennubreytingu:**

Ef 220 V notendakerfi er breytt í 380/220 V kerfi, kostar rafveitan breytingu á heimtaug. Húseigandi skal kosta breytingu á stofntaug og rafbúnaði innanhúss, sem af þessu kann að leiða.

e) **Almennt um heimtaugar:**
Gjaldskrá tengigjalda gildir í skipulögðum hverfum, en í óskipulögðum hverfum skal greiða eftir kostnaðarreikningi heimtaugar eða spennistöðvar.
Tengigjald fellur í gjalddaga þegar sótt er um heimtaug eða spennistöð.

3. gr.
**Ýmis ákvæði.**

1. **Sérákvæði um rafmagnssölu.**
1.1. **Rafmagn til mannvirkjagerðar.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fastagjald | 4 959,00 | (6 174) | kr/a |
| Orkugjald | 8,19 | (10,19) | kr/kWst |

1.2. **Gjöld vegna götulýsingar og annarrar útilýsingar.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Aflgjald<br>miðað við uppsett afl | 17 426,00 | (21 695) | kr/kW/a |
| Viðhaldsgjald<br>miðað við uppsett afl | 21 396,00 | (26 638) | kr/kW/a |
| Gjald samtals | 38 823,00 | (48 335) | kr/kW/a |

1.3. **Önnur sérákvæði.**
Þegar sérstaklega stendur á, er rafveitustjóra heimilt, að tilskildu samþykki rafveitunefndar, að selja rafmagn eftir sérstökum samningi í hvert skipti, þó eigi lengur en til tveggja ára í senn. Undir þennan lið fellur raforka til götu- og hafnarlýsingar í Borgarnesi.

2. **Önnur ákvæði gjaldskrár, ótalin.**
2.1. **Skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar skv. C lið:**
að raforka sé aflögu vegna almennrar notkunar,
að vélaafl, spennar og línur þoli álagið,
að straumur sé rofinn á tilskildum tímum með sjálfvirkum búnaði og kosti notandinn tengingu hans,
að tæki, lagnir og hitabúnaður sé samkvæmt fyrirmælum rafveitunnar og settum reglum, m.a. ofnar fasttengdir og hafi rofa og hitastilla.
2.2. **Um fasvikstuðul hjá notanda.**
Ef stuðullinn er lægri en 0,85, getur rafveitan krafist þess að notandinn geri ráðstafanir til að hækka stuðulinn á sinn kostnað upp í það gildi en greiði að öðrum kosti hærra verð fyrir raforkuna.
2.3. **Opnunargjald.**
Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald kr. 1 557,00 (1 938) fyrir enduropnun.
2.4. **Um dráttarvexti.**
Rafveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna rafmagnsreikninga eins og dráttarvextir eru reiknaðir á hverjum tíma, enda hafi tilkynning um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.
2.5. **Virðisaukaskattur.**
Virðisaukaskattur 24,5% bætist við öll gjöld samkv. gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.
2.6. **Breytingar á gjaldskrá.**
Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við verðbreytingar að fenginni staðfestingu iðnaðarráðuneytisins, enda miðast gjaldskráin við það, að tekjur rafveitunnar standi undir rekstrargjöldum hennar svo og aukningu veitukerfisins.

Gjaldskrá þessi sem staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967 til að öðlast gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 448, 25. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 287, 24. júní 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 24. október 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 512

# REIKNINGUR

**Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1988.**

## Rekstrarreikningur

| Rekstrartekjur: | 1988 (í kr.) | 1987 (í þús. kr.) | % |
|---|---|---|---|
| Tekjur af sölugjaldi: | | | |
| Hlutur sjóðsins af álagningu | 1 134 999 990 | 820 000 | 38,4 |
| Hlutur af aðfl.gj. | | 167 849 | |
| Tekjur af landsútsvari: | | | |
| Bankar, álagning | 52 081 858 | 38 157 | 36,5 |
| Aðrir, álagning | 209 561 026 | 160 227 | 30,8 |
| Ríkissjóður, framlag | 40 000 000 | | 100,0 |
| Rekstrartekjur | 1 436 642 874 | 1 186 233 | 21,1 |
| Rekstrargjöld: | | | |
| Almenn framlög til sv.fél. skv. 13. gr. | 1 085 487 801 | 923 806 | 17,5 |
| Aukaframlög til sv.fél. skv. 15. gr. | 126 909 000 | 68 720 | 84,7 |
| Framlag v/samein. sv.félaga | 3 643 369 | 4 100 | -12,5 |
| Fólksfækkunarframl. til sv.fél. skv. 16. gr. | 30 240 523 | 31 577 | -4,4 |
| Samband ísl. sv.fél., 1% framlag | 14 371 724 | 11 862 | 21,2 |
| Landshlutasamtök, 1,16% framlag | 16 671 200 | 13 760 | 21,2 |
| Lánasjóður sv.fél. 5,0% framlag | 71 858 622 | 59 312 | 21,2 |
| Húsfriðunarsjóður, framlag | 3 017 755 | 2 452 | 23,1 |
| Afskr. kröfur v/barnsmeðlaga | 1 213 727 | 381 | 218,6 |
| Eftirlaunasjóður aldraðra | 15 698 446 | 20 000 | -27,4 |
| Rekstrargjöld | 1 369 112 167 | 1 135 971 | 20,9 |
| Tekjuafgangur fyrir fjárm.tekjur (gjöld) | 67 530 707 | 50 262 | 25,8 |
| Fjármagnstekjur-og (gjöld): | | | |
| Vaxtatekjur | 529 582 | | 100,0 |
| Vaxtagjöld | (11 146 142) | (12 105) | -8,6 |
| Gengistap | (30 564 482) | | |
| Fjármagnsgjöld | (41 181 042) | (12 105) | -240,2 |
| Rekstrarafgangur | 26 349 665 | 38 157 | -73,1 |

Eiginfjárreikningur:

| | |
|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 1988 kr. | 118 326 267 |
| Rekstrarafgangur ársins | 26 349 665 |
| Leiðr. frl. til Eftirlaunasj. aldr. frá f. árum | 4 252 346 |
| Afskrifuð krafa | (1 153) |
| Eigið fé 31. desember 1988 kr. | 148 927 125 |

**Efnahagsreikningur 31. desember 1988.**

| Eignir: | 1988 | 1987 |
|---|---|---|
| Veltufjármunir: | (í kr.) | (í þús.) |
| Viðskiptareikningar sv. félög | 86 070 | 260 |
| Innheimtust. sv.félaga, upps. framlög | 920 291 224 | 711 944 |
| Sauðaneshreppur, lán | 75 000 | 90 |
| Eignir samtals | 920 452 294 | 712 294 |

| Skuldir og eigið fé: | 1988 | 1987 |
|---|---|---|
| Skammtímaskuldir: | (í kr.) | (í þús) |
| Viðskiptareikningur, sv. félög | 2 093 578 | 386 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 1 901 232 | 1 320 |
| Landshl. samtök sveitarfélaga | 591 192 | 283 |
| Ríkissjóður, viðskiptareikningur | 15 435 134 | 429 |
| Samband ísl. sveitarfélaga | 367 352 | 150 |
| Eftirlaunasjóður aldraðra | 1 533 100 | 10 087 |
| Næsta árs afb. dollaraláns | 71 296 583 | |
| Skammtímaskuldir | 93 218 171 | 12 655 |
| Langtímaskuldir: | | |
| Framlagsfé til sveitarfélaga | 678 306 998 | 471 256 |
| Ríkisáb. sjóður, dollaralán | 71 296 583 | 110 057 |
| Næsta árs afb. færðar á skammt.sk. | (71 296 583) | |
| Langtímaskuldir | 678 306 998 | 581 313 |
| Eiginfjárreikningar: | | |
| Endurmatsreikn. greiðslufjár | | 18 209 |
| Annað eigið fé | 148 927 125 | 100 117 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 920 452 294 | 712 294 |

| Fjármagnsstreymi: | 1988 |
|---|---|
| Frá rekstri: | (í kr.) |
| Tekjuafgangur skv. rekstrarreikningi | 26 349 665 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé: | |
| Gengismunur | 30 564 482 |
| Afskrifaðar skammtímakröfur | (1 153) |
| Leiðr. frl. til Eftirl.sj. aldraðra frá f. árum | 4 252 346 |
| Veltufé frá rekstri | 61 165 340 |

Ráðstöfun fjármagns:

| | |
|---|---|
| Afborgun langtímalána | 69 324 681 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | 71 296 583 |
| Ráðstöfun fjármagns | 140 621 264 |
| Lækkun á veltufé | 79 455 924 |

Greining á breytingu veltufjár:

| | |
|---|---|
| Hreint veltufé í árslok: | |
| Veltufjármunir | 920 452 294 |
| Skammtímaskuldir | (771 525 169) |
| Hreint veltufé í ársbyrjun: | |
| Veltufjármunir | 712 294 025 |
| Skammtímaskuldir | (483 910 976) |
| | 228 383 049 |
| Breyting á hreinu veltufé | 79 455 924 |

*Reykjavík, 12. mars 1990.*

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1988 er saminn eftir bókhaldsúrvinnslu ríkisbókhalds.

*Reykjavík, 1. mars 1990.*

**Torben Friðriksson.**

*Jónas H. Jónsson.*

Nr. 513

# REIKNINGUR

## Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1989.

### Rekstrarreikningur.

| Rekstrartekjur: | 1989 | 1988 (í þús.) | % |
|---|---|---|---|
| Tekjur af sölugjaldi: | | | |
| Hlutur sjóðsins af álagningu | 1 275 000 000 | 1 135 000 | 12,3 |
| Tekjur af landsútsvari: | | | |
| Bankar, álagning | 84 953 690 | 52 082 | 63,1 |
| Aðrir, álagning | 252 464 626 | 209 561 | 20,5 |
| Ríkissjóður, framlag | | 40 000 | –100,0 |
| Rekstrartekjur | 1 612 418 316 | 1 436 643 | 12,2 |

Rekstrargjöld:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Almenn framlög til sv.fél. skv. 13. gr. | 1 218 014 216 | 1 085 488 | 17,5 |
| Aukaframlög til sv.fél. slv. 15. gr. | 98 206 000 | 126 909 | –29,2 |
| Framlag v/samein. sv.félaga | 1 399 701 | 3 643 | –60,2 |
| Fólksfækkunarfrl. til sv.fél. skv. 16. gr. | 33 516 000 | 30 240 | 10,8 |
| Samband ísl. sv.fél., 1% framlag | 16 124 183 | 14 372 | 12,2 |
| Landshlutasamtök, 1,16% framlag | 18 704 049 | 16 671 | 12,2 |
| Lánasjóður sv.fél. 5,0% framlag | 80 620 916 | 71 859 | 12,2 |
| Húsfriðunarsjóður, framlag | 3 657 055 | 3 018 | 21,2 |
| Sérst. framlag v/Hofsós | 11 670 160 | | 100,0 |
| Afskr. kröfur v/barnsmeðlaga | 4 290 304 | 1 214 | 253,4 |
| Eftirlaunasjóður aldraðra | 11 686 188 | 15 698 | –34,3 |
| Rekstrargjöld | 1 497 888 772 | 1 369 112 | 9,4 |
| Tekjuafgangur fyrir fjárm.tekjur (gjöld) | 114 529 544 | 67 531 | 69,6 |
| Fjármagnstekjur-og (gjöld): | | | |
| Vaxtatekjur | | 529 | |
| Vaxtagjöld | (7 576 822) | (11 146) | –47,1 |
| Gengistap | (21 999 032) | (30 564) | –38,9 |
| Fjármagnsgjöld | (29 575 854) | (41 181) | –39,2 |
| Rekstrarafgangur | 84 953 690 | 26 350 | 222,4 |

Eiginfjárreikningur:

| | |
|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 1989 kr. | 148 927 125 |
| Rekstrarafgangur ársins | 84 953 690 |
| Eigið fé 31. desember 1989 kr. | 233 880 815 |

**Efnahagsreikningur 31. desember 1989.**

| Eignir: | 1989 | 1988 (í þús.) |
|---|---|---|
| Veltufjármunir: | | |
| Viðskiptareikningar sv.félög | | 86 |
| Innheimtust. sv.félaga, upps. framlög | 1 102 076 601 | 920 291 |
| Sauðaneshreppur, lán | 60 000 | 75 |
| Ríkissjóður, viðsk. reikn. | 26 404 528 | |
| Eignir samtals | 1 128 541 129 | 920 452 |

| Skuldir og eigið fé: | 1989 | 1988 (í þús) |
|---|---|---|
| Skammtímaskuldir: | | |
| Viðskiptareikningur, sv.félög | 3 174 888 | 2 094 |
| Lánasjóður sveitarfélaga | 22 148 | 1 901 |
| Landshl. samtök sveitarfélaga | 591 241 | 591 |
| Ríkissjóður, viðskiptareikningur | | 15 435 |
| Samband ísl. sveitarfélaga | 91 535 | 367 |
| Eftirlaunasjóður aldraðra | 1 219 288 | 1 533 |
| Næsta árs afb. dollaraláns | | 71 297 |
| Skammtímaskuldir | 5 099 100 | 93 218 |

Langtímaskuldir:

| | | |
|---|---|---|
| Framlagsfé til sveitarfélaga | 889 561 214 | 678 307 |
| Ríkisáb. sjóður, dollaralán | | 71 296 |
| Næsta árs afb. færðar á skammt.sk. | | (71 296) |
| Langtímaskuldir | 889 561 214 | 678 307 |

Eiginfjárreikningar:

| | | |
|---|---|---|
| Annað eigið fé | 233 880 815 | 148 927 |
| Skuldir og eigið fé samtals | 1 128 541 129 | 920 452 |

Fjármagnsstreymi: *1989*

Frá rekstri:

| | |
|---|---|
| Tekjuafgangur samkv. rekstrarreikningi | 84 953 960 |
| Veltufé frá rekstri | 84 953 960 |

Greining á breytingu veltufjár:

| | |
|---|---|
| Hreint veltufé í árslok: | |
| Veltufjármunir | 1 128 541 129 |
| Skammtímaskuldir | (894 660 314) |
| | 233 880 815 |
| Hreint veltufé í ársbyrjun: | |
| Veltufjármunir | 920 452 294 |
| Skammtímaskuldir | (771 525 169) |
| | 148 927 125 |
| Breyting á hreinu veltufé | 84 953 690 |

*Reykjavík, 10. september 1990.*

F. h. r.

**Berglind Ásgeirsdóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

Ársreikningur Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1989 er saminn eftir bókhaldsúrvinnslu ríkisbókhalds.

*1. september 1991.*

**Torben Friðriksson.**

*Jónas H. Jónsson.*

Nr. 514

# REIKNINGUR

## Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1990.

### Rekstrarreikningur.

Tekjur:

| | |
|---|---|
| Ríkisframlag | 1 167 150 000 |
| Landsútsvar | 411 200 361 |
| Aukaframlag ríkissjóðs | 39 963 056 |
| Tekjur alls | 1 618 313 417 |

Gjöld:

| | |
|---|---|
| Bundin framlög | |
| Samb. ísl. sveitarfél. | 27 871 546 |
| Landshlutasamtök | 31 853 192 |
| Lánasjóður sveitarfél. | 97 152 246 |
| Innheimtust. sveitarfél. | 223 332 674 |
| Umsjónarnefnd eftirlauna | 13 382 752 |
| Húsfriðunarsjóður | 3 700 000 |
| | 397 292 410 |
| Sérstök framlög: | |
| Sameining sveitarfél. | 14 459 413 |
| Fjárhagserfiðleikar sveitarfél. | 46 359 460 |
| Kjarasamningar | 39 963 056 |
| Stofnkostnaðarframlög | 149 981 000 |
| Grunnskólaframlög | 301 734 800 |
| Tónlistarskólaframlög | 29 732 219 |
| | 582 229 948 |
| Jöfnunarframlög: | |
| Tekjujöfnunarframlög | 395 487 031 |
| Þjónustuframlög | 226 682 170 |
| | 622 169 201 |
| Rekstrargjöld: | |
| Laun og launat. gjöld | 2 493 192 |
| Önnur gjöld | 2 633 759 |
| | 5 126 951 |
| Afskr. kröfur innh.st. sveitarfél. | 5 746 967 |
| Gjöld alls | 1 612 565 477 |
| Tekjuafgangur fyrir fjármagnstekjur | 5 747 940 |
| Fjármagnstekjur: | |
| Vaxtatekjur | 14 309 447 |
| Rekstrarhagnaður ársins | 20 057 387 |

**Efnahagsreikningur 31. desember 1990.**

Eignir:

| | |
|---|---|
| Veltufjármunir: | |
| Bankareikningur í Landsb. Íslands | 103 109 839 |
| Landsútsvar eftirst. | 7 569 026 |
| Fyrirfr.gr. framl. v/umsjónarn. eftirlauna | 11 038 960 |
| Ríkissjóður, v/virðisaukaskatts | 90 822 |
| Ýmsir viðskiptamenn | 60 000 |
| Samtals veltufjármunir | 121 868 647 |

| | |
|---|---|
| Langtíma kröfur: | |
| Innheimtustofnun sveitarfélaga | 1 319 662 308 |
| Langtímakröfur alls | 1 319 662 308 |
| Eignir alls | 1 441 530 955 |

Skuldir og eigið fé:

| | |
|---|---|
| Skammtímaskuldir: | |
| Viðskiptaskuldir sveitarfélaga | 3 174 888 |
| Lánasj. sveitarfélaga | 174 794 |
| Landshlutasamtök sveitarfélaga | 650 433 |
| Samband ísl. sveitarfélaga | 163 881 |
| Ógr. tónlistarskólaframlög | 2 199 000 |
| Óhafin framl. v/fjárhagsörðugl. | 25 000 000 |
| Óhafin stofnframl. til sveitarfél. | 43 242 500 |
| Ógreiddir skattar | 93 369 |
| Skammtímaskuldir alls | 74 698 865 |
| Langtímaskuldir: | |
| Framlagsfé til sveitarfél. | 1 112 893 888 |
| Langtímaskuldir alls | 1 112 893 888 |

Eigið fé:

| | |
|---|---|
| Eigið fé 1. janúar 1990 | 233 880 815 |
| Rekstrarhagnaður ársins | 20 057 387 |
| Eigið fé alls | 253 938 202 |
| Skuldir og eigið fé alls | 1 441 530 955 |

**Fjármagnsstreymi fyrir árið 1990.**

Uppruni fjármagns

| | |
|---|---|
| Frá rekstri: | |
| Hagnaður til ráðstöfunar | 20 057 387 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa bein áhrif á hreint veltufé | |
| Afskrifaðar kröfur | 5 746 967 |
| Hækkun á hreinu veltufé | 25 804 354 |

| Greining á breytingu veltufjár: | 31.12.1990 | 31.12.1989 | Breyting |
|---|---|---|---|
| Veltufjármunir | | | |
| Sjóðir og bankainnstæður | 103 109 839 | 0 | 103 109 839 |
| Viðskiptamenn | 18 698 808 | 0 | 18 698 808 |
| Ríkissjóður | | 26 404 528 | (26 404 528) |
| Skuldabréf (skammtímalán) | 60 000 | 60 000 | 0 |
| | 121 868 647 | 26 464 528 | 95 404 119 |

| Skammtímaskuldir: | | | |
|---|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 74 698 865 | 5 099 100 | 69 599 765 |
| Hreint veltufé í árslok | 47 169 782 | 21 365 428 | 25 804 354 |

Félagsmálaráðherra og formaður ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga staðfesta hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 1990.

*Reykjavík, 26. september 1991*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

**Áritun endurskoðanda:**

Ársreikning Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 1990 höfum við endurskoðað. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi, efnahagsreikningi, fjármagnsstreymi og skýringum nr. 1. - 12. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem við töldum nauðsynlegar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að reikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins og breytingum á fjárhagslegri skipan á árinu 1990 og efnahag í lok þess árs, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

*Ríkisendurskoðun, 26. september 1991.*

**Halldór V. Sigurðsson.**

*Sigurður Þórðarson.*

23. október 1991 Nr. 515

# SAMÞYKKT

## um hundahald í Hafnarfirði.

1. gr

Hundahald í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar sætir þeim takmörkunum sem kveðið er á um í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald er bundið við leyfi bæjarstjórnar sem getur veitt lögráða einstaklingum, búsettum í bæjarfélaginu leyfi til hundahalds í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar með eftirtöldum skilyrðum:

a) Leyfi er bundið við nafn og heimilisfang eiganda hundsins. Með leyfinu fær leyfishafi afhenta merkta plötu, sem ávallt skal vera í ól um háls hundsins.

b) Árlega skal bæjarsjóði greitt leyfisgjald fyrir þá hunda sem undanþága er veitt fyrir. Bæjarstjórn ákveður árlega upphæð gjaldsins í sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðisráð-

herra staðfestir. Gjaldið skal renna til þess að standa straum af kostnaði við eftirlit með hundahaldi ásamt ábyrgðartryggingu samkvæmt tryggingaskilmálum. Upphæð gjaldsins skal miðuð við að bæjarsjóður beri ekki kostnað af hundahaldinu. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins auk skráningargjalds og síðan fyrirfram árlega með gjalddaga 1. janúar. Sé leyfisgjald ekki greitt innan 2ja mánaða fellur leyfið úr gildi. Eigi er skylt að sækja um undanþágu fyrir hvolpa yngri en 3ja mánaða. Gerður skal samningur milli bæjarstjórnar og leyfishafa þar sem fram koma nánari reglur um réttindi og skyldur leyfishafa.

c) Leyfi fyrir einstökum hundum skulu jafnan háð því, að þeir raski ekki ró íbúa bæjarins og séu hvorki þeim né öðrum, sem um bæinn fara, til óþæginda, með tilliti til hávaða, óþrifnaðar, eyðileggingar verðmæta eða slysahættu. Hundaeftirlitsmaður getur krafist þess að eigandi hunds sæki hlýðninámskeið með hund sinn ef ástæða þykir til.

d) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd með aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Á almannafæri er umsjónarmanni skylt að fjarlægja saur eftir hundinn á tryggilegan átt.

e) Hundar skulu færðir til hreinsunar í október-nóvember ár hvert. Fylgja ber ákvæðum reglugerðar um varnir gegn sullaveiki við hreinsun þeirra. Framvísa skal vottorði um hreinsun við hundaeftirlitsmann fyrir 15. desember ár hvert. Vanræksla á að láta hreinsa hund eða skila hreinsunarvottorði leiðir til þess að leyfið fellur úr gildi.

f) Eigi má hleypa hundum inn á leikvelli eða aðra þá staði, sem um ræðir í III, VIII, og X-XVII kafla heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990 en þeir eru:

1. Vatnsból og verndarsvæði þeirra.
2. Gististaðir, veitingastaðir og aðrir matsölustaðir.
3. Matvöruverslanir eða húsakynni, þar sem framleidd eru eða seld matvæli.
4. Skólar, kennslustaðir, barnaheimili, dagvistunarheimili og gæsluvellir.
5. Rakarastofur, hárgreiðslustofur, hvers konar snyrtistofur og sólbaðstofur.
6. Heilbrigðisstofnanir, hæli íþróttastöðvar og baðstaðir.
7. Fangelsi og aðrar vistarverur handtekinna manna.
8. Samkomuhús.
9. Kirkjugarðar, bálstofur, líkhús og líkgeymslur.
10. Almenningsfarartæki.

g) Óheimilt er að fara með hunda í almenningsgarða og friðlýst svæði í bænum, svo og önnur skilgreind svæði, samkvæmt ákvörðun bæjarráðs hverju sinni, enda verði þau merkt sérstaklega.

h) Hundar úr öðrum lögsagnarumdæmum mega ekki án leyfis hundaeftirlits dvelja lengur en eina viku í Hafnarfirði enda sjái umsjónarmenn þeirra til þess að ákvæðum 2. gr. verði fylgt eins og við á.

i) Bæjarstjórn getur ákveðið að veita ekki leyfi fyrir ákveðnum hundategundum, þyki henni ástæða til.

3. gr.

Umsókn um undanþágu til hundahalds skal send hundaeftirlitsmanni. Umsókn skal fylgja ljósmynd af viðkomandi hundi svo og greiðsla skráningargjalds og leyfisgjald. Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigahúsi fylgja umsókninni.

Hundaeftirlitsmaður gefur út umbeðið leyfi að fengnu samþykki heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar í umboði bæjarstjórnar.

Upplýsingar um hundinn skulu færðar í þar til ætlaða skrá. Skrá skal heiti, aldur, kyn, tegund, litarhátt og önnur einkenni hundsins. Þar skal einnig skrá nafn og heimilisfang leyfishafa.

4. gr.

Bæjarstjórn getur afturkallað allar veittar undanþágur fyrir hundahaldi telji hún þess þörf.

Uppfylli leyfishafi ekki skilyrði til undanþágu eða breytir gegn samþykkt þessari getur heilbrigðiseftirlitið afturkallað leyfi til hundahaldsins.

Skylt er þá umráðamanni hundsins að losa sig við hann eða hlíta því að öðrum kosti, að hundurinn verði fjarlægður og aflífaður á hans kostnað.

5. gr.

Hundaeftirlitsmaður skal vera starfandi í Hafnarfirði. Hann skal starfa í nánu samstarfi við heilbrigðisfulltrúa og gefa heilbrigðisnefnd árlega skýrlsu um starf sitt. Verksvið hundaeftirlitsmanns ákvarðast nánar í reglum sem settar verða.

Hundaeftirlitsmanni ber að leita aðstoðar lögregluyfirvalda, þegar þörf krefur.

6. gr.

Hunda, sem ganga lausir utanhúss, skal handsama og færa í sérstaka hundageymslu. Sam gildir um óleyfilega hunda og hættulega hunda. Hættulegum hundum er heimilt að lóga þegar í stað ef nauðsyn krefur.

Kostnaður við töku og geymslu hunda skal að fullu greiddur af eigendum.

Hunda, sem ekki eru hættulegir, er heimilt að afhenda ef leyfi er framvísað enda verði áfallinn kostnaður greiddur. Að öðrum kosti skal hundinum lógað að 7 dögum liðnum frá því hann kom í vörslu eftirlitsmanns.

7. gr.

Haldi maður hund í Hafnarfirði í bága við ákvæði þessarar samþykktar skal hann sæta sektum eða varðhaldi séu sakir miklar.

8. gr.

Með mál sem rísa út af broti gegn samþykkt þessari skal farið að hætti opinberra mála, sbr. og lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.

9. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, og 1. gr. laga nr. 7/1953 um varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi þegar við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Hafnarfirði nr. 575/1982.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 23. október 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# SAMÞYKKT

## um breytingu á samþykkt um stjórn Dalvíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 551/1987.

1. gr.

62. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Bæjarstjórn kýs í eftirtaldar nefndir, ráð og stjórnir:

A. **Til eins árs.** Á fundi í júní ár hvert:

1. *Bæjarráð:* Þrír aðalfulltrúar í bæjarstjórn, sem aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 1. og 2. málsl. 4. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, sbr. lög nr. 49/1990.
2. *Skoðunarmenn:* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 84. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
3. *Kjörstjórn við alþingiskosningar:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 10. gr. laga nr. 80/1987 um kosningar til Alþingis.
4. *Stjórn Sparisjóðs Svarfdæla:* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 21. gr. laga nr. 87/1985 um sparisjóði, sbr. 2. gr. laga nr. 34/1989.
5. *Kjaranefnd:* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara. Kjaranefnd skal m.a. jafna eftir föngum ágreining sem kann að rísa milli samningsaðila á samningstíma og gera tillögur um laun og starfskjör aðila á samningstíma.

B. **Til fjögurra ára.** Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum bæjarstjórnarkosningum:

1. *Almannavarnanefnd:* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 8. gr. laga nr. 94/1962 um almannavarnir sbr. 5. gr. laga nr. 85/1985 og skv. samkomulagi frá júlí 1986 og staðfestingu ráðuneytis frá 18. júlí 1987.
2. *Atvinnumálanefnd:* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Atvinnumálanefnd starfar skv. erindisbréfi bæjarstjórnar frá 30. ágúst 1990. Nefndin fer einnig með málefni nefndar um vinnumiðlun skv. lögum nr. 18/1985.
3. *Búfjárnefnd:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara. Búfjárnefnd starfar skv. lögum nr. 46/1991 um búfjárhald og fer jafnframt með málefni fjallskilanefndar og riðunefndar skv. fjallskilasamþykkt fyrir Eyjafjarðarsýslu, Akureyri, Dalvík, Ólafsfjörð og Siglufjörð nr. 402/1988. Einnig starfar nefndin eftir reglugerð um búfjárhald í Dalvíkurkaupstað frá 5. ágúst 1981 og reglugerð um varnir gegn útbreiðslu riðuveiki.
4. *Byggðasafnsnefnd:* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin starfar skv. reglugerð fyrir Byggðasafn Dalvíkur frá desember 1989 og skv. þjóðminjalögum nr. 88/1989.
5. *Byggingarnefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. byggingarlaga nr. 54/1978 og reglugerð nr. 292/1979 með áorðnum breytingum. Byggingarnefnd fer einnig með málefni ferlinefndar fatlaðra.
6. *Félagsheimilisnefnd:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. samþykkt bæjarstjórnar frá 9. sept. 1986.
7. *Félagsmálaráð:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Félagsmálaráð starfar skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991. Auk þess annast ráðið störf barnaverndarnefndar, skv. 6. gr. laga nr. 53/1966 og áfengisvarnarnefndar, skv. 30. gr. laga nr. 82/1969. Jafnframt fer félagsmálaráð með stjórn og rekstur leikvalla og dagvista, skv. lögum um leikskóla nr. 48/1991.
8. *Fjórðungsþing Norðlendinga:* Þrír bæjarfulltrúar og jafnmargir til vara skv. samþykktum Fjórðungssambands Norðlendinga.

9. *Búfjáreftirlitsmaður:* Einn fulltrúi og annar til vara, sbr. V. kafla laga um búfjárhald nr. 46/1991.
10. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands:* Einn aðalmaður og annar til vara skv. 5. gr. laga nr. 9/1955 um Brunabótafélag Íslands.
11. *Hafnarstjórn:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 9. gr. hafnalaga nr. 69/1984.
12. *Heilbrigðisnefnd:* Tveir aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. ákvæðum laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit.
13. *Húsnæðisnefnd:* Þrír aðalmenn og þrír til vara, skv. 56. gr. laga nr. 86/1988 um Húsnæðisstofnun ríkisins, sbr. lög nr. 70/1990, og reglugerð nr. 46/1991 um félagslegar íbúðir og Byggingarsjóð verkamanna. Húsnæðisnefnd fer einnig með verkefni húsaleigunefndar skv. 76. gr. laga nr. 44/1979 um húsaleigusamninga.
14. *Íþrótta- og æskulýðsráð:* Fimm aðalmenn og fimm til vara. Ráðið starfar skv. erindisbréfi frá 14. júlí 1987.
15. *Kjörstjórn við sveitarstjórnarkosningar:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 23. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986.
16. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga:* Einn aðalmaður og annar til vara.
17. *Skipulagsnefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. skipulagslögum nr. 19/1964 og reglugerð nr. 318/1985. Skipulagsnefnd er ráðgefandi um skipulagsmál bæjarins og fer einnig með málefni gatnanafnanefndar og umferðarnefndar, sbr. heimild í 2. mgr. 116. gr. umferðarlaga nr. 50/1987.
18. *Skólanefnd grunnskóla:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara, skv. 19. gr. laga nr. 49/1991 um grunnskóla og samningi milli sveitarfélaga.
19. *Skólanefnd tónlistarskóla:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 2. gr. laga nr. 75/1985 um fjárhagslegan stuðning við tónlistarskóla og samningi milli sveitarfélaga.
20. *Stjórn bókasafns og stjórn HSD:* Þrír aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 7. gr. laga nr. 50/1976 um almenningsbókasöfn og reglugerð nr. 138/1978.
21. *Stjórn Dalbæjar:* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Stjórnin starfar skv. samþykkt bæjarstjórnar Dalvíkur og hreppsnefnda Árskógs- og Svarfaðardalshrepps.
22. *Stjórn heilsugæslustöðvar:* Tveir aðalmenn og tveir til vara skv. lögum nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu og samningi sveitarfélaga læknishéraðsins frá 5/12 1978.
23. *Veitunefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Fer með málefni vatns- og hitaveitu.
24. *Ferðamálanefnd:* Þrír aðalmenn og þrír til vara. Nefndin starfar eftir erindisbréfi frá 30. ágúst 1990.
25. *Umhverfismálanefnd:* Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara. Nefndin starfar skv. erindisbréfi frá 30. ágúst 1990 og fer einnig með þau störf sem náttúruverndarnefnd og gróðurverndarnefnd eru falin skv. lögum nr. 47/1971, sbr. 62. gr. laga nr. 108/1988, og lögum nr. 17/1965, sbr. 28. gr. laga nr. 108/1988.
26. *Þjónustuhópur aldraðra:* Fjórir aðalmenn og fjórir til vara skv. tilnefningu samráðsfundar sveitarfélaga í Dalvíkurlæknishéraði. Þjónustuhópurinn starfar skv. 5. gr. laga nr. 82/1989 um málefni aldraðra.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Dalvíkur hefur sett, samkvæmt 3. mgr. 7. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986, staðfestist hér með til að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 24. október 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þórhildur Líndal.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gerð og búnað ökutækja, nr. 655 28. desember 1989.**

1. gr.

3. gr. breytist þannig:

a. Liður 0.3.10.7 orðist svo:

Staðfesting/vottorð/ábyrgð frá framleiðanda viðkomandi ökutækis eða óháðum rannsóknaraðila um að það standist kröfur um mengunarvarnir samkvæmt 22. gr. (sbr. EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 91/441, sænskar reglur A12/A13 eða bandarískar reglur US 87/88 fyrir fólksbifreiðir og sendibifreiðir; EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 83/351 og nr. 91/441 eða sambærilegar reglur fyrir hópbifreiðir og vörubifreiðir sem búnar eru hreyfli með rafkveikju; og EBE tilskipun nr. 88/77 eða ECE reglur nr. 49.01 eða sambærilegar reglur fyrir hópbifreiðir og vörubifreiðir sem búnar eru dísilhreyfli). Einnig skal tilgreina niðurstöður kolsýrlingsmælingar (CO) í lausagangi bifreiðar sem búin er rafkveikju miðað við uppgefin stilligildi frá framleiðanda.

b. Við 2. mgr. í lið 0.4.2, sbr. reglugerð nr. 282/1990, bætist:

Með fólksbifreið og sendibifreið sem skráð hefur verið erlendis skal þó framvísa staðfestingu/vottorði/ábyrgð samkvæmt lið 0.3.10.7.

2. gr.

22. gr. breytist þannig:

a. Liður 0.3.1.1 orðist svo:

*Mengandi efni:* Kolsýrlingur (CO), kolvetni (HC), köfnunarefnisoxíð ($NO_x$), ryk (sót).

b. Liður 0.3.1.3 fellur niður.

c. Liður 1.3 orðist svo:

**Útblástur:** Frá bifreið skal ekki stafa ónauðsynlegur sýnilegur reykur og magn mengandi efna í útblæstri skal vera innan settra marka, þótt ósýnileg séu.

d. Liðir 1.3.1 til og með 1.3.4 falla niður og í stað þeirra koma nýir liðir, svohljóðandi:

1.3.1 Við skráningu nýrrar bifreiðar skulu uppfyllt ákvæði um hámark skaðlegra efna í útblæstri samkvæmt mengunarvarnareglugerð.

1.3.1.1 Fólksbifreið og sendibifreið skal standast kröfur um mengunarvarnir samkvæmt EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 91/441 eða sænskum reglum A12/13 (kafla 3.2, 3.3, 3.5, 4.4, 7.1 – 7.5 og 7.7) eða sambærilegum ákvæðum í bandarískum reglum US 87/88.

1.3.1.2 Þrátt fyrir ákvæði í lið 1.3.1.1 er heimilt að skrá fólksbifreið sem gerð er fyrir 6 farþega eða fleiri eða er meira en 2500 kg að leyfðri heildarþyngd, sendibifreið og torfærubifreið, ef mengandi efni í útblæstri er innan marka samkvæmt EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 83/351.

1.3.1.3 Hópbifreið eða vörubifreið sem búin er hreyfli með rafkveikju skal standast kröfur um mengunarvarnir við prófun í lausagangi og kröfur um lokaða sveifarhúsöndun samkvæmt EBE tilskipun nr. 91/441, sem samsvarar EBE tilskipun nr. 83/351.

1.3.1.4 Dísilhreyfill hópbifreiðar eða vörubifreiðar skal standast kröfur um mengunarvarnir samkvæmt EBE tilskipun nr. 88/77 eða ECE reg. nr. 49.01 eða aðrar sambærilegar kröfur.

1.3.1.5 Hreyfill bifreiðar sem standast skal kröfur í liðum 1.3.1.1, 1.3.1.2 og 1.3.1.3 skal gerður fyrir notkun á blýlausu bensíni. Í bifreið, sem búin er rafkveikju og þrívirkum efnahvarfa, skal koma fyrir merkingu um blýlaust bensín við áfyllingarop eldsneytisgeymis. Merking þessi skal vera á íslensku eða í samræmi við tákn samkvæmt ISO 2575-1982. Stærð áfyllingaropsins skal vera þannig, að ekki sé hægt að fylla eldsneyti á eldsneytisgeymi ef áfyllingarstútur eldsneytisdælu er stærri en 23,6 mm að þvermáli.

1.3.2 Bifreið sem er í notkun skal uppfylla eftirfarandi ákvæði.

1.3.2.1 Bifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og þrívirkum efnahvarfa, skal ekki gefa frá sér meiri kolsýrling í útblæstri en 0,5 % miðað við rúmmál og 100 ppm óbrunnins kolvetnis í lausagangi.

1.3.2.2 Bifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og fellur ekki undir lið 1.3.2.1, skal ekki gefa frá sér meiri kolsýrling í útblæstri en nemur 3,5% af rúmmáli.

1.3.2.3 Bifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og skráð fyrir 1. janúar 1991, skal ekki gefa frá sér meiri kolsýrling í útblæstri en nemur 4,5 % miðað við rúmmál. Ef ekki er hægt að stilla hreyfilinn þannig að magn kolsýrlings sé 4,5% eða minna við eðlilegan hreyfilgang er Bifreiðaskoðun heimilt að veita undanþágu frá framangreindu ákvæði að því tilskildu að hreyfill sé eins vel stilltur og hægt er. Bifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og skráð á tímabilinu 1. janúar 1991 til 30. júní 1992, skal ekki gefa frá sér meiri kolsýrling í útblæstri en nemur 3,5% miðað við rúmmál.

1.3.2.4 Sótmengun í útblæstri bifreiða sem búin er dísilhreyfli má ekki vera meiri en fram kemur í eftirfarandi töflu:

| Flokkur bifreiða: | Skráningar-dagur: | Fjöldi Bosch svertueininga í útblæstri: |
|---|---|---|
| Allar nema hópbifreiðir | fyrir 1. jan. 1991 | 5,0 + 0,3 |
| Hópbifreiðir | fyrir 1. jan. 1991 | 4,0 + 0,3 |
| Allar nema hópbifreiðir | 1. jan. 1991 eða síðar | 4,0 + 0,3 |
| Hópbifreiðir | 1. jan. 1991 eða síðar | 3,0 + 0,3 |

1.3.3 Eftir breytingu á hreyfli eða mengunarvarnarbúnaði við hreyfil skulu þau ákvæði um hámark skaðlegra efna í útblæstri gilda, sem giltu þegar bifreiðin var skráð ný.

3. gr.

Heimilt er að skrá bifreið sem flutt var til landsins fyrir 1. júlí 1992 samkvæmt reglum sem þá voru í gildi. Einnig er heimilt að skrá fólksbifreið, sem búin er hreyfli með rafkveikju og þrívirkum efnahvarfa og er yfir 2000 $cm^3$ slagrými, samkvæmt EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingu nr. 88/76 og bifreið, sem búin er hreyfli með slagrými minna en 1400 $cm^3$ og þrívirkum efnahvarfa, samkvæmt EBE tilskipun nr. 70/220 með breytingu nr. 89/458 til 31. desember 1993.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt umferðarlögum, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. júlí 1992.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. nóvember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# REGLUGERÐ

**fyrir Íslenskar getraunir.**

## I. Um Íslenskar getraunir.

1. gr.

Íslenskar getraunir eru félag sem stofnað er til að afla fjár til stuðnings íþróttaiðkunum á vegum áhugamanna um íþróttir á Íslandi í félögum innan Ungmennafélags Íslands og Íþróttasambands Íslands.

Heimili félagsins, aðalskrifstofa og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Um starfsemi Íslenskra getrauna, stjórn þeirra, skipulag og rekstur fer samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, með síðari breytingum, og nánari ákvæðum í reglugerð þessari.

3. gr.

Í októbermánuði ár hvert skal stjórn Íslenskra getrauna boða til fundar þar sem hún skýrir frá rekstri og hag félagsins fyrir reikningsárið næsta á undan.

Rétt til setu á fundi þessum hafa, auk stjórnar og framkvæmdastjóra félagsins, formenn eða varamenn þeirra, íþróttanefndar ríkisins, Ungmennafélags Íslands, Íþróttasambands Íslands, Knattspyrnusambands Íslands og Íþróttabandalags Reykjavíkur. Einnig skal eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins hafa rétt til að sitja fundinn.

## II. Um íþróttagetraunir.

4. gr.

Íslenskar getraunir starfrækja íþróttagetraunir á Íslandi í samstarfi við AB Tipstjänst í Svíþjóð. Um þá starfsemi fer samkvæmt nánari ákvæðum í kafla þessum.

### Leikspjöld, útfylling þeirra og greiðsla.

5. gr.

Íslenskar getraunir gefa út og dreifa leikspjöldum til þátttöku í getraunaleiknum hérlendis. AB Tipstjänst gerir slíkt hið sama í Svíþjóð.

Á hverju spjaldi skal gert ráð fyrir 13 tölusettum kappleikjum sem geta skal um úrslit á. Á spjaldinu skulu einnig vera fjórir dálkar, merktir bókstöfunum A,B,C og D, hver um sig þrískiptur, þannig að fyrir hvern kappleik eru gefnir þrír möguleikar á úrslitum, sem hér segir (1) sigur þess liðs sem fyrr er nefnt (heimasigur), (X) jafntefli og (2) sigur þess liðs sem síðar er nefnt (útisigur). Í hverjum leik telst fyrrnefnda liðið heimalið, hvar svo sem leikurinn er háður.

Á leikspjaldi skulu vera leiðbeiningar um þátttöku í leiknum. Þar skal og vera hvatning til þátttakenda að rita nafn sitt á þátttökukvittun í öryggisskyni.

6. gr.

Leikir í getraunaleiknum fara að jafnaði fram einu sinni í viku eftir nánari ákvörðun Íslenskra getrauna og AB Tipstjänst í Svíþjóð og fer val á leikjum fram skv. samkomulagi þessara fyrirtækja.

Getraunavika telst frá mánudagsmorgni til kl. 13:00 næsta laugardag að sænskum tíma. Sé ekki um annað getið nær getraunaumferð yfir tímann frá kl. 13:00 að sænskum tíma fyrsta leyfilega leikdag þar til síðasta leik á getraunaseðlinum lýkur. Leyfilegir leikdagar í getraunaumferð eru gefnir upp á blaði sem Íslenskar getraunir gefa út í hverri getraunaviku.

Ákvörðun um kappleiki hverrar getraunaumferðar skal liggja fyrir a.m.k. einni viku áður en getraunaumferðin hefst. Íslenskar getraunir skulu gefa út og dreifa blaði þar sem kappleikir hverrar getraunaumferðar eru tilgreindir og töluröð þeirra á leikspjaldi. Þar skal og koma fram hvenær leikirnir fara fram, hvenær sölu á getraunaröðum lýkur og lok getraunaviku. Ef af einhverjum orsökum er mismunur á leikjum á sænska getraunaseðlinum og auglýstum leikjum á Íslandi, gildir sænski seðillinn.

7. gr.

Leikurinn felst í því að þátttakandi getur sér til um úrslit kappleikja getraunaumferðarinnar með því að setja merki í a.m.k. einn dálk á leikspjaldinu. Merki skal gera með því að strika lárétt með blýanti eða dökkum penna (ekki rauðum lit) í einn reit af þremur fyrir sérhvern kappleik umferðarinnar í viðkomandi dálki. Mynda því 13 merki í einum dálki eina röð. Einnig getur þátttakandi látið tölvukerfið velja fyrir sig tákn. Skal þá þátttakandi merkja í reit sem heitir „tölvuval“ og merkja síðan í annan reit sem tilgreinir þann fjölda raða sem hann óskar.

8. gr.

Að loknu vali á röð samkvæmt 7. gr. er leikspjaldið afhent söluaðila sem rennir því í sölukassa sem tengdur er í beinlínutengt tölvukerfi. Þátttakandi getur einnig tilkynnt þátttöku sína með því að skýra söluaðila munnlega frá vali sínu á táknum og sér þá söluaðili um skráningu þeirra tákna í tölvukerfinu. Einnig getur þátttakandi óskað munnlega eftir tölvuvali fyrir ákveðna upphæð eða ákveðinn raðafjölda.

9. gr.

Söluaðili skal síðan afhenda þátttakanda þátttökukvittun ásamt leikspjaldi gegn greiðslu.

Á kvittun skal koma fram bókstafur þess dálks eða þeirra dálka sem þátttaka er bundin við og þau tákn sem þátttakandi hefur valið í hverjum dálk. Þá skal koma fram sú heildarupphæð sem greiða skal, upphafsdagur hverrar getraunaumferðar og gildistími ef tekið er þátt í fleiri en einni leikviku, og öryggisnúmer sem auðkennir viðkomandi afgreiðslu.

Þátttakandi skal ganga úr skugga um að samræmi sé milli kvittunar og tákna á leikspjaldi eða að hún sé í samræmi við munnleg fyrirmæli hans hafi hann gefið tákn sín upp munnlega. Þá ber þátttakanda að ganga úr skugga um að þátttökukvittun greini rétta(r) leikviku(r) eða gildistíma sem þátttaka hans er bundin við.

10. gr.

Leikspjald gildir aldrei sem kvittun en þátttakandi getur notað það aftur og/eða látið það gilda í 2, 5 eða 10 vikur að eigin vali, ef hann óskar eftir óbreyttum táknum á raðir sínar, með því að strika lóðrétt yfir viðkomandi reit á leikspjaldi um fjölda leikvikna.

11. gr.

Þátttaka er aðeins gild í því formi og í því umfangi sem skráð er í aðaltölvuna. Sé munur á því sem segir á þátttökukvittun og því sem skráð er í tölvunni, gildir það sem skráð er í tölvunni.

Telji þátttakandi að þátttökukvittun sé ekki í samræmi við leikspjald eða þær munnlegu upplýsingar sem hann gaf skal hann bera fram kvörtun sína þegar í stað. Að öðrum kosti verður litið svo á að hann hafi með móttöku þátttökukvittunar samþykkt þátttöku í samræmi við þau tákn sem að framan greinir. Þátttakandi ber einn ábyrgð á þátttökukvittun sinni og á enga kröfu til vinnings nema gegn framvísun hennar.

Hvorki Íslenskar getraunir né söluaðili eru bótaskyld gagnvart þátttakanda vegna tjóns sem hann verður fyrir ef félagið eða söluaðili láta hjá líða að vekja athygli hans á vitleysu sem hann gerir í tengslum við þátttöku.

Íslenskar getraunir bera ekki ábyrgð á villu í prentun kvittunar og ábyrgð félagsins á rangri kvittun er takmörkuð við ógildingarverðmæti hennar samkvæmt 14. gr. Félagið ber ekki ábyrgð á stolnum eða glötuðum kvittunum.

12. gr.

Þátttökukvittun má ógilda með því að skila henni aftur til sama söluaðila og seldi hana enda sé það gert sama dag og það tímanlega að unnt sé að ljúka ógildingu á innfærslu hennar fyrir lokun tölvukerfisins þann dag.

Sé þátttökukvittun ógilt á greiðandi rétt á sömu fjárhæð og hann greiddi.

13. gr.

Á skrifstofu Íslenskra getrauna er heimilt að skila útfylltum röðum á sérstöku tölvutæku formi. Þátttakendur geta fyllt út getraunaraðir í gegnum hugbúnað fyrir einmenningstölvur. Sérhönnuð móttaka skal vera á röðum sem seldar eru með þessum hætti. Sölu getraunaraða á þennan hátt skal loka minnst 15 mínútum áður en beinlínutengda sölukerfið fyrsta dag hverrar getraunaumferðar. Á þátttökukvittun skal koma fram raðafjöldi ásamt öryggisnúmeri sem er í samræmi við hið beinlínutengda tölvukerfi.

14. gr.

Allri sölu í getraunaleiknum skal hætt kl. 13:00 að sænskum tíma fyrsta dag hverrar getraunaumferðar.

15. gr.

Íslenskar getraunir og AB Tipstjänst skulu greiða 0,46 sænskar krónur í sameiginlegan getraunapott fyrir hverja selda röð. Getraunaröðin kostar 1,00 sænska krónu í Svíþjóð en verð getraunaraðar á Íslandi mun ákvarðast af stjórn Íslenskra getrauna en má þó aldrei vera hærra en svo að minnst 40% heildarsölu fari í sameiginlega vinningspottinn eins og segir í 1. mgr. 20. gr. þessarar reglugerðar.

**Kerfisfyrirkomulag.**

16. gr.

Á leikspjaldinu eru möguleikar á þrenns konar kerfum eftir mismunandi útfærsluaðferðum: heil margföldunarkerfi, sparnaðarkerfi og útgangsraðakerfi.

*a. Heil margföldunarkerfi.*

Ef þátttakandi ætlar að nota heilt margföldunarkerfi þá merkir hann við reit á seðlinum sem merktur er „opinn seðill“. Síðan ræður hann hversu mörg viðbótartákn eru sett við hvern kappleik. Raðafjöldi kerfisins fæst með því að margfalda saman táknafjöldann og þá leiki sem bera fleiri en eitt merki. Leikur með tveimur táknum er sagður vera tvítryggður og leikur með þremur táknum þrítryggður. Kerfi með tveimur tvítryggingum og einni þrítryggingu er þannig 2x2x3 = 12 raðir. Ekki er heimilt að nota heil margföldunarkerfi til að taka þátt í fleiri en 10,368 röðum á leikspjaldi.

*b. Sparnaðarkerfi.*

Sparnaðarkerfi eru minnkuð margföldunarkerfi. Á leikspjaldinu eru sparnaðarkerfi merkt „S-kerfi“. Við notkun sparnaðarkerfis skal setja aukamerki í samræmi við leiðbeiningar sem Íslenskar getraunir gefa út. Ávallt skal þá nota dálk A. Til hægðarauka fyrir þátttakendur skulu Íslenskar getraunir gefa út töflur sem sýna hvernig þau sparnaðarkerfi sem eru á spjaldinu virka. Íslenskum getraunum er ekki heimilt að gefa út sparnaðarkerfi þar sem raðafjöldinn samsvarar fleiri en 177,147 röðum í heilu margföldunarkerfi.

*c. Útgangsraðakerfi.*

Útgangsraðakerfi eru þannig byggð upp að á alla kappleiki sem eru þrítryggðir eru sett aukamerki (Ú-merki).

Síðan eru notaðar töflur sem Íslenskar getraunir gefa út til að ákveða hvernig táknin skiptast niður. Útgangsraðakerfin eru merkt „Ú-kerfi". Ávallt skal nota dálk A þegar merkt er í Ú-kerfi en Ú-merkin sjálf færast í dálk B.

Íslenskum getraunum er ekki heimilt að gefa út útgangsraðakerfi þar sem raðafjöldinn samsvarar fleiri en 177,147 röðum í heilu margföldunarkerfi.

17. gr.

Þátttakanda er heimilt að heita á íþróttafélag um leið og hann tekur þátt í getrauninni. Stjórn Íslenskra getrauna úthlutar íþróttafélögum númerum sem þátttakendur geta merkt við á þar til gerðum reit á getraunaseðlinum. Úthlutun skal vera bundin aðild að Íþróttasambandi Íslands og Ungmennafélagi Íslands. Stjórn Íslenskra getrauna hefur úrslitavald um úthlutun áheitanúmera.

Fjöldi áheita á félag skal vera vísbending til Íþróttasambands Íslands og Ungmennafélags Íslands um ráðstöfun á hagnaðarhluta þeirra af getraunastarfseminni.

18. gr.

Íslenskum getraunum er heimilt að starfrækja „hópleik" jafnhliða hefðbundinni starfsemi sinni í tengslum við kynningarstarfsemi á vegum félagsins.

Stjórn Íslenskra getrauna setur reglur um starfrækslu hópleiksins. Þátttaka í hópleiknum veitir ekki rétt til peningaverðlauna.

**Úrslit.**

19. gr.

Leik sem er á getraunseðlinum og er allur leikinn innan getraunaumferðar, telst hafa lokið með þeim úrslitum sem lágu fyrir þegar venjulegum leiktíma lauk. Lýsi dómari leik lokið áður en venjulegum leiktíma er lokið gildir sú staða sem úrslit er var fyrir hendi þegar leik lauk. Úrslit sem fást eftir framlengingu eða kæru gilda ekki.

Leik sem ekki er allur leikinn innan getraunaumferðar, telst hafa lokið með úrslitum sem fást í sérstöku hlutkesti. Þetta á einnig við um leiki sem lið vinnur án leiks. Liggi einhver önnur sérstök ástæða til þess að láta úrslit leiks ekki gilda geta Íslenskar getraunir og AB Tipstjänst ákveðið að hlutkesti ráði.

Með hlutkesti er átt við að dregið sé um heimasigur (1), jafntefli (X) eða útisigur (2), með sérstökum hlutum eða einingum. Samtals eru 16 einingar með í útdrættinum og ráðast 10 þeirra af líkum á heimasigri, jafntefli eða útisigri, sem félögin fá aðstoð sérfræðinga til að ákveða. Hinar einingarnar sex eru tvær einingar af hverri gerð.

AB Tipstjänst í Svíþjóð mun sjá um framkvæmd þessa að viðstöddum ríkistilnefndum eftirlitsmönnum þar í landi.

**Vinningsútborganir.**

20. gr.

20.1

A.m.k. 40% af heildarsölu hverrar getraunaviku hérlendis skal varið til vinninga.

20.2

Heildarupphæð vinninga skiptist síðan í fjóra vinningsflokka þannig að 27% fara í fyrsta flokk, 17% í annan flokk, 18% í þriðja flokk og 38% í fjórða flokk.

Í fyrsta flokk fara þær raðir sem eru með 13 rétta, í annan flokk þær með 12 rétta, í þriðja flokk þær með 11 rétta og í fjórða flokk þær með 10 rétta.

Bætist nýir vinningsflokkar við getraunaformið skulu þeir vera í réttri röð fyrir raðir með 9 rétta, 8 rétta o.s.frv.

Vinningsupphæð fyrir röð í hverjum vinningsflokki fæst með því að leggja saman vinningsraðir á Íslandi og í Svíþjóð í hverjum vinningsflokki og deila þeim síðan í heildarvinningsupphæð vinningsflokksins. Þó gildir hámarksupphæð vinnings á röð og að vinningsflokkur geti fallið niður skv. eftirfarandi:

20.3.

Vinningur fyrir röð í lægri vinningsflokki má ekki vera hærri en vinningur fyrir röð í hærri vinningsflokki. Umframupphæðinni er skipt jafnt milli vinningsraða í lægri vinningsflokkunum.

20.4

Hæsti vinningur fyrir röð er 3.000.000 sænskar krónur. Umframupphæðinni er skipt jafnt á milli annarra vinningsflokka í sömu getraunaumferð.

20.5

Ef væntalegur vinningur fyrir röð í einhverjum vinningsflokki nær ekki 20 sænskum krónum, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin er flutt til á fyrsta vinningsflokk næstu getraunaumferðar.

20.6

Ríkistilnefndir eftirlitsmenn í Svíþjóð og á Íslandi staðfesta endanlegar vinningsupphæðir eins fljótt og auðið er eftir að úrslit leikja og útdráttar liggja fyrir og yfirferð er lokið í báðum löndum.

20.7

Finnist enginn vinningsröð í einhverjum öðrum vinningsflokki en þeim fyrsta, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin skiptist jafnt milli annarra vinningsflokka sömu getraunaumferðar.

20.8

Finnist engin vinningsröð í fyrsta vinningsflokki, í síðasta lagi þegar staðfesta á endanlegar vinningsupphæðir, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin færist yfir á fyrsta vinningsflokk næstu getraunaumferðar.

20.9

Skipta skal vinningsupphæðum skv. 20.3, 20.4 og 20.7 áður en vinningsupphæð er flutt milli getraunaumferða skv. 20.5 og 20.8.

20.10

Finnist vinningsraðir síðarmeir í vinningsflokki sem féll niður vegna tilvika skv. 20.7 og 20.8, en áður en kærufrestur rennur út, skal um þá gilda sama vinningsupphæð og hefðu þeir fundist áður en endanlegar vinningsupphæðir voru staðfestar. Vinningsraðir sem finnast síðarmeir skv. ofansögðu hafa engin áhrif á vinningsupphæðir annarra vinningsflokka sömu getraunaumferðar.

20.11

Nái ekki væntalegur vinningur fyrir röð í lægsta vinningsflokki 20 sænskum krónum og sé ekki unnt að flytja vinningsupphæðina til næstu umferðar skv. 20.5 vegna þess að verið sé að

leggja getraunaformið niður, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin bætist við aðra vinningsflokka sömu getraunaumferðar. Skiptingin heldur áfram þar til vinningur fyrir röð í lægsta vinningsflokki nemur a.m.k. 20 sænskum krónum. Sé þetta ekki hægt skiptist vinnningsupphæðin innan fyrsta vinningsflokks.

20.12

Finnist engin vinningsröð í fyrsta vinningsflokki í síðasta lagi þegar staðfesta á endanlegar vinningsupphæðir og sé ekki hægt að færa vinningsupphæðir yfir til næstu getraunaumferðar skv. 20.8 vegna þess að verið sé að leggja getraunaformið niður, fellur vinningsflokkurinn niður og vinningsupphæðin bætist við aðra vinningsflokka í sömu getraunaumferð.

20.13

Skipta skal vinningsupphæð skv. 20.12 áður en kemur til skiptingar skv 20.11.

20.14

Sé ekki hægt að skipta allri vinningsupphæðinni skv ofansögðu, skal færa afgang vinningsupphæðar yfir til næstu getraunaumferðar og bætist hann þá við fyrsta vinningsflokk. Sé þetta ekki unnt vegna þess að verið sé að leggja getraunaformið niður skal þess í stað bæta nýjum vinningsflokki við sömu getraunaumferð og færist afgangur vinningsupphæðarinnar yfir á nýja vinningsflokkinn. Þessu er haldið áfram svo lengi sem nauðsyn krefur uns vinningsupphæðin í lægsta vinningsflokki fer ekki yfir 3.000.000 sænskar krónur.

20.15

Áður en vinningur er greiddur út er vinningsupphæðin fyrir hverja vinningsröð lækkuð í næstu jöfnu krónu í Svíþjóð en í næsta jafna tug á Íslandi. Mismunur sem þannig myndast leggst í svokallaðan aurapott í Svíþjóð og sprengipott á Íslandi. Þennan pott geta félögin ákveðið að nota til að hækka vinningsupphæðir við sérstök tilefni eftir samkomulagi félaganna.

12.16

Endanlegar vinningsupphæðir skv. 20.6 birtast í vinningaskrá félaganna í Svíþjóð og á Íslandi svo og í fjölmiðlum.

20.17

Þegar félögin hafa lokið sölu í getraunaviku skulu ríkistilnefndir eftirlitsmenn undirrita skjal sem tilgreinir heildarsölu raða í getraunavikunni og senda það á milli félaganna. Samanlagður fjöldi raða á Íslandi og í Svíþjóð margfaldaður með 0,46 sænskum krónum, myndar heildarvinningspottinn sem síðan deilist í fjóra flokka skv. 20.2.

21. gr.

Þegar úrslit liggja fyrir munu félögin senda á milli rétt tákn fyrir alla 13 leikina áður en endanleg vinningsröð er slegin inn í tölvukerfið. Tölvukerfið á Íslandi og tölvukerfið í Svíþjóð mun þá sýna fjölda vinningshafa í hverjum vinningsflokki. Vinningsupphæðir fyrir hvern vinningsflokk eru síðan reiknaðar út hjá AB Tipstjänst af þeirra eftirlitsmönnum og sendar til Íslenskra getrauna þar sem eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytis yfirfer útreikningana skv. 20. gr.

Fulltrúi Íslenskra getrauna skal vera viðstaddur þegar innsláttur vinningsraðar fer fram, svo og eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytis. Úrslit getraunaumferðar og vinningsupphæðir skulu birtar almenningi í fjölmiðlum.

22. gr.

Þátttökukvittunum með röðum sem veita vinning ber að framvísa hjá söluaðila. Þar til nafnritun á sér stað aftan á þátttökukvittun skal líta á handhafa hennar sem eiganda. Þegar nafnritun hefur átt sér stað skal litið á þann er ritað hefur nafn sitt sem réttan eiganda og rétthafa til vinnings. Hafi fleiri en einn skráð nafn sitt sem eigandi á bakhlið þátttökukvittunar þurfa þeir að kvitta fyrir vinningi eða gefa umboð til móttöku hans.

Vinningar á Íslandi eru greiddir út af Íslenskum getraunum en vinningar í Svíþjóð eru greiddir út af AB Tipstjänst.

23. gr.

Vinningar sem nema 15.000 kr. eða lægri upphæð skulu greiddir út á sölustöðum. Heimilt er að draga greiðslu vinninga sem nema 50.000 kr. eða hærri upphæð til þess tíma að kærufrestur samkvæmt 26. gr. er liðinn eða kærur hafa verið úrskurðaðar hafi kæra borist.

Þegar um er að ræða vinning sem nemur hærri upphæð en 15.000 kr. skal vinningshafi framvísa þátttökukvittun sinni ásamt útfylltu útborgunareyðublaði sem söluaðili lætur honum í té til einhvers söluaðila eða aðalskrifstofu. Skal hann fá í hendur kvittað eintak útborgunareyðublaðsins til staðfestingar á afhendingu þátttökukvittunarinnar. Aðalskrifstofan sér síðan um greiðslu vinninga um leið og gengið hefur verið úr skugga um að leikreglum hafi verið fylgt.

Vextir reiknast ekki á vinninga.

24. gr.

Vinnings skal vitja innan eins árs frá lokum viðkomandi getraunaumferðar, ella fellur niður réttur vinningshafa.

**Form þátttökukvittunar.**

25. gr.

Þátttökukvittun er því aðeins gild að notað sé þar til gert eyðublað sem gefið er út af Íslenskum getraunum og að hún hafi verið gefin út af söluaðila viðurkenndum af stjórn félagsins með áritun úr sölukassa sem er beinlínutengdur við aðaltölvu Íslenskrar Getspár. Þátttökukvittun má ekki vera árituð á framhlið, brotin eða skemmd með einhverjum hætti, þannig að hætta sé á að hún verði ekki læsileg fyrir sölukerfið eða fullnægi ekki kröfum þess á annan hátt. Þegar þannig er ástatt getur félagið hafnað þátttökukvittuninni.

**Kærur.**

26. gr.

Rísi ágreiningur varðandi framkvæmd íþróttagetrauna Íslenskra getrauna og AB Tipstjänst í Svíþjóð skal viðkomandi senda skriflega kæru sem skal hafa borist aðalskrifstofu Íslenskra getrauna fyrir kl. 17 á mánudegi að fjórum vikum liðnum frá lokum getraunaumferðar eða næsta virkum degi ef mánudag ber upp á helgidag eða annan frídag.

Kærur sem koma fram á Íslandi skulu úrskurðaðar af íslenskum eftirlitsmanni en kærur sem koma fram í Svíþjóð skulu úrskurðaðar af sænskum eftirlitsmanni.

Eftirlitsmaður dómsmálaráðuneytisins úrskurðar um íslenskar kærur innan 15 daga frá því kærufrestur rann út.

**Eftirlit.**

27. gr.

Dómsmálaráðuneytið skipar eftirlitsmann til þriggja ára í senn og skal hann gæta hagsmuna þátttakenda. Hlutverk eftirlitsmannsins er að hafa eftirlit með framkvæmd íþróttagetraunanna og að fara að öðru leyti með þau störf sem honum eru falin með reglugerð þessari. Þá skipar ráðuneytið varamann eftirlitsmanns til sama tíma.

Kostnaður við eftirlit þetta greiðist af Íslenskum getraunum samkvæmt ákvörðun dómsmálaráðuneytisins.

Eftirlitsmaður skal halda sérstaka gerðabók þar sem m.a. skal skrá allar kærur og úrskurði.

**III. Gildistaka.**

28. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum um getraunir, nr. 59 29. maí 1972, öðlast gildi mánudaginn 11. nóvember 1991 og gildir til mánudagsins 6. apríl 1992. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um Íslenskar getraunir nr. 477 27. október 1988 með síðari breytingum.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 1. nóvember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Þorsteinn Geirsson.*

4. nóvember 1991 Nr. 519

# REGLUR

**um vetrarveiðar hreindýra árið 1991.**

1. gr.

Heimilt er að veiða allt að 166 hreinkýr í Múlasýslum og Austur-Skaftafellssýslu á tímabilinu 9. nóvember til 1. desember árið 1991. Þó getur ráðuneytið leyft veiðar eftir þann tíma, ef veiðistjóri telur sérstakar ástæður mæla með því, að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann, sem hlut á að máli.

Tarfar eru friðaðir og skal varast að styggja þá.

2. gr.

Tala þeirra dýra, sem veiða má skv. 1. gr., skiptist þannig milli eftirgreindra sveitarfélaga:

| | | Fjöldi hreinkúa |
|---|---|---|
| 1. | Vopnafjarðarhreppur | 6 |
| 2. | Fellahreppur | 7 |
| 3. | Tunguhreppur | 6 |
| 4. | Hlíðarhreppur | 6 |
| 5. | Hjaltastaðahreppur | 3 |
| 6. | Seyðisfjarðarkaupstaður | 3 |
| 7. | Egilsstaðabær | 6 |
| 8. | Norðfjarðarhreppur | 6 |
| 9. | Reyðarfjarðarhreppur | 4 |
| 10. | Búðahreppur | 3 |
| 11. | Breiðdalshreppur | 44 |
| 12. | Beruneshreppur | 3 |
| 13. | Búlandshreppur | 3 |
| 14. | Geithellnahreppur | 5 |
| 15. | Bæjarhreppur | 15 |
| 16. | Nesjahreppur | 16 |
| 17. | Mýrahreppur | 30 |
| | Samtals | 166 |

3. gr.

Auk þeirra dýra sem skiptast samkvæmt framansögðu, má veiða 18 hreindýr í Borgarhafnarhreppi, óháð aldri og kyni.

4. gr.

Heimilt er að veiða kálfa sem snúa aftur til felldra hreinkúa og skal þeirra getið í skýrslu um veiðina, sbr. 9. gr.

5. gr.

Andvirði felldra hreindýra, sbr. 2. gr., greiðist í reikning hlutaðeigandi sveitarsjóðs.

Fyrir hvert veitt dýr greiðir sveitarsjóður gjald sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Fyrir kú | kr. 2 000,00 |
| Fyrir kálf | kr. 1 000,00 |

Gjaldið skal greitt embætti veiðistjóra fyrir lok desember 1991 og skal því varið til rannsókna á þeim þáttum í vistfræði hreindýrastofnsins er varða verndun hans og nýtingu.

Að öðru leyti skiptir hver sveitastjórn fénu innan síns svæðis. Skal sveitarstjórn fyrst og fremst láta þá bændur, sem fyrir mestum ágangi verða af hreindýrum á beitilönd eða skógarlönd sín, njóta arðs af veiðunum en síðan sveitarsjóð enda greiði hann hæfilega þóknun hreindýraeftirlitsmanni og þeim mönnum sem eru honum til aðstoðar við veiðarnar. Heimilt er þó að þeir fái í sinn hlut hreindýraafurðir í stað greiðslu.

Valdi hreindýr spjöllum eða átroðningi á eyðijörðum, er sveitarstjórn heimilt að taka nokkurt tillit til þess við skiptingu arðs af hreindýraveiðum.

Ekki er heimilt að selja veiðileyfi.

6. gr.

Einn hreindýraeftirlitsmaður skal vera í hverju sveitarfélagi, sem nefnt er í 2. gr., nema samkomulag verði um það að einn eftirlitsmaður verði fyrir tvö sveitarfélög. Skal hann ráðinn af veiðistjóra að fengnum tillögum hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við sýslumann.

Hreindýraeftirlitsmenn framkvæma ásamt aðstoðarmönnum, sem þeir velja, þá fækkun hreindýra sem ákveðin er.

Aðalumsjón með hreindýrunum annast sá eftirlitsmaður sem ráðinn er fyrir Fljótsdalshrepp og hefur hann umsjón með störfum hinna eftirlitsmannanna.

Hreindýraeftirlitsmenn og aðstoðarmenn þeirra skulu leitast við að fella hreindýrin innan marka þess sveitarfélags sem þeir starfa fyrir. Þeir hafa ekki heimild til þess að fella hreindýr í öðru sveitarfélagi en því sem þeir eru ráðnir fyrir, nema með samþykki hlutaðeigandi sveitarstjórnar og að höfðu samráði við hreindýraeftirlitsmann þar.

7. gr.

Þeir einir mega annast fækkun hreindýra, sem til þess hafa næga skotfimi og kunnáttu í meðferð skotvopna að dómi hlutaðeigandi lögreglustjóra. Þess skal gætt að þeir fullnægi ákvæðum laga um leyfi til þess að eiga og nota skotvopn, sbr. lög nr. 46/1977 og reglugerð nr. 16/1978, sbr. reglugerð nr. 174/1979 og reglugerð nr. 474/1988.

Aðalumsjónarmaður, skv. 3. mgr. 6. gr., ákveður hvaða tegund og stærð skotvopns (riffils) skuli nota. Eigi er þó leyfilegt að nota minni stærð riffils en cal. 243.

8. gr.

Sá sem særir dýr er skyldur að gera allt, hvað hann getur, til þess að aflífa það.

Hvorki má skjóta hreindýr úr vélknúnu farartæki né nota slíkt tæki til að smala hreindýrum á ákveðinn veiðistað.

9. gr.

Hreindýraeftirlitsmenn skulu senda veiðistjóra skýrslu um veiðarnar eigi síðar en viku eftir að veiðitíma lýkur, sbr. 1. mgr. 6. gr.

10. gr.

Óheimilt er að hafa hreindýrakjöt til sölu nema það hafi verið skoðað og metið af dýralækni, sbr. ákvæði laga nr. 30/1966 um meðferð, skoðun og mat á sláturafurðum.

11. gr.

Brot á reglum þessum, sem settar eru skv. lögum nr. 28/1940 um friðun hreindýra og eftirlit með þeim, svo og breytingu á þeim lögum nr. 72/1954, sbr. og 7. gr. laga nr. 47/1990, sæta meðferð að hætti opinberra mála.

Reglur þessar öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi reglur nr. 355/1991, um hreindýraveiðar árið 1991.

*Umhverfisráðuneytið, 4. nóvember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

31. október 1991 Nr. 520

# REGLUR

**um innflutning, framleiðslu og dreifingu leikfanga úr blýi.**

1. gr.

Óheimilt er að flytja inn, framleiða eða dreifa með nokkrum hætti leikföngum úr blýi eða efnum, sem innihalda blý, s.s. í málningu eða litum, nema með leyfi Hollustuverndar ríkisins.

2. gr.

Leyfi skv. 1. gr. skal bundið við nafn og einkanot umsækjanda. Umsækjandi skal vera fullra 18 ára gamall og ber hann fulla ábyrgð á að reglum þessum sé hlýtt.

3. gr.

Blýhlutirnir mega ekki fara til dreifingar, hvorki til láns, gjafa né sölu.

4. gr.

Þegar blýhlutirnir hafa lokið hlutverki sínu skal leyfishafi koma þeim í viðurkennda efnamóttöku, þannig að þeir valdi hvorki skaða á fólki né umhverfi.

5. gr.

Reglur þessar sem settar eru skv. 18. gr. laga nr. 52/1988, um eiturefni og hættuleg efni, öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 16/1940 um bann gegn leikföngum úr blýi.

*Heilbrigðis– og tryggingamálaráðuneytið, 31. október 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

## um breytingu á mengunarvarnareglugerð, nr. 389/1990.

1. gr.

Grein 5.5.2. orðist svo:

Eigendur vélknúinna ökutækja eins og þau eru skilgreind í umferðalögum skulu sjá um, að vélbúnaður sé þannig stilltur, að ekki valdi óþarfa reyk eða sótmyndun.

Mengun frá bifreiðum, sem fluttar eru til landsins frá og með 1. júlí 1992 skal vera innan viðmiðunarmarka samkvæmt viðauka 6.

2. gr.

Viðauki 6 orðist svo:

**Leyfilegt hámark mengunarefna í útblástursloft bifreiða.**

Um hámark mengandi efna í útblæstri bifreiða sem eru fluttar til landsins frá og með 1. júlí 1992 skulu gilda eftirfarandi mörk. Miðað er við prófanir samkvæmt US-87/88 reglum, sænskum A12/13 reglum eða EBE-tilskipun 70/220 með breytingum 91/441 og 83/351 eða EBE-tilskipun 88/77, og að mengunarvarnabúnaður bifreiða sé samkvæmt reglugerð um gerð og búnað ökutækja.

a. Þegar prófað er samkvæmt sænskum reglum A 12/13 eða bandarískum reglum USA 87/88:

| | | |
|---|---|---|
| Kolmónoxíð | CO | 2,11 gr/km |
| Kolvetni | CH | 0,25 gr/km |
| Köfnunarefnisoxíð | NOx | 0,62 gr/km |
| Ryk | | 0,124 gr/km |

b. Þegar prófað er eftir EBE-tilskipun nr. 70/220 með breytingum nr. 91/441 og nr. 83/351:

| Viðmiðunarþyngd kg | Kolmónoxíð (CO) í gr. á hverja prófun | Summa kolvetna og köfnunar-efnisoxíða í gr. á hverja prófun |
|---|---|---|
| vþ ≤ 1020 | 58 | 19,0 |
| 1020 < vþ ≤ 1250 | 67 | 20,5 |
| 1250 < vþ ≤ 1470 | 76 | 22,0 |
| 1470 < vþ ≤ 1700 | 84 | 23,5 |
| 1700 < vþ ≤ 1930 | 93 | 25,0 |
| 1930 < vþ ≤ 2150 | 101 | 26,5 |
| 2150 < vþ | 110 | 28,0 |

eða

| | | |
|---|---|---|
| Kolmónoxíð | CO | 2,72 gr/km |
| Kolvetni og köfnunarefnisoxíð | HC + NOx | 0,97 gr/km |
| Ryk | | 0,14 gr/km |

c. Þegar prófað er samkvæmt EBE-tilskipun nr. 88/77:

| | | |
|---|---|---|
| Kolmónoxíð | CO | 11,2 gr/kWh |
| Kolvetni | HC | 2,4 gr/kWh |
| Köfnunarefnisoxíð | NOx | 14,4 gr/kWh |

**Endurprentað blað.**

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 3. grein laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 1. nóvember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

30. október 1991 Nr. 522

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir líknarfélagið Þrepið.**

1. gr.

Félagið heitir Þrepið. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að styðja fólk sem á við félagslegan vanda að etja, s.s. vegna ofneyslu áfengis eða annarra vímugjafa, til að öðlast sjálfstæði og ná fótfestu í samfélaginu.

3. gr.

Að tilgangi félagsins skal unnið með því að reka verndað áfangaheimili fyrir skjólstæðinga þess, eða eftir öðrum leiðum sem miða að því að skapa þeim réttmæt tækifæri í samfélaginu.

4. gr.

Stofnframlag félagsins var þann 6. júní 1985 kr. 10 000,00 og var með því stofnaður sjóður sem varðveita skal í banka eða á annan jafn tryggan hátt að mati stjórnar félagsins. Stofnfé félagsins má aldrei skerða. Tekjur sjóðsins eru vaxtatekjur, rekstrartekjur og frjáls framlög einstaklinga, félaga, fyrirtækja og stofnana eða opinberra aðila. Tekjum sjóðsins skal einungis ráðstafað til starfsemi skv. 3. gr. skipulagsskrár þessarar.

5. gr.

Stofnendur Þrepsins voru Jónína Björk Ólafsdóttir, Sigurhans V. Hlynsson, Margrét Blöndal, Ólafur Friðriksson og Sigurður Ingólfsson.

Stjórn Þrepsins skipa nú:

Margrét Blöndal,
Sigurður Ingólfsson,
Sigurhans Hlynsson,
Brynjólfur Sigurðsson, Marartúni 6, Bessastaðahreppi,
Ingvar Guðmundsson, Strandgötu 28, Hafnarfirði.

Stjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Óski stjórnarmaður að hætta þátttöku í stjórn skal hann tilnefna mann í sinn stað. Samþykki meirihluta stjórnar þarf fyrir nýjum stjórnarmanni. Brjóti stjórnarmaður gegn tilgangi félagsins eða sýni af sér háttsemi sem rýrt geti traust félagsins út á við getur meirihluti stjórnar samþykkt að víkja honum úr stjórninni.

7. gr.

Allir stjórnarmenn geta boðað til stjórnarfundar, enda tilgreini þeir fundarefni. Stjórnarfundi skal boða með minnst 3ja daga fyrirvara og er fundurinn lögmætur ef meirihluti stjórnar mætir. Halda skal fundargerðabók um það sem gerist á fundum og skulu allir stjórnarmenn sem á fundi eru undirrita fundargerðina. Þeim stjórnarmönnum sem ekki eru á fundi skal senda afrit fundargerða.

Allar ákvarðanir stjórnar verða að samþykkjast af meirihluta hennar. Þó þarf samþykki allra stjórnarmanna til að leggja niður félagið eða selja fasteignir þess. Stjórnin veitir prókúruumboð.

8. gr.

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Ársreikningar félagsins skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda og síðan lagðir fyrir stjórnina til samþykktar. Ársreikningar félagsins skulu gerðir opinberir þegar þeir hafa hlotið samþykki stjórnar.

9. gr.

Stjórnin ræður gjaldkera félagsins úr sínum hópi. Gjaldkeri er vörsluaðili sjóða félagsins og sinnir skrifstofuhaldi sem rekstri félagsins fylgir. Gjaldkeri hefur prókúru fyrir félagið og þiggur laun fyrir störf sín skv. ákvörðun stjórnar.

Stjórn félagsins er heimilt að ráða aðra starfsmenn til að sinna einstökum þáttum starfseminnar eftir því sem hún telur þörf.

10. gr.

Samþykki stjórnin að slíta félaginu skulu eignir þess renna til styrktar sambærilegri starfsemi skv. ákvörðun stjórnarinnar. Stjórn félagsins getur breytt skipulagsskrá þessari, enda sé fyrirhugaðra breytinga getið í fundarboði og þær samþykktar af meirihluta stjórnar á tveimur fundum í röð.

11. gr.

Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir líknarfélagið Þrepið nr. 270 frá 6. júní 1985 sem jafnframt fellur úr gildi.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. október 1991.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

# REGLUGERÐ

**um bann við veiðum á Flákanum.**

1. gr.

Frá og með 15. nóvember 1991 til og með 31. mars 1992 eru allar línu-, tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði á Breiðafirði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°14'N – 24°39'V
2. 65°07'N – 24°13'V
3. 65°11'N – 23°48'V
4. 65°19'N – 24°03'V
5. 65°25'N – 24°30'V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

4. nóvember 1991 Nr. 524

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að setja biðskyldu á Selmúla við Síðumúla.

Ákvörðun þessi tekur gildi 4. desember 1991.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. nóvember 1991.*

**Böðvar Bragason.**



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# REGLUGERÐ

**um bann við tilteknum veiðum í Eyrarbakkabug.**

1. gr.

Frá og með 15. nóvember 1991 eru allar línu-, tog- og dragnótaveiðar bannaðar á svæði fyrir Suðurlandi sem að vestan markast af 21°22'V og að austan af 20°40'V. Að sunnan markast svæðið af línu, sem dregin er í fjögurra sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu samkvæmt lögum nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Frá og með 15. nóvember 1991, fellur jafnframt úr gildi reglugerð nr. 423 23. september 1991, um bann við tog- og dragnótaveiðum í Eyrarbakkabug.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 13. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

Nr. 526 1. nóvember 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Fellshrepps og Óspakseyrarhrepps í Strandasýslu.**

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 1. nóvember 1991 staðfest sameiningu Fellshrepps og Óspakseyrarhrepps í Strandasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist að:

- sameining þessi skal taka gildi 1. janúar 1992.
- nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Broddaneshreppur.
- ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Broddaneshrepps, fari fram 7. desember 1991.
- fulltrúar í sveitarstjórn Broddaneshrepps skulu vera fimm.
- kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. nóvember 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

# REGLUGERÐ
## um frísvæði.

**Skilgreining.**
1. gr.

Með frísvæði er í reglugerð þessari átt við afmarkað svæði þar sem heimilt er að geyma ótollafgreiddar vörur og vinna að þeim eins og segir í reglugerð þessari.

Leyfi til reksturs frísvæðis má veita aðilum sem starfa í þeim tilgangi að veita öðrum þá þjónustu sem felst í rekstri frísvæðis, en leyfishöfum sjálfum skal óheimilt að stunda iðnaðarframleiðslu, verslun, umboðssölu, heildsölu eða smásölu.

Hver sá einstaklingur eða lögaðili sem annast viðskipti með vörur í atvinnuskyni eða stundar iðnaðarframleiðslu og hefur til þess tilskilin leyfi opinberra aðila skal eiga þess kost að njóta þjónustu frísvæðis, sbr. 5. til 7. gr.

Þeir almennu skilmálar sem viðskiptaaðilum frísvæðis eru búnir skulu staðfestir af fjármálaráðherra.

**Veiting leyfis til reksturs frísvæðis.**
2. gr.

Fjármálaráðherra veitir leyfi til reksturs frísvæðis.

**Umsókn um leyfi til reksturs frísvæðis og almenn skilyrði.**
3. gr.

Í umsókn um leyfi til reksturs frísvæðis skal gera grein fyrir fyrirhuguðu rekstrarformi frísvæðis og hvaða starfsemi sé fyrirhuguð á svæðinu, sbr. 5. til 7. gr.

Leyfi til reksturs frísvæðis er bundið þeim skilyrðum sem leiðir af ákvæðum reglugerðar þessarar og ákvæðum tollalaga nr. 55/1987 og öðrum þeim skilyrðum sem nauðsynleg kunna að þykja. Leyfi skal m.a. bundið eftirtöldum skilyrðum:

1. Fyrir liggi upplýsingar um staðsetningu svæðis og mannvirki þar og staðfesting viðkomandi sveitarstjórnar á því að hún samþykki fyrir sitt leyti að rekstur frísvæðis fari fram á þeim stað, þar sem hann er fyrirhugaður.
2. Fyrir liggi hagkvæmnisútreikningar vegna reksturs frísvæðisins.
3. Leyfishafi hafi á að skipa starfsliði sem hefur til að bera fullnægjandi þekkingu á lögum og reglum sem gilda um tollmeðferð vara og skjalagerð vegna tollmeðferðar og að sýnt þyki að stjórnun, innra eftirlit, bókhald og varsla gagna vegna starfseminnar verði með traustum hætti.
4. Leyfishafi beri ábyrgð gagnvart ríkissjóði á greiðslu opinberra gjalda vegna tollmeðferðar vara á frísvæði og hann setji ríkissjóði tryggingu fyrir þeim opinberu gjöldum sem hann kann að þurfa að greiða vegna rekstursins.
5. Leyfishafi greiði kostnað við tolleftirlit með frísvæði eftir nánari ákvörðun fjármálaráðherra.

**Athafnasvæði og húsnæði fyrir frísvæði.**
4. gr.

Svæði það sem nota má til reksturs frísvæðis skal vera afmarkað og undir lás leyfishafa og að öllu leyti með þeim hætti að það sé hentugt til tryggrar vörslu þeirra vara sem þar eiga að vera.

Ríkistollstjóri skal viðurkenna athafnasvæði og húsnæði og eru breytingar á því óheimilar nema að fengnu leyfi hans.

Ef geymsluhús eða svæði eru ekki í fullnægjandi ásigkomulagi á hverjum tíma og geymsluhafi bætir ekki úr því innan þess frests sem tollyfirvöld tiltaka, geta þau látið bæta úr ágöllum á kostnað leyfishafa eða svipt hann rétti til að nota húsnæðið eða svæðið.

**Starfsemi á frísvæði.**

5. gr.

Heimilt er að geyma vörur á frísvæði án tímatakmarkana.

6. gr.

Á frísvæði er heimil aðvinnsla vöru, sbr. þó 7. gr., skipting sendinga, umpökkun, samsetning, blöndun, prófun og þrif.

Tollyfirvöldum er heimilt að takmarka slíka vinnu með vörur á frísvæði ef það telst nauðsynlegt vegna tolleftirlits.

7. gr.

Á frísvæði má reka iðnað að fengnu sérstöku leyfi fjármálaráðherra.

8. gr.

Á frísvæði ber leyfishafi ábyrgð á þeirri vinnu sem um er fjallað í 5. og 6. gr. en ef um er að ræða iðnaðarframleiðslu, sbr. 7. gr., skal í leyfisbréfi samkvæmt þeirri grein fjallað um hverjum sé heimilt að annast þá framleiðslu.

Fjármálaráðherra sker úr ef óljóst er hvort starfsemi falli undir 6. eða 7. gr.

9. gr.

Á frísvæði er óheimilt að reka smásöluverslun.

10. gr.

Einkaneysla eða einkaafnot á vörum sem fluttar hafa verið inn á frísvæði án greiðslu aðflutningsgjalda eða gegn endurgreiðslu gjalda er óheimil, m.a. að nota slíkar vörur vegna reksturs frísvæðis og mannvirkjagerðar þar. Kaup eða sala svo og hvers konar afhending eða viðtaka á nefndum vörum til slíkra nota er óheimil.

**Vörur sem flytja má á frísvæði.**

11. gr.

Heimilt er að flytja erlendar ótollafgreiddar vörur á frísvæði.

Innlendar vörur má flytja á frísvæði ef þær eru ætlaðar til nota við aðvinnslu, blöndun eða samsetningu með öðrum vörum þar.

Sé heimilt að endurgreiða gjöld af hráefni í innlenda vöru við útflutning hennar skal heimilt að flytja slíkar útflutningsvörur á frísvæði og endurgreiða framangreind gjöld þegar varan er komin á svæðið.

Við flutning innlendra vara á frísvæði má heimila endurgreiðslu aðflutningsgjalda af þeim, sbr. 12. gr. reglugerðar nr. 545/1990. Þegar aðflutningsgjöld eru endurgreidd skal þó ekki endurgreiddur sá virðisaukaskattur sem skattskyldir aðilar samkvæmt ákvæðum laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, hafa greitt við innflutning þeirrar vörur sem beiðni lýtur að. Við uppgjör á virðisaukaskatti skal innskattur af innfluttri vöru dreginn frá útskatti samkvæmt þeim lögum og reglugerðum og öðrum fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Ákvæði þetta tekur þó ekki til vara sem notaðar eru til reksturs eða fjárfestingar á frísvæði.

**Innflutningsbann og innflutningstakmarkanir.**

12. gr.

Óheimilt er að flytja á frísvæði vörur sem bannað er að flytja til landsins.

13. gr.

Vörur sem háðar eru innflutningsleyfum er heimilt að flytja á frísvæði, enda þótt leyfi liggi ekki fyrir. Flutningur út af svæðinu til ráðstöfunar innanlands er háður því að innflutningsleyfi liggi fyrir, nema vöru sé komið á annað frísvæði.

14. gr.

Óheimilt er að flytja á frísvæði efni sem sprengihætta stafar af og efni sem eru sérlega eldfim. Ennfremur er óheimilt að flytja þangað vörur sem annars getur stafað hætta af fyrir vörur sem þar eru geymdar eða ef af þeim getur stafað hætta af öðrum ástæðum. Víkja má frá þessum ákvæðum ef gripið er til viðeigandi varúðarráðstafana og að fengnu samþykki viðkomandi tollstjóra.

Tollyfirvöld geta sett sérstök skilyrði fyrir flutningi tiltekinna vara á frísvæði, t.d. um eftirlit, geymslu eða meðferð þeirra þar eða bannað slíkan flutning ef nauðsyn þykir bera til.

**Flutningur vara á frísvæði.**

15. gr.

Leyfishafi annast flutning vara á frísvæði og skal tilkynna viðkomandi tollstjóra um hann.

Frá því að leyfishafi veitir vörum viðtöku ber hann ábyrgð á vörslu varanna með þeim lögfylgjum sem varsla og meðferð vara er háð samkvæmt reglugerð þessari og ákvæðum tollalaga.

Þegar vörur eru fluttar á frísvæði skal leyfishafi skrá þær á nafn sendanda og umráðaaðila og tilgreina nákvæmlega eftir atvikum vöruheiti og tegund, magn, þyngd og verðmæti. Fram komi sendingarnúmer erlendra ótollafgreiddra vara. Sérhverri sendingu skal gefið númer sem hún ber þar til henni hefur að fullu verið ráðstafað.

Ríkistollstjóri getur sett nánari reglur um framkvæmd samkvæmt þessari grein.

**Flutningur vara frá frísvæði.**

16. gr.

Heimilt er að flytja vörur frá frísvæði til ráðstöfunar hér á landi, á önnur frísvæði, í almennar tollvörugeymslur, tollfrjálsar forðageymslur farmflytjenda, tollfrjálsar verslanir og til útlanda og ber að fara að fyrirmælum gildandi laga og annarra reglna hverju sinni um fyrirkomulag slíkra flutninga.

Ef fluttar eru frá frísvæði til ráðstöfunar hér á landi vörur sem um ræðir í 3. og 4. mgr. 11. gr. reglugerðar þessarar, skulu þær fá tollmeðferð samkvæmt þeim reglum sem gilda um endurinnflutning vara.

**Tollumdæmi þar sem tollmeðferð fer fram.**

17. gr.

Aðflutningsgjöld skal greiða tollstjóra þess tollumdæmis þar sem frísvæðið er og heyrir tollmeðferð samkvæmt reglum þessum undir hann.

Sé vara framsend ótollafgreidd í annað tollumdæmi skal greiða gjöldin þar.

**Tollflokkun varnings sem fluttur er út af frísvæði til nota innanlands.**

18. gr.

Aðflutningsgjöld af vörum sem teknar eru til tollmeðferðar vegna sölu, afhendingar eða eigin nota hér á landi miðast við tollflokkun þeirra samkvæmt tollskrá þegar þær eru teknar til tollmeðferðar.

**Tollverðsákvörðun.**

19. gr.

Aðflutningsgjöld af vörum, sem teknar eru til tollmeðferðar vegna sölu, afhendingar eða eigin notkunar hér á landi, miðast við tollverð innfluttra vara eins og það var ákveðið eða ákveða hefði mátt það á þeim tíma þegar heimild er veitt til flutnings þeirra af frísvæði, sbr. 8. til 10. gr. tollalaga nr. 55/1987. Geymslukostnaður og hvers konar þjónustu-, aðvinnslu- eða framleiðslukostnaður sem til fellur hér á landi skal ekki tekinn með við ákvörðun tollverðs.

Tollverð frísvæðisvara sem fluttar eru til útlanda er söluverð þeirra eða gangverð eins og það er ákveðið samkvæmt ákvæðum XIII. kafla tollalaga nr. 55/1987 og reglum sem gilda samkvæmt þeim.

**Virðisaukaskattskyld starfsemi á frísvæði.**

20. gr.

Leyfishafi frísvæðis og þeir sem þar stunda starfsemi sem skattskyld er samkvæmt lögum nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með áorðnum breytingum, skulu tilkynna um starfsemi sína til skráningar hjá skattstjóra, sbr. 5. gr. þeirra laga, og innheimta og skila virðisaukaskatti vegna sölu á þjónustu, aðvinnslu og annarri virðisaukaskattskyldri starfsemi samkvæmt almennum ákvæðum laganna.

**Tollmeðferð vara á frísvæði sem fluttar eru til ráðstöfunar hér á landi.**
**Gjalddagi og eindagi aðflutningsgjalda.**

21. gr.

Aðflutningsgjöld af vörum á frísvæði falla í gjalddaga þegar þær eru fluttar frá frísvæði til ráðstöfunar hér á landi, enda séu þær ekki fluttar á önnur frísvæði eða í tollvörugeymslur.

Ef ekki er um að ræða heimild til greiðslufrests á aðflutningsgjöldum, skal leyfishafi ekki afhenda vörur samkvæmt 1. mgr. úr vörslum sínum nema aðflutningsgjöld séu að fullu greidd.

22. gr.

Við tollafgreiðslu skal leyfishafi senda tollstjóra upplýsingar sem veita skal í aðflutnings-, umflutnings- eða útflutningsskýrslu, í tölvutæku formi samkvæmt þeim reglum sem þar um gilda og standa honum skil á álögðum opinberum gjöldum vegna tollmeðferðar vara. Hafi leyfishafi eða aðili, sem geymir eða framleiðir vörur á frísvæði, heimild til greiðslufrests á gjöldum skal leyfishafi annast skuldfærsluna við tollafgreiðslu.

Tollstjóri getur falið leyfishafa að veita greiðslum gjalda viðtöku.

Sé bankastarfsemi rekin í tengslum við frísvæði er tollstjóra heimilt að fela þeim sem bankann rekur að veita greiðslum viðtöku og skuldfæra gjöld.

Annist leyfishafi eða banki skuldfærslu eða móttöku greiðslna skulu þeir eigi síðar en í upphafi næsta virka dags senda tollstjóra uppgjör vegna tollafgreiðslna.

23. gr.

Ef vörur eru framsendar frá frísvæði til tollafgreiðslu í öðru tollumdæmi, sbr. 2. mgr. 19. gr., skal heimilt að annar en leyfishafi komi fram gagnvart tollstjóra vegna tollafgreiðslu varanna.

24. gr.

Eindagi aðflutningsgjalda sem vanreiknuð hafa verið er tollafgreiðsludagur varanna.

25. gr.

Ef vara er flutt af frísvæði eða tekin til notkunar og ekki gerð grein fyrir því samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar eru aðflutningsgjöld þegar fallin í eindaga.

Þegar atvik eru eins og um ræðir í 1. mgr. skulu aðflutningsgjöld af viðkomandi vöru reiknuð út samkvæmt þeim aðflutningsgjöldum og tollafgreiðslugengi sem í gildi var þegar varan var flutt á frísvæði. Reikna skal dráttarvexti af aðflutningsgjöldum þannig útreiknuðum. nema sannað sé á fullnægjandi hátt að mati tollstjóra að nefnd atvik séu síðar til komin. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður samkvæmt ákvæðum vaxtalaga nr. 25/1987, með áorðnum breytingum. Að öðru leyti skal farið með mál þessi samkvæmt ákvæðum XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

**Ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda.**

26. gr.

Leyfishafi ber ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda af vörum sem eru á frísvæði og einstakir viðskiptaaðilar hans bera ásamt honum ábyrgð in solidum á aðflutningsgjöldum af vörum sem eru á svæðinu á þeirra vegum.

**Trygging.**

27. gr.

Trygging vegna opinberra gjalda, sbr. 4. tl. 2. mgr. 3. gr., svo og annars kostnaðar sem leiða kann af rekstri leyfishafa á frísvæði skal vera 100 milljónir kr.

Ríkistollstjóra er heimilt, að höfðu samráði við fjármálaráðuneytið, að endurskoða tryggingarfjárhæð samkvæmt 1. mgr. ef breytingar verða á umfangi og rekstri frísvæðis.

Ef lagt er fram ábyrgðar- eða tryggingarskilríki banka, sparisjóðs eða tryggingar- eða ábyrgðarfélags skal í tryggingarskilmálum vera yfirlýsing um að þessir aðilar taki skilyrðislaust ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, dráttarvaxta og annars kostnaðar sem leiða kann af því að vara fær ekki rétta tollmeðferð lögum samkvæmt og muni greiða að kröfu viðkomandi tollstjóra þá fjárhæð sem vangreidd er.

Ábyrgðar- eða tryggingarskilríki, svo og skilríki vegna breytinga sem á þeim kunna að verða gerðar vegna breytinga á tryggingarfjárhæð, skulu afhent viðkomandi tollstjóra til varðveislu.

**Birgðabókhald og varsla gagna.**

28. gr.

Leyfishafi skal halda birgðabókhald vegna reksturs frísvæðis sem skal vera með þeim hætti að það geti á hverjum tíma veitt nákvæmar upplýsingar um þær vörur sem fluttar hafa verið inn á frísvæðið, stöðu sendinga, meðferð vara og ráðstöfun þeirra.

Birgðabókhald frísvæðis skal vera tölvuunnið og uppbygging þess og framkvæmd skal háð samþykki ríkistollstjóra.

Leyfishafa ber að varðveita skjöl og gögn vegna vöru- og tollmeðferðar á tryggan hátt og gæta þess að þau séu ætíð aðgengileg vegna tolleftirlits.

**Vörutalning og birgðakönnun.**

29. gr.

Leyfishafi skal gæta þess að vörumeðferð og varsla vara á frísvæði sé jafnan með þeim hætti að aðgengilegt sé að framkvæma þar vörutalningu og birgðakönnun.

Ríkistollstjóri getur sett reglur um vörutalningu og birgðakönnun á frísvæði og kveðið á um skyldu leyfishafa eða notenda frísvæðis til að framkvæma slíkar athuganir og gefa tollyfirvöldum skýrslur um niðurstöður.

**Tolleftirlit.**

30. gr.

Tollyfirvöld annast eftirlit með frísvæði og þeirri starfsemi sem þar fer fram.

Skulu tollgæslumenn hafa óhindraðan aðgang til eftirlits og rannsóknar á vörum og bókhaldi.

Tollyfirvöldum er heimilt að hafa eftirlit með flutningi vara til og frá frísvæði m.a. til að ganga úr skugga um réttmæti upplýsinga og staðreyna að flutningur vara til og frá svæðinu sé heimill.

Ef nauðsyn ber til vegna tolleftirlits er heimilt að setja lás tollgæslunnar eða innsigli fyrir geymslustaði á frísvæði.

Ákvæði tollalaga nr. 55/1987 um tolleftirlit með geymslustöðum ótollafgreiddra vara skulu gilda um heimildir tollgæslunnar til eftirlits á frísvæði.

31. gr.

Leyfishafi og viðskiptaaðilar hans eru skyldir til að gefa tollgæslumönnum hverjar þær upplýsingar sem óskað er eftir varðandi rekstur frísvæðis og vörur þar og veita þeim hvers konar aðstoð við eftirlitsstörf þeirra.

Skylt er að láta tollyfirvöldum í té endurgjaldslaust þá aðstöðu á frísvæði sem að mati tollyfirvalda er fullnægjandi til að sinnt verði tolleftirliti þar og ennfremur þau áhöld og tæki sem nauðsynleg eru til þess að mati tollyfirvalda.

**Svipting leyfis til reksturs frísvæðis.**

32. gr.

Ef leyfishafi misfer með heimildir sem hann hefur til reksturs frísvæðis, stendur ekki við skyldur sínar samkvæmt reglum þessum eða fullnægir ekki lengur skilyrðum fyrir leyfisveitingu, er fjármálaráðherra heimilt að afturkalla leyfi án fyrirvara.

**Refsiákvæði.**

33. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar eða misnotkun ívilnunar sem veitt hefur verið samkvæmt henni getur m.a. varðað við XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum.

Um meðferð mála vegna brota á reglugerð þessari fer að hætti opinberra mála.

**Gildistaka.**

34. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í IX. kafla, sbr. 148. gr., tollalaga nr. 55//1987 til að öðlast gildi hinn 1. janúar 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 14. nóvember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Indriði H. Þorláksson.*

**Stjórnartíðindi B 58, nr. 523–527. Útgáfudagur 15. nóvember 1991.**

# AUGLÝSING

**um frádrátt vegna íss í afurðum frystiskipa.**

1. gr.

Við löndun úr frystiskipum skal vega hverja framleiðslutegund, eða hluta hennar, sérstaklega á hafnarvog í löndunarhöfn samkvæmt ákvæðum 12. gr. reglugerðar nr. 489/1990 um vigtun sjávarafla. Heildarþungi á hafnarvog, að frádregnum umbúðum og pöllum, skal lagður til grundvallar útreiknings á afla skipsins samkvæmt reglum um nýtingarstuðla og ís í umbúðum.

2. gr.

Margföldunarstuðull fyrir ís í umbúðum og afurðum er eftirfarandi:

1. Flök án umbúða 0,98.
2. Heill fiskur án umbúða: Grálúða 0,97 og karfi 0,96.

3. gr.

Reikna skal út afla frystiskipa þannig:

Heildarþungi framleiðslunnar sem veginn er á hafnarvog

| | |
|---|---|
| – | Umbúðir og pallar |
| = | Brúttóþyngd framleiðslu |
| x | Margföldunarstuðull fyrir ís í umbúðum og afurðum |
| = | Nettóþyngd framleiðslunnar |
| x | Nýtingarstuðull |
| = | Veiddur afli. |

4. gr.

Auglýsing þessi er sett saman samkvæmt lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Arndís Steinþórsdóttir.*

**Stjórnartíðindi B 59, nr. 528. Útgáfudagur 18. nóvember 1991.**

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# REGLUGERÐ

**um bann við línuveiðum á Flákanum.**

1. gr.

Frá og með 21. nóvember 1991 til og með 31. mars 1992 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði á Breiðafirði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°14′N – 24°39′V
2. 65°07′N – 24°13′V
3. 65°11′N – 23°48′V
4. 65°19′N – 24°03′V
5. 65°25′N – 24°30′V

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 523, 13. nóvember 1991 um bann við veiðum á Flákanum.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 19. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Gylfi Gautur Pétursson.**

*Þórður Eyþórsson.*

Nr. 530 21. nóvember 1991

# REGLUGERÐ

**um bann við línuveiðum á Faxaflóa.**

1. gr.

Frá og með 22. nóvember 1991 eru allar línuveiðar bannaðar á svæði á Faxaflóa norðan línu sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. AKRANESVITI
2. 64°24'3 N – 22°38'5 V
3. 64°28'6 N – 22°34'0 V
4. 64°37'4 N – 23°25'5 V
5. GÖLTUR VIÐ HELLNANES

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 21. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Þórður Eyþórsson.*

14. nóvember 1991 Nr. 531

# AUGLÝSING

**um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á sameiningu Hörðudalshrepps og Miðdalahrepps í Dalasýslu.**

Með vísan til 112. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 tilkynnir ráðuneytið að það hefur hinn 14. nóvember 1991 staðfest sameiningu Hörðudalshrepps og Miðdalahrepps í Dalasýslu í eitt sveitarfélag.

Jafnframt tilkynnist að:

- Sameining þessi skal taka gildi 1. janúar 1992.
- Nafn hins nýja sveitarfélags skal vera Suðurdalahreppur.
- Ákveðið hefur verið að kosning sveitarstjórnar hins nýja sveitarfélags, Suðurdalahrepps, fari fram 14. desember 1991.
- Fulltrúar í sveitarstjórn Suðurdalahrepps skulu vera fimm.
- Kjörtímabil hinnar nýju sveitarstjórnar skal vera til næstu almennu sveitarstjórnarkosninga.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. nóvember 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Húnbogi Þorsteinsson.*

Nr. 532 1032 5. nóvember 1991

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir Styrktarsjóð hjartasjúklinga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður hjartasjúklinga. Heimili og varnarþing sjóðsins er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 2 000 000,00 -tvær milljónir króna- en það er framlag frá einstaklingum og fyrirtækjum vegna kaupa á minningarkortum á vegum Landssamtaka hjartasjúklinga. Stefnt verður að því að stofnfé fimmfaldist á nokkrum árum. Þann stofn má aldrei skerða.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja efnalitla hjartasjúklinga á margvíslegan hátt svo sem:

1. Aðstoða hjartasjúklinga með fjárframlagi fljótlega eftir að þeir veikjast.
2. Styrkja hjartasjúklinga, sem fara í kostnaðarsamar aðgerðir erlendis.
3. Taka þátt í greiðslu og kostnaði við endurhæfingar hjartasjúklinga.

4. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög vegna sölu minningarkorta.
2. Verðbætur og vextir.
3. Framlög til sjóðsins og annað fé, sem sjóðnum hlotnast.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa þrír menn og einn til vara. Skal hún kosin á aðalfundi Landssamtaka hjartasjúklinga til tveggja ára í senn.

Stjórnin ber ábyrgð á eignum sjóðsins. Hún tekur á móti umsóknum um styrki úr sjóðnum og tekur ákvörðun um styrkveitingar.

Halda skal gerðabók fyrir sjóðinn og færa í hana ákvarðanir stjórnar.

6. gr.

Stjórnin skal á hverjum tíma ávaxta fé sjóðsins með bestu fáanlegum kjörum á tryggilegan hátt. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skulu löggiltir endurskoðendur Landssamtaka hjartasjúklinga endurskoða ársreikninga sjóðsins. Skulu þeir lagðir fram árlega fyrir stjórn Landssamtaka hjartasjúklinga.

7. gr.

Stjórn sjóðsins ákveður úthlutun úr sjóðnum. Ekki má úthluta úr sjóðnum meiru en sem svarar hálfum árlegum framlögum og hálfum hluta vaxta uns sjóðurinn er orðinn kr. 10 000 000.00 -tíu milljónir króna-.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

8. gr.

Heimilt er að leggja sjóðinn niður að tillögu meirihluta stjórnar sjóðsins, ef sú tillaga hlýtur samþykki 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Landssamtaka hjartasjúklinga.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Landssamtaka hjartasjúklinga.

9. gr.

Skipulagsskrá þessari má því aðeins breyta að tillaga um það komi frá meirihluta stjórnar sjóðsins og að tillagan verði samþykkt með 2/3 hluta atkvæða á aðalfundi Landssamtaka hjartasjúklinga.

10. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðuneytisins á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestis hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. nóvember 1991.*

F. h. r.

**Þorsteinn Geirsson**

*Fanney Óskarsdóttir.*

4. nóvember 1991 Nr. 533

# SAMÞYKKT

**um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi.**

1. gr.

Samþykktin tekur til hvers konar smásöluverslana í Kópavogi.

Undanþegnar ákvæðum samþykktarinnar eru þó lyfjabúðir, bifreiðastöðvar og bensínafgreiðslur.

Ef ágreiningur rís um skilning á ákvæðum samþykktar þessarar, úrskurðar bæjarstjórn þar um, að fenginni umsögn lögreglustjóra, en skjóta má þeim úrskurði til ráðherra.

2. gr.

Afgreiðslutími smásöluverslana í Kópavogi skal vera frjáls, sbr. þó 3. og 4. gr.

3. gr.

Óheimilt er að hafa sölustaði opna á tímabilinu kl. 23.30–07.00 nema með sérstöku leyfi bæjarráðs að fenginni umsögn lögreglustjóra, enda sé um að ræða söluturna eða sambærilega starfsemi.

4. gr.

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum, enda brjóti afgreiðslutími að öðru leyti ekki í bága við lög, með þeim undantekningum, sem hér greinir: Föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag skal öllum sölustöðum lokað allan daginn.

Aðfangadag jóla og gamlársdag skal öllum sölustöðum lokað eigi síðar en kl. 16.00.

5. gr.

Í sérhverri verslun skal auglýstur fastur afgreiðslutími hennar.

6. gr.

Í kvikmyndahúsum, leikhúsum, á íþróttavöllum, útiskemmtunum og slíkum stöðum skal heimilt, að fengnu leyfi heilbrigðisnefndar, að selja sælgæti, tóbak, gosdrykki og annað slíkt, sem ætla má að neytt verði á staðnum. Einnig má selja sýningarskrár, minjagripi og annað slíkt sem eðlilegt telst, að þar sé til sölu, utan þess tíma er um getur í 2. gr., þó aldrei eftir að sýningu lýkur eða skemmtistað er lokað.

7. gr.

Eftir lokunartíma sölustaða er óheimilt að selja þann varning sem verslunarleyfi þarf til sölu á. Þó skal heimilt að afgreiða það fólk sem komið er í verslun eða á sölustað þegar lokað er.

8. gr.

Bæjarstjóri getur heimilað í einstökum tilvikum rýmri sölutíma en segir í samþykkt þessari þegar hann telur sérstaka ástæðu til, m.a. þegar ágóði af sölu rennur til almenningsheilla eða góðgerðarstarfsemi.

9. gr.

Fyrir leyfi skv. 3. gr. skal greiða gjald í bæjarsjóð samkvæmt ákvæðun bæjarstjórnar.

Ef leyfishafi brýtur samþykkt þessa eða skilyrði, sem bæjarráð og heilbrigðisnefnd setja fyrir leyfi, greiðir ekki gjaldið á gjalddaga eða rekstur sölustaðar þykir ekki fara vel úr hendi, getur bæjarráð svipt leyfishafa leyfinu, enda hafi leyfishafi ekki látið segjast við aðvörun.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða sektum. Með mál út af brotum á samþykktinni skal farið að hætti opinberra mála.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Kópavogs hefur sett með heimild í 1. gr. laga nr. 17 1. febrúar 1936 um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast þegar gildi, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45 15. júní 1926 um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

Jafnframt fellur úr gildi auglýsing um afgreiðslutíma verslana í Kópavogi nr. 771, 30. nóvember 1983 með síðari breytingum.

*Félagsmálaráðuneytið, 4. nóvember 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þórhildur Líndal.*

Nr. 534 4. nóvember 1991

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að afnema bann við bifreiðastöðum á Barónsstíg milli Hverfisgötu og Skúlagötu.

Ákvörðun þessi tekur gildi 4. desember 1991.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. nóvember 1991.*

**Böðvar Bragason.**

# REGLUGERÐ

## um starfsemi Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands í Hveragerði, sem samanstendur af endurhæfingarstofnun og heilsuhæli.

1. gr.

Heilsustofnunin er endurhæfingastofnun og heilsuhæli í eigu Náttúrulækningafélags Íslands, sem annast sjúklinga, sem búið er að sjúkdómsgreina og þarfnast meðferðar.

Meðferð á endurhæfingarstofnun er fólgin í endurhæfingu, sbr. 24. gr. 5. tl. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu. Starfsemi heilsuhælis er m.a. fólgin í heilsurækt og heilsuverndarstarfi í anda náttúrulækningastefnunnar í samræmi við íslenska heilbrigðislöggjöf og heilbrigðisáætlun.

Heilsustofnunin er sjálfstæð stofnun, rekin sem sérstök rekstrareining með sjálfstæðan fjárhag og sérstaka stjórn.

2. gr.

Samkv. samningi NLFÍ og heilbrigðisráðuneytisins frá 8. nóvember 1991 skal rekin 100 rúma endurhæfingardeild og 60 rúma heilsuhæli. Samningur þessi kveður á um greiðslu kostnaðar af starfseminni og nánari tilhögun hennar.

3. gr.

Stjórn Heilsustofnunarinnar er skv. 30.4. gr. laga nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu, þannig skipuð, að starfsmannaráð stofnunarinnar kýs einn stjórnarmann, heilbrigðisráðherra tilnefnir einn mann og þrír skulu kosnir af eigendum stofnunarinnar.

Fulltrúar ráðherra og eigenda mega ekki vera starfsmenn stofnunarinnar. Fulltrúi starfsmanna skal vera í a.m.k. hálfu starfi við stofnunina. Kjörtímabil stjórnarmanna er 4 ár í senn.

4. gr.

Varamenn í stjórn skulu valdir á sama hátt og aðalmenn.

5. gr.

Stjórn heilsustofnunarinnar skiptir sjálf með sér verkum. Stjórnin heldur fundi svo oft sem þörf krefur eða þegar 2 stjórnarmenn óska þess. Fjöldi atkvæða ræður úrslitum allra mála, sem stjórninni er falið að ráða.

Fundur er lögmætur, ef meirihluti stjórnar situr fund.

6. gr.

Stjórn heilsustofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni í samræmi við lög nr. 97/1990, um heilbrigðisþjónustu.

Um verkaskiptingu milli framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlæknis fer skv. 29. gr. laga nr. 97/1990.

7. gr.

Framkvæmdastjóri ræður annað heilbrigðisstarfsfólk en um getur í 6. gr. í samráði við yfirlækni og hjúkrunarforstjóra, eftir því sem við á. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk stofnunarinnar.

Um kjör starfsfólks fer eftir gildandi kjarasamningum eins og þeir eru á hverjum tíma.

8. gr.

Framkvæmdastjóra, hjúkrunarforstjóra og yfirlækni skal heimilt að sitja fundi stjórnar stofnunarinnar og hafa þar málfrelsi og tillögurétt.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal gera þróunar- og rekstraráætlanir fyrir stofnunina. Slík áætlanagerð skal ávallt vera gerð a.m.k. 4 ár fram í tímann, en vera í árlegri endurskoðun og unnin í nánu samstarfi við yfirlækni, framkvæmdastjóra og hjúkrunarforstjóra.

10. gr.

Stjórn heilsustofnunarinnar skal sjá um að rekstrarútgjöld stofnunarinnar séu innan þeirra marka, er tekjur leyfa.

11. gr.

Reikningsár stofnunarinnar er almanaksárið. Reikningar skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

12. gr.

Þóknun fyrir stjórnarstörf heilsustofnunarinnar skal vera í samræmi við svipaðar greiðslur á vegum ríkisins.

13. gr.

Um stofnunina gilda að öðru leyti og eftir því sem við á lög og reglugerðir um heilbrigðisstofnanir, svo sem ákvæði um eftirlit, skýrslugerðir og geymslu sjúkragagna.

14. gr.

Verði heilsustofnunin lögð niður renna eignir stofnunarinnar til Náttúrulækningafélags Íslands, ef það félag er starfandi en að öðrum kosti til ríkisins.

15. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 24.2. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu, öðlast þegar gildi.

Hún tekur hins vegar ekki til stofnunar eða slita eldri fjárhagsskuldbindinga, sem stjórn HNLFÍ hefur löglega gert samkvæmt samþykktum félagsins. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 262/1989.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um umferð í Kópavogi.**

Skv. heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og að fengnum tilögum bæjarstjórnar Kópavogs, eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Kópavogi.

1. gr.

Einstefna vestast á Engihjalla verður tvístefna.

2. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 50, 30. mars 1987 og koma til framkvæmda þegar í stað.

Með auglýsingu þessari eru numin úr gildi þau ákvæði eldri auglýsinga um umferð í Kópavogi sem brjóta í bága við auglýsingu þessa.

*Lögreglustjórinn í Kópavogi, 5. nóvember 1991.*

**Ásgeir Pétursson.**

7. nóvember 1991 Nr. 537

# GJALDSKRÁ

**yfir útselda vinnu vegna þjónustuverkefna Hollustuverndar ríkisins.**

1. gr.

Gjald Hollustuverndar ríkisins fyrir ráðgjöf og sérfræðiþjónustu skal vera sem hér segir:
1. Sérfræðingur 2 600 kr./klst.
2. Aðstoðarmaður 1 700 kr./klst.
Tímar skulu taldir í heilum og hálfum klukkustundum.

2. gr.

Gjöld fyrir reglubundnar efna- og örverurannsóknir er stofnunin annast á dagvinnutímabili skulu vera sem hér segir:

| **Eðlis- og efnarannsóknir:** | Kr. |
|---|---|
| Ákvörðun á sýrumagni (titrun) | 700 |
| Ákvörðun á sýrustigi (pH) | 460 |
| Eðlisþyngd (pyknometer) | 980 |
| Fitumæling (Gerber) | 1 060 |
| Fosfatase próf | 700 |
| Litprófun (reduktase próf) | 700 |
| Mæling á fríu og bundnu klóri (Lovibond) | 380 |
| Peroxidase próf | 700 |
| Þurrefnisákvörðun | 700 |
| Mæling á aflatoxin (ELISA) | 3 480 |
| Tegundagreining á kjöti (ELISA) | 3 480 |
| Greining á Staphylococcus enterotoxini | 3 450 |
| Greining á azolitarefni | 2 900 |
| COD | 3 480 |
| Varnarefni í grænmeti og ávöxtum (GSMS), grunngjald kr. 10 000 og hver rannsóknarþáttur | 1 500 |

| **Örverurannsóknir:** | Kr. |
| --- | --- |
| Talning eftir ræktun á agaræti (mism. hitast.) | 860 |
| Kóligerlar, MPN eða VRBA | 650 |
| Saurkólígerlar, MPN eða VRBA | 650 |
| Staphylococcus aureus | 880 |
| Ger- eða myglusveppir | 860 |
| Sulfit-afoxandi clostridia | 970 |
| Bacillus cereus | 970 |
| Clostridium perfringens | 1 250 |
| Brochotrix thermospacta | 970 |
| Gram-neikvæðir gerlar á CV agar | 860 |
| Pseudomonas, flúoriserandi | 970 |
| Fecal streptococcar | 880 |
| Mjólkursýrugerlar | 970 |
| Loftfirrð ræktun | 1 010 |
| Rodac-skálar með æti | 105 |
| Delvopróf (antibiotika) | 970 |
| Campylobacter, ræktun, greining | 2 180 |
| Salmonella, forræktun og forgreining | 2 030 |
| Salmonella, Shigella bíogreining með API 2OE (með undirbúningi) | 2 640 |
| Salmonella, Shigella serumgreining á stofni | 1 870 |
| Shigella forræktun og forgreining | 2 030 |
| Legionella, ræktun og greining | 1 310 |
| Listeria, ræktun og greining | 2 180 |
| Litmus ræktun | 1 800 |
| Vibrio parahaemolyticus, forræktun og forgreining | 2 180 |
| Yersini enterocolitica | 2 180 |

Greining á Salmonella og Listeria með ELISA **
Antibiotika mæling á agaræti **
Ræktun með Millipore síun **
Smásjárrannsókn **
** Sjá 8. grein.

3. gr.

Stofnuninni er heimilt að leggja 30% álag á gjald fyrir efna- og örverurannsóknir samkvæmt 2. gr., sé þess óskað að þær verði gerðar utan dagvinnutímabils.

4. gr.

Stofnuninni er heimilt að innheimta gjald fyrir ferðir og uppihald.

5. gr.

Gjald vegna undirbúnings sýnis og gerð vottorðs er kr. 950. Gjald fyrir hvert vottorð umfram eitt er kr. 680.

6. gr.

Heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga er veittur 30% afsláttur frá gjaldskránni. Þó er heimilt að veita allt að 50% afslátt vegna rannsóknastarfa sé reglum, sem stofnunin setur, fullnægt.

7. gr.

Heilmilt er að veita öðrum aðilum en heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga allt að 30% afslátt frá gjaldskránni vegna stórra verkefna og möguleika til að lækka kostnað við þjónustuna.

8. gr.

Gjald fyrir rannsóknir, sem ekki eru taldar upp í 2. gr. skal Hollustuvernd ríkisins ákveða í samræmi við fjölda vinnustunda og gjald skv. 1. gr.

9. gr.

Stofnuninni er heimilt að gera föst verktilboð eða verksamninga vegna sérfræðiráðgjafar og þjónustustarfa sinna.

10. gr.

Gjalddagi reikninga er 30 dögum eftir útgáfu og er stofnuninni heimilt að innheimta dráttarvexti sé skuld ekki greidd fyrir gjalddaga.

11. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 17. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, að fengnum tillögum stjórnar Hollustuverndar ríkisins, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi frá og með 1. desember 1991 að telja.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 43/1991, með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REIKNINGUR

Nr. 538

**Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1990.**

Rekstrarreikningar 1. júní – 31. desember 1990.

| | Rekstur | Unninn botnfiskur | Óunninn botnfiskur | Bið-reikn. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Tekjur:** | | | | | |
| Vaxtatekjur af bankainnstæðum | 31 579 | 3 054 274 | 884 706 | 0 | 3 970 559 |
| Gengismunur af innstæðurreikn. | 0 | 260 322 | 103 012 | 0 | 363 334 |
| Samtals | 31 579 | 3 314 596 | 987 718 | 0 | 4 333 893 |
| **Gjöld:** | | | | | |
| Stjórnarlaun | 1 884 721 | 0 | 0 | 0 | 1 884 721 |
| Launatengd gjöld | 109 879 | 0 | 0 | 0 | 109 879 |
| Ýmis kostnaður | 61 984 | 0 | 0 | 0 | 61 984 |
| Vaxtagjöld af innstæðureikn. | 23 953 | 3 771 957 | 1 130 343 | 0 | 4 926 253 |
| Gengismunur af bankainnstæðum | 0 | 1 021 602 | 66 881 | 0 | 1 088 483 |
| Samtals | 2 080 537 | 4 793 559 | 1 197 224 | 0 | 8 071 320 |
| Gjöld umfram tekjur | (2 048 958) | (1 478 963) | (209 506) | 0 | (3 737 427) |

Efnahagsreikningar í árslok 1990

| | Rekstur | Unninn botnfiskur | Óunninn botnfiskur | Bið-reikn. | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|
| **Eignir:** | | | | | |
| Bankainnst.-gengistr. | 0 | 310 773 912 | 94 610 704 | 529 898 744 | 935 283 360 |
| Bankainnst.-aðrar | 1 217 927 | 1 187 544 | 0 | 0 | 2 405 471 |
| Skuldabréf | 0 | 0 | 0 | 3 700 162 | 3 700 162 |
| | 1 217 927 | 311 961 456 | 94 610 704 | 533 598 906 | 941 388 993 |

| Skuldir og eigið fé: | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Skuld á bankareikning | 0 | 0 | 3 219 437 | 0 | 3 219 437 |
| Stofnfé frá Verðjöfnunarsjóði | 3 266 885 | 0 | 0 | 533 598 906 | 536 865 791 |
| Innst. á Verðjöfnunarsjóði | 0 | 313 440 419 | 91 600 773 | 0 | 405 041 192 |
| Annað eigið fé (neikv.) | (2 048 958) | (1 478 963) | (209 506) | 0 | (3 737 427) |
| | 1 217 927 | 311 961 456 | 94 610 704 | 533 598 906 | 941 388 993 |

Skýringar með ársreikningi Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1990

**Reikningsskilaaðferðir.**

1. Gengisbundnar fjárhæðir eru færðar við kaupgengi SDR hinn 31. desember 1990.
2. Innstæður á verðjöfnunarreikningum eru færðar með áföllnum vöxtum í árslok 1990.
3. Vextir á innstæður á verðjöfnunarreikningum eru reiknaðir til 31. desember 1990. Vextir á bankainnstæður eru hinsvegar reiknaðir til 20. desember 1990.

**Eigið fé.**

Í 7. gr. laga um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir, að innstæður á verðjöfnunarreikningum sjóðsins teljist eign hans, en „.. séu bundnar við verðjöfnun á afurðum þess framleiðanda, sem inneign myndaði."

1. Eigið fé greinist þannig:

| | | Verðjöfnunar-reikningar | Annað eigið fé |
|---|---|---|---|
| **Deild fyrir óunnar botnfiskafurðir:** | | | |
| Frá fyrra ári | | 0 | 0 |
| Innb. vegna verðjöfnunar | | 90 576 289 | 0 |
| Vextir á innstæðureikn. | | 1 127 496 | 0 |
| Gengismunur | | (103 012) | 0 |
| Gjöld umfram tekjur | | 0 | 209 506 |
| | 91 600 773 | (209 506) | |
| **Deild fyrir unnar botnfiskafurðir:** | | | |
| Frá fyrra ári | | 0 | 0 |
| Innb. vegna verðjöfnunar | | 309 928 784 | 0 |
| Vextir á innstæðureikn. | | 3 771 957 | 0 |
| Gengismunur | | (260 322) | |
| Gjöld umfram tekjur | | | (1 478 963) |
| | | 313 440 419 | (1 478 963) |

2. Í ákvæði til bráðabirgða í lögum um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins segir m.a. „Innstæður deilda í Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins skulu færðar á sérstaka reikninga í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins. Þegar útborgunartilefni skapast ... skal greiða verðbætur á útflutning af þessum reikningum óháð innstæðu hvers fyrirtækis í Verðjöfnunarsjóði sjávarútvegsins." Þessar innstæður eru færðar í þeirri deild sjóðsins, sem kölluð er biðreikningar.

Hreyfingar á biðreikningum 1. júní til 31. desember 1990

| | Rækju-deild | Humar-deild | Mjöl-/lýsis-deild | Saltfisk-deild | Freðfisk-deild | Skreiðar-deild | Hörpudisk-deild | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Stofnfé frá vsj. | 189 004 174 | 261 011 685 | 27 720 114 | 36 259 405 | 28 186 983 | 33 955 775 | 15 598 805 | 591 736 941 |
| Vaxtatekjur | 6 626 892 | 12 466 844 | 1 324 655 | 1 674 672 | 1 320 559 | 1 492 235 | 737 081 | 25 642 938 |
| Gr. verðbætur | (159 003 745) | 0 | 0 | 0 | 0 | (12 177 480) | 0 | (171 181 225) |
| Endurgr. v/verðb. | 0 | 0 | 0 | 91 882 572 | 0 | 0 | 1 747 929 | 93 630 501 |
| Gengismunur | (271 532) | (2 233 854) | (235 912) | (482 654) | (1 726 830) | (263 475) | (1 015 992) | (6 230 249) |
| | 36 355 789 | 271 244 675 | 28 808 857 | 129 333 995 | 27 780 712 | 23 007 055 | 17 067 823 | 533 598 906 |

**Áritun formanns f.h. stjórnar Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins**

Með tilvísun til yfirlýsingar endurskoðenda úrskurðar stjórn Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins ársreikning sjóðsins 1990 réttan.

Reykjavík, 31. október 1991.
**Árni Kolbeinsson, formaður.**

**Áritun sjávarútvegsráðherra**

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda og stjórnarformanns f.h. sjóðsstjórnar er ársreikningur Verðjöfnunarsjóðs sjávarútvegsins 1990 hér með staðfestur.

Reykjavík, 6. nóvember 1991.
**Þorsteinn Pálsson.**

**Áritun endurskoðenda**

Ársreikning þennan fyrir Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins höfum við endurskoðað. Endurskoðað var í samræmi við viðurkenndar venjur og voru í því sambandi gerðar þær kannanir á bókhaldi sem nauðsynlegar þóttu.

Það er álit okkar, að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu og efnahag sjóðsins í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 8. október 1991.

Stefán Svavarsson,
lögg. endurskoðandi.

Gunnlaugur Arnórsson,
aðalendurskoðandi
Seðlabanka Íslands.

# AUGLÝSING

**um nýtt fasteignamat.**

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. laga nr. 94/1976, um skráningu og mat fasteigna, hefur yfirfasteignamatsnefnd ákveðið framreikningsstuðla fyrir skráð matsverð fasteigna á öllu landinu með hliðsjón af breytingu verðlags fasteigna við kaup og sölu frá síðasta viðmiðunartíma matsins fram til 1. nóvember s.l. Nefndin hefur ákveðið framreikning á matsverði fasteigna þannig:

1. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða, annarra en íbúðarhúsa og íbúðarlóða í þeim sveitarfélögum, sem talin eru í 2. tl. hér að neðan, hækki um 6% og framreiknistuðull verði samkvæmt því 1,06.
2. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða í Keflavík, í Njarðvík, á Akranesi, Selfossi og Höfn í Hornafirði hækki um 10% og verð framreiknistuðull samkvæmt því 1,10. Matsverð íbúðarhúsa og íbúðarlóða á Kjalarnesi hækki um 15% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,15.
3. Matsverð atvinnuhúsnæðis, atvinnulóða og bújarða, að undanskildum íbúðarhúsum á jörðum og hlunnindum, verði óbreytt frá fyrra ári og framreiknistuðull samkvæt því verði 1,0.
4. Matsverð hlunninda hækki um 6% og verði framreiknistuðull samkvæmt því 1,06.
5. Við framreikning á ofangreindum grundvelli skal höfð hliðsjón af fyrningu samkvæmt reglum um einstakar tegundir fasteigna.
6. Ofangreind hækkun fasteignamats er miðuð við fasteignamatsverð samkvæmt fasteignamatsskrá þeirri er gildi tók 1. desember 1990 ásamt síðari breytingum ákveðnum af Fasteignamati ríkisins og yfirfasteignamatsnefnd.

Á vegum Fasteignamats ríksisins hafa verið samdar nýjar fasteignamatsskrár, þar sem matsverð einstakra fasteigna er skráð samkvæmt þeim framreiknistuðlum sem ákveðnir hafa verið samkvæmt framanskráðu og með hliðsjón af þeim afskriftarreglum sem gilda um hinar ýmsu tegundir fasteigna. Hinar nýju fasteignamatsskrár innihalda einnig þær matsbreytingar er Fasteignamat ríkisins eða yfirfasteignamatsnefnd hafa gert á einstökum eignum svo sem við endurskoðun á eldra mati og vegna úrskurða á kærum er kunna að hafa leitt til matsbreytinga.

Fjármálaráðherra hefur staðfest heildareintak hins nýja fasteignamats eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Fasteignamatsskrár munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. desember n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send sérstök tilkynning um breytingu á matsverði viðkomandi fasteigna.

Með vísun til laga nr. 94/1976 tilkynnir ráðuneytið hér með að nýtt matsverð fasteigna, sem ákveðið er með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. desember 1991.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 450 16. nóvember 1990.

*Fjármálaráðuneytið, 15. nóvember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Björn Hafsteinsson.*

# REGLUGERÐ

## um Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

1. gr.

Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands lýtur yfirstjórn háskólaráðs. Háskólaráð getur heimilað að félög háskólamanna og aðrir skólar á háskólastigi taki þátt í stjórn stofnunarinnar samkvæmt sérstökum samstarfssamningi, sem það gerir um það efni að fengnu samþykki menntamálaráðherra.

2. gr.

Meginhlutverk Endurmenntunarstofnunar er að standa fyrir endurmenntun háskólamanna með námskeiðum, fræðslufundum og útgáfustarfsemi. Ennfremur sinnir stofnunin fræðslu fyrir almenning eftir því sem aðstæður leyfa.

Endurmenntunarstofnun skal starfa í nánum tengslum við allar deildir háskólans svo og aðra aðila stofnunarinnar.

3. gr.

Háskólaráð skipar allt að tíu menn í stjórn stofnunarinnar til tveggja ára í senn. Allt að fimm þeirra skulu skipaðir úr hópi háskólakennara. Ef gerður hefur verið samstarfssamningur samkvæmt 1. gr. skal háskólaráð skipa jafnmarga stjórnarmenn til viðbótar frá aðilum þess samnings og samkvæmt tilnefningu þeirra. Stjórnin tekur til starfa í byrjun háskólaárs.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og kýs sér formann úr hópi þeirra sem háskólaráð skipar án tilnefningar. Stjórnin fjallar um öll stefnumarkandi mál, starfs- og rekstraráætlanir og reikninga. Stjórnarfundir skulu vera a.m.k. tvisvar á ári. Stjórnarfundur er ályktunarfær ef tveir þriðju hlutar stjórnarmanna eru viðstaddir og ræður einfaldur meirihluti niðurstöðu. Falli atkvæði jöfn í atkvæðagreiðslu ræður atkvæði formanns.

Um þóknun stjórnar fari eftir reglum Háskólans.

4. gr.

Stjórn ræður endurmenntunarstjóra. Endurmenntunarstjóri annast daglegan rekstur starfseminnar, sér um áætlanagerð og fjármál, og sér um framkvæmd þeirra mála er stjórnin felur honum. Endurmenntunarstjóri sitji stjórnarfundi með tillögurétt en án atkvæðisréttar. Endurmenntunarstjóri getur í samráði við formann stjórnar tekið ákvarðanir fyrir hönd stofnunarinnar um smærri námskeið eða verkefni.

5. gr.

Tekjur stofnunarinnar eru námskeiðsgjöld, framlög frá aðilum samstarfssamnings samkvæmt 1. gr. og fjárveitingar eftir því sem ákveðið kann að verða á fjárlögum hverju sinni. Miða skal við að þátttökugjöld í námskeiðum standi undir breytilegum kostnaði við þau. Árleg framlög samstarfsaðila skulu ákveðin í samstarfssamningi.

6. gr.

Fjárlagatillögur stofnunarinnar skulu vera hluti af fjárlagatillögum Háskólans. Reikningshald stofnunarinnar er hluti af reikningshaldi Háskólans. Háskóli Íslands leggur stofnuninni til húsnæði og aðra aðstöðu svo sem kostur er.

7. gr.

Stjórn stofnunarinnar ráðstafar sjálfsaflafé hennar. Eignir stofnunarinnar eru óskiptanlegar og fylgja henni.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 36. gr. laga nr. 131/1990, um Háskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 7. nóvember 1991.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Árni Gunnarsson.*

Nr. 541 15. nóvember 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir mengunareftirlit á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar.**

1. gr.

Sveitarstjórnum á starfssvæði Heilbrigðiseftirlits Eyjafjarðar er heimilt að innheimta árlega eftirlitsgjald af eftirlitsskyldri starfsemi samkvæmt 3. gr. og 3. tl. 5. gr. laga um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988 og 3 gr. 6. tl. og viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 10 000,00.
2. flokkur kr. 20 000,00.

2. gr.

Fyrir starfsleyfi heilbrigðisnefnda, sbr. 3. tl. 5. gr. laga nr. 81/1988 og 5. tl. 8. gr. mengunarvarnarreglugerðar nr. 389/1990 er heimilt að innheimta leyfisgjald svo sem hér greinir:

1. flokkur kr. 1 000,00.
2. flokkur kr. 2 000,00.

3. gr.

Fyrirtæki sem talin eru upp í viðauka 7 og 9 í mengunarvarnareglugerð flokkast eftir umfangi og mengun í 1. eða 2. flokk. Þar sem um er að ræða mjög takmarkaða starfsemi eða starfsemi hluta úr ári er heimilt að innheimta hluta af gjaldi 1. flokks samkvæmt nánari ákvörðun svæðisnefndar.

4. gr.

Gjöld skv. 1. gr. má innheimta með lögtaki.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samin í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Eyjafjarðarsvæði, sbr. 8. tl. 6. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er sett skv. 22. gr. þeirra og öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi þau ákvæði 4 gr. gjaldskrár nr. 186/1990, sem lúta að mengunareftirliti.

*Umhverfisráðuneytið, 15. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

**Fylgiskjal:**

Flokkun eftirlitsskyldra fyrirtækja eftir umfangi starfseminnar sbr. 3. gr. laga nr. 81/1988.

**1. flokkur.**

Málmsteypur.
Stálsmíði og stálskipagerð.
Völsunar-, víra- og stangaverksmiðja.
Nagla- og skrúfuframleiðsla.
Vélaframleiðsla.
Vinnsla á málmum í raftækniiðnaði.
Steinmölun.
Steinsmíði.
Steypustöðvar.
Steypueiningaverksmiðjur.
Leirmunaverksmiðja.
Fyrirtæki sem geyma klórgas.
Lakksprautun.
Prentiðnaður.
Efnalaugar.
Lyfja- og snyrtivöruframleiðsla.
Framköllun á ljósmyndum og kvikmyndum.
Átöppun og pökkun ýmissa efnasambanda.
Framleiðsla á aukefnum og hjálparefnum fyrir matvælaiðnað.
Fóðurblöndur.
Fóðurstöðvar.
Gúmmívinnsla.
Trésmíðaverkstæði.
Sögunarmyllur.
Fúavörn á timbri.
Framleiðsla á spónaplötum, límtré og þ.h.
Spennistöðvar.
Vörugeymslur.
Pappírsvöru- og pappakassaframleiðsla.
Skotvellir.
Þvottahús.
Leðurvinnsla.
Vefnaðar- og spunaverksmiðjur.
Litun og bleiking.
Matvælavinnsla.
Kappaksturs-, æfinga- og kennslubrautir.
Flugvellir og flugbrautir.
Bifreiðaverkstæði.
Ryðvarnaverkstæði.
Bílaþvottastöðvar.
Smurstöðvar.
Bensínstöðvar.
Flutningamiðstöðvar.
Biðstöðvar leigu- og fólksflutningabifr.
Æfingasvæði slökkviliðs.
Skemmtigarðar, tívolí, fjölleikahús o.þ.h.
Loðdýrabú.
Alifuglabú.
Svínabú.
Kanínurækt.
Hestahald.
Dýraspítalar.
Hunda- og kattageymslur.
Gæludýraverslanir.
Líkbrennslur.
Önnur sambærileg starfsemi.

**2. flokkur.**

Móttökustöðvar fyrir sorp.
Hreinlætisvöruverksmiðjur.
Plastframleiðsla.
Olíumalar- og malbikunarstöðvar.
Yfirborðsmeðhöndlun á járni, stáli og öðrum málmum.
Sútunarverksmiðjur.
Seiða- og fiskeldisstöðvar.
Fituherslur.
Birgða- og afgreiðslustöðvar fyrir olíur og bensín.
Gasbirgðastöðvar.
Lifrarbræðslur.
Framleiðsla á mjöli og feiti úr sláturúrgangi.
Skólphreinsistöðvar.
Kísilmálmframleiðsla.
Kísiljárnframleiðsla.
Járn- og stálframleiðsla.
Glerullar- og steinullarframleiðsla.
Meðhöndlun og eyðing á hættulegum efnaúrgangi.
Framleiðsla á tilbúnum áburði.
Sements- og kalkframleiðsla.
Cellulosa- og pappírsframleiðsla.
Sorphaugar.
Stórar fiskeldisstöðvar.
Fiskimjölsverksmiðjur.
Önnur sambærileg starfsemi.

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um raforkuvirki nr. 264 / 1971.**

Við reglugerðina bætist ný grein, 279. gr., sem hljóði svo:

**§ 279 Smáspennulampar og lagnir.**

1. **Almennt.**

1.1 Ákvæðin eiga við smáspennulampa og lagnir, sem fá orku frá varnarsmáspennugjafa með hámarksmálspennu 50 V ~ eða 120 V = . **(Sjá greinar § 151, 205, og 264).**

1.2 Hverri smáspennulögn skal fylgja einlínumynd, þar sem fram kemur eftirfarandi:
- fyrirkomulag greinitaflna,
- stærð vara, spennubreyta og lampa (pera),
- gildleiki og lengd strengja.

1.3 Smáspennulagnir eða hlutar þeirra eru tilkynningarskyld.

1.4 Frágangur smáspennulagna skal vera í samræmi við almenn ákvæði um fastar raflagnir með þeim breytingum og viðbótum, sem fram koma í eftirfarandi greinum.

2. **Frágangur smáspennulagna.**

2.1 Efni til smáspennulagna skal að jafnaði vera hið sama og notað er til almennra fastra raflagna og einangrað fyrir 250 V málspennu hið minnsta. Lausataugar, s.s. lampasnúrur, eru ekki leyfðar í fastalagnir.

Nota má annað raflagnaefni, ef varnir gegn beinni snertingu af spennuhafa hlutum eru tryggar:
- með vörn, sem samsvarar a.m.k. IP 2X,
- eða raflagnaefni með einangrun sem stenst 500 V ~ prófspennu í eina mínútu.

Frávik:
Ef málspenna verður ekki hærri en 25 V ~ eða 60 V = er leyfilegt að nota óeinangraðar lagnir (t.d. vírar í lofti) með eftirfarandi skilyrðum:
- að raflagnaefnið sé hannað, sett upp eða stúkað þannig sundur, að ekki sé hætta á skammhlaupi.
- að gildleiki lagna sé ekki minni en 4 $mm^2$,
- að spennar séu ekki stærri en 300 VA.
- að lagnir liggi ekki á auðbrennanlegu efni.

3. **Hönnun og yfirstraumsvarnir.**

3.1 Lagnir skulu vera skammhlaups og yfirálagsvarðar í samræmi við almenn ákvæði gr. 302. Gildleiki lagna skal samsvara álagi greina og þess gætt, að lögnum sé hæfilega skipt niður á greinar.

3.2 Tryggja skal, að vör eða annar varnarbúnaður leysi út við skammhlaup hvar sem er í lögninni, áður en skaðleg hitamyndun á sér stað.
*Ath: Þegar smáspennulögn er tilkynnt til úttektar, skulu fylgja útreikningar á skammhlaupsþoli raflagnarinnar eða staðfesting á því, að varbúnaður hennar leysi út við skammhlaup.*

**Endurprentað blað.**

3.3 Yfirstraumsvörnin má vera á forvafshlið spennis, ef tryggt er, að smáspennulögnin sé þar með varin gegn yfirstraumi.
*Ath: Nauðsynlegt er að velja rétta varstærð því að of stórt var verndar ekki smáspennulögnina.*
Yfirstraumsvörnin getur að öðru leyti verið útfærð sem skammhlaupsvörn á forvafshlið og yfirálagsvörn á bakvafshlið.

3.4 Í tvíleiðara smáspennulögnum er nægjanlegt að aðeins annar leiðarinn sé yfirstraumsvarinn, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt:
- yfirstraumsvörn (smáspennulagnarinnar) innbyggð í spenninn eða viðbyggð við hann,
- tryggt sé, að skammhlaup eða útleiðsla til jarðar geti ekki átt sér stað framan við yfirstraumsvörnina.

*Ath: Þetta þýðir í raun tvöfalda einangrun.*

3.5 Ef notuð eru vör til varnar lögnum, má auk venjulegra smáspennuvara, nota smávör í samræmi við IEC staðal nr. 127 eða samsvarandi vör (t.d. bílvör skv. ISO / DIS staðli nr. 8820-1). Vörin skulu hafa nægilega rofgetu.

**4. Fyrirkomulag.**

4.1 Vör og svipaður varnarbúnaður skal vera á aðgengilegum stað.
Leyfilegt er að hafa slíkan búnað yfir fölsku lofti, ef vör eru innbyggð í spenninn eða viðbyggð við hann.

Nauðsynlegt er og skylt að haga þannig frágangi, að auðvelt sé að komast að búnaðinum. Í slíkum tilvikum skal vera merking eða skilti á sýnilegum stað, þar sem fram kemur, hvar vör eru yfir fölskum loftum.
Á öðrum stöðum skulu vör og annar varnarbúnaður í smáspennulögn raflagna vera innbyggður í spenninn eða viðbyggður við hann eða festur á öruggan hátt.
*Ath: Ekki er leyfilegt að tengja laus smávör o.þ.h. við raflögn.*

4.2 Ef óljóst er, hvaða vör (o.þ.h.) og lagnir eiga saman, skal setja merkingu um slíkt við vörin.

4.3 Spennar o.þ.h. ofan við fölsk loft eða á svipuðum stöðum mega ýmist vera fasttengdir eða laustengdir en þó festir á öruggan hátt.

**5. Ofhitnun.**

5.1 Lampar og fylgibúnaður þeirra skal vera þannig settur að hætta á skaðlegri hitun þeirra eða næsta umhverfi sé útilokuð.

Reglugerð þessi, um breyting á reglugerð um raforkuvirki nr. 264, 31. desember 1971, er sett skv. lögum um Rafmagnseftirlit ríkisins, nr. 60, 31. maí 1979, til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Iðnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Kristmundur Halldórsson.*

# AUGLÝSING

**um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í desembermánuði 1991.**

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í desembermánuði 1991 verið ákveðið sem hér segir:

| | |
|---|---|
| 1. Afurðir deildar fyrir unnar botnfiskafurðir: | Innborgun 1,5% |
| 2. Afurðir deildar fyrir óunnar botnfiskafurðir: | Innborgun 1,5% |

Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 25. nóvember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*

Nr. 544 19. nóvember 1991

# REGLUGERÐ

**um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá.**

1. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs skal senda heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu. Umsóknareyðublöð fást í ráðuneytinu. Útfyllt umsóknareyðublað (í fjórriti) á að fylgja umsókn. Ráðuneytið áritar öll eintökin og tölusetur hverja umsókn við móttöku og fær umsækjandi eitt eintakið.

Með umsókn um skráningu sérlyfs skal fylgja skráningargjald, sbr. ákvæði reglugerðar um skráningargjald og árgjald sérlyfja á sérlyfjaskrá, sem í gildi er hverju sinni. Gjaldið er óendurkræft þótt umsókn sé hafnað.

Fylgiskjöl með umsókn skal senda í einu eintaki.

Útfyllt eyðublað yfir innihaldsefni lyfsins skal fylgja umsókninni.

Sýnishorn af lyfinu (eitt eintak), merkimiðum og/eða innri og ytri umbúðum lyfsins (tvö eintök) fyrir hverja pakkningastærð, sem sótt er um skráningu á, skulu fylgja umsókninni.

2. gr.

Hver umsókn gildir aðeins fyrir eitt sérlyf í einu lyfjaformi og einum styrkleika. Ef sótt er um skráningu á tveimur eða fleiri formum eða styrkleikum sérlyfs, skal vísa til eldra (elsta) umsóknarnúmers sama lyfs, enda verði hin ýmsu lyfjaform sérlyfs skráð einu heiti í sérlyfjaskrá og undir elsta umsóknarnúmeri viðkomandi lyfs.

3. gr.

Norrænar leiðbeiningar um umsóknir um skráningu sérlyfja, Drug applications, Nordic guidelines, NLN Publication No 24, Nordic Council on Medicines (Norræna lyfjanefndin) 1989 og Drug applications, Medicines for veterinary use, Nordic guidelines, NLN Publication No 27, Nordic Council on Medicines (Norræna lyfjanefndin) 1989, eru í gildi hér á landi, sbr. auglýsingu nr. 545/1991 um leiðbeiningar um umsóknir um skráningu sérlyfja.

Þegar umsókn um skráningu sérlyfs er lögð fram, á hún að innihalda öll gögn, er varða umsóknina. Síðari viðbætur byggjast á niðurstöðum nýrra rannsókna eða athugana.

**Endurprentað blað.**

Mikilvægt er, að frágangur umsóknargagna sé í samræmi við framangreindar norrænar leiðbeiningar.

Krafist er samantekta fyrir kafla II (Gögn er varða efnafræði og lyfjagerðarfræði), kafla III (Gögn er varða eiturefnafræði og lyfjafræði dýra) og kafla IV (Gögn er varða lyfjafræði manna og klínískt notagildi (um dýralyf: Gögn er varða klínískt notagildi)) í NLN Publication No 24 og NLN Publication No 27. Þessar samantektir eru mikilvægur hluti umsóknargagnanna. Þær eiga að fjalla um öll meginatriði umsóknarinnar með tilvitnunum í heimildir á heimildalista. Heimildalistinn er listi yfir allar heimildir, prentaðar ritgerðir, bækur, skýrslur eigin rannsóknastofa, o.s.frv., er mynda þær upplýsingar, sem umsóknin er byggð á.

4. gr.

Umsókn um skráningu sérlyfs á að innihalda þær upplýsingar, sem taldar eru upp í köflum II, III og IV í NLN Publication No 24 og NLN Publication No 27, sbr. 3. gr. Auk þess á umsóknin að innihalda eftirfarandi almennar upplýsingar, sem fylgja skulu á sér blaði með umsóknareyðublaði:

- nafn sérlyfsins
- lyfjaform og styrkleiki
- heiti og magn virkra innihaldsefna
- stutt lýsing á eiginleikum lyfsins
- tillaga á íslensku að texta um lyfið í sérlyfjaskrá svo og tillaga að notkunarleiðbeiningum, ef við á, þ.m.t. áletrun á lausasölulyf
- geymsluþol og geymsluaðstæður hvers lyfjaforms/styrkleika
- framleiðandi lyfsins
- pakkningastærðir, gerð umbúða og verð lyfsins (innkaupsverð, fob eða cif eða heildsöluverð)
- ákvæði um nýtingu afurða dýra eftir lyfjagjöf, þegar um dýralyf er að ræða og slíkt á við.

5. gr.

Sækja skal um viðurkenningu á hvers konar breytingum á skráðum sérlyfjum með umsókn svo og um framlengda skráningu sérlyfja, sem hafa verið skráð með nánar tilgreindum tímamörkum. Með slíkum umsóknum skulu fylgja gögn er varða umbeðnar breytingar eða til stuðnings framlengdri skráningu lyfs. Ekkert skráningargjald er fyrir slíkar umsóknir.

6. gr.

Öll gögn, er fylgja umsókn um skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá, skulu vera greinileg og auðlæs.

Lyfjanefnd getur óskað eftir fyllri gögnum varðandi umsókn um skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá.

Lyfjanefnd getur hafnað umsókn um skráningu sérlyfs á sérlyfjaskrá, ef umsóknargögn eru ófullkomin.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. gr. 2. tl. lyfjalaga nr. 108/1984 og öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt falla þá úr gildi reglugerð um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 451 31. desember 1976 með áorðnum breytingum og reglugerð um skráningu innlendra sérlyfja nr. 334 19. júlí 1979 með áorðnum breytingum.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson**

*Páll Sigurðsson*

# AUGLÝSING

**um leiðbeiningar um umsóknir um skráningu sérlyfja.**

1. gr.

Norrænar leiðbeiningar um umsóknir um skráningu sérlyfja, Drug applications, Nordic guidelines, NLN Publication No 24, Nordic Council on Medicines (Norræna lyfjanefndin) 1989 og Drug applications, Medicines for veterinary use, Nordic guidelines, NLN Publication No 27, Nordic Council on Medicines (Norræna lyfjanefndin) 1989, gilda hér á landi frá og með 1. janúar 1992.

2. gr.

Um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá vísast að öðru leyti til ákvæða reglugerðar um skráningu sérlyfja á sérlyfjaskrá nr. 544/1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið 19. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

Nr. 546 27. nóvember 1991

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Mosfellsbæjar.**

I. KAFLI

1. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar selur afnot hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð í Mosfellsbæ og til þeirra húsa, sem fá vatn frá aðfærsluæð, eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari sbr. og reglugerð fyrir Hitaveitu Mosfellsbæjar.

2. gr.

Hitaveita Mosfellsbæjar lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, er ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar.

3. gr.

Vatnsmagn það sem látið er í té samkvæmt 1. og 2. grein er afhent notanda um rennslismæli sem hitaveitan leggur til og annast viðhald á. Mælir þessi skal innsiglaður og er húseiganda/notanda með öllu óheimilt að rjúfa innsigli mælisins.

Hitaveitan mun þó í sérstökum tilfellum afhenda vatnið um stillanlegan hemil, og þá einungis þar sem rennslismæli verður ekki við komið og miðast þá gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við það hámark sem hemillinn er stilltur fyrir.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils. Hitaveitan breytir stillingu hemils eftir óskum húseiganda fyrstu tvo mánuði, sem hús hans er tengt við hitaveitukerfið, en síðar verður hemilstillingu að jafnaði einungis breytt einu sinni á ári, 1. desember ár hvert. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þótt orkunotkun verði minni hluta úr ári.

## II. KAFLI

### 4. gr.

Gjald fyrir afnot af heita vatninu er sem hér segir:

1. Heitt vatn um rennslismæli:

| | | |
|---|---|---|
| A. Fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. | 45,20 |
| Auk þess greiðist mælaleiga fyrir hvern mánuð sem hér segir: | | |
| A. Mælir allt að ¾ tommu | kr. | 418,00 |
| B. Mælir 1 tomma til 2 tommur | kr. | 878,00 |
| C. Mælir 3 tommur eða stærri | kr. | 1 757,00 |

2. Heitt vatn um hemil:

| | | |
|---|---|---|
| A. Fastagjald á mánuði fyrir hvern aðalhemil | kr. | 390,00 |
| B. Vatnsgjald | kr. | 980,00 |
| á mánuði fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils, sem skiptist þannig: | | |
| Flutningsgjald | kr. | 328,00 |
| Vatnsgjald | kr. | 652,00 |

### 5. gr.

Hitaveitugjöld skv. 4. gr. verða krafin annan hvern mánuð, og skulu þau greiðast til innheimtumanns eða innheimtustofnunar, sem bæjarstjóri ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

## III. KAFLI

### 6. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Mosfellsbæjar skal vera sem hér segir, fyrir eina heimæð.

| Rúmmál húss. (utanmál m³) | | Heimæðargjald |
|---|---|---|
| Allt að 600 m³ | kr. | 171 300,00 |
| 600– 2 000 m³ | kr. | 171 300,00 fyrir 600 m³ + 106,46 pr. m³ þar yfir |
| 2 000– 6 000 m³ | kr. | 320 300,00 fyrir 2 000 m³ + 92,13 pr. m³ þar yfir |
| 6 000–10 000 m³ | kr. | 688 800,00 fyrir 6 000 m³ + 80,61 pr. m³ þar yfir |
| Meira en 10 000 m³ | kr. | 1 011 200,00 fyrir 10 000 m³ + 70,09 pr. m³ þar yfir |

Heimæðargjald skal greiðast áður en heimæð tengist hitakerfi hússins, samkvæmt þágildandi gjaldskrá.

Nú eru fleiri en eitt hitunarkerfi í húsinu með sérstökum hemlum eða mælum frá hitaveitunni og skal þá greiða kr. 14 280,00 aukalega fyrir hvern mæli/hemil.

### 7. gr.

Hitaveitu Mosfellsbæjar er heimilt að hækka eða lækka gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari í sama hlutfalli og vísitala byggingarkostnaðar.

Hitaveitan skal skv. 3. gr. laga nr. 64/1943 auglýsa í Lögbirtingablaði gildandi verð skv. gjaldskrá þessari á hverjum tíma.

### 8. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunefnd heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð húseiganda, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með 3 daga fyrirvara.

Allan kostnað við lokun og opnun á ný greiðir sá, sem í vanskilum er kr. 1 286,00 í hvert skipti.

11. gr.

Eftirlitsmanni Hitaveitu Mosfellsbæjar skal, hvenær sem er, frjáls aðgangur að öllum hitakerfum, sem tengd eru við hitaveituna. Er húseiganda skylt að hlíta tafarlaust fyrirmælum hans um viðgerðir á bilunum og sérhverjum ráðstöfunum til varnar gegn misnotkun á heita vatninu.

Gjaldskrárbreyting þessi, sem samþykkt er af bæjarstjórn Mosfellsbæjar, staðfestist hér með samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. desember 1991 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 18, 22. janúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 27. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Árni Þ. Árnason.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 547 26. nóvember 1991

# REGLUGERÐ

**um hækkun bóta almannatrygginga.**

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í nóvembermánuði 1991 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 20% tekjutryggingarauka í desember 1991.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

**um jöfnunartoll á innfluttar kökur.**

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af kökum, sem flokkast í tnr. 1905.9040 í viðauka I við tollalög nr. 55/1987, með áorðnum breytingum. Jöfnunartollur skal vera 38 kr. fyrir hvert kílógramm.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkisjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. desember 1991 og skal hún gilda til 31. maí 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 29. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

20. nóvember 1991 Nr. 549

# AUGLÝSING

**um umferð í Mosfellsbæ.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Miðholt gagnvart Markholti.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. desember 1991.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. nóvember 1991.*

**Böðvar Bragason.**



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um merki á skólabifreiðum, nr. 279 29. maí 1989.**

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 1. gr. komi ný málsgrein sem orðist svo:

Lögreglustjóri getur veitt undanþágu frá notkun merkis fyrir skólabifreið, ef akstursleiðir bifreiðar eru þannig að farþegum er einungis hleypt inn eða út utan alfaravegar og skólanefnd mælir með.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt 60. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. nóvember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 551 21. nóvember 1991

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um sölu- og veitingar áfengis, nr. 425 8. september 1989.**

1. gr.

2. málsl. 2. mgr. 9. gr. falli brott.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt áfengislögum, nr. 82 2. júlí 1969, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 21. nóvember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 552 20. nóvember 1991

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á Gnoðarvog við Engjaveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 18. desember 1991.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. nóvember 1991.*

**Böðvar Bragason.**

**Stjórnartíðindi B 62, nr. 548–552. Útgáfudagur 2. desember 1991.**

# REGLUGERÐ

**um bólusetningu sauðfjár og geita til varnar garnaveiki.**

1. gr.

Bólusetning til varnar garnaveiki skal framkvæmd á öllum ásetningslömbum og ásetningskiðum ár hvert á landinu öllu, að undanteknum eftirtöldum svæðum: Hofshreppur, Austur-Skaftafellsýsla, Vestur-Skaftafellssýsla, Vestfjarðakjálki norðan varnargirðingar úr Gilsfirði í Bitrufjörð, Austfjarðahólf milli Lagarfljóts og Reyðarfjarðar og Héraðshólf milli Jökulsár á Brú og Lagarfljóts.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal bólusetja í Reykjarfjarðarhreppi í Norður-Ísafjarðarsýslu.

2. gr.

Bólusetning skal fara fram á tímabilinu 15. september til 31. desember ár hvert.

Bólusetja skal aftast í snögga blettinn við hægri olnboga. Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal að öðru leyti veita nauðsynlegar upplýsingar um framkvæmd bólusetningar og meðferð fjár að henni lokinni.

3. gr.

Sýslumenn eða lögreglustjórar skulu, hver í sínu umdæmi og í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd, skipa eftirlitsmenn með framkvæmd bólusetningarinnar. Starfið er uppsegjanlegt af beggja hálfu með þriggja mánaða fyrirvara miðað við 15. september ár hvert. Skipun framlengist sjálfkrafa til eins árs í senn, ef hvorugur segir upp.

Eftirlitsmenn skulu í samráði við sveitarstjórnir (bæjarstjórnir) útnefna bólusetningarmenn, einn til tvo í hverjum hreppi eða bæjarfélagi. Heimilt skal að ráða fleiri bólusetningarmenn, ef bólusettir eru margir aldursflokkar sauðfjár sama ár t.d., þegar bólusetning er hafin á nýju svæði. Einnig er heimilt að sami maður bólusetji fé í fleiri hreppum, ef hentara þykir að dómi eftirlitsmanns.

4. gr.

Eftirlitsmenn skulu hlutast til um, að nægilegt bóluefni sé ætíð fyrir hendi, þegar bólusetning skal fara fram, einnig viðhlítandi útbúnaður til bólusetningar.

5. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt í samráði við eftirlitsmenn, að láta bólusetningarmenn framkvæma skoðun á bólusettu saufé og geitum til könnunar á árangri bólusetningar um það bil mánuði eftir bólusetningu. Komi í ljós, að eigi séu finnanleg merki eftir fyrri bólusetningu, skal bólusetja á ný svo fljótt sem verða má.

Eftirlitsmenn skulu safna skýrslum frá bólusetningarmönnum um framkvæmd bólusetningar og endurbólusetningar og senda þær sauðfjársjúkdómanefnd að því loknu.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

6. gr.

Nú hefur eigandi af einhverjum ástæðum ekki látið bólusetja ásetningslömb eða kið, sem skylt er að bólusetja innan tilskilins tíma og skal þá oddviti (bæjarstjóri) gera eftirlitsmanni aðvart. Skal þá eftirlitsmaður í samráði við lögreglustjóra gera ráðstafanir til þess að féð verði bólusett á kostnað eigenda eða umráðamanna, eins fljótt og við verður komið.

7. gr.

Þóknun fyrir starf eftirlitsmanns skal greiða að hálfu úr sveitarsjóði (bæjarsjóði) og að hálfu úr ríkissjóði.

Sauðfjársjúkdómanefnd ákveður þóknun til eftirlitsmanna og úrskurðar ferðakostnaðarreikninga þeirra. Bóluefni, útbúnað til bólusetningar og kaup bólusetningarmanna skal greiða úr viðkomandi sveitarsjóði (bæjarsjóði), en þeim kostnaði má síðan deila niður á fjáreigendur í hlutfalli við bólusett fé.

8. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðarinnar varða refsingu samkvæmt lögum nr. 23/1956. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 44. gr. laga nr. 23/1956, með síðari breytingum og lögum nr. 77/1981, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 414 22. nóvember 1976 um bólusetningu sauðfjár til varnar garnaveiki og reglugerð nr. 418 18. október 1990 um breytingu á henni.

*Landbúnaðarráðuneytið, 15. nóvember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

Nr. 554 25. nóvember 1991

# AUGLÝSING

## um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar í Mosfellsdal.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Mosfellsbæjar (áður Mosfellshrepps) 1983–2003. Breytingin tekur til hluta Mosfellsdals og afmarkast skipulagssvæðið til norðurs af 100 m hæðarlínu í suðurhlíðum Mosfells, til austurs af 100 m hæðarlínu í vesturhlíðum Grímannsfells og beint í norður um Jónstótt og bæinn Laxnes og áfram þaðan í norðvestur. Skammadalsvegur frá þjóðvegi að ármótum Suðurár og Markalækjar og þaðan beint í austur er afmörkun skipulagssvæðisins til suðurs, en ármót Suðurár og Köldukvíslar og bein stefna þaðan í norður og suður afmarkar svæðið til vesturs.

Uppdráttur og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Mosfellsbæjar.

*Umhverfisráðuneytið, 25. nóvember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

# GJALDSKRÁ

**Rafveitu Stokkseyrar.**

**I. Gjaldskrárliðir.**

Rafveita Stokkseyrar selur raforku á þann hátt og við því verði sem hér segir:

*A.1. Almenn notkun.*

Öll almenn notkun, svo sem heimilisnotkun, lýsing, smávélanotkun og öll önnur notkun ótalin annars staðar.

| | Án vsk. | Með vsk. | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,65 | 8,28 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

*A.2. Vinnuljósanotkun.*

Öll skammtímanotkun og notkun til vinnuvéla, vinnuljósa og annars við mannvirkjagerð, svo og við breytingar á eldri mannvirkjum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 9,97 | 12,41 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

*A.3. Utanhússlýsing.*

Öll sérmæld utanhússlýsing.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 6,65 | 8,28 | kr/kWst |
| Fastagjald 1 x F1 | 3 390,00 | 4 220,55 | kr/ári |

*A.4. Sumarbústaðanotkun.*

Öll notkun í sumarbústöðum og sumarbúðum.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald v/húshitunar | 4,12 kr/kWst | | |
| Fastagjald 4 x F1 | 13 560,00 | 16 882,20 | kr/ári |

*B.1. Aflmæling.*

Öll meiriháttar véla- og iðnaðarnotkun.

Lágmarksafl 20 kW.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 2,11 | 2,63 | kr/kWst |
| Aflgjald | 9 530,00 | 11 864,85 | kr/kW/ári |

*C.1. Rofin daghitun.*

Rafhitun með roftíma allt að 2x1,5 klukkustundir á dag.

| | | | |
|---|---|---|---|
| Orkugjald | 3,31 | 4,12 | kr/kWst |
| Fastagjald F3 | 12 800,00 | 15 936,00 | kr/ári |

*Mælaleiga.*

Notendum er gefinn kostur á að leigja mælitæki til innra uppgjörs og skal leiga fyrir mælitækin vera sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Einfasa mælar kr/ári | 648,00 | 806,76 |
| Þrífasa mælar kr/ári | 2 550,00 | 3 174,75 |

Gjald fyrir önnur mælitæki en að framan greinir, tekur mið af ofangreindu verði, þó aldrei lægra en sem nemur 15% af verðmæti þeirra, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar hverju sinni.

*Innheimta og lokun.*

*Innheimtugjald:*

Gjald til greiðslu kostnaðar við vanskilainnheimtu og undirbúning að lokun er . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 830,00 1 033,35 kr

*Lokunargjald:*

Gjald fyrir lokun og enduropnun veitu vegna vanskila er . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1 650,00 2 054,25 kr

## II. Skilgreiningar og ýmis ákvæði.

*1. Utanhússlýsing.*

Veitan sér um uppsetningu utanhússlýsingarkerfa samkvæmt ósk notenda, sem greiða allan stofnkostnað.

Allt eðlilegt viðhald lýsingar annast veitan á sinn kostnað.

*2. Aflgjaldsmæling.*

Liður í B.1 er fyrir heildarmælingu á allri notkun og verða ekki aðrir liðir, svo sem A.1, veittir samhliða. Heimilt er þó að mæla rafhitun sérstaklega.

Aflgjald sé ákveðið samkvæmt mælingu miðað við 15 mín. meðalgildi afls. Gjaldskylt afl hvers almanaksárs er meðaltal fjögurra hæstu mánaðargilda. Álestur fari að jafnaði fram í lok hvers mánaðar.

Lágmarksgjald sé miðað við 20 kW afl. Notanda með lægra meðalgildi afls er þó heimilt að kaupa raforku samkvæmt lið B.1, enda greiði hann þá lágmarksaflgjaldið.

*3. Véla- og tækjanotkun.*

1. Ef úttekið launafl hjá notanda nemur meiru en 50% af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mín. meðalgildi afls, skal hann gera ráðstafanir á sinn kostnað til þess að færa það niður í framangreint hlutfall. Veitan getur krafið notanda um sérstakt gjald fyrir launafl sé framangreint hlutfall yfir 50% (Cos undir 0,9), þar til úr hefur verið bætt. Gjald fyrir launafl umfram framangreint hlutfall skal nema hálfu aflgjaldi skv. lið B.1 í gjaldskrá.
2. Heimilt er að banna notkun rafsuðuspenna og annarra tækja, er valda tilfinnanlegum truflunum, um lengri og skemmri tíma eftir aðstæðum hverju sinni.

*4. Takmörkun á vali gjaldskrárliða o.fl.*

Þegar um sérstakar aðstæður er að ræða, svo sem tímabundna notkun mikils afls, eða notkun einstakra aflfrekra raftækja, getur veitan takmarkað val notanda við ákveðna gjaldskrárliði eða gert sérstaka samninga um skilyrði fyrir tengingu. Þar sem flutningsgeta og/eða spennaafl er takmarkað, áskilur veitan sér rétt til þess að gefa ekki kost á gjaldskrárliðum, þar sem orkugjald er lágt og/eða orkunotkun mikil.

*5. Annað.*

Virðisaukaskattur 24,5% leggst á alla gjaldskrárliði nema orkugjöld til húshitunar í liðum A.4 og C.1 og fastagjald F3. Gjaldskrárverð breytist til samræmis við þær breytingar, sem kunna að verða gerðar á virðisaukaskatti.

## III. Heimtaugagjöld.

Heimtaugagjaldskrá veitunnar er sem hér segir:

1.1 Veitustjóri ákvarðar stærð og gerð heimtauga eða spennustöðva fyrir hverja húsveitu.

1.2 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfið. Heimtaugargjaldið skal greitt áður en tenging fer fram.

1.3 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar og bráðabirgðaheimtaugar.
1.4 Aðalheimtaugar.
Gjöld fyrir aðalheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | Án vsk. | Með vsk. |
|---|---|---|
| 63 A | 65 819,00 | 81 944,65 kr |
| 100 A | 100 658,00 | 125 319,20 kr |
| 200 A | 242 219,00 | 301 562,65 kr |
| 315 A | 383 229,00 | 477 120,10 kr |
| 400 A | 526 664,00 | 655 696,70 kr |
| 710 A | 913 185,00 | 1 136 915,35 kr |
| 1200 A | 1 579 883,00 | 1 966 954,35 kr |

Málstraumur heimtauga miðast við stærð stofnvara húsveitu.

1.5 Bráðabirgðaheimtaugar.
Gjöld fyrir bráðabirgðaheimtaugar eru eftirfarandi:

| Málstraumur | | |
|---|---|---|
| 63 A | 11 245,00 | 14 000,05 |
| 100 A | 15 655,00 | 19 490,50 |

Yfirlengdargjald

| Málstraumur | | |
|---|---|---|
| 63 A | 1 235,00 | 1 537,60 kr/5m |
| 100 A | 1 544,00 | 1 922,30 kr/5m |

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu.
Yfirlengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug að stofnvarskassa í húsveitu.
1.6 Leita skal samþykkis veitunnar um staðsetningu inntaks heimtaugar. Óski eigandi húsveitu eftir, að heimtaug sé lögð, þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.
1.7 Sé fyrirsjáanlegt vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun veitunnar.
1.8 Sé nauðsynlegt að setja spennistöð, að mestu eða öllu leyti fyrir einn notanda, skal hann leggja til lóð eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi veitunnar, með hliðsjón af tæknilegum aðstæðum hverju sinni.
Þegar lóð er lögð til, er það gert veitunni að kostnaðarlausu og hlíta ber skilmálum hennar um stærð og staðsetningu stöðvarinnar.
Húsnæðisaðstaðan skal fullnægja þeim kröfum sem gerðar eru um húsnæði til þessara nota. Húsnæðið, – uppsteypt – er lagt til veitunni að kostnaðarlausu, en hún sér um allan kostnað við fullnaðarfrágang húsnæðis eftir samkomulagi þar um, hverju sinni.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. nóvember 1991, með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 506, 31. október 1991, og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 338, 4. júlí 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 19. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að

1. Vallarstræti verði lokað fyrir bílaumferð og breytt í göngugötu.
2. Beygjur úr Lækjargötu inn í Austurstræti verði bannaðar. Ennfremur verði U-beygjur á Lækjargötu við Austurstræti og Bankastræti bannaðar.
3. Bifreiðastöður verði bannaðar í Austurstræti að norðanverðu milli Lækjargötu og Pósthússtrætis.

Ákvörðun þessi tekur gildi þegar Austurstræti hefur verið opnað fyrir umferð bifreiða frá Lækjargötu að Pósthússtræti.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. nóvember 1991.*

**Böðvar Bragason.**

Nr. 557 18. nóvember 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Hafnarfirði.**

1. gr.

Árlegt gjald til að halda hund í lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðar, sbr. b lið 2. gr. samþykktar um hundahald í Hafnarfirði nr. 515 23. október 1991, skal vera kr. 8 000,00.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. janúar ár hvert.

2. gr.

Gjald vegna skráningar hunds, sbr. 3. gr. samþykktarinnar, skal vera kr. 5 000,00.

3. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 6. gr. samþykktarinnar, skal vera kr. 5 000,00 í fyrsta og annað skipti og kr. 8 000,00 þriðja skipti og oftar.

4. gr.

Um vexti af vangreiddum leyfisgjöldum gilda almennar reglur.

5. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Hafnarfjarðar staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til að öðlast gildi þegar við birtingu.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Árlegt gjald sbr. 1. gr. og skráningargjald sbr. 2. gr. verður ekki innheimt á árinu 1991 nema sem svarar til tryggingariðgjalds til 31. desember 1991.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 18. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um (áttundu)breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.**

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, nr. 30/1983, skal almennur afgreiðslutími Akraness Apóteks vera sem hér segir:

Mánudaga – föstudaga kl. 09-18
Laugardaga kl. 10-13
Sunnudaga og helgidaga kl. 13-14

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

25. nóvember 1991 Nr. 559

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi Sandgerðis.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest endurskoðaðan uppdrátt og greinargerð aðalskipulags Sandgerðis 1987–2007.

Uppdráttur þessi og greinargerð hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Sandgerðis.

*Umhverfisráðuneytið, 25. nóvember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

26. nóvember 1991 Nr. 560

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 23. október 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2009 frá 30. nóvember 1990 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á svæðinu milli Hlíðarbrautar og Bugðusíðu, frá Austursíðu að lóð Glerárkirkju, sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreind sem miðhverfi blandað almennri atvinnustarfsemi, verður miðhverfi.

*Umhverfisráðuneytið, 26. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á staðfestu skipulagi skólasvæðis í Þykkvabæ.**

Samkvæmt ósk sveitarstjórnar Djúpárhrepps hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 25. september 1991 staðfest breytingu á skipulagi skólasvæðis í Þykkvabæ frá 13. maí 1969 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir nýjum skóla suð-austan núverandi skóla/félagsheimilis og fyrirhugaður íþróttavöllur þar fyrir sunnan minnkaður. Ennfremur er ekki reiknað með íbúðarhúsi austan núverandi skóla og félagsheimilis.

*Umhverfisráðuneytið, 26. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 562 25. nóvember 1991

# AUGLÝSING

**um breytingu á aðalskipulagi Búlandshrepps 1989–2009.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búlandshrepps 1989–2009.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á ásnum austan við Borgarblá breytist úr opnu svæði í svæði fyrir opinbera stofnun (kirkju).

Breytingin hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykkt af sveitarstjórn Búlandshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Umhverfisráðuneytið, 25. nóvember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 563 25. nóvember 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi Ólafsfjarðar 1990–2010.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest aðalskipulag Ólafsfjarðar 1990–2010.

Uppdráttur ásamt greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem mælt er fyrir um í skipulagslögum nr. 19/1964 og samþykki bæjarstjórnar Ólafsfjarðar og Skipulagsstjórnar ríkisins.

Jafnframt fellur úr gildi aðalskipulag Ólafsfjarðar 1978–1998 sem staðfest var 4. maí 1979.

*Umhverfisráðuneytið, 25. nóvember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á aðalskipulagi við Hafralækjarskóla, Aðaldælahreppi.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19, 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest uppdrátt að aðalskipulagi að því er tekur til þéttbýliskjarna við Hafralækjarskóla í Aðaldælahreppi.

Aðalskipulag þetta hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og verið samþykkt af Skipulagsstjórn ríkisins og sveitarstjórn Aðaldælahrepps.

*Umhverfisráðuneytið, 25. nóvember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

26. nóvember 1991 Nr. 565

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Akureyrar.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Akureyrar hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 23. október 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Akureyrar 1990–2001 frá 30. nóvember 1990 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóð nr. 23 (áður nr. 23 og 25) við Kaupvangsstræti, sem í gildandi aðalskipulagi er skilgreind sem óbyggt svæði/útvistarsvæði, verður miðbæjarsvæði.

*Umhverfisráðuneytið, 26. nóvember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

21. nóvember 1991 Nr. 566

# GJALDSKRÁ

**vegna hundahalds í Húsavíkurkaupstað 1992.**

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Húsavíkurkaupstað, sbr. 2. gr. c staflið samþykktar frá 21. nóvember 1991, skal vera kr. 7 000,00 á árinu 1992.

Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 1. maí, eindagi er 1. júlí.

Innifalið í leyfisgjaldinu er hundahreinsunargjald.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 3. gr. samþykktarinnar skal vera kr. 3 000,00 í fyrsta skipti, en síðan hækkar það í kr. 6 000,00 ef til handsömunar kemur aftur.

3. gr.

Um vexti af vangreiddum gjöldum skv. gjaldskrá þessari gilda almennar reglur.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Húsavíkur skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, staðfestist hér með, með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 567 21. nóvember 1991

# SAMÞYKKT

## um hundahald á Húsavík.

1. gr.

Hundahald í Húsavíkurkaupstað sætir þeim takmörkunum sem getið er um í samþykkt þessari.

2. gr.

Hundahald er háð leyfi bæjarstjórnar sem getur veitt lögráða einstaklingum, búsettum í kaupstaðnum, leyfi til hundahalds að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

a) Leyfið er bundið við nafn og heimili lögráða einstaklings og er óheimilt að framselja það.

b) Hundurinn skal skráður á skrifstofu heilbrigðiseftirlits Norðurlands eystra, og þar fær eigandi hundsins afhenta merkta plötu, sem hundurinn skal ávallt bera um hálsinn.

c) Árlega skal bæjarsjóði greitt gjald fyrir þá hunda, sem leyfi er veitt fyrir samkvæmt sérstakri gjaldskrá sem heilbrigðismálaráðherra staðfestir. Við ákvörðun gjaldsins, árlega, skal taka mið af kostnaði við framkvæmd samþykktar þessarar. Gjaldið skal greitt í fyrsta sinn við skráningu hundsins og síðan árlega fyrirfram með gjalddaga 1. maí. Hafi gjaldið eigi verið greitt innan tveggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið úr gildi.

d) Skylt er hundaeiganda að hafa hund sinn ábyrgðartryggðan hjá viðurkenndu tryggingarfélagi. Við greiðslu árgjalds skal leggja fram kvittun frá tryggingarfélaginu er sýni að tryggingin sé í fullu gildi.

e) Hundurinn skal aldrei ganga laus á almannafæri, heldur vera í taumi í fylgd aðila, sem hefur fullt vald yfir honum. Eigi er leyfilegt að fara með hunda í matvöruverslanir eða aðra staði þar sem matvæli eru höfð um hönd. Sama gildir um aðrar verslanir í kaupstaðnum. Bannað er að fara með hunda inn í sjúkra- og skólahús og dagvistar- og dvalarheimili hvers konar, leikhús, félagsheimili, kvikmyndahús, sundlaug og önnur íþróttahús, hótel og gististaði. Bannað er að fara með hund inn á skipulögð leiksvæði barna.

f) Hundaeigandi skal gæta þess vel að hundur hans valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði. Eiganda er skylt að fjarlægja saur eftir hundinn.

g) Ef sótt er um leyfi til að halda hund í fjölbýlishúsi, skal skriflegt samþykki allra íbúðareigenda í sama stigagangi fylgja umsókn. Sé um að ræða raðhús eða parhús skal samþykki aðliggjandi íbúða (íbúðar) fylgja umsókn. Í fjölbýlishúsi þar sem sérinngangur fylgir íbúðum, þarf samþykki allra íbúðareigenda. Afla skal samþykkis nýrra íbúðareigenda í húsum þar sem hundur er fyrir. Íbúðareigendur geta skriflega afturkallað samþykki sitt. Við afturköllun samþykkis, eða synjun nýrra íbúðareigenda skal heilbrigðiseftirlitið gefa hundaeiganda hæfilegan frest til að finnan hundinum annan samastað.

h) Hundaeigendum ber auk þess að hlíta lögum og reglum er hundahald varða þ.á m. reglum um árlega hreinsun hunda og greiðslu hundaskatts, svo og fyrirmælum er heilbrigðisnefnd setur.

i) Eigendum hunda sem grunaðir eru um að vera smitberar, er skylt að hlíta því að hundar þeirra séu rannsakaðir, sé þess óskað af heilbrigðisfulltrúa, lækni eða dýralækni.

j) Skráðum bændum er heimilt að halda einn hund án greiðslu, einnig er heimilt að halda viðurkennda veiðihunda án greiðslu, enda uppfylli þeir, að öðru leyti, öll ákvæði samþykktar þessarar svo sem um tryggingar- og hreinsunarskyldu.

3. gr.

Við brot á samþykkt þessari skal fjarlægja viðkomandi hund. Eiganda hundsins er skylt að leysa hann úr vörslu gegn greiðslu alls kostnaðar vegna brotsins, samkvæmt gjaldskrá sem staðfest er af heilbrigðismálaráðherra. Bæjarstjórn er heimilt að afturkalla viðkomandi undanþágu.

Sé hunds ekki vitjað innan tveggja daga frá því að eiganda var tilkynnt um handsömun hans, má aflífa hundinn, enda sé eiganda gert ljóst hvað vanræksla á að vitja hundsins getur haft í för með sér. Aldrei er skylt að geyma skráða hunda lengur en tíu daga frá handsömun. Heimilt er að aflífa hundinn að þeim tíma liðnum. Kostnaður greiðist af eiganda. Hættulega og óleyfilega hunda og þá hunda sem ganga lausir utan húss, skal handsama og færa í geymslu. Heimilt er að lóga hættulegum hundum þegar í stað af þar til kvöddum yfirvöldum.

Handsömun á óskráðum hundi skal auglýst tryggilega, t.d. í útvarpi eða blöðum. Sé hunds ekki vitjað innan tíu daga má aflífa hann. Komi síðar í ljós hver átti hundinn má krefja eiganda um greiðslu kostnaðar.

Bæjarstjórn er, hvenær sem er, heimilt að afturkalla leyfi fyrir einstökum hundum, eða öll leyfi telji hún þess þörf.

4. gr.

Umsókn um leyfi til hundahalds skal senda heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra, sem veitir leyfið, að fengnu samþykki bæjarstjórnar Húsavíkur.

5. gr.

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra annast eftirlit með hundahaldi í Húsavíkurkaupstað samkvæmt samþykkt þessari, og getur leitað aðstoðar lögregluyfirvalda þegar þörf krefur.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari, eða reglum settum samkvæmt henni varða sektum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Með mál út af brotum á samþykkt þessari skal fara að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1988, VI. og VII. kafla.

7. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Húsavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og 1. gr. laga nr. 7/1953 um hundahald og varnir gegn sullaveiki til þess að öðlast gildi við birtingu. Jafnframt fellur úr gildi samþykkt um hundahald í Húsavíkurkaupstað nr. 244 frá 24. maí 1975.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 21. nóvember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um umferð á Sauðárkróki.**

Skv. heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu bæjarstjórnar hefir verið ákveðið að setja stöðvunarskyldu á Aðalgötu við Strandveg.

Ákvörðun þessi tekur gildi 15. desember 1991.

*Lögreglustjórinn á Sauðárkróki, 22. nóvember 1991.*

**Halldór Þ. Jónsson.**

Nr. 569 2. desember 1991

# AUGLÝSING

**um áskriftargjald Lögbirtingablaðsins árið 1992.**

Áskriftargjald Lögbirtingablaðsins árið 1992 hefur verið ákveðið kr. 1 500.

Einstök blöð kosta kr. 30,00.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón Thors.*

Nr. 570 2. desember 1991

# AUGLÝSING

**um áskriftargjald Stjórnartíðinda.**

Áskriftargjald hefur verið ákveðið kr. 3 000,00 fyrir árganginn 1992.

Einstök hefti kosta 100,00 séu þau minna en 50 bls., en kr. 200,00 séu þau stærri.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón Thors.*

Nr. 571 2. desember 1991

# AUGLÝSING

**um gjald fyrir birtingu efnis í B- og C-deild Stjórnartíðinda.**

Gjald fyrir birtingu efnis í B-deild Stjórnartíðinda skal vera sem hér segir frá 1. janúar 1992 að telja:

Lágmarksgjald fyrir birtingu efnis allt að einni blaðsíðu er kr. 7 000,00.

Fyrir hverja byrjaða síðu umfram fyrstu síðu greiðist kr.7 000,00.

Fyrir efni sem sérstaklega er óskað eftir að birt sé í aukaútgáfu skal greiða með 80% álagi á framangreint gjald.

Fyrir efni sem sent er til birtingar fullfrágengið, þ.e. sett í prentsmiðjunni Gutenberg hf. og prófarkalesið, er veittur 30% afsláttur.

Sé efni skilað á disklingi sem unnt er að vinna af í setningartölvu, er veittur 20% afsláttur.

Gjald fyrir birtingu efnis í C-deild Stjórnartíðinda skal vera kr. 5 000,00 fyrir hverja síðu frá 1. janúar 1992 að telja.

Auglýsing þessi öðlast gildi 1. janúar 1992, jafnframt fellur úr gildi auglýsing um sama efni nr. 122/1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Jón Thors.*

3. desember 1991 Nr. 572

# GJALDSKRÁ

## Hitaveitu Selfoss.

### 1. Heitt vatn.

**Verð án 24,5% virðisaukaskatts.**

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Um vatnsmæli fyrir hvern rúmmetra vatns | kr. | 40,85 |
| 2. Um hemil fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils | kr./ári | 11 203,50 |

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði 0,8 l/mín. fyrir hverja 100 $m^3$, en fyrir iðnaðarhúsnæði 0,5 l/mín. fyrir hverja 100 $m^3$.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

### 2. Mælaleiga.

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða ársleigu af mælum sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. Fyrir mæla eða hemla allt að ¾″ | kr. | 5 365,00 |
| 2. Fyrir mæla eða hemla allt að 1″–2″ | kr. | 7 542,00 |

### 3. Heimæðargjald.

Heimæðargjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| Allt að 400 $m^3$ | kr. | 64 448,00 |
| Fyrir hvern $m^3$ yfir 400 að 2000 $m^3$ | kr./$m^3$ | 55,13 |
| Fyrir 2000 $m^3$ | kr | 151 473,00 |
| hvern $m^3$ þar yfir | kr./$m^3$ | 45,68 |

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 12 516,00 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

### 4. Opnunargjald.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 365,00.

### 5. Ýmis ákvæði.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðargjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðargjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 2 árum. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

Hitaveitunni er heimilt að reikna dráttarvexti á vangoldna hitaveitureikninga eins og dráttarvextir eru ákveðnir á hverjum tíma, enda hafi tilkynningin um beitingu dráttarvaxta verið send notanda með reikningi eða á annan hátt.

Óski notandi sem hefur hemil/mæli að breyta og fá í staðinn mæli/hemil skal greiða kr. 2 047,00 fyrir breytinguna.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, skal hann greiða fyrir það gjald kr. 546,00.

Gjaldskrá þessi er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. október 1991 með vísan til auglýsingar ráðuneytisins nr. 450, 26. september 1991, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 25, 17. janúar 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 3. desember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 573 4. desember 1991

# AUGLÝSING

## um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds tímabilið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992.

Samkvæmt heimild í 4. og 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð og reglugerð nr. 393 1. október 1990 um innheimtu gjalds til Búnaðarmálasjóðs, hafa verið ákveðin eftirfarandi frávik við innheimtu gjaldsins fyrir tímabilið 1. september 1991 til 31. ágúst 1992:

1. Innheimta gjalds til forfalla- og afleysingarþjónustu í sveitum falli niður af eftirtöldum búgreinum: Eggjaframleiðslu, garðyrkju, hrossarækt, svínarækt, holdafuglarækt og æðarrækt.
2. Innheimta gjalds til neðantalinna búgreinafélaga skal vera sem hér segir:

| | |
|---|---|
| a) Félag hrossabænda | 1,000% |
| b) Landssamband kartöflubænda | 0,500% |
| c) Samband garðyrkjubænda | 0,500% |
| d) Svínaræktarfélag Íslands | 0,275% |
| e) Félag kjúklingabænda | 0,275% |

Samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1990 skal innheimta gjalds til Bjargráðasjóðs af afurðum hrossa og afurðum garðyrkju og gróðurhúsa, nema kartaflna, falla niður.

*Landbúnaðarráðuneytið, 4. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Jón Höskuldsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 64 – 1991

2. desember 1991 1069 Nr. 574

# REGLUGERÐ

## varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl.

### Innlagning einkaleyfisumsókna og færsla dagbókar.

1. gr.

Íslenskar einkaleyfisumsóknir eru lagðar inn hjá Einkaleyfastofunni.

Alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir sem ná til Íslands eru afhentar yfirvaldi eða alþjóðlegri stofnun sem telst réttur viðtakandi samkvæmt Samstarfssáttmálanum um einkaleyfi. Ákvæði um Einkaleyfastofuna sem viðtökuyfirvald er að finna í 45.–50. gr.

Ef annað er ekki tekið fram gilda ákvæði þessarar reglugerðar aðeins fyrir:

1) íslenskar einkaleyfisumsóknir og
2) alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir sem hafa verið yfirfærðar skv. 31. gr. einkaleyfalaga eða teknar til meðferðar skv. 38. gr. laganna.

2. gr.

Íslensk einkaleyfisumsókn skal hafa að geyma skriflega beiðni (umsóknarblað) ásamt fylgigögnum.

Umsóknarblaðið skal vera undirritað af umsækjanda eða umboðsmanni hans og skal þar tilgreina:

1) nafn og heimilisfang umsækjanda og umboðsmanns, ef umsækjandi hefur umboðsmann,
2) nafn og heimilisfang uppfinningamanns,
3) stutt og lýsandi heiti á þeirri uppfinningu sem óskast vernduð með einkaleyfi,
4) hver umsækjenda, ef fleiri en einn sækja sameiginlega um einkaleyfi, fer með umboð til að taka á móti tilkynningum frá einkaleyfayfirvöldum,
5) að hve miklu leyti umsóknin nær til varðveislu örvera á þann hátt sem lýst er í 6. mgr. 8. gr. einkaleyfalaganna,
6) fylgigögn með umsókninni.

Umsókninni skal fylgja:

1) lýsing á uppfinningunni, ásamt teikningum sem nauðsynlegar eru til að uppfinningin skiljist, einkaleyfiskröfur og ágrip,
2) umboð, ef umsækjandi hefur umboðsmann og umboð er ekki veitt á umsóknarblaðinu,
3) sönnun á rétti umsækjanda (framsal) ef umsækjandi er annar en uppfinningamaður.

Með umsókninni skal fylgja tilskilið umsóknargjald.

3. gr.

Lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip skal vera á íslensku. Önnur skjöl mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku.

Ef skjal er á öðru tungumáli en um getur í 1. mgr. skal fylgja þýðing. Einkaleyfastofan getur þó fallið frá kröfu um þýðingu á öðrum skjölum en lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi og þeim hlutum lýsingar eða einkaleyfiskrafna í íslenskri einkaleyfisumsókn sem ekki teljast grunngögn skv. 1. mgr. 21. gr. eða leyft að þýðing sé á öðrum tungumálum en dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Einkaleyfastofan getur krafist þess að löggiltur skjalaþýðandi, eða annar aðili sem einkaleyfayfirvöld viðurkenna, staðfesti þýðinguna.



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

4. gr.

Lýsingu, einkaleyfiskröfur og ágrip skal vélrita eða prenta með svörtu letri á hvítan pappír í stærðinni A4 (21 x 29,7 cm). Teikningar skulu gerðar með dökkum eða svörtum línum á hvítan eða ljósan, endingargóðan pappír í stærðinni A4.

Frágangur á lýsingu, einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi skal vera þannig að auðvelt sé að fjölfalda gögnin.

Einkaleyfastofan setur nánari reglur um frágang einkaleyfaskjala og fjölda eintaka.

5. gr.

Óski umsækjandi eftir að gerð verði nýnæmisrannsókn skv. 9. gr. einkaleyfalaganna skal hann skila skriflegri beiðni þar um til Einkaleyfastofunnar innan þriggja mánaða frá umsóknardegi eða þeim degi er umsóknin telst lögð inn, og greiða tilskilið gjald. Ef einkaleyfisumsóknin er ekki á einhverju því tungumáli sem viðurkennt er af þeirri stofnun sem annast nýnæmisrannsóknina skal fylgja beiðninni þýðing á tungumál sem Einkaleyfastofan ákveður.

Óski umsækjandi að nýnæmisrannsókn skv. 1. mgr. sé gerð hjá einhverri tiltekinni alþjóðastofnun, skal hann tilgreina þá stofnun í beiðninni.

Ef einkaleyfisumsóknin og tilskilin þýðing uppfyllir ekki þær formkröfur sem gerðar eru til alþjóðlegra einkaleyfisumsókna, innan þess frests sem nefndur er í 1. mgr., er beiðninni vísað frá.

6. gr.

Einkaleyfastofan færir umsóknardag á innlagðar umsóknir.

7. gr.

Einkaleyfastofan heldur dagbók yfir innlagðar einkaleyfisumsóknir. Dagbókin skal vera aðgengileg almenningi.

Í dagbókina skal færa eftirtalin atriði varðandi hverja umsókn:

1) umsóknarnúmer,
2) flokkunartákn þess alþjóðaflokks sem umsóknin fellur undir,
3) nafn og heimilisfang umsækjanda,
4) nafn og heimilisfang umboðsmanns, sé hann fyrir hendi,
5) nafn og heimilisfang uppfinningamanns,
6) heiti uppfinningar,
7) hvort umsóknin er íslensk eða alþjóðleg,
8) umsóknardag, ef umsóknin er íslensk, og gildisdag ef hann er annar en umsóknardagur,
9) alþjóðlegan umsóknardag, ef umsóknin er alþjóðleg, og þann dag sem umsóknin var yfirfærð skv. 31. gr. einkaleyfalaganna, eða þegar hún telst hafa verið lögð inn skv. 38. gr. laganna,
10) heiti viðtökulands fyrri umsóknar, sé forgangsréttar krafist á grundvelli hennar, svo og umsóknardag og umsóknarnúmer þeirrar umsóknar,
11) númer frumumsóknar, ef umsóknin hefur orðið til við hlutun eða úrfellingu,
12) upplýsingar um hvort nýjar umsóknir hafi orðið til við hlutun eða úrfellingu og númer viðkomandi umsókna,
13) ef við á, frá og með hvaða degi umsóknin hefur orðið aðgengileg almenningi skv. 3. mgr. 22. gr. einkaleyfalaganna,
14) alþjóðlegt umsóknarnúmer ef um alþjóðlega einkaleyfisumsókn er að ræða,
15) upplýsingar um gjöld sem greidd hafa verið vegna umsóknarinnar,
16) ef við á, upplýsingar um andmæli og andmælanda,
17) upplýsingar um endanlega afgreiðslu umsóknar.

8. gr.

Einkaleyfastofan útbýr mánaðarlega eða í tengslum við útgáfu rits skv. 44. gr.:

1) yfirlit yfir umsóknir, sbr. 7. gr., þar sem fram koma þær upplýsingar sem um getur í 1., 3., 5.–11. og 14. lið 3. mgr. 7. gr.
2) yfirlit yfir alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir sem ná til Íslands og Einkaleyfastofan hefur fengið upplýsingar um frá Alþjóðahugverkastofnuninni (WIPO) í Genf. Yfirlitið skal innihalda allar þær upplýsingar um hverja einkaleyfisumsókn sem getið er í b-lið 2. mgr. 30. gr. Samstarfssáttmálans um einkaleyfi.

Yfirlit skv. 8. gr. skulu fást hjá Einkaleyfastofunni gegn ákveðnu gjaldi ef um sérprent er að ræða.

9. gr.

Ef tilkynning berst um eigendaskipti á einkaleyfisumsókn verður nafn nýs umsækjanda því aðeins fært í dagbók að fyrir liggi sönnun um framsal.

**Forgangsréttur.**

10. gr.

Til að njóta forgangsréttar skv. 6. gr. einkaleyfalaga þarf umsækjandi að krefjast þess skriflega innan þriggja mánaða frá umsóknardegi hérlendis, eða frá þeim degi sem umsóknin telst lögð inn (gildisdagur), ásamt upplýsingum um hvar umsókn sem forgangsréttarkrafa er byggð á var lögð inn, umsóknardag hennar svo og umsóknarnúmer eins fljótt og verða má.

Ef um alþjóðlega einkaleyfisumsókn er að ræða skal krefjast forgangsréttar um leið og umsóknin er lögð inn. Kröfunni skulu fylgja upplýsingar um hvar umsóknin sem skírskotað er til var lögð inn, umsóknardag hennar og, ef um alþjóðlega umsókn er að ræða, a.m.k. eitt af þeim löndum sem hún nær til. Umsækjandi skal, innan 16 mánaða frá forgangsréttardegi, tilkynna númer umsóknar sem hann byggir forgangsrétt sinn á til viðkomandi viðtökuyfirvalda eða til Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

Ef umsóknin er hlutuð sundur, sbr. 22. gr., skal krafa um forgangsrétt fyrir frumumsóknina einnig gilda fyrir þær umsóknir sem þannig verða til án sérstakrar beiðni þar um.

11. gr.

Umsækjandi sem krafist hefur forgangsréttar skal, innan 16 mánaða frá forgangsréttardegi, afhenda Einkaleyfastofunni vottorð frá því einkaleyfayfirvaldi sem tók á móti umsókn þeirri sem umsækjandi byggir forgangsrétt sinn á. Í vottorðinu skal tilgreina umsóknardag og nafn umsækjanda. Því skal fylgja afrit af umsókninni, staðfest af viðkomandi einkaleyfastofnun. Einkaleyfastofan setur reglur um frágang afritsins. Ef um alþjóðlega umsókn er að ræða þarf þó ekki að afhenda slík staðfestingarskjöl nema Einkaleyfastofan krefjist þess, sbr. 4. mgr. Í staðinn má skv. reglu 17(1) í reglugerð með Samstarfssáttmálanum senda staðfestingarskjölin til Alþjóðahugverkastofnunarinnar. Einkaleyfastofan getur undanþegið umsækjanda þeirri skyldu að afhenda þau skjöl sem nefnd eru í 1. mgr.

Sendi umsækjandi ekki nefnd skjöl á tilskildum tíma fellur réttur hans til forgangsréttar niður.

Hafi Alþjóðahugverkastofnuninni verið sent afrit af umsókn þeirri sem forgangskrafa í alþjóðlegri einkaleyfisumsókn er byggð á getur Einkaleyfastofan aðeins krafist afrits og þýðingar á afritinu í samræmi við reglu 17(2) í reglugerð með Samstarfssáttmálanum.

12. gr.

Umsókn getur því aðeins orðið grundvöllur forgangsréttarkröfu skv. 10. gr. að hún sé sú fyrsta þar sem uppfinningunni er lýst.

Hafi umsækjandi fyrstu umsóknar, eða framsalshafi, síðar lagt inn umsókn á sama stað er varðar sömu uppfinningu, getur síðari umsóknin þó orðið grundvöllur forgangsréttarkröfu ef fyrri umsóknin hefur verið afturkölluð við afhendingu hinnar síðari, hún afskrifuð eða henni hafnað áður en hún varð aðgengileg almenningi, og að því tilskildu að engin réttindi eða forgangskrafa sé á henni byggð. Hafi forgangsréttur skapast á grundvelli slíkrar seinni umsóknar er ekki lengur hægt að byggja forgangsréttarkröfu á fyrri umsókninni.

Ef gildisdagur umsókna er færður til gilda ákvæði 2. mgr. einnig um þær.

13. gr.

Hægt er að krefjast forgangsréttar fyrir hluta af umsókn. Kröfu um forgangsrétt fyrir eina og sömu umsókn má byggja á fleiri en einni umsókn jafnvel þótt þær séu frá fleiri en einu ríki.

**Einkaleyfiskröfur.**

14. gr.

Í einkaleyfiskröfu skal koma fram:

1) heiti uppfinningar,
2) upplýsingar um þá tækni sem nýnæmi uppfinningarinnar miðast við (staða tækninnar), ef slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar, og
3) upplýsingar um það sem er nýtt og sérstakt við uppfinninguna. Í hverri einkaleyfiskröfu má aðeins fjalla um eina uppfinningu.

Uppfinninguna skal, ef mögulegt er, telja til einhverra eftirtalinna afbrigða: afurð, tæki (búnaður), aðferð eða notkun.

Í einkaleyfiskröfu má ekkert koma fram sem er óviðkomandi uppfinningunni eins og henni er lýst í kröfunni eða hefur hverfandi gildi fyrir þann einkarétt sem sótt er um.

15. gr.

Í einkaleyfisumsókn má setja fram fleiri en eina einkaleyfiskröfu. Ef fleiri en ein krafa eru í sömu umsókn skulu þær tölusettar og þeim raðað niður í númeraröð.

Einkaleyfiskrafa getur verið sjálfstæð eða ósjálfstæð. Einkaleyfiskrafa telst ósjálfstæð ef hún snertir útfærslu uppfinningar sem lýst er í annarri kröfu og felur í sér öll sérkenni þeirrar kröfu. Aðrar einkaleyfiskröfur teljast sjálfstæðar.

Við hverja einkaleyfiskröfu má tengja eina eða fleiri ósjálfstæðar kröfur. Ósjálfstæða kröfu má tengja einni eða fleiri kröfum sem settar hafa verið fram á undan. Skal þá í inngangi kröfunnar vísað til viðeigandi krafna og lýsa síðan frekari sérkennum uppfinningarinnar.

16. gr.

Felist margar uppfinningar í sömu umsókn teljast þær háðar hver annarri ef tæknilegt samband er milli þeirra þannig að eitt eða fleiri sams konar eða samsvarandi tæknileg séreinkenni séu þeim öllum sameiginleg. Með hugtakinu tæknilegt sérkenni er átt við þau tæknilegu atriði í hverri einstakri uppfinningu sem eru frábrugðin því sem þekkt er.

Það álitamál í hve ríkum mæli uppfinningar eru hver annarri háðar skal leitt til lykta án tillits til þess hvort þeirra er getið í einni einkaleyfiskröfu eða fleirum.

**Lýsing.**

17. gr.

Lýsing á uppfinningu skal einskorðast við það sem glöggvar skilning á uppfinningunni. Ef notuð eru ný eða sjaldgæf hugtök skal útskýra merkingu þeirra. Ekki má nota önnur tákn eða mælieiningar en almennt tíðkast annars staðar á Norðurlöndum.

Taki einkaleyfisumsóknin til varðveittrar ræktar af örverustofni skv. 6. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga skal umsóknin, þegar hún er lögð inn, hafa að geyma allar upplýsingar sem máli skipta varðandi eiginleika örverunnar og umsækjanda er kunnugt um.

17. gr. a

Rækt af örverustofni skv. 6. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga skal varðveitt hjá stofnun sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar til slíkrar varðveislu skv. alþjóðlegum sáttmála sem gerður var í Búdapest 28. apríl 1977 um varðveislu örvera vegna einkaleyfisumsókna (Búdapestsáttmálinn).

Varðveislan skal vera í samræmi við ákvæði Búdapestsáttmálans.

Einkaleyfayfirvöld gefa út skrá yfir þær stofnanir sem njóta alþjóðlegrar viðurkenningar til að varðveita örverur skv. Búdapestsáttmálanum.

17. gr. b

Hafi umsækjandi látið rækt af örverustofni í varðveislu skal hann, innan 16 mánaða frá umsóknardegi eða forgangsréttardegi, sé forgangsréttar krafist, veita einkaleyfayfirvöldum skriflegar upplýsingar um hvaða stofnun sjái um varðveisluna og hvaða varðveislunúmer stofnunin hefur gefið ræktinni. Þegar um alþjóðlegar umsóknir er að ræða skal, innan sama frests, veita Alþjóðahugverkastofnuninni þessar upplýsingar.

Æski umsækjandi þess, áður en frestur sá sem um getur í 1. mgr. er liðinn, að gögn umsóknarinnar verði gerð almenningi aðgengileg fyrr en um getur í 1. og 2. mgr. 22. gr. einkaleyfalaganna skal hann veita upplýsingar skv. 1. mgr. í síðasta lagi um leið og hann leggur fram slíka beiðni. Æski umsækjandi alþjóðlegrar umsóknar þess, áður en frestur sá sem um getur í 1. mgr. er liðinn, að umsóknin verði gerð opinber skv. b-lið 2. mgr. 21. gr. Samstarfssáttmálans skal hann veita Alþjóðahugverkastofnuninni áðurnefndar upplýsingar í síðasta lagi um leið og hann leggur fram slíka beiðni.

Hafi varðveitt rækt af örverustofni verið flutt frá einni alþjóðlegri varðveislustofnun til annarrar, í samræmi við 1. mgr. 5. reglu í reglugerð með Búdapestsáttmálanum, skal umsækjandi svo fljótt sem honum er unnt, eftir að hafa móttekið kvittun fyrir flutningi ræktarinnar, tilkynna einkaleyfayfirvöldum flutninginn og upplýsa um nýtt varðveislunúmer ræktarinnar.

Til að sanna réttmæti veittra upplýsinga skv. 1. og 3. mgr. geta einkaleyfayfirvöld krafist þess að umsækjandi leggi fram afrit af kvittun sem varðveislustofnunin hefur gefið út vegna varðveislu ræktarinnar.

17. gr. c

Ný varðveisla ræktar af örverustofni skv. 7. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga skal vera í samræmi við ákvæði Búdapestsáttmálans um nýja varðveislu.

Ný varðveisla skal hefjast innan 3ja mánaða frá þeim degi sem eigandi ræktarinnar fékk tilkynningu frá varðveislustofnuninni um að ekki væri hægt að afhenda sýnishorn af varðveittri örverurækt. Hafi stofnunin hætt störfum sem alþjóðleg varðveislustofnun fyrir þá tegund örvera sem varðveislan tók til, eða uppfylli hún ekki lengur tilskildar kröfur um varðveislustofnanir skv. Búdapestsáttmálanum, og hafi eigandi ræktarinnar ekki fengið vitneskju um þetta innan 6 mánaða frá því að Alþjóðahugverkastofnunin birti tilkynningu þar um getur ný varðveisla þó hafist innan 9 mánaða frá birtingu þeirrar tilkynningar.

Umsækjandi skal, innan 4 mánaða frá þeim degi sem ný rækt af örverustofni var lögð inn hjá annarri stofnun, afhenda einkaleyfayfirvöldum afrit af kvittun um varðveisluna frá hinni nýju varðveislustofnun. Ef frestur sá sem um getur í 1. og 2. mgr. 17. gr. b rennur út síðar nægir þó að afhenda afrit af kvittuninni innan þess frests. Um leið og afrit af kvittuninni er afhent skal veita upplýsingar um númer umsóknar eða einkaleyfis sem ræktin tilheyrir.

**Ágrip.**

18. gr.

Í ágripi af íslenskri einkaleyfisumsókn skal vísa til lýsingar og einkaleyfiskrafna, eins og þau eru í grunngögnum, sbr. 1. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr. Í ágripinu skal koma fram heiti uppfinningar. Einnig skal í ágripinu lýsa greinilega því tæknilega vandamáli sem uppfinningin fjallar um, hvernig henni er í grundvallaratriðum ætlað að stuðla að lausn þess og hvert er aðalnotkunarsvið uppfinningarinnar. Ef mögulegt er skal ágripið liggja fyrir í endanlegri gerð áður en umsóknin er gerð aðgengileg almenningi skv. 2. mgr. 22. gr. einkaleyfalaga.

Hafi alþjóðleg nýnæmisrannsóknarstofnun samþykkt ágrip af alþjóðlegri umsókn ber að nota það. Að öðrum kosti ákveða einkaleyfayfirvöld einnig frágang á ágripi þessara umsókna í samræmi við 1. mgr.

**Breytingar á einkaleyfisumsókn.**

19. gr.

Ekki má breyta einkaleyfiskröfu á þann hátt að hún nái til einhvers sem ekki á sér stoð í grunngögnum, sbr. 1. eða 2. mgr. 21. gr. og 1. mgr. 24. gr. Ef einkaleyfiskröfu er breytt með því að bæta við nýjum atriðum skal umsækjandi samtímis gera grein fyrir hvar þau eigi stoð í grunngögnum.

Eftir að einkaleyfayfirvöld hafa greint frá niðurstöðu nýnæmisrannsóknar má ekki bæta í viðkomandi umsókn einkaleyfiskröfum vegna uppfinningar er telst óháð þeim uppfinningum sem áður innlagðar kröfur tóku til.

Ekki má, án samþykkis umsækjanda, greina frá niðurstöðum nýnæmisrannsóknar alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar fyrr en liðinn er frestur sá sem um getur í 53. gr.

Umsækjandi má því aðeins gera breytingar eða bæta við lýsingu og teikningar að slíkt sé talið nauðsynlegt skv. 8. gr. einkaleyfalaganna. Slíkar breytingar eða viðbætur má ekki gera ef þær leiða til þess að í einkaleyfiskröfunum felist annað eða meira en það sem rekja má til grunngagnanna.

20. gr.

Ef gerðar eru breytingar á einkaleyfiskröfum eða settar eru fram viðbótarkröfur skal leggja fram nýtt eintak af kröfum, nema einkaleyfayfirvöld heimili í hverju tilviki að annar háttur sé á hafður. Í hinu nýja eintaki skulu allar kröfur sem eftir standa settar fram í réttri röð.

21. gr.

Grunngögn í íslenskri einkaleyfisumsókn og einkaleyfisumsókn sem tekin er til meðferðar skv. 38. gr. einkaleyfalaga teljast lýsing, teikningar og kröfur sem liggja fyrir á íslensku, dönsku, norsku eða sænsku á umsóknardegi, eða á þeim degi sem telst umsóknardagur, sbr. 14. gr. einkaleyfalaga. Liggi gögn þessi ekki fyrir á áðurnefndum tímamörkum skal sú lýsing, ásamt viðeigandi teikningum og kröfum, sem lögð er fram síðar í íslenskri þýðingu, teljast grunngögn að svo miklu leyti sem efni umsóknarinnar kemur greinilega fram í þeim gögnum sem lágu fyrir á umsóknardegi.

Grunngögn í alþjóðlegri einkaleyfisumsókn, sem yfirfærð er í samræmi við 31. gr. einkaleyfalaganna, teljast þýðing á lýsingu, teikningum og kröfum sem lögð er inn í samræmi við þessa lagagrein með þeim breytingum sem gerðar eru á þýðingunni innan frests sem veittur er skv. 53. gr. Ef alþjóðleg einkaleyfisumsókn er lögð inn á íslensku hjá viðtökuyfirvöldum telst endurrit af lýsingu, teikningum og kröfum sem lagt er inn í samræmi við 31. gr. vera grunngögn, ásamt þeim breytingum sem gerðar hafa verið áður en frestur skv. 53. gr. er liðinn. Hafi umsækjandi samþykkt að alþjóðleg umsókn verði tekin til afgreiðslu innan þess frests sem kveðið er á um í 53. gr., sbr. 34. gr. einkaleyfalaga, og ákvörðun er tekin um að

leggja hana fram eða hafna henni, þá telst lýsing, teikningar og einkaleyfiskröfur viðkomandi umsóknar, eins og þau gögn lágu fyrir þegar viðkomandi ákvörðun var tekin, vera grunngögn.

Sé þess getið við innlagningu einkaleyfisumsóknar að umsókn er varðar sömu uppfinningu hafi áður verið lögð inn erlendis og númer hennar og umsóknardagur er tilgreindur, skal líta svo á að staðfest afrit, sem síðar er lagt fram af þeirri umsókn, hafi borist á umsóknardegi íslensku umsóknarinnar.

**Hlutun og úrfelling.**

22. gr.

Ef fleiri en einni uppfinningu er lýst í grunngögnum getur umsækjandi hlutað umsóknina sundur í fleiri umsóknir. Að beiðni umsækjanda má telja að ný umsókn varðandi uppfinningu sem byggist á upprunalegu umsókninni (frumumsókn), sé lögð inn sama dag og frumumsóknin. Þegar slík hlutun er gerð má nýja umsóknin ekki ná til annars en þess sem frumumsóknin hefði mátt taka til í samræmi við 2. mgr. 19. gr. einkaleyfalaganna á þeim tíma sem nýja umsóknin var lögð inn.

Ef hluta þarf umsókn sundur vegna þess að hún nær til tveggja eða fleiri sjálfstæðra uppfinninga skal telja nýju umsóknina innlagða samtímis frumumsókninni ef hún er lögð inn áður en 4 mánuðir eru liðnir frá því að samsvarandi þrenging var gerð á frumumsókninni.

23. gr.

Ef uppfinning sem ekki á sér stoð í grunngögnum umsóknar kemur fram í viðbót við lýsingu eða einkaleyfiskröfur eða á annan hátt má að beiðni umsækjanda líta svo á að ný umsókn, sem felld hefur verið úr upphaflegri umsókn (frumumsókn), hafi verið lögð inn á sama tíma og skjal þar sem uppfinningin kemur fram barst einkaleyfisyfirvöldum.

Slík úrfelling getur þó aðeins átt sér stað í samræmi við 2. mgr. 19. gr. einkaleyfalaganna og að því tilskildu að í hinni nýju umsókn sé aðeins sótt um einkaleyfi fyrir því sem fram kom í gögnum frumumsóknarinnar eins og þau lágu fyrir í viðkomandi skjali er það var afhent.

24. gr.

Við hlutun og úrfellingu skal líta á lýsingu þá sem lögð er inn með nýrri umsókn, ásamt teikningum og einkaleyfiskröfum, sem grunngögn.

Því aðeins skal litið svo á að ný umsókn verði til við hlutun eða úrfellingu að það komi fram við innlagningu umsóknarinnar. Geta skal upphaflegu umsóknarinnar í þeim umsóknum sem verða til við hlutun eða úrfellingu.

**Birting einkaleyfisumsókna.**

25. gr.

Ef einkaleyfisumsókn er gerð aðgengileg almenningi skv. 22. gr. einkaleyfalaganna áður en hún hefur verið samþykkt til framlagningar skal prenta ágripið svo fljótt sem endanlegt orðalag þess hefur verið ákveðið. Einkaleyfayfirvöld geta einnig látið prenta aðra hluta umsóknarinnar með ágripinu. Afrit þessara prentuðu gagna skulu fást hjá einkaleyfayfirvöldum gegn tilskildu gjaldi.

Í auglýsingu sem birt skal þegar umsókn verður almenningi aðgengileg skal koma fram númer umsóknarinnar og alþjóðaflokkar, umsóknardagur, gildisdagur, ef hann er annar en umsóknardagur, heiti uppfinningar og nafn og heimilisfang umsækjanda og uppfinningamanns. Ef krafist er forgangsréttar skal í auglýsingunni tilgreina hvar umsóknin sem forgangsrétturinn er byggður á var lögð inn, umsóknardag hennar og umsóknarnúmer. Taki umsóknin til varðveittrar ræktar af örverustofni skal það koma fram í auglýsingunni. Hafi

umsækjandi krafist þess, í samræmi við 7. mgr. 22. gr. einkaleyfalaganna, að sýnishorn af varðveittri örverurækt verði aðeins látið af hendi til sérstakra sérfræðinga, skal það einnig koma fram í auglýsingunni.

Hafi þýðingu á lýsingu og kröfum alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar verið breytt áður en frestur skv. 53. gr. rann út og eftir að umsóknin hefur verið gerð aðgengileg almenningi skal birta auglýsingu um það.

25 gr. a

Beiðni skv. 1. lið 8. mgr. 22. gr. einkaleyfalaganna, um afhendingu sýnishorns af varðveittri örverurækt, skal bera fram í samræmi við reglu 11 í reglugerð með Búdapestsáttmálanum.

Sé beiðni lögð fram, sbr. 1. mgr., áður en endanleg ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina, sem varðveitt rækt tilheyrir, skal sá sem óskar eftir að fá sýnishornið skuldbinda sig gagnvart umsækjanda til að nota það einungis til rannsókna þar til endanleg ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina. Jafnframt skal viðkomandi skuldbinda sig til að heimila engum öðrum aðgang að sýnishorninu fyrr en endanleg ákvörðun hefur verið tekin um umsóknina eða verði einkaleyfi veitt, ekki fyrr en það er fallið úr gildi.

Sé beiðni lögð fram skv. 1. mgr., um afhendingu sýnishorns af varðveittri rækt af örverustofni sem tilheyrir einkaleyfi, skal sá sem óskar að fá sýnishorn afhent skuldbinda sig gagnvart einkaleyfishafanum til að heimila ekki öðrum aðgang að sýnishorninu fyrr en einkaleyfið er fallið úr gildi.

Sá sem óskar eftir að fá afhent sýnishorn skal taka á sig sömu skuldbindingar varðandi eintök sem leidd eru af sýnishorninu og hafa haldið sömu einkennum sem mikilvæg eru við notkun uppfinningarinnar.

Beiðni um sýnishorn skal fylgja skrifleg yfirlýsing um að sá sem um sýnishornið biður skuldbindi sig til að hlíta ofangreindum skilyrðum.

25. gr. b

Beiðni skv. 7. mgr. 22. gr. einkaleyfalaganna, þess efnis að einungis skuli afhenda sérfróðum mönnum sýnishorn, skal afhenda einkaleyfayfirvöldum eigi síðar en um leið og umsóknin er gerð aðgengileg almenningi skv. 22. gr. laganna.

Einkaleyfayfirvöld halda skrá yfir þá einstaklinga sem að þeirra mati teljast sérfróðir og lýst hafa sig reiðubúna sem slíkir til að taka á móti sýnishornum. Í samræmi við 44. gr. skal auglýsa nöfn þeirra einstaklinga sem færðir eru í skrána.

Ef einungis er heimilt að afhenda sérfræðingi sýnishorn, svo sem lýst er í 1. mgr., skal í beiðninni geta nafns þess sérfræðings sem tekur verkefnið að sér. Jafnframt skal fylgja skrifleg yfirlýsing sérfræðingsins þar sem hann skuldbindur sig gagnvart umsækjanda að því marki sem getið er í 2. og 4. mgr. 25. gr. a. Í þessu tilviki þarf sá sem ber fram óskina ekki sjálfur að gefa yfirlýsingu.

Velja má annaðhvort sérfræðing úr skrá einkaleyfayfirvalda eða annan sem umsækjandi í viðkomandi tilviki samþykkir.

25. gr. c

Enda þótt gefin hafi verið út yfirlýsing skv. 25. gr. a og b er heimilt vegna nýrrar einkaleyfisumsóknar að leggja inn til varðveislu rækt af örverustofni, sem leidd er af sýnishorni sem hefur verið afhent, ef varðveisla afleiddu ræktarinnar er nauðsynleg vegna nýju umsóknarinnar.

25. gr. d

Hafi komið fram beiðni um afhendingu sýnishorns, og sé ekkert því til fyrirstöðu samkvæmt einkaleyfalögum eða reglugerð þessari, gefa einkaleyfayfirvöld út vottorð um

afhendinguna. Einkaleyfayfirvöld senda beiðnina um afhendingu sýnishornsins og vottorðið til þeirrar stofnunar sem varðveitir örveruræktina. Samtímis senda einkaleyfayfirvöld umsækjanda eða einkaleyfishafa afrit af beiðninni og vottorðinu.

Telji einkaleyfayfirvöld ókleift að gefa út vottorð skv. 1. mgr. skulu þau tilkynna það þeim aðila sem óskað hefur eftir afhendingunni. Sá aðili getur skotið þeirri ákvörðun til áfrýjunarnefndar innan tveggja mánaða frá tilkynningu einkaleyfayfirvalda. Ákvörðun áfrýjunarnefndar í þessu efni verður ekki skotið til dómstóla.

**Meðferð einkaleyfisumsókna.**

26. gr.

Þegar rannsakað er hvort skilyrði til að veita einkaleyfi skv. 2. gr. einkaleyfalaga séu uppfyllt skulu einkaleyfayfirvöld taka tillit til alls sem þau fá upplýsingar um.

Nýnæmisrannsókn skal gera á grundvelli einkaleyfa, framlagðra einkaleyfisumsókna eða prentaðra einkaleyfisumsókna frá Íslandi, Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi, Noregi, Þýskalandi (áður Vestur-Þýskaland), hinu fyrra Þýska ríki, Stóra-Bretlandi, Frakklandi, Bandaríkjunum eða Evrópueinkaleyfastofnuninni, eða útdrátta úr þeim, prentaðra alþjóðlegra einkaleyfisumsókna eða útdrátta úr þeim og hérlendra einkaleyfisumsókna sem gerðar hafa verið aðgengilegar almenningi. Rannsóknina skal ennfremur gera á grundvelli annarra tiltækra rita ef það telst nauðsynlegt.

Einkaleyfayfirvöld geta gefið út nánari fyrirmæli varðandi nýnæmisrannsóknina. Slík fyrirmæli geta vikið frá því sem kveðið er á um í 2. mgr. ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.

27. gr.

Einkaleyfastofunni er skv. 69. gr. einkaleyfalaga heimilt að gera saming við erlenda einkaleyfastofnun varðandi aðstoð við rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfi umsókna.

Einkaleyfastofunni er einnig heimilt að leita álits utanaðkomandi sérfræðinga ef það telst nauðsynlegt til að geta tekið afstöðu til einkaleyfisumsóknar.

28. gr.

Einkaleyfastofan getur krafist þess að umsækjandi leggi inn líkan, sýnishorn o.þ.h. eða láti gera rannsóknir eða tilraunir, telji þau það nauðsynlegt til að geta tekið afstöðu til einkaleyfisumsóknarinnar.

29. gr.

Umsækjanda sem sótt hefur um einkaleyfi erlendis jafnframt því að sækja um hér á landi er, með þeim takmörkunum sem lýst er í 2. ml. 3. mgr. 69. gr. einkaleyfalaganna, skylt, ef einkaleyfayfirvöld krefjast þess, að veita upplýsingar um hvað viðkomandi stofnun hafi tilkynnt honum í sambandi við nýnæmi eða einkaleyfishæfni umsóknarinnar að öðru leyti. Geri einkaleyfayfirvöld kröfu um það er umsækjanda skylt að upplýsa hjá hvaða einkaleyfastofnunum hann hefur sótt um einkaleyfi fyrir uppfinningunni og skila inn afriti eða endurriti af því sem honum hefur verið tilkynnt um varðandi nýnæmi eða einkaleyfishæfi uppfinningarinnar að öðru leyti og að gera grein fyrir bréfaskiptum við viðkomandi einkaleyfastofnun, eða að gefa yfirlýsingu um að hann hafi ekki fengið slíkar upplýsingar.

Verði umsóknir rannsakaðar hjá erlendum einkaleyfayfirvöldum í samræmi við ákvæði 3. mgr. 69. gr. einkaleyfalaganna má Einkaleyfastofan, á grundvelli samkomulags við viðkomandi einkaleyfayfirvöld um skipti á upplýsingum um einkaleyfishæfi, fresta umfjöllun um umsókn, sem er samsvarandi umsókn sem áður hefur verið lögð inn hjá hinum erlendu einkaleyfayfirvöldum, þar til sú umsókn hefur fengið þá meðhöndlun sem samkomulagið kveður á um.

Einkaleyfastofan má afhenda erlendum einkaleyfayfirvöldum, sem samkomulag hefur verið gert við skv. ofangreindum ákvæðum, skjöl sem varða umsókn sem ekki hefur verið gerð almenningi aðgengileg ef viðkomandi yfirvöld hafa skuldbundið sig til að láta þau ekki verða almenningi aðgengileg.

30. gr.

Einkaleyfayfirvöld setja nánari reglur um fresti og framlengingu þeirra við meðhöndlun einkaleyfisumsókna. Því aðeins má þó veita frest á framlagningu umsóknar að ákvörðun um framlagningu hafi verið tekin áður en umsóknin er gerð aðgengileg almenningi í samræmi við 2. og 3. mgr. 22. gr. einkaleyfalaganna. Má þá, að beiðni umsækjanda, fresta framlagningu þar til umsóknin er gerð almenningi aðgengileg í samræmi við áðurnefndar reglur.

**Framlagning einkaleyfisumsókna.**

31. gr.

Lýsing, ásamt teikningum, einkaleyfiskröfum og ágripi, skv. 21. gr. einkaleyfalaganna (framlagningarskjal) er prentuð að tilhlutan einkaleyfisyfirvalda eins fljótt og auðið er eftir að samþykkt hefur verið að leggja umsóknina fram. Í framlagningarskjali skal tilgreina framlagningardag og eftirfarandi atriði:

1) umsóknarnúmer og alþjóðaflokka,
2) nafn og heimilisfang umsækjanda,
3) nafn og heimilisfang umboðsmanns umsækjanda, sé hann fyrir hendi,
4) nafn og heimilisfang uppfinningamanns,
5) hvort umsóknin er íslensk eða alþjóðleg,
6) sé umsóknin íslensk, umsóknardag ásamt gildisdegi, ef hann er annar en umsóknardagur,
7) sé umsóknin alþjóðleg, alþjóðlegan umsóknardag og þá dagsetningu þegar umsóknin var yfirfærð samkv. 31. gr. einkaleyfalaganna eða telst lögð inn skv. 38. gr. sömu laga,
8) upplýsingar um forgangsrétt ásamt upplýsingum um hvar umsókn sú sem forgangsréttur er byggður á sé lögð inn og umsóknardag og númer þeirrar umsóknar,
9) sé umsóknin alþjóðleg, alþjóðlegt umsóknarnúmer,
10) númer frumumsóknar, sé umsóknin orðin til við hlutun eða úrfellingu,
11) hvort rækt af örverustofni sé í varðveislu vegna umsóknarinnar,
12) heimildargögn sem dregin hafa verið fram.

32. gr.

Í auglýsingu um framlagningu skv. 21. gr. einkaleyfalaga skal koma fram heiti uppfinningar ásamt þeim upplýsingum sem getið skal í framlagningarskjali skv. 31. gr. að undanskildum heimildargögnum sem dregin hafa verið fram.

33. gr.

Andmæli gegn veitingu einkaleyfis og síðari bréfaskipti andmælanda og umsækjanda varðandi andmælin skal afhenda í þeim fjölda eintaka sem einkaleyfayfirvöld hafa ákveðið.

Andmælum skal fylgja rökstuðningur.

34. gr.

Hafi andmælandi umboðsmann skal leggja fram umboð.

35. gr.

Senda skal umsækjanda eitt eintak af öllum þeim gögnum sem andmælandi leggur fram.

Svari umsækjandi andmælum ákveða einkaleyfayfirvöld hvort frekari bréfaskipti milli aðila séu nauðsynleg.

36. gr.

Berist einkaleyfayfirvöldum, á meðan einkaleyfisumsókn er til meðferðar en utan andmælafrests, skrifleg ábending sem þýðingu hefur fyrir mat á umsókninni skal gera umsækjanda aðvart þar um. Þeim sem sent hefur slíka ábendingu áður en umsókn var lögð fram skal bent á að unnt sé að andmæla umsókninni ef til framlagningar hennar kemur. Þetta á þó ekki við ef ábendingin varðar betri rétt til uppfinningarinnar.

**Nánari reglur um einkaleyfisumsóknir.**

37. gr.

Einkaleyfayfirvöld setja nánari reglur varðandi umsóknir um einkaleyfi og meðferð þeirra.

**Einkaleyfaskráin o.fl.**

38. gr.

Einkaleyfayfirvöld halda skrá yfir veitt einkaleyfi. Þegar tekin hefur verið endanleg ákvörðun um veitingu einkaleyfis skal færa það í skrána.

39. gr.

Í einkaleyfaskránni skal koma fram:

1) umsóknarnúmer og skráningarnúmer einkaleyfis ásamt alþjóðaflokkum,
2) nafn og heimilisfang einkaleyfishafa,
3) nafn og heimilisfang umboðsmanns, sé hann fyrir hendi,
4) nafn og heimilisfang uppfinningamanns,
5) a) umsóknardagur, ef einkaleyfi er veitt á grundvelli íslenskrar umsóknar og sá dagur sem einkaleyfisvernd telst hefjast (gildisdagur), ef hann er annar en umsóknardagur,
   b) alþjóðlegur umsóknardagur, ef einkaleyfið er veitt á grundvelli alþjóðlegrar umsóknar, eða sá dagur sem umsóknin telst lögð inn skv. 3. mgr. 38. gr. einkaleyfalaga,
   c) sá dagur sem gögn varðandi umsóknina voru gerð almenningi aðgengileg,
   d) sá dagur þegar framlagning einkaleyfisins var auglýst í samræmi við 21. gr. einkaleyfalaga og
   e) sá dagur þegar einkaleyfið var veitt.
6) ef krafist er forgangsréttar, upplýsingar um hvar umsókn sem forgangsréttarkrafa er byggð á var lögð inn og umsóknardagur og -númer hennar,
7) alþjóðlegt umsóknarnúmer, ef einkaleyfið er veitt á grundvelli alþjóðlegrar einkaleyfisumsóknar,
8) heiti uppfinningar,
9) upplýsingar um varðveislustofnun og varðveislunúmer ræktar af örverustofni ef slík rækt er varðveitt vegna einkaleyfisins.

40. gr.

Í auglýsingu um veitingu einkaleyfis skv. 26. gr. einkaleyfalaga skal koma fram nafn einkaleyfishafa, númer umsóknar og einkaleyfis ásamt alþjóðaflokkum, heiti uppfinningar og framlagningardagur.

41. gr.

Þegar árgjöld hafa verið greidd, eða frestur er veittur á greiðslu þeirra, skal skrá það í einkaleyfaskrána eða aðra sérstaka skrá yfir greiðslur árgjalda.

Þegar einkaleyfi fellur úr gildi skv. 51. gr. einkaleyfalaga skal færa í einkaleyfaskrána frá hvaða tíma einkaleyfið telst fallið úr gildi.

Ef lögð er fram skrifleg beiðni skv. 72. gr. einkaleyfalaga þess efnis að árgjöld teljist greidd á réttum tíma skal það skráð í einkaleyfaskrána. Niðurstaða málsins skal ennfremur skráð í einkaleyfaskrána.

42. gr.

Tilkynning um málshöfðun til ógildingar einkaleyfi, um framsal einkaleyfis eða vegna nauðungarleyfis, í samræmi við 1. mgr. 63. gr. einkaleyfalaganna, skal færð í einkaleyfaskrána.

Þegar einkaleyfayfirvöldum hefur borist endurrit dóms skv. 65. gr. einkaleyfalaga skal skrá það í einkaleyfaskrána. Meginniðurstöðu endanlegs dóms skal færa í einkaleyfaskrána.

Úrskurð um að einkaleyfi sé fallið niður skv. 54. gr. einkaleyfalaganna skal færa í einkaleyfaskrána.

43. gr.

Í tilkynningu um aðilaskipti að einkaleyfi eða veitingu nytjaleyfis skv. 44. gr. einkaleyfalaga skal koma fram nafn og heimilisfang rétthafa, frá hvaða tíma hann öðlast réttinn og hvenær aðilaskiptin fóru fram eða nytjaleyfi var veitt. Samkvæmt beiðni skal skrá í einkaleyfaskrána hver réttur einkaleyfishafa er til að veita frekari nytjaleyfi. Ef ekki er unnt að taka ákvörðun strax um birtingu tilkynningar um aðilaskipti að einkaleyfi eða veitingu nytjaleyfis skal þess getið í einkaleyfaskránni að beiðni um slíka birtingu hafi verið sett fram.

Tilkynning um breytingu á umboðsmanni svo og breytingu á nafni eða heimilisfangi einkaleyfishafa skal færð í einkaleyfaskrána.

Hafi einkaleyfayfirvöldum borist upplýsingar um að varðveitt örverurækt sem tengist einkaleyfi hafi verið flutt, sbr. 3. mgr. 17. gr. b, eða þau fengið afrit af kvittun vegna nýrrar varðveislu, sbr. 3. mgr. 17. gr. c, skal athugasemd um flutninginn eða hina nýju varðveislu færð í einkaleyfaskrána.

**Tilkynningar frá einkaleyfayfirvöldum.**

44. gr.

Tilkynningar eru birtar í sérstöku riti sem gefið er út af einkaleyfayfirvöldum.

**Móttaka alþjóðlegra einkaleyfisumsókna.**

45. gr.

Einkaleyfastofan veitir viðtöku alþjóðlegum einkaleyfisumsóknum frá umsækjendum sem eru íslenskir ríkisborgarar, eru búsettir hér á landi, stunda atvinnurekstur eða teljast lögaðilar hér.

Sama gildir ef fleiri en einn leggja í sameiningu inn alþjóðlega umsókn og a.m.k. einn umsækjenda uppfyllir skilyrði 1. mgr.

46. gr.

Sem viðtökuaðili tekur Einkaleyfastofan við alþjóðlegum einkaleyfisumsóknum, yfirfer þær og framsendir í samræmi við ákvæði alþjóðlega Samstarfssáttmálans um einkaleyfi og reglugerða við hann.

Umsækjandi skal greiða einkaleyfayfirvöldum, sem viðtökuaðila, eftirtalin gjöld skv. reglugerð við Samstarfssáttmálann.

1) grunngjald skv. reglu 15(1) í fyrrnefndri reglugerð, innan mánaðar frá móttöku umsóknar,
2) yfirfærslugjald skv. reglu 15(1) í fyrrnefndri reglugerð, innan árs frá alþjóðlegum umsóknardegi, eða frá forgangsréttardegi, sé krafist forgangsréttar, þó þannig að ávallt megi í síðastnefnda tilvikinu greiða gjaldið innan mánaðar frá móttöku umsóknar,
3) gjald fyrir nýnæmisrannsókn skv. reglu 16(1) í fyrrnefndri reglugerð, innan mánaðar frá viðtöku umsóknar,

4) gjald fyrir meðferð einkaleyfayfirvalda, sem viðtökuaðila umsókna, skv. reglu 14 í fyrrnefndri reglugerð, innan mánaðar frá viðtöku umsóknar,
5) gjald fyrir útgáfu og sendingu forgangsréttarskjala í samræmi við reglu 17(1)(b) í fyrrnefndri reglugerð, innan frests sem settur er í reglu 17(1)(a) í sömu reglugerð.

Hafi gjöld skv. 1.–4. tl. 2. mgr. ekki verið að fullu greidd á réttum tíma eða innan hins veitta frests tekur ákvæði reglu 16 bis. í reglugerð við Samstarfssáttmálann gildi.

47. gr.

Alþjóðleg einkaleyfisumsókn sem lögð er inn til einkaleyfayfirvalda hér á landi skal afhent í einu eintaki. Umsóknin skal vera á íslensku, dönsku, sænsku, norsku eða ensku. Upplýsingar á umsóknarblaði mega vera á ensku þótt önnur gögn séu á einhverju fyrrnefndra tungumála.

48. gr.

Færa skal sérstaka dagbók yfir alþjóðlegar umsóknir sem lagðar eru inn hjá einkaleyfayfirvöldum. Dagbókin er ekki aðgengileg almenningi.

49. gr.

Sé umsækjandi ekki búsettur hér á landi skal hann hafa umboðsmann sem búsettur er hérlendis og getur komið fram fyrir hans hönd gagnvart einkaleyfayfirvöldum í málum er varða umsóknina.

50. gr.

Einkaleyfayfirvöld skulu í samræmi við Samstarfssáttmálann og reglugerðir við hann senda alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir til Alþjóðahugverkastofnunarinnar.

**Yfirfærsla á alþjóðlegri einkaleyfisumsókn o.fl.**

51. gr.

Þegar alþjóðleg umsókn er yfirfærð í samræmi við 31. gr. einkaleyfalaganna skal geta nafns umsækjanda, númers hinnar alþjóðlegu umsóknar, umsóknardags og forgangsréttardags ef við á. Sömuleiðis skal þess getið hvar alþjóðlega umsóknin var lögð inn.

52. gr.

Ef alþjóðleg umsókn er ekki á íslensku skal þýðing lögð inn við yfirfærslu umsóknar í samræmi við 31. gr. einkaleyfalaga eða þegar beiðni berst um endurskoðun ákvörðunar skv. 1. mgr. 38. gr. laganna. Ákvæði 2. mgr. 3. gr. gilda á sama hátt.

Einkaleyfayfirvöld geta sett reglur til að takmarka skyldu til að afhenda þýðingu ef aðeins hluti alþjóðlegrar umsóknar er yfirfærður til landsins.

53. gr.

Frestur skv. 34. gr. einkaleyfalaga rennur út 4 mánuðum síðar en frestur skv. 1. mgr. 31. gr. sömu laga.

Hafi umsækjandi lagt fram yfirlýsingu skv. 2. mgr. 31. gr. einkaleyfalaga innan 19 mánaða frá alþjóðlegum umsóknardegi, eða frá forgangsréttardegi ef forgangsréttar er krafist, rennur frestur skv. 34. gr. sömu laga þó út samtímis fresti vegna yfirfærslu skv. áðurnefndri 2. mgr. 31. gr. laganna.

54. gr.

Hafi umsækjandi alþjóðlegrar umsóknar uppfyllt þær kröfur sem gerðar eru skv. ákvæðum 31. gr. einkaleyfalaga en einkaleyfayfirvöld ekki fengið tilkynningu frá Alþjóðahugverkastofnuninni um að hún hafi tekið við umsókninni ber einkaleyfayfirvöldum að gera stofnuninni viðvart.

55. gr.

Tilkynningar skv. 1. eða 3. mgr. 36. gr. eða 37. gr. einkaleyfalaga skal senda umsækjanda í ábyrgðarbréfi.

56. gr.

Frestur til að óska eftir að ákvörðun verði endurskoðuð skv. 2. mgr. 38. gr. einkaleyfalaga rennur út 2 mánuðum eftir að viðtökuyfirvöld eða Alþjóðahugverkastofnunin hefur tilkynnt umsækjanda um ákvörðun sem fjallað er um í 1. mgr. 38. gr. laganna.

Geti umsækjandi sannað að meira en 7 dagar hafi liðið frá dagsetningu ákvörðunar skv. 1. mgr. þar til honum barst hún í hendur lengist fresturinn um þann dagafjölda umfram 7 sem liðinn er frá dagsetningu ákvörðunar til móttöku hennar.

**Varahlutir og tæki í loftför.**

57. gr.

Varahluti og tæki í loftför má flytja til landsins án tillits til einkaleyfa vegna viðgerða á loftförum frá öðrum ríkjum sem aðild eiga að alþjóðaflugsamningnum frá 7. desember 1944 (Chicagosamningurinn, sbr. augl. nr. 45/1947). Það er skilyrði að ríkin séu annaðhvort aðilar að Parísarsáttmálanum eða hafi einkaleyfalöggjöf þar sem viðurkenndar eru uppfinningar ríkisborgara annarra landa, sem aðild eiga að fyrrgreindum alþjóðaflugsamningi, og sem verndar þess konar uppfinningar með löggjöf sem samræmist Parísarsáttmálanum.

**Gildistaka.**

58. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 17 20. mars 1991 og tekur gildi hinn 1. janúar 1992.

Ákvæði er varða rannsóknir á einkaleyfishæfi alþjóðlegra umsókna skv. Samstarfssáttmálanum taka gildi þegar Ísland fullgildir sáttmálann.

Reglugerð nr. 59/1966, með síðari breytingum, gildir fyrir umsóknir sem lagðar eru inn fyrir gildistöku laga nr. 17/1991 með þeim undantekningum sem af 78. gr. þeirra laga leiðir.

Um aðgengileika, framlagningu og andmæli gegn umsóknum, sem undantekningaákvæði 78. gr., sbr. 79. gr., einkaleyfalaga eiga við, gilda ákvæði 25. gr. og 31.–36. gr. þessarar reglugerðar eftir því sem við á.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

1.

Ákvæði 3. gr. varðandi þýðingar á lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi í einkaleyfisumsóknum taka gildi sem hér segir:

a) Í umsóknum sem lagðar eru inn á tímabilinu 1. janúar 1992 til 1. janúar 1996 mega lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku, sbr. þó b- og c-lið. Liggi þessi gögn ekki fyrir á íslensku getur Einkaleyfastofan þó krafist þýðingar, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi.
b) Í umsóknum sem lagðar eru inn á erlendu máli eftir 1. janúar 1993 skulu ágrip og einkaleyfiskröfur liggja fyrir í íslenskri þýðingu áður en umsókn er lögð fram.
c) Fyrir umsóknir sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1994 gilda ákvæði í b-lið einnig um lýsingu.

Ákvæði 3. greinar varðandi þýðingar taka að fullu gildi fyrir umsóknir sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1996.

2.

Fyrir umsóknir sem lagðar eru inn á tímabilinu 1. janúar 1992 til 1. janúar 1996 skulu ákvæði 1. mgr. 21. gr. gilda varðandi það hvað teljast grunngögn í umsóknum, þótt lýsing, ásamt teikningum og einkaleyfiskröfum, sé á ensku, sbr. a-lið í bráðabirgðaákvæði nr. 1.

Ákvæði 1. mgr. 21. gr. taka að fullu gildi fyrir umsóknir sem lagðar eru inn eftir 1. janúar 1996.

*Iðnaðarráðuneytið, 2. desember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Helga Jóna Benediktsdóttir.*

2. desember 1991 Nr. 575

# AUGLÝSING

**um reglur varðandi einkaleyfisumsóknir.**

## I. KAFLI
**Almennar reglur.**

1. gr.

Ákvæði í 3. mgr. 1. gr. reglugerðar um einkaleyfisumsóknir (rg. ell.) varðandi gildissvið þeirrar reglugerðar eiga á sama hátt við um þessar reglur.

2. gr.

(Engin ákvæði eru undir númerinu.)

3. gr.

Um starfshætti Einkaleyfastofunnar sem viðtökustofnunar samkvæmt Samstarfssáttmálanum um einkaleyfisumsóknir gilda ákvæði í 45.–50. gr. rg. ell.

Sænska einkaleyfastofnunin er alþjóðleg nýnæmisrannsóknastofnun fyrir alþjóðlegar umsóknir sem Einkaleyfastofan veitir viðtöku. Þegar óskað er nýnæmisrannsóknar á alþjóðlegri umsókn skal afhenda þýðingu á einhverju Norðurlandamálanna eða ensku.

## II. KAFLI
**Einkaleyfisumsókn.**

**Umsókn og fylgiskjöl.**

4. gr.

Umsókn um einkaleyfi skal rituð á þar til gert eyðublað og lögð inn í tvíriti.

Lýsing ásamt teikningum, einkaleyfiskröfum og ágripi skal afhent í tveimur eintökum. Breytingar á þessum skjölum skulu lagðar inn í tveimur eintökum.

Umsókn sem berst með bréfasíma (fax) eða hliðstæðum búnaði skal vera staðfest á umsóknarblaðinu með undirskrift umsækjanda eða umboðsmanns hans.

4. gr. a

Ef uppfinning varðar eða hefur að geyma röð með 10 eða fleiri núkleótíðum eða ógreindar raðir með 4 eða fleiri amínósýrum verður að fylgja umsókninni listi fyrir hverja röð (bút).

Listarnir skulu lagðir inn sem viðbót við lýsingu og gerðir í samræmi við gildandi staðal og koma næst á undan kröfunum.

**Lýsing.**

5. gr.

Lýsingin skal hefjast á ótölusettri forsíðu með stuttu og lýsandi heiti á uppfinningunni og skal að öðru leyti þannig úr garði gerð:

1) *Almennur* hluti þar sem tilgreint er notkunarsvið uppfinningarinnar og staða þeirrar tækni sem hún tekur til. Greinargerð um stöðu tækninnar skal studd tilvitnunum í ritað mál þar sem fjallað er um viðkomandi tækni og umsækjanda er kunnugt um. Sérstaklega skal tilgreina hvað ávinnst með uppfinningunni í ljósi þekktrar tækni og hverra úrræða sé þörf eigi tilætlaður árangur að nást. Þessi síðastnefnda umfjöllun verður að vera í samræmi við það sem fram kemur í kröfunum og má í þessu samhengi vísa til þeirra.

Leiði ekki sjálfkrafa af eðli uppfinningarinnar hvernig hægt er að hagnýta hana í atvinnulífi skal útskýra það í lýsingunni.

2) *Sérhluti* þar sem uppfinningunni er lýst nánar og sérstaklega eru tilgreind dæmi um útfærslu eða útfærsluform hennar með vísun í teikningar ef við á. Uppfinningunni skal lýst það vel með dæmum að kröfurnar teljist nægilega vel grundaðar.

Ef vísað er til teikninga er að jafnaði nauðsynlegt að birta lista yfir þær í inngangi þessa hluta lýsingarinnar.

5. gr. a

Örverur sem áður er lýst í riti sem almenningur hefur aðgang að má auðkenna með flokkunarheiti þeirra og, ef nauðsynlegt þykir til glöggvunar, með tilvitnunum í þau rit þar sem lýst er hinni kerfisbundnu greiningaraðferð.

Örverur sem ekki hefur verið lýst áður skal auðkenna það nákvæmlega að ekki verði villst á þeim og öðrum örverum.

Örverum skal almennt lýst á þann hátt sem gert er í viðurkenndum sérfræðiritum á þessu sviði.

Varðandi almennt aðgengilegar örverur skal þess getið hvernig hægt er að fá sýni af þeim.

6. gr.

Felist fleiri en ein sjálfstæð krafa í einkaleyfiskröfunum skal í lýsingunni fjalla um hverja uppfinningu í sjálfstæðu kröfunum á þann hátt sem um getur í 5. gr. Um atriði sem krafist er verndar á í ósjálfstæðum kröfum (útfærsluform) skal einnig fjalla í lýsingunni að því marki sem nauðsynlegt telst til að unnt sé að meta kröfuna. Nægilegt er að slík umfjöllun komi fram í sérhluta lýsingar.

7. gr.

Tilbúin heiti má ekki nota.

Vörumerki má í undantekningartilvikum nota þar sem ekki er auðvelt að aðgreina hlutaðeigandi vöru með viðurkenndu heiti. Í slíkum tilvikum skal koma fram að um vörumerki sé að ræða. Sé vörumerkið skráð hér á landi skal ef kostur er geta þess með tákninu ®. Gerð og eiginleikum vörunnar skal jafnan lýsa greinilega.

8. gr.

Lýsingu og teikningum skal haldið aðskildum. Töflur og efnafræði- og stærðfræðiformúlur mega koma fyrir í lýsingu.

9. gr.

Þegar vitnað er í ritað mál skal fylgja leiðbeiningum í 83. gr.

**Einkaleyfiskröfur.**

10. gr.

Einkaleyfiskrafa skal hafa að geyma inngang þar sem fram komi atriði sem greinir í 1. og 2. tölulið 1. mgr. 14. gr. rg. ell., og síðan auðkennishluta þar sem fram komi atriði sem getið er í 3. tölulið sömu greinar. Auðkennishlutinn skal hefjast á orðunum „einkennist af" eða öðrum hliðstæðum.

Unnt er að heimila aðra framsetningu á einkaleyfiskröfum ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t.d. þegar um er að ræða notkunarkröfur.

11. gr.

Í hverri einkaleyfiskröfu skal tilgreina þau tæknilegu sérkenni sem nauðsynleg eru til að ná tilætluðum árangri.

12. gr.

Að jafnaði skal auðkenna afurð með því að lýsa samsetningu hennar, og tæki skal auðkennt með því að lýsa hönnunareinkennum sérhvers hluta. Nánar má auðkenna uppfinninguna með því að lýsa hlutverki einstakra þátta hennar, svo fremi ekki sé auðveldlega hægt að gera grein fyrir henni með öðrum hætti. Afurðir, einkum á sviði efnafræði, má þó ef um veruleg skilgreiningarvandamál er að ræða, auðkenna með því að lýsa framleiðsluaðferðinni („product-by-process") og ef þörf krefur tilgreina önnur sérkenni afurðarinnar.

12. gr. a

Örverur sem áður hefur verið lýst skal auðkenna með flokkunarheiti þeirra.

Örverur sem ekki hefur áður verið lýst má auðkenna í lýsingunni með beinni eða óbeinni tilvitnun, helst í formi flokkunarheitis, í þann kafla lýsingarinnar sem fjallar um líffræðileg auðkenni þeirra.

13. gr.

Þegar sótt er um einkaleyfi á efnum eða efnablöndum sem teljast þekktar hver fyrir sig og skírskotað er til þess að slík efni eða efnablöndur komi fyrst að notum við beitingu þeirra aðferða sem 3. mgr. 1. gr. einkaleyfalaganna fjallar um, skal gera grein fyrir notkuninni í einkaleyfiskröfunum.

14. gr.

Aðferð skal auðkenna með því að lýsa forsendum hennar (t.d. viðbúnaði, tækjum o.þ.h.) eða framkvæmdaferli. (Sjá nánar viðauka II að því er varðar einkaleyfisumsóknir er taka til lækningalyfja.)

15. gr.

Í kröfu er varðar notkun skal gefa nánari upplýsingar um í hvaða sérstaka tilgangi á að nota viðkomandi afurð, efni, tæki o.þ.h. eða viðeigandi aðferð. Ef nauðsyn krefur skal einnig gefa nánari upplýsingar um afurðina eða aðferðina.

16. gr.

Í einni og sömu umsókn má setja fram fleiri en eina sjálfstæða kröfu, óháðar hver annarri, t.d. kröfu sem tekur til afurðar og kröfu sem tekur til aðferðar, jafnvel þótt gerð sé grein fyrir uppfinningunum, samkvæmt framsetningu krafnanna, með lýsingum sem eru hliðstæðar í tæknilegu tilliti.

17. gr.

Margar sjálfstæðar kröfur sömu tegundar (sem tilheyra sama kröfuafbrigði) má því aðeins setja fram að augljósir annmarkar séu á því að lýsa uppfinningunum nógu nákvæmlega,

t.d. með mismunandi dæmum, væri þeim slegið saman í einni og sömu einkaleyfiskröfu. Einnig má gera grein fyrir uppfinningu af gerðinni „sendandi-móttakandi" í aðskildum, sjálfstæðum einkaleyfiskröfum.

18. gr.

Sjálfstæða kröfu má setja fram samhliða annarri sjálfstæðri kröfu. Þetta á við þegar umsóknin inniheldur sjálfstæðar kröfur sem tengjast hver annarri á þann hátt sem 48. gr. kveður á um. Samhliða og sjálfstæð einkaleyfiskrafa skal innihalda fullkomna lýsingu á viðkomandi uppfinningu. Samhliða og sjálfstæða einkaleyfiskröfu má tengja annarri kröfu. Ósjálfstæðum kröfum skal skipa saman strax á eftir þeirri sjálfstæðu kröfu sem þær, með beinum hætti eða með tengingu við aðra ósjálfstæða kröfu, vísa til.

19. gr.

Ósjálfstæð krafa má ekki eingöngu fjalla um sjálfgefnar eða einfaldar og auðsæjar lausnir er varða hönnunar- eða aðferðatækni. Upptalning sem eingöngu felur í sér dæmi um augljósa hluti er ekki leyfð í einkaleyfiskröfum.

20. gr.

Í inngangi og auðkennishluta einkaleyfiskröfu skal vísa til teikninga (tilvísunartákn í sviga). Í kröfu skal þó, óháð tilvísunum, gera skýra grein fyrir því sem óskast verndað. Almennar athugasemdir svo sem „eins og lýst hefur verið" eða „eins og sýnt er á teikningunni" má ekki nota í einkaleyfiskröfum. Í undantekningartilvikum má með beinum hætti vísa til línurita eða hliðstæðra upplýsinga sem fram koma á teikningu.

Vörumerki mega að jafnaði ekki koma fyrir í einkaleyfiskröfum.

**Ágrip.**
**(3. mgr. 8. gr. ell. og 18. gr. rg. ell.)**

21. gr.

Ágrip skal þannig úr garði gert að það komi að sem bestum notum við nýnæmisrannsókn á viðkomandi tæknisviði.

Ágripið skal innihalda stutt yfirlit yfir það sem fram kemur í lýsingu, einkaleyfiskröfum og teikningum. Í ágripi skal tilgreina tæknisviðið sem uppfinningin fellur undir. Ágrip skal orðað þannig að auðskiljanlegt sé hvaða tæknilega vandamál uppfinningin varðar, hver séu grundvallaratriðin varðandi þá lausn sem felst í uppfinningunni og hvernig hún er einkum notuð. Í ágripi skal, ef við á, tilgreina þá efnafræðiformúlu úr umsókninni sem best auðkennir uppfinninguna. Ekki má í ágripi fjalla um líklega kosti við uppfinninguna né setja fram fullyrðingar um gildi hennar eða fræðilega notkunarmöguleika.

Ágripið á að auðvelda mönnum að meta hvort nauðsynlegt sé fyrir þá að kynna sér sjálfa umsóknina eða einkaleyfið.

Ágripið má ekki vera lengra en 150 orð.

22. gr.

Ef teikningar fylgja einkaleyfisumsókninni ber umsækjanda að tilgreina á umsóknarblaðinu hvaða teikningu hann óskar að birta með ágripinu. Sé það ekki gert eða telji Einkaleyfastofan að önnur teikning en sú sem umsækjandi bendir á sé betur til þess fallin að skýra uppfinninguna skal birta þá teikningu með ágripinu. Telji Einkaleyfastofan með öllu óþarft að birta teikningu með ágripinu má sleppa því. Á eftir hverjum einstökum þætti þeirra tæknilegu sérkenna sem gerð er grein fyrir í ágripinu og fram koma á teikningunni skal setja tilvísun í sviga.

**Teikningar.**

23. gr.

Teikning skal gerð á blað af stærðinni A4. Þegar myndir eru það margar að þær rúmast ekki á einu blaði má nota fleiri blöð. Vegna eftirtöku eða fjölföldunar, t.d. í offsetprentun, skal eitt eintak vera á hvítu, möttu, ógagnsæju og sterku blaði eða á öðru endingargóðu efni. Myndflötur á hverju blaði má ekki vera stærri en 26,2 x 17,0 cm. Enginn rammi má vera á blöðunum. Lágmark spássíu skal vera 2,5 cm að ofan, 2,5 cm til vinstri, 1,5 cm til hægri og 1,0 cm að neðan.

Ekki má brjóta eða vefja teikningarnar saman.

24. gr.

Á teikningunni eiga að koma fram þau atriði sem nauðsynleg eru til skilnings á einstökum hlutum lýsingarinnar og skulu þau auðkennd með sömu bókstöfum eða tölum í lýsingu og á teikningu. Önnur auðkennistákn en þau sem fyrir koma í lýsingu mega ekki vera á teikningunni og táknin má ekki nota í meira mæli en nauðsynlegt er til að lýsingin verði skiljanleg. Á teikningunni mega heldur ekki vera athugasemdir til útskýringar, nema mjög stuttar skýringar, s.s. „vatn", „gufa", „snið A-B" eða „lokað". Í stólparitum eða línuritum sem sýna framleiðsluferli eða í tengimyndum rafrása skal nota lýsandi tákn sem hægt er að skilja á augabragði.

25. gr.

Myndir og texta á teikningunni skal gera með endingargóðum, alsvörtum og skýrum línum og án lita.

Allir sniðfletir skulu skástrikaðir. Öll rituð tákn (tölur eða bókstafir) á teikningunni skulu vera greinileg og rituð með stafagerð sem auðvelt er að lesa. Myndir og rittákn þurfa að henta til offsetprentunar og gefa möguleika á 15% smækkun. Þegar um flóknar myndir er að ræða má ekki sýna það mörg smáatriði að teikningin verði óljós. Myndir skulu aðgreindar hver frá annarri með hæfilegu millibili. Myndirnar skulu, óháð fjölda blaða, merktar með tölustöfum í réttri röð eða, ef henta þykir, bókstöfum eða hugsanlega bæði með bókstöfum og tölustöfum, helst í sömu röð og myndirnar koma fyrir á teikningunni. Sömu hlutar í sama útfærsluformi skulu auðkenndir með sama tákni á öllum myndunum.

**Nánari ákvæði varðandi lýsingu, kröfur og ágrip**
**(4. gr. rg. ell.) og fylgiskjöl.**

26. gr.

Lýsingu, kröfum og ágripi skal skila í vélrituðu formi með svörtu letri eða prentuðu á sterkan, ógagnsæjan, hvítan pappír í stærðinni A4 þannig að henti til offsetprentunar með 15% smækkun. Textinn skal skrifaður með 11/2 línubili, 2,5–4 cm vinstri spássíu og 2–4 cm bili að ofan. Textinn á að vera jafnaður hægra megin með 2–3 cm spássíu. Sams konar bil skal vera neðst á síðu. Aðeins má skrifa öðrum megin á síðu. Textinn skal hafa sama heildarsvip og einstakir bókstafir skulu vera skýrir og greinilegir. Komi fyrir handskrifuð tákn eða formúlur í texta skal nota svartan lit.

Orðasambandið „e i n k e n n i s t a f" eða önnur tilsvarandi skal rita á þennan hátt (þ.e. með gleiðu letri).

Á lýsingu, kröfur og ágrip skal rita númer blaðsíðu í töluröð með arabískum tölum. Blaðsíðunúmer skal vera fyrir miðju, a.m.k. 2 cm frá efri brún síðu og án punkts eða strika fyrir framan eða aftan. Fimmtu hverja línu í lýsingu og kröfum skal tölusetja minnst 2,5 cm frá vinstri brún síðu. Einkaleyfiskröfurnar mega vera á sérstöku blaði. Ágrip skal rita á sérstakt blað.

Hafi verið gerðar leiðréttingar á tilteknu eintaki lýsingar sem ætlað er til framlagningar skulu þær gerðar þannig (t.d. með því að líma yfir eða þurrka út texta) að ekki verði greint á offsetprentaða eintakinu.

27. gr.

Einingar fyrir mál og vog skulu vera samkvæmt metrakerfinu (SI- kerfinu) eða, ef þær eru fyrst gefnar upp samkvæmt öðru kerfi, skal einnig tilgreina þær samkvæmt metrakerfinu. Hitastig skal gefa upp í Celsíus-gráðum eða, ef við á, í Kelvin-gráðum. Þéttleika (eðlisþyngd) skal gefa upp í einingum metrakerfisins. Þegar tilgreindar eru stærðfræðiformúlur, rafmagnseiningar og einingar fyrir hita, orku, hljóð, ljós og segulmagn skal fylgja alþjóðlegum venjum. Í efnafræði skulu notuð almenn tákn fyrir atómþunga, sameinda- og/eða byggingarformúlur. Að öðru leyti skal aðeins nota þau tæknilegu heiti, merki og tákn sem almennt eru notuð á viðkomandi sviði.

28. gr.

Bréf til Einkaleyfastofunnar skal rita á hvítan pappír ekki stærri en A4. Númer umsóknar skal helst koma fram á forsíðu bréfsins.

**Líkan o.fl.**

29. gr.

Líkan eða hvers konar sýnishorn skal því aðeins leggja fram að það sé talið nauðsynlegt til að lýsingin skiljist. Fylgihlutir af þessu tagi verða að jafnaði ekki endursendir.

**Umboð.**

30. gr.

Hafi umsækjandi ekki lögheimili hér á landi ber honum að hafa umboðsmann sem er búsettur hér og getur komið fram fyrir hans hönd í öllu er viðkemur umsókninni.

Umsækjandi sem búsettur er hér má hafa umboðsmann.

31. gr.

Umboðsmanni er veitt umboð annað hvort með innlagningu sérstaks skjals (umboðs) sem undirritað er af umsækjanda eða með því að umboðið komi fram á umsóknarblaðinu (2. liður 3. mgr. 2. gr. rg. ell.). Í umboði skulu koma fram upplýsingar um nafn, heimili og póstfang umsækjanda og þess aðila sem umboð er veitt, heiti uppfinningar og/eða umsóknarnúmer.

Þegar veitt er allsherjarumboð skal vísa til þess í hverri umsókn sem það gildir fyrir.

32. gr.

Sé umboðsmanni einnig heimilt að taka við stefnu og öðrum tilkynningum varðandi væntanlegt einkaleyfi, sbr. 66. gr. ell., verður að taka slíkt fram í umboðinu.

**Forgangsréttarkrafa og áhrif hennar.**

33. gr.

Ef krafist er forgangsréttar (sbr. 6. gr. ell.) eftir að umsókn hefur verið lögð inn skal það gert með sérstakri beiðni. Hún skal afhent innan 3 mánaða eftir gildisdag umsóknar og hafa að geyma þær upplýsingar sem getið er í 10. gr. rg. ell.

34. gr.

Ef vottorð og afrit skv. 1. mgr. 11. gr. rg. ell. er lagt inn hjá Einkaleyfastofunni með eldri eða samtímis framkominni einkaleyfisumsókn og umsækjandi vísar til þessara gagna eða krefst forgangsréttar á grundvelli umsóknar sem lögð er inn hér á landi skal umrædd staðfesting eða afrit því aðeins lagt inn að Einkaleyfastofan fari fram á það.

35. gr.

Liggi fyrir gild krafa um forgangsrétt þegar umsókn verður aðgengileg almenningi skv. 22. gr. ell. skal efni umsóknarinnar teljast þekkt (sbr. 2. mgr. 2. gr. ell.) frá forgangsréttardegi að því marki sem það kemur fram í forgangsréttarskjalinu.

36. gr.

Ef fallið er frá kröfu um forgangsrétt skal það tilkynnt bréflega.

**Alþjóðleg nýnæmisrannsókn.**

37. gr.

Sömu formkröfur og gilda um alþjóðlegar einkaleyfisumsóknir gilda, eftir því sem við á, um einkaleyfisumsókn sem óskað er alþjóðlegrar nýnæmisrannsóknar á.

Ef einkaleyfisumsókn er ekki á tungumáli sem viðurkennt er af alþjóðlegri stofnun sem annast nýnæmisrannsókn (þ.e. sænsku einkaleyfastofnuninni) skal þýðing á sænsku, norsku, dönsku eða ensku fylgja kröfu um alþjóðlega nýnæmisrannsókn.

**Þýðing á gögnum með einkaleyfisumsókn.**
**(3. og 52. gr. rg. ell.)**

38. gr.

Í einkaleyfisumsóknum skal lýsing, einkaleyfiskröfur og ágrip vera á íslensku. Önnur gögn mega vera á íslensku, dönsku, norsku, sænsku eða ensku, sbr. þó 40. gr.

Ef lögð eru inn gögn á erlendu tungumáli með einkaleyfisumsókn til að skýrgreina uppfinninguna skal innan tilskilins frests afhenda lýsingu,kröfur og ágrip á íslensku. Íslenski textinn skal vera staðfest þýðing á erlendu gögnunum. Umsækjandi eða umboðsmaður hans má þó í staðinn, að því tilskildu að gögnin séu á dönsku, norsku, sænsku, ensku, þýsku eða frönsku, gefa yfirlýsingu um að íslenski textinn sé samsvarandi hinum erlendu gögnum.

39. gr.

Þýðing sú sem nefnd er í 31. gr. ell. á lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi skal vera staðfest.

Ekki þarf að þýða þann hluta umsóknarinnar sem alþjóðleg nýnæmisrannsóknastofnun telur að tilheyri annarri óháðri uppfinningu nema því aðeins að einkaleyfayfirvöld krefjist þess í hverju tilviki enda hafi umsækjandi ekki greitt viðbótargjald fyrir hana til viðkomandi alþjóðastofnunar (a-liður 3. mgr. 17. gr. PCT). Þýðinguna má ennfremur takmarka við þann hluta umsóknarinnar sem yfirfærður hefur verið eftir breytingu sem alþjóðaskrifstofan (1. og 2. mgr. 19. gr. PCT) hefur gert. Ekki þarf að þýða þann hluta alþjóðaumsóknar sem ekki er yfirfærður eftir breytingu sem gerð hefur verið hjá alþjóðaskrifstofunni (regla 66, PCT) eða vegna undantekningarákvæða í 2.–4. mgr. 1. gr. ell. eða í 2. mgr. 75. gr. ell.

Vilji umsækjandi notfæra sér þá möguleika sem nefndir eru hér að framan til að undanskilja vissan hluta umsóknarinnar skal hann gefa út yfrlýsingu þar sem skýrt komi fram hvaða hluta umsóknar er sleppt í þýðingu. Í yfirlýsingunni þarf einnig að tilgreina af hvaða ástæðu þessum hluta er sleppt.

40. gr.

Skriflegum gögnum sem snerta einkaleyfisumsóknir og beint er til Einkaleyfastofunnar (t.d. umsóknarblað, andmæli og andsvör) má veita viðtöku þótt þau séu á ensku, frönsku eða þýsku ef veigamiklar ástæður eru fyrir hendi og gagnaðili mótmælir ekki.

Ef önnur gögn sem fylgja einkaleyfisumsókn (s.s. umboð, framsal og forgangsréttarskjal) eru á ensku, frönsku, þýsku, dönsku, norsku eða sænsku er ekki krafist þýðingar á íslensku

nema það teljist nauðsynlegt í hverju einstöku tilviki. Ef umrædd skjöl eru á öðrum tungumálum en að framan greinir skal leggja fram íslenska þýðingu nema einkaleyfayfirvöld telji mögulegt að gera undantekningu í því efni.

41. gr.

Ef krafist er þýðingar samkvæmt 38.–40. gr. skal hún staðfest af þýðanda eða þeim sem er ábyrgur fyrir þýðingunni, nema einkaleyfayfirvöld ákveði í hverju tilviki að annars konar staðfesting skuli lögð fram.

III. KAFLI

**Meðferð einkaleyfisumsókna.**

**Ágallar sem krefjast skal úrbóta á þegar í stað.**

42. gr.

Í bréfi (tilkynningu um formgalla) skal umsækjanda gert að bæta úr eftirfarandi ágöllum:

1) Undirskrift vantar á umsókn.
2) Umsóknargjald hefur ekki verið greitt að fullu.
3) Sérstök greiðsla fyrir símabréf (faxumsókn) hefur ekki verið innt af hendi.
4) Nafn uppfinningamanns/-manna kemur ekki fram.
5) Nafn og heimilisfang umboðsmanns hér á landi er ekki gefið upp.
6) Í fylgiskjöl er lögð voru fram í upphafi vantar lýsingu, einkaleyfiskröfur eða ágrip, ellegar þessi skjöl hafa ekki verið þýdd á íslensku. Ennfremur ef vantar teikningu, sem vísað er til í lýsingu, einkaleyfiskröfum eða ágripi. Sama á við ef frágangur fyrrgreindra gagna er með þeim hætti að augljóst er að nýnæmisrannsókn getur ekki farið fram.

Tilkynningu um formgalla ber að senda eins fljótt og unnt er eftir að umsókn hefur verið lögð inn og áður en umsókn sætir nýnæmisrannsókn. Í tilkynningunni á að koma fram að heimilt sé að afskrifa eða hafna umsókn ef ekki er bætt úr ágöllum (2. mgr. 15. gr. og 16. gr. ell.).

Vanti fylgiskjöl, sem umsækjandi hefur gert lista yfir, ber að tilkynna honum það sem fyrst. Sama á við ef umsækjandi hefur ekki skjalfest rétt sinn til uppfinningar eða formgallar eru á framsali.

43. gr.

Ef augljóst er að skjöl sem lögð voru fram í upphafi eru svo ófullkomin að upphaflegur innlagningardagur umsóknar getur ekki staðist skal það tekið fram í tilkynningu. Í því tilviki er umsækjanda bent á þann möguleika að fara fram á tilfærslu gildisdags skv. 14. gr. ell.

44. gr.

Umsækjanda skal ráðlagt að leita aðstoðar sérfróðra manna ef skjöl sem lögð hafa verið fram eru þannig úr garði gerð að slíkrar aðstoðar virðist þörf.

45. gr.

Berist svar þess efnis að umsóknin sé ekki afturkölluð og ekki hefur heldur verið bætt úr þeim ágöllum sem tilgreindir eru í 1. mgr. 42. gr. ber að taka ákvörðun í málinu svo fljótt sem kostur er enda sé ekki talin ástæða til að senda umsækjanda nýja tilkynningu.

**Uppfinningaheild.**

46. gr.

(Engin ákvæði eru undir þessu númeri.)

*Uppfinningar án kröfuafbrigða.*

47. gr.

Til viðbótar við það sem fjallað er um í sjálfstæðri kröfu er í ósjálfstæðri kröfu (sbr. 2. ml. 2. mgr. 15. gr. rg. ell.) hægt að koma að nánari útskýringum og áherslum sem eru til þess fallnar að auka tæknileg áhrif uppfinningarinnar eða aðra frekari verkan sem henni tengist, skv. slíkri sjálfstæðri kröfu. Það er þó skilyrði að viðbótin sé í samræmi við ákvæði 10. gr. ell. Þegar um samsetta uppfinningu er að ræða má aðeins setja fram ósjálfstæðar kröfur varðandi sérstaka útfærslu þeirra eininga er hún samanstendur af ef slík útfærsla er mikilvæg til að hægt sé að ná fram verkan samsetningarinnar.

*Uppfinningar með kröfuafbrigðum.*

48. gr.

Krafan um uppfinningaheild skv. 16. gr. rg. ell. telst alltaf uppfyllt ef í umsókn er:

1) auk sjálfstæðrar kröfu sem tilgreinir afurð, sjálfstæð krafa sem varðar sérstæða aðferð við framleiðslu afurðarinnar, og sjálfstæð krafa sem tekur til notkunar afurðarinnar, eða
2) auk sjálfstæðrar kröfu sem tilgreinir aðferð, sjálfstæð krafa sem varðar sérstaklega útfærðan tækjabúnað til að framkvæma aðferðina, eða
3) auk sjálfstæðrar kröfu sem tilgreinir afurð, sjálfstæð krafa sem varðar sérstæða aðferð við framleiðslu afurðarinnar og sjálfstæð krafa sem tekur til sérstaklega útfærðs tækjabúnaðar til að framkvæma aðferðina.

*Meðferð umsókna með tilliti til uppfinningaheildar.*

49. gr.

Ef efni umsóknar er greinilega ábótavant að því leyti að það myndar ekki uppfinningaheild ber, ef unnt er, að tilkynna umsækjanda um það og lagfæra áður en nýnæmisrannsókn fer fram.

Hafi Einkaleyfastofan tilkynnt að umsókn nái til t.d. tveggja uppfinninga, A og B, sem eru óháðar hvor annarri, er umsækjanda ekki heimilt að takmarka umsókn sína fyrst við A og síðan, komi í ljós að hún sé þekkt, að breyta umsókninni þannig að hún eigi við B. Ekki má umsækjandi heldur, til að halda slíkum möguleika opnum, miða umsóknina jöfnum höndum við A og B.

Þegar umsækjandi hefur takmarkað kröfurnar, samkvæmt tilmælum frá Einkaleyfastofunni varðandi uppfinningaheild, ber að líta svo á að hann hafi endanlega fallið frá þeirri uppfinningu eða uppfinningum sem felldar hafa verið brott úr kröfunum við takmörkunina.

50. gr.

Ef ekki hefur farið fram alþjóðleg nýnæmisrannsókn eða alþjóðleg forrannsókn á einkaleyfishæfi á hluta af alþjóðlegri einkaleyfisumsókn, vegna þess að umsóknin er talin taka til óháðra uppfinninga, og hafi umsækjandi ekki innan tilskilins frests greitt viðbótargjöld sem tilgreind eru í a-lið 3. mgr. 17. gr. eða í a-lið 3. mgr. 34. gr. Samstarfssáttmálans ber Einkaleyfastofunni að rannsaka hvort umsóknin taki til uppfinninga sem eru óháðar hver annarri. Reynist svo vera skal sá hluti umsóknarinnar, sem ekki hefur sætt slíkri nýnæmisrannsókn, talinn afturkallaður að því er Ísland varðar nema umsækjandi greiði tilskilið viðbótargjald innan 2 mánaða frá því að yfirvöld hafa upplýst umsækjanda um lyktir rannsóknarinnar. Ef yfirvöld telja að umsóknin taki ekki til uppfinninga sem eru óháðar hver annarri ber að halda áfram meðferð umsóknarinnar (36. gr. ell.).

Óski umsækjandi verndar á óháðri uppfinningu í alþjóðlegri einkaleyfisumsókn verður að hluta umsóknina sundur (22. gr. rg. ell.) og greiða nýtt umsóknargjald þótt viðbótargjald sem fjallað er um í 1. mgr. hafi verið greitt.

**Breytingar á umsókn.**

*Einkaleyfiskröfur (19. gr. rg. ell.).*

51. gr.

Tölulegum upplýsingum og öðrum táknum sem ætlað er að skilgreina uppfinninguna efnislega má því aðeins bæta í kröfurnar að hægt sé í tæknilegu tilliti að sýna fram á að slíkt eigi sér stoð í grunngögnum. Þó má gera breytingar á kröfum ef þær lúta að leiðréttingum á beinum misritunum og augljósum þýðingarvillum, að því tilskildu að líklegt sé (t.d. með tilliti til skilnings á efni upphaflegs texta eða innihaldi hugsanlegs forgangsréttarskjals eða þ.h.) að breytingarnar lýsi því sem upphaflega var ætlunin.

52. gr.

Við beitingu 2. mgr. 19. gr. rg. ell. eru það ekki formleg heldur tæknileg tengsl, þ.e. uppfinningaheild með tilliti til viðkomandi vandamáls og úrlausnar þess, sem úrslitum ráða. Breytingar varðandi afbrigði krafna er unnt að samþykkja svo fremi að tæknileg tengsl séu fyrir hendi og þær eigi sér stoð í grunngögnum.

Kröfur sem breytt hefur verið í bága við ákvæði 2. mgr. 19. gr. rg. ell. má skilja frá umsókninni með hlutun eða úrfellingu.

*Lýsingin.*

53. gr.

Á lýsingu og tilheyrandi teikningum má umsækjandi aðeins gera þær breytingar og viðbætur, þar með talið að bæta við frekari útfærsludæmum, sem nauðsynlegar eru til nánari skýringar eða leiðréttingar eða til að laga lýsinguna að nýjum eða breyttum einkaleyfiskröfum. Þessar breytingar og viðbætur mega ekki vera þannig úr garði gerðar að þær gefi í skyn að einkaleyfiskröfurnar séu umfangsmeiri eða fjalli um eitthvað annað en það sem á sér stoð í grunngögnunum.

54. gr.

Þegar umsækjandi leggur inn ný eintök af lýsingu skal hann leggja fram yfirlýsingu um hvar orðalag lýsingarinnar er frábrugðið fyrri lýsingu sem lögð var inn á nánar tilgreindum degi. Jafnframt skal koma fram í yfirlýsingunni að hvaða leyti umræddar breytingar hafa leitt til þess að bætt hefur verið við nýjum efnisatriðum. Samþykkja má slíka yfirlýsingu án sérstakrar athugunar svo fremi ekki sé tilefni til annars.

55. gr.

Minni háttar breytinga á lýsingu, hvenær breyting var gerð og af hverjum, skal getið á spássíu annars eintaksins.

*Tilfærsla gildisdags.*

56. gr.

Hafi umsækjandi, áður en 6 mánuðir eru liðnir frá umsóknardegi, breytt umsókn sinni á þann hátt að upphaflegur umsóknardagur getur ekki haldist fyrir umsóknina sem heild getur hann valið á milli þess að fella hina nýgerðu breytingu úr umsókninni eða krefjast þess að litið verði svo á að umsóknin sem heild hafi verið lögð inn á þeim degi sem umrædd breyting barst Einkaleyfastofunni (tilfærsla gildisdags). Ef umsækjandi krefst tilfærslu gildisdags skal ekki athugað hvort slíkt sé nauðsynlegt.

Þegar krafist hefur verið, eða krafist yrði, tilfærslu gildisdags vegna breyttrar umsóknar skal hún meðhöndluð á sama hátt og aðrar umsóknir með tilliti til uppfinningaheildar, breytinga á kröfum o.fl. Hinn nýi gildisdagur skal lagður til grundvallar við meðferð

umsóknarinnar. Hafi umsóknin verið rannsökuð með tilliti til nýnæmis áður en breytingin var gerð, skal, þegar um er að ræða uppfinningaheild, ákvæðið í 2. mgr. 19. gr. rg. ell. ekki hindra að umsækjandi fái breyttar kröfur í sömu umsókn rannsakaðar m.t.t. nýnæmis. Ef umsókn, sem ekki hefur enn sætt nýnæmisrannsókn, uppfyllir ekki lengur kröfuna um uppfinningaheild og ástæðan er breyting, sem var gerð innan sex mánaða frá umsóknardegi, verður krafan um uppfinningaheild að vera uppfyllt áður en nýnæmisrannsókn er gerð (49. gr.).

Þegar farið hefur verið fram á tilfærslu gildisdags eiga ákvæðin um grunngögn að gilda um þau gögn sem liggja fyrir í málsskjölum á hinum nýja gildisdegi.

Hafi umsækjandinn krafist tilfærslu gildisdags skal ágrip byggt á þeim grunngögnum sem gilda frá og með nýjum gildisdegi.

57. gr.

Sé krafist tilfærslu gildisdags á umsókn sem nýtur forgangsréttar, sbr. 10. gr. rg. ell., fellur forgangsrétturinn niður ef hinn nýi gildisdagur færist aftur fyrir forgangsréttarárið.

## Hlutun og úrfelling.

*Almennt.*

58. gr.

Með hlutun er átt við að hluti af efni í grunngögnum (sbr. 21. gr. rg. ell. og 11. gr. ell.) umsóknar (frumumsóknar) verði lagður til grundvallar fyrir nýrri sjálfstæðri umsókn (22. gr. rg. ell.).

59. gr.

Úrfelling kallast það þegar við lýsingu, kröfur eða með öðrum hætti er bætt efni sem ekki á sér stoð í grunngögnum umsóknar og það lagt til grundvallar fyrir nýrri sjálfstæðri umsókn (23. gr. rg. ell.).

60. gr.

Milli frumumsóknar og umsóknar sem verður til við hlutun eða úrfellingu verður að vera óslitið samhengi. Þannig má ekki vera búið að taka endanlega ákvörðun um frumumsóknina þegar hin nýja umsókn er lögð inn. Hlutun eða úrfelling verður því að fara fram áður en veitt er einkaleyfi samkvæmt frumumsókninni. Ef frumumsókn er hafnað eða hún afskrifuð getur hlutun eða úrfelling átt sér stað svo lengi sem frestur til áfrýjunar eða til að krefjast endurupptöku varir, óháð því hvort niðurstöðu hafi verið áfrýjað eða endurupptaka átt sér stað.

61. gr.

Ef umsókn er hlutuð skv. 2. mgr. 22. gr. rg. ell. gildir sá frestur, sem þar er tilgreindur, í 4 mánuði eftir að umrædd takmörkun var gerð á frumumsókninni. Í slíkum tilvikum má ekki samþykkja frumumsóknina til framlagningar, hafna henni eða úrskurða í andmælum fyrr en nefndur frestur er útrunninn.

62. gr.

Í umsókn sem orðin er til við hlutun eða úrfellingu telst sú lýsing ásamt tilheyrandi teikningum og einkaleyfiskröfum, sem lögð er inn samtímis umsóknarblaði í nýrri umsókn, vera grunngögn umsóknarinnar (24. gr. rg. ell.). Eftir að slík grunngögn í umsókn, sem þannig er háttað um, hafa verið lögð inn er ekki leyfilegt að bæta við umrædda umsókn upplýsingum úr frumumsókninni (sbr. 19. gr. rg. ell.).

63. gr.

Við hlutun eða úrfellingu ber umsækjanda að tilgreina í hvaða hluta frumumsóknar kröfur í hinni nýju umsókn eiga sér stoð (sbr. 1. mgr. 19. gr. rg. ell.).

Ennfremur ber umsækjanda að tilgreina í frumumsókn að hlutun eða úrfelling hafi átt sér stað.

64. gr.

Ef forgangsréttarskjal fjallar um uppfinningu sem ekki er að finna í grunngögnum (sbr. 21. gr. rg. ell.) skal litið svo á að umsækjandi hafi af fúsum og frjálsum vilja horfið frá þeirri uppfinningu. Umsóknin tekur því ekki til slíkrar uppfinningar og þess vegna kemur hlutun eða úrfelling ekki til álita. Þetta gildir óháð því hvort forgangsréttarskjalið er lagt inn fyrr, samtímis eða síðar en grunngögnin.

*Umboð við hlutun eða úrfellingu.*

65. gr.

Ef umsækjandi hefur umboðsmann skal við hlutun eða úrfellingu leggja fram umboð fyrir hverja nýja umsókn. Í staðinn fyrir nýtt umboð má leggja fram ljósrit eða afrit af umboði sem fylgir frumumsókn.

**Almennur aðgengileiki umsókna.**

66. gr.

Leyndartíminn 18 mánuðir skv. 2. mgr. 22. gr. ell. hefst á umsóknar- eða gildisdegi, ef hann er ekki sá sami og umsóknardagur (þ.e. við hlutun, úrfellingu eða tilfærslu gildisdags skv. 14. gr. ell.), eða á forgangsréttardegi þegar forgangsréttar er krafist að fullu eða að hluta. Ef krafist er forgangsréttar á grundvelli margra umsókna reiknast sá tími, sem umsókn skal haldið leyndri, frá fyrsta forgangsréttardegi. Leyndartíma lýkur þegar Einkaleyfastofu er lokað þann mánaðardag er svarar til upphafsdags leyndartímans. Ef þessi mánaðardagur er ekki í viðkomandi mánuði skal miða við síðasta dag mánaðar.

67. gr.

(Engin ákvæði eru undir þessu númeri.)

**Efnisleg meðferð umsóknar.**

68. gr.

Sjálfstæðar kröfur skal rannsaka bæði með tilliti til nýnæmis og einkaleyfishæfis að öðru leyti. Að jafnaði eru ósjálfstæðar kröfur aðeins rannsakaðar að þessu leyti þegar ástæða þykir til að vefengja einkaleyfishæfi þess sem tilgreint er í þeim eða í sjálfstæðum kröfum sem þær ósjálfstæðu tengjast.

*Upplýsingar um niðurstöðu rannsóknar á einkaleyfishæfi uppfinningar í öðru landi.*

69. gr.

Þegar Einkaleyfastofan óskar upplýsinga varðandi niðurstöðu rannsóknar á einkaleyfishæfi uppfinningar í öðru landi skal umsækjanda veittur frestur til að veita slíkar upplýsingar. Að kröfu Einkaleyfastofunnar skal umsækjandi einnig leggja fram innan tilskilins frests staðfest afrit af tilkynningu frá erlendum yfirvöldum varðandi nýnæmi uppfinningarinnar og einkaleyfishæfi að öðru leyti eða yfirlýsingu um að hann hafi ekki móttekið tilkynningu þar að lútandi (29. gr. rg. ell.).

Láti umsækjandi hjá líða að senda umbeðna niðurstöðu af rannsókninni eða afhenda umrædda yfirlýsingu verður umsóknin afskrifuð skv. 15. gr. ell. Neiti umsækjandi að leggja inn niðurstöðu af rannsókninni verður umsókninni hafnað skv. 16. gr. ell.

*Óljósar umsóknir.*

70. gr.

Komi ekki greinilega fram í umsóknargögnum hvað umsækjandi óskar að fá verndað, eða uppfinningu er lýst á ófullnægjandi hátt, ber að hvetja umsækjanda til að leggja inn nýja og gleggri lýsingu ásamt nýjum kröfum áður en nýnæmisrannsókn hefst (sbr. 2. mgr. 8. gr. ell. og 14. gr. ell.).

*Nýnæmisrannsókn.*

71. gr.

Nýnæmisrannsókn skal gerð á grundvelli þess efnis sem tilgreint er í 26. gr. rg. ell.

Þegar í upphafi skal gerð svo fullkomin rannsókn að úr því fáist skorið hvort um nýjung sé að ræða. Ekki er ávallt nauðsynlegt að kanna allt fyrirliggjandi efni og rannsókn má hætta þegar sýnt þykir að nægjanleg vitneskja hafi fengist til að meta einkaleyfishæfi uppfinningarinnar. (Um framkvæmd nýnæmisrannsóknar er nánar fjallað í viðauka I.)

72. gr.

Nýnæmisrannsókn skal ná fram til þess tíma þegar umsókn er lögð inn. Þetta gildir einnig þegar krafist er forgangsréttar.

73. gr.

Hafi borist niðurstaða af nýnæmisrannsókn sem gerð var erlendis skal það hafa í för með sér takmörkun á nýnæmisrannsókn hér á landi með hliðsjón af eftirfarandi tilvikum: Ef niðurstaða nýnæmisrannsóknar er frá öðrum Norðurlöndum er að jafnaði aðeins nauðsynlegt að rannsaka til viðbótar íslenskt efni. Liggi fyrir alþjóðleg skýrsla um nýnæmisrannsókn, þar með talin nýnæmisrannsókn af alþjóðlegum toga, niðurstaða nýnæmisrannsóknar sem gerð hefur verið hjá EPO (Evrópsku einkaleyfaskrifstofunni), frá Frakklandi, Þýskalandi, Hollandi eða Austurríki telst rannsókn yfirleitt fullnægjandi þegar að auki hefur verið kannað norrænt efni. Liggi fyrir niðurstaða nýnæmisrannsóknar frá Stóra-Bretlandi eða Bandaríkjunum er að öðru jöfnu aðeins nauðsynlegt að rannsóknin nái til annars efnis sem skylt er að kanna (71. gr.).

*Nýnæmisrannsókn með tilliti til eldri umsókna sem ekki eru orðnar aðgengilegar almenningi.*

74. gr.

Ef uppfinning sem sótt er um einkaleyfi fyrir er ekki ný með tilliti til efnis í eldri íslenskri umsókn, sem ekki er orðin almenningi aðgengileg, og svo fremi umsókninni er ekki hafnað af öðrum ástæðum, skal almenna reglan vera sú að lokameðferð hennar verði sett í biðstöðu þar til eldri umsóknin verður almenningi aðgengileg skv. 22. gr. ell. eða þar til tekin hefur verið endanleg ákvörðun um hana innan tímamarka sem þar er getið.

Sama á við með tilliti til efnis í eldri alþjóðlegri einkaleyfisumsókn sem taka skal gildi á Íslandi ef yfirvöldum er kunnugt um efni hennar. Lokameðferð yngri umsóknarinnar verður haldið áfram þegar alþjóðlega umsóknin, eftir yfirfærslu hingað til lands, verður almenningi aðgengileg skv. 22. gr. ell. eða fellur niður að því er Ísland varðar.

Í báðum fyrrgreindum tilvikum skal skýra frá hættu á skörun.

75. gr.

Grunngögn einkaleyfisumsóknar (21. gr. rg. ell.) teljast nýnæmishindrun skv. 2. ml. 2. mgr. 2. gr. ell. talið frá forgangsréttardegi, að því marki sem efni þeirra á sér stoð í forgangsréttarskjölum, en ella frá umsóknardegi.

Ágrip og önnur gögn umsóknar (viðbætur við lýsingu, skrifleg svör, forgangsréttarskjöl) hindra nýnæmi frá og með þeim degi sem gögnin verða almenningi aðgengileg, sbr. 22. gr. ell.

Fyrrgreind atriði eiga einnig við um alþjóðlega einkaleyfisumsókn sem yfirfærð er hingað til lands.

*Forgangsréttur.*

76. gr.

Sæki umsækjandi þeirrar umsóknar, sem forgangsréttur byggir á, um einkaleyfi ásamt öðrum er ekki krafist staðfestingar á að hinn síðarnefndi megi njóta forgangsréttar. Sé sá sem sækir um einkaleyfi á Íslandi umsækjandi ásamt öðrum í þeirri umsókn, sem forgangsréttur byggir á, er krafist framsals frá hinum síðarnefnda.

77. gr.

Heimilt er að rýmka umfang umsóknar með tilliti til efnis forgangsréttarskjals (hlutaforgangsréttur) án þess að forgangsréttur glatist. Forgangsrétturinn nær til alls sem tiltekið er í forgangsréttarskjalinu, óháð því hvort þess sé getið í kröfum eða ekki. Umsókn sem lögð er inn síðar af sama umsækjanda og kröfurnar taka til einhvers, sem aðeins er að finna í lýsingu (teikningum) fyrri umsóknar, getur ekki talist fyrsta innlagða umsókn í sambandslandi, nema að uppfylltum skilyrðum 2. mgr. 12. gr. rg. ell.

Grunngögn skulu einnig lögð til grundvallar við meðhöndlun umsókna sem krafist er forgangsréttar fyrir. Þannig er ekki hægt að bæta einhverju nýju við íslenska umsókn með því að skírskota til forgangsréttarskjala (sbr. 64. gr.). Augljós mistök og prentvillur er þó hægt að leiðrétta til samræmis við forgangsréttarskjal.

*Athugun á lýsingu áður en umsókn er samþykkt til framlagningar.*

78. gr.

Þegar sýnt þykir að hægt sé að samþykkja einkaleyfiskröfur skal yfirfara lýsinguna áður en umsókn er lögð fram. Í því felst að kannað sé hvort lýsingin uppfylli skilyrði varðandi form, hvort hún sé í samræmi við kröfurnar og hvort í henni sé að finna nauðsynleg útfærsludæmi. Að öðru leyti þarf ekki að gera aðrar breytingar eða leiðréttingar á lýsingu og teikningum en þær sem nauðsynlegar eru til að fagmaður geti skilið uppfinninguna (uppfinningarnar) með hjálp fyrrnefndra gagna. Ekki ber því að gera athugasemdir viðvíkjandi orðalagi, tæknilegum hugtökum, o.s.frv. nema til að fyrirbyggja mistúlkun. Ekki er heldur nauðsynlegt að ganga úr skugga um að öll tákn á teikningu séu útskýrð í lýsingunni.

*Flokkun.*

79. gr.

Einkaleyfisumsóknir skulu flokkaðar. Flokkunin skal gerð eftir þeirri útgáfu sem í gildi er á hverjum tíma af alþjóðlega einkaleyfisflokkunarkerfinu (The International Patent Classification) og eftir viðeigandi reglum þess (The Guide). Útgáfan er auðkennd með númeri á eftir skammstöfuninni „Int.Cl.", sem frá og með 1. janúar 1990 er þannig: „Alþj.fl.5" („Int.Cl.5").

80. gr.

Skylt er að flokka uppfinningu eða uppfinningar sem tilgreindar eru í einkaleyfiskröfum.

Ef fram koma í einkaleyfisumsókn nýjar tæknilegar upplýsingar sem ekki eru hluti af sjálfri uppfinningunni en talist geta þýðingarmiklar út frá varðveislusjónarmiði, má einnig skipa þeim í flokka (valflokkun). Á vissum tæknisviðum hefur flokkunarkerfið verið endurbætt ýmist þannig að við það er bætt lista yfir kennitákn eða með því að tiltekin

flokkunartákn eru einnig notuð sem kennitákn (hybridsystem). Kennitáknum er ætlað að vera eins konar viðbót við flokkunina í því skyni að veita fyllri upplýsingar, t.d. með því að gefa til kynna veigamestu einingar, aðferðarþætti eða notkunarsvið þess sem er flokkað.

81. gr.

Um skylduflokkun gildir eftirfarandi:

Uppfinningu skal, ef mögulegt er, flokka sem eina heild en ekki flokka sérstaklega einstaka hluta hennar.

Ef ekki reynist unnt að skipa uppfinningunni (uppfinningunum) í eina ákveðna deild í flokkunarkerfinu skal nota fleiri deildir, svokallaða fjölflokkun. Fjölflokkun ber t.d. að beita:

1) þegar um er að ræða fleiri en eina sjálfstæða kröfu er tekur til uppfinninga sem ekki tilheyra sömu deild,
2) þegar sjálfstæð krafa tekur til uppfinningar sem ekki er hægt að skipa í eina ákveðna deild, eða
3) þegar kröfurnar taka til uppfinningar sem bæði hefur almenna notkunarmöguleika og getur nýst á einu eða fleiri sérhæfðum notkunarsviðum, svo fremi að í flokkunarkerfinu finnist bæði almenn deild og deildir fyrir sérhæfða notkun.

Forðast ber fjölflokkun þegar um er að ræða undirdeildir sem tilheyra sömu aðaldeild.

Við fjölflokkun skal fyrst tilgreina flokkunartákn þeirrar deildar sem uppfinningin helst tilheyrir.

82. gr.

Fullnægjandi flokkunartákn skal hafa að geyma tákn fyrir svið, flokk, undirflokk og deild (aðaldeild eða undirdeild). Tákn fyrir deild samanstendur af tveimur tölum sem aðskildar eru með skástriki. Þegar notuð eru kennitákn skal tvípunktur koma í stað skástriks.

Tákn fyrir skylduflokkun skulu tilgreind fyrst. Á eftir tvöföldu skástriki skal aftur á móti rita hugsanleg tákn fyrir valflokkun. Í sviga þar á eftir fylgja kennitákn sem eru tengd flokkunartákni og að lokum kennitákn sem ekki hafa slíka tengingu.

Táknin eru að öðru leyti aðskilin hvert frá öðru með kommu eða með sviga utan um samtengd pör flokkunartákna og kennitákna.

Komi fyrir hvert á eftir öðru fleiri en eitt flokkunartákn/kennitákn sem tilheyra sama undirflokki skal aðeins nefna undirflokkinn einu sinni.

Dæmi um framsetningu og röð á flokkunartáknum og kennitáknum (sbr. 87. kafla í leiðarvísi IPC-kerfisins (The Guide)):

1. C 08 F 210/16, 255/04 // A 61 K 47/00, C 09 J 151/06
   (C 08 F 210/16, 214:06) (C 08 F 255/04, 214:06)
2. B 29 C 65/08 // B 29 K 83:00, B 29 L 23:18.

**Tilvitnanir í heimildir.**

*Álitsgerðir.*

83. gr.

Í álitsgerðum skulu nýnæmishindrandi gögn yfirleitt gefin upp á eftirfarandi hátt:

1) Einkaleyfisskjöl:
   Alþjóðlegir táknstafir fyrir lönd (WIPO/ICIREPAT), tegund skjals eða ef til vill skjalatákn sem fram kemur í því, númer skjals,
   tilvísun í viðeigandi hluta skjals þegar við á.

   Umsóknir sem orðnar eru aðgengilegar almenningi skulu taldar upp með umsóknarnúmeri að viðbættu númeri þess skjals sem umsóknin hefur leitt til ef svo ber undir.

Dæmi:
DE B2 2 124 745, dálkur 7, lína 15–36.
FR einkaleyfisútskrift 985 216, bls. 2, vinstri dálkur, lína 9–13.
IS umsókn nr. 2462, sbr. einkaleyfi nr. 1119.

2) Tímarit, ritraðir og ágrip:
Fullt heiti eða almennt viðtekin skammstöfun,
bindi (árgangur),
númer eða hefti,
útgáfudagur og útgáfustaður,
höfundur,
heiti greinar, blaðsíðutal og, þegar við á, nánari staðsetning viðeigandi hluta.

Dæmi:
Phys., Rev. 75, 891–2 (1949)
Melliand, Textilberichte, 1969, bind 50, Heidelberg, R. Grösser, „Jacquardeinrichtungen an Grossrundstrickmaschinen", bls. 1436–1445, sérstaklega bls. 1443, lína 1 í dálki 1 – línu 18 í dálki 2; mynd 19, 20.
CA 43, 2447 g.

3) Bækur og önnur rit, svo sem skýrslur o.fl., sem ekki mynda ritröð:
Nafn höfundar eða ritstjóra,
heiti rits,
útgáfa og bindi,
útgefandi,
útgáfustaður og -ár,
upplýsingar um viðeigandi blaðsíður.

Dæmi:
H. Walton, „Microwave Quantum Theory", bindi 2, Sweet and Maxwell, 1973, London, bls. 138–192, sérstaklega blaðsíða 146–148.

4) Rit gefin út af fyrirtækjum:
Upplýsingar skulu vera eins ítarlegar og mögulegt er, helst nafn fyrirtækis og póstfang, heiti rits, útgáfustaður og -ár og blaðsíðutal.

*Mótgagnalisti.*
84. gr.

Áður en framlagning á sér stað skal gera lista yfir gögn sem einkaleyfayfirvöld hafa dregið fram og notað gegn umsókninni við meðferð hennar (mótgagnalisti). Í mótgagnalista skulu gögnin talin upp á sama hátt og í álitsgerðum. Auk þess má gefa upp viðeigandi flokkunartákn fyrir einkaleyfisskjöl sem dregin hafa verið fram, þó þannig að aðeins hið fyrsta sé tilgreint ef um fleiri flokkunartákn er að ræða á einkaleyfisskjali.

Þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi má í undantekningartilfellum sleppa því að taka ákveðið skjal með á listann eða setja á hann tiltekið skjal sem ekki hefur verið notað gegn umsókninni. T.d. skal ekki taka með gögn sem dregin hafa verið fram vegna mistaka og/eða ekki teljast skipta máli; hins vegar er hægt að taka með gögn sem getið er í svarbréfi frá umsækjanda eða í umsókn sem hlutaðeigandi umsókn er sprottin af við hlutun eða úrfellingu.

85. gr.

Ef ritvilla leiðir til þess í meðferð máls að rangt er farið t.d. með land eða númer einkaleyfisskjals, númer eða blaðsíðu tímarits sem skírskotað hefur verið til skal leiðrétta skekkjuna í mótgagnalista enda hafi umsækjanda verið tilkynnt um leiðréttinguna á meðan umsókn var til meðferðar. Hafi það ekki verið gert má ekki taka heimildarritið með á listann.

86. gr.

Í listanum skal heimilda getið í eftirfarandi röð: Fyrst skal tilgreina íslenskar einkaleyfisumsóknir, sem eru orðnar almenningi aðgengilegar, framlagningarskjöl og útgefin einkaleyfi, þá birtar alþjóðlegar og evrópskar einkaleyfisumsóknir eða ágrip úr þeim og síðan einkaleyfisumsóknir, framlagningarskjöl og útgefin einkaleyfi frá öðrum löndum í stafrófsröð. Einkaleyfisumsóknir, framlagningarskjöl og útgefin einkaleyfi frá sama landi skal tilgreina í númeraröð. Aðrar heimildir skal telja upp síðast í listanum.

Einkaleyfisumsóknir sem hafa verið dregnar fram skv. 2. og 3. ml. 2. mgr. 2. gr. ell., ber að tilgreina sérstaklega með viðbótinni »(ell. gr. 2.2.3)« á eftir umsóknarnúmerinu.

87. gr.

Þegar einkaleyfisumsókn er lögð fram skal fyrrnefndur listi vera á framlagningarskjalinu undir yfirskriftinni „Framdregin gögn". Ef ný mótgögn eru dregin fram eftir framlagningu, t.d. við andmæli, skal þeim bætt á listann ef einkaleyfi verður veitt.

Hafi engar heimildir verið notaðar skal það gefið til kynna með striki á eftir nefndri yfirskrift.

**Framlagning umsóknar.**

88. gr.

Þegar umsókn er samþykkt til framlagningar má ekki breyta gögnum sem tilheyra henni, án þess að umsækjanda hafi áður verið gert viðvart, nema um sé að ræða augljósar leiðréttingar að því er varðar formsatriði í lýsingu eða kröfum eða upplýsing sé bersýnilega óþörf að öðru leyti.

89. gr.

Ef umsókn er tilbúin til framlagningar að öðru leyti en því að skjöl, nothæf til offsetprentunar (23. og 26. gr.), liggja ekki fyrir skal umsækjanda gert að leggja slík skjöl fram í síðasta lagi þegar greiða skal framlagningargjald ásamt yfirlýsingu um að þau séu í fullu samræmi við áður samþykkt skjöl.

90. gr.

Til að beiðni um frestun á framlagningu (30. gr. rg. ell.) verði tekin til greina verður hún ásamt framlagningargjaldi að berast Einkaleyfastofunni innan fresta skv. 20. gr. ell. Beiðnin skal sett fram í sérstöku bréfi.

**Andmæli.**

91. gr.

Andmæli og tilheyrandi fylgigögn skulu lögð inn í tveimur eintökum. Einnig skulu síðari athugasemdir ásamt fylgigögnum umsækjanda og andmælanda lögð inn í tveimur eintökum. Þegar um er að ræða breytingar á lýsingu og kröfum ber að leggja slík fylgigögn inn í þremur eintökum.

92. gr.

Þegar andmæli koma fram skal ætíð taka umsókn til efnislegrar meðferðar. Við meðferðina skal taka tillit til alls sem fram hefur komið áður en úrskurður er felldur, einnig þess sem hugsanlega hefur komið fram í andmælum sem borist hafa of seint eða verið dregin til baka.

93. gr.

Hafi andmælandi greint frá forsendum andmælanna (t.d. einkaleyfi, tiltekin almenn notkun) en ekki rökstutt andmælin frekar má veita honum frest til að leggja fram nánari rökstuðning.

94. gr.

Senda skal umsækjanda eintak af öllum bréfum og gögnum sem berast frá andmælanda (35. gr. rg. ell.). Bréfaskipti við andmælanda ber hins vegar að takmarka við það sem telja má óhjákvæmilegt og nauðsynlegt til að varpa ljósi á málið. Aðeins ef ástæða þykir til skal veita andmælanda tækifæri til að gera athugasemdir við fyrstu viðbrögð umsækjanda varðandi andmælin. Andmælanda skal ekki veita tækifæri til að tjá sig frekar um málið nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi (2. mgr. 35. gr. rg. ell.).

Þegar andmæli sem byggð eru á meintri almennri notkun eru send umsækjanda ber að óska eftir því að hann upplýsi að hve miklu leyti hann viðurkennir eða mótmælir réttmæti þeirra upplýsinga frá andmælanda er varða almenna notkun.

Ef umsækjanda er skrifað varðandi efnislega meðferð málsins skal samtímis senda andmælanda afrit af bréfinu.

Afrit af innlögðum gögnum, sem gagnaðili hefur ekki fengið vitneskju um fyrr, skal fylgja slíku bréfi og endanlegum úrskurði í málinu.

95. gr.

Ef munnlegur málflutningur telst nauðsynlegur við meðferð andmælamáls skal kveðja til bæði umsækjanda og andmælendur.

96. gr.

Afrit af endanlegum úrskurði skal senda bæði umsækjanda og andmælanda. Ef talið er að umsóknin ætti að leiða til einkaleyfis þrátt fyrir andmæli skal í úrskurðinum tilgreina ástæðu fyrir því að andmælin eru ekki tekin til greina. Slíkur úrskurður um staðfestingu á veitingu einkaleyfis þrátt fyrir framkomin andmæli telst óþarfur ef andmælin hafa borist of seint.

97. gr.

Hafi andmælandi með óyggjandi hætti dregið andmæli sín til baka eða lýst því yfir skriflega að hann hafi ekki lengur neitt við það að athuga að umsóknin verði samþykkt telst andmælandi hafa endanlega afsalað sér rétti til að áfrýja ákvörðun um samþykkt umsóknar.

**Ábending gegn einkaleyfisumsókn.**

98. gr.

Ef í skriflegri ábendingu skv. 36. gr. rg. ell. er skírskotað til annarrar nýnæmishindrunar en almennrar notkunar skal sá sem fer með málið strax athuga hvort ástæða sé til að taka saman álitsgerð um málið.

Ef ábendingin varðar almenna notkun er meginreglan sú að málið verður ekki tekið til meðferðar fyrr en andmælafrestur er liðinn og þá því aðeins að gerð sé einnig, í andmælabréfi, grein fyrir því, sem ábendingin snýst um.

**Svarfrestir.**

99. gr.

Frestir sem veittir eru samkvæmt 100.–103. gr. reiknast frá dagsetningu viðkomandi bréfs.

100. gr.

Fyrir framlagningu umsóknar hefur umsækjandi eftirtalda svarfresti:

1. Formgallar á umsókn (sbr. 42. gr.)
   ef umsóknargjald hefur ekki verið greitt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 1 mánuður
   ef umsóknargjald hefur verið greitt . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3 mánuðir
   Ef ágallar með tilliti til umsóknargjalds varða aðeins viðbótargjald skal síðari fresturinn gilda.
   Viðbótargjald skal þá miðast við gildandi gjaldskrá við lok frestsins.
2. Fyrsta álitsgerð vegna efnislegrar meðferðar . . . . . . . . . . . . . . . . . 8 mánuðir
3. Ný álitsgerð með nýjum mótrökum . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6 mánuðir
4. Aðrar álitsgerðir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 2–4 mánuðir
5. Tilmæli um að lögð verði fram niðurstaða af rannsókn á einkaleyfishæfi sem gerð hefur verið erlendis . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3–6 mánuðir

101. gr.

Svarfrestir í andmælamálum:

1. Nánari rökstuðningur viðvíkjandi andmælum skv. 93. gr. . . . . . . . . . . 2 mánuðir
2. Andmæli – fyrsta svar umsækjanda . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 6 mánuðir
3. Síðari athugasemdir málsaðila . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3 mánuðir
4. Hugsanleg erindi Einkaleyfastofunnar . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 2–4 mánuðir

102. gr.

Frestur til að höfða mál skv. 17. gr. ell. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 2 mánuðir

103. gr.

Þegar sérstakar ástæður mæla með því má veita aðra fresti en um getur í 100.–102. gr.

Frestir sem veittir eru skv. 100.–102. gr. verða aðeins framlengdir ef sérstæðar kringumstæður eru fyrir hendi.

**Gildistaka**

104. gr.

Auglýsing þessi er birt í samræmi við 37. gr. reglugerðar nr. 574/1991 varðandi umsóknir um einkaleyfi o.fl., með stoð í lögum nr. 17/1991. Auglýsingin öðlast gildi hinn 1. janúar 1992 með þeim takmörkunum sem kveðið er á um í 58. gr. fyrrnefndrar reglugerðar og bráðabirgðaákvæðum hennar.

*Iðnaðarráðuneytið, 2. desember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Helga Jóna Benediktsdóttir.*

**Viðauki I.**

*Framkvæmd nýnæmisrannsóknar.*

1.

Einkaleyfastofan gerir samning við dönsku einkaleyfastofnunina (Patentdirektoratet) um aðstoð við rannsókn á nýnæmi og einkaleyfishæfi umsókna, sbr. 1. mgr. 27. gr. rg. ell.

Í samningnum skal m.a. kveðið á um hve langur tími skuli að jafnaði líða frá frá því danska stofnunin tekur við beiðni um rannsókn og þar til niðurstöður liggja fyrir.

2.

Um framkvæmd rannsóknar skulu gilda ákvæði 68. gr. og 71.–73. gr. augl. ell. og leiðbeiningar sem Einkaleyfastofan lætur dönsku einkaleyfastofnuninni í té.

Einkaleyfastofan rannsakar til viðbótar íslenskt efni og önnur atriði skv. einkaleyfalögum og tilheyrandi reglugerðum og tekur ákvörðun varðandi umsóknina með hliðsjón af niðurstöðu rannsóknar hjá dönsku einkaleyfastofnuninni.

3.

Rannsókn hjá dönsku einkaleyfastofnuninni skal að jafnaði taka til allra einkaleyfisumsókna sem lagðar eru inn hér á landi. Undantekningu má þó gera ef sama eða sambærileg umsókn hefur jafnframt verið lögð inn hjá einni eða fleiri einkaleyfastofnunum á öðrum Norðurlöndum. Í slíkum tilvikum skal umsækjandi, innan 6 mánaða frá umsóknardegi eða gildisdegi (sbr. 56. gr. reglnanna) leggja fram yfirlýsingu þar um. Einnig skal í yfirlýsingunni koma fram að umsækjandi muni síðar leggja fram endanlega niðurstöðu varðandi rannsókn á nýnæmi/einkaleyfishæfi umsóknarinnar og, ef við á, staðfest eintak af veittu einkaleyfi.

Framangreind undantekning tekur ekki til umsókna er varða lækningalyf.

4.

Vegna rannsóknar í Danmörku skal umsækjandi leggja inn þýðingu á lýsingu, einkaleyfiskröfum og ágripi á dönsku, norsku, sænsku eða ensku:

a) innan þriggja mánaða frá umsóknardegi eða gildisdegi (sbr. 56. gr. reglnanna) ef umsókn hefur ekki jafnframt verið lögð inn í öðru landi (grunnumsókn), eða
b) innan 6 mánaða frá umsóknardegi eða gildisdegi (sbr. 56. gr. reglnanna) ef í viðkomandi umsókn er krafist forgangsréttar á grundvelli erlendrar umsóknar.

**Viðauki II.**

*Tímabundin ákvæði varðandi meðferð einkaleyfisumsókna er taka til lækningalyfja.*

1.

Um framkvæmd ákvæða 2. mgr. 75. gr. einkaleyfalaga varðandi uppfinningar á sviði lækningalyfja (þar sem heimild er til að veita einungis einkaleyfi fyrir sérstakri aðferð við framleiðslu lyfja en ekki afurðinni sem slíkri) gilda tímabundið eftirfarandi reglur.

2.

Ef nýjungin við uppfinninguna telst liggja í aðferð við framleiðslu afurðar, gilda venjulegar reglur um rannsókn á nýnæmi, frumleikastigi og uppfinningaheild.

3.

Ef nýjungin við uppfinninguna telst einungis varða afurðina skulu kröfurnar beinast að „hliðstæðri aðferð“ (analogifremgangsmåte). Hægt er þá að veita einkaleyfi á framleiðslu afurðarinnar með efnafræðilegri breytingu jafnvel þótt í aðferðinni sem slíkri felist ekkert nýtt sem talist getur einkaleyfishæft (þ.e. er hliðstætt við áður þekktar efnafræðilegar aðferðir). Forsendur fyrir þessu eru þær að afurðin sé ný og að í henni felist, samkvæmt lýsingu, óvæntir og verðmætir eiginleikar. Verkunarmáti afurðarinnar eða notkun hennar sem lækningalyfs skal koma fram í kröfunum.

4.

Það sem að öðru leyti er ákvarðað varðandi uppfinningaheild umsóknarinnar kemur ekki í veg fyrir að í fyrstu sjálfstæðu kröfunni sé gerð grein fyrir innbyrðis mismunandi hliðstæðum aðferðum (aðalefnahvörf og afleiðumyndanir) til framleiðslu á einni og sömu afurð sem er lækningalyf. Þessi afurð getur verið efnasamband eða hópur efnasambanda með mjög skylda efnafræðilega uppbyggingu, þ.e. hin almenna formúla þeirra er hin sama og óvæntir og verðmætir eiginleikar hinir sömu.

5.

Kröfurnar mega að jafnaði aðeins ná til þeirra hliðstæðra aðferða sem dæmi eru tekin um í lýsingunni.

6.

Sem dæmi um afleiðumyndanir, sem geta falist í sama einkaleyfi og aðalefnahvörf, má nefna:

a) estramyndun úr karboxýlsýrum,
b) saltmyndun úr karboxýlsýrum,
c) etermyndun alkóhóla,
d) asýlering alkóhóla,
e) alkýlering á amínum,
f) asýlering á amínum,
g) saltmyndun amína og myndun kvarter ammóníumsambanda,
h) vetnismettun tvítengja af alifatískum uppruna,
i) oxun R-S hópa til myndunar R-SO2 hópa,
j) afoxun karboxýlhópa í aldehýðhópa,
k) afoxun köfnunarefnishópa í amínóhópa
l) skipting rasemískrar blöndu í ljósvirka ísómera.

7.

Þegar um er að ræða skilyrði varðandi uppfinningaheild má umsókn annað hvort eingöngu taka til aðferðar eða eingöngu til hliðstæðrar aðferðar. Áður en nýnæmisrannsókn er gerð skal umsækjandi, ef nauðsyn krefur, gera grein fyrir hvort hann sækir um vernd á uppfinningunni sem hliðstæðri aðferð eða ekki.

8.

Eftir að fyrsta álitsgerð eftir nýnæmisrannsókn hefur verið látin í té, getur umsækjandi ekki breytt einkaleyfiskröfu úr hliðstæðri aðferð í aðferð nema það sé gert í hlutaðri eða úrfelldri umsókn. Ef í ljós kemur að afurðin er áður þekkt eða að hún hefur hvorki óvænta né verðmæta eiginleika skal hafna umsókninni. Aftur á móti má breyting úr aðferð í hliðstæða aðferð eiga sér stað eftir ofangreind tímamörk.

# REGLUGERÐ

**um gjöld fyrir vörumerki o.fl.**

1. gr.

| | | Kr. |
|---|---|---|
| | Fyrir umsókn um skráningu vörumerkis greiðist: | |
| a) | Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 9.000 |
| b) | Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.800 |
| c) | Ef sótt er um skráningu á myndmerki eða stílfærðu orðmerki greiðist að auki . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.000 |

2. gr.

| | | |
|---|---|---|
| | Fyrir umsókn um endurnýjun vörumerkis greiðist: | |
| a) | Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 9.000 |
| b) | Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.800 |

3. gr.

| | | |
|---|---|---|
| | Fyrir umsókn um skráningu gæðamerkis og endurnýjun greiðist: | |
| a) | Grunngjald, einn vöruflokkur innifalinn . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 12.000 |
| b) | Flokkagjald fyrir hvern vöruflokk umfram einn . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.800 |

4. gr.

| | | |
|---|---|---|
| | Ýmis gjöld: | |
| a) | Innritun í vörumerkjaskrá . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 1.300 |
| b) | Útskrift eða staðfest myndrit úr vörumerkjaskrá . . . . . . . . . . . . . . . . | 950 |
| c) | Athugun á því hvort vörumerki sé skráð; fyrir hvern vöruflokk sem athugunin nær til . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 950 |
| d) | Umsókn um breytingu á skráðu merki, sbr. 24. gr. vörumerkjalaga og 9. gr. reglugerðar nr. 1/1969 . . . . . . . . . . . . . . | 1.300 |
| e) | Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða skráningar . . . . . . . . . . . . . | 1.300 |

5. gr.

| | |
|---|---|
| Hámarksgjald vegna áfrýjunar, sbr. lög nr. 31 15. maí 1984 . . . . . . . . . . | 45.000 |

6. gr.

Gjöld skv. 1.–4. gr. reglugerðar þessarar greiðast Einkaleyfastofunni.

Áfrýjunargjald skv. 5. gr. greiðist Iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun.

Gjöld skv. 1., 2. og 3. grein skulu greidd við afhendingu umsóknar.

Ekki skal endurgreiða gjöld skv. 1., 2. og 3. gr. reglugerðarinnar þótt synjað sé um skráningu eða umsókn afturkölluð.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 46. gr. laga nr. 47/1968 um vörumerki, sbr. lög nr. 31/1984, og öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð sama efnis nr. 501, 19. desember 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 6. desember 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Kristmundur Halldórsson.*

# REGLUGERÐ

**um gjöld fyrir einkaleyfi o.fl.**

1. gr.

Fyrir umsóknir og meðhöndlun þeirra skal, auk árgjalda skv. 2. gr., greiða eftirtalin gjöld:

| | Kr. |
|---|---|
| 1) Umsóknargjald skv. 5. mgr. 8. gr. einkaleyfalaga nr. 17/1991 (ell.) fyrir íslenska einkaleyfisumsókn: | |
| a) grunngjald | 25.000 |
| b) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu umfram tíu | 1.000 |
| 2) Endurupptökugjald skv. 3. mgr. 15. gr. eða 1. mgr. 20. gr. ell. | 3.000 |
| ef umsókn hefur áður verið endurupptekin | 6.000 |
| 3) Framlagningargjald skv. 1. mgr. 20. gr. ell.: | |
| a) grunngjald fyrir prentun fyrstu 5 blaðsíðna lýsingar með tilheyrandi einkaleyfiskröfum, teikningum og ágripi | 8.000 |
| b) viðbótargjald fyrir prentun hverrar blaðsíðu sem byrjar umfram 5 | 500 |
| c) viðbótargjald fyrir hverja einkaleyfiskröfu sem bætt er við þær sem greitt var fyrir við innlagningu umsóknar | 1.000 |
| 4) Endurveitingargjald skv. 72. gr. ell. | 8.000 |
| 5) Hámarksgjald vegna áfrýjunar skv. 1. mgr. 25. gr. og 2. mgr. 67. gr. ell. | 45.000 |

Þegar umsækjanda er tilkynnt um framlagningu umsóknar skal jafnframt geta um upphæð framlagningargjalds. Fjöldi prentaðra síðna skv. 3. tl. 1. mgr. miðast við þá lýsingu ásamt teikningum sem fyrir liggja þegar umsóknin er samþykkt til framlagningar.

2. gr.

Árgjöld fyrir einkaleyfisumsóknir skv. 5. mgr. 8. gr. og 82. gr. ell. og fyrir einkaleyfi skv. 40.-42. gr. ell. eru sem hér segir:

| | Kr. |
|---|---|
| 1. gjaldár | 2.000 |
| 2. gjaldár | 2.000 |
| 3. gjaldár | 2.000 |
| 4. gjaldár | 3.000 |
| 5. gjaldár | 3.000 |
| 6. gjaldár | 4.000 |
| 7. gjaldár | 4.000 |
| 8. gjaldár | 5.000 |
| 9. gjaldár | 5.000 |
| 10. gjaldár | 6.000 |
| 11. gjaldár | 6.000 |
| 12. gjaldár | 8.000 |
| 13. gjaldár | 8.000 |
| 14. gjaldár | 10.000 |
| 15. gjaldár | 10.000 |
| 16. gjaldár | 12.000 |
| 17. gjaldár | 14.000 |
| 18. gjaldár | 16.000 |
| 19. gjaldár | 18.000 |
| 20. gjaldár | 20.000 |

Árgjald fellur í gjalddaga síðasta dag fyrsta almanaksmánaðar í gjaldári, sbr. 1. ml. 40. gr. ell.

Árgjald, sem greitt er innan 6 mánaða frá gjalddaga skv. 3. mgr. 41. gr. eða 3. mgr. 42. gr. ell. skal hækka um 20%.

3. gr.

Þegar árgjald af einkaleyfi sem veitt hefur verið í samræmi við lög nr. 12/1923 um einkaleyfi fyrir gildistöku laga nr. 17/1991 gjaldfellur í fyrsta sinn, sbr. 1. mgr. 82. gr. ell., skal upphæðin miðast við gjaldár talið frá umsóknardegi. Ennfremur skal upphæðin, ef við á, reiknast sem hlutfall af heilu árgjaldi og miðast við þann dagafjölda sem eftir er af viðeigandi gjaldári fram að þeim degi í almanaksári sem svarar til viðkomandi umsóknardags, þ.e. eftir hlutfallinu:

(fjöldi eftirstandandi daga gjaldárs)/365

(Þetta er gert til þess að skapa tengingu milli einkaleyfisgjalds skv. 8. gr. rg. nr. 59/1966, sem miðast við útgáfudag einkaleyfis, og árgjalds skv. 40. gr. ell., sem miðast við umsóknardag skv. 5. mgr. 8. gr. sömu laga.)

Lögskipað gjald fyrir einkaleyfi sem veitt er í samræmi við lög nr. 12/1923 um einkaleyfi eftir gildistöku laga nr. 17/1991, sbr. 78. gr. og 1. mgr. 82. gr. þeirra laga, greiðist skv. 8. gr. rg. nr. 59/1966 við veitingu leyfisins fyrir fyrstu fimm ár gildistímans. Eftir það verður greiðsla árgjalda í samræmi við 1. mgr., sbr. 1. mgr. 82. gr. ell.

| | Kr. |
|---|---|
| Gjald fyrir fyrstu 5 ár gildistímans skv. ofangreindu | 14.000 |

4. gr.

Vegna útgefinna einkaleyfa greiðast ennfremur eftirtalin gjöld auk gjalda skv. 2. og 3. gr.:

| | Kr. |
|---|---|
| 1) Endurveitingargjald skv. 72. gr. ell. | 8.000 |
| 2) Innritun í einkaleyfaskrá á breytingum er snerta einkaleyfishafa, uppfinninga- eða umboðsmann | 1.300 |
| 3) Innritun í einkaleyfaskrá er varðar framsal eða nytjaleyfi | 1.300 |

5. gr.

| Ýmis gjöld: | Kr. |
|---|---|
| 1) Afrit af almennt aðgengilegri einkaleyfisumsókn (lýsing, einkaleyfiskröfur, ágrip og teikningar) eða af veittu einkaleyfi | 500 |
| 2) Afrit af prentuðum eintökum skv. 1. mgr. 25. gr. rg. ell. eða af prentuðu einkaleyfi eða framlagningarskjali | 500 |
| 3) Staðfest afrit af skjölum skv. 1. og 2. tl., m.a. forgangsréttarskjöl | 1.800 |
| 4) Staðfest útskrift úr einkaleyfaskrá | 950 |
| 5) Athugun á því hvort umsókn eða einkaleyfi sé skráð fyrir tiltekinni uppfinningu | 950 |
| 6) Beiðni um endurbirtingu umsóknar eða einkaleyfis | 1.300 |

6. gr.

Gjöld skv. reglugerð þessari greiðast Einkaleyfastofunni. Þó skal áfrýjunargjald skv. 5. tl. 1. mgr. 1. gr. greiðast iðnaðarráðuneyti við afhendingu bréfs um áfrýjun. Gjöld skv. 1. tl. og 3.–5. tl. 1. mgr. 1. gr., 2. gr., 3. gr. og 1. tl. 4. gr. endurgreiðast ekki þótt umsókn verði afskrifuð, hafnað eða dregin til baka, beiðni um endurupptöku verði hafnað eða hún dregin til baka eða þótt einkaleyfishafi kjósi að láta einkaleyfi sitt falla úr gildi.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 68. gr. laga nr. 17/1991 um einkaleyfi og öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um sama efni nr. 500 19. desember 1990.

*Iðnaðarráðuneytið, 6. desember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Kristmundur Halldórsson.*

4. desember 1991 Nr. 578

# AUGLÝSING

**um vátryggingarfjárhæðir samkvæmt reglugerð um löggildingu og tryggingaskyldu fasteigna- og skipasala nr. 520/1987.**

Vátryggingarfjárhæðir samkvæmt 3. gr. reglugerðar nr. 520/1987 skulu vera sem hér segir tímabilið 1. desember 1991 til 30. nóvember 1992:

1. Ábyrgðartrygging vegna hvers einstaks tjónsatviks verður kr. 4 239 130,00 en þó aldrei hærri en kr. 12 717 390,00 innan hvers vátryggingarárs.
2. Sjálfskuldarábyrgðartrygging verður kr. 5 086 957,00.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 4. desember 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Jón Thors.*

6. desember 1991 Nr. 579

# AUGLÝSING

**um álagningarstofn fasteignaskatts.**

Í samræmi við II., sbr. I. kafla laga nr. 91/1989, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur Fasteignamat ríkisins samið skrár um álagningarstofn fasteignaskatts. Í skrám þessum er álagningarstofn fasteignaskattsins ákveðinn svo sem lög þessi mæla fyrir um og er hann tilgreindur fyrir hverja einstaka fasteign á landinu.

Fjármálaráðuneytið hefur staðfest heildareintak skrár um álagningarstofn fasteignaskatts eins og það hefur verið ákveðið með ofangreindum hætti. Skrár þessar munu liggja frammi til sýnis á skrifstofu Fasteignamats ríkisins, Borgartúni 21, Reykjavík, frá og með 1. janúar n.k. Jafnframt verður eigendum fasteigna send tilkynning um álagningarstofn fasteignaskatts með tilkynningu um nýtt fasteignamat, sbr. auglýsingu nr. 539/1991 um nýtt fasteignamat.

Með vísan til laga nr. 91/1989 tilkynnir ráðuneytið hér með að álagningarstofn fasteignaskatts, sem ákveðinn hefur verið með ofangreindum hætti og fram kemur í staðfestum skrám Fasteignamats ríkisins, tekur gildi frá og með 1. janúar 1992.

Með auglýsingu þessari fellur úr gildi auglýsing nr. 482 5. desember 1990.

*Fjármálaráðuneytið, 6. desember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Björn Hafsteinsson.*

# REGLUGERÐ

**um bifreiðamál ríkisins.**

1. gr.

Fjármálaráðuneytið hefur yfirumsjón með allri bifreiðaeign ríkisins og bifreiðanotkun þess, eftir því sem segir nánar í reglugerð þessari. Tekur hún til allra stofnana og fyrirtækja ríkisins annarra en ríkisbanka.

2. gr.

Reglur um bifreiðanotkun á vegum ríkisins eru ferns konar, eftir því hvort um er að ræða bifreiðar í eigu ríkisins, sbr. 3.–4. gr., leigðar bifreiðar starfsmanna ríkisins, sbr. 5.–8. gr., bílaleigubíla, sbr. 9. gr. eða bifreiða sem ráðherrar hafa til afnota sbr. 10.–11. gr.

3. gr.

Þegar hagkvæmt er kaupir ríkið bifreiðar til að sinna vissum verkefnum stofnana ríkisins og rekur þær. Skulu ríkisbifreiðar greinilega auðkenndar og eru einkaafnot starfsmanna af þeim óheimil. Að loknum starfsdegi skulu ríkisbifreiðar skildar eftir í vörslu stofnunar. Þó er forstöðumanni stofnunar heimilt, að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis, að leyfa starfsmanni að hafa slíka bifreið í sinni vörslu utan vinnutíma, þegar sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Akstursbók skal fylgja hverri ríkisbifreið og færir ökumaður í hana hverja einstaka ferð þar sem kemur fram erindi, vegalengd og staðir sem ekið er til. Akstursbók færist í tvíriti og skal forstöðumanni eða þeim sem hann tilnefnir sent afrit eigi sjaldnar en mánaðarlega til staðfestingar.

4. gr.

Kaup á ríkisbifreiðum eru óheimil án samþykkis fjármálaráðuneytis. Kaup og sala ríkisbifreiða skal fara fram á vegum Innkaupastofnunar ríkisins. Verði ágreiningur um val á tegundum ríkisbifreiða milli forstöðumanns ríkisstofnunar (kaupanda) og Innkaupastofnunar ríkisins, sker fjármálaráðherra úr. Innkaupastofnun ríkisins skal að öllu jöfnu kaupa bifreiðar að undangengnu útboði. Sala ríkisbifreiða skal fara fram með almennu útboði. Innkaupastofnunin annast afsöl og nauðsynlegar tilkynningar vegna slíkra viðskipta svo og afhendingu bifreiða og innheimtu söluandvirðis.

5. gr.

Heimilt er að leigja bifreiðar í eigu starfsmanna til notkunar í þágu ríkisins. Umsókn um slíka leigu skal senda fjármálaráðuneytinu, sem metur þörf á samningi við einstaka starfsmenn og að höfðu samráði við forstöðumenn viðkomandi ríkisstofnunar og ráðuneytis.

6. gr.

Að fengnu samþykki fjármálaráðuneytis, gerir hlutaðeigandi ríkisstofnun skriflegan samning við einstaka starfsmenn, sbr. 5. gr., á sérstöku samningsformi sem til þess er ætlað. Samningurinn er því aðeins gildur að hann sé samþykktur með áritun fjármálaráðuneytis, sem einnig er heimilt að fella akstursamning úr gildi með uppsögn.

7. gr.

Fari ríkisstarfsmaður einstakar ferðir á eigin bíl að beiðni yfirmanns skal greiða fyrir þær með akstursgjaldi skv. 8. gr., enda fylgi akstursskýrsla reikningi starfsmanns, sbr. 8. gr. Að öðru leyti er ríkisstofnun óheimilt að greiða starfsmanni fyrir akstur nema skv. samningi, sbr. 6. gr. Forstöðumaður hlutaðeigandi ríkisstofnunar skal fylgjast með framkvæmd samnings og bera ábyrgð á að eftir honum sé farið. Sé gerður akstursamningur, sem bundinn er við

ákveðna tölu kílómetra, við forstöðumenn ríkisstofnana eða aðra starfsmenn skal áætla þá vegalengd er starfsmaðurinn þarf að aka starfs síns vegna á ári hverju. Í samningi skal taka fram þær takmarkanir er leiga á einkabifreið kann að hafa á not leigubifreiða í þágu embættisins.

8. gr.

Leigugjald fyrir bifreiðaafnot skal greitt samkvæmt þar til gerðri akstursskýrslu og kílómetragjaldi sem ferðakostnaðarnefnd, samkvæmt kjarasamningum fjármálaráðuneytis BSRB og BHM, ákveður hverju sinni. Ökumaður bifreiðar skal sjá um að færa akstursskýrslu þegar að loknum akstri. Ökumaður undirritar akstursskýrsluna, en forstöðumaður stofnunar eða umboðsmaður hans staðfestir aksturinn og nauðsyn hans.

9. gr.

Innkaupastofnun ríkisins annast samninga fyrir hönd ríkisstofnana við bílaleigur um leigu á bílaleigubílum. Eftir því sem við verður komið skal það gert að undangengnu útboði. Á reikningi frá bílaleigum sem skilað er til greiðslu, skulu koma fram, auk dagsetningar og undirskriftar, upplýsingar um akstürserindi, vegalengdir og ákvörðunarstaði, annað hvort skráðar á reikninginn sjálfan eða sérstakt fylgiskjal með honum.

10. gr.

Hver ráðherra getur fengið bifreið í eigu og rekstri ríkisins til afnota í þágu embættis síns og til takmarkaðra einkanota, svo sem aksturs milli vinnustaðar og heimilis og annarra einstakra ferða. Ákvæði 3. gr. gilda ekki um þessar bifreiðar en þær skulu auðkenndar sérstaklega. Innkaupastofnun ríkisins sér um innkaup og endurnýjun á bifreiðum þessum samkvæmt nánari reglum sem fjármálaráðuneytið setur.

11. gr.

Ráðherra, er eigi kýs að fá ríkisbifreið til umráða sbr. 10. gr., á þess kost að nýta eigin bifreið til embættisstarfa, enda sé bifreiðin í góðu ásigkomulagi þegar notkun í þágu ríkisins hefst. Ríkissjóður ber allan kostnað af rekstri slíkrar bifreiðar og greiðir eiganda hennar fyrningarfé er sé ár hvert 20% af endurnýjunarverði bifreiðarinnar þó eigi hærra en af bifreiðum sem ráðherrar fá til afnota skv. 10. gr. Ríkissjóður greiðir eigi fyrningarfé af eldri bifreiðum en fimm ára. Í þessu sambandi telst aldur bifreiðar frá þeim degi sem hún er skráð ný, ella frá upphafi smíðaárs bifreiðar.

12. gr.

Bílanefnd, sem fjármálaráðherra skipar, er fjármálaráðuneytinu til aðstoðar um framkvæmd þessarar reglugerðar. Nefndin skal hafa eftirlit með framkvæmd reglugerðarinnar hjá einstökum stofnunum og úrskurða um greiðslu fyrir bifreiðaafnot svo og önnur atriði þegar ástæða er til og tilefni gefst. Ágreiningi milli nefndarinnar og stofnunar má skjóta til fjármálaráðuneytis til úrskurðar.

13. gr.

Reglugerð þessi er sett í samræmi við 5. gr. III 4. tl. auglýsingar nr. 96 31. desember 1969 um Stjórnarráð Íslands og öðlast þegar gildi. Kemur hún í stað reglugerðar nr. 190/1985, sbr. reglugerð nr. 435/1985, um sama efni. Ákvæði 11. gr. reglugerðarinnar skulu þó ekki hafa áhrif vegna bifreiða sem teknar voru í notkun fyrir gildistöku hennar.

*Fjármálaráðuneytið, 4. desember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Magnús Pétursson.*

# SAMÞYKKT

**um forkaupsrétt Akraneskaupstaðar að fasteignum innan sveitarfélagsins.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932 og 26. gr. skipulagslaga nr. 19 21. maí 1964 hefur bæjarstjórn Akraness þann 14. nóvember 1991 samþykkt að framlengja forkaupsrétt sinn á eftirtöldum lóðum og öðrum fasteignum á svokölluðu Breiðarsvæði:

| **Lóðir á Breið:** | **Eigandi:** |
|---|---|
| Breiðargata 1 | Haraldur Böðvarson hf. |
| Breiðargata 2A | Akraneskaupstaður |
| Breiðargata 2B | Akraneskaupstaður |
| Breiðargata 2C | Akraneskaupstaður |
| Breiðargata 4 | Lárus Sigurðsson |
| Breiðargata 6/2 | S.Í.S. |
| Breiðargata 8 | Haraldur Böðvarsson hf. |
| Breiðargata 8 | Guðmundur P. Bjarnason |
| Breiðargata 8a | Haraldur Böðvarson hf. |
| Breiðargata 15 | Haraldur Böðvarson hf. |
| Breiðargata, Breið | Haraldur Böðvarson hf. |
| Breiðargata | Haraldur Böðvarson hf. |
| Vesturgata 1 | Bifreiðastöð Þ.Þ.Þ. |
| Vesturgata 2 | Akranes/Þórður Guðjónsson |
| Vesturgata 3–9 | Haförn hf. |
| Vesturgata 6–8 | Haraldur Böðvarsson hf. |
| Vesturgata 10 | Sigríður Sæmundsdóttir |
| Vesturgata 17 | Óskar Arnórsson |
| Vesturgata 19 | Oddur Hannesson |
| Vesturgata 19 | Magnús Magnússon |
| Vesturgata 21 | Stefán Sigurðsson |
| Vesturgata 23 | Stefán Sigurðsson |
| Vesturgata 25 | Erlendur Ingvason |
| Vesturgata 25 | Marta Eklund |
| Vesturgata 25 | Svandís Helgadóttir |
| Vesturgata 25a | Haraldur Böðvarsson hf. |

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún til upplýsinga og eftirbreytni þeim sem hlut eiga að máli.

*Umhverfisráðuneytið, 6. desember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

# REGLUGERÐ

## um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.

### Fagleg samskipti heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga.

1. gr.

Í samræmi við markmið um að tryggja fagleg samskipti milli heilsugæslulækna, heimilislækna og sérfræðinga er gert ráð fyrir því sem meginreglu í reglugerð þessari að samskipti sjúklings og læknis hefjist hjá heilsugæslu- eða heimilislækni.

Sjúklingur, sem kemur til sérfræðings fyrir milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal hafa meðferðis beiðni frá lækninum. Sérfræðingurinn skal ávallt senda læknabréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklings, sbr. þó 4. mgr.

Komi sjúklingur til sérfræðings án milligöngu heilsugæslu- eða heimilislæknis skal sérfræðingur þó ávallt senda heilsugæslu- eða heimilislækni viðkomandi læknabréf. Komi sjúklingur til sérfræðings fyrir milligöngu annars sérfræðings skal síðari sérfræðingurinn ávallt senda læknabréf til heilsugæslu- eða heimilislæknis sjúklingsins og þess sérfræðings sem hafði milligöngu um samskiptin, sbr. þó 4. mgr.

Sjúklingi er heimilt að óska þess við lækni að hann sendi ekki upplýsingar honum viðkomandi til annarra lækna. Þess skal þá getið í sjúkraskrá. Lækni er og skylt að útskýra fyrir sjúklingi ábyrgð þá sem þessu fylgir fyrir sjúklinginn sjálfan.

### Greiðsla sjúkratryggðra vegna þjónustu á vegum almennrar heilsugæslu.

2. gr.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis á dagvinnutíma skal greiða kr. 600. Elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu þó greiða kr. 200. Gjald þetta rennur til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Undanþegnar gjaldskyldu eru komur vegna mæðra- og ungbarnaverndar svo og heilsugæslu í skólum.

Fyrir komu á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis utan dagvinnutíma, þ.e.a.s. milli kl. 17:00 og 08:00 og á laugardögum og helgidögum, skal greiða kr. 1 000. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu þó greiða kr. 350. Þetta á þó ekki við þegar læknir hefur sjálfur valið að sinna læknisstarfi utan dagvinnutíma. Í þeim tilvikum skal sjúkratryggður greiða sömu fjárhæð og í 1. mgr. Gjald þetta rennur einnig til reksturs heilsugæslustöðvar eða stofureksturs heimilislæknis.

Fyrir vitjun skal greiða kr. 1 000 á dagvinnutíma og kr. 1 500 utan dagvinnutíma. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 350 fyrir vitjun á dagvinnutíma og kr. 500 fyrir vitjun utan dagvinnutíma. Þetta á þó ekki við þegar læknir hefur sjálfur valið að sinna vitjun utan dagvinnutíma. Í þeim tilvikum skal sjúkratryggður greiða vitjanagjald dagvinnutíma. Í vitjanagjaldi eru innifaldar kr. 100 vegna óhjákvæmilegs ferðakostnaðar læknis. Heimilt er að ákveða að elli- og örorkulífeyrisþegar greiði sama vitjunargjald og aðrir, en fái mismuninn endurgreiddan gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis. Vitjanagjald dregst frá samningsbundinni þóknun læknis fyrir vitjanir.

Af gjaldi sem heilsugæslustöð innheimtir skv. þessari grein og renna skal til reksturs stöðvarinnar skal leggja 10% í sérstakan sjóð, sem stjórn stöðvarinnar annast. Úr sjóðnum má stjórnin ráðstafa fé til tækjakaupa, endurbóta á aðstöðu, til viðhaldsmenntunar starfsmanna o.þ.h. Sjóðstjórn setur reglur um ráðstöfun fjárins, sem ráðherra staðfestir.

Vegna krabbameinsleitar á heilsugæslustöðvum og hjá heimilislæknum (legstrok og mynd af brjóstum) skal greiða kr. 1 500 fyrir hverja komu. Elli- og örorkulífeyrisþegar greiða

þó kr. 500. Gjald þetta rennur til Krabbameinsfélags Islands vegna úrlesturs frumusýna, röntgenmynda og leitarstarfsins. Félagið greiðir læknum í samræmi við gjaldskrá Læknafélags Reykjavíkur um hópskoðanir vegna krabbameinsleitar.

**Greiðsla sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu.**

3. gr.

Greiðslur sjúkratryggðra fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu, sem um ræðir í 43. gr. laga nr. 67/1971 með síðari breytingum, skulu vera sem hér segir:

1. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, sem leita sérfræðings skulu greiða fyrir hverja komu til sérfræðings fyrstu kr. 1 500, sbr. þó 4. gr. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrir hverja komu til sérfræðings kr. 500, sbr. þó 4. gr.
2. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu greiða fyrstu kr. 1 500 fyrir hverja komu á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku sjúkrahúsa, sbr. þó 4. og 5. gr. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 500, sbr. þó 4. gr.
3. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar, skulu greiða fyrstu kr. 600 fyrir hverja komu til rannsóknar á rannsóknastofu og vegna rannsókna á sýni sem sent er til rannsóknar í rannsóknastofu, sbr. þó 4. og 5. gr. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 200, sbr. þó 4. gr.
4. Sjúkratryggðir, aðrir en elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða fyrstu kr. 600 af kostnaði við hverja komu til röntgengreiningar, sbr. þó 4. gr. Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu greiða kr. 200 fyrir hverja komu, sbr. þó 4. gr.

Þegar reikningur er gerður til sjúkratrygginga fyrir sérfræðilæknishjálp, rannsóknir og röntgengreiningu skal draga greiðslu sjúkratryggðra frá umsömdu eða ákveðnu heildarverði vegna þessara þátta. Innifalinn í greiðslu sjúkratryggðra er kostnaður vegna hvers kyns einnota áhalda, umbúða og þess háttar. Því er óheimilt að krefja sjúkratryggða um sérstaka greiðslu vegna þessa kostnaðar.

**Hámarksgreiðsla sjúkratryggðra á hverju almanaksári.**

4. gr.

Á hverju almanaksári skal hver sjúkratryggður einstaklingur á aldrinum 16–67 ára aldrei greiða hærri fjárhæð en kr. 12 000 vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga. Í þessu sambandi skulu börn undir 16 ára aldri með sama fjölskyldunúmer skv. skilgreiningu Hagstofu Íslands teljast einn einstaklingur.

Elli- og örorkulífeyrisþegar skulu á hverju almanaksári aldrei greiða hærri fjárhæð en kr. 3 000 vegna heimsókna á heilsugæslustöð eða til heimilislæknis, vitjana lækna, sérfræðilæknishjálpar, þar með taldar heimsóknir á göngudeild, slysadeild og bráðamóttöku, rannsókna og röntgengreininga.

Greiðslur fyrir meðferð á glasafrjóvgunardeild Landspítalans, sbr. 5. gr. hafa ekki áhrif á hámarksgreiðslur samkvæmt þessari grein.

Gegn framvísun kvittana fyrir greiðslur skv. 2. og 3. gr. skal Tryggingastofnun ríkisins afhenda sjúkratryggðum skírteini sem undanþiggja þá frekari greiðslu vegna læknishjálpar o.fl. út almanaksárið. Kvittanir skulu auk nafns útgefanda bera með sér tegund þjónustu, fjárhæð, greiðsludag og nafn og kennitölu hins sjúkratryggða.

Hafi sjúkratryggður fengið skírteini skv. 4. mgr. skal hann engu að síður ætíð greiða kr. 400 fyrir læknisvitjun á dagvinnutíma og kr. 900 fyrir læknisvitjun utan dagvinnutíma. Elli- og örorkulífeyrisþegar sem fengið hafa skírteini skv. 4. mgr. skulu engu að síður greiða kr. 150

fyrir læknisvitjun á dagvinnutíma og kr. 300 fyrir læknisvitjun utan dagvinnutíma. Heimilt er að ákveða að skírteinishafar greiði sama vitjanagjald og aðrir en fái síðan mismuninn endurgreiddann gegnum sjúkratryggingar, gegn framvísun kvittunar læknis.

**Greiðsla sjúkratryggðra vegna meðferðar á glasafrjóvgunardeild Landspítalans.**

5. gr.

Fyrir fyrstu meðferð á glasafrjóvgunardeild Landspítalans skal hlutdeild hjóna eða sambýlisfólks í kostnaði vera samtals kr. 105 000. Inni í þessari greiðslu felst kostnaður vegna nauðsynlegra rannsókna, lyfja og heimsókna til sérfræðinga á glasafrjóvgunardeildinni.

Fyrir aðra og þriðju meðferð skal greiða kr. 60 000 fyrir hvora meðferð.

Fyrir meðferðir umfram þrjár skal greiða fullan kostnað, kr. 200 000.

Fyrir aðrar rannsóknir á glasafrjóvgunardeild sem ekki tengjast glasafrjóvgunarmeðferð skal greiða eins og um göngudeildarheimsókn og rannsóknir væri að ræða, sbr. 3. gr.

**Greiðsla sjúkratryggðra á kostnaði við sjúkraflutninga.**

6. gr.

Hámarksfjárhæð sem sjúklingur skal greiða fyrir sjúkraflutninga á sjúkrahús og frá sjúkrahúsi skv. 43. gr. 1. mgr. stl. i, laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. breytingu á þeim lögum nr. 87/1989 er kr. 2 400.

7. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal kynna almenningi efni þessarar reglugerðar rækilega.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 43. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og 20. gr. laga nr. 97/1990 um heilbrigðisþjónustu með síðari breytingum öðlast gildi 15. janúar 1992. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 62/1990 um greiðsluþátttöku sjúkratryggðra í læknishjálp o.fl. skv. ákvæðum almannatryggingalaga nr. 67/1971 með síðari breytingum sbr. breytingu á þeirri reglugerð nr. 187/1990.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

6. desember 1991 Nr. 583

# AUGLÝSING

**um umferð í Reykjavík.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið að afnema bann við bifreiðastöðum á Barónsstíg að austanverðu frá Skúlagötu að húsi nr. 3 við Barónsstíg.

Auglýsing þessi hefur þegar tekið gildi.

Jafnframt fellur niður auglýsing nr. 534 í Stjórnartíðindum, um að bann við bifreiðastöðum á Barónsstíg milli Hverfisgötu og Skúlagötu verði afnumið.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. desember 1991.*

**Böðvar Bragason.**

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á staðfestu deiliskipulagi miðbæjar Reykjavíkur.**

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 20. nóvember 1991 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi miðbæjar (Kvosar) sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin miðast við deiliskipulag miðbæjar sem staðfest var af félagsmálaráðherra 22. febrúar 1988 og er fólgin í eftirfarandi atriðum:

- Geirsgata verði breikkuð og innkeyrsla að athafnasvæði Faxaskála flutt.
- Ný innkeyrsla að höfn verði í framhaldi af Pósthússtræti til norðurs og akstursrampi komi upp á Faxaskála.
- Nýr byggingarreitur er afmarkaður við suðurgafl Faxaskála.
- Sýndur er möguleiki á yfirbyggðri göngubrú úr Grófinni, yfir Geirsgötu og niður á Miðbakka.
- Grófinni verði lokað fyrir umferð að og frá Geirsgötu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur með samþykkt borgarráðs þann 30. apríl 1991 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytið, 10. desember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 585 6. desember 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á skipulagi Skildinganess.**

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 20. nóvember 1991 staðfest breytingu á skipulagi Skildinganess frá 10. febrúar 1965 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin miðast við skipulag Skildinganess, sem staðfest var 10. febrúar 1965, ásamt breytingu sem staðfest var 30. mars 1973 og byggingar- og skipulagsskilmála sem áritaðir voru á deiliskipulagsuppdrátt sem samþykktur var í borgarráði 14. febrúar 1967 og af Skipulagsstjórn ríkisins 27. febrúar 1967.

Breytingin er fólgin í því að Skildinganesvegur 64 og 66 (eldra nafn götunnar) verður Skildingatangi 2, 4 og 6. Þar sem áður voru tvær lóðir verða nú þrjár og samfara þessu fá lóðirnar nr. 4 og 6 afmarkaða byggingarreiti.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur með samþykkt Borgarráðs þann 22. október 1991 tekið að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytið, 6. desember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal**

*Hrafn Hallgrímsson.*

# REGLUR

## um gerð og útgáfu læknisvottorða.

1. gr.

Lækni ber skylda til að votta samskipti sín og sjúklings, óski sjúklingur eftir því, eftir atvikum foreldri eða forráðamaður eða annar umboðsmaður hans.

2. gr.

Lækni ber að ganga tryggilega úr skugga um sönnur á persónu þeirra er vottorðið fjallar um og geta heimilda þegar það á við. Geta skal nafns, heimilisfangs og kennitölu sjúklings.

3. gr.

Við útgáfu læknisvottorða skal læknir sérstaklega hafa í huga tilgang vottorðsins.

Læknir skal gæta fyllstu varkárni og nákvæmni við gerð læknisvottorða og einungis votta þau atriði er hann veit sönnur á. Orðalag skal vera ljóst og ekki til þess fallið að valda mistúlkun.

Læknir skal ekki staðhæfa annað í vottorði en það sem hann hefur sjálfur sannreynt. Geta skal nákvæmlega þeirra heimilda er vottorðið kann að styðjast við. Greina skal glögglega milli frásagnar annarra, eigin athugunar læknis og álits hans. Forðast skal staðhæfingar um óorðna framvindu um ástand sjúklings, er læknirinn lætur í ljós álit sitt.

4. gr.

Lækni ber að hafa þagnarskyldu sína og siðareglur í huga við gerð læknisvottorðs. Hann skal sérstaklega gæta þess að óviðkomandi aðilum sé ekki látið í té læknisvottorð nema fyrir liggi samþykki sjúklings, foreldris eða forráðamanns eða annars umboðsmanns hans, sbr. 1. gr. Læknir skal hafa í huga að læknisvottorð getur orðið gagn sem getur haft afgerandi þýðingu varðandi úrskurð opinberra aðila og í dómsmálum. Í dómsmálum getur hann þurft að staðfesta vottorðið fyrir dómi.

5. gr.

Lækni ber að vanda allan frágang vottorðs. Notast skal við íslenskt orðaval og því aðeins erlend fræðiheiti að íslensk orð skorti. Vottorð skal dagsett og undirritað með eigin hendi læknis. Vottorðið skal þannig gert að sá sem notar vottorðið skilji innihald þess og markmið. Þar skal koma fram með greinilegum hætti nafn, læknisnúmer, vinnustaður og sími læknisins. Vottorðið skal vélritað eða skrifað með læsilegri hendi (blokkskrift).

6. gr.

Reglur þessar, sem settar eru skv. 11. gr. læknalaga nr. 53/1988, með breytingu nr. 50/1990, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 6. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu að aðalskipulagi Borgarness.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Borgarness hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 20. nóvember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Borgarness 1977-1997 frá 30. mars 1978 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagalaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að stofnanareitur við Borgarbraut þar sem nú er dvalarheimili stækkar til norðurs og vesturs.

Bæjarstjórn Borgarness tekur með samþykkt þann 16. október 1991 á sig hugsanlegar skaðabótakröfur sem hljótast kunna af þessari skipulagsbreytingu.

*Umhverfisráðuneytið, 6. desember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

Nr. 588 25. nóvember 1991

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á viðauka við aðalaskipulag Grindavíkur.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest viðauka við aðalskipulag Grindavíkur 1990-2010 og minniháttar breytingar á núgildandi aðalskipulagi Grindavíkur 1983-2003.

Viðauki við aðalskipulagi Grindavíkur er fólginn í því að gert er ráð fyrir viðbótarbyggð sunnan fjallsins Þorbjarnar. Vestan fjallsins er lagt til að hafa heilsubaðstöð, sem nýtir jarðvarma sem er á svæðinu. Ennfremur er gerð grein fyrir byggðaþróun umhverfis Bláa lónið og orkuverið við Svartsengi. Nyrst á núgildandi aðalskipulagi eru gerðar minni háttar breytingar.

Uppdráttur þessi og greinargerð hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 19/1964 mæla fyrir um og samþykki Skipulagsstjórnar ríkisins og bæjarstjórnar Grindavíkur.

*Umhverfisráðuneytið, 25. nóvember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Páll Líndal.*

16. desember 1991 1117 Nr. 589

# REGLUGERÐ

**um vitagjald.**

1. gr.

Vitagjald kr. 87,00 af hverri brúttórúmlest skal greiða vegna skipa sem eru 10 brúttórúmlestir eða stærri og taka höfn hér á landi og skal hálf lest og þaðan af stærra brot reiknast sem heil lest en minna broti sleppt. Fyrir skip sem flytja engan farm fyrir borgun, annan en farþega, skal gjaldið þó vera kr. 13,00.

2. gr.

Undanþegin gjaldi þessu eru herskip, varðskip, tollgæslubátar og vitaskip. Sama gildir um skip sem leitar hafnar í neyð, en taka engan farm úr landi né úr öðrum skipum né heldur flytja farm í land eða í önnur skip enda hafi sannast í sjóprófi eða með annarri lögfullri sönnun að þau hafi verið í nauðum stödd af árekstri eða sjóskemmdum af veikindum eða farmskekkju eða ófriði.

Heimil er niðurfelling gjaldsins vegna skipa, sem eigi eru notuð á gjaldárinu.

3. gr.

Vegna íslenskra skipa skal gjald þetta greitt eigi síðar en 1. apríl ár hvert og þá þar sem skipið er skrásett. Af erlendum skipum, sem setja farþega eða vörur á land, skal greiða 1/5 hluta vitagjaldsins við hverja komu til landsins, en þó aldrei oftar en fimm sinnum á hverju almanaksári. Fyrir slík skip greiðist gjaldið í fyrstu höfn sem það tekur hér við land.

4. gr.

Lögreglustjórar, í Reykjavík tollstjórinn, sjá um innheimtu vitagjaldsins. Skyldur er skipstjóri að sýna innheimtumanni leiðarbók skipsins og skipsskjöl og er innheimtumanni rétt að halda eftir alþjóðamælibréfi og þjóðernisskírteini, nema gjaldið hafi verið greitt.

Ágreiningi um gjaldskyldu og útreikning má skjóta til úrskurðar ráðuneytisins.

5. gr.

Vitagjaldinu er varið til að standa straum af kostnaði við rekstur Vitastofnunar Íslands.

6. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum, nema þyngri refsing liggi við.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 56 29. maí 1981 um vitagjald, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 520 24. desember 1990.

*Samgönguráðuneytið, 16. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# GJALDSKRÁ

**fyrir hafnir.**

I. KAFLI

**Gildissvið.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir allar hafnir sem hafnalög ná til.

II. KAFLI

**Um hafnagjöld.**

2. gr.

Við ákvörðun hafnagjalda samkvæmt stærð skipa skal miða við mestu brúttóstærð skipa.

Fyrir íslensk skip skal fara eftir skrá yfir íslensk skip, útgefinni af Siglingamálastofnun ríkisins, en fyrir erlend skip skal miða við viðurkennda skipaskrá, t.d. Lloyds Register of Shipping eða Norsk Veritas.

3. gr.

Af öllum skipum skal greiða hafnagjöld til hafnarsjóðs ef þau koma inn fyrir takmörk hafnarinnar og njóta þjónustu hennar.

**Lestagjöld.**

4. gr.

Af öllum skipum skal greiða lestagjald, kr. 6,20 á mælieiningu, skv. 2. gr. Af innlendum fiskiskipum þó ekki oftar en tvisvar á mánuði.

Undanþegin greiðslu lestagjalds eru herskip, varðskip og skip, sem gerð eru út til vísindalegra rannsókna, svo og skip sem leita hafnar vegna sjóskaða eða til að láta í land sjúka menn eða látna, svo fremi þau hljóti ekki aðra þjónustu.

**Bryggjugjöld.**

5. gr.

Af öllum skipum sem leggjast við bryggju eða hafnarbakka skal greiða kr. 3,10 á mælieiningu, skv. 2. gr. fyrir hverja byrjaða 24 tíma sem skipið liggur bundið.

Fiskiskip greiða þetta gjald eigi oftar en 10 sinnum í mánuði.

Heimilt er að taka lesta- og bryggjugjald af fiskiskipum og minni bátum, sem mánaðargjald kr. 42,00 á mælieiningu, en þó aldrei lægra en kr. 1 965,00 á mánuði.

Skip þau er getur í síðustu mgr. 4. gr. eru undanþegin bryggjugjaldi.

6. gr.

Vörugjald skal greiða af öllum vörum sem fluttar eru af skipsfjöl á land eða úr landi á skipsfjöl, eða úr einu skipi í annað, innan takmarka hafnarinnar, þó með þeim undantekningum, er síðar getur.

7. gr.

Fyrir vörur sem samkvæmt farmskrá skips eru ákveðnar til annarrar hafnar, innlendrar eða erlendrar, en eru látnar á land um stundarsakir, skal aðeins greitt vörugjald þegar vörurnar eru fluttar í land.

Undanþegnar þessu gjaldi eru vörur sem látnar eru á land um stundarsakir vegna skemmda á skipi.

8. gr.

Af vörum sem fluttar eru á skip og fara eiga til annarra hafna innanlands greiðist hálft vörugjald.

Af vörum sem fara eiga til útlanda en umskipað er í innlendri höfn skal greiða fullt vörugjald í fyrstu lestunarhöfn.

9. gr.

Um vörugjald af flutningi ferjuskipa skal semja við ferjueiganda sem innheimtir gjaldið ásamt flutningsgjaldi og stendur skil á því til hafnarinnar.

10. gr.

Þessar vörur eru algjörlega undanþegnar vörugjaldi:

a) Umbúðir sem endursendar eru.
b) Kol, olía, vistir og aðrar nauðsynjar skipa til eigin notkunar.
c) Almennar póstsendingar og farangur ferðamanna.

11. gr.

Vörugjald skal reikna eftir þyngd eða verðmæti, með umbúðum og af hverri sendingu sérstaklega.

Fara skal eftir farmskrá skipa við útreikning vörugjalds. Skipstjóra eða afgreiðslumanni skips er skylt að láta gjaldkera hafnarinnar í té eftirrit af farmskrá.

Sé engri farmskrá til að dreifa skal skipstjóri gefa drengskaparvottorð um vörumagn sem fermt hefur verið eða affermt úr skipi hans. Þyki hafnarstjóra ástæða til getur hann hvenær sem er látið ákveða vörumagnið á þann hátt sem hann telur hentugast. Reynist vörumagnið vera meira en upp er gefið greiðir farmeigandi kostnaðinn.

Séu fleiri en ein vörutegund í sendingu ósundurliðað skal reikna vörugjaldið eftir þeirri tegund sem hæst gjald skal greiða af.

12. gr.

Vörur skal flokka til vörugjalds eftir því sem vörugjaldskrá tiltekur og gjaldið greiðist eins og þar segir:

*Vörugjaldskrá.*

1. fl.: Gjald kr. 103,00 pr. tonn:
Bensín, brennsluolíur, kol, laust korn, salt, vikur, sement.

2. fl.: Gjald kr. 215,00 pr. tonn:
Þungavarningur, svo sem sekkjavörur, óunnið járn og stál, útgerðarvörur, smurningsolíur, sjávarafurðir, landbúnaðarafurðir, iðnaðar- og byggingavörur, pökkuð og niðursoðin matvæli, ávextir.

3. fl.: Gjald kr. 593,00 pr. tonn:
a) Vélar og tæki hverskonar og varahlutir til þeirra, svo sem heimilis- og skrifstofuvélar, bifreiðar, bifhjól, reiðhjól, hjólbarðar, bátar, flugvélar, hreyflar, mælitæki, húsbúnaður, vefnaðarvara, fatnaður.
b) Útvarps- og sjónvarpstæki, hljóðfæri, úr, klukkur, myndavélar, sjónaukar, glysvarningur allskonar, vín, tóbak, sælgæti, snyrtivörur, lyf.
c) Vörur sem ekki verða flokkaðar annars staðar eftir þyngd.

Af flutningi vinnutækja innanlands skal veita allt að 50% afslátt. Vörugjald greiðist ekki af ferðamannabifreiðum, enda ferðist eigendur með sama skipi.

4. fl.: Gjald 1,00%:
Sjávarafli lagður á land eða í skip á hafnarsvæðinu til vinnslu eða brottflutnings, þ.m.t. fiskur og seiði úr eldiskvíum.
Gjaldið reiknast af heildarverðmæti aflans.
Gjald af frystum afla frystitogara og eldisfiski reiknast af helmingi fob-verðs.
Gjald af saltfiski reiknast miðað við tvöfalda þyngd og gjald af gámafiski reiknast af áætluðu heildarverðmæti hvort tveggja miðað við 1. fl. fisk. Kaupanda aflans ber að afhenda hafnarstjóra skýrslu um keyptan afla mánaðarlega, t.d. afrit af aflaskýrslu til Fiskifélags Íslands. Aflagjaldið fellur í gjalddaga um leið og afla er landað. Kaupandi aflans innheimtir gjaldið hjá seljanda og er ábyrgur fyrir því til hafnarsjóðs þótt hann vanræki innheimtu þess.
Standa ber skil á greiðslu aflagjalds eigi sjaldnar en mánaðarlega.
Lágmarksgjald í öllum flokkum er kr. 55,00.

13. gr.

Hafnarstjórn ákveður gjöld samkvæmt 11. gr. hafnalaga 1. tl. c, d og e og 3., 4. og 5. tl.

III. KAFLI

**Um innheimtu og greiðslu hafnargjalda.**

14. gr.

Hafnarstjóri sér um innheimtu allra hafnargjalda og skal greiða gjöldin á skrifstofu hafnarinnar.

Séu gjöldin ekki greidd á réttum gjalddögum er heimilt að reikna hæstu lögleyfðu dráttarvexti á skuldina.

15. gr.

Skipstjóri og eigandi skips bera ábyrgð á greiðslu gjalda þeirra sem greiða ber til hafnarinnar vegna skipsins. Er skipstjóra skylt að afhenda hafnarstjóra þjóðernis- og skrásetningarskírteini skipsins, ef hafnarstjóri krefst þess, og hefur hafnarsjóður haldsrétt yfir skírteinunum uns gjöld eru greidd. Töf og tjón sem af þessu hlýst er einvörðungu á ábyrgð og kostnað greiðanda skipagjaldsins.

Að svo miklu leyti sem í reglugerð þessari eru ekki ákveðnir fastir gjalddagar á gjöldum skal greiða þau áður en skip fer burt úr höfninni og enginn skipstjóri getur vænst þess að fá afgreiðslu fyrir skip sitt hjá bæjarfógeta eða tollstjóra, nema hann sanni með vottorði frá hafnarstjóra að hann hafi greitt öll gjöld sín til hafnarinnar.

16. gr.

Vörugjald greiðir móttakandi af vörum sem koma til hafnarinnar og sendandi af vörum sem fluttar eru úr höfninni. Ef margir eiga vörur sem fluttar eru með sama skipi skal afgreiðslumaður skipsins standa hafnarsjóði skil á greiðslum. Ef skip hefur ekki farm sinn skráðan ber skipstjóri ábyrgð á greiðslu vörugjaldsins.

Ef vörur eru fluttar úr einu skipi í annað greiðir sá vörugjaldið sem affermir.

Vörugjald af vörum sem koma til hafnarinnar fellur í gjalddaga þegar skipið sem vörurnar flytur er komið í höfnina og vörugjald af vörum sem fluttar eru úr höfninni fellur í gjalddaga þegar vörurnar eru komnar á skip. Skipstjóra og afgreiðslumanni skips er óheimilt að afhenda vörurnar fyrr en gjaldið er greitt. Hafnarsjóður hefur haldsrétt í skráningar- og þjóðernisskírteinum skips til tryggingar gjaldinu. Aflagjald og vörugjald af útflutningi skal auk þess tryggt með veði í útflutningsbirgðum þess aðila er skuldar gjöldin.

17. gr.

Öll gjöld samkvæmt þessari reglugerð má taka lögtaki. Skipagjöldin eru tryggð með lögveði í skipinu og gengur það veð í tvö ár fyrir samningsveðskuldum sbr. ákvæði 12. gr. hafnalaga.

IV. KAFLI

**Frávik og gildistaka.**

18. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. um vörugjaldskrá 4. fl. skal aflagjald fyrir Bolungarvíkurhöfn vera 1,275%.

19. gr.

Ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur ráðherra heimilað einstökum hafnarstjórum frávik frá gjaldskrá þessari.

Ef hafnarstjórn óskar frávika frá gjaldskrá þessari skal hún senda hafnaráði rökstudda beiðni þar að lútandi. Hafnaráð leggur síðan tillögur sínar fyrir ráðherra sem ákveður hvort frávik skuli leyfð.

20. gr.

Gjaldskrá þessi sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast gildi frá og með 1. janúar 1992, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir hafnir nr. 405, 28. ágúst 1991.

*Samgönguráðuneytið, 16. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ólafur S. Valdimarsson.*

9. desember 1991 Nr. 591

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 257 24. maí 1989, um bensíngjald.**

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 407/1991, orðist svo:

Greiða skal sérstakt innflutningsgjald – bensíngjald – af bensíni. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0012 skal greiða gjald sem nemur 21,78 kr. af hverjum lítra. Af bensíni sem fellur undir tollskrárnúmer 2710.0019 skal greiða gjald sem nemur 23,82 kr. af hverjum lítra.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 3/1987, um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þann 1. janúar 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 9. desember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Rúnar Hannesson.*

# REGLUGERÐ

## um breytingu á reglugerð nr. 593/1987, um þungaskatt, með síðari breytingum.

1. gr.

1. gr. reglugerðarinnar, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 248/1991, orðist svo:
Greiða skal árlega þungaskatt af bifreiðum sem hér segir:

a. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín og eru minni en 4000 kg að leyfðri heildarþyngd, öðrum en þeim bifreiðum sem ekið er gegn gjaldi samkvæmt mælum:

| Eigin þyngd bifreiðar kg | Þungaskattur kr. | Eigin þyngd bifreiðar kg | Þungaskattur kr. |
|---|---|---|---|
| Allt að 1000 | 85.432 | 2800 - 2999 | 140.440 |
| 1000 - 1999 | 109.200 | 3000 - 3199 | 146.688 |
| 2000 - 2199 | 115.449 | 3200 - 3399 | 152.936 |
| 2200 - 2399 | 121.696 | 3400 - 3599 | 159.183 |
| 2400 - 2599 | 127.944 | 3600 - 3799 | 165.432 |
| 2600 - 2799 | 134.192 | 3800 - 3999 | 171.679 |

b. Af bifreiðum sem nota annan orkugjafa en bensín, eru undir 4000 kg að leyfðri heildarþyngd og ekið er gegn gjaldi samkvæmt löggiltum mælum.

| Eigin þyngd bifreiðar kg | Þungaskattur kr. | Eigin þyngd bifreiðar kg | Þungaskattur kr. |
|---|---|---|---|
| Allt að 1000 | 111.061 | 2800 - 2999 | 182.572 |
| 1000 - 1999 | 141.962 | 3000 - 3199 | 190.693 |
| 2000 - 2199 | 150.082 | 3200 - 3399 | 198.816 |
| 2200 - 2399 | 158.111 | 3400 - 3599 | 206.939 |
| 2400 - 2599 | 166.328 | 3600 - 3799 | 215.060 |
| 2600 - 2799 | 174.450 | 3800 - 3999 | 223.183 |

2. gr.

2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, sbr. 2. gr. reglugerðar nr. 248/1991, orðist svo:
Kílómetragjald skv. 1. mgr. skal vera sem hér segir:

| Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn | Gjald fyrir hvern ekinn km, kr. | Leyfð heildarþyngd bifreiðar, tonn | Gjald fyrir hvern ekinn km, kr. |
|---|---|---|---|
| 4,0 - 4,9 | 5,85 | 15,0 - 15,9 | 12,45 |
| 5,0 - 5,9 | 6,24 | 16,0 - 16,9 | 13,45 |
| 6,0 - 6,9 | 6,73 | 17,0 - 17,9 | 14,43 |
| 7,0 - 7,9 | 7,06 | 18,0 - 18,9 | 15,31 |
| 8,0 - 8,9 | 7,37 | 19,0 - 19,9 | 16,47 |
| 9,0 - 9,9 | 7,71 | 20,0 - 20,9 | 17,34 |
| 10,0 - 10,9 | 8,19 | 21,0 - 21,9 | 18,33 |
| 11,0 - 11,9 | 8,50 | 22,0 - 22,9 | 19,49 |
| 12,0 - 12,9 | 9,55 | 23,0 - 23,9 | 20,42 |
| 13,0 - 13,9 | 10,47 | 24,0 - 24,9 | 21,35 |
| 14,0 - 14,9 | 11,57 | 25,0 og þyngri | 22,39 |

3. gr.

2. málsl. 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Sé ekki komið með bifreið til álestrar á tilkskildum tíma skal innheimtumaður leggja dagsektir á eiganda eða umráðamann bifreiðar er nemi 300 kr. á hvern dag sem líður frá þeim tíma sem ákveðinn er til álesturs skv. 8. gr. í allt að 30 daga, eða þar til komið er með bifreiðina til álestrar sé það fyrr.

4. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum nr. 3/1987 um fjáröflun til vegagerðar, sbr. lög nr. 5/1987, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Hækkun gjalds fyrir hvern ekinn kílómetra, sbr. 2. gr. tekur þó gildi strax að loknu 1. álesturstímabili sem er frá 20. janúar til 10. febrúar 1992, sbr. 8. gr. Sé ekki komið með bifreið til álestrar á réttum tíma skal reikna út meðaltal ekinna kílómetra á dag á tímabilinu milli álestra. Af meðaltalsakstri sem samkvæmt þessu hefur átt sér stað eftir lok 1. álesturstímabils skal innheimta hið hækkaða gjald.

*Fjármálaráðuneytið, 9. desember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Rúnar Hannesson.*

9. desember 1991 Nr. 593

# AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir móttöku og förgun úrgangs á Blönduósi og nærsveitum.**

**1. ALMENN ÁKVÆÐI.**

1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku, flokkun, endurvinnslu, og eyðingu úrgangs á Blönduósi og nágrenni.

1.2. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.3. Rekstraraðila er skylt að sjá um, að fyllstu snyrtimennsku og góðrar umgengni sé gætt á athafnasvæðunum. Úrgang og annað rusl, svo sem pappír og plast, sem kann að berast út fyrir athafnasvæðið skal hreinsa upp jafnóðum.

1.4. Opin brennsla er óheimil á athafnasvæðunum. Óski rekstraraðili að koma upp brennsluofni þarf að fá sérstakt starfsleyfi fyrir slíkan rekstur.

1.5. Óski rekstraraðili eftir því að gera umtalsverðar breytingar á rekstrinum, skal sækja um nýtt starfsleyfi til Hollustuverndar ríkisins, í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990.

1.6. Komi fram mengun, frá starfseminni, sem ekki er í samræmi við gögn sem lögð eru fram með umsókn um starfsleyfi er rekstraraðili ábyrgur fyrir því að stöðva áframhaldandi mengun, á sinn kostnað, og hreinsa þá mengun sem þegar hefur orðið.

1.7. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfi þetta verði endurskoðað, ef í ljós kemur að frá starfseminni sé hætta á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings eða röskun lífríkis.

1.8. Ákvæði laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit svo og mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, gilda um starfsemina eftir því sem nánar er fyrirmælt í starfsleyfi þessu.

## 2. ÁKVÆÐI TIL VARNAR MENGUN YTRA UMHVERFIS.

### 2.1. Móttaka- og flokkun úrgangs.

2.1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir móttöku og vinnslu neyslu- og framleiðsluúrgangs svo og sérstaks úrgangs. Óheimil er móttaka sóttnæms úrgangs, geislavirks úrgangs, svo og sprengiefna, nema með sérstöku starfsleyfi. Koma skal upp móttöku á spilliefnum í samræmi við ákvæði þar um.

2.1.2. Við athafnasvæðin skulu vera skilti með greinilegri áletrun um afgreiðslutíma og hvar móttaka einstakra efna fer fram.

2.1.3. Á þjónustusvæðinu, skal hlutast til um að komið verði á, á heppilegum stöðum, söfnunaraðstöðu (gámum eða öðrum ílátum) þar sem almenningur og smærri fyrirtæki geta losað sig við flokkaðan úrgang sem m.a. gæti nýst til endurvinnslu eða annarar nýtingar. Koma skal upp leiðbeiningaskiltum með upplýsingum um flokkun úrgangsins eftir því sem ákveðið kann að vera hverju sinni. Í samráði við viðkomandi sveitarfélög, skal koma greinargóðum upplýsingum til almennings um rekstur og tilgang þessara söfnunarstöðva.

2.1.4. Þeir aðilar, sem framleiðsluúrgangur og sérstakur úrgangur fellur til hjá, sjá um alla meðferð og aðflutning úrgangsins í samráði við rekstraaðila og viðkomandi heilbrigðisnefnd. Rekstraraðili skal leiðbeina og sinna upplýsingaskyldu til sveitarfélaga og annarra er málið varðar um söfnun og aðflutning neysluúrgangs. Jafnframt skal rekstraraðili upplýsa viðkomandi heilbrigðiseftirlit um slík mál einnig ef eitthvað fer úrskeiðis við starfsemina. Leggja skal áherslu á nýtingu úrgangsefna til endurvinnslu.

2.1.5. Brotamálma skal endurvinna eða koma til endurvinnslu eftir því sem tök eru á. Áður en vinnsla fer fram skal fjarlægja alla vökva úr bifreiðum, vélum, þrýstikerfum og tækjum, s.s. smurolíur, þrýstiolíur, kælivökva og eldsneyti. Vökva þessa skal endurnýta eftir því sem kostur er á, en að öðrum kosti farga reglum samkvæmt.

2.1.6. Fjarlægja skal freon og halon af öllum búnaði, þar sem það er notað sem kæli- eða slökkviefni, sem berst til förgunar. Skal það gert með tækjum sem tryggja að efnin berist ekki út í umhverfið. Tegundum skal haldið aðskildum og þær geymdar í ílátum sem Hollustuvernd ríkisins hefur viðurkennt til slíkra nota. Allt freon og halon skal fara til endurvinnslu.

2.1.7. Koma skal upp sýruheldum söfnunarílátum til móttöku á notuðum rafgeymum og rafhlöðum, sem síðan skal komið til endurvinnslu eða í móttökustöð fyrir spilliefni, þannig að tryggt sé að þessu sé fargað sem umhverfisskaðlegum úrgangi.

2.1.8. Gengið skal, með efnagreiningu, úr skugga um að allir rafspennar, rofar og þéttar, sem tekið er á móti innihaldi ekki PCB, þetta skal framkvæmt áður en olía af búnaði er fjarlægð. Ef olía sem hefur verið fjarlægð, af slíkum búnaði, inniheldur meira en 50 ppm af PCB skal henni fargað sem umhverfismengandi úrgangi. Ef kælivökvi eða olíur úr búnaði innihalda meira en 2000 ppm af PCB er vinnsla búnaðarins óheimil og ber að farga honum samkvæmt fyrirmælum Mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins. Sýnataka og efnagreining skal framkvæmd af aðila sem er viðurkenndur af Mengunarvörnum Hollustuverndar ríkisins. Kostnaður af sýnatöku og eyðingu hættulegra efna skal greiðast af eigendum slíkra efna.

2.1.9. Á svæðum þar sem vökvar eru tæmdir af bifreiðum, bifreiðahlutum, vélum og öðrum slíkum búnaði, einnig þar sem unnið er með rafspenna, rofa eða þétta skal vera steypt undirlag. Á fráveitu frá þessum undirlögum skulu vera olíuskiljur.

2.1.10. Stærð og gerð olíuskilju skal miðast við að olía í fráveituvatni sé ekki meiri en 15 mg/l. Aðstaða skal vera til sýnatöku af fráveituvatni þar sem það kemur úr olíugildrum.

2.1.11. Neysluúrgang og þann hluta framleiðslu- og sérstaks úrgangs sem ekki verður nýttur eða endurunninn skal flytja til urðunar í lokuðum gámum eða vögnum.

2.1.12. Koma skal upp móttökuaðstöðu og þjónustu þar sem almenningi gefst kostur á að losa sig við spilliefni. Móttökuaðstaða skal vera læst utan þess sem opnað er fyrir einstaka viðskiptavini.

2.1.13. Spilliefnum og hættulegum efnum, skv. viðauka 4. í mengunarvarnareglugerð, skal safna, pakka og búa til flutnings til viðurkenndrar móttöku og eyðingar fyrir slíkan úrgang. Í samvinnu við heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra og Hollustuvernd ríkisins skal rekstraraðili standa fyrir kynningu og reglulegri innsöfnun á slíkum úrgangi. Kynning þessi skal ná bæði til almennings og fyrirtækja.

2.1.14 Sérstök ídræg efni skulu vera til staðar til að hreinsa upp olíu- og leysiefnaúrgang sem hafa farið til spillis. Haga skal aðstöðu við móttökusvæði spilliefna á þann veg að í stað fráveitu frá því svæði séu öll fljótandi spilliefni sem hugsanlega fara niður fönguð með ídrægum efnum eða fönguð í lokaða tanka, þaðan sem hægt er að ná þeim til baka.

2.1.15. Þeir aðilar sem annast flutninga á spilliefnum fyrir rekstraraðila skulu hafa til þess viðurkenndan búnað. Rekstraraðili skal upplýsa heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um störf flutningsaðila og fá samþykki fyrir búnaði þeirra.

2.1.16. Verktakar sem hugsanlega annast þjónustu við úrgangsmeðhöndlun fyrir rekstraraðila skulu hlýta ákvæðum starfsleyfis þessa hvað mengunarvarnir varðar.

2.1.17. Gera skal viðeigandi ráðstafanir til að varna foki á þeim efnum sem endurunnin eru og geymd á útisvæði eftir vinnslu.

2.1.18. Fyrirbyggja skal að vargfugl eða meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðum rekstraraðila.

2.1.19. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk skal ekki mælast meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq.

**2.2. Urðunarstaður við Draugagil.**

2.2.1. Förgun úrgangs, eftir meðhöndlun í móttökustöð, fari einungis fram á þar til útbúnum stað, þ.e. á urðunarstað við Draugagil. Svæði þetta skal vera girt vandaðri girðingu.

2.2.2. Takmarka skal aðgang að urðunarsvæðinu annarra en eftirlitsaðila og þeirra sem starfa á vegum rekstraraðila.

2.2.3. Ekki skal vera nema eitt urðunarsvæði í notkun samtímis. Með urðunarsvæði er átt við afmarkaðar urðunarreinar sem ekki ná yfir stærra svæði en 1000 $m^2$. Fráveituskurðir skulu vera umhverfis urðunarreinar.

2.2.4. Tryggt skal að náttúrulegt leirlag í botni urðununargryfju sé vel þjappað og samfellt. Koma skal fyrir sýnatökubrunnum neðst í Draugagili.

2.2.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta í ljósi niðurstaða mælinga á mengun í vatni gert kröfur um hreinsun fráveituvatns.

2.2.6. Úrgangur sem lagður hefur verið í urðunargryfju skal þakinn samdægurs. Mótun þekjulags skal vera með þeim hætti að landsslagslýti verði ekki af. Þekjulag skal vera þétt og móta á sama hátt og umhverfið var fyrir urðun, gæta skal þess einnig við frágang að úrkomuvatn eigi greiða leið í fráveitu. Þykkt þekjulags skal ekki vera minni en 100 cm. Í efsta lag skal sá grasfræi.

2.2.7. Koma skal í veg fyrir fok á urðunarstaðnum. Fokvarnir skulu vera til staðar.

2.2.8. Fyrirbyggja skal að vargfugl og meindýr taki sér bólfestu eða eigi sér viðverustað á athafnasvæðinu.

2.2.9. Takmarka skal umhverfishávaða frá starfseminni eftir því sem kostur er. Hávaði við lóðamörk skal ekki mælast meiri en 70 dB(A) Leq. Ef um greinilega ríkjandi tón eða reglubundna hávaðatoppa er að ræða skal lækka mörkin um 5 dB(A) Leq.

**3. MÆLINGAR OG EFTIRLIT.**

3.1. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins hafa eftirlit með mælingum og mæliaðferðum, vegna hugsanlegrar mengunar. Sérstök úttekt skal fara fram á fyrsta ári starfseminnar. Leita skal samþykkis Hollustuverndar ríkisins vegna mæliáætlunar sem fer fram á vegum rekstraraðila. Nákvæmt mat á niðurstöðum og hugsanlegar samanburðarmælingar skulu fara fram í samræmi við ákvæði mengunarvarnareglugerðar nr. 389/1990, eins og hún er á hverjum tíma. Hollustuvernd ríkisins skal upplýsa rekstraraðila og heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra um niðurstöður matsins, eins fljótt og auðið er.

3.2. Rekstraraðili skal hafa á sínum vegum aðila sem hefur góða þekkingu á öllum búnaði og starfsreglum varðandi sorphirðu, endurvinnslu og sorpeyðingu. Aðili þessi skal einnig hafa þekkingu á ákvæðum starfsleyfis þessa og þeim lögum og reglum sem um starfsemina gilda. Eintök af starfsleyfi og viðkomandi lögum og reglum skulu ávallt tiltæk á vinnustað. Einnig skal rekstraraðili tilnefna fulltrúa sem eftirlitsaðilar, eða aðrir, geta haft samband við ef þörf krefur utan afgreiðslutíma starfseminnar.

3.3. Fulltrúar rekstraraðila skulu a.m.k. á þriggja ára fresti koma á sameiginlegan fund með fulltrúum frá Hollustuvernd ríkisins, Náttúruverndarráði og Heilbrigðisnefnd. Á þessum fundum verði rætt um niðurstöður eftirlits- og umhverfismælinga og rekstur mengunarvarna við úrgangsmeðhöndlunina og eyðingu.

**4. GJALDSKYLDA.**

4.1. Starfsemin fellur í þriðja gjaldskrárflokk samkvæmt viðauka nr. 8. í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990. Gjald þetta skal standa undir kostnaði við sérhæft eftirlit Hollustuverndar ríkisins, samanber þriðja kafla reglugerðarinnar.

**5. GILDISTAKA.**

5.1 Starfsleyfi þetta sem gildir til 1. janúar 1995 er veitt í samræmi við ákvæði greinar 8.4 í mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 samanber lög nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 9. desember 1991.*

F. h. r.
**Kristinn Sv. Helgason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Hitaveitu Dalvíkur.**

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Dalvíkur.

2. gr.

Hitaveitan lætur setja stillanlegan hemil eða annan mælibúnað við inntak og/eða frárennsli hvers hitakerfis og miðast gjald hitaveitunnar fyrir selda orku við hámarksrennsli um hemil, magn skv. mæli eða samkvæmt öðrum viðurkenndum mæliaðferðum.

Einungis starfsmenn hitaveitunnar mega breyta stillingu vatnshemils eða mælis.

3. gr.

Gjöld fyrir afnot af hitaveituvatninu eru sem hér segir:

a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 296,90
b) Vatnsgjald um vatnsmæli fyrir rúmmetra vatns . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 27,20

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksvatnsþörf.

Þegar um afnot á hitaveituvatni til annars en húshitunar er að ræða, getur hitaveitan vikið frá framangreindu verði og ákveðið gjaldið sérstaklega í hverju tilviki með hliðsjón af gjaldskrá þessari.

Ennfremur getur Hitaveita Dalvíkur veitt afslátt í þeim tilvikum að hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskyldu hitastigi.

4. gr.

Þar til vatnsmælir hefur verið settur upp eða vatnsmælir bilar, áætlar hitaveitan vatnsnotkunina með hliðsjón af hitaþörf hússins og/eða fyrri notkun.

Óski notandi þessi að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur, eða hann hefur óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan 5% frá réttri stillingu skal hann greiða kr. 1 867,00.

5. gr.

Hitaveitugjöld má krefja mánaðarlega. Séu gjöldin krafin sjaldnar en mánaðarlega er heimilt að krefja hluta þeirra fyrirfram.

6. gr.

Gjalddagi hitaveitugjalda er við framvísun reiknings eða tilkynningar um reikningsupphæð. Sé reikningur ekki greiddur við fyrstu sýningu, ber gjaldanda að greiða hann, þar sem hitaveitan ákveður. Það eru vanskil, ef gjöldin eru ekki að fullu greidd innan 15 daga frá gjalddaga.

7. gr.

Heimæðagjald Hitaveitu Dalvíkur skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Fyrir hús allt að 400 $m^3$ að utanmáli
og heimæð allt að 50 m . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 92 384,00
og á $m^3$ þar yfir . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . . kr. 117,00

Ef skipulagsskilmálar eru þess efnis að bifreiðageymslur við raðhús skuli byggðar sameiginlega, þrjár eða fleiri, það langt frá íbúðum að eðlilegra teljist að leggja sérstaka hitaveituheimæð að bifreiðageymslum, skuli gjald fyrir heimæð reiknast af rúmtaki hverrar geymslu.

Gjald fyrir hvern rúmmetra verði kr. 231,07.

Rúmmál húsa miðast við stærðir samkvæmt reglum Fasteignamats ríkisins. Heimæðagjöld skal reikna af öllu húsrými á viðkomandi lóð, hvort sem það verður tengt hitaveitunni eða ekki. Þó skal ekki reikna heimæðagjald af búpeningshúsum á jörðum og lögbýlum, nema þeim útihúsum sem tengd verða veitukerfinu.

Ef um er að ræða lagnir í dreifða byggð eða samkvæmt sérsamningi hitaveitunnar við önnur sveitarfélög, er heimilt að krefjast heimæðagjalds umfram 50 m lögn sem nemur útlögðum kostnaði við lagnir til viðkomandi aðila, nema um annað sé sérstaklega samið.

Gjald þetta skal þó aldrei vera lægra en nemur lágmarks tengigjaldi hitaveitunnar.

8. gr.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari eru miðuð við vísitölu byggingarkostnaðar 1. desember 1991, 187,3 stig. Hitaveitunni er heimilt að breyta gjöldum þessum í samræmi við birtingu á nefndri vísitölu.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 3. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Dalvíkur, að fengnum tillögum frá veitunefnd.

Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar af iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

9. gr.

Nú er tengingu lokið og er þá heimæðagjaldið gjaldkræft. Þó er heimilt að veita gjaldfrest allt að 5 árum, ef samið er um það á gjalddaga. Í slíkum samningi skal kveðið á um vexti af eftirstöðvum gjaldsins.

10. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

11. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli heita vatnsins að húsi eða íbúð viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari. Heimilt er að loka vatnsrennsli að húsi, sem hitaveitugjöld skv. gjaldskrá þessari eru vangreidd af.

Fyrirætlun um að loka, ber að tilkynna með 5 daga fyrirvara. Allan kostnað af lokun og opnun á ný greiðir sá sem vanskilum veldur, hverju sinni kr. 1 844,00.

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Hitaveitu Dalvíkur og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 76, 19. febrúar 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 13. desember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

# REGLUGERÐ

## um útgáfu á 1. flokki húsbréfa 1992 fyrir Byggingarsjóð ríkisins, húsbréfadeild.

1. gr.

Ríkisstjórnin hefur ákveðið á grundvelli laga nr. 76/1989, að Byggingarsjóður ríkisins, húsbréfadeild, gefi út 1. flokk húsbréfa 1992. Samanlögð fjárhæð húsbréfa í 1. flokki 1992, skal vera að hámarki 4 000 milljónir. Húsbréfin skulu gefin út í fjórum undirflokkum a, b, c og d. Í undirflokki a skal hvert húsbréf vera að fjárhæð kr. 5 000 000,00, í undirflokki b kr. 1 000 000,00, í undirflokki c kr. 100 000,00 og í undirflokki d kr. 10 000,00. Vextir í 1. flokki 1992 eru 6% á ári. Lánstími er 25 ár.

2. gr.

Húsbréf eru greiðsla húsbréfadeildar Byggingarsjóðs ríkisins við kaup deildarinnar á fasteignaveðbréfum.

3. gr.

Húsbréf skulu skráð á nafn. Nafn fyrsta eiganda, kennitala og heimilisfang, skal skráð á framhlið húsbréfs. Við eigendaskipti að húsbréfi skal framsal til nýs eiganda skráð á bakhlið þess og þar skráður framsalsdagur, nafn, kennitala og heimilisfang hins nýja eiganda. Framsal húsbréfs til handhafa er óheimilt. Sé röð framsala gölluð, verður bréfið ekki innleyst, nema handhafi þess færi fullar sönnur á eignarheimild sína.

4. gr.

Húsbréf eru verðtryggð miðað við lánskjaravísitölu skv. 39. gr. laga nr. 13/1979 með síðari breytingum, sbr. reglugerð nr. 18/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands í Lögbirtingablaði nr. 19 frá 23. janúar 1989. Grunnvísitala flokksins er vísitala janúarmánaðar 1992.

5. gr.

Byggingarsjóður ríkisins greiðir verðbætur á höfuðstól, vexti og vaxtavexti húsbréfa skv. breytingum á lánskjaravísitölu frá útgáfudegi bréfanna, 15. janúar 1992, til gjalddaga. Höfuðstóll, verðbætur, vextir og vaxtavextir greiðast eftir á í einu lagi. Nafnvextir eru óbreytanlegir allan tímann og reiknast frá útgáfudegi 15. janúar 1992.

6. gr.

Byggingarsjóður ríkisins innleysir og endurgreiðir húsbréf þetta að fullu skv. útdrætti á föstum gjalddögum, sem eru 15. janúar, 15. apríl, 15. júlí og 15. október ár hvert. Fyrsti gjalddagi er 15. apríl 1993. Húsbréfaflokknum skal lokað eigi síðar en 15. janúar 1993. Í hverjum útdrætti skal draga út húsbréf fyrir þá fjárhæð sem svarar næst til endurgreiðslu jafngreiðsluláns með þeim vöxtum sem um flokkinn gilda, lánstíma sem eftir er og eftirstöðvum.

Númer útdreginna húsbréfa svo og númer áður útdreginna, ógreiddra húsbréfa og greiðslustaður þeirra, skulu birt í Lögbirtingablaði og a.m.k. einu dagblaði í síðasta lagi tveimur mánuðum fyrir gjalddaga.

Þau húsbréf þessa flokks, sem ekki verða dregin út, greiðast að fullu á lokagjalddaga, þann 15. janúar 2017. Húsbréf verða ekki innleyst að hluta.

7. gr.

Útdráttur fer fram hjá Raunvísindastofnun Háskólans að viðstöddum fulltrúa húsbréfadeildarinnar undir umsjón lögbókanda.

8. gr.

Allar kröfur á grundvelli húsbréfa fyrnast, sé þeim ekki lýst hjá Byggingarsjóði ríkisins innan 10 ára frá gjalddaga, hvort sem um útdrátt á föstum gjalddaga eða lokagjalddaga er að ræða.

Gjaldfallnar endurgreiðslur húsbréfa bera ekki vexti eða verðbætur eftir gjalddaga.

9. gr.

Skattskylda eða skattfrelsi húsbréfa, vaxta og verðbóta af þeim, fer eftir skattalögum á hverjum tíma, sbr. nú 8. gr., 1. tl. B-liðar 30. gr., 74. og 78. gr. laga nr. 75/1981, með síðari breytingum, sbr. einnig lög nr. 7/1974 og lög nr. 79/1983, og lög nr. 117/1990 og loks sbr. lög nr. 76/1989, 2. gr., s-lið. Húsbréf eru framtalsskyld.

10. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 76/1989 um breytingu á lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 86/1988, sbr. lög nr. 70/1990, lög nr. 124/1990, lög nr. 130 /1990, lög nr. 24/ 1991 og lög nr. 47/1991, öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 16. desember 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þorgerður Benediktsdóttir.*

Nr. 596 2. desember 1991

# SKIPULAGSSKRÁ

**fyrir Minningarsjóð Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Pálma Jónssonar, stofnanda Hagkaups. Hann er stofnaður af vinum og vandamönnum til minningar um Pálma Jónsson, Miðleiti 5, Reykjavík. Pálmi fæddist 23. júní 1923 og lést 4. apríl 1991.

2. gr.

Heimili sjóðsins er í Reykjavík.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag Hagkaups hf. að fjárhæð kr. 2 000 000,00. Stofnfé má ekki skerða.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að vísindalegri rannsóknarstarfsemi og efla menningu, listir, umhverfisvernd og líknarstarfsemi með styrkveitingu til einstaklinga og félaga. Skal stjórn sjóðsins heimilt að veita fé úr sjóðnum í ofangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til.

5. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir af fé sjóðsins, árleg framlög og aðrar tekjur.

6. gr.

Stjórnin ákveður fjárhæð styrks á hverjum tíma en aldrei skal heimilt að rýra stofnfé sjóðsins með styrkveitingu.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skulu þeir tilnefndir af stjórn Miklatorgs sf. Tilnefningar skulu gilda í tvö ár í senn, í fyrsta skipti til 1. desember 1993.

8. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir árlega af löggiltum endurskoðanda. Reikningsár skal vera almanaksárið.

9. gr.

Stjórn sjóðsins varðveitir eignir hans. Hún skal leitast við að ávaxta sjóðinn á sem hagkvæmastan og öruggastan hátt þannig að hann nái tilgangi sínum sem best.

10. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má gera ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting á skipulagsskránni fær þó gildi nema með samþykki allra stjórnarmanna.

11. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skulu eignir hans renna til Háskóla Íslands, Krabbameinsfélagsins og Hjartaverndar að jöfnu.

12. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Reykjavík, 1. desember 1991.
Í stjórn sjóðsins.

Jónína S. Gísladóttir
f.h. Lilju Pálmadóttur
Ingibjörg Pálmadóttir

Jón Pálmason.
Ingibjörg Pálmadóttir.
Sigurður Pálmason

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 2. desember 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

Nr. 597

**Bréf dóms- og kirkjumálaráðuneytisins** til biskups **varðandi beiðni um að Selárdalssókn í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi verði sameinuð Bíldudalssókn í sama prestakalli.**

„Ráðuneytið hefur móttekið bréf yðar, háæruverðugi herra, dags. 10. september sl., sbr. bréf sr. Flosa Magnússonar prófasts dags. 3. september og 13. nóvember sl., þar sem farið er fram á staðfestingu ráðuneytisins á því, að Selárdalssókn í Bíldudalsprestakalli, Barðastrandarprófastsdæmi verði sameinuð Bíldudalssókn í sama prestakalli.

Ráðuneytið staðfestir hér með ofangreinda breytingu, enda liggur fyrir samþykki viðkomandi aðalsafnaðarfunda og héraðsfundar, sbr. 4. gr. laga um kirkjusóknir o.fl. nr. 25/1985.

Þetta tilkynnist yður til frekari birtingar.“

# GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Reykjavík á árinu 1992.**

1. gr.

Árgjald vegna hundahalds, sbr. staflið c. í 2. gr. samþykktar nr. 305/1989, um hundahald í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, skal vera kr. 8 800 á árinu 1992.

Gjaldið greiðist fyrirfram og óskipt fyrir allt tímabilið þó eigi síðar en á eindaga, sem er 1. mars 1992.

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið eigi greitt í síðasta lagi á eindaga.

2. gr.

Handsömunargjald skv. 6. gr. samþykktar nr. 305/1989 skal vera kr. 6 500.

3. gr.

Ofangreind gjaldskrá borgarstjórnar Reykjavíkur staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbriðgiseftirlit með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 599 12. desember 1991

# GJALDSKRÁ

**fyrir hundahald í Garðabæ 1992.**

1. gr.

Gjald fyrir leyfi til þess að halda hund í lögsagnarumdæmi Garðabæjar, sbr. c-lið 3. gr. samþykktar um hundahald í Garðabæ frá 11. mars 1983, skal vera kr. 9 500, fyrir árið 1992. Gjaldið greiðist fyrirfram á gjalddaga 15. nóvember 1991.

2. gr.

Gjald vegna töku á hundum, sbr. 2. gr. áðurnefndrar samþykktar, skal vera kr. 4 000.

3. gr.

Um vexti af vangreiddu leyfisgjaldi gilda ákvæði vaxtalaga nr. 25 frá 27. mars 1987.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá bæjarstjórnar Garðabæjar staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, með ofangreindum gildistíma.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 12. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 407 24. ágúst 1989, um vörugjald.**

1. gr.

Við viðauka I við reglugerðina eru gerðar svohljóðandi breytingar:

a. Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott í viðauka I:

3208.2003, 3208.9004, 3212.1000, 3918.9001, 3918.9002, 3921.1202, 3921.9003, 4814.2000, 4814.9000, 5905.0000, 6806.1000, 7419.9905, 8535.9001 og 8535.9009.

b. Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í viðauka I:

3808.2001, 3814.0001, 3814.0002, 3814.0009, 3916.1001, 3916.2001, 3916.9001, 3917.2101, 3917.2201, 3917.2301, 3917.2901, 3917.3201, 3918.9011, 3918.9019, 3918.9021, 3918.9029, 3920.5101, 3920.5901, 3921.1101, 3921.9002, 4407.1001, 4407.2101, 4407.2201, 4407.2301, 4407.9101, 4407.9201, 4407.9901, 4409.1001, 4409.2001, 4410.1001, 4410.9001, 4411.1101, 4411.1901, 4411.2101, 4411.2901, 4411.3101, 4411.3901, 4411.9101, 4411.9901, 4412.1101, 4412.1201, 4412.1901, 4412.2101, 4412.2901, 4412.9101, 4412.9901, 4413.0001, 4504.1005, 4504.9003, 4811.1000, 4814.2001, 4814.2009, 4814.9001, 4814.9002, 4814.9009, 5602.9001, 5905.0001, 5905.0009, 6806.1009, 7419.9904, 8535.9000 og 9405.9202.

2. gr.

Við viðauka II við reglugerðina eru gerðar svohljóðandi breytingar:

a. Tollskrárnúmer 1806.3100 falli brott í viðauka II.
b. Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í viðauka II:

1806.3101, 1806.3109, 1806.3202, 1806.3203, 1806.9004, 1806.9005 og 1806.9006.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 97/1987, um vörugjald, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

18. desember 1991 Nr. 601

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 344 10. júlí 1989, um jöfnunargjald, með síðari breytingum.**

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 2. gr.:

a. Eftirtalin tollskrárnúmer falli brott úr 2. gr. reglugerðarinnar:

1806.3100, 3208.2003, 3208.9004, 3214.9000, 3814.0000, 3918.9001, 3918.9002, 3919.9009, 3920.5100, 3920.5900, 3921.1100, 3921.1202, 4814.2000, 4814.9000. 5905.0000, 6209.1000, 6209.2000, 6209.3000, 6209.9000, 6401.9901, 6401.9909, 6806.1000, 7326.2000, 7419.9905, 7419.9906, 8418.9100 og 9401.2000.

b. Eftirtalin tollskrárnúmer bætist við upptalningu tollskrárnúmera í 2. gr.:

1806.3101, 1806.3109, 1806.3202, 1806.3203, 1806.9004, 1806.9005, 1806.9006, 3214.1002, 3214.1003, 3214.1004, 3214.1005, 3214.1006, 3214.9001, 3214.9009, 3402.2013, 3402.2021, 3402.2022, 3402.2023, 3402.2024, 3402.2029, 3814.0001, 3814.0002, 3814.0009, 3916.1001, 3916.2001, 3916.9001, 3917.2101, 3917.2201, 3917.2301, 3917.2901, 3917.3201, 3918.9011, 3918.9019, 3918.9021, 3918.9029, 3919.9011, 3919.9019, 3920.5101, 3920.5109, 3920.5901, 3820.5909, 3921.1101, 3921.1109, 3921.9002, 3921.9003, 3923.9002, 4407.1001, 4407.2101, 4407.2201, 4407.2301, 4407.9101, 4407.9201, 4407.9901, 4418.9002, 4421.9022, 4811.1000, 4814.2001, 4814.2009, 4814.9001, 4814.9002, 4814.9009, 4823.9006, 5602.9001, 5905.0001, 5905.0009, 6209.1001, 6209.1009, 6209.2001, 6209.2009, 6209.3001, 6209.3009, 6209.9001, 6209.9009, 6307.9002, 6401.9900, 6806.1009, 7326.2001, 7326.2009, 7419.9904, 7419.9905, 7419.9906, 8418.9101, 8418.9109, 9401.2001, 9401.2009 og 9405.9202.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 3. og 4. gr. laga nr. 78/1980, um jöfnunargjald með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 18. desember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

Nr. 602 20. desember 1991

# REGLUGERÐ

## um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði. Af vörum sem flokkast í tnr. 1806.2009, 1806.3101, 1806.3109, 1806.3202, 1806.3209, 1806.9002, 1806.9003, 1806.9005, 1806.9006 og 1806.9009 skal greiða 44 kr. á hvert kílógramm. Af vörum sem flokkast í tnr. 1806.3203 skal greiða 17 kr. á hvert kílógramm.

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, innheimtu, stöðvun tollafgreiðslu, lögvernd, viðurlög, refsingu og aðra framkvæmd innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum til ríkissjóðs eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. janúar 1992 og skal hún gilda til 31. mars 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur, Hofsvallagata 53.**

Samkvæmt ósk borgarstjórnar Reykjavíkur hefur Skipulagsstjórn ríkisins þann 4. desember 1991 staðfest breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 1984–2004 sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingin er fólgin í því að landnotkun á lóðinni nr. 53 við Hofsvallagötu verður fyrir stofnun í stað verslunar og þjónustu.

Borgarstjórn Reykjavíkur hefur með samþykkt borgarráðs þann 19. nóvember 1991 tekið að sér að bæta það tjón er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

*Umhverfisráðuneytið, 13. desember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal**

*Hrafn Hallgrímsson.*

11. desember 1991 Nr. 604

# AUGLÝSING

**um hækkun bifreiðagjalds þann 1. janúar 1992.**

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. janúar 1992 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd 4,31 kr.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki 2,15 kr.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 201 kr., né hærra gjald en 12 655 kr.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera 872 kr.

*Fjármálaráðuneytið, 11. desember 1991.*

**Indriði H. Þorláksson.**

*Rúnar Hannesson.*

9. desember 1991 Nr. 605

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir raffangaprófun Rafmagnseftirlits ríkisins, nr. 497, 19. desember 1990.**

Við reglugerðina bætist ákvæði til bráðabirgða svohljóðandi:

Á tímabilinu 1. janúar – 31. maí 1992 skal skráningargjald skv. I. lið gjaldskrárinnar verða sem hér segir:

| | Taxti | Gjald |
|---|---|---|
| Skráningargjald | 0,5 | 500 |

Íhlutir í skráð raftæki, sem ætlaðir eru sem varahlutir eru undanþegnir sjálfstæðri skráningu nema um öryggisbúnað sé að ræða.

*Iðnaðarráðuneytið, 9. desember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Kristmundur Halldórsson.*

Nr. 606 18. desember 1991

# GJALDSKRÁ

**Löggildingarstofunnar fyrir löggildingu, kvörðun og eftirlit með mælitækjum og vogaráhöldum.**

1. gr.

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Vogarlóð | |
| 1.1 | Nákvæmnisflokkur O ($M_3$) | Kr. |
| 1.1.1 | 100 g - 2 kg | 1 260,00 |
| 1.1.2 | 5, 10 og 20 kg | 1 470,00 |
| 1.1.3 | 50 kg | 2 100,00 |
| 1.2 | Nákvæmnisflokkur $M_2$ | |
| 1.2.1 | 1 g - 2 kg | 1 580,00 |
| 1.2.2 | 5, 10 og 20 kg | 2 000,00 |
| 1.2.3 | 50 kg | 2 630,00 |
| 1.3 | Nákvæmnisflokkur $M_1$ | |
| 1.3.1 | 1 mg - 2 kg | 2 000,00 |
| 1.3.2 | 5, 10 og 20 kg | 2 630,00 |
| 1.3.3 | 50 kg | 5 250,00 |
| 1.4. | Nákvæmnisflokkur $F_2$ | |
| 1.4.1 | 1 mg - 2 kg | 4 200,00 |
| 1.4.2 | 5, 10 og 20 kg | 5 250,00 |
| 1.4.3 | 50 kg | Skv. reikningi eða sér tilboði |
| 1.5 | Annað | |
| 1.5.1 | Massar í öðrum nákv. fl. | Skv. reikningi eða sér tilboði |
| 1.5.2 | Kvörðun lóða og vottorð | Skv. reikningi eða sér tilboði |

ATH. Vogarlóð undir 5g verða *ekki* endurlöggilt.

| | | |
|---|---|---|
| 2. | Lyfjaverslanir og rannsóknarstofur:<br>Mælitæki skv. rg. nr. 289/1970 og 24/1983<br>Eftirlitsskyld mælitæki í nákvæmnisflokkum I og II | |
| 2.1.1 | Burðarþol ≤ 30 kg | 9 980,00 |
| | Löggildingarskyld mælitæki í nákvæmnisflokki II | |
| 2.2.1 | Burðarþol ≤ 30 kg | 9 980,00 |
| 3. | Brautarvogir fyrir sláturhús | |
| 3.1.1 | Burðarþol ≤ 200 kg (1 ár) | 23 630,00 |
| 3.2.1 | Burðarþol > 200 kg | 27 830,00 |

| | | |
|---|---|---|
| 4. | Ungbarnareislur fyrir heilsugæslu | |
| 4.1.1 | Burðarþol ≤ 20 kg | 1 700,00 |
| 5. | Bílavogir | |
| 5.1.1 | Burðarþol ≤ 60 t | 90 000,00 |
| 5.2.1 | Burðarþol > 60t - 100t | 125 000,00 |
| 5.3.1 | Buðarþol > 100t | 175 000,00 |
| 6. | Ósjálfvirkur og hálfsjálfvirkur vogarbúnaður í nákvæmnisflokkum II, III, IIII ætlaður til verslunar-, viðskipta- og/eða iðnaðarnota. | |
| 6.0.1 | Lágmarksgjald fyrir eina vog | 8 400,00 |
| 6.1.1 | Burðarþol ≤ 30 kg | 6 300,00 |
| 6.2.1 | Burðarþol > 30 - 200 kg | 8 400,00 |
| 6.3.1 | Burðarþol > 200 - 500 kg | 10 500,00 |
| 6.4.1 | Burðarþol > 500 - 2000 kg | 17 850,00 |
| 6.5.1 | Burðarþol > 2000 - 5000 kg | 24 150,00 |
| 6.6.1 | Burðarþol > 5000 - 15000 kg | 28 350,00 |
| 6.7.1 | Burðarþol > 15000 - 30000 kg | 34 650,00 |
| 6.8.1 | Burðarþol > 30000 kg | 38 850,00 |
| 7. | Sjálfvirkar löndunarvogir | |
| 7.1 | Burðarþol > 500 kg | 26 250,00 |
| 8. | Sjálfvirkur vogarbúnaður; allir nákvæmnisflokkar. | |
| 8.1 | Burðarþol ≤ 30 kg | 6 300,00 |
| 8.2 | Burðarþol > 30 - 200 kg | 8 400,00 |
| 8.3 | Burðarþol > 200 - 500 kg | 10 500,00 |
| 8.4 | Burðarþol > 500 - 2000 kg | 17 850,00 |
| 8.5 | Burðarþol > 2000 - 5000 kg | 24 150,00 |
| 8.6 | Burðarþol > 5000 - 15000 kg | 28 350,00 |
| 8.7 | Burðarþol > 15000 - 30000 kg | 34 650,00 |
| 8.8 | Burðarþol > 30000 kg | 38 850,00 |
| 9. | Rúmtaksmæling. | |
| 9.1 | Vínmælar; rúmtak 3cl og 6cl | 1 580,00 |
| 9.2.1 | Rúmtak ≤ 10 l (2 ár) | 2 630,00 |
| 9.2.2 | Rúmtak ≤ 10 l (5 ár) | 5 780,00 |
| 9.2.3 | Rúmtak ≤ 10 l (10 ár) | 11 550,00 |
| 9.2.4 | Rúmtak ≤ 10 l (12 ár) | 14 700,00 |
| 9.3.1 | Rúmtak > 10 l - 500 l (2 ár) | 12 600,00 |
| 9.3.2 | Rúmtaks > 10 l - 500 l (5 ár) | 26 250,00 |
| 9.3.3 | Rúmtak > 10 l - 500 l (10 ár) | 52 500,00 |
| 9.3.4 | Rúmtak > 10 l - 500 l (12 ár) | 59 850,00 |
| 9.4.1 | Rúmtak > 500 l - 5.000 l (2 ár) | 19 950,00 |
| 9.4.2 | Rúmtak > 500 l - 5.000 l (5 ár) | 39 900,00 |
| 9.4.3 | Rúmtak > 500 l - 5.000 l (10 ár) | 79 800,00 |
| 9.4.4 | Rúmtak > 500 l - 5.000 l (12 ár) | 84 000,00 |
| 9.5.1 | Rúmtak > 5.000 l - 10.000 l (2 ár) | 28 350,00 |
| 9.5.2 | Rúmtak > 5.000 l - 10.000 l (5 ár) | 54 600,00 |
| 9.5.3 | Rúmtak > 5.000 l - 10.000 l (10 ár) | 110 250,00 |
| 9.5.4 | Rúmtak > 5.000 l - 10.000 l (12 ár) | 115 500,00 |
| 9.6.1 | Rúmtak > 10.000 l - 30.000 l (2 ár) | 36 750,00 |
| 9.6.2 | Rúmtak > 10.000 l - 30.000 l (5 ár) | 73 500,00 |
| 9.6.3 | Rúmtak > 10.000 l - 30.000 l (10 ár) | 147 000,00 |
| 9.6.4 | Rúmtak > 10.000 l - 30.000 l (12 ár) | 157 500,00 |
| 9.7.1 | Rúmtak > 30.000 l (2 ár) | 73 500,00 |
| 9.7.2 | Rúmtak > 30.000 l (5 ár) | 147 000,00 |
| 9.7.3 | Rúmtak > 30.000 l (10 ár) | 294 000,00 |
| 9.7.4 | Rúmtak > 30.000 l (12 ár) | 315 000,00 |

ATH. Auk framangreindra gjalda, greiðist kostnaður vegna kvörðunar og útgáfu vottorða samkvæmt reikningi eða tilboði

| | | |
|---|---|---|
| **10.** | **Rennslismælar og dælur** | |
| 10.1 | Bartölvukerfi | 23 520,00 |
| **10.2** | **Skammtarar** | |
| 10.2.1 | Rennslismælar með föstum mæli | 6 300,00 |
| **10.3** | **Mælitæki fyrir, eldsneyti, olíur og mjólk** | |
| 10.3.1 | Rennslismælar m. hámarksrennsli ≤ 100 l/mín | 8 400,00 |
| 10.3.2 | Rennslismælar m. hámarksrennsli > 100 l/mín - 800 l/mín | 9 980,00 |
| 10.3.3 | Rennslismælar m. hámarksrennsli 013 800 l/mín - 2.000 /mín | 15 230,00 |
| 10.3.4 | Rennslismælar m. hámarksrennsli > 2.000 l/mín ( 1 ár) | 20 480,00 |
| **11.** | **Lengdarmál** | |
| 11.1 | Málbönd ≤ 20 m | 7 880,00 |
| 11.2 | Málbönd > 20 m - 50 m | 10 710,00 |
| 11.3 | Málbönd > 50 m - 100 m | 23 630,00 |
| 11.4 | Kvarðar fyrir álnavöru 0,5 m og 1,0 m | 580,00 |
| 11.5 | Lengdarmælivélar | 2 940,00 |
| 11.6 | Möskvamælar | 2 940,00 |
| **12.** | **Flotmælar** | |
| 12.1 | Kvarðaðir við 20°C | 15 750,00 |
| 12.2 | Kvarðaðir við 15°C | 23 520,00 |
| **13.** | **Önnur mælitæki svo sem hitamælar** | |
| 13.1 | Prófun, kvörðun og/eða vottun ... Skv. reikningi eða tilboði | |
| **14.** | **Tegundaprófanir og viðurkenningar** | |
| 14.1 | Tegundarprófun á kaldavatnsmæli án EFTA/EB viðurkenningar | 363 300,00 |
| 14.2 | Tegundarprófun á heitavatnsmæli án EFTA/EB viðurkenningar | 386 930,00 |
| 14.3 | Grunntegundarprófun voga í nákvæmnisflokkum I og II ... Skv. reikningi eða tilboði | |
| 14.4 | Grunntegundarprófun voga í nákvæmnisflokkum III og IIII Burðarþol ≥ 30 kg | 588 000,00 |
| 14.5 | Samanburðarprófun og athugun á vogum með EFTA/EB viðurkenningu | 15 750,00 |
| 14.6 | Önnur tilfelli ... Skv. reikningi eða tilboði | |
| **15.** | **Umsjónar og stjórnunarkostnaður** | |
| 15.1 | Prófunargjald án löggildingar /viðurkenningar 50% af viðurkenningargj. | |
| 15.2 | Endurútgáfa tegundarviðurkenningar | 26 250,00 |
| 15.3 | Vottorðsgjald | 9 450,00 |
| 15.4 | Annað ... Skv. reikningi eða tilboði | |

2. gr.

1. Sérferðir greiðast samkvæmt reikningi, og reiknast brot úr klst. sem ein klukkustund Einnig reiknast: akstur, ferðakostnaður og iðgjald af vátryggingu á tækjum og ferðatrygging, leggst þessi kostnaður ofaná gjaldskrá viðkomandi tækis.
2. Sé komið með tæki sem heyra undir gjaldaliði 2 og 6, á Löggildingarstofu til prófunar og eftirlits er veittur 15% afsláttir af gjaldskrá.
3. Heimilt er að veita magnafslátt stigvaxandi allt að 30% séu mælitæki 20 eða fleiri í eigu sama aðila tekin til skoðunar í sama skipti. Skilyrði slíks afsláttar er að viðkomandi standi í skilum með greiðslur.

3. gr.

Virðisaukaskattur greiðist ekki af gjaldskrá þessari, en þó skal greiða virðisaukaskatt, þegar um er að ræða kostnað samkvæmt 2. gr.

4. gr.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 5. gr. tilskipunar frá 13. mars 1925, um mælitæki og vogaráhöld til þess að öðlast gildi 1. janúar 1992, og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 398/1991.

*Viðskiptaráðuneytið, 18. desember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

17. desember 1991 Nr. 607

# AUGLÝSING

**um starfsleyfi fyrir fiskimjölsverksmiðju Fiskiðjunnar Freyju hf., Suðureyri.**

**1. ALMENN ÁKVÆÐI.**

1.1. Verksmiðjunni er heimilt að framleiða fiskmjöl og lýsi úr fiskúrgangi. Hámarksafköst verksmiðjunnar af hráefni skulu miðast við að ekki verði um sérstaka mengun umhverfis að ræða vegna of mikils álags á tækjakost.

1.2. Verksmiðjunni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði verksmiðjunnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Svæðið skal lagt bundnu slitlagi eftir því sem þurfa þykir að mati heilbrigðisnefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu. Verksmiðjunni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.

1.3. Verksmiðjunni er skylt að ganga þannig frá mannvirkjum og búnaði og haga allri starfsemi svo, að hætta á gerlamengun í hráefni og afurðum verði sem minnst.

1.4. Um varnir gegn skaðlegum áhrifum á starfsmenn og starfsumhverfi fer samkvæmt lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

1.5. Áformi verksmiðjan að gera umtalsverðar breytingar á rekstri eða stækka verksmiðjuna, skal greina Hollustuvernd ríkisins og heilbrigðisnefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu skriflega frá því áður en framkvæmdir hefjast.

1.6. Hollustuvernd ríkisins getur, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við umhverfisráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós koma skaðleg áhrif á umhverfið, sem ekki voru ljós fyrir. Sama gildir ef almennar kröfur, ráð og tæki koma til aukinna mengunarvarna.

**2. VARNIR GEGN MENGUN YTRA UMHVERFIS.**

2.1. Flutningstæki sem notuð eru til flutnings á hráefni til verksmiðju skulu vera vökvaheld og yfirbyggð eða með yfirbreiðslur. Flutningstæki skulu viðurkennd af heilbrigðisnefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2.2. Allt hráefni skal geymt í yfirbyggðum geymslum. Hráefnisgeymslur skulu vera þéttar og skal allt blóðvatn og annar vökvi frá hráefni tekinn til vinnslu. Strax og hráefnisgeymsla hefur verið tæmd, skal skola hana með vatni. Vatni frá fyrstu skolun skal halda í lágmarki, t.d. með háþrýstidælum og taka til vinnslu í verksmiðju.

2.3. Tæming hráefnisgeymslna skal vera sem mest sjálfvirk. Reynist nauðsynlegt að nota moksturstæki, skal þrífa þau vel að verki loknu.

2.4. Hráefni til vinnslu skal vera sem ferskast og ekki eldra en fjögurra sólarhringa þegar það er tekið til vinnslu, sé hitastigið undir 4° C er heimilt að geyma úrgang í allt að sex sólarhringa. Heilbrigðisnefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu getur veitt undanþágu frá þessari kröfu, ef ástæða þykir til.

2.5. Loftræsta skal frá verulegum lyktaruppsprettum í verksmiðju og ræstiloftið flutt til lykteyðingar. Loftræsting skal hönnuð á þann hátt, að sem minnst af ómenguðu lofti sé dregið með.

2.6. Loft frá þurrkurum skal leiða í gegnum rykskiljur með góða skiljunarhæfni og síðan upp um skorstein.

2.7. Allt soðvatn skal nýta.

2.8. Frárennsli úr hráefnisþróm og innan úr verksmiðju skal leitt niður fyrir stórstraumsfjöruborð.

2.9. Gengið skal frá frárennsli frá snyrtingum með viðurkenndum hætti að mati heilbrigðisnefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu.

2.10. Lýsisgeymar skulu vera í lýsisheldri þró að rúmtaki minnst 20% af rúmtaki geymisins í þrónni. Séu fleiri en einn geymir í sömu þró skal rúmtakið vera minnst 20% af rúmtaki stærsta geymisins. Lokabúnaður skal vera af viðurkenndri gerð og þannig staðsettur að ekki sé hætta á því að hann verði fyrir hnjaski. Einn loki skal staðsettur innan þróar.

2.11. Um frágang olíugeyma og varnir gegn mengun af völdum olíu fer samkvæmt heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990 og reglum nr. 560/1982 um varnir gegn olíumengun sjávar við olíubirgðastöðvar.

2.12. Verksmiðjan skal sjá um, að búnaður sé ávallt í sem fullkomnustu lagi. Skal hafa reglulegt eftirlit með búnaði og ástandi hráefnis hverju sinni. Niðurstöður og athuganir skal skrá niður í sérstaka dagbók og skal fulltrúum Hollustuverndar ríkisins og heilbrigðisnefndar Vestur-Ísafjarðarsýslu heimill aðgangur að þeim hvenær sem er.

**3. EFTIRLITSGJÖLD.**

3.1. Fyrirtækið greiðir árlega eftirlitsgjald í samræmi við þriðja flokk gjaldskrár nr. 279/1991 með síðari breytingum. Gjaldið skal standa undir kostnaði Hollustuverndar ríkisins vegna starfsleyfisskyldra fyrirtækja samkvæmt reglugerð.

**4. GILDISTAKA.**

4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 sbr. lög nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi og gildir til 1. júlí 1994.

*Umhverfisráðuneytið, 17. desember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

# GJALDSKRÁ

**Rafmagnsveitu Reykjavíkur.**

## A-HLUTI.
## ALMENNIR SKILMÁLAR.

1. gr.
**Almennt.**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns á lágspennu. Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja rafmagn á háspennu samkvæmt sérstökum samningi.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

*A-HLUTI* gjaldskrár fjallar um almenna skilmála um orkuafhendingu á orkuveitusvæði Rafmagnsveitunnar. Í þessum hluta er skilgreining á raforkutöxtum, heimtaugagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, álestrargjaldi, innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

*B-HLUTI* gjaldskrár sýnir gildandi raforkuverð og önnur gjöld á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema húshitun.

**Skammstafanir**

| **Tákn** | **Eining** | **Skýring** |
|---|---|---|
| A | amper | straumur |
| kW | kílówatt | afl |
| kWst | kílówattstund | orka |

**Skilgreiningar**

| | |
|---|---|
| Notandi: | viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli (eina veitu). |
| Orkukaupandi: | viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla (veitur). |
| Veita: | rafkerfi notanda með einn mæli. |
| Ársnotkun: | fjöldi kWst sem notaðar eru á einu ári (365 dögum). |
| Afltoppur: | mesta mælda afl (kW) yfir árið. |

2. gr.
**Raforkugjöld.**

**2.1 Almenn orkunotkun.**

Almennir taxtar skiptast í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

— fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestrar, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

— orkugjald (kr/kWst) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu og er í beinu hlutfalli við orkunotkun veitunnar.

Hjá notendum á almennum taxta er að jafnaði lesið á mæla einu sinni á ári. Hjá stærri notendum er í sumum tilfellum lesið oftar.

*A.1 Almenn notkun:*

Taxti A.1 gildir fyrir alla almenna orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. (Sjá einnig taxta B.1, Afl- og orkunotkun, varðandi notendur með ársnotkun minni en 200.000 kWst).

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta A.1, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWst ársnotkun. Verði notkun meiri en 220.000 kWst á ári, er notkun verðlögð samkvæmt taxta B.1.

*A.2 Bráðabirgðanotkun:*

Taxti A.2 gildir fyrir rafmagn til notkunar við byggingaframkvæmdir og aðra mannvirkjagerð svo og til skammtímanotkunar.

Verði orkunotkun meiri en 200.000 kWst á ári, er notanda heimilt að kaupa orku samkvæmt taxta B.1.

*A.4 Sumarhúsanotkun:*

Taxti A.4 gildir fyrir rafmagnsnotkun í sumarhúsum, bæði almenna notkun og rafhitun.

Öll raforka er afhent órofin.

Orkukaup til rafhitunar í sumarhúsum samkvæmt taxta R.1 eru ekki heimil.

Sé notkun takmörkuð getur notandi keypt orku til sumarhúsa samkvæmt taxta A.1.

**2.2 Afl- og orkunotkun.**

Afltaxtar eru tveir, taxti B.1 fyrir alla almenna orkusölu og taxti B.2 fyrir útilýsingu.

Afltaxtar skiptast í þrjá þætti, fast gjald, aflgjald og orkugjald.

*B.1 Afl- og orkumæling:*

Taxti B.1 gildir fyrir alla orkunotkun, sem er 200.000 kWst ári og yfir. Orkukaupanda er ekki heimilt að skipta orkunotkun sinni um sömu heimtaug á almennan taxta og afltaxta.

Taxti B.1 skiptist í þrjá þætti, fast gjald, aflgjald og orkugjald:

— fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestrar, útgáfu reikninga og mælingar á afli og orku.

— aflgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir hverja mælda afleiningu.

— orkugjald (kr/kWst) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu. Greitt er mismunandi verð fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarorkuverð gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl, sumarorkuverð gildir á tímabilinu 1. maí til 30. september.

Afl er reiknað á ársgrundvelli og greiðir notandinn hæsta afltopp (kW) á árinu, óháð því hvenær afltoppurinn mælist. Aflgjald greiðist samkvæmt mælingu miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

Lesið er mánaðarlega á aflmæla. Hæsti mánaðartoppur er síðan færður sem hæsti afltoppur ársins.

Notandi greiðir mánaðarlega fyrir orkunotkun (kWst) síðasta tímabils (mánaðar) samkvæmt álestri. Jafnframt greiðir hann inn á áætlaðan afltopp ársins (kW). Áætlunin byggist á hæsta mánaðartoppi, sem mælst hefur á yfirstandandi ári. Reynist mældur mánaðartoppur hærri en hinn áætlaði greiðir notandi mismuninn.

Notanda með ársnotkun minni en 200.000 kWst er heimilt að kaupa raforku samkvæmt taxta B.1, sé það honum hagstætt. Notandi skal þá greiða lágmark 200.000 kWst á ári en afltoppur greiðist samkvæmt mælingu.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta A.1, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWst ársnotkun. Fari notkun yfir 220.000 kWst á ári, er notkun flutt á taxta B.1.

Notandi á taxta B.1 er fluttur á taxta A.1 verði ársnotkun minni en 200.000 kWst og sé taxti B.1 honum óhagkvæmur. Ella greiðir notandi áfram samkvæmt taxta B.1.

*B.2 Útilýsing:*

Taxti B.2 gildir fyrir alla útilýsingu, þar með talið götulýsingu. Roftími er breytilegur eftir árstíðum og fylgir dagsbirtu.

Taxti B.2 skiptist í tvo þætti, aflgjald og viðhaldsgjald:

— aflgjald (kr/kW/ár) er gjald greitt fyrir ástipmlað afl ljósbúnaðar.

— viðhaldsgjald (kr/kW/ár) greiðist fyrir þjónustu Rafmagnsveitunnar vegna viðhalds og eftirlits á viðkomandi ljósbúnaði.

Notandi getur valið um hvort hann annist viðhald og eftirlit sjálfur eða kaupi þá þjónustu af rafmagnsveitunni.

Rafmagnsveitan setur upp ljósbúnað til úti- og götulýsingar samkvæmt óskum notanda. Ljósbúnaður skal fullnægja kröfum Rafmagnsveitunnar. Notandi greiðir stofnkostnað að fullu.

**2.3 Rofin orkunotkun.**

R-taxtar gilda fyrir rofna orkuafhendingu. Sala rafmagns samkvæmt R-töxtum er bundin því skilyrði, að veitukerfið þoli álagið að dómi Rafmagnsveitunnar.

Öll tæki og búnaður skulu vera fasttengd. Ekki er heimilt að hafa tengla í veitum þar sem notkun greiðist samkvæmt R-töxtum.

R-taxtar skiptast í tvo þætti, fast gjald og orkugjald:

— fast gjald (kr/ár) felur í sér kostnað óháðan rafmagnsnotkun, m.a. vegna álestrar, útgáfu reikninga og mælingar á orku.

— orkugjald (kr/kWst) greiðist fyrir hverja mælda orkueiningu. Notandi með orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári greiðir eitt orkugjald. Notandi með 200.000 kWst ársnotkun og yfir greiðir mismunandi verð fyrir sumar- og vetrarnotkun. Vetrarorkuverð gildir á tímabilinu 1. október til 30. apríl, sumarorkuverð gildir á tímabilinu 1. maí til 30. september.

Rafmagn til húshitunar er undanþegið virðisaukaskatti.

Rafmagn samkvæmt taxta R.1 og R.2 er rofið tvisvar á sólarhring, allt að tveimur klukkustundum í hvort skipti. Rofið er á tímabilinu kl. 10:00 til 12:30 og kl. 17:00 til 19:30.

Notandi getur valið um tvö tímabil innan ársins, þar sem rafmagn er rofið:

nóvember-febrúar og desember-janúar. Orkugjald er mismunandi eftir því hvort rof-tímabilið er valið. Utan viðkomandi tímabils er rafmagn órofið allan sólahringinn.

*R.1 Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári:*

Taxti R.1 gildir fyrir rofna orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Notandi greiðir eitt orkuverð.

Roftímar eru samkvæmt skilgreiningu hér að framan.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem keypt hefur orku samkvæmt taxta R.1, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWst ársnotkun. Fari notkun yfir 220.000 kWst á ári, er notkun flutt á taxta R.2.

*R.2 Rofin orkunotkun 200.000 kWst á ári og yfir:*

Taxti R.2 gildir fyrir rofna orkunotkun, sem er 200.000 kWst á ári og yfir. Notandi greiðir vetrarorkuverð (október-apríl) og sumarorkuverð (maí-september).

Roftímar eru samkvæmt skilgreiningu hér að framan.

Notandi, sem greiðir samkvæmt taxta R.2, er fluttur á taxta R.1 verði ársnotkun minni en 200.000 kWst og sé taxti R.2 honum óhagkvæmur. Ella er notkun áfram á taxta R.2 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWst, þá er notkun flutt á taxta R.1.

*R.3 Næturorkunotkun minni en 200.000 kWst á ári:*
Taxti R.3 gildir fyrir rafmagn að nóttu, þar sem ársnotkun er minni en 200.000 kWst. Notandi greiðir eitt orkugjald.

Orkuafhending samkvæmt taxta R.3 er rofin allt að 12 klukkustundum á sólahring á tímabilinu kl. 9:00 til kl. 21:00. Roftíminn gildir allt árið.

Notanda með vaxandi rafmagnsnotkun, sem greitt hefur orkunotkun samkvæmt taxta R.3, er heimilt að greiða samkvæmt þeim taxta þar til hann nær 220.000 kWst ársnotkun. Verði ársnotkun meiri en 220.000 kWst, er notkun flutt á taxta R.4.

*R.4 Næturorkunotkun 200.000 kWst á ári og yfir:*
Taxti R.4 gildir fyrir rafmagn að nóttu, þar sem ársnotkun er 200.000 kWst á ári og yfir. Notandi greiðir vetrarorkuverð (október-apríl) og sumarorkuverð (maí-september).

Rafmagn samkvæmt taxta R.4 er rofið allt að 12 klukkustundum á sólahring á tímabilinu kl. 9:00 til kl. 21:00. Roftíminn gildir allt árið.

Notandi á taxta R.4, er fluttur á taxta R.3 verði ársnotkun minni en 200.000 kWst og taxti R.4 er honum óhagkvæmur. Ella er notkun áfram á taxta R.4 þar til ársnotkun verður minni en 180.000 kWst, þá er notkun flutt á taxta R.3.

3. gr.

**Önnur gjöld.**

**3.1 Heimtaugagjöld.**

Heimtaugagjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitunnar.

Heimtaugagjald greiðist þegar umsókn hefur verið samþykkt af rafmagnsveitunni.

Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Hámarksstærð heimtaugar samkvæmt gjaldskrá er 2400 A. Óski notandi eftir stærri heimtaug, er gerður um það sérstakur samningur. Slíkur samningur tekur til afhendingarspennu, afhendingar heimtaugar, heimtaugagjalds, mælingar og orkuverðs.

Sé fyrirsjáanlegt, vegna fjarlægðar eða annarra aðstæðna, að kostnaður við lagningu heimtaugar verði meira en 50% hærri en gildandi gjaldskrá segir til um, skal greiða þann kostnað, sem umfram 50% er, samkvæmt nánari ákvörðun Rafmagnsveitunnar.

Óski eigandi húsveitu eftir að heimtaug sé lögð þegar frost er í jörðu, skal hann greiða aukagjald samkvæmt nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

Sé nauðsynlegt að setja upp dreifistöð (spennistöð) vegna tiltekinnar húsveitu, og ef hún er að mestu leyti notuð í þágu þeirrar húsveitu, er eiganda veitunnar skylt að leggja rafmagnsveitunni til lóð eða húsnæði undir stöðina samkvæmt sérstöku samkomulagi. Hann skal í öllu hlíta skilmálum rafmagnsveitunnar um stærð lóðar og staðsetningu stöðvar.

*H.1 Aðalheimtaugar:*
Þegar aðalheimtaug er breytt úr loftlínuheimtaug í jarðstrengsheimtaug, svo og þegar heimtaug er stækkuð, skal greiða fullt heimtaugagjald fyrir hina nýju heimtaug að frádregnu hálfu gjaldi hinnar fyrri heimtaugar, hvort tveggja miðað við gildandi gjaldskrá þegar breytingin fer fram.

*H.2 Bráðabirgðaheimtaugar:*

Lengd jarðstrengsheimtaugar reiknast í heilum metrum frá næsta útitengiskáp, eða rofa í spennistöð, að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu. Lengdargjald skal greitt fyrir hvern metra umfram 5 metra innan lóðarmarka í jarðstrengsheimtaug.

Lengdargjald fyrir loftlínuheimtaug reiknast fyrir hvern stólpa umfram einn frá lágspennukerfi Rafmagnsveitunnar að stofnvarkassa eða stofntengikassa í húsveitu.

*H.3 Sumarhúsaheimtaugar:*

Heimtaugar til sumarhúsa eru 1-fasa, 35 A (8 kVA). Stærri heimtaugar til sumarhúsa en 35 A svo og 3-fasa heimtaugar greiðast samkvæmt kostnaði.

Mælatafla, sem rafmagnsveitan afhendir, er innifalin í gjaldinu. Mælataflan er staðsett utanhúss.

Heimtaugar til sumarhúsa eru afgreiddar samkvæmt gjaldskrá, óháð því hvort um þétta sumarhúsabyggð er að ræða eða einstakt sumarhús.

Verði kostnaður við tengingu einstaks sumarhúss við kerfi rafmagnsveitunnar meira en 50% hærri en sumarhúsaheimtaugagjald samkvæmt gildandi gjaldskrá, er tengingin háð sérstöku samþykki rafmagnsveitunnar.

**3.2 Mælaleiga.**

Rafmagnsveitan ákveður stærð og gerð mæli- og stjórntækja, sem notuð eru við sölu rafmagns samkvæmt gjaldskrá. Mælaleiga fyrir þessi tæki er innifalin í föstum gjöldum samkvæmt 2. gr. gjaldskrár.

Óski notandi þess, leigir Rafmagnsveitan honum mælitæki til annarra nota en að framan greinir. Ársleiga fyrir slík mælitæki greiðist samkvæmt B-hluta gjaldskrár, 3. gr.

Ársleiga fyrir önnur tæki, en talin eru í B-hluta gjaldskrár, skal vera sem næst 15% af innkaupsverði tækisins, eftir nánari ákvörðun rafmagnsveitunnar.

**3.3 Tengigjald.**

Viðskiptamaður getur fengið tengingu við dreifikerfi Rafmagnsveitunnar vegna skammtímanotkunar.

Fyrir slíka tengingu er greitt tengigjald. Tengigjaldið er innheimt tvívegis, fyrir tengingu og fyrir aftengingu. Sé tenging (eða aftenging) framkvæmd utan venjulegs dagvinnutíma, greiðist álag á tengigjaldið. Dagvinnutími er frá kl. 8:00 til kl. 16:00 alla virka daga.

Innifalið í tengigjaldi er leiga á sérsmíðaðri töflu og búnaði, tenging eða aftenging, úttekt á viðkomandi rafkerfi og akstur.

Orkunotkun vegna skammtímanotkunar gjaldfærist samkvæmt taxta A.2.

**3.4 Álestrargjald.**

Reglubundinn álestur mælitækja er innifalinn í raforkugjöldum samkvæmt 2. gr. gjaldskrár. Að jafnaði er lesið á mælitæki einu sinni á ári hjá minni notendum en tvisvar á ári hjá stærri notendum. Lesið er mánaðarlega á mælitæki samkvæmt taxta B.1.

Óski notandi þess, að oftar sé lesið á mælitæki, er honum gerðursérstakur reikningur fyrir þann álestur, nema um sé að ræða álestur vegna flutnings.

**3.5 Innheimtugjald.**

Undirbúningur að stöðvun orkuafhendingar vegna vanskila notanda telst hafinn við sendingu tilkynningar þess efnis til notandans. Sé slík tilkynning send notanda skal hann greiða innheimtugjald vegna kostnaðar við undirbúning stöðvunarinnar, þó að til hennar hafi ekki komið.

Komi til stöðvunar orkuafhendingar vegna vanskila notanda skal hann greiða gjald vegna kostnaðar við þá framkvæmd. Gjald þetta kemur til viðbótar innheimtugjaldi samkvæmt fyrri málsgrein.

4. gr.

**Ýmis ákvæði.**

**4.1 Launafl.**

Heimilt er að ákveða sérstakt gjald fyrir launafl hjá notendum, ef úttekið launafl nemur 75% eða meira af mesta útteknu raunafli á ári, miðað við 15 mínútna meðalgildi afls.

**4.2 Gjaldskrárbreytingar.**

Heimilt er að breyta gjaldskrá þessari til samræmis við lög og verðbreytingar, enda miðist gjaldskráin ætíð við það að tekjur rafmagnsveitunnar standi undir rekstri hennar, aukningu veitukerfis og arði. Við ákvörðun gjaldskrár skal ætíð liggja fyrir áætlun um rekstur og fjárfestingu á næsta 5 ára tímabili.

Gjaldskrá þessi (A-HLUTI: Almennir skilmálar) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 446, 25. september 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1991.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

Nr. 609 16. desember 1991

# GJALDSKRÁ

**Rafmagnsveitu Reykjavíkur.**

**B-HLUTI**

**RAFORKUGJÖLD OG ÖNNUR GJÖLD.**

1. gr.

**Almennt.**

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

Gjaldskráin tekur til afhendingar og sölu rafmagns á lágspennu. Heimilt er með samþykki borgarráðs að selja rafmagn á háspennu samkvæmt sérstökum samningi.

Gjaldskráin skiptist í tvo hluta:

*A-HLUTI* gjaldskrár fjallar um almenna skilmála um orkuafhendingu á orkuveitusvæði rafmagnsveitunnar. Í þessum hluta er skilgreining á raforkutöxtum, heimtaugagjöldum, mælaleigu, tengigjaldi, álestrargjaldi, innheimtugjaldi auk annarra ákvæða.

*B-HLUTI* gjaldskrár sýnir gildandi raforkuverð og önnur gjöld á hverjum tíma.

Virðisaukaskattur bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema húshitun.

**Skammstafanir**

| Tákn | Eining | Skýring |
|---|---|---|
| A | amper | straumur |
| kW | kílówatt | afl |
| kWst | kílówattstund | orka |

**Skilgreiningar**

| | |
|---|---|
| Notandi: | viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn mæli (eina veitu). |
| Orkukaupandi: | viðskiptamaður, sem kaupir orku um einn eða fleiri mæla (veitur). |
| Veita: | rafkerfi notanda með einn mæli. |
| Ársnotkun: | fjöldi kWst sem notaðar eru á einu ári (365 dögum). |
| Afltoppur: | mesta mælda afl (kW) yfir árið. |

2. gr.

**Raforkugjöld.**

**2.1 Almenn orkunotkun.**

Almenn orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| A.1. | Almenn notkun: | | | |
| | Fast gjald | 2 260,00 | (2 813,70) | kr/ár |
| | Orkugjald | 5,21 | (6,49) | kr/kWst |
| A.2 | Bráðabirgðanotkun: | | | |
| | Fast gjald | 4 520,00 | (5 627,40) | kr/ár |
| | Orkugjald | 6,77 | (8,43) | kr/kWst |
| A.4 | Sumarhúsanotkun: | | | |
| | Fast gjald | 10 800,00 | (13 446,00) | kr/ár |
| | Orkugjald | 2,83 | | kr/kWst |

**2.2 Afl- og orkunotkun.**

Almenn orkunotkun, sem er 200.000 kWst á ári og yfir. Útilýsing.
Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| B.1 | Afl- og orkumæling: | | | |
| | Fast gjald | 38 900,00 | (48 430,50) | kr/ár |
| | Aflgjald | 6.410,00 | (7 980,45) | kr/kW/ár |
| | Vetrarorkugjald | 3,24 | (4,03) | kr/kWst |
| | Sumarorkugjald | 1,49 | (1,86) | kr/kWst |
| B.2 | Útilýsing | | | |
| | Aflgjald | 18 100,00 | (22 534,50) | kr/kW/ár |
| | Viðhaldsgjald | 19 700,00 | (24 526,50) | kr/kW/ár |

**2.3 Rofin orkunotkun.**

Rofin orkuafhending. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| R.1 | Rofin orkunotkun minni en 200.000 kWst á ári: | | | |
| | Fast gjald | 6 470,00 | (8 055,15) | kr/ár |
| | Orkugjald með rofi í nóv.-febr. | 2,50 | (3,11) | kr/kWst |
| | Orkugjald með rofi í des.-jan | 2,70 | (3,36) | kr/kWst |
| R.2 | Rofin orkunotkun 200.000 kWst á ári og yfir: | | | |
| | Fast gjald | 6 470,00 | (8 055,15) | kr/ár |
| | Vetrarorkugjald með rofi í nóv.-febr. | 3,13 | (3,90) | kr/kWst |
| | Vetrarorkugjald með rofi í des.-jan. | 3,53 | (4,39) | kr/kWst |
| | Sumarorkugjald | 1,54 | (1,92) | kr/kWst |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| R.3 | Næturorkunotkun minni en 200.000 kWst á ári: | | | |
| | Fast gjald | 6 470,00 | (8 055,15) | kr/ár |
| | Orkugjald | 2,04 | (2,54) | kr/kWst |
| R.4 | Næturorkunotkun 200.000 kWst á ári og yfir: | | | |
| | Fast gjald | 6 470,00 | (8 055,15) | kr/ár |
| | Vetrarorkugjald | 2,44 | (3,04) | kr/kWst |
| | Sumarorkugjald | 1,26 | (1,57) | kr/kWst |

3. gr.
**Önnur gjöld.**

**3.1 Heimtaugagjöld.**
Málstraumur heimtaugar miðast við stærð stofnvara húsveitu. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár.

*H.1 Aðalheimtaugar*

| Málstraumur | | Heimtaugagjöld | |
|---|---|---|---|
| 63 A | 1-fasa | 48 800 | (60 756,00) kr. |
| 63 A | 3-fasa | 54 000 | (67 230,00) kr. |
| 100 A | 3-fasa | 86 300 | (107 444,00) kr. |
| 200 A | 3-fasa | 170 000 | (211 650,00) kr. |
| 315 A | 3-fasa | 268 000 | (333 660,00) kr. |
| 400 A | 3-fasa | 348 000 | (433 260,00) kr. |
| 630 A | 3-fasa | 540 000 | (672 300,00) kr. |
| 710 A | 3-fasa | 610 000 | (759 450,00) kr. |
| 1200 A | 3-fasa | 1.029 000 | (1 281 105,00) kr. |
| 2400 A | 3-fasa | 2.058 000 | (2 562 210,00) kr. |

*H.2 Bráðabirgðaheimtaugar*

| Málstraumur | Stofngjald | Lengdargjald | |
|---|---|---|---|
| | | Jarðstrengur kr/m | Loftlína kr/stólpi |
| 63 A1-fasa | 9 670,00 | 1 440,00 | 18 400,00 |
| | (12 039,15) | (1 792,80) | (22 908,00) |
| 63 A3-fasa | 13 600,00 | 1 440,00 | 21 200,00 |
| | (16 932,00) | (1 792,80) | (26 394,00) |
| 100 A3-fasa | 14 400,00 | 1 890,00 | 24 500,00 |
| | (17 928,00) | (2 353,05) | (30 502,50) |
| 200 A3-fasa | 54 500,00 | 1 890,00 | 24 500,00 |
| | (67 852,50) | (2 353,05) | (30 502,50) |

*H.3 Sumarhúsaheimtaugar*

| Málstraumur | | Heimtaugagjöld |
|---|---|---|
| 35 A | 1-fasa | 167 000 (207 915,00) kr. |

**3.2 Mælaleiga.**
Mælaleiga er innifalin í raforkuverðum skv. töxtum. Sjá nánari skilgreiningu í A-hluta gjaldskrár. Fyrir mælitæki til annarra nota er ársleiga sem hér segir:

| | | | |
|---|---|---|---|
| M.1 | Orkumælir, einfasa | 683 | (850,00) kr. |
| M.2 | Orkumælir, þrífasa | 2 690 | (3 349,00) kr. |
| M.3 | Orkumælir, þrífasa með straumspennum | 4 560 | (5.677,00) kr. |
| M.4 | Aflmælir | 4 560 | (5 677,00) kr. |
| M.5 | Aflmælir með straumspennum | 6 830 | (8.503,00) kr. |
| M.6 | Tvígjaldsorkumælir | 4 390 | (5 466,00) kr. |
| M.7 | Tvígjaldsorkumælir með straumspennum | 6 700 | (8.342,00) kr. |
| M.8 | Móttökuliði, einpóla | 3 030 | (3 772,00) kr. |
| M.9 | Móttökuliði, þrípóla | 4 560 | (5 677,00) kr. |

**3.3 Tengigjald.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Tengigjald vegna skammtímanotkunar | 4 800 | (5.976,00) | kr. |
| Álag vegna tenginga utan dagvinnutíma 55%. | | | |

**3.4 Álestrargjald.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Gjald vegna aukaálestrar hjá notanda | 955 | (1 189,00) | kr. |

**3.5 Innheimtugjald.**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Innheimtugjald vegna vanskila notanda | 728 | (906,36) | kr. |
| Gjald vegna stöðvunar orkuafhendingar | 1 092 | (1 359,54) | kr. |

Virðisaukaskattur, 24,5%, bætist við öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari, nema á húshitun. Gjöld að viðbættum virðisaukaskatti eru sýnd innan sviga.

Gjaldskrá þessi (B-HLUTI: Raforkugjöld og önnur gjöld) staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15/1923 og orkulögum nr. 58/1967, sbr. reglugerð Rafmagnsveitu Reykjavíkur nr. 451/1977, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 446, 25. september 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 16. desember 1991.*

F. h. r.
**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

20. desember 1991 Nr. 610

# REGLUGERÐ

**um greiðslu barnabótaauka á árinu 1992.**

1. gr.

Á árinu 1992 skal ríkissjóður greiða barnabótaauka með hverju barni innan 16 ára aldurs á tekjuárinu 1991 samkvæmt ákvæðum B-liðs 69. gr. laga nr. 75/1981. Barnið skal vera heimilisfast hér á landi og á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Framfærandi samkvæmt þessari reglugerð telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess í lok tekjuársins 1991. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru samkvæmt, 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptist barnabótaauki milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981, enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

3. gr.

Fyrir barn sem öðlast heimilisfesti hér á landi á tekjuárinu 1991 skal einungis greiða barnabótaauka í hlutfalli við dvalartíma þess hér á landi á því ári.

4. gr.

Barnabótaauki skal ákveðinn með álagningu gjaldárið 1992, sbr. X. kafla laga nr. 75/1981, og greiðist þá til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn fyrirframgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Fyrirframgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

5. gr.

Barnabótaauki samkvæmt þessari reglugerð skal greiddur út með tveimur jöfnum greiðslum. Fyrri greiðslan skal fara fram eigi síðar en 1. ágúst en síðari greiðslan eigi síðar en 1. nóvember.

6. gr.

Þar til álagning liggur fyrir, sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar, skal ríkissjóður greiða fyrirfram upp í barnabótaauka ársins. Barnabótaauka skal greiða fyrirfram á árinu 1992 til þeirra framfærenda barna sem nutu barnabótaauka á árinu 1991. Fyrirframútborgun skal miðast við þau börn sem voru innan 16 ára aldurs í árslok 1991 og heimilisföst voru hér á landi. Fyrirframgreiðsla barnabótaauka skal vera 70% af greiddum barnabótaauka á árinu 1991. Fyrirframgreiðsla skal greidd með tveimur jöfnum greiðslum þegar frá hafa verið dregin vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum sbr. 4. gr. reglugerðar þessarar. Fyrri greiðslan skal greiðast út eigi síðar en 1. febrúar en seinni greiðslan eigi síðar en 1. maí.

7. gr.

Ríkisbókhald sér um útborgun barnabótaauka samkvæmt 5. og 6. gr. reglugerðar þessarar.

8. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabótaauka eða að barnabótaauki hafi verið ákvarðaður of hátt skal skattstjóri leiðrétta hann. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt eftir því sem við getur átt.

9. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í B-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Snorri Olsen.*

# REGLUGERÐ

## um innheimtu þinggjalda á árinu 1992.

1. gr.

Álögð þinggjöld á tekjur og eignir ársins 1991 skulu greidd á tíu gjalddögum á árinu 1992. Eru gjalddagar fyrsti dagur hvers mánaðar nema mánuðina janúar og júlí.

2. gr.

Þar til álagning ársins 1992 liggur fyrir skal hver gjaldandi greiða fyrirfram upp í álagningu ársins. Greiðslan skal nema á hverjum gjalddaga 10,5% af þeim þinggjöldum er honum bar að greiða á árinu 1991. Að því er menn varðar er þó einungis átt við önnur þinggjöld gjaldársins 1991 en tekjuskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ekki innheimta fyrirframgreiðslu ef hún nær ekki 1000 kr. á mánuði hjá hverjum gjaldanda.

3. gr.

Heimilt er gjaldanda að sækja um lækkun á þeirri fjárhæð þinggjalda sem honum hefur verið gert að greiða fram að álagningu 1992 skv. 2. gr.

Umsókn um slíka lækkun skal senda skattstjóra er úrskurðar um lækkun greiðsluskyldunnar.

4. gr.

Skattstjóri skal að jafnaði ekki taka til greina umsókn gjaldanda nema rauntekjur hans hafi lækkað svo mjög milli áranna 1990 og 1991 að tekjuskattsstofn á tekjuárinu 1991 sé meira en 25% lægri en tekjuskattsstofn hans var á tekjuárinu 1990 eftir að síðarnefnd fjárhæð hefur verið hækkuð um 10,5%. Frá þessari reglu má þó víkja ef sérstaklega stendur á að mati skattstjóra, enda hafi fjölskylduástæður gjaldanda breyst eða aðrar aðstæður skert gjaldþol hans verulega.

Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um ákvörðun á takmörkun greiðsluskyldu og önnur atriði varðandi framkvæmd þessarar greinar.

5. gr.

Ákvörðun varðandi umsókn skal skattstjóri tilkynna gjaldanda og ef fallist er á umsókn skal niðurstaða einnig tilkynnnt innheimtuaðila.

6. gr.

Allir þeir, er hafa menn í þjónustu sinni og greiða laun fyrir starfa, sbr. 1. mgr. 92. gr., eru skyldugir að kröfu innheimtumanns að halda eftir af kaupi launþega til lúkningar gjöldum þeirra aðila sem launþegar bera sjálfskuldarábyrgð á og innheimta ber samkvæmt ákvæðum 110. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu launagreiðendur aldrei halda eftir meira en nemur 75% af heildarlaunagreiðslu hverju sinni til greiðslu á gjöldum samkvæmt lögum nr. 75/1981, gjöldum samkvæmt IV. kafla laga nr. 90/1990 og afdrætti opinberra gjalda samkvæmt ákvæðum laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda. Afdráttur af launum vegna staðgreiðslu skal ávallt ganga fyrir afdrætti af launum vegna eldri skattskulda og gjalda.

7. gr.

Um greiðslur þinggjalda á árinu 1992 fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum XIII. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

8. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 110. gr., 113. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Snorri Olsen.*

Nr. 612 23. desember 1991

# REGLUGERÐ

## um greiðslu barnabóta á árinu 1992.

1. gr.

Á árinu 1992 skal ríkissjóður greiða barnabætur vegna hvers barns innan 16 ára aldurs sem heimilisfast er hér á landi og er á framfæri þeirra manna sem skattskyldir eru samkvæmt 1. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt.

2. gr.

Barnabætur samkvæmt 1. gr. skulu á árinu nema 8.886 kr. með fyrsta barni en 27.564 kr. með hverju barni umfram eitt.

Fyrir börn yngri en sjö ára skulu barnabætur vera 28.917 kr. hærri en framangreindar fjárhæðir. Barnabætur með börnum einstæðra foreldra skulu vera 66.723 kr. með fyrsta barni. Með börnum umfram eitt skulu barnabæturnar vera 70.941 kr., en þó 28.917 kr. hærri sé það yngra en 7 ára. Búi foreldrar barns saman í óvígðri sambúð skal hvorugt þeirra teljast einstætt foreldri í þessu sambandi.

3. gr.

Fjárhæðir barnabóta samkvæmt 2. gr. skal skerða um þær barnabætur eða hliðstæðar bætur sem framfærandi hefur fengið erlendis frá á sama ári vegna barnsins.

4. gr.

Framfærandi barns telst sá aðili sem hefur barnið hjá sér og annast framfærslu þess. Sá er greiðir meðlag með barni telst ekki framfærandi í þessu sambandi.

Hjón, sem skattlögð eru skv. 63. gr. laga nr. 75/1981, teljast bæði framfærendur og skiptast barnabætur milli þeirra til helminga. Hið sama gildir um sambýlisfólk sem uppfyllir skilyrði 3. mgr. 63. gr. laga nr. 75/1981 enda þótt það óski ekki að vera skattlagt samkvæmt þeirri grein.

Sé svo ástatt hjá hjónunum að annar hvor makanna er skattskyldur hér á landi skv. 1. gr. laga nr. 75/1981 en hinn makinn ber ekki ótakmarkaða skattskyldu hér á landi vegna ákvæða samninga Íslands við önnur ríki eða af öðrum ástæðum, þá skal sá maki sem skattskyldur er hér á landi fá hálfar barnabætur hjóna skv. 1. mgr. 2. gr. reglugerðar þessarar, sbr. og 1. málslið 2. mgr. þeirrar greinar, vegna þeirra barna hjónanna er dveljast hér á landi.

5. gr.

Skattstjóri ákvarðar barnabætur samkvæmt þessari reglugerð og semur skrá um barnabætur hvers framfæranda. Skráin skal send fjármálaráðuneytinu.

Telji einhver barnabætur sínar eigi rétt ákvarðaðar getur hann leitað til skattstjóra með skriflega beiðni um leiðréttingu. Skal beiðnin lögð fram eigi síðar en 30 dögum eftir útborgun bótanna og studd nauðsynlegum gögnum. Ákvörðun skattstjóra skal liggja fyrir við upphaf næsta útborgunartímabils barnabóta og niðurstaða skal tilkynnt viðkomandi manni um leið og næsta greiðsla barnabóta fer fram.

6. gr.

Barnabætur greiðast til framfæranda barns að því marki sem eftirstöðvum nemur þegar frá hefur verið dreginn ofgreiddur barnabótaauki, vangoldin þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld frá fyrri árum svo og ógreidd álögð gjöld sama árs í þessari forgangsröð:

1. Ofgreiddur barnabótaauki.
2. Tekjuskattur sem á er lagður vegna tekjuársins skv. 67. gr. laga nr. 75/1981.
3. Önnur þinggjöld sem á eru lögð vegna tekjuársins.
4. Ógoldin þinggjöld frá fyrri árum.
5. Útsvar sem á er lagt vegna tekjuársins.
6. Aðstöðugjald sem á er lagt vegna tekjuársins.
7. Ógoldið útsvar og aðstöðugjald frá fyrri árum.
8. Önnur gjöld eða skattar en hér eru tilgreindir, að ákvörðun fjármálaráðherra.

7. gr.

Barnabætur samkvæmt þessari reglugerð skulu greiddar út með fjórum ársfjórðungslegum greiðslum. Barnabætur vegna tímabilsins janúar til mars greiðist út eigi síðar en 1. febrúar, barnabætur vegna apríl til júní greiðist út eigi síðar en 1. maí, barnabætur vegna tímabilsins júlí til september greiðist út eigi síðar en 1. ágúst og barnabætur vegna tímabilsins október til desember greiðist út eigi síðar en 1. nóvember.

Barnabætur greiðast frá og með fyrsta ársfjórðungi eftir að barn fæðist eða öðlast heimilisfesti hér á landi til og með þeim ársfjórðungi að 16 ára aldri er náð eða heimilisfesti er slitið.

Ríkisbókhald annast útborgun barnabóta samkvæmt þessari reglugerð.

8. gr.

Sá hluti barnabóta sem er ógreiddur 1. júlí 1992 skal hækka sem samsvarar hlutfallslegri breytingu sem nemur mismun sem er á lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. desember 1991 og lánskjaravísitölu sem í gildi er 1. júní 1992.

9. gr.

Komi í ljós að maður hefur ranglega notið barnabóta eða að barnabætur hafa verið ákvarðaðar of hátt skal skattstjóri leiðrétta þær. Um slíka leiðréttingu gilda ákvæði 95. gr. og 96. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Reglugerð þessi sem er sett samkvæmt heimild í A-lið 69. gr. og 119. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 23. desember 1991.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Snorri Olsen.*

# AUGLÝSING

**um innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1992.**

Með vísan til 1. mgr. 9. gr. laga nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, með síðari breytingum, sbr. 1. gr. laga nr. 42/1988 og 26. gr. laga nr. 90/1990, um tekjustofna sveitarfélaga, hefur innheimtuhlutfall útsvars í staðgreiðslu á árinu 1992 verið ákveðið 7,05%.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

F. h. r.
**Magnús Pétursson.**

*Rúnar Hannesson.*

Nr. 614 16. desember 1991

# GJALDSKRÁ

**um sorphirðu fyrir Seltjarnarnes árið 1992.**

1. gr.

Bæjarstjórn Seltjarnarness er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald árið 1992.

2. gr.

Gjald fyrir 1992 er kr. 3 000,00 á hvern stað sem hreinsað er frá, og er innheimt með fasteignagjöldum.

3. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Seltjarnarness er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

*Umhverfisráðuneytið, 16. desember 1991.*

**Eiður Guðnason.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

Nr. 615 20. desember 1991

# REGLUGERÐ

**um bann við veiðum á Faxaflóa.**

1. gr.

Frá og með 21. desember 1991 eru allar línuveiðar bannaðar á Faxaflóa norðan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. Akranesviti.
2. Þormóðskver.
3. 64°37'4'N – 23°25'5'V.
4. Göltur við Hellnanes.

2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 530 21. nóvember 1991, um bann við línuveiðum í Faxaflóa.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 20. desember 1991.*

F. h. r.
**Árni Kolbeinsson.**

*Jón B. Jónasson.*

19. desember 1991 Nr. 616

# REGLUGERÐ

## um (2.) breytingu á reglugerð um greiðslu almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 300/1991.

1. gr.

4. gr. hljóði svo:

1) Í sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að greiða að fullu lyf, sem sjúkratryggðum er nauðsynlegt að nota að staðaldri, enda þótt þau séu auðkennd „E" í lyfjaskrám. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sbr. 3. gr., en í þeim tilfellum gildir þó ekki að sjúkratryggður þurfi að hafa notað lyfið í 6 mánuði eða lengur.
2) Í sérstökum tilfellum (sjá dæmi) er Tryggingastofnun ríkisins heimilt að taka þátt í greiðslu lyfja, sem sjúkratryggðum er nauðsynlegt að nota að staðaldri þó þau séu auðkennd „O" í lyfjaskrám. Við afgreiðslu skal framvísa lyfjaskírteini sbr. 3. gr. og er greiðslu þá háttað samkvæmt 6. gr., þ.e. sjúklingur greiðir fastagjald. Í þeim tilfellum gildir þó ekki, að sjúkratryggður þurfi að hafa notað lyfið í 6 mánuði eða lengur.
   Dæmi:
   a) Alvarleg truflun á kyn- og innkirtlastarfsemi, áunnin eða meðfædd, Morbus Addisonii, meðfætt adrenogenital syndrome, meðfædd efnaskiptatruflun (fibrosis cystica), vöðvaslenufár (myasthenia gravis) eða aðrir sjaldgæfir sjúkdómar.
   b) Síendurteknar alvarlegar sýkingar.
3) Lyfjaávísanir útgefnar af göngudeildum geðdeilda greiðast að fullu af Tryggingastofnun ríkisins, hljóði þær á lyf sem auðkennd eru með „B" í lyfjaskrám og falla undir eftirfarandi lyfjaflokka: N 04 A, N 05 A, N 06 A, og V 03 A.
4) Þegar sjúkratryggðir eiga skv. lögum, öðrum en lögum um almannatryggingar, rétt á lyfjum án endurgjalds, fá þeir lyfin greidd að fullu.

2. gr.

5. gr., stafliður a. hljóði svo:

a. Lyf sem fáanleg eru í lausasölu (merkt „L" í lyfjaskrám), ef undan eru skilin lyf í ATC-flokki A 12 BA (kalíumlyf).

3. gr.

5. gr., stafliður c. hljóði svo:

c. Lyf í þeim ATC-flokkum, er hér eru taldir, þó ekki stungulyf, en þau skal greiða skv. 6. gr.:

| | |
|---|---|
| J 01 A | Tetracýklínsambönd. |
| J 01 C | Beta-laktam sýklalyf, penicillín. |

| | |
|---|---|
| J 01 D | Önnur beta-laktam sýklalyf. |
| J 01 E | Súlfónamíðar og trímetóprím. |
| J 01 F | Makrólíðar (nema lyf í flokki J 01 FB Linkósamíðar, sem greiðist skv. 6. gr.). |
| J 01 M | Kínólónar. |
| N 05 B | Róandi lyf. |
| N 05 C | Svefnlyf (nema lyf í flokki N 05 CB 02, sem greiðast skv. 6. gr.). |
| P | Sníklalyf (nema lyf í flokki P 01 BC 01, sem greiðast skv. 6. gr. og lyf í flokki P 01 BA, sem greiðast skv. 3. gr.). |

4. gr.

6. gr., 2. mgr. hljóði svo:
Með afgreiðslu (ordination) er hér átt við lyfjamagn, er svarar til 100 daga notkunar miðað við notkunarfyrirsögn læknis. Sé ávísað magn meira en nemur 100 daga notkun, ber sjúkratryggðum að greiða eitt gjald, sbr. 1. mgr., fyrir hvert 100 daga tímabil eða brot úr því. Ákvæði þessarar málsgreinar taka aðeins til lyfja til inntöku í afmældum lyfjaformum (töflur, hylki, skammtar), stungulyfja og lyfjaforma til inntöku, þar sem engin tvímæli eru um skömmtunarmagn (mixtúrur, dropar), en ekki til húðlyfja, öndunarfæralyfja né augn- og eyrnalyfja (ATC-flokkar D, R og S).

5. gr.

6. gr., 4. mgr. hljóði svo:
Lyf í ATC-flokki A 14 A (vefaukandi lyf) og V 06 D (önnur næringarlyf) skulu merkt „E, O" í lyfjaskrám og greiðast skv. ákvæðum þessarar greinar, enda framvísi sjúkratryggður lyfjaskírteini útgefnu af Tryggingastofnun ríkisins. Ef skírteini er ekki fyrir hendi tekur Tryggingastofnun ekki þátt í greiðslu lyfsins.

6. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 19. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Einar Magnússon.*

Nr. 617 23. maí 1991

# SKIPULAGSSKRÁ

**Minningar- og styrktarsjóðs Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Egils Júlíussonar.**

1. gr.

Sjóðinn stofnar Jón *Egill* Júlíusson, fyrrverandi útgerðarmaður, frá Dalvík til minningar um eiginkonu sína, Guðfinnu Björgu Þorvaldsdóttur, frá Hrísey f. 12. febrúar 1912, d. 6. maí 1978. Sjóðurinn skal kenndur við þau hjón eins og að framan greinir. Sjóðurinn er sjálfstæð stofnun undir eigin stjórn. Aðsetur skal vera í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins var upphaflega kr. 20 385,25 - tuttugu þúsund þrjú hundruð áttatíu og fimm krónur 25/100-, en hrein eign sjóðsins um áramót 1990/1991 er kr. 1 450 065,- ein milljón fjögur hundruð og fimmtíu þúsund sextíu og fimm krónur.

Stofnfé sjóðsins má aldrei skerða, en fjármunum sjóðsins, sem honum berast með arfi, gjöf eða á annan veg, skal stjórn sjóðsins ráðstafa samkvæmt skipulagsskrá þessari nema annað sé ákveðið í erfða- eða afhendingargerningi.

3. gr.

Fjármuni sjóðsins skal ávaxta á sem hagkvæmastan hátt í verðtryggðum bankareikningum, verðbréfum, fasteignum eða á anna hátt, sem stjórn sjóðsins telur hagkvæmastan á hverjum tíma.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að stuðla að vexti og viðgangi Dalbæjar, dvalarheimilis aldraðra á Dalvík. Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa eignum sjóðsins í samræmi við ákvæði 2. greinar og í samræmi við framanlýst markmið sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Í stjórn sjóðsins hafa setið frá upphafi þeir Jón *Egill* Júlíusson formaður og tveir meðstjórnendur tilnefndir af honum þeir Friðrik Þorvaldsson, Hamarsstíg 18, Akureyri og Baldur Júlíusson, Sunnubraut 17, Keflavík.

Við val stjórnar skal þess skilyrðis ávallt gætt, að í henni verði einungis ættingjar eða löglegir makar ættingja þeirra hjóna, sem sjóðurinn er kenndur við.

6. gr.

Stjórn sjóðsins velur sér jafnmarga varamenn úr þeim hópi ættmenna og/eða venslafólks, sem fyrr greinir sbr. 5. gr. Tilnefning varamanns skal samþykkt af öllum stjórnarmönnum með formlegri, staðfestri bókun, svo gild sé. Stjórnin getur breytt eða skipt um varastjórn hvenær sem hún kýs.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal árlega gera rekstrar- og efnahagsreikning fyrir sjóðinn. Þeir skulu endurskoðaðir af löggiltum endurskoðanda.

8. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skulu eignir hans renna til Dalbæjar - dvalarheimils aldraðra á Dalvík.

9. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari og hún birt í B- deild Stjórnartíðinda.

10. gr.

Skipulagsskrá þessi fyrir Minningar- og styrktarsjóð Guðfinnu Þorvaldsdóttur og Egils Júlíussonar var samþykkt á fundi stjórnar sjóðsins þann 28. febrúar 1991 og kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjóðinn nr. 167 frá 12. febrúar 1979, að fenginni staðfestingu dómsmálaráðherra.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 23. maí 1991.*

F. h. r.
**Þorsteinn Geirsson.**

*Fanney Óskarsdóttir.*

# BÆJANÖFN O.FL.

Menntamálaráðuneytið hefur – samkvæmt lögum nr. 35 18. febrúar 1953 um bæjanöfn o.fl. – gefið út leyfisbréf fyrir eftirgreindum nöfnum á árinu 1991:

*ÁRNESSÝSLU:*
*Sandlækjarkot II* á nýbýli í landi Sandlækjarkots, Gnúpverjahreppi.
*Hvolsbrún* á nýbýli í landi Ingólfshvols, Ölfushreppi.
*Vorsabær III* á þjónustubýli í landi Vorsabæjar, Gaulverjabæjarhreppi.
*Hæðarbrún* á þjónustubýli í landi Hæðarenda, Grímsneshreppi.

*SUÐUR-ÞINGEYJARSÝSLU:*
*Hafralæk II* á nýbýli í landi Hafralækjar, Aðaldælahreppi.

*VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLU:*
*Bálkastaðir II* á nýbýli í landi Bálkastaða, Staðarhreppi.
*Bálkastaðir III* á nýbýli í landi Bálkastaða, Staðarhreppi.

*SKAGAFJARÐARSÝSLU:*
*Eyhildarholt II* á nýbýli í landi Eyhildarholts, Rípurhreppi.

*Menntamálaráðuneytið, 19. desember 1991.*

F. h. r.
**Árni Gunnarsson.**

*Þórunn J. Hafstein.*

Nr. 619 17. desember 1991

# AUGLÝSING

**um frestun á gildistöku breytinga á skipan prestakalla.**

Með heimild í 2. tölulið ákvæðis til bráðabirgða í lögum um skipan prestakalla og prófastsdæma og um starfsmenn þjóðkirkju Íslands, nr. 62 17. maí 1990, er ákveðið að fresta gildistöku eftirtalinna breytinga samkvæmt 1. gr. laganna.

1. Í Rangárvallaprófastsdæmi, sbr. IV. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Kirkjuhvolsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Odda- og Fellsmúlaprestaköll. Ennfremur er frestað færslu Stórólfshvolssóknar úr Oddaprestakalli í Breiðabólsstaðaprestakall.
2. Í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, sbr. VII. lið 1. gr. Frestað er niðurlagningu Söðulholtsprestakalls og færslu sókna prestakallsins í Staðastaðarprestakall. Ennfremur er frestað stofnun Ingjaldshólsprestakalls.

Frestun þessi gildir að svo stöddu til 1. janúar 1993.
Auglýsingin öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Anna Guðrún Björnsdóttir.*

# REGLUGERÐ

**fyrir vatnsveitur sveitarfélaga.**

## I. KAFLI
**Stjórn vatnsveitna.**

1. gr.

Sveitarstjórn fer með stjórn vatnsveitu í sveitarfélaginu.

2. gr.

Sveitarstjórn getur kosið sérstaka stjórn til að hafa umsjón með framkvæmd vatnsveitumála sveitarfélagsins í umboði sveitarstjórnar.

Ákveði sveitarstjórn að kjósa sérstaka stjórn skal það gert á fyrsta eða öðrum fundi sveitarstjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Kjörtímabilið skal vera hið sama og sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn skal ákveða fjölda stjórnarmanna. Um fundarsköp gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 svo og ákvæði í samþykkt um stjórn og fundarsköp hlutaðeigandi sveitarfélags. Sveitarstjórn skipar formann stjórnar nema samþykktir sveitarstjórnar kveði á um annað.

3. gr.

Helstu verkefni stjórnar vatnsveitu eru þessi:

Að ákveða framkvæmd vatnsveitumála á veitusvæði vatnsveitunnar í samræmi við samþykktir sveitarstjórnar, sbr. sveitarstjórnarlög nr. 8/1986, lög nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga og vatnalög nr. 15/1923 eftir því sem við á hverju sinni.

Að gera tillögu að gjaldskrá vatnsveitunnar varðandi fjárhæðir gjalda, skv. 6., 7. og 8. grein laga nr. 81/1991 og III. kafla reglugerðar þessarar og leggja fyrir sveitarstjórn til ákvörðunar.

Að semja drög að fjárhagsáætlun fyrir vatnsveituna og leggja fyrir sveitarstjórn.

Að gera tillögur, um ráðningu vatnsveitustjóra, til sveitarstjórnar. Um ráðningu annarra starfsmanna vatnsveitunnar skal fara eftir ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 8/1986 og samþykkt um stjórn og fundarsköp sveitarfélags.

Að afgreiða beiðnir frá húseigendum, skv. 5. grein laga nr. 81/1991 svo og önnur þau erindi, sem berast, og varða vatnsveituna.

Að setja nánari reglur um einstök framkvæmdaratriði reglugerðar þessarar eftir því sem þörf gerist og leggja fyrir sveitarstjórn.

4. gr.

Sveitarstjórn ræður vatnsveitustjóra að fengnum tillögum stjórnar vatnsveitunnar. Gera skal sérstakan ráðningarsamning við vatnsveitustjóra þar sem meðal annars er kveðið á um starfskjör hans. Vatnsveitustjóri skal annast daglegan rekstur vatnsveitunnar í umboði stjórnar vatnsveitunnar. Stjórn vatnsveitunnar skal setja honum erindisbréf, í samráði við sveitarstjórn, þar sem nánar er kveðið á um verksvið hans. Vatnsveitustjóri skal sitja fundi stjórnar vatnsveitunnar með málfrelsi og tillögurétt.

5. gr.

Sveitarstjórnum er heimilt að hafa samvinnu sín á milli um lagningu og rekstur vatnsveitu m.a. á vettvangi byggðasamlaga og skulu þá ákvæði IX. kafla sveitarstjórnarlaga gilda.

Í stofnsamningi sveitarstjórna um samvinnu í vatnsveitumálum skal m.a. kveða á um stjórn og kjör fulltrúa, fjölda þeirra, kjörtímabil o.fl., sbr. nánar 98. grein sveitarstjórnarlaga.

## II. KAFLI
**Skilgreining hugtaka.**

6. gr.

Í reglugerð þessari hafa eftirfarandi orð og hugtök þessa merkingu:

a) *Vatnsgjald:* Gjald, sem sveitarstjórn leggur á fasteignaeigendur, sem geta notið vatns frá vatnsveitu sveitarfélagsins, í samræmi við 6. grein laga nr. 81/1991, og ætlað er að standa straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu.

b) *Aukavatnsgjald:* Gjald, sem sveitarstjórn leggur á þá notendur vatns, er kaupa vatn til annarra þarfa en heimilis, samkvæmt mældri notkun í rúmmetrum.

c) *Heimæðargjald:* Gjald, sem felur í sér greiðslu fasteignareiganda til sveitarsjóðs/vatnsveitu fyrir lagningu einnar heimæðar og uppsetningu á stofnkrana.

d) *Vatnsæð:* Samheiti yfir heimæð, götuæð og aðalæð.

e) *Aðalæð:* Vatnslögn, sem liggur frá vatnsbóli og götuæðar eru lagðar frá.

f) *Götuæð:* Vatnslögn, sem liggur frá aðalæð og er ætlað að flytja vatn um einstök hverfi og götur.

g) *Heimæð:* Vatnslögn, sem liggur frá götuæð og er ætlað að sjá einstökum notendum fyrir vatni.

h) *Stofnkrani:* Sá hluti heimæðar, sem vatnslagnir innan húss eru tengdar við.

## III. KAFLI
**Fjármál vatnsveitna.**

7. gr.

Þar sem vatnsveitur hafa sjálfstæðan fjárhag skal halda bókhald í samræmi við lög um bókhald nr. 51/1968 og reglugerð nr. 280/1989, um bókhald og ársreikninga sveitarfélaga o.fl., eftir því sem við á. Semja skal ársreikning fyrir vatnsveituna, sbr. 82. grein sveitarstjórnarlaga. Endurskoðun ársreiknings skal framkvæmd með sama hætti og endurskoðun ársreiknings sveitarsjóðs.

Þar sem vatnsveitur eru deild innan ársreiknings sveitarsjóðs skal gert sérgreint yfirlit um tekjur og gjöld, sem tengjast rekstri og framkvæmdum á vegum vatnsveitunnar.

8. gr.

Fjárhagsáætlun fyrir vatnsveitu skal afgreidd af sveitarstjórn með sama hætti og fjárhagsáætlun sveitarsjóðs, sbr. 75. grein og 78. grein - 80. grein sveitarstjórnarlaga.

Þar sem sérstök stjórn vatnsveitu hefur verið kosin skal hún gera tillögu til sveitarstjórnar um áætlaðar tekjur, rekstrargjöld og framkvæmdir á vegum vatnsveitunnar. Einnig skal stjórn vatnsveitu leggja fyrir sveitarstjórn drög að þriggja ára áætlun, um rekstur, framkvæmdir og fjármál vatnsveitu, sbr. 76. grein sveitarstjórnarlaga. Að öðrum kosti ákveður sveitarstjórn þetta alfarið.

9. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að heimta *vatnsgjald* af öllum fasteignum er vatnsins geta notið og skal við það miðað að gjaldið standi straum af stofnkostnaði og rekstri vatnsveitu. Álagningarstofn vatnsgjalds skal vera afskrifað endurstofnverð húss og mannvirkis,margfaldað með markaðsstuðli fasteigna í Reykjavík samkvæmt matsreglum Fasteignamats ríkisins, sbr. 3. grein laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990. Stofn til álagningar vatnsgjalds á aðrar fasteignir skal vera fasteignamat.

Sveitarstjórn ákveður upphæð vatnsgjalds, að fenginni tillögu stjórnar vatnsveitu. Vatnsgjald má nema allt að 0,3 hundraðshlutum af álagningarstofni. Gjalddagar vatnsgjalds skulu vera þeir sömu og gjalddagar fasteignaskatts og innheimtu þeirra hagað á sama hátt í samræmi við 4. grein laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 90/1990.

10. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, eða af öðrum ástæðum, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, *aukavatnsgjald*. Aukavatnsgjald, skal notandi að jafnaði greiða, samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Sveitarstjórn ákveður, sbr. 3. grein, gjald þetta sem má fyrir hvern rúmmetra nema allt að 15 kr. Heimilt er sveitarstjórn að hækka gjaldið ársfjórðungslega en grunngjaldið miðast við vísitölu byggingarkostnaðar í október 1991, 187 stig. Verði mælingu vatnsins eigi komið við ákveður sveitarstjórn, að fengnum tillögum stjórnar vatnsveitu, aukavatnsgjaldið samkvæmt áætlaðri notkun. Aukavatnsgjald skal innheimta eftirá en sveitarstjórn ákveður hvenær gjalddagi er.

11. gr.

Sveitarstjórn/vatnsveitan lætur þeim, er greiða skulu aukavatnsgjald, í té löggilta vatnsmæla. Sveitarstjórn/vatnsveitan er eigandi mælisins og ákveður stærð hans og gerð í samræmi við vatnsnotkun á hverjum stað. Sá er notar vatn samkvæmt mæli skal greiða árlegt leigugjald fyrir mælinn. Sveitarstjórn ákveður upphæð leigugjalds, sbr. 3. grein. Sveitarstjórn/vatnsveitan annast og kostar eðlilegt viðhald vatnsmælis, en allar skemmdir af mannavöldum og frosti ber fasteignareiganda að bæta.

Ef maður rífur innsigli vatnsmælis varðar það refsingu samkvæmt almennum hegningarlögum.

Vatnslagnir innan húss eiga jafnan að vera þannig lagðar, að hægt sé að nota einn mæli fyrir hvert innanhússkerfi. Verði vatnsmæli eigi komið fyrir án breytinga á vatnslögn, er fasteignareiganda skylt að láta breyta lögninni á eigin kostnað. Honum ber og að tilkynna sveitarstjórn/vatnsveitunni tafarlaust bilanir á vatnsmæli, er hann kann að verða var við.

12. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði vatnsveitu við lagningu vatnsæðar, heimæðar, frá götuæð í stofnkrana húss og uppsetningu hans skal fasteignareigandi greiða heimæðargjald. Sveitarstjórn ákveður upphæð heimæðargjalds, sbr. 3. grein, og skal gjald fyrir eina heimæð taka mið af rúmmáli húss ($m^3$), utanmáli.

13. gr.

Endurgjald hafnarsjóðs til sveitarsjóðs/vatnsveitu vegna vatnssölu til skipa, báta og annarra úr vatnsdreifikerfi hafnar skal miðast við mælda notkun og ákveður sveitarstjórn gjald fyrir hvern rúmmetra í gjaldskrá. Hafnarstjórn/sveitarstjórn ákveður verð fyrir hvern rúmmetra vatns, sem seldur er til skipa og báta.

14. gr.

Selji sveitarfélag öðru sveitarfélagi vatn skal endurgjald fyrir vatnið ákveðið með samkomulagi aðila eða mati dómkvaddra matsmanna náist ekki samkomulag. Við mat skal þess gætt að endurgjaldið verði aldrei minna en sannanlegur kostnaður sveitarstjórnar/vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölunnar, ásamt allt að 5% álagi af bundnu fjármagni.

15. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að binda vatnssölu til fyrirtækja, sem nota vatn í tengslum við framleiðslu sína, því skilyrði að gerður verði sérstakur vatnssölusamningur, er taki m.a. mið af kostnaði sveitarstjórnar/vatnsveitunnar af vatnsvinnslu og dreifingu vegna vatnssölunnar ásamt allt að 25% álagi af bundnu fjármagni.

16. gr.

Sveitarstjórn skal setja gjaldskrá, að fengnum tillögum stjórnar vatnsveitu, sbr. 3. grein, þar sem m.a. komi fram fjárhæð þeirra gjalda, sem heimilt er að innheimta samkvæmt þessum kafla, svo og gjalddagar þeirra. Sveitarstjórn er heimilt að binda gjöld þessi, önnur en vatnsgjald, við breytingar á vísitölu byggingarkostnaðar.

## III. KAFLI
## Lagning veitukerfis, viðhald o.fl.

17. gr.

Sveitarstjórn lætur leggja allar lagnir veitukerfis sveitarfélagsins, þ.e. aðalæðar, götuæðar og heimæðar. Sveitarstjórn á allar þessar lagnir og annast og kostar viðhald þeirra.

18. gr.

Um vatnslagnir, sbr. 17. grein, gilda ákvæði íslensks staðals, ÍST 67. Um gerð vatnslagna, tæknibúnað, vísast að öðru leyti til VIII. kafla byggingarreglugerðar nr. 279/1979 með áorðnum breytingum.

19. gr.

Þeir pípulagningameistarar einir mega hafa umsjón með og bera ábyrgð á framkvæmdum við lögn vatnsveitu og viðhald hennar, sem til þess hafa hlotið viðurkenningu byggingarnefndar og fullnægja að öðru leyti skilyrðum sem sett eru í lögum og reglugerðum.

Áður en framkvæmdir hefjast, skulu hlutaðeigandi meistarar rita á samþykktan uppdrátt, eða á þar til gerð eyðublöð, að þeir taki að sér umsjón með framkvæmdum. Með þeirri áritun tekur meistari á sig þá ábyrgð, að framkvæmdir verði í samræmi við samþykkta uppdrætti, veitt leyfi, lög og reglur, sem til greina kunna að koma.

Ef meistari hættir umsjón með framkvæmdum áður en verki er lokið, skal það tilkynnt til byggingarfulltrúa. Skal þá fara fram úttekt á þeim hluta mannvirkis, sem lokið er, og má ekki halda áfram framkvæmdum, fyrr en annar meistari hefur áritað uppdrætti og tekið við framkvæmdum. Fráfarandi meistari er þó ábyrgur fyrir þeim hluta verksins, sem hann hafði umsjón með.

Pípulagningameistari, sem áritað hefur uppdrátt, ber meðal annars ábyrgð á lögnum og einangrun þeirra.

20. gr.

Eigandi fasteignar við veg eða opið svæði, þar sem götuæð liggur, á rétt á að fá heimæð lagða frá götuæð í fasteignina.

Sá, sem óskar eftir því að heimæð vatnsveitu verði lögð í fasteign eða breytingar gerðar á heimæð, vegna framkvæmda á hans vegum, skal sækja um það til sveitarstjórnar/stjórnar vatnsveitu. Umsókn skal undirrituð af eiganda hússins eða fullgildum umboðsmanni hans.

Umsókn skulu fylgja teikningar af vatnslögn. Teikningar þessar skulu fylgja almennum reglum um hönnun vatnslagna, sbr. 18. grein, þessarar reglugerðar, byggingarlög, byggingarreglugerð og vera samþykktar af byggingarnefnd.

Eigandi fasteignar skal greiða gjald fyrir lagningu einnar heimæðar, sbr. 12. grein. Þurfi að gera breytingar á heimæð vegna framkvæmda á vegum húseiganda skal hann kosta þær.

Vélar og tæki, önnur en venjuleg heimilistæki, má ekki tengja við heimæð nema að fengnu leyfi sveitarstjórnar/stjórnar vatnsveitu.

21. gr.

Sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu ákveður legu heimæðar um lóð og staðsetningu stofnkrana í samráði við fasteignareiganda.

Fasteignareigandi skal gera ráð fyrir stofnkrana vatnsveitu við útvegg kjallara eða fyrstu hæðar, ef fasteign er kjallaralaus. Þar skal vera niðurfall í gólfi og rými aðgengilegt starfsmönnum vatnsveitu.

Við lagningu heimæðar og viðhald hennar, skulu starfsmenn vatnsveitunnar halda raski í lágmarki og ganga snyrtilega um og færa allt til fyrra horfs eins og við verður komið.

Eigandi fasteignar á ekki kröfu á sérstakri greiðslu fyrir óþægindi vegna lagningar og viðhalds heimæðar.

22. gr.

Réttur húseigenda til vatnsnota skuldbindur ekki vatnsveituna til þess að tryggja, að þrýstingur í götuæðum sé ávallt nægilegur.

Vatnsveitan skal, eftir því sem mögulegt er, sjá húseigendum fyrir fullnægjandi vatnsmagni og þrýstingi inn á sjálfvirk vatnsúðakerfi til slökkvistarfa.

Ef þannig stendur á að götuæðar, sem fyrir eru, geta ekki séð atvinnufyrirtæki eða öðrum fyrir nægilegu vatni til annarra þarfa en heimilis, getur sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu sett það sem skilyrði fyrir úrbótum, að húseigandi/notandi taki hlutfallslegan þátt í kostnaði við nauðsynlegar úrbætur.

Ef vatnsæðar hafa ekki verið lagðar í götu, þar sem óskað er eftir vatnsnotkun, getur sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu sett það sem skilyrði fyrir lögn vatnsæðar, að húseigandi /notandi taki þátt í kostnaði við lögnina.

23. gr.

Eigandi fasteignar á allar vatnslagnir innanhúss og er skylt að halda þeim vel við svo og vatnstækjum hússins. Verði vatnsnotandi uppvís að óhóflegri vatnsnotkun eða vanræki viðhald á vatnslögnum og vatnstækjum innanhúss getur sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu krafist þess að úr því verði bætt. Verði fasteignareigandi ekki við kröfu um úrbætur getur sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu stöðvað sölu á vatni, sbr. 29. grein.

Sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu getur krafist þess, að fyrirtæki, er mikið vatn nota, afli sér sparneytnari vélar eða setji upp geyma til söfnunar vatns að næturlagi.

24. gr.

Starfsmenn vatnsveitu skulu, í samráði við húseigendur, hafa aðgang að öllum vatnslögnum innanhúss til eftirlits. Húseigendum ber að gefa þeim upplýsingar um vatnslagnir og vatnsnotkun eftir því sem unnt er. Enn fremur skulu starfsmenn vatnsveitunnar hafa frjálsan aðgang að heimæð vatnsveitu á lóð, vegna framkvæmda við viðhald og eftirlit. Hið sama gildir um lönd þar sem aðalæðar liggja.

25. gr.

Sveitarstjórn/stjórn vatnsveitu skal koma fyrir brunahönum í samráði við slökkviliðsstjóra og annast viðhald þeirra og eftirlit.

Óheimilt er öðrum en slökkviliði við slökkvistörf og starfsmönnum vatnsveitunnar við störf þeirra, að opna brunahana, nema með sérstöku leyfi sveitarstjórnar/stjórnar vatnsveitu.

26. gr.

Ef eldsvoða ber að höndum hafa slökkvilið, lögregla og starfsmenn vatnsveitu heimild til þess að gera hverjar þær ráðstafanir, sem nauðsynlegar mega teljast, hvort heldur á vatnsæðum í eigu sveitarstjórnar/vatnsveitu eða einkaeign.

V. KAFLI
**Um lokun fyrir vatn, innheimtu gjalda og viðurlög gegn brotum.**

27. gr.

Ef nauðsyn krefur, vegna viðgerða á dælustöðum, vatnsgeymum, vatnsæðum og öðrum lögnum veitukerfis vatnsveitunnar eða af öðrum ástæðum, getur vatnsveitan fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, takmarkað vatnsrennsli eða lokað fyrir vatn, eftir því sem þörf krefur hverju sinni, enda tilkynni vatnsveitan fyrirfram um slíkar takmarkanir, ef unnt er.

28. gr.

Fullt vatnsgjald ber að greiða, þótt lokun fari fram samkvæmt 19. grein, og vatnsveitan ber ekki fjárhagslega ábyrgð á tjóni, er leiða kann af rekstrartruflunum, er verða vegna vinnu við veitukerfi vatnsveitunnar, rafmagnstruflana eða af öðrum óviðráðanlegum ástæðum.

29. gr.

Vatnsgjald og heimæðargjald ásamt áföllnum vöxtum og kostnaði eru tryggð með lögveðsrétti í fasteigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsrétti fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði. Ef hús brennur eftir að vatnsgjald eða heimæðargjald fellur í gjalddaga er sami forgangsréttur í brunabótafjárhæð eignarinnar.

Heimilt er að loka fyrir heimæðar hjá þeim, sem vanrækja greiðslu aukavatnsgjalds og gjald fyrir mælaleigu, að undangenginni skriflegri aðvörun. Aukavatnsgjald og gjald fyrir mælaleigu má taka fjárnámi.

Heimilt er að stöðva vatnssölu til allra þeirra, er vanrækja viðhald vatnslagna innanhúss, eru staðnir að sóun vatns eða brjóta gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

30. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum, sem renna skulu í sveitarstjórn, nema þyngri refsing liggi við samkvæmt lögum. Mál varðandi brot á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

VI. KAFLI
**Gildistökuákvæði.**

31. gr.

Reglugerð fyrir vatnsveitur sveitarfélaga skal gilda fyrir allt landið.

Reglugerð þessi, sem sett er á grundvelli laga nr. 81/1991 um vatnsveitur sveitarfélaga, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1992. Við gildistöku hennar falla úr gildi þær reglugerðir, samþykktir og gjaldskrár, sem sveitarstjórn hefur samþykkt um vatnsveitu sveitarfélags og félagsmálaráðuneytið hefur staðfest.

*Félagsmálaráðuneytið, 30. desember 1991.*

**Jóhanna Sigurðardóttir.**

*Þórhildur Líndal.*

# AUGLÝSING

**um breytingu á auglýsingu nr. 347/1991 varðandi starfsleyfi nr. 95/1991 fyrir Kraftlýsi hf., lifrarbræðslu, Mörk 3, Djúpavogi.**

1. gr.

2. gr. í auglýsingu nr. 347/1991 orðist svo:

Á eftir kafla 4 í starfsleyfi nr. 95/1991 komi nýr kafli, 5. kafli svohljóðandi:

5. Ákvæði til bráðabirgða.

5.1. Frárennsli frá lifrarbræðslunni sbr. gr. 2.6. skal fyrir 1. júlí 1992 tengja fitugildru.

2. gr.

Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við mengunarvarnareglugerð nr. 389/1990 með stoð í 3. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast þegar gildi.

*Umhverfisráðuneytið, 20. desember 1991.*

F. h. r.

**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

20. desember 1991 Nr. 622

# GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit á Suðurlandssvæði fyrir árið 1992.**

1. gr.

Eftirlitsgjald skv. gjaldskrá nr. 470/1985, með síðari breytingum verður sem hér segir:

**Eftirlitsgjöld:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. flokkur | kr. 10 500 | 3. flokkur | kr. 36 750 |
| 2. flokkur | kr. 21 000 | 4. flokkur | kr. 66 150 |

2. gr.

Leyfisgjöld skv. sömu gjaldskrá verða:

**Leyfisgjöld:**

| | | | |
|---|---|---|---|
| 1. flokkur | kr. 4 050 | 3. flokkur | kr. 12 100 |
| 2. flokkur | kr. 8 100 | 4. flokkur | kr. 16 200 |

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð eru kr. 1 260.

4. gr.

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Suðurlands staðfestist hér með skv. 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að gilda á árinu 1992. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 550/1990, með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 170/1987,**
**um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.**

1. gr.

Fjárhæðir samkv. 1. mgr. 5. gr. skulu vera sem hér segir:
Skv. tölul. 1, kr. 220 000 og skv. tölul 2, kr. 650 000.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 19. gr., sbr. 39. gr. stl. a) laga nr. 97/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 25/1991, með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 624 24. desember 1991

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð um flugrekstur, nr. 381/1989**
**með síðari breytingum.**

1. gr.

Grein 9.1.2 orðist svo:

Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, skulu samt í atvinnuflutningum með farþega vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund. Þessi grein tekur gildi 1. janúar 1994.

2. gr.

Grein 9.1.2.1 orðist svo:

Til 1. janúar 1994 gildir að í atvinnuflutningum með farþega skulu vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund, enda þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, þegar um er að ræða:

a) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug, milli Íslands og annarra landa, og
b) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug, með
   i) þotum,
   ii) skrúfuþotum,
   iii) flugvélum, sem gerðar eru til flutninga á fleiri en 9 farþegum.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir og tekur til íslenskra flugvéla, svo og annarra flugvéla, sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir, staðfestist hér með og skal öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Samgönguráðuneytið, 24. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð um mjólk og mjólkurvörur nr. 35/1986, með síðari breytingum.**

1. gr.

6. gr. orðist svo:

6.1. Súrmjólk er unnin úr nýmjólk eða nýmjólk blandaðri endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum af flokki Streptococcus lactis-cremoris, sem til þess eru almennt ætlaðir.

6.2. Léttsúrmjólk er léttmjólk, sem sýrð er eins og segir í gr. 6.1.

6.3. Undanrennusúrmjólk er gerilsneydd undanrenna, sem sýrð er eins og segir í gr. 6.1.

6.4. Ýmir er súrmjólk með auknu innihaldi af mjólkurþurrefni.

6.5. Súrmjólkurréttir eru gerðir úr súrmjólk, léttsúrmjólk eða undanrennusúrmjólk, en í þá er blandað öðrum hráefnum og aukefnum.

6.6. Jógúrt er gerð úr nýmjólk eða blöndu af nýmjólk og endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með ákveðnum hreinræktuðum mjólkursýrugerlum. Eru þar hafðar saman tegundirnar Lactobacillus bulgaricus og Streptococcus thermophilus. Í jógúrt skal vera minnst 3,0% af mjólkurfitu og 8,5% af fitusnauðu mjólkurþurrefni.

6.7. Léttjógúrt er jógúrt sem í eru 1.0-2.0% af mjólkurfitu og með minnst 8,5% af fitusnauðu mjólkurþurrefni og sýrð eins og segir í grein 6.6.

6.8. Undanrennujógúrt er jógúrt, gerð úr undanrennu með minnst 8,5% af fitusnauðu mjólkurþurrefni og sýrð eins og segir í gr. 6.6.

6.9. Fiturík jógúrt er gerð úr mjólk sem er stöðluð á meira en 3,5% en minna en 9,0% mjólkurfitu og sýrð eins og segir í gr. 6.6.

6.10. Jógúrtréttir eru gerðir úr jógúrt, léttjógúrt, undanrennujógúrt eða fituríkri jógúrt, en í þá er blandað öðrum hráefnum og aukefnum.

6.11. Jógúrtdrykkir eru gerðir úr jógúrt, léttjógúrt, undanrennujógúrt eða fituríkri jógúrt, en í þá er blandað öðrum hráefnum og aukefnum.

6.12. Kefir er gerilsneydd nýmjólk, sem gerjuð hefur verið með kefirkornum. Korn þessi, sem jafnan mynda allstóran klasa, eru sambú ákveðinna mjólkurgersveppa og mjólkursýrugerla, aðallega Saccaromyces kefir og Lactobacillus (Betabacterium) caucasium.

6.13. Sýrður rjómi er gerilsneyddur rjómi, sem sýrður hefur verið með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum af flokki Streptococcus lactis cremoris, sem til þess eru almennt ætlaðir. Í sýrðum rjóma er minnst 9% af mjólkurfitu.

6.14. Sýrðir rjómaréttir eru gerðir úr rjóma sem sýrður hefur verið með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum og inniheldur í það minnsta 9,0% mjólkurfitu. Í vöruna má blanda öðrum hráefnum og aukefnum.

6.15. Sýrð mjólk er unnin úr nýmjólk eða nýmjólk blandaðri endurunninni mjólk. Mjólkin er sýrð með viðurkenndum hreinræktuðum mjólkursýrugerlum, öðrum en þeim sem skilgreindir eru í gr. 6.1. og 6.6., en má þó einnig innihalda þá gerla. Framleiðendur sæki um leyfi til framleiðslu og sölu undir þeim nöfnum sem þeir velja þessum vörum, sbr. 2. gr. 3. tl. Gerlategundir skulu skilgreindar á umbúðum.

6.16. Sýrð léttmjólk er léttmjólk, sem sýrð er eins og segir í gr. 6.15.

6.17. Sýrð undanrenna er undanrenna, sem sýrð er eins og segir í gr.6.15.

6.18. Sýrð fiturík mjólk er mjólk sem er stöðluð á meira en 3,5%, en minna en 9% af mjólkurfitu og er sýrð eins og segir í gr. 6.15.

6.19. Sýrðir mjólkurréttir eru gerðir úr sýrðri mjólk, léttmjólk, undanrennu eða fituríkri mjólk, en í þá er blandað öðrum hráefnum og aukefnum.

6.20. Þær sýrðu mjólkurvörur sem innihalda acidophilus og bifidus gerla skulu að lágmarki innihalda 1 millj. ($10^6$) af hvorum þessara gerla pr. ml.

2. gr.

7. gr. 4. tl. orðist svo:

Kakómjólk er fitustöðluð nýmjólk, sem í er bætt m.a. kakói og sykri. Í henni skal vera minnst 1.8% mjólkurfita.

3. gr.

Við 10. gr. bætist nýr tl. er verði 7. tl. og orðist svo:

Kvarg er framleitt úr gerilsneyddri og/eða endurunninni undanrennu, sem hituð hefur verið skv. lið b. í gr. 31.1. Undanrennan er hleypt með ostahleypi og sýrð með hreinræktuðum mjólkursýrugerlum. Mysan er skilin frá við síun, vélrænt, eða á annan hátt.

4. gr.

23. gr. 8. og 11. tl. orðist svo:

23.8. Í mjólkurhúsi á að vera nægilegt rennandi heitt og kalt ómengað vatn til þvotta á mjólkurbúnaði, til handþvotta og annarra nota. Þar skal vera stór tvískipt þvottalaug og sérstök handlaug með tilheyrandi blöndunartækjum, einnota handþurrkum ásamt nauðsynlegum burstum og hreinsi- og sótthreinsiefnum. Þar skal einnig vera hæfilegt borð úr efni sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa.

23.11. Nægilegt rými skal vera undir og umhverfis kæligeyma svo auðvelt sé að þvo og sótthreinsa þá.

5. gr.

24. gr. 3. tl. orðist svo:

Hollustuvernd ríkisins gefur út leiðbeiningar um uppsetningu og eftirlit mjólkurbúnaðar og skal styðst við „ Norrænar viðmiðunarreglur fyrir mjaltavélar“, frá árinu 1988.

6. gr.

26. gr. 4. tl. orðist svo:

Þegar sérstakar aðstæður, svo sem ófærð, hamla eðlilegum mjólkurflutningum, þá skal heimilt að flytja mjólk í brúsum eða þar til gerðum geymum.

7. gr.

29. gr. orðist svo:

29.1.1. Mjólkurstöðvar skulu flokka mjólk sem þær taka á móti, eftir sýnum af kældri mjólk, sem tekin hefur verið úr kæligeymi framleiðandans, samkvæmt ákvæðum greinar 26.5. Flokkun skal framkvæma vikulega fjórum sinnum í mánuði á mjólk hvers framleiðanda og skal hún a.m.k. tvisvar í mánuði fara fram á mánudegi eða þriðjudegi. Mjólkurframleiðendum skulu ávallt kynntar niðurstöður flokkunar eigin mjólkur. Þegar mjólk einhvers framleiðanda stenst ekki gæðakröfur um 1. flokks mjólk, skal hún verðfelld samkvæmt ákvæðum greinar 29.4. og skal bæði framleiðanda og viðkomandi héraðsdýralækni tilkynnt um slíkar niðurstöður.

Flokkun skal framkvæmd með eftirfarandi aðferðum og tíðni rannsókna:

29.1.2. Heildargerlatalning.

Gerlaræktun við 30°C í 72 klst eða Bactoscan[R].

| | |
|---|---|
| 1. fl. | 0 - 100 000 gerlar/ml |
| 2. fl. | 100 000 - 500 000 gerlar/ml |
| 3. fl. | 500 000 og fleiri gerlar/ml. |

29.1.3. Talning hitaþolinna og kuldakærra gerla.

I. Hitaþolnir gerlar, með hitun í 62°C í 30 mín. og síðan gerlaræktun við 30°C í 72 klst.

| | |
|---|---|
| 1. fl. | 0 - 10.000 gerlar/ml |
| 2. fl. | 10.000 - 50.000 gerlar/ml |
| 3. fl. | 50.000 og fleiri gerlar/ml |

II. Kuldakærir gerlar, með hitun við 17°C í 24 klst. og síðan gerlaræktun við 7°C í 72 klst.

| | |
|---|---|
| 1. fl. | 0 - 50.000 gerlar/ml |
| 2. fl. | 50.000 - 200.000 gerlar/ml |
| 3. fl. | 200.000 og fleiri gerlar/ml |

29.1.4. Gerlaræktun og talning heildargerlafjölda (eða talning með Bactoscan[R]) skal a.m.k. fara fram í þremur af fjórum vikum hvers mánaðar.

Flokkun samkvæmt fjölda hitaþolinna og kuldakærra gerla skal a.m.k. fara fram í þeirri viku hvers mánaðar, sem ekki er nýtt til flokkunar skv. lið 29.1.2.

Mjólkurstöðvarnar geta notað ofangreindar flokkunaraðferðir oftar en að ofan greinir og skal þá jafnan miða verðfellingu við lökustu flokkun í hverri viku, sem gildi sem eitt sýni í þeirri viku.

29.1.5. Frumutala.

| | | |
|---|---|---|
| a. | 1. fl. | 0 - 600.000 frumur/ml |
| | 2. fl. | 600.000 - 800.000 frumur/ml |
| | 3. fl. | 800.000 og fleiri frumur/ml |

b. Talinn skal fjöldi fruma í mjólk hvers innleggjanda minnst tvisvar í mánuði og skal a.m.k. ein talning fara fram fyrri hluta mánaðarins og a.m.k. ein í þeim síðari.

c. Við ákvörðun um verðfellingu mjólkur samkvæmt fjölda fruma, skal miða við meðaltal talninga tveggja næstliðinna mánaða og skal það í upphafi gilda til verðfellingar (skv. gr. 29.4.) sem um eitt sýni hafi verið að ræða í mánuðinum.

d. Ef meðaltal frumutölu tveggja næstliðinna mánaða fer í tvö skipti í röð yfir mörk fyrir 1. flokks mjólk, þá skal verðfellt í þeim mánuði (skv. gr. 29.4.) eins og um tvö sýni hafi verið að ræða í mánuðinum.

e. Ef meðaltal frumutölu tveggja næstliðinna mánuða fer þriðja skiptið í röð yfir mörk fyrir 1. flokks mjólk, þá skal verðfellt í þeim mánuði (skv gr. 29.4.) eins og um þrjú sýni hafi verið að ræða í mánuðinum.

f. Þá skal mjólkursamlag jafnframt senda framleiðandanum skriflega viðvörun um að móttöku mjólkur verði hafnað ef meðaltal frumutölu tveggja næstliðinna mánaða fer yfir mörk 1. flokks mjólkur fjórða mánuðinn í röð.

g. Þegar meðaltal frumutölu tveggja næstliðinna mánaða einhvers framleiðanda hefur verið hærra en sem nemur mörkum fyrir 1. flokks mjólk fjóra mánuði í röð, er mjólkursamlagi óheimilt að kaupa mjólkina. Skilyrði fyrir því að framleiðandi, sem neitað hefur verið um mjólkursölu fái aftur innleggsheimild, er vottorð héraðsdýralæknis um að þær aðgerðir hafi verið hafnar, sem tryggja muni lækkun frumutölunnar undir tilskilin mörk fyrir 1. flokks mjólk.

h. Heimilt er mjólkurbúi að veita undanþágur frá verðskerðingar- og sölubannsákvæðum þessa töluliðs, með því að framleiðendur geri samkomulag við viðkomandi mjólkurbú og héraðsdýralækni um aðgerðir til lækkunar frumutölu. Undanþága þessi getur lengst staðið í 12 mánuði á einstökum búum.
Samkomulag þetta skal vera skriflegt og einungis gert samkvæmt nánari reglum sem yfirdýralæknir setur.

29.2. Sé ógerilsneydd mjólk, sem ætluð er til neyslu, flutt á milli mjólkurstöðva skal hún flokkuð samkvæmt ákvæðum gr. 29.1.2. á ný í þeirri stöð, sem tekur hana til gerilsneyðingar.

29.3. Öll mjólk sem berst til mjólkurstöðva skal rannsökuð með tilliti til efna- og lyfjaleyfa (sýklalyf, sýklaeyðandi og sýklaheftandi efni). Að minnsta kosti einu sinni í mánuði og oftar ef þurfa þykir, skulu sýni af mjólk hvers framleiðanda, sem tekin eru samkvæmt ákvæðum gr. 26.5, rannsökuð með tilliti til ofangreindra efna.
Mjólk telst óhæf til manneldis og til fóðurs dýra sem nýtt eru til manneldis ef í henni mælast ofangreindar leifar í meira magni en sem svarar til 0.008 alþjóðlegra eininga af penicillini í ml. Mjólkurbú skulu beita viðurlögum, t.d. sektum, eða fella niður greiðslu fyrir mjólkursendingar sem reynast innihalda meira eða jafnmikið magn af áðurgreindum efnum. Viðkomandi mjólkurbú eða framleiðandi geta óskað eftir staðfestingu opinberrar rannsóknastofu á slíkum niðurstöðum. Mjólkurstöðvar skulu þegar í stað tilkynna mjólkurframleiðanda og viðkomandi héraðsdýralækni, þegar í mjólk hans finnast ofangreind efni. Næstu mjólkursendingar hans skulu allar rannsakaðar með tilliti til þess og farið skal með þær sem varhugaverðar, sbr. gr. 29.5., þar til mjólkin reynist hæf.

29.4. Mjólk, sem fer í 2. eða 3. fl., skv. einhverjum töluliða greinar 29.1., skal verðfelld hjá viðkomandi framleiðanda með eftirfarandi prósentum eftir fjölda sýna í þessum flokkum:

| Flokkur | Fjöldi sýna í mánuði í hverjum flokki | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Eitt | Tvö | Þrjú | Fjögur |
| 2. fl. | 1% | 3% | 6% | 10% |
| 3. fl. | 5% | 12% | 21% | 32% |

Samanlögð prósenta einstakra flokkunaraðferða skal gilda sem heildarverðfelling fyrir allt mjólkurmagn framleiðandans þann mánuð, en skal þó aldrei vera meiri en sem nemur 32%. Verðfelling pr. lítra mjólkur skal reiknuð af grundvallarverði, sem gildir á hverjum tíma.

29.5. Þriðja flokks mjólk telst ekki hæf til sölu sem neyslumjólk. Ber því að halda henni aðskildri við móttöku í mjólkurstöð svo sem frekast er unnt og vinna úr henni þær mjólkurvörur sem mögulegt er, miðað við hráefnið. Reynist mjólk vera í 2. eða 3. flokki frá einstökum framleiðanda, þá skulu næstu mjólkursendingar hans allar flokkaðar samkvæmt gr. 29.1.2., 29.1.3. og 29.1.5. og litið á þær sem varhugaverðar þar til mjólkin uppfyllir kröfur um 1. flokks mjólk skv. flokkunaraðferðum þessum. Falli mjólk einhvers framleiðanda í 2. eða 3. flokk þrátt fyrir athuganir og aðgerðir mjólkureftirlitsmanns, er mjólkurstöðinni skylt að kveða til héraðsdýralækni sér til ráðuneytis.

29.6. Falli mjólk framleiðanda enn í 2. og 3. flokk þrátt fyrir aðgerðir mjólkureftirlitsmanns og héraðsdýralæknis, er mjólkurstöð skylt að neita móttöku mjólkurinnar.

29.7. Mjólk sem hefur óeðlilegt útlit og/eða lykt, má ekki undir neinum kringumstæðum dæla í flutningageymi tankbíls. Í vafatilfellum ber mjólkurbifreiðastjóra að hafa samráð við mjólkursamlag.

29.8. Mjólkurstöðvar skulu árlega láta framkvæma sýklagreiningu í innleggsmjólk hvers framleiðanda, í þeim tilgangi að leita að keðjusýklum af flokki B (streptococcus agalactiae). Þegar þessi sýkill greinist í mjólk framleiðanda skulu gerðar sérstakar ráðstafanir til útrýmingar honum, samkvæmt nánari reglum sem yfirdýralæknir setur.

29.9. Mjólkurstöðvar skulu mánaðarlega senda skýrslu til Hollustuverndar ríkisins og héraðsdýralæknis um flokkun mjólkur í 2. og 3. flokk frá hverjum einstökum framleiðanda í hverri viku. Einnig skal í áðurnefnda skýrslu skrá fjölda mjólkursýna þar sem magn efna og lyfjaleifa er yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í gr. 29.3. Þá skal tilgreina heildarmagn mjólkur, sem mjólkurstöðin tekur við.

29.10. Mjólkurstöðvar skulu tilkynna viðkomandi héraðsdýralækni þegar mjólkurframleiðandi á samlagssvæðinu hættir að leggja inn mjólk eða þegar nýr framleiðandi gengur í mjólkursamlagið, sjá einnig 42. gr.

8. gr.

38. gr. 4.-5. tl. orðist svo:

38.4. Nýmjólk og mjólkurvörur teljast óhæfar til sölu og neyslu ef í þeim finnst, með viðurkenndum mælingaraðferðum (delvotest$^{R}$, thermocult$^{R}$, charm test$^{R}$) mælanlegt magn af efna-og/eða lyfjaleifum (sýklalyf, sýklaeyðandi og sýklaheftandi efni).

38.5. Óheimilt er að selja eða bjóða til sölu mjólk, nýmjólk og mjólkurvörur, sem í eru aðskotaefni svo sem málmar(t.d. blý og tin), varnarefni(t.d. leifar af skordýra- og plöntueitri), þvotta- og sótthreinsiefni eða önnur efni sem mælast umfram hámarksgildi í gildandi reglugerð um aðskotaefni eða efni sem talin eru varhugaverð heilbrigði neytenda.

9. gr.

39. gr. 3. tl. orðist svo:

Mjólkurstöðvar skulu hafa í þjónustu sinni mjólkureftirlitsmenn, sem hafa aflað sér sérstakrar menntunar um meðferð mjólkur, mjaltavéla og kælibúnaðar á framleiðslustað. Þeir skulu ásamt héraðsdýralæknum stuðla að viðhlýtandi hreinlæti í allri meðferð mjólkur og mjólkurbúnaðar. Mjólkureftirlitsmenn skulu afla sér menntunar og starfsréttinda samkvæmt nánari reglum sem landbúnaðarráðherra setur, að höfðu samráði við Hollustuvernd ríkisins.

10. gr.

40. gr. 1.-4. tl. orðist svo:

40.1. Héraðsdýralæknar skulu hver í sínu umdæmi annast reglulegt eftirlit með heilbrigði og hirðingu allra mjólkurkúa og hreinlæti og umgengni í fjósum og mjólkurhúsum, þar sem framleidd er sölumjólk sbr. lög nr. 77/1981 um dýralækna og 4. gr. í erindisbréfi héraðsdýralækna nr. 197/1971. Landbúnaðarráðherra getur þó falið öðrum dýralæknum þetta eftirlit á tilteknum svæðum, ef henta þykir, að fengnum tillögum yfirdýralæknis og viðkomandi héraðsdýralæknis.

40.2. Héraðsdýralæknir skal framkvæma þetta eftirlit árlega hjá hverjum framleiðanda sölumjólkur. Takist ekki að framkvæma skoðun þessa árlega, skal aldrei líða meira en 18 mánuðir þar til næsta skoðun fer fram. Að skoðun lokinni skal héraðsdýralæknir afhenda framleiðanda fjósaskoðunarvottorð, sem veitir honum leyfi til mjólkursölu, ef héraðsdýralæknir telur að fullnægt sé þeim skilyrðum um heilbrigði nautgripa, húsakost, mjaltaaðstöðu, mjólkurbúnað, umgengni og aðra aðstöðu til framleiðslu sölumjólkur, sem sett eru í reglugerð þessari.

40.3. Fjósaskoðunarvottorð héraðsdýralæknis er ígildi starfsleyfis sbr. ákvæði 9. gr. 2. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 149/1990.

40.4. Gildistími fjósaskoðunarvottorðs er þar til næsta skoðun fer fram. Enginn má framleiða mjólk til sölu, nema hafa þetta vottorð í fullu gildi. Mjólkurstöð er óheimilt að taka við mjólk frá framleiðanda nema fyrir liggi gildandi starfsleyfi í mjólkurstöðinni.

11. gr.

Reglugerð þessi um breyting á reglugerð nr. 35/1986 er sett með stoð í lögum um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit nr. 81/1988, sbr. og lög nr. 24/1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum, að höfðu samráði við landbúnaðarráðuneytið hvað snertir þá þætti sem dýralæknar eiga að sjá um, sbr lög um dýralækna nr. 77/1981 og öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

1. Ákvæði 29. gr. 1.5.a., um flokkun skv. frumutölu koma til framkvæmda 1. september 1994. Frá og með 1. september 1992 til 1. september 1994 gildir eftirfarandi um ákvæði greinar 29.1.5.a.:

| | |
|---|---|
| 1. fl. | 0 - 750.000 frumur/ml |
| 2. fl. | 750.000 - 1.000.000 frumur/ml |
| 3. fl. | 1.000.000 og fleiri frumur/ml |

2. Verðfelling skv. ákvæðum greinar 29.1.3. um flokkun skv. talningu hitaþolinna og kuldakærra gerla skal koma til framkvæmda 1. september 1992. Sama gildir um gr. 29.1.4.

3. Mjólkurstöðvar skulu við gildistöku reglugerðarinnar gera framleiðendum grein fyrir hertum kröfum um gæði mjólkurinnar og ákvæði um verðfellingar, bæði hvað varðar hámarksfjölda leyfilegra hitaþolinna og kuldakærra gerla og hvað varðar frumutölu mjólkurinnar.

4. Fyrstu 9 mánuði eftir gildistöku reglugerðarinnar skulu mjólkurbú mánaðarlega senda öllum sínum framleiðendum skýrslu þar sem fram kemur hver frumutala hefur verið í mjólk þeirra næstliðinn mánuð, sbr. gr. 29.1.5. Þar skal einnig koma fram hver var fjöldi hitaþolinna og kuldakærra gerla í mjólk viðkomandi framleiðanda þann mánuðinn, sbr. gr. 29.1.3. og gr. 29.1.4. Þar skal einnig koma fram hver verðfelling þeirra hefði orðið, ef verðfella þyrfti mjólkina samkvæmt ofangreindum reglum.
5. Þeir mjólkurframleiðendur, sem enn hafa ekki uppfyllt ákvæði gr. 17.5 og eru 60 ára eða eldri við gildistöku reglugerðarinnar og hafa í hyggju að hætta mjólkurframleiðslu á næstu árum, geta sótt um undanþágu, skv gr. 47.1, frá ákvæðum gr. 17.5. Undanþága skal eingöngu miðast við eftirtalin skilyrði:
   a) Viðkomandi héraðsdýralæknir votti að aðstaða og hreinlæti til mjólkurframleiðslu sé í góðu lagi.
   b) Viðkomandi mjólkurbú votti að flokkun mjólkur frá þessum framleiðanda hafi verið með eðlilegum hætti síðustu 5 árin.
   c) Núverandi haugstæði sé snyrtilega umgengið og komi hvergi nærri mjólkurhúsi eða inngöngudyrum í fjósið fyrir fólk.
   d) Undanþága er alfarið bundin við nafn viðkomandi framleiðanda.
   e) Undanþága getur lengst staðið í 10 ár.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

# REGLUGERÐ

## um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o. fl.

1. gr.

**Skipagjald.**

Eigandi skips skal greiða árlega í ríkissjóð sérstakt gjald, skipagjald, af hverju skipi sem skráð er á aðalskipaskrá. Í skipagjaldi er meðtalinn kostnaður vegna aðalskoðunar skipsins sem framkvæmd er hér á landi.

Skylda til að greiða skipagjald fellur eigi niður þótt eigandi skips láti ekki skoða skip sitt árlegri aðalskoðun, né heldur þótt skip hans hafi ekki verið í notkun um stundarsakir.

Fari aðalskoðun fram erlendis að beiðni eiganda ber honum að greiða auk skipagjalds skv. 1. mgr., fargjöld og dagpeninga skoðunarmanns.

Skipagjaldið skal vera sem hér segir:

Skip flokkuð hjá Siglingamálastofnun ríkisins:

| | Kr. |
|---|---|
| Fyrir skip allt að 8m á lengd | 8 590 |
| Fyrir skip 8m á lengd til 15m | 15 640 |
| Fyrir skip 15m á lengd til og með 50 brl | 25 930 |
| Fyrir skip 51 brl. til og með 100 brl | 40 830 |
| Fyrir skip 101 brl. til og með 250 brl | 53 460 |
| Fyrir skip 251 brl. til og með 500 brl | 91 900 |
| Fyrir skip 501 brl. til og með 1600 brl | 138 200 |
| Fyrir skip 1601 brl. og yfir | 150 800 |

Fyrir skip flokkuð hjá viðurkenndu flokkunarfélagi greiðist 60% af ofangreindum gjaldstofni.

Fyrir flotbryggjur og önnur mannvirki á skipaskrá, sem ekki eru háð árlegu eftirliti, greiðist árlegt gjald kr. 13 300.

2. gr.

**Aukaskoðun.**

Fyrir aukaskoðun skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

3. gr.

**Nýsmíði.**

3.1. Skip með mestu lengd allt að 15 metrum.

3.1.1. Fyrir samþykkt á smíði, búnaði og sjóhæfni skal greiða sem hér segir:

| Lengd skips. | <6m | 6-8m | 8-15m |
|---|---|---|---|
| Verkefni | Gjald kr. | | |
| Samþykkt teikninga | 9 400 | 19 400 | 28 700 |
| Eftirlit með smíði bols | 4 700 | 9 500 | 15 300 |
| Skoðun á búnaði | 3 500 | 8 200 | 11 800 |
| Hleðslu og stöðugleikaprófun | 3 500 | 7 300 | 9 500 |
| Reynslusigling | 2 400 | 7 000 | 8 200 |

Skip að 6m lengd er mælt milli stafna, í öðrum tilvikum er um að ræða mestu lengd skipsins.

Fyrir hvern raðsmíðaðan skemmtibát styttri en 6m, eftir fyrsta bátinn í röðinni, skal greiða kr. 2 400 vegna eftirlits með smíðinni, skoðun á búnaði og viðurkenningarskírteini og skilti.

3.1.2. Fyrir skráningu skips og útgáfu skipsskjala, skal greiða samkvæmt ákvæðum 6. greinar og fyrir mælingu kr. 6 000.

3.1.3. Fyrir skip sem eru að öllu leyti smíðuð undir eftirliti erlendra yfirvalda eða flokkunarfélags, skal aðeins greiða fyrir skráningu og útgáfu skjala og mælingu samkvæmt 6. og 7. gr., enda séu skipin að fullu samþykkt af starfsmönnum viðkomandi yfirvalda eða flokkunarfélags.

3.1.4. Fyrir skip sem eru að hluta til smíðuð undir eftirliti erlendra yfirvalda eða flokkunarfélags, skal aðeins greiða fyrir þau verkefni sem unnin eru af starfsmönnum Siglingamálastofnunar ríkisins sbr. ákvæði í framangreindri töflu og gr. 1.2.

3.1.5. Fyrir samþykkt á gömlum skipum, skal fara að sem við samþykkt á nýsmíði eftir því sem við á hverju sinni.

3.2. Skip sem eru 15 metrar og lengri.

A. Fyrir yfirferð á teikningum og eftirlit með nýsmíði þilfarsskipa innanlands, þ.m.t. lokaúttekt og útgáfa skipsskjala, skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins eftirfarandi gjöld:

Fyrir þilfarsskip styttri en 26m 0,30% af lokaverði skips.

Fyrir þilfarsskip 26m og lengri 0,26% af lokaverði skips.

Lokaverð er það verð sem lagt er til grundvallar við endurgreiðslu á tollum og aðflutningsgjöldum, þar með talinn fjármagnskostnaður verksala (vextir og verðbætur.) Fyrir skip smíðuð erlendis, skal miðað við það verð sem lagt er fyrir Fiskveiðasjóð og/eða Ríkisábyrgðasjóð, ef um fiskiskip er að ræða, og viðskiptaráðuneytið, ef um önnur skip er að ræða.

B. Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A-lið þessa töluliðs að viðbættum fargjöldum og dagpeningum skoðunarmanna.

C. Fyrir skip sem smíðuð eru skv. reglum og undir eftirliti viðurkennds flokkunarfélags skal greiða 60% af gjaldi skv. A-lið þessa töluliðs auk fargjalda og dagpeninga skoðunarmanna sé skipið smíðað erlendis.

3.3. Eftirlitsgjöld skv. 2. tölulið þessarar greinar skal greiða á byggingartímanum skv. sérstökum greiðslusamningi við Siglingamálastofnun ríkisins. Lokagreiðsla fer fram við afhendingu skipsskjala.

4. gr.

**Eftirlit með viðgerðum.**

4.1. Fyrir eftirlit með viðgerðum skal greiða skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins eða sérstökum greiðslusamningi ef hagkvæmt þykir.

4.2. Fari viðgerð fram erlendis er heimilt að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips upphæð sem svarar til fargjalda og áætlaðra dagpeninga skoðunarmanna, enda sé ekki gerður greiðslusamningur.

5. gr.

**Hleðslumerki.**

Fyrir hleðslumerkjaútreikninga og útgáfu skírteina ásamt hleðslumerkjaskoðun, sem ekki fellur undir nýsmíði, skal greiða:

| | Kr. |
|---|---|
| Skip til og með 500 brl | 9 000 |
| Skip 500 brl. til og með 1000 brl | 12 000 |
| Skip 1001 brl. til og með 2000 brl | 15 000 |
| Skip 2001 brl. til og með 5000 brl | 18 000 |

Fyrir skip stærri en 5000 brl. greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins. Fyrir útgáfu hleðslumerkjaskírteinis sem gefið er út skv. hleðslumerkjaútreikningum frá erlendum stjórnvöldum eða viðurkenndu flokkunarfélagi skal greiða kr. 3 000. Fyrir árlega áritun hleðslumerkjaskírteinis skal greiða kr. 1 000 fari umrædd skoðun fram um leið og búnaðarskoðun. Fyrir endurnýjun á skírteini sem glatað er, eða fallið úr gildi, skal greiða kr. 1 000 enda sé sérstakrar skoðunar ekki þörf.

6. gr.

**Skráning skipa og útgáfa skipsskjala.**

Fyrir skráningu skips og útgáfu skipsskjala skal greiða:

| | Kr. |
|---|---|
| 1. Útgáfa ísl. mælibréfs og skráningarskírteinis | 3 300 |
| 2. Útgáfa þjóðernisskírteinis | 6 700 |
| 3. Útgáfa alþjóðamælibréfs | 4 100 |
| 4. Afrit af alþjóðamælibréfi | 1 000 |
| 5. Afrit af mælibréfi fyrir opna báta | 600 |
| 6. Einkaleyfi á skipsnafni | 60 700 |
| 7. Viðurkenningarskírteini og skilti | 600 |

Við eigendaskipti og umskráningu skips skulu öll áfallin ógreidd gjöld skv. reglugerð þessari greidd að fullu.

7. gr.

**Mæling skipa.**

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs eða yfirlýsingu samkvæmt Oslóarsamþykkt, nema um nýsmíði sé að ræða skal greiða:

| | Kr. |
|---|---|
| Fyrir skip allt að 15 m mesta lengd | 6 000 |
| Þilfarsskip minna en 25 brl | 11 900 |
| Þilfarsskip 25 brl. til og með 100 brl | 16 500 |
| Þilfarsskip 101 brl. til og með 250 brl | 26 300 |
| Þilfarsskip 251 brl. til og með 500 brl | 40 200 |
| Þilfarsskip 501 brl. til og með 1600 brl | 57 100 |
| Þilfarsskip 1601 brl. til og með 5000 brl | 75 700 |

Fyrir þilfarsskip 5001 brl. og stærri greiðist eftir reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

Fyrir endurmælingu skips og útgáfu mælibréfs skv. ísl. mælingarreglum og Lundúnarsamþykkt frá 1969 skal greiða, nema um nýsmíði sé að ræða:

| | | Kr. |
|---|---|---|
| Flokkur I.A | Skip 15,01 m – 24 m mesta lengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa skírteinis | 35 000 |
| I.B | Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningum og öðrum teikningum | 24 500 |
| Flokkur II.A | Skip 24,01 m – 45 m mesta lengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs | 63 700 |
| II.B | Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning eftir línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs | 42 500 |
| Flokkur III.A | Skip 45,01 m – 60 m mesta lengd. Mæling í slipp (engin línu- eða bandateikning). Vinna eftir mælingum og teikningum og útgáfa mælibréfs | 88 500 |
| III.B | Eftirlitsmæling um borð. Vinna við útreikning efti línu- eða bandateikningu og öðrum stálteikningum og útgáfa mælibréfs | 63 700 |
| Flokkur IV. | Skip 60,01 m og lengri. Greiðsla samkvæmt reikningi. | |

Fyrir endurskoðun á mæliskýrslum gerðum af öðrum aðila en Siglingamálastofnun ríkisins samkvæmt Lundúnarsamþykkt um mælingu skipa frá 1969 greiðist:

| | Kr. |
|---|---|
| Fyrir skip allt að 45 m. mesta lengd | 14 150 |
| Fyrir skip yfir 45.01 m mesta lengd | 23 600 |

Að auki skal greiða kostnað á ferðalögum innanlands og erlendis vegna mælinga, skv. reikningi Siglingamálastofnunar ríkisins.

8. gr.

**Útgáfa vottorða.**

Vottorð um útstrikun skipa af aðalsskipaskrá ........ Kr 1 000

9. gr.

**Rannsóknir.**

9.1. Fyrir röntgenrannsóknir, þ.e. röntgenmyndun, leigu á tækjum og vinnu við framköllun röntgenmynda greiðast kr. 1 250 á hverja klst., sem rannsóknaraðstaða er notuð, auk vinnu rannsóknar- og skoðunarmanna við rannsóknina. Fyrir hverja röntgenmynd greiðast kr. 500.

9.2. Fyrir leigu á tækjum og rannsóknaraðstöðu við þykktar- og aðrar örbylgju- og sprungumælingar, titrings- og hávaðamælingar og átaksprófanir greiðast kr. 750 á klst. Að auki greiðist vinna rannsóknar- og skoðunarmanns við rannsóknina.

10. gr.

**Önnur þjónusta.**

Fyrir aðra þjónustu Siglingamálastofnunar ríkisins skal greitt skv. reikningi stofnunarinnar.

11. gr.

**Þjónusta utan skrifstofutíma.**

Gjöld samkvæmt reglugerð þessari miðast við að störf hinna fastráðnu starfsmanna Siglingamálastofnunar ríkisins séu unnin á venjulegum skrifstofutíma. Sé óskað þjónustu utan þess tíma greiðist yfirvinna viðkomandi starfsmanna að auki.

12. gr.

**Innheimta.**

Utan Reykjavíkur skulu gjöld samkvæmt 1. gr. innheimt af bæjarfógetum eða sýslumönnum.

Í Reykjavík skulu gjöldin innheimt af tollstjóra.

Gjöldin eru miðuð við skráningu 1. janúar og er gjalddagi og eindagi sá sami hinn 1. apríl sama árs.

Gjöld skv. öðrum greinum reglugerðarinnar skulu innheimt af Siglingamálastofnun ríkisins eftir reikningum sem hún gefur út.

Ofangreindir innheimtumenn, aðrir en tollstjórinn í Reykjavík, skulu greiða lausráðnum skipaskoðunarmönnum þau laun er þeir hafa samið um við Siglingamálastofnun ríkisins.

Sama gildir um gjöld fyrir skoðun aðkomubáta í umdæmi innheimtumanna.

Innheimtumenn skulu skila gjöldum, sem þeir innheimta skv. reglugerð þessari í ríkissjóð.

13. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34.gr. laga um eftirlit með skipum, nr. 51, 30. mars 1987, 20. gr. laga um skráningu skipa nr. 115, 31. desember 1985 og 15. gr. laga um skipamælingar nr. 50, 12. maí 1970, staðfestist hér með til að öðlast gildi 1. janúar 1992 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu og mælingu skipa o. fl. nr. 521, 21. desember 1990.

*Samgönguráðuneytið, 27. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Rúnar Guðjónsson.*

Nr. 627 19. desember 1991

# REGLUR

## um flutning ótollafgreiddra bifreiða í ryðvarnarstöðvar.

1. gr.

Tollstjóri getur heimilað ryðvarnarstöðvum sem annast ryðvörn ótollafgreiddra bifreiða að annast vörslu þeirra fyrir hönd farmflytjanda meðan ryðvörn fer fram.

Ryðvarnarstöð sem óskar slíkrar heimildar skal senda skriflega umsókn þar að lútandi til tollstjóra í því umdæmi þar sem geymslur viðkomandi farmflytjanda eru. Beiðninni skal fylgja yfirlýsing viðkomandi farmflytjanda um að ótollafgreiddar bifreiðar sem í ryðvarnarstöðinni eru geymdar, séu þar á hans ábyrgð.

2. gr.

Þegar ryðvarnarstöð hefur fengið heimild samkvæmt 1. gr. skal litið á hana sem hluta af vörugeymslu þess farmflytjanda sem yfirlýsingu gaf vegna umsóknar ryðvarnarstöðvarinnar, hvað varðar geymslu ótollafgreiddra bifreiða. Farmflytjanda er heimilt að flytja ótollafgreiddar bifreiðar í slíkar ryðvarnarstöðvar án sérstaks leyfis tollstjóra, sbr. 1. mgr. 69. gr. tollalaga.

3. gr.

Um ótollafgreiddar bifreiðar sem geymdar eru í ryðvarnarstöð gilda að öðru leyti ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, m.a. um ábyrgð á greiðslu aðflutningsgjalda, vörslu og tollmeðferð aðfluttra vara, svo og önnur ákvæði laganna varðandi ótollafgreidda vöru.

4. gr.

Fari farmflytjandi eða ryðvarnarstöð eigi eftir fyrirmælum reglna þessara, eða sérstökum fyrirmælum sem kunna að hafa verið sett í einstakar heimildir samkvæmt 1. gr., getur tollstjóri svipt ryðvarnarstöðina heimildinni, tímabundið eða að fullu.

Brot á reglum þessum varða að öðru leyti viðurlögum samkvæmt ákvæðum XIV. kafla tollalaga nr. 55/1987.

5. gr.

Reglur þessar eru settar samkvæmt heimild í 18. tölulið 6. gr. og 7. mgr. 64. gr., sbr. 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað. Frá sama tíma falla úr gildi reglur nr. 564/1982, um ryðvörn ótollafgreiddra bifreiða. Þó skulu leyfi sem veitt hafa verið samkvæmt eldri reglum halda gildi sínu til 1. mars 1992.

*Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1991.*

F. h. r.
**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 261 5. júní 1991, um tollverð notaðra ökutækja.**

1. gr.

Við 7. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein er orðist svo:

Sé ökutæki svo laskað, að það þarfnist verulegrar viðgerðar til þess að komast í ökuhæft ástand og ætla má að viðgerð kosti þriðjung eða meira af söluverði ökutækis af sömu eða sams konar tegund hér á landi, getur tollyfirvald heimilað að ökutækið verði metið til tolls samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 395/1987, um tollverð og tollverðsákvörðun eða, telji tollyfirvald að ákvörðun tollverðs sé eigi á færi annarra en sérfróðra manna, látið mat fara fram á kostnað innflytjanda án dómskvaðningar. Um matið skulu gilda, eftir því sem við geta átt, ákvæði laga nr. 85/1936, um meðferð einkamála í héraði, með áorðnum breytingum.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 12. og 148. gr. tollalaga nr. 55/1987, með síðari breytingum, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 19. desember 1991.*

F. h. r.

**Indriði H. Þorláksson.**

*Guðrún Ásta Sigurðardóttir.*

20. desember 1991 Nr. 629

# REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 613 31. desember 1987, um sérstakt gjald af bifreiðum og bifhjólum.**

1. gr.

1. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Gjald af bifreiðum sem flokkast undir vörulið 8703 skal lagt á í eftirfarandi sjö gjaldflokkum miðað við eigin þyngd eða sprengirými aflvélar mælt í rúmsentimetrum, sbr. þó 3.-5. mgr.:

| | Eigin þyngd kg | Sprengirými $cm^3$ | Gjald í % |
|---|---|---|---|
| I | 0 - 700 | 0 - 1.000 | 16 |
| II | 701 - 800 | 1.001 - 1.300 | 24 |
| III | 801 - 900 | 1.301 - 1.600 | 31 |
| IV | 901 - 1.100 | 1.601 - 2.000 | 38 |
| V | 1.101 - 1.300 | 2.001 - 2.300 | 50 |
| VI | 1.301 - 1.500 | 2.301 - 3.000 | 65 |
| VII | > 1.500 | > 3.000 | 77 |

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 16. gr., sbr. 35. gr. laga nr. 4/1960, um efnahagsmál, til að öðlast gildi þegar í stað.

*Fjármálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

**Friðrik Sophusson.**

*Indriði H. Þorláksson.*

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 64/1985 um mönnunarnefnd.**

1. gr.

2. gr. orðist svo:
Ráðherra skipar formann nefndarinnar.
Aðrir nefndarmenn eru skipaðir samkvæmt tilnefningu efirtalinna aðila:

*A. Mönnun fiskiskipa og annarra skipa.*

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 2 menn til að fjalla um fjölda skipstjórnarmanna, og Vélstjórafélag Íslands tilnefnir 2 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra. Auk þess tilnefnir Farmanna- og fiskimannasamband Íslands 1 mann tímabundið sem komi frá því félagi skipstjórnarmanna, sem málið varðar hverju sinni. Með sama hætti tilnefnir Vélstjórafélag Íslands 1 mann tímabundið sem komi frá því félagi vélstjóra, sem málið varðar hverju sinni.

Samtök útvegsmanna tilnefna 3 menn í nefndina.

*B. Mönnun flutningaskipa, farþegaskipa og varðskipa.*

Farmanna- og fiskimannasamband Íslands tilnefnir 3 menn til að fjalla um fjölda skipstjórnarmanna, og Vélstjórafélag Íslands tilnefnir 3 menn til að fjalla um fjölda vélstjóra.

Samtök útgerða tilnefna 3 menn í nefndina.

Með sama hætti skulu tilnefndir varamenn í mönnunarnefnd.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 112 31. desember 1984 um atvinnuréttindi skipstjórnarmanna á íslenskum skipum og lögum nr. 113 31. desember 1984 um atvinnuréttindi vélfræðinga, vélstjóra og vélavarða á íslenskum skipum, staðfestist hér með til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 20. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjalltadóttir.*

# REGLUGERÐ

**um iðgjöld til slysatrygginga samkvæmt 4. mgr. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978.**

1. gr.

Eigendur ökutækja og aflvéla, sbr. c-lið 29. gr. laga nr. 67/1971, skulu standa skil á föstu ársiðgjaldi til slysatrygginga sem hér segir:

| | |
|---|---|
| Vegna bifreiðar | kr. 1 215 |
| Vegna bifhjóls | kr. 1 215 |
| Vegna reiðhjóls með hjálparvél | kr. 1 215 |
| Vegna vélsleða | kr. 1 215 |
| Vegna heimilisdráttarvélar | kr. 1 215 |
| Vegna rafstöðvar | kr. 360 |
| Vegna súgþurrkunartækis | kr. 360 |
| Vegna heyblásara | kr. 360 |
| Vegna trillubáta | kr. 2 880 |

2. gr.

Vegna nýskráningar skrásetningarskyldra ökutækja skal innheimta ársiðgjöld til þess tíma, er færa skal ökutækið næst til skoðunar skv. reglum á hverjum tíma.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 36. gr. laga nr. 67/1971, um almannatryggingar, sbr. 5. gr. laga nr. 59/1978 tekur gildi frá og með 1. janúar 1992. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 7/1991 með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 30. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Páll Sigurðsson.*

31. desember 1991 Nr. 632

# VIÐAUKI

**við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990 um loðnuveiðar.**

1. gr.

Aftan við 8. gr. reglugerðar nr. 528, 28. desember 1990, komi ný grein er orðist svo:

Á loðnuvertíð þeirri, sem hófst 26. október 1991, er íslenskum loðnuskipum sem leyfi hafa til loðnuveiða, skv. 1. gr. reglugerðar nr. 528/1990, heimilt að veiða samtals 343 200 lestir af loðnu.



Prentsmiðjan Gutenberg hf.

2. gr.

Reglugerðarviðauki þessi er settur samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felldur úr gildi viðauki nr. 479, 25. október 1991 við reglugerð nr. 528, 28. desember 1990, um loðnuveiðar.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 31. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 633 23. desember 1991

# REGLUGERÐ

**um breytingu á reglugerð nr. 598/1982 um stofnun í erlendum tungumálum við heimspekideild Háskóla Íslands.**

1. gr.

2. gr. breytist þannig að 6. málsgrein "f) að annast rekstur á æfingastofu (m) heimspekideildar í erlendum tungumálum og skipuleggja nýtingu hennar (þeirra)" fellur brott. 7. málsgrein breytist í f).

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 23. desember 1991.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Árni Gunnarsson.*

30. desember 1991 1183 Nr. 634

# REGLUGERÐ

**um prófgjöld ökumanna, gjöld fyrir ökuskírteini o.fl.**

1. gr.

Fyrir próf ökumanna skal greiða sem hér segir:

| | | kr. |
|---|---|---|
| 1. | Almennt bifreiðastjórapróf | 4 500 |
| 2. | Próf í akstri bifhjóla | 4 500 |
| 3. | Próf í akstri léttra bifhjóla | 3 000 |
| 4. | Próf í akstri torfærutækja | 3 000 |
| 5. | Próf í akstri dráttarvéla | 3 000 |
| 6. | Ökukennarapróf | 15 000 |

2. gr.

Fyrir skírteini skal greiða sem hér segir:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Bráðabirgðaökuskírteini | 1 500 |
| 2. | Ökuskírteini bifreiðastjóra (fullnaðarskírteini), að 65 ára aldri | 3 000 |
| 3. | Ökuskírteini bifreiðastjóra, 65 ára og eldri | 1 500 |
| 4. | Ökuskírteini til að stjórna bifhjóli | 3 000 |
| 5. | Ökuskírteini til að stjórna léttu bifhjóli | 1 000 |
| 6. | Ökuskírteini til að stjórna torfærutæki | 1 000 |
| 7. | Ökuskírteini til að stjórna dráttarvél | 1 000 |
| 8. | Alþjóðlegt ökuskírteini | 2 000 |
| 9. | Löggilding ökukennara | 2 500 |

Sama gjald skal greiða fyrir samrit.

3. gr.

Fyrir leyfi til að selja á leigu í atvinnuskyni skráningarskyld ökutæki til mannflutninga án ökumanns skal greiða 15 000 kr.

4. gr.

Gjöld þessi renna í ríkissjóð.

5. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. 52., 56. og 70. gr. umferðarlaga, nr. 50 30. mars 1987, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Jafnframt falla úr gildi 8.–10. gr. reglugerðar um dómsmálagjöld o.fl., nr. 642 28. desember 1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

# AUGLÝSING

**um vátryggingarfjárhæðir í aksturskeppni.**

Ákveðið hefur verið að vátryggingarfjárhæð vegna framkvæmdar á aksturskeppni skuli nema 34 904 000 kr. vegna hvers einstaks tjóns. Eigin áhætta skal vera 10%, þó 16 500 kr. að lágmarki og 165 000 kr. að hámarki.

Einnig hefur verið ákveðið að vátryggingarfjárhæð slysatryggingar vegna starfsmanna og keppenda við keppni utan vega skuli vera 3 496 000 kr. við dauða eða algera varanlega örorku.

2. gr.

Ákvörðun þessi sem tekin er samkvæmt 3. mgr. 6. gr. reglna um aksturskeppni, nr. 286 27. júní 1990, gildir fyrir árið 1992.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

Nr. 636 30. desember 1991

# REGLUGERÐ

**um gjöld fyrir skotvopnaleyfi.**

1. gr.

| Fyrir skotvopnaleyfi skal greiða sem hér segir: | kr. |
|---|---|
| 1. Fyrir hvert skotvopn, sem skráð er, hvort sem það er nýtt eða notað | 2 000 |
| 2. Fyrir endurnýjun á skotvopnaleyfi, án tillits til fjölda skotvopna | 1 000 |
| 3. Fyrir afnotaleyfi samkvæmt 19. gr. reglugerðar um skotvopn og skotfæri, nr. 16 1978, sbr. rg. nr. 174/1979 | 1 000 |

Gjaldfrjáls eru leyfi fyrir skotvopnum, sem varanlega hafa verið gerð ónothæf og leyfi samkvæmt 3. málsgr. 8. gr. reglugerðar nr. 16/1978.

2. gr.

Gjöld þessi renna í ríkissjóð.

3. gr.

Reglugerð þessi sem sett er skv. lögum um skotvopn, sprengiefni og skotelda, nr. 46 13. maí 1977, öðlast gildi 1. janúar 1992.

Jafnframt fellur úr gildi 11. gr. reglugerðar um dómsmálagjöld o.fl., nr. 642 28. desember 1989.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 30. desember 1991.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

# AUGLÝSING

**um staðfestingu á legu Fljótsdalslínu 2 frá fyrirhugaðri Fljótsdals-virkjun að byggðalínu í landi Hamborgar í Fljótsdal.**

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur ráðuneytið þann 25. nóvember 1991 staðfest legu Fljótsdalslínu 2 frá væntanlegri Fljótsdalsvirkjun að byggðalínu í landi Hamborgar í Fljótsdal.

Uppdráttur hefur hlotið þá meðferð, sem skipulagslög nr. 19 21. maí 1964 mæla fyrir um og verið samþykktur af sveitarstjórn Fljótsdalshrepps og Skipulagsstjórn ríkisins.

*Umhverfisráðuneytið, 30. desember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Hrafn Hallgrímsson.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 68 - 1991



# REGLUR

## um Listdansskólann.

1. gr.

Listdansskólinn hefur aðsetur í Reykjavík. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn skólans. Skólastjóri og skólanefnd fara með stjórn hans að öðru leyti.

Skólastjóri og skólanefnd, eftir því sem við á, bera ábyrgð gagnvart menntamálaráðuneytinu á rekstri skólans, eignum og öllum fjárreiðum, gerð fjárhagsáætlana og reikningsskilum og að allar starfsmannaráðningar séu innan heimilda fjárlaga hverju sinni.

Stjórn Íslenska dansflokksins og skólanefnd Listdansskólans skulu eiga sem nánasta samvinnu sína á milli um málefni listdansins, þ.m.t. samnýting húsnæðis, þjálfun og skrifstofuhald eftir nánara samkomulagi.

2. gr.

Hlutverk skólans er að þjálfa og þroska hæfileika nemenda í listdansi, auka skilning og örva áhuga á listgreininni um allt land.

Aðalnámsgreinar eru klassískur listdans, nútímalistdans, jassdans, karakterdans, tónlistarfræði, danssaga, sögulegir dansar, látbragð, spuni, klassískur tvídans, tilbrigði úr listdansverkum. Ennfremur styttri námskeið í samkvæmisdönsum, þjóðdönsum og förðun. Skólinn skiptist í forskóla og átta ára kerfisbundið nám.

3. gr.

Menntamálaráðherra ræður skólastjóra Listdansskólans til fjögurra ára, að fenginni umsögn skólanefndar. Heimilt er að endurnýja samning hans til tveggja ára í senn. Skólastjóri þarf að hafa menntun í listdansi og atvinnuferil við viðurkennda listdansstofnun.

Skólastjóri hefur umsjón með daglegum rekstri skólans og ber ábyrgð á að starfsemi skólans sé í samræmi við lög og reglugerðir og önnur gildandi fyrirmæli á hverjum tíma. Skólastjóri undirbýr fjárhagsáætlanir og leggur fyrir skólanefnd. Skólastjóri ræður kennara og annað starfslið, sbr. 5. gr. Skólastjóri boðar til kennarafunda eftir því sem þörf krefur til að fjalla um einstök málefni skólans.

4. gr.

Skólanefnd er skólastjóra og menntamálaráðuneyti til ráðuneytis um málefni skólans. Hún skal fjalla um starfsáætlun skólans og framkvæmd hennar, um skólareglur og mál sem upp kunna að koma og varða einstaka nemendur og kennara. Skólanefnd gerir tillögur til menntamálaráðuneytis um fjárveitingar til skólans.

Skólastjóri gerir tillögur til skólanefndar um reglur um inntöku nemenda og námsmat og skulu þær lagðar fyrir menntamálaráðuneytið til staðfestingar.

Leita skal umsagnar skólanefndar um ráðningu skólastjóra.

Í skólanefnd eiga sæti fulltrúi menntamálaráðuneytisins, sem jafnfram er formaður, listdansstjóri Íslenska dansflokksins, fulltrúi Þjóðleikhúsráðs, fulltrúi foreldrafélags Listdans-

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

skólans og fulltrúi fastráðinna kennara. Menntamálaráðherra skipar skólanefnd til tveggja ára í senn. Skólastjóri á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt. Fulltrúi frá Félagi íslenskra listdansara hefur leyfi til fundarsetu með málfrelsi og tillögurétt.

Formaður boðar til funda. Skylt er að kalla saman fund ef tveir eða fleiri nefndarmenn óska þess.

5. gr.

Skólastjóri ræður í samráði við skólanefnd, eftir því sem fjárveitingar heimila, kennara, undirleikara og annað starfsfólk að skólanum.

6. gr.

Rekstur skólans greiðist af:

a) ríkissjóði, skv. sérstakri fjárveitingu í fjárlögum.
b) gjöldum nemenda sem ákveðin eru af skólanefnd að fengnu samþykki menntamálaráðuneytisins.

7. gr.

Reglur þessar sem settar eru með hliðsjón af lögum um Þjóðleikhús nr. 58/1978 og reglugerð fyrir Þjóðleikhús nr. 549/1982 öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytið, 25. nóvember 1991.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Knútur Hallsson.*

27. desember 1991 Nr. 639

# REGLUR

**um starfsemi Íslenska dansflokksins.**

1. gr.

Íslenski dansfokkurinn er sjálfstæður listdansflokkur sem starfar í tengslum við Þjóðleikhúsið. Málefni Íslenska dansflokksins heyra undir menntamálaráðuneytið.

Íslenska dansflokknum er ætlað að viðhalda sígildri hefð listdansins flytja samtímaverk og ennfremur að stuðla að nýsköpun í innlendri danssmíði og vera að öðru leyti vettvangur til eflingar danslistar á Íslandi.

2. gr.

Stjórn dansflokksins framkvæmdastjóri og listdansstjóri eftir því sem við á, bera ábyrgð gagnvart menntamálaráðuneytinu á rekstri flokksins, eignum og öllum fjárreiðum, gerð fjárhagsáætlana og reikningskilum og að allar starfsmannaráðningar séu innan heimilda fjárlaga hverju sinni.

Stjórn Íslenska dansflokksins og skólanefnd Listdansskóla Íslands skulu eiga sem nánasta samvinnu sín á milli um málefni listdansins, þ.m.t. samnýtingu húsnæðis, þjálfun og skrifstofuhald eftir nánara samkomulagi.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar stjórn Íslenska dansflokksins til fjögurra ára í senn og er stjórnin skipuð sem hér segir: Einn skipaður samkvæmt tilnefningu Listdansskóla Íslands, einn samkvæmt tilnefningu styrktarfélags Íslenska dansflokksins, einn samkvæmt tilnefningu Þjóðleikhúsráðs, einn samkvæmt tilnefningu Félags íslenskra listdansara, og einn án tilnefningar og skal hann vera formaður stjórnar.

Stjórn Íslenska dansflokksins hefur ákvörðunarvald um öll málefni hans, sjá þó 2. mgr. 2. gr. og 8. gr. reglugerðar um Þjóðleikhúsið. Hún heldur fundi svo oft sem þurfa þykir. Stjórnin ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi dansflokksins. Hún lætur gera starfs- og rekstraráætlanir og undirbýr gerð tillagna um fjárveitingar.

Stjórn Íslenska dansflokksins gerir tillögur til Þjóðleikhússtjóra um ráðningu listdansstjóra, fylgist með starfi hans og flokksins og að starfsemi Íslenska dansflokksins sé í samræmi við fjárveitingar hverju sinni.

4. gr.

Listdansstjóri er ráðinn af þjóðleikhússtjóra samkvæmt tillögum stjórnar Íslenska dansflokksins til þriggja ára í senn. Starfið skal auglýst að þremur árum liðnum. Endurráðning er heimil til allt að þriggja ára í senn.

Listdansstjóri veitir flokknum listræna forystu, mótar stefnu hans í samráði við stjórn og ræður þjálfun. Hann á að stuðla að uppbyggingu flokksins með því að hafa stöðugt í huga ræktun og aðhlynningu listrænna hæfileika þeirra, sem þar starfa, bæði sem dansarar og danshöfundar. Listdansstjóri á sæti í skólanefnd Listdansskóla Íslands.

Listdansstjóri mótar verkefnaval í samráði við stjórn og framkvæmdastjóra. Hann gerir tillögur til stjórnar um ráðningu dansmeistara, listdansara, danshöfunda, tónskálda, stjórnenda, þjálfara og undirleikara eftir því sem fjárveitingar leyfa.

Hann skipuleggur allt daglegt starf flokksins ásamt framkvæmdastjóra.

5. gr.

Stjórn Íslenska dansflokksins ræður framkvæmdastjóra til allt að þriggja ára í senn og er endurráðning heimil. Hann sér um skipulagningu hins verklega þáttar starfsins. Hann sér um fjármál flokksins, gerir kostnaðaráætlanir fyrir einstök leikár og hvert verkefni fyrir sig. Þá sér hann einnig um almenningstengsl og kynningu á flokknum og vinnur að því að koma honum á framfæri.

6. gr.

Dansmeistari sér um þjálfun og æfingar í samráði við listdansstjóra.

7. gr.

Stjórn Íslenska dansflokksins ræður listdansara að fengnum tillögum listdansstjóra eftir því sem fjárveitingar leyfa. Flokkurinn hefur heimild fyrir tveimur nemendsamningum að jafnaði, og skulu þeir samningar einvörðungu nýttir fyrir nemendur í listdansi.

Um ráðningu listdansara og framkvæmd hæfnismats skal fara eftir reglum sem stjórn Íslenska dansflokksins setur.

8. gr.

Tekjur Íslenska dansflokksins eru:

a) fjárveiting á fjárlögum
b) styrktarfé
c) sjálfsaflafé

Íslenska dansflokknum er heimilt að gera samning við aðrar stofnanir um samstarfsverkefni.

9. gr.

Meðan Íslenska dansflokknum hefur ekki verið tryggð fullnægjandi sýningaraðstaða skal gerður sérstakur samningur við Þjóðleikhúsið um a.m.k. eina sýningu á stóra sviði leikhússins á ári hverju. Einnig skal semja við Þjóðleikhúsið um aðra samvinnu.

10. gr.

Reglur þessar eru settar með hliðsjón af ákvæðum 20. gr. reglugerðar fyrir Þjóðleikhús nr. 549/1982 og öðlast þegar gildi.

*Ákvæði til bráðabirgða.*

Listdansarar, sem hafa verið fastráðnir dansarar í a.m.k. 8 ár við gildistöku reglna þessara og sem láta þurfa af störfum við Íslenska dansflokkinn vegna þess að þeir uppfylla ekki lengur listrænar kröfur listgreinarinnar, eiga rétt til námsstyrks í allt að 3 ár sem hér segir:

1. Eftir 8 ára starfsaldur = 80% launa í eitt ár.
2. Eftir 12 ára starfsaldur = 80% launa fyrsta árið.
   = 60% launa annað árið.
3. Eftir 16 ára starfsaldur = 80% launa fyrsta árið.
   = 60% launa annað árið.
   = 40% launa þriðja árið.

Réttur þessi er bundinn því skilyrði að eigi sé um að ræða rétt til annarra námsstyrkja eða námslána.

Skulu listdansarar skila stjórn dansflokksins umsóknum um námsstyrki eigi síðar en 3 mánuðum fyrir starfslok. Í umsókn skal greina m.a. hvaða menntunar umsækjandi hyggst afla sér og fylgja skal staðfest vottorð um námsvist.

Hefji styrkhafi störf á tímabilinu fellur réttur til námsstyrks niður meti stjórn Íslenska dansflokksins það svo. Ef sérstaklega er er um það sótt er stjórn Íslenska dansflokksins heimilt að geyma réttindin þar til allt að 2 ár eru liðin frá starfslokum hjá Íslenska dansflokknum.

Listdansarar eiga rétt skv. þessu ákvæði til bráðabirgða næstu 3 ár frá setningu reglna þessara.

*Menntamálaráðuneytið, 27. desember 1991.*

**Ólafur G. Einarsson.**

*Árni Gunnarsson.*

30. desember 1991 Nr. 640

# GJALDSKRÁ

**um hreinsun taðþróa í hesthúsahverfinu við Kjóavelli í Garðabæ árið 1992.**

1. gr.

Af öllum hesthúsum í hesthúsahverfinu við Kjóavelli skal greiða taðþróargjald árið 1992.

2. gr.

Taðþróargjald skal vera kr. 50 000 á hvert hús.

3. gr.

Taðþróargjald skal greiða til bæjarsjóðs Garðabæjar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Garðabæjar, með vísan til 4. gr. samþykktar nr. 439/1991 um notkun og hreinsun taðþróa við hesthús í hesthúsahverfinu við Kjóavelli, er hér með staðfest skv. lögum nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit og gildir frá 1. janúar 1992.

*Umhverfisráðuneytið, 30. desember 1991.*

F. h. r.
**Páll Líndal.**

*Sigurbjörg Sæmundsdóttir.*

STJÓRNARTÍÐINDI B 69 - 1991



# REGLUGERÐ

**um flutningaflug.**

EFNISYFIRLIT

**1.0 Orðaskýringar.**

**2.0 Gildissvið.**
2.1 Skipting flugstarfsemi.
2.2 Leyfi til flugstarfsemi.

**3.0 Almenn ákvæði.**
3.1 Flugstarfsemi erlendis.
3.2 Almennt.
3.3 Flugrekstrarstjórn.
3.4 Neyðartilvik.
3.5 Leitar- og björgunarþjónusta.
3.6 Slysavarnir og flugöryggi.
3.7 Hættulegur varningur.

**4.0 Flugrekstur.**
4.1 Rekstraraðstaða.
4.2 Rekstrarleyfi og rekstrareftirlit.
4.3 Undirbúningur flugs.
4.4 Starfsaðferðir á flugi.
4.5 Skyldur flugstjóra.
4.6 Skyldur flugumsjónarmanns.
4.7 Fjarflug flugvéla með tvo hverfihreyfla (EROPS).
4.8 Handfarangur.

**5.0 Starfrækslutakmörk á afkastagetu flugvéla.**
5.1 Almenn ákvæði.
5.2 Flugvélar viðurkenndar í samræmi við III. hluta viðbætis 8 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 8, Part III).
5.3 Upplýsingar um hindranir.

**6.0 Mælitæki, búnaður og flugskjöl flugvéla.**
6.1 Almenn ákvæði.
6.2 Allar flugvélar í sérhverju flugi.
6.3 Flugritar.
6.4 Allar flugvélar í sjónflugi.
6.5 Allar flugvélar í flugi yfir haf eða vötn.
6.6 Allar flugvélar á sérlega tilgreindum svæðum.

Prentsmiðjan Gutenberg hf.

6.7 Allar flugvélar í háflugi.
6.8 Allar flugvélar sem fljúga í ísingu.
6.9 Allar flugvélar sem fljúga samkvæmt blindflugsreglum.
6.10 Allar flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til.
6.11 Veðurratsjá.
6.12 Geislunarmælir.
6.13 Hávaðamörk.
6.14 Machtöluvísir.
6.15 Jarðvari (GPWS) í flugvélum með hverfihreyfla.
6.16 Sæti þjónustuliða í flugvélum sem flytja farþega.

**7.0 Fjarskipta- og leiðsögutæki flugvéla.**
7.1 Fjarskiptatæki.
7.2 Leiðsögutæki.
7.3 Frágangar búnaðar.
7.4 Viðurkenning og eftirlit.

**8.0 Viðhald flugvéla.**
8.1 Almennt.
8.2 Viðhaldshandbók.
8.3 Þjálfun.
8.4 Skoðanir.
8.5 Réttindi til að staðfesta lofthæfi.
8.6 Breytingar og viðgerðir.
8.7 Viðhaldsvottorð.
8.8 Skrár.

**9.0 Flugáhafnir.**
9.1 Samsetning áhafnar.
9.2 Skyldur flugliða í neyðarástandi.
9.3 Þjálfunaráætlun flugliða.
9.4 Hæfnikröfur.
9.5 Sjóngler flugliða.

**10.0 Flugumsjónarmaður.**

**11.0 Handbækur, leiðarbækur og skrár.**
11.1 Flugrekstrarhandbók.
11.2 Flughandbók flugvélar.
11.3 Viðhaldshandbók.
11.4 Viðhaldsvottorð.
11.5 Leiðarflugbók.
11.6 Skrá yfir neyðar- og björgunarbúnað um borð.
11.7 Flugritaskrár.

**12.0 Þjónustuliðar.**
12.1 Skipun í neyðarstörf.
12.2 Þjónustuliðar á neyðarrýmingarstöðum.
12.3 Verndun þjónustuliða.
12.4 Þjálfun.

**13.0 Flugvernd.**
13.1 Öryggisráðstafanir vegna stjórnklefa.
13.2 Gátlisti vegna sprengjuleitar í flugvélum.
13.3 Þjálfunaráætlun.
13.4 Tilkynningarskylda um ólögleg afskipti.

**14.0 Ýmis ákvæði.**
14.1 Undanþágur.
14.2 Refsiákvæði.
14.3 Gildistaka.

## 1.0 ORÐASKÝRINGAR

Þegar eftirfarandi orð og orðasambönd eru notuð í þessari reglugerð hafa þau merkingu þá sem hér segir:

**Að staðfesta lofthæfi** (To certify as airworthy) : Að staðfesta að loftfar eða hluti þess fullnægi gildandi skilyrðum um lofthæfi eftir grannskoðun, viðgerð, breytingu eða ísetningu.

**Aðallisti um lágmarksútbúnað** (Master minimum equipment list, MMEL) : Listi sem gerður er fyrir ákveðna flugvélartegund af framleiðanda hennar og samþykktur af flugmálastjórn framleiðslulands. Hann tilgreinir þau atriði, eitt eða fleiri, sem leyfilegt er að séu í ólagi í upphafi flugs. Aðallistinn getur tengst sérstökum flugskilyrðum, takmörkunum eða flugaðferðum.

**Aðstoðarflugmaður** (Co-pilot) : Flugmaður sem er handhafi flugskírteinis og gegnir hvers konar flugmannsstarfi í loftfari, öðru en starfi flugstjóra, þó ekki flugmaður sem er í loftfarinu eingöngu til að njóta flugkennslu.

**Afkastageta flugvélar** (Aeroplane performance) : Útreiknaðir og prófaðir eiginleikar flugvélar að því er varðar getu og takmörk hennar á öllum stigum flugs við aðstæður sem hún kann að vera starfrækt við.

**Akstur loftfara** (Taxiing) : Hreyfingar loftfars um flugvöll fyrir eigin afli að undanskildu flugtaki og lendingu, en að meðtöldu flugi þyrlna með aksturshraða loftfara rétt yfir yfirborði flugvallar innan áhrifa frá jörðu, þ.e. flugakstur.

**Almannaflug** (General aviation operation) : Starfræksla loftfars sem hvorki telst flutningaflug né verkflug.

**Athafnasvæði** (Movement area) : Sá hluti flugvallar sem ætlaður er fyrir flugtök og lendingar loftfara og ferðir þeirra á jörðu, þ.e. umferðarsvæði og hlöð.

**Atvinnuflug** (Commercial aviation) : Almennt hugtak um flugstarfsemi sem stendur almenningi til boða gegn gjaldi.

**Ákvörðunarflughæð/hæð** (Decision altitude/height, DA/H) : Ákveðin flughæð/hæð í nákvæmnisaðflugi þar sem hefja verður fráflug ef lágmarksviðmiðun um skyggni til þess að halda áfram aðflugi hefur ekki verið náð.

**Ákvörðunarflugvöllur** (Destination aerodrome) : Flugvöllur sem skrá má í flugáætlun sem fyrirhugaðan lendingarstað.

**Blindflug** (IFR-flight) : Flug samkvæmt blindflugsreglum (IFR).

**Blindflugsskilyrði** (Instrument meteorological conditions, IMC) : Veðurskilyrði neðan við lægstu mörk sjónflugsskilyrða, tilgreind sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð.

**Eftirlitsflugmaður** (Check-pilot) : Flugmaður sem falið er það verkefni að hafa eftirlit með og prófa færni flugmanna í þeim tilgangi að viðhalda eða auka réttindi þeirra. Hann er tilnefndur af flugmálastjórn eða af flugrekanda og samþykktur af flugmálastjórn.

**Einkaflug** (Private aviation) : Flugstarfsemi sem stunduð er fyrst og fremst ánægjunnar vegna eða til að afla frekari réttinda og ekkert endurgjald kemur fyrir. Það telst jafnframt einkaflug ef maður flýgur í tengslum við starf sitt og hefur ekki hagnað af rekstri loftfarsins né fær sérstaklega greitt fyrir að stjórna því. Það telst ekki endurgjald þótt aðiljar skipti með sér beinum kostnaði vegna rekstrar loftfarsins.

**Einelti** (Interception) : Það að fljúga í veg fyrir loftfar eða elta það uppi til þess að gefa stjórnendum þess leiðbeiningar um að breyta flugferli einhverra hluta vegna.

**Fartími** (Flight time) : Allur tíminn frá því að loftfar hreyfist af stað fyrir eigin afli í því skyni að hefja flugtak þar til það stöðvast að afloknu flugi. Hann er talinn frá því að loftfar hreyfist frá þeim stað sem það er fermt þar til það nemur staðar til affermingar.

**Fjarflug** (Extended range operation, EROPS) : Flug flugvélar með tvo hverfihreyfla þegar fartími á farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan frá sérhverjum stað á flugleiðinni til nothæfs varaflugvallar er umfram þau fjarflugsmörk sem Flugmálastjórn hefur samþykkt.

**Fjarflugsmörk** (Threshold time) : Hámarkstími sem taka má að fljúga til næsta nothæfa varaflugvallar á flugleið frá sérhverjum stað á tiltekinni flugleið flugvélar með tvo hverfihreyfla, þegar henni er flogið á farflugshraða með annan hreyfil óvirkan.

**Flugaðferðahandbók** (Aircraft Operating Manual) : Handbók sem lýsir aðferðum við starfrækslu ákveðinnar tegundar loftfars við eðlilegar og afbrigðilegar aðstæður og í neyðartilvikum, skilgreinir kerfi þess og hefur að geyma þá gátlista sem nota skal.

**Flugáætlun** (Flight plan) : Tilteknar upplýsingar um fyrirhugað flug loftfars eða hluta flugs, látnar flugumferðarþjónustudeild í té.

**Flugbrautarskyggni** (Runway visual range, RVR) : Fjarlægð þaðan sem flugmaður loftfars á miðlínu flugbrautar getur séð yfirborðsmerkingar flugbrautarinnar eða þau ljós sem afmarka hana eða sýna miðlínu hennar.

**Flughandbók flugvélar** (Aeroplane Flight Manual) : Handbók sem tengd er lofthæfiskírteininu þar sem tilgreint er innan hvaða marka flugvélin er talin lofthæf og gefnar eru nauðsynlegar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir flugliða um örugga starfrækslu flugvélarinnar.

**Flughæð** (Altitude) : Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar sem litið er á sem punkt, mæld frá meðalsjávarmáli (MSL).

**Fluglag** (Flight level) : Flötur með sama loftþrýstingi sem miðaður er við ákveðið loftþrýstimið, 1013,2 hektópasköl (hPa), og aðgreindur er frá öðrum slíkum flötum af tilteknum loftþrýstingsmun.

**Flugliði** (Flight crew member) : Áhafnarliði sem er handhafi fullgilds skírteinis og falið er starf sem nauðsynlegt er við starfrækslu loftfars meðan á fartíma stendur.

**Flugrekandi** (Operator) : Einstaklingur, fyrirtæki eða stofnun sem stundar eða býðst til að stunda rekstur loftfars. Flugrekandi þarf tilskilin leyfi samgönguráðuneytis og flugmálastjórnar til þess að stunda atvinnuflug.

**Flugrekstrarhandbók** (Operations Manual) : Handbók, samþykkt af flugmálastjórn en samin af flugrekanda, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfslið hans um einstök svið eða þætti flugrekstrarins.

**Flugrekstrarleyfi** (Air operator certificate) : Leyfisbréf sem heimilar flugrekanda að framkvæma tiltekið flutningaflug.

**Flugrekstrarstjórn** (Operational control) : Stjórn á einstökum þáttum flugs, upphafi, áframhaldi, breytingum á framvindu þess eða lokum, með öryggi loftfars, reglufestu í áætlunum og hagkvæmni flugsins í huga.

**Flugriti** (Flight recorder) : Hvers konar síriti í loftfari (þar með taldir ferðriti og hljóðriti) sem skráir upplýsingar er komið gætu að gagni við rannsókn flugslysa eða flugóhappa.

**Flugskyggni** (Flight visibility) : Skyggni fram á við úr stjórnklefa loftfars á flugi.

**Flugskyldutími** (Flight duty period) : Heildartíminn frá því flugliði byrjar skyldustörf sín eftir hvíldartíma og áður en farið er í flugferð, eina eða fleiri, þar til hann er laus frá öllum skyldustörfum eftir að hafa lokið flugferðinni eða flugferðunum.

**Flugstjóri** (Pilot-in-command) : Flugmaður sem ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi loftfars meðan á fartíma stendur.

**Flugstjórnardeild** (Air traffic control unit) : Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnarmiðstöð, aðflugsstjórn eða flugturn.

**Flugstjórnarþjónusta** (Air traffic control service) : Þjónusta veitt í því skyni að koma í veg fyrir árekstra milli loftfara, milli loftfara og hindrana á umferðarsvæði flugvalla og til að greiða fyrir skipulegri flugumferð.

**Flugtími** (Airborne time) : Sá hluti fartíma frá því að loftfar lyftist frá yfirborði jarðar þar til það snertir hana aftur á næsta lendingarstað.

**Flugturn** (Aerodrome control tower) : Deild flugumferðarþjónustu sem veitir flugvallarumferð flugstjórnarþjónustu.

**Flugturnsþjónusta** (Aerodrome control service) : Flugstjórnarþjónusta veitt flugvallarumferð.

**Flugumferð** (Air traffic) : Öll loftför á flugi eða á ferð á umferðarsvæði flugvallar.

**Flugumferðarþjónusta** (Air traffic services, ATS) : Almennt hugtak sem táknar ýmist flugupplýsingaþjónustu, viðbúnaðarþjónustu, ráðgjafarþjónustu eða flugstjórnarþjónustu (flugstjórnarsvæðisþjónustu, aðflugsstjórnarþjónustu og flugturnsþjónustu).

**Flugumferðarþjónustudeild** (Air traffic service unit) : Almennt hugtak sem táknar ýmist flugstjórnardeild, flugupplýsingamiðstöð eða flugvarðstofu.

**Flugvallarlágmörk** (Aerodrome operating minima) : Neðstu leyfilegu veðurfarsmörk til að nota megi flugvöll til flugtaks og lendingar, venjulega tilgreind sem lágmarksskyggni eða flugbrautarskyggni, ákvörðunarflughæð/hæð eða lágmarkslækkunarflughæð/hæð og skýjafar.

**Flugvél** (Aeroplane) : Vélknúið loftfar þyngra en loft sem helst á flugi aðallega vegna verkana loftsins á vængfleti sem eru óhreyfanlegir meðan á tilteknum þætti flugs stendur.

**Flugverji** (Crew member) : Áhafnarliði sem gegnir starfi um borð í loftfari meðan á fartíma stendur enda telst starf hans nauðsynlegt fyrir örugga starfsrækslu loftfarsins eða fyrir öryggi farþeganna.

**Flugvöllur** (Aerodrome) : Tiltekið svæði á láði eða legi (að meðtöldum byggingum og búnaði) sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komu, brottför og hreyfingar loftfara á jörðu niðri.

**Flugþjálfi** (Synthetic flight trainer) : Sameiginlegt heiti yfir tæki á jörðu þar sem líkt er eftir flugaðstæðum. Til þeirra teljast:

**Flughermir** (Flight simulator) sem gefur svo nákvæma mynd af stjórnrými tiltekinnar tegundar loftfars að stjórn vélrænna kerfa, rafmagns- og rafeindakerfa, svo og annarra kerfa, líkist í raun því sem er í þessari tegund loftfars. Enn fremur líkjast umhverfi flugliða, getumörk loftfarsins og flugeiginleikar á sama hátt.

**Flugaðferðaþjálfi** (Flight procedures trainer) sem gefur raunhæfa mynd af stjórnrými þar sem líkja má eftir viðbrögðum mælitækja og stjórn á vélrænum kerfum, rafmagns- og rafeindakerfum, svo og öðrum kerfum, ásamt getumörkum og flugeiginleikum loftfars af tilteknum flokki.

**Blindflugsþjálfi** (Basic instrument flight trainer) sem búinn er viðeigandi mælitækjum til að líkja eftir aðstæðum í stjórnrými loftfars á flugi í blindflugsskilyrðum.

**Flutningaflug** (Commercial air transport operation) : Starfræksla loftfars sem felur í sér flutninga á farþegum, vörum eða pósti gegn endurgjaldi.

**Gangtími** (Time in service) : Viðmiðunartími fyrir viðhaldsskrár o.þ.h., skráður sem flugtími.

**Gildandi flugáætlun** (Current flight plan) : Flugáætlun, með eða án breytinga frá skráðri flugáætlun, eftir að flugheimild hefur verið veitt.

**Grannskoðun** (Overhaul) : Prófanir og/eða framkvæmdir á loftförum eða hlutum til þeirra í samræmi við gildandi fyrirmæli og leiðbeiningar sem fela í sér endurnýjun, að nokkru eða öllu leyti, og hafa í för með sér að talning gangtíma hlutaðeigandi loftfara eða hluta til þeirra hefst að nýju frá byrjun.

**Hámarksmassi** (Maximum mass) : Leyfður hámarksflugtaksmassi loftfars.

**Hindrunarlaust klifursvæði** (Clearway) : Skilgreint rétthyrnt svæði á láði eða legi sem flugmálastjórn hefur ákvörðunarrétt yfir og valið er eða gert nothæft fyrir flugvél að fljúga yfir meðan hún flýgur hluta af fyrsta klifri sínu í ákveðna hæð.

**Hvíldartími** (Rest period) : Sá tími á jörðu niðri sem flugliði er laus undan allri vinnuskyldu fyrir flugrekanda.

**Hæð** (Height) : Lóðrétt fjarlægð lárétts lags, punkts eða hlutar sem litið er á sem punkt, mæld frá tiltekinni viðmiðun.

**Hættulegur varningur** (Dangerous goods) : Hlutir eða efni sem stofnað geta heilsu, öryggi eða verðmætum í verulega hættu ef þau eru flutt flugleiðis.

**ICAO** (International Civil Aviation Organization) : Alþjóðaflugmálastofnunin.

**IFR** (Instrument flight rules) : Alþjóðleg skammstöfun sem notuð er um blindflugsreglur.

**ILS** (Instrument landing system) : Blindlendingarkerfi.

**Jarðvari** (Ground proximity warning system, GPWS) : Kerfi sem gefur flugliðum viðvörun um jarðnánd í klifri, leiðarflugi, lækkun eða aðflugi að flugvöllum miðað við flugham og starfrækslu loftfars.

**Kennsluflug** (Instructional flying) : Notkun loftfars við formlega flugkennslu með flugkennara um borð eða þegar flugnemi flýgur einn undir eftirliti flugkennara.

**Komuskýrsla** (General declaration) : Skýrsla með sömu upplýsingum og færðar eru í leiðarflugbók og afhent er hlutaðeigandi yfirvöldum þess ríkis sem flogið er til, sé þess óskað.

**Landflug** (Cross-country flight) : Flug til fyrir fram ákveðins staðar þar sem hugsanlega er lent og farið er einkum til þess að afla reynslu í flugleiðsögu.

**Listi um lágmarksútbúnað** (Minimum equipment list, MEL) : Listi sem kveður á um notkun flugvélar með ákveðinn búnað óstarfhæfan, að tilgreindum skilyrðum uppfylltum, er flugrekandi semur samkvæmt aðallista um lágmarksútbúnað fyrir flugvélartegundina eða með strangari takmörkunum en þar eru sett.

**Lágmarksflughæð/hæð yfir hindrun** (Obstacle clearance altitude/height, OCA/H) : Lægsta flughæð (OCA) eða lægsta hæð yfir flugbrautarþröskuldi eða flugbraut (OCH) sem ákveðnar eru til að fá fram fyrirskipaðan aðskilnað frá hindrunum.

**Lágmarkslækkunarflughæð/hæð** (Minimum descent altitude/height, MDA/H): Tiltekin flughæð/hæð sem ekki má fljúga niður fyrir í hringaðflugi eða aðflugi sem ekki er nákvæmnisaðflug, nema sjáist til jarðar.

**Leiðarflug** (En-route flight) : Sá hluti flugs milli áfangastaða sem ekki telst til brottflugs eða aðflugs.

**Leiðarflugbók** (Journey log book (Flight log)) : Leiðarbók sem í eru skráðar upplýsingar um loftfar, ferðir þess og áhöfn, fartíma og viðfangsefni.

**Leiðarflugáætlun** (Operational flight plan) : Áætlun flugrekanda um öruggan framgang flugs, gerð með hliðsjón af getumörkum loftfars, öðrum starfrækslutakmörkunum og þeim ytri skilyrðum sem skipta máli og búist er við á fyrirhugaðri flugleið og á viðkomandi flugvöllum.

**Leiguflug** (Charter flight) : Óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarksmassa 5700 kg eða meira, eða sem viðurkennd eru til flutnings á 10 farþegum eða fleiri.

**Lendingarvegalengd** (Landing distance) : Lárétt vegalengd frá þröskuldi til þess staðar þar sem hægt er að stöðva flugvél eftir að hún hefur flogið yfir þröskuldinn í 50 feta (15 m) hæð á þeim hraða sem kveðið er á um í flughandbók eða kröfum um afkastagetu.

**Loftfar** (Aircraft) : Sérhvert það tæki sem haldist getur á flugi vegna verkana loftsins annarra en loftpúðaáhrifa við yfirborð jarðar.

**Loftfarstegund** (Type of aircraft) : Öll loftför, hönnuð á sama hátt í grundvallaratriðum, með þeim breytingum sem á þeim kunna að hafa verið gerðar svo fremi að þær hafi ekki haft í för með sér breytta flugeiginleika.

**Markhreyfill** (Critical engine) : Sá hreyfill sem hefði óhagstæðust áhrif á afkastagetu og stjórn loftfars ef hann bilaði.

**Málhiti** (Standard temperature) : Alþjóðlega skilgreindur meðalhiti í lofthjúpi jarðar.

**Málloft** (International standard atmosphere) : Alþjóðlega skilgreint meðalástand lofthjúps jarðar.

**Nákvæmnisaðflug** (Precision approach procedure) : Stöðluð aðferð við blindaðflug þar sem stuðst er við stefnu- og svifgeislasendingar frá tækjum á jörðu niðri, svo sem blindlendingarkerfi (ILS) eða nákvæmnisratsjá (PAR).

**Nótt** (Night) : Sá tími sem miðpunktur sólar er 6° eða meira fyrir neðan sjóndeildarhring.

**PAR** (Precision approach radar) : Nákvæmnisratsjá.

**Reglubundið áætlunarflug** (Scheduled Flights) : Röð flugferða sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum:

a) Flugferðirnar eru farnar með loftförum sem ætluð eru til flutnings á farþegum, pósti eða vörum gegn gjaldi.

b) Flugferðunum er ætlað að fullnægja ákveðinni flutningsþörf milli tveggja eða fleiri staða eftir ákveðinni tímaáætlun eða ferðirnar eru farnar svo títt og reglulega að augljóst er að fylgt er ákveðinni áætlun.
c) Sérhver flugferð stendur almenningi til boða gegn greiðslu meðan rými er fáanlegt.
d) Leyfi til reglubundins áætlunarflugs eru tvenns konar, þ.e. sérleyfi og almennt áætlunarleyfi. Með sérleyfi er átt við einkarétt til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst á ákveðinni leið en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörfinni á hlutaðeigandi leið. Með almennu áætlunarleyfi er átt við leyfi til áætlunarflugs með farþega, vörur og póst, á ákveðinni leið án sérleyfis, en jafnframt skyldu til að halda uppi föstum áætlunarferðum og fullnægja flutningsþörf á hlutaðeigandi leið, eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma.

Skipulagðar áætlanir um flugferðir sem farnar eru með leiguflugi falla ekki undir þessa skilgreiningu.

**Ríki flugrekanda** (State of the Operator) : Ríki þar sem flugrekandi hefur aðalaðsetur flugrekstrar síns, eða ef slíkur staður er ekki til, þá ríki lögheimilis hans.

**SIGMET-upplýsingar** (SIGMET information) : Upplýsingar frá veðurstofu um að kunnugt sé um eða búist við sérstökum veðurskilyrðum á flugleið sem gætu haft áhrif á öryggi flugs.

**Sjónflug** (VFR-flight) : Flug samkvæmt sjónflugsreglum (VFR).

**Sjónflugsskilyrði** (Visual meteorological conditions, VMC) : Veðurskilyrði sem tilgreind eru sem skyggni, fjarlægð frá skýjum og skýjahæð og eru jöfn eða betri en tilgreind lágmörk.

**Skráningarríki** (State of Registry) : Ríkið sem hefur hlutaðeigandi loftfar á loftfaraskrá sinni.

**Tiltæk flugtaksvegalengd** (Take off distance available, TODA) : Lengd tiltæks flugtaksbruns, að viðbættri lengd hindrunarlauss klifursvæðis ef séð hefur verið fyrir slíku.

**Tiltæk hemlunarvegalengd við flugtak** (Accelerate-stop distance available, ASDA) : Lengd tiltæks flugtaksbruns (TORA), að viðbættri lengd öryggisbrautar ef hún er fyrir hendi.

**Tiltæk lendingarvegalengd** (Landing distance available, LDA) : Sú lengd flugbrautar sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í lendingu. Tiltæk lendingarvegalengd byrjar við þröskuldinn og er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.

**Tiltækt flugtaksbrun** (Take-off run available, TORA) : Sú lengd flugbrautar sem lýst hefur verið yfir að sé tiltæk og nothæf fyrir brautarbrun flugvélar í flugtaki. Tiltækt flugtaksbrun er venjulega lengd flugbrautar með bundnu slitlagi.

**Undirritun viðhaldsvottorðs** (Signing a maintenance release) : Vottun þess að eftirlit og viðhald hafi verið framkvæmt á fullnægjandi hátt og samkvæmt aðferðum þeim sem viðhaldshandbókin mælir fyrir um, með því að gefa út viðhaldsvottorð.

**Varaflugvöllur** (Alternate aerodrome) : Flugvöllur sem fljúga má til þegar ógerlegt er eða óráðlegt að halda áfram flugi til ákvörðunarflugvallar eða lenda á honum. Til varaflugvalla teljast:

**Varaflugvöllur við flugtak** (Take-off alternate) : Varaflugvöllur sem unnt er að lenda á ef nauðsyn krefur skömmu eftir flugtak, ef ekki er gerlegt að nota brottfararflugvöll.

**Varaflugvöllur á flugleið** (En-route alternate) : Flugvöllur sem loftfar gæti lent á ef upp kæmi óvenjulegt ástand eða neyðarástand í leiðarflugi.

**Varaflugvöllur ákvörðunarstaðar** (Destination alternate) : Varaflugvöllur sem fljúga má til ef ógerlegt eða óráðlegt reynist að lenda á ákvörðunarflugvelli.

**Veðurupplýsingar** (Meteorological information) : Veðurathuganir, veðurgreiningar, veðurspár og sérhver tilkynning er varðar ríkjandi eða væntanleg veðurskilyrði.

**Veðurstofa** (Meteorological Authority) : Embætti sem veitir eða sér um veðurþjónustu fyrir flug fyrir hönd aðildarríkis Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO).

**Verkflug** (Aerial work) : Starfræksla loftfars í sérhæfðri starfsemi og þjónustu, svo sem í landbúnaði, byggingavinnu, við ljósmyndun, landmælingar, athuganir og eftirlit úr lofti, leit og björgun, auglýsingaflug o.s.frv.

**Viðurkennd viðhaldsstofnun** (Approved maintenance organization) : Stofnun sem fengið hefur samþykki Flugmálastjórnar til að skoða, grannskoða, viðhalda, gera við og/eða breyta loftförum eða hluta þeirra undir umsjón sem viðurkennd er af flugmálastjórn og/eða flugmálastjórn hlutaðeigandi lands.

**Viðurkennd þjálfun** (Approved training) : Þjálfun samkvæmt ákveðinni námsskrá og undir umsjón sem samþykkt er af flugmálastjórn.

**Þjónustuflug** (Taxi-flights) : Óreglubundið flug til flutninga á farþegum og vörum í loftförum sem hafa hámarksmassa minni en 5700 kg og viðurkennd eru til flutnings á allt að 9 farþegum.

**Þjónustuliði** (Cabin attendant) : Áhafnarliði sem er starfsmaður flugrekanda og falið er starf um borð í loftfari meðan á fartíma stendur sem er nauðsynlegt öryggi farþega, þó ekki starf flugliða.

**Þrýstingshæð** (Pressure altitude) : Loftþrýstingur sýndur sem hæð yfir sjávarmáli er samsvarar þrýstingi mállofts.

**Þröskuldur** (Threshold) : Byrjun á þeim hluta flugbrautar sem nothæfur er til lendingar.

**Öryggistygi** (Safety harness) : Axla- og sætisólar, sem nota má hvorar í sínu lagi, til þess að festa flugliða eða farþega í sæti sínu.

## 2.0 GILDISSVIÐ

Reglugerð þessi tekur til flutningaflugs með íslenskum flugvélum og erlendum flugvélum sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir.

Tölusetning málsgreina í þessari reglugerð er að miklu leyti sú sama og í viðbæti 6, hluta I, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 6, Part I) nema þar sem um er að ræða séríslenskar reglur sem ekki eiga sér samsvörun í viðbætinum.

## 2.1 Skipting flugstarfsemi.

Almenn flugstarfsemi skiptist þannig:

a) **Flutningaflug**
   1) Reglubundið áætlunarflug
   2) Leiguflug
   3) Þjónustuflug

b) **Verkflug**

c) **Almannaflug**
   1) Einkaflug
   2) Kennsluflug

**2.2 Leyfi til flugstarfsemi.**
Samgönguráðuneytið veitir leyfi til loftferða í fjáraflaskyni. Nefnist það flugrekstrarleyfi. Samgönguráðuneytið veitir einnig sérstakt leyfi til flutningaflugs, en flugmálastjórn/loftferðaeftirlit gefur út viðbæti við flugrekstrarleyfi, þar með talið m.a. til verkflugs og kennsluflugs. Í viðbætinum, sem telst hluti leyfisins, kemur fram nánari skilgreining á flugrekstrinum og loftfaraskrá.

**3.0 ALMENN ÁKVÆÐI**

**3.1 Flugstarfsemi erlendis.**
Flugrekandi skal sjá um að allt starfsfólk hans, sem starfar erlendis, viti að því ber að fara eftir lögum, reglum og starfsháttum sem gilda í þeim ríkjum þar sem flugreksturinn er stundaður.

**3.2 Almennt.**
Flugrekandi skal sjá um að sérhver flugmaður í þjónustu hans sé kunnugur lögum, reglum og starfsháttum er eiga við um skyldustörf hans og gilda um þau svæði sem flogið skal yfir, flugvelli sem nota á og leiðarvirki þeim tengdum. Flugrekandi skal sjá um að öðrum flugliðum í þjónustu hans séu kunn lög, reglur og starfshættir varðandi skyldustörf þeirra við starfrækslu flugvélarinnar.

**3.3 Flugrekstrarstjórn.**
3.3.1 Flugrekandi eða tilnefndur fulltrúi hans skal bera ábyrgð á flugrekstrarstjórn.

**3.3.2 Framkvæmdastjóri flugdeildar.**
Flugrekandi, sem stundar flutningaflug, skal hafa framkvæmdastjóra flugdeildar sem ber ábyrgð á flugrekstrinum í heild. Framkvæmdastjórinn skal hafa sér til aðstoðar flugrekstrarstjóra og tæknistjóra. Framkvæmdastjóri og flugrekstrarstjóri bera í sameiningu ábyrgð á flugrekstrinum. Framkvæmdastjóri og tæknistjóri bera í sameiningu ábyrgð á tæknilegri hlið flugrekstrarins. Flugmálastjórn getur heimilað að framkvæmdastjóri sé jafnframt flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri. Flugrekstrarstjóri skal vera starfsmaður hjá hlutaðeigandi fyrirtæki. Sama á við um tæknistjóra, en flugmálastjórn getur veitt undanþágu frá því ef sérstökum ástæðum er til að dreifa að hennar mati.

3.3.2.1 Flugrekstrarstjóri skal vera flugmaður að mennt eða hafa sambærilega menntun á flugsviði. Tæknistjóri skal hafa flugvéltæknimenntun eða aðra sambærilega menntun. Þeir skulu hafa hlotið viðurkenningu flugmálastjórnar til starfsins og hafa gengist undir sérstakt próf hjá flugmálastjórn til þess að sanna hæfni sína.

**3.3.3 Flugrekstrarstjóri ber ábyrgð á eftirfarandi:**

a) Stjórn og rekstri flugstarfseminnar, svo og skipulagi og umfangi flugrekstrardeildar flugrekanda,
b) að tiltækar séu leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun á starfsemi og starfsmannahaldi fyrirtækisins á jörðu og á flugi og að slíkum leiðbeiningum sé alltaf rétt við haldið,
c) mati á hæfni starfsliðs flugrekstrardeildar við ráðningar og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) samþykkt flugverkefna frá sjónarmiði flugrekstrar, skiptingu og skipulagningu slíkra verkefna með hliðsjón af hæfni flugverja og á að flugverjar fái nægilega kennslu og þjálfun til þeirra verkefna sem þeim er ætlað að sinna,

e) þjálfun flugverja og eftirliti með henni samkvæmt gildandi reglum og flugrekstrarhandbók flugrekanda,
f) að afla nauðsynlegra leyfa og á að tiltæk sé leiðarþjónusta og upplýsingar um leitar- og björgunarþjónustu fyrir hvert það svæði sem fljúga á yfir hverju sinni,
g) að hver og einn flugverji hafi, að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er vegna starfs hans, upplýsingar um reglur og fyrirmæli í gildi á því svæði sem flogið skal yfir, um flugvelli sem nota skal og um tilheyrandi leiðarvirki á svæðum þessum og flugvöllum, svo og skyldur til að fara eftir þeim,
h) að leiðarbækur og skýrslur, sem krafist er í flugrekstrinum, séu rétt og reglulega gerðar og við haldið og
i) að fullnægt sé „Reglugerð um tilkynningarskyldu" eins og hún er á hverjum tíma.

3.3.4 **Tæknistjóri ber ábyrgð á eftirfarandi:**
a) stjórn, skipulagi og rekstri tæknideildar flugrekanda, samningum um viðhald sem unnið er af utanaðkomandi aðiljum (viðurkenndri viðhaldsstofnun) og framkvæmd þess,
b) að tiltækar séu leiðbeiningar um stöðu, ábyrgð og tilhögun viðhaldseftirlits, viðhaldsvöndun og vinnubrögð í tæknideild og að slíkum leiðbeiningum sé við haldið,
c) mati á hæfni tæknistarfsliðs í ábyrgðarstöðum og nauðsynlegri þjálfun þess,
d) útvegun og meðferð alls efnis sem notað er í viðhaldi og máli skiptir fyrir gæðastaðla viðhaldsdeildar flugrekanda,
e) að viðhaldsbækur og skýrslur, sem krafist er, séu rétt og reglulega færðar og við haldið og
f) að fullnægt sé „Reglugerð um tilkynningarskyldu" eins og hún er á hverjum tíma.

3.3.5 **Sameiginleg ábyrgð.**
Flugrekstrarstjóri og tæknistjóri bera sameiginlega ábyrgð á skipulagningu þeirrar starfsemi sem tengir flugrekstur og viðhald og á því að koma á fót eftirliti og hafa stöðugt eftirlit með endingu og bilunum einstakra hluta.

3.3.6 **Mannaskipti.**
Ef flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri láta af störfum hjá flugrekanda eða hyggjast gera það, ber framkvæmdastjóra hans að tilkynna það tafarlaust til flugmálastjórnar og sækja jafnframt um viðurkenningu á eftirmanni. Starfsemi flugrekanda má ekki halda áfram án leyfis flugmálastjórnar fyrr en nýr flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri hefur hafið störf hjá flugrekanda. Flugrekstrarstjóri og/eða tæknistjóri mega tilnefna staðgengil í fjarveru sinni. Leita ber viðurkenningar flugmálastjórnar fyrirfram á hlutaðeigandi staðgengli.

3.4 **Neyðartilvik.**
Í neyðartilvikum, sem stofna flugvél eða fólki í hættu og valda því að brjóta verður í bága við staðbundnar reglur og starfshætti, skal flugstjóri án tafar tilkynna það hlutaðeigandi yfirvöldum. Ef þess er krafist af ríkinu þar sem atvikið á sér stað, skal flugstjórinn leggja fram skýrslu um brotið til hlutaðeigandi yfirvalds þess ríkis. Í því tilviki skal flugstjórinn einnig leggja fram afrit til flugmálastjórnar Íslands. Skýrsluna á að leggja fram eins fljótt og unnt er og að jafnaði innan tíu daga.

**3.5 Leitar- og björgunarþjónusta.**
Flugrekendur skulu sjá um að flugstjóri hafi til taks um borð í flugvél, sem hann stjórnar, allar nauðsynlegar upplýsingar um leitar- og björgunarþjónustu á svæði því sem fyrirhugað er að fljúga yfir.

**3.6 Slysavarnir og flugöryggi.**
Flugrekandi skal koma á og framfylgja áætlun um slysavarnir og flugöryggi.

**3.7 Hættulegur varningur.**
Fara ber eftir „Reglugerð um öruggan flutning hættulegs varnings flugleiðis" eins og hún er á hverjum tíma. Sú reglugerð er þýðing á viðbæti 18 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 18).

## 4.0 FLUGREKSTUR

**4.1 Rekstraraðstaða.**

4.1.1 Flugrekandi skal tryggja að flug hefjist ekki nema gengið hafi verið úr skugga um með öllum venjulegum tiltækum ráðum að aðstaða á láði og legi, sem tiltæk er og beinlínis nauðsynleg í viðkomandi flugi til þess að gæta rekstraröryggis flugvélarinnar og verndar farþeganna, sé fullnægjandi fyrir þá tegund flugs sem um er að ræða og starfrækt réttilega með þetta í huga.
Orðalagið „venjuleg tiltæk ráð" í þessum reglum merkir að flugrekandi noti tiltækar upplýsingar fyrir brottför, annað hvort frá opinberri flugupplýsingaþjónustu eða þær sem unnt er að fá auðveldlega eftir öðrum leiðum. Orðalagið „aðstaða sem er tiltæk og beinlínis nauðsynleg" felur ekki í sér slökkvi-, leitar- og björgunarbúnað.

4.1.2 Flugrekandi skal sjá um að hlutaðeigandi yfirvöldum sé tilkynnt án óhóflegrar tafar um allan vanbúnað flugmannvirkja sem vart verður við meðan á flugstarfseminni stendur.

**4.2 Rekstrarleyfi og rekstrareftirlit.**

**4.2.1 Flugrekstrarleyfi.**

4.2.1.1 Samgönguráðuneytið veitir leyfi til flutningaflugs. Nefnist það flugrekstrarleyfi. Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit gefur út viðauka við flugrekstrarleyfið. Telst hann hluti flugrekstrarleyfis og er flugreksturinn nánar skilgreindur í honum og þeirra loftfara getið sem nota má við starfsemina.

4.2.1.2 Í flugrekstrarleyfi er tilgreint nákvæmlega til hvers konar flugstarfsemi leyfið er veitt og veitir það ekki heimild til annars konar flugstarfsemi en þar segir. Flugrekanda ber að haga flugrekstri sínum í samræmi við þau skilyrði sem sett eru í flugrekstrarleyfinu.

4.2.1.3 Þeir sem hyggjast sækja um flugrekstrarleyfi, endurnýjun eða breytingar á eldra leyfi skulu senda flugmálastjórn umsókn á þar til gerðum eyðublöðum. Fram skulu koma allar þær upplýsingar sem þar er beðið um. Sérstaklega skal veita nákvæmar upplýsingar um eftirfarandi atriði:

a) nafn umsækjanda eða fyrirtækis, heimilisfang, kennitölu og símanúmer,
b) þjóðerni umsækjanda, viðskiptabanka og/eða fjármögnunaraðilja. Ef um félag er að ræða skal tilgreina félagsform og innlent eignarhlutfall, hlutafé og þar af innborgað hlutafé, svo og nafn stjórnarformanns. Einnig komi fram hvort umsækjandi hefur annan atvinnu- eða fjármagnsrekstur með höndum, og þá hvaða,

c) skipulag og stjórn fyrirhugaðrar flugstarfsemi þar sem fram koma nöfn framkvæmdastjóra flugdeildar, flugrekstrarstjóra og tæknistjóra,
d) fyrirhugaðan flugrekstur og flugáætlanir, ásamt fyrirhuguðum fjölda loftfara, tegund þeirra og nafn skráðs eiganda þeirra. Sanna ber umráðarétt yfir loftförunum ef umsækjandi er eigi skráður eigandi þeirra,
e) hvar aðalskrifstofur flugrekanda eru eða verða, svo og aðsetur fyrir yfirstjórn, flugrekstur og viðhald,
f) hversu mikið fjármagn er handbært til flugrekstrarins ásamt gagngerum upplýsingum og útreikningum um rekstrargrundvöll næstu tvö ár, bæði með flutningsáætlunum og fjárhagsáætlunum. Þar af skal eigið fé nægja til að standa straum af kostnaði vegna undirbúnings fyrirhugaðs flugrekstrar, að viðbættum meðalkostnaði við þriggja mánaða rekstur sömu tveggja ára og skal umsækjandi leggja fram fullnægjandi upplýsingar því til staðfestingar

Heimilt er að veita flugrekendum, er starfað hafa sem slíkir undanfarin 5 ár, aðlögunartíma til að uppfylla ákvæði f-liðar um eigið fé. Slíkur aðlögunartími skal eigi veittur lengur en til og með 31. desember 1993. Hyggist flugrekandi nýta sér aðlögunartímann skal hann gera flugmálastjórn grein fyrir því með hvaða hætti kröfur um eigið fé verði uppfylltar.

**4.2.1.4 Skilyrði og eftirlit.**

4.2.1.4.1 **Tímalengd og forsendur.**

Flugrekstrarleyfi er veitt til ákveðins tíma sem þar er nánar tilgreindur. Leyfishafi skal tafarlaust skýra flugmálastjórn frá því ef starfsemi hans breytist á þann veg að forsendur flugrekstarleyfisins eru brostnar, t. d. að því er lýtur að starfsliði, loftförum, vátryggingum eða stjórnendum. Flugmálastjórn metur þá hvort aðgerða er þörf og gerir tillögur til samgönguráðuneytis þar að lútandi.

4.2.1.4.2 **Framlenging.**

Ef óskað er framlengingar flugrekstrarleyfis, skal senda flugmálastjórn beiðni þar að lútandi, a. m. k. þremur mánuðum áður en leyfið rennur út. Í beiðni um framlengingu eða endurnýjun leyfis skal veita upplýsingar um allar þær breytingar sem orðið hafa á starfseminni frá því að leyfið var síðast endurnýjað eða framlengt.

4.2.1.4.3 **Áætlunarleyfi.**

Samgönguráðherra getur veitt sérleyfi eða almenn áætlunarleyfi til ákveðins tíma til reglubundinna áætlunarferða á sérstökum flugleiðum eða til ákveðinna lendingarstaða eða byggðarlaga og/eða frá þeim. Leyfi af þessu tagi eru ávallt bundin þeim skilyrðum að leyfishafi fullnægi flutningaþörf á viðkomandi leið eins og ráðuneytið metur hana á hverjum tíma og fylgi samþykktri áætlun.

**4.2.1.5 Flugeftirlitsnefnd.**

Samgönguráðherra skipar 4 menn í flugeftirlitsnefnd, einn samkvæmt tilnefningu flugmálastjórnar, einn samkvæmt tilnefningu Verðlagsstofnunar og tvo án tilnefningar og skal annar þeirra vera starfsmaður samgönguráðuneytisins. Nefndin annast eftirlit með þjónustu leyfishafa, svo sem með far- og farmgjöldum, tímaáætlunum o. fl., tekur til afgreiðslu hvers kyns rökstuddar kvartanir og gerir tillögur til ráðherra um úrbætur, áminningar eða leyfissviptingar. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur og getur falið henni ýmis önnur verkefni sem varða starfsemi leyfishafa.

**4.2.1.6 Far- og farmgjöld.**
Leyfishafa er skylt að hlíta ákvæðum um far- og farmgjöld sem ráðuneytið setur á hverjum tíma. Nú telur ráðuneytið ástæðu til að breyta far- og farmgjöldum á öllum eða einstökum leiðum og skal þá gefa leyfishafa kost á að láta í té umsögn sína um hina fyrirhuguðu breytingu áður en hún er ákveðin.

**4.2.1.7 Skýrslur.**
Leyfishafa er skylt að senda flugmálastjórn árlega skýrslu um flugstarfsemi liðins árs, tölu farþega, fjölda ferða og aðrar upplýsingar sem máli skipta að dómi flugmálastjórnar, og skal það gert eins fljótt og unnt er í upphafi árs. Flugmálastjórn er heimilt að krefjast mánaðarlegra skýrslna, ef þess er talin þörf. Leyfishafi skal ár hvert senda flugmálastjórn reikninga félagsins fyrir liðið ár jafnskjótt og þeir liggja fyrir.

**4.2.1.8 Vátryggingar.**
Leyfishafa er skylt að kaupa tryggingar og viðhalda þeim í samræmi við ábyrgð þá sem hann ber samkvæmt gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma, sbr. IX. og X. kafla laga um loftferðir nr. 34/1964.

**4.2.2 Flugrekstrarhandbók.**

4.2.2.1 Flugrekandi skal leggja til flugrekstrarhandbók, samþykkta af flugmálastjórn, til notkunar og leiðbeiningar fyrir starfsfólk sitt í flugrekstri samkvæmt grein 11.1. Flugrekstrarhandbókina ber að leiðrétta og endurskoða eftir því sem nauðsynlegt er til þess að tryggt sé að efni hennar sé ávallt í gildi. Allar slíkar breytingar og leiðréttingar skulu samþykktar af flugmálastjórn og síðan afhentar þeim sem eiga að nota flugrekstrarhandbókina.

4.2.2.2 Flugrekandi skal láta flugmálastjórn í té eitt eintak af flugrekstrarhandbókinni ásamt breytingum og/eða leiðréttingum sem á henni kunna að vera gerðar. Inn í bókina skal fella allt það efni sem flugmálastjórn krefst að þar sé.

**4.2.3 Almennar rekstrarleiðbeiningar.**

4.2.3.1 Flugrekandi skal sjá til þess að allt starfsfólk við flugrekstur hans hafi notið fullnægjandi fræðslu og leiðbeiningar um starfssvið sitt og ábyrgð og með hvaða hætti skyldustörf þess tengjast flugrekstrinum í heild.

4.2.3.2 Flugvél skal ekki ekið á athafnasvæði flugvallar nema við stjórntæki hennar sitji maður sem:

a) hefur til þess fulla heimild flugrekanda eða tilnefnds fulltrúa,
b) er hæfur til þess að aka flugvélinni og býr yfir þekkingu á viðeigandi neyðarviðbrögðum,
c) fullnægir kröfum til að mega nota talstöð flugvélarinnar og
d) hefur fengið leiðbeiningar frá hæfum aðilja um skipulag, leiðir, skilti, merkingar og ljós flugvallarins svo og merki, fyrirmæli, orðasambönd og starfshætti flugumferðarstjórnar og er fær um að fylgja þeim reglum sem settar hafa verið um öruggan akstur flugvéla á flugvellinum.

4.2.3.3 Flugrekandi skal gefa út rekstrarfyrirmæli og láta í té upplýsingar um klifurgetu flugvélarinnar með alla hreyfla í gangi til þess að gera flugstjóra kleift að ákveða hvaða klifurhalla er unnt að ná á brottfararkafla flugsins við ríkjandi flugtaksaðstæður og með fyrirhugaðri flugtaksaðferð. Þessar upplýsingar eiga að vera í flugrekstrarhandbókinni.

**4.2.4 Eftirlíking neyðartilvika á flugi.**

Flugrekanda ber að sjá um að ekki sé líkt eftir neyðartilvikum sem geta haft áhrif á flugeiginleika flugvélarinnar, þegar farþegar eru um borð. Ber honum að gefa öllum flugliðum og öðru flugstarfsliði sínu fyrirmæli þar að lútandi.

**4.2.5 Gátlistar.**

Flugliðar skulu nota þá gátlista, sem eru í vélinni skv. grein 6.1.3, fyrir og eftir hvern kafla flugs og meðan á honum stendur, svo og í neyðartilvikum, til að tryggja að fylgt sé fyrirmælum um starfsaðferðir í flugaðferðahandbók og flughandbók vélarinnar eða öðrum gögnum er tengjast lofthæfiskírteini hennar og er að öðru leyti að finna í flugrekstrarhandbók.

**4.2.6 Lágmarksflughæðir.**

4.2.6.1 Flugrekanda er heimilt að ákveða lágmarksflughæðir á þeim leiðum sem stjórnvöld ríkja/ríkis, sem flogið er yfir, hafa þegar ákveðið lágmarkshæðir fyrir, enda séu þær ekki lægri en þær flughæðir sem gildandi reglur hlutaðeigandi ríkja gera ráð fyrir, nema þau ríki veiti sérstaka heimild til þess.

4.2.6.2 Flugrekanda ber að ákveða lágmarksflughæðir á flugleiðum þar sem þær hafa ekki verið ákveðnar af ríkjum þeim sem flogið er yfir. Lágmarksflughæðir þessar skulu ekki vera lægri en lágmarksfluglög fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum, eins og tilgreint er í flugreglum (ICAO Annex 2).

4.2.6.3 Flugrekandi skal gera grein fyrir því með hvaða hætti lágmarksflughæðir eru ákveðnar á flugleiðum þar sem þær hafa ekki verið ákveðnar af stjórnvöldum þess ríkis sem flogið er yfir, og skal þeim aðferðum lýst í flugrekstrarhandbók hans. Lágmarksflughæðir, sem ákveðnar eru með þessum hætti, skulu ekki vera lægri en lágmarksfluglög fyrir flug samkvæmt blindflugsreglum eins og tilgreint er í flugreglum (ICAO Annex 2).

4.2.6.4 Leita ber samþykkis flugmálastjórnar á þeirri aðferð sem notuð er við að ákveða lágmarksflughæðir.

**4.2.7 Flugvallarlágmörk.**

4.2.7.1 Flugrekandi skal setja sér flugvallarlágmörk fyrir hvern flugvöll sem nota á í flugrekstri hans. Leita ber samþykkis flugmálastjórnar á þeirri aðferð sem notuð er við ákvörðun flugvallarlágmarka. Flugvallarlágmörk skulu aldrei vera lægri en þau lágmörk sem sett hafa verið fyrir flugvöllinn af yfirvöldum þess ríkis sem flugvöllurinn er í, nema það hafi sérstaklega verið samþykkt af stjórnvöldum hlutaðeigandi ríkis.

4.2.7.2 Þegar ákveðin eru flugvallarlágmörk fyrir tiltekna flugstarfsemi skal í hvívetna taka tillit til eftirfarandi atriða:

a) tegundar og afkastagetu flugvélarinnar og hvernig hún lætur að stjórn,
b) samsetningar flugáhafnar, hæfni hennar og reynslu,
c) stærðar og eiginleika flugbrauta þeirra sem kunna að verða notaðar,
d) eiginleika tiltækra fjarleiðsögutækja, leiðsöguljósa og marka á jörðu niðri, og að þau séu fullnægjandi,
e) tækjabúnaðar sem tiltækur er í flugvélinni til nota við flugleiðsögu og/eða til að stjórna flugferli í aðflugi til lendingar og í fráflugi,
f) hindrana á aðflugs- og fráflugssvæðum, svo og lágmarksflughæðar yfir hindrun í blindaðflugi,
g) þeirra aðferða sem notaðar eru til þess að ákvarða og tilkynna veðurskilyrði og
h) hindrana á brottflugssvæðum og nauðsynlegra lágmarkshæða yfir þær.

4.2.7.3 Flugvallarlágmark, sem er minna en 800 m skyggni, skal ekki leyft fyrir lendingar nema upplýsingar um flugbrautarskyggni (RVR) séu fyrir hendi.

**4.2.8 Hæð yfir þröskuldi í nákvæmnisaðflugi.**
Flugrekandi skal setja starfsreglur til þess að tryggja að flugvél, sem notuð er í nákvæmnisaðflugi, sé í öruggri hæð yfir þröskuldi í aðflugi og sé í lendingarham og -stöðu.

**4.2.9 Eldsneytis- og olíuskrár.**
4.2.9.1 Flugrekandi skal halda eldsneytis- og olíuskrár fyrir hvert flug til þess að flugmálastjórn geti staðfest að kröfum í grein 4.3.6 hafi verið fullnægt.
4.2.9.2 Flugrekandi skal geyma eldsneytis- og olíuskrár í a.m.k. 3 mánuði.

**4.2.10 Áhöfn.**
4.2.10.1 Flugrekandi skal tilnefna einn flugmann sem flugstjóra fyrir sérhvert flug.
4.2.10.2 Flugrekandi skal halda skrá um fartíma hvers flugliða eins og hann er á hverjum tíma.
4.2.10.3 Flugrekandi skal semja reglur sem takmarka fartíma og flugskyldutíma flugliða í þjónustu hans. Reglur þessar skulu einnig gera ráð fyrir nægilegum hvíldartíma og vera með þeim hætti að tryggt sé að þreyta í einu flugi eða fleirum í röð, eða langvarandi þreyta vegna þessara starfa eða annarra, stofni ekki öryggi flugsins í hættu. Leita ber samþykkis flugmálastjórnar á reglum þessum og þær skulu settar í flugrekstrarhandbók hans.
4.2.10.4 Flugrekandi skal halda sérstakar skrár yfir hvert flug þar sem flogið er í meira en 15000 m (49000 fet) flughæð, til þess að unnt sé að ákvarða hversu mikilli geimgeislun hver flugverji hefur orðið fyrir á hverju 12 mánaða tímabili.

**4.2.11 Farþegar.**
4.2.11.1 Flugrekandi skal tryggja að farþegar í flugvélum á hans vegum fái að vita um staðsetningu og notkun:
a) öryggisbelta,
b) neyðarútganga,
c) björgunarvesta, ef skylt er að hafa þau um borð,
d) súrefnistækja, þegar þeirra er krafist fyrir farþega,
e) annarra tækja sem ætluð eru til einstaklingsnota í neyðartilvikum.

4.2.11.2 Flugrekandi skal kynna farþegum staðsetningu og almennar notkunarreglur helsta neyðarbúnaðar um borð sem ætlaður er til sameiginlegra nota.
4.2.11.3 Í neyðartilvikum á flugi ber að gefa farþegum fyrirmæli um neyðarviðbrögð eftir því sem við á.
4.2.11.4 Við flugtök og lendingar og hvenær sem varúðar telst þörf vegna ókyrrðar í lofti eða neyðartilvika í flugi, skal flugrekandi tryggja að allir farþegar í flugvélinni séu festir í sætum sínum með öryggisbeltum eða öryggistygjum.

**4.3 Undirbúningur flugs.**
4.3.1 Flug skal ekki hafið fyrr en öll undirbúnigsskjöl fyrir flug hafa verið fyllt út og flugstjórinn hefur staðfest að hann sé þess fullviss að:
a) flugvélin sé lofthæf,
b) allur búnaður og tæki, sem krafist er samkvæmt 6. kafla þessarar reglugerðar og nauðsynleg eru fyrir þá tilteknu flugstarfsemi sem framkvæma skal, séu á sínum stað og fullnægjandi fyrir flugið,
c) undirritað hafi verið viðhaldsvottorð fyrir flugvélina eins og mælt er fyrir um í grein 8.7,

d) massi flugvélarinnar sé þannig að framkvæma megi flugið af öryggi með hliðsjón af þeim flugskilyrðum sem gert er ráð fyrir,
e) farminum, sem flytja á, sé rétt hlaðið í flugvélina og hann festur á öruggan hátt,
f) athugun hafi leitt í ljós að unnt sé að fullnægja ákvæðum 5. kafla þessarar reglugerðar um starfrækslutakmörk á afkastagetu flugvélarinnar vegna viðkomandi flugs og
g) reglum um gerð leiðarflugáætlunar hafi verið fullnægt samkvæmt ákvæðum í grein 4.3.3.

4.3.2 Flugrekandi skal varðveita öll skjöl sem fyllt hafa verið út um undirbúning flugs í a.m.k. 3 mánuði.

**4.3.3 Leiðarflugáætlun.**

4.3.3.1 Leiðarflugáætlun skal gerð fyrir sérhvert fyrirhugað flug. Leiðarflugáætlunin skal samþykkt og undirrituð af flugstjóranum og af flugumsjónarmanni þar sem það á við. Afrit hennar skal geymt hjá hlutaðeigandi flugrekanda eða tilnefndum fulltrúa hans, en þar sem þess er ekki kostur skal hún geymd hjá flugvallaryfirvöldum eða á heppilegum stað á brottfararflugvellinum.

4.3.3.2 Í leiðarflugáætlun skal eftirfarandi tilgreint nema annað sé tekið fram í flugrekstrarhandbók:
a) lágmarksflughæðir á flugleiðinni sem fara skal og
b) flugvallarlágmörk fyrir flugvelli, sem nota á, og fyrir tilgreinda varaflugvelli.

**4.3.4 Varaflugvellir.**

4.3.4.1 **Varaflugvöllur við flugtak.**

4.3.4.1.1 Varaflugvöllur við flugtak skal valinn og tilgreindur í leiðarflugáætlun ef veðurskilyrði á brottfararflugvelli eru við eða undir lágmörkum hlutaðeigandi flugvallar, eða ekki verður unnt að snúa aftur til brottfararflugvallar af öðrum ástæðum.

4.3.4.1.2 Varaflugvöllur við flugtak skal vera innan eftirfarandi fjarlægðar frá brottfararflugvelli:
a) fyrir flugvélar með tvo hreyfla: Ekki í meiri fjarlægð en sem nemur einnar klukkustundar flugi á farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan og
b) fyrir flugvélar með þrjá eða fleiri hreyfla: Ekki í meiri fjarlægð en sem nemur tveggja klukkustunda flugi á farflugshraða með einn hreyfil óvirkan.

4.3.4.1.3 Til þess að unnt sé að velja flugvöll sem varaflugvöll við flugtak verða tiltækar upplýsingar að sýna að veðurskilyrði verði við eða yfir flugvallarlágmörkum fyrir viðkomandi flug á þeim tíma þegar væntanlega þyrfti að nota völlinn.

4.3.4.2 **Varaflugvellir á flugleið.**
Varaflugvelli á flugleið, sem krafist er samkvæmt grein 4.7 fyrir fjarflug flugvéla með tvo hverfihreyfla, skal velja og tilgreina í leiðarflugáætlun og í flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS).

4.3.4.3 **Varaflugvellir ákvörðunarstaðar.**
Þegar fljúga á í samræmi við blindflugsreglur skal að minnsta kosti einn varaflugvöllur ákvörðunarstaðar tilgreindur í leiðarflugáætlun og flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu nema:
a) tímalengd flugsins og ríkjandi veðurskilyrði séu með þeim hætti að full ástæða sé til að treysta því að unnt verði að framkvæma aðflug og lenda við sjónflugsskilyrði á ákvörðunarflugvelli á áætluðum tíma og í hæfilegan tíma á undan og eftir eða
b) ákvörðunarflugvöllurinn sé afskekktur og um engan nothæfan varaflugvöll ákvörðunarstaðar sé að ræða.

4.3.4.4 **Varaflugvellir hér á landi.**
Þegar fljúga á í samræmi við blindflugsreglur innanlands eða til Íslands, skal að minnsta kosti tilgreina einn varaflugvöll í leiðarflugáætlun og í flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu (ATS).

**4.3.5 Veðurskilyrði.**
4.3.5.1 Ekki skal hefja flug sem framkvæmt skal samkvæmt sjónflugsreglum nema nýjustu veðurathuganir eða nýjustu veðurathuganir og veðurspár sameiginlega bendi til að veðurskilyrði á leiðinni, sem fljúga á samkvæmt sjónflugsreglum eða á hluta hennar, verði á viðeigandi tíma þannig að unnt sé að fylgja þessum reglum.
4.3.5.2 Ekki skal hefja flug sem framkvæmt skal samkvæmt blindflugsreglum nema fyrir liggi upplýsingar sem benda til þess að skilyrði á ákvörðunarflugvelli, eða að minnsta kosti á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar, verði jöfn eða betri en flugvallarlágmark hlutaðeigandi flugvallar á áætluðum komutíma.
4.3.5.3 Ekki skal hefja flug þegar vitað er um eða búist er við ísingu nema flugvélin sé viðurkennd til þess og þannig búin að ráða við slík skilyrði.
4.3.5.4 Eigi skal hefja flug þegar hrím, snjór eða ís þekur og/eða loðir við vængi, stjórnfleti, loftskrúfur eða skrúfublöð flugvélar.

**4.3.6 Eldsneytis- og olíubirgðir.**
4.3.6.1 **Allar flugvélar.**
Flug skal ekki hefja fyrr en gengið hefur verið úr skugga um að eldsneytis- og olíubirgðir flugvélarinnar séu nægilegar til að tryggt sé að ljúka megi fluginu örugglega. Í þessu sambandi skal taka tillit til veðurskilyrða og allra tafa sem búist er við á flugi. Þá skal einnig hafa meðferðis varaforða til að vera viðbúinn óvæntum atvikum.
4.3.6.2 **Skrúfuflugvélar.**
Þegar um skrúfuflugvélar er að ræða skulu eldsneytis- og olíubirgðir, sem teknar eru með til að fullnægja ákvæðinu í grein 4.3.6.1, endast að minnsta kosti til eftirfarandi:
4.3.6.2.1 Þegar krafist er varaflugvallar ákvörðunarstaðar:
Annaðhvort:
a) til að fljúga til ákvörðunarflugvallar og þaðan til þess varaflugvallar sem mest eldsneyti þarf til að komast til og getið er um í leiðarflugáætlun og flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu, og þar að auki til 45 mínútna flugs

eða

b) til að fljúga til varaflugvallar um fyrirfram ákveðinn stað og þar að auki í 45 mínútur, að því tilskildu að eldsneyti sé ekki minna en það magn sem þarf til að fljúga til ákvörðunarflugvallar og eftir það í:
   1) 45 mínútur og að auki 15% af þeim hluta fartíma sem áætlað er að fljúga í farflugshæð/hæðum eða
   2) tvær klukkustundir,

eftir því hvort er minna 1) eða 2).

4.3.6.2.2 Þegar ekki er krafist varaflugvallar ákvörðunarstaðar:
a) í samræmi við grein 4.3.4.3 a) - til að fljúga til ákvörðunarflugvallar og þar að auki í 45 mínútur

eða

b) í samræmi við grein 4.3.4.3 b) – til að fljúga til ákvörðunarflugvallar og þar að auki í:
   1) 45 mínútur og að auki 15% af þeim hluta fartíma sem áætlað er að fljúga í farflugshæð/farflugshæðum,

eða
2) tvær klukkustundir,
eftir því hvort er minna 1) eða 2).

4.3.6.3 **Þotur.**
Þegar um þotur er að ræða skulu eldsneytis- og olíubirgðir, sem teknar eru með til að fullnægja ákvæðinu í grein 4. 3. 6. 1, endast að minnsta kosti til eftirfarandi:

4.3.6.3.1 Þegar krafist er varaflugvallar ákvörðunarstaðar.
Annað hvort:
a) til að fljúga til ákvörðunarflugvallar, framkvæma aðflug og fráflug þar, og þar að auki:
 1) að fljúga til þess varaflugvallar sem tilgreindur er í leiðarflugáætlun og flugáætlun fyrir flugumferðarþjónustu og
 2) að fljúga síðan í 30 mínútur á biðflugshraða í 450 metra (1500 feta) hæð yfir varaflugvellinum við málhitaskilyrði, framkvæma aðflug, lenda og
 3) að hafa nægilegt aukaeldsneyti til að vera viðbúinn aukinni eyðslu vegna óvæntra atvika sem flugrekandi tilgreinir nánar og flugmálastjórn telur fullnægjandi,

eða
b) að fljúga til varaflugvallar um fyrirfram ákveðinn stað og þar að auki í 30 mínútur í 450 m (1500 feta) hæð yfir varaflugvellinum, enda sé gert ráð fyrir nægilegu aukaeldsneyti til að vera viðbúinn aukinni eyðslu vegna óvæntra atvika sem nánar eru tilgreind af flugrekanda og flugmálastjórn telur fullnægjandi. Eldsneyti skal samkvæmt þessu ekki vera minna en nemur því sem þarf til að fljúga til ákvörðunarflugvallar, og eftir það í tvær klukkustundir með eðlilegri farflugseyðslu.

4.3.6.3.2 Þegar ekki er krafist varaflugvallar ákvörðunarstaðar:
a) í samræmi við grein 4.3.4.3 a) – til að fljúga til og lenda á ákvörðunarflugvelli og að auki:
 1) að fljúga í 30 mínútur á biðflugshraða í 450 metra (1500 feta) hæð yfir ákvörðunarflugvellinum við málhitaskilyrði, og
 2) að hafa nægilegt aukaeldsneyti til að vera viðbúinn aukinni eyðslu vegna óvæntra atvika sem flugrekandi tilgreinir nánar og flugmálastjórn telur fullnægjandi.
b) í samræmi við grein 4.3.4.3 b) – til að fljúga til ákvörðunarflugvallar og því næst í tvær klukkustundir með eðlilegri farflugseyðslu.

4.3.6.4 Við útreikninga á því eldsneyti og olíu sem krafist er í grein 4.3.6.1 skal hið minnsta taka mið af eftirfarandi:
a) veðurspám,
b) fyrirhuguðum flugleiðum skv. flugheimildum, svo og umferðartöfum,
c) einu blindaðflugi við ákvörðunarflugvöll, þar með töldu einu fráflugi,
d) fyrirmælum er greinir í flugrekstrarhandbók um starfshætti þegar jafnþrýstikerfið bilar, þar sem það á við, eða ef einn hreyfill bilar á leiðinni og
e) sérhverjum öðrum skilyrðum sem gætu seinkað lendingu flugvélar eða aukið eldsneytis- og/eða olíueyðslu hennar.

Ekkert í grein 4.3.6 hamlar því að flugáætlun sé breytt til annars flugvallar meðan á flugi stendur, svo framarlega sem unnt er að fullnægja skilyrðum greinar 4.3.6 frá þeim stað þar sem breytingin var gerð.

**4.3.7 Áfylling eldsneytis þegar farþegar eru um borð.**

4.3.7.1 Ekki má setja eldsneyti á flugvél meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði nema hún sé réttilega mönnuð hæfu starfsfólki sem er reiðubúið til þess að hefja og stjórna rýmingu vélarinnar á hentugasta og skjótasta hátt sem völ er á.

4.3.7.2 Þegar eldsneyti er sett á flugvél meðan farþegar fara um borð, eru um borð eða fara frá borði skal vera talsamband milli starfsfólks á jörðu sem stjórnar eldsneytisáfyllingu og flugstjórans eða fulltrúa hans um borð í flugvélinni um talkerfi flugvélarinnar eða eftir öðrum hentugum leiðum.

4.3.7.3 Við áfyllingu eldsneytis hér á landi gildir sérstök reglugerð, „Reglugerð um eldsneytisáfyllingu loftfara", sem ber að fara eftir ásamt leiðbeiningum í flugrekstrarhandbók flugrekanda.

**4.3.8 Súrefnisbirgðir.**

Eftirfarandi tafla sýnir nokkurn veginn samsvarandi gildi raunþrýstings í meðallofti og flughæðar eins og þau eru notuð hér:

| Raunþrýstingur: | Flughæð í metrum: | Flughæð í fetum: |
|---|---|---|
| 700 hPa | 3000 | 10000 |
| 620 hPa | 4000 | 13000 |
| 376 hPa | 7600 | 25000 |

4.3.8.1 Ef fyrirhugað er að fljúga í hæð þar sem loftþrýstingur er minni en 700 hPa í vistarverum áhafnar og farþega skal ekki hefja flugið nema tryggt sé að nægilegar birgðir súrefnis til öndunar séu meðferðis þannig að þær dugi:

a) allri áhöfninni og 10% farþega allan þann tíma umfram 30 mínútur sem loftþrýstingur í vistarverum þeirra er á bilinu 700 hPa og 620 hPa og

b) áhöfn og farþegum allan þann tíma sem loftþrýstingur í vistarverum er lægri en 620 hPa.

4.3.8.2 Eigi skal hefja flug, sem fyrirhugað er með flugvélum með jafnþrýstibúnaði, nema meðferðis séu nægar súrefnisbirgðir til öndunar handa allri áhöfninni og hluta farþeganna eins og henta þykir miðað við aðstæður á því flugi sem fljúga á, ef loftþrýstingur skyldi falla og fara niður fyrir 700 hPa í vistarverum þeirra einhvern tíma flugsins.

**4.4 Starfsaðferðir á flugi.**

**4.4.1 Flugvallarlágmörk.**

4.4.1.1 Flugi skal eigi haldið áfram til ákvörðunarflugvallar nema síðustu upplýsingar bendi til að á áætluðum komutíma verði unnt að lenda á flugvellinum eða a.m.k. á einum varaflugvelli ákvörðunarstaðar í samræmi við gildandi kröfur um lágmörk samkvæmt grein 4.2.7.1.

4.4.1.2 Flugvél skal ekki nema í neyðartilvikum halda áfram aðflugi til lendingar á flugvelli þannig að það brjóti ákvæði um gildandi lágmörk fyrir þann flugvöll.

**4.4.2 Veðurathugun.**

4.4.2.1 Öll loftför skulu, meðan á flugi stendur eða eins fljótt og unnt er, tilkynna næstu fluglandsstöð um eftirfarandi tilvik:

a) þegar vart verður við mikla ókyrrð í lofti eða mikla ísingu eða

b) þegar vart verður við miðlungsókyrrð, hagl eða skúraský á flugi nálægt eða yfir hljóðhraða eða

c) þegar vart verður við gosösku eða flogið er inn í hana eða
d) þegar vart verður við að eldgos sé að hefjast eða þegar hafið eða
e) þegar vart verður við önnur veðurskilyrði, t. d. þau sem flokkast undir SIGMET-upplýsingar, er gætu að mati flugstjórans haft áhrif á flugöryggi eða haft veruleg áhrif á flug annarra loftfara.

4.4.2.2 Öll loftför skulu, meðan á flugi stendur eða eins fljótt og unnt er, tilkynna næstu fluglandstöð um veðurskilyrði sem vart hefur orðið við í flugtaki eða aðflugi og ekki hafa verið tilkynnt flugstjóra áður, ef hann telur að þau geti haft áhrif á öryggi flugs annarra loftfara.

**4.4.3 Hættulegar aðstæður í flugi.**
Ef aðstæður á flugi verða á einhvern hátt hættulegar vegna annars en veðurskilyrða, skal tilkynna það næstu fluglandstöð svo fljótt sem kostur er. Tilkynningar þessar skulu hafa að geyma upplýsingar sem kunna að varða öryggi annarra loftfara.

**4.4.4 Flugliðar á starfsstað.**

4.4.4.1 **Flugtak og lending.**
Sérhver flugliði, sem gegnir skyldustörfum í stjórnklefa, skal vera á starfsstað sínum.

4.4.4.2 Í leiðarflugi.
Sérhver flugliði, sem gegnir skyldustörfum í stjórnklefa skal vera á starfsstað sínum, nema fjarvera hans sé nauðsynleg vegna starfrækslu flugvélarinnar eða hann þurfi að ganga þarfinda sinna.

4.4.4.3 **Öryggisbelti.**
Sérhver flugliði skal hafa öryggisbelti sitt spennt þegar hann er á starfsstað sínum.

4.4.4.4 **Öryggistygi.**
Sérhver flugliði, sem situr í flugmannssæti, skal hafa öryggistygi spennt við flugtak og lendingu. Aðrir flugliðar skulu hafa öryggistygi spennt við flugtak og lendingu nema axlaólar hindri þá við skyldustöf sín.
Öryggistygi eru hvort tveggja öryggisbelti og axlaólar, sem unnt er að nota hvor í sínu lagi.

**4.4.5 Notkun súrefnis.**

4.4.5.1 Allir flugliðar skulu stöðugt nota öndunarsúrefni við aðstæður sem þess krefjast samkvæmt greinum 4.3.8.1 eða 4.3.8.2, þegar þeir eru við skyldustörf sem nauðsynleg eru til að fljúga flugvél með öryggi.

4.4.5.2 Allir flugliðar í flugvélum með jafnþrýstibúnaði sem flogið er í flughæð þar sem loftþrýstingur er minni en 376 hPa, skulu hafa til taks á starfsstað sínum súrefnisgrímu sem unnt er að setja á sig í snatri með annarri hendi og gefur þeim umsvifalaust súrefni, sé þess þörf.

**4.4.6 Vernd þjónustuliða og farþega í flugvélum með jafnþrýstibúnaði við tap mismunaþrýstings.**
Vernda skal þjónustuliða þannig að tryggja megi viðunandi líkur til þess að þeir missi ekki meðvitund, ef grípa verður til lækkunar flugs í neyðartilvikum, en það getur reynst nauðsynlegt við tap mismunaþrýstings. Auk þess ættu þeir að hafa verndarbúnað sem gerir þeim kleift að veita farþegum skyndihjálp eftir neyðartilvikið, þegar flugið er komið í jafnvægi aftur. Farþega skal vernda með þeim tækjum og starfsaðferðum sem tryggja viðunandi líkur til þess að þeir þoli áhrif súrefnisskorts við tap mismunaþrýstings.

**4.4.7 Rekstrarfyrirmæli í flugi.**
Rekstrarfyrirmæli, sem fela í sér breytingu á flugáætlun, skulu þegar unnt er samræmd hjá viðeigandi flugumferðarþjónustudeild áður en þau eru send til flugvélarinnar. Þegar samræming þessi hefur ekki reynst möguleg, leysa rekstrarfyrirmæli flugmann ekki undan þeirri skyldu að fá viðeigandi heimild frá flugumferðarþjónustudeild, eftir því sem við á, áður en hann breytir flugáætluninni.

**4.4.8 Starfsaðferðir í blindflugi (IFR).**

4.4.8.1 Samþykkja skal eina eða fleiri blindflugsaðferðir fyrir sérhverja blindflugsbraut eða flugvöll, sem nota má til blindflugs, og birta af hálfu þess ríkis sem flugvöllurinn er í.

4.4.8.2 Allar flugvélar, sem starfræktar eru samkvæmt blindflugsreglum, eiga að fara eftir þeim blindflugsaðferðum sem samþykktar hafa verið af hálfu þess ríkis sem flugvöllurinn er í.

**4.4.9 Starfsaðferðir til að draga úr hávaða.**

4.4.9.1 Starfsaðferðir til að draga úr hávaða eiga að vera í samræmi við ákvæði í „PAN-OPS" Volume I, Part V (Doc 8168) frá ICAO eða önnur ákvæði samþykkt af flugmálastjórn.

4.4.9.2 Starfsaðferðir til að draga úr hávaða í flugtaki og klifri, sem flugrekandi ákveður fyrir einhverja flugvélategund, eiga að vera þær sömu fyrir alla flugvelli ef unnt er.

**4.5 Skyldur flugstjóra.**

4.5.1 Flugstjóri ber ábyrgð á starfrækslu og öryggi flugvélar og öryggi allra manna um borð meðan á fartíma stendur.

4.5.2 Flugstjóri skal sjá svo um að gátlistum skv. grein 4.2.5 sé fylgt í öllum atriðum.

4.5.3 Flugstjóri ber ábyrgð á að tilkynna næsta hlutaðeigandi yfirvaldi svo fljótt sem auðið er sérhvert slys sem flugvélin lendir í og hefur í för með sér alvarleg meiðsli eða dauða fólks eða verulegar skemmdir á flugvélinni eða öðrum verðmætum. „Reglugerð um tilkynningarskyldu" eins og hún er í gildi á hverjum tíma kveður nánar á um tilkynningarskyldu flugstjóra.

4.5.4 Flugstjóri ber ábyrgð á að tilkynna flugrekanda að loknu flugi um allar bilanir eða galla á flugvélinni sem vitað er um eða grunur leikur á um.

4.5.5 Flugstjóri ber ábyrgð á leiðarflugbókinni eða komuskýrslunni, en þar er að finna þær upplýsingar sem tilgreindar eru í grein 11.5.1.

**4.6 Skyldur flugumsjónarmanns.**

4.6.1 Flugumsjónarmaður, sem hefur flugumsjón með hendi í samræmi við 10. kafla þessarar reglugerðar, skal:

a) aðstoða flugstjórann við undirbúning flugsins og útvega þær upplýsingar sem máli skipta og þörf er á,
b) aðstoða flugstjórann við gerð leiðarflugáætlunar og flugáætlunar, skrifa undir, þegar við á, og senda flugáætlun til hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeildar,
c) láta flugstjóranum í té með viðeigandi hætti meðan á flugi stendur þær upplýsingar sem geta verið nauðsynlegar til þess að framkvæmd flugsins verði örugg,
d) gera ráðstafanir í neyðartilvikum í samræmi við það sem segir í flugrekstrarhandbók.

4.6.2 Flugumsjónarmanni ber að varast að aðhafast nokkuð það sem stangast gæti á við starfshætti:
a) flugumferðarþjónustu,
b) veðurþjónustu, eða
c) fjarskiptaþjónustu.

**4.7 Fjarflug flugvéla með tvo hverfihreyfla (EROPS).**

4.7.1 Ef flugmálastjórn hefur ekki sérstaklega samþykkt flugreksturinn má ekki starfrækja flugvél með tveimur hverfihreyflum á flugleið þar sem fartími á farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan til fullnægjandi varaflugvallar á flugleið fer yfir þau fjarflugsmörk sem flugmálastjórn setur fyrir slíkan rekstur. Fullnægjandi varaflugvöllur á flugleið er skilgreindur sem sá flugvöllur:
a) sem fullnægir kröfum í grein 5.2.11,
b) sem gert er ráð fyrir að verði tiltækur ef þörf krefur og
c) þar sem nauðsynleg aðstoðarþjónusta er fyrir hendi, svo sem flugumferðarþjónusta, ljós, fjarskipti, veðurþjónusta, leiðsögu- og aðflugsbúnaður, björgunar- og slökkviliðsþjónusta.

4.7.1.1 Flugvélum með tvo hverfihreyfla og meira en 5700 kg hámarksmassa, sem eru til flutninga á minnst 20 farþegum, skal ekki flogið fjær en svo frá fullnægjandi varaflugvelli að ná megi til hans á 60 mínútum eða skemur á eðlilegum farflugshraða með annan hreyfilinn óvirkan, nema flugmálastjórn hafi heimilað það sérstaklega.

4.7.2 Þegar flugstarfsemi er veitt heimild til flugs umfram þau mörk, sem tilgreind eru í grein 4.7.1 skal tryggja að:
a) útgáfa lofthæfiskírteina fyrir flugvélartegundina,
b) áreiðanleiki hreyfla og hreyflakerfis og
c) viðhaldsaðferðir, flugrekstraraðferðir, flugumsjónaraðferðir og þjálfunaraðferðir áhafna

veiti það heildaröryggi sem ætlast er til í viðbætum 6 og 8 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 6 og 8).

Þegar þetta er metið skal tekið tillit til leiðarinnar sem fljúga á, væntanlegra rekstraraðstæðna og staðsetningar fullnægjandi varaflugvalla á flugleið.

4.7.3 Eigi má hefja flug sem framkvæma á samkvæmt grein 4.7.1 nema varaflugvöllur (varaflugvellir) á flugleið, sem krafist er, sé tiltækur (séu tiltækir) á hugsanlegum komutíma og fáanlegar upplýsingar bendi til að aðstæður á þeim flugvelli verði yfir flugvallarlágmörkum sem viðurkennd eru fyrir flugreksturinn.

**4.8 Handfarangur.**

Flugrekandi skal tryggja að gengið sé frá öllum handfarangri í farþegarými á tryggilegan og fullnægjandi hátt.

## 5.0 STARFRÆKSLUTAKMÖRK Á AFKASTAGETU FLUGVÉLA

**5.1 Almenn ákvæði.**

Þessi kafli á við flugvélar sem hafa hámarksmassa yfir 5700 kg. Um flugvélar, sem hafa minni hámarksmassa, gildir sérstök reglugerð, „Reglugerð um lágmarksafkastagetu flugvéla“.

5.1.1 Flugvélar skulu starfræktar samkvæmt samþykktum reglum um afkastgetu í flughandbók og gildandi rekstrarreglum sem flugmálastjórn setur samkvæmt viðeigandi ákvæðum í þessum kafla.

5.1.2 Eins hreyfils flugvél má aðeins starfrækja í þannig birtu- og veðurskilyrðum og á þannig leiðum að unnt sé að nauðlenda á öruggan hátt, ef bilun verður í hreyfli.

**5.2 Flugvélar viðurkenndar í samræmi við III. hluta viðbætis 8 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 8, Part III).**

5.2.1 Ákvæði í greinum 5.2.2 til 5.2.11 (að báðum meðtöldum) gilda fyrir þær flugvélar sem falla undir III. hluta viðbætis 8 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 8, Part III).

5.2.2 Afkastagetan, sem grein 5.1.1. vísar til fyrir þær flugvélar sem tilgreindar eru í grein 5.2.1, skal í aðalatriðum vera að minnsta kosti jafngild þeirri heildarafkastagetu sem ákvæði þessa kafla reglugerðarinnar fela í sér.

5.2.3 Flugvél skal starfrækt í samræmi við ákvæði þau sem felast í lofthæfiskírteini hennar, svo og samþykkt starfrækslutakmörk í flughandbók hennar.

5.2.4 Flugmálastjórn hefur þann viðbúnað sem mögulegt er og sanngjarnt má telja til þess að tryggja að hinar almennu öryggiskröfur, sem ætlast er til með þessum ákvæðum, verði uppfylltar við allar rekstraraðstæður sem búast má við, þar á meðal aðstæður sem ekki eru tilgreindar sérstaklega í ákvæðum þessa kafla.

5.2.5 Flug skal ekki hefja nema upplýsingar um afkastagetu í flughandbók flugvélar sýni að ákvæðum í greinum 5.2.6 til 5.2.11 verði fullnægt í fyrirhugðu flugi.

5.2.6 Þegar farið er eftir ákvæðum þessa kafla þessarar reglugerðar, skulu teknir til greina allir þættir sem hafa marktæk áhrif á afkastagetu flugvélarinnar (svo sem: massi, hæð yfir sjávarmáli eða þrýstingshæð á flugvellinum, hitastig, vindur, halli flugbrautar, gerð og ástand hennar, þ.e.a.s. hvort á henni er krap, vatn og/eða ís, og ástand vatnsyfirborðs fyrir lagarflugvélar). Gera skal ráð fyrir þessum þáttum beint sem flugrekstrarbreytum eða óbeint sem frávikum sem unnt er að hafa í töflum um afkastagetu eða gildandi reglum um afkastagetu sem flugvélin er starfrækt í samræmi við.

**5.2.7 Massatakmarkanir.**

a) Massi flugvélar í upphafi flugtaks skal ekki vera meiri en svo að unnt sé að fullnægja ákvæðum í grein 5.2.8, svo og í greinum 5.2.9, 5.2.10 og 5.2.11, þegar gert hefur verið ráð fyrir minnkandi massa á flugi og losun eldsneytis á flugi samkvæmt greinum 5.2.9 og 5.2.10 og að því er varðar varaflugvelli, samkvæmt greinum 5.2.7 c) og 5.2.11.

b) Massi flugvélar í upphafi flugtaks skal aldrei vera meiri en sá hámarksmassi í flugtaki sem tilgreindur er í flughandbók hennar fyrir landhæð viðkomandi flugvallar eða þá þrýstingshæð sem á við landhæð hans. Ennfremur skal taka tillit til hvers kyns annarra skilyrða andrúmsloftsins á viðkomandi flugvelli, þ.á m. rakastigs, séu þau notuð sem flugrekstrarbreytur til að ákveða hámarksmassa flugvélarinnar í flugtaki.

c) Áætlaður massi flugvélar á ráðgerðum lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og sérhverjum varaflugvelli ákvörðunarstaðar skal aldrei vera meiri en sá hámarkslendingarmassi sem tilgreindur er í flughandbók hennar fyrir landhæð viðkomandi flugvallar eða þá þrýstingshæð sem á við landhæð hans. Ennfremur skal taka tillit til hvers kyns annarra skilyrða andrúmsloftsins á flugvellinum, þ.á m. rakastigs, séu þau notuð sem flugrekstrarbreytur til að ákveða hámarkslendingarmassa flugvélarinnar.

d) Massi flugvélar í upphafi flugtaks eða við ráðgerðan lendingartíma á ákvörðunarflugvelli og sérhverjum varaflugvelli ákvörðunarstaðar skal aldrei vera meiri en sá hámarksmassi sem reynst hefur fullnægja viðeigandi ákvæðum um hávaðamörk í viðbæti 16, 1. bindi, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar, (ICAO Annex 16, Volume I), nema flugmálayfirvöld þess ríkis sem flugvöllurinn er í hafi veitt leyfi fyrir öðru í sérstökum tilvikum fyrir tiltekinn flugvöll eða flugbraut þar sem engin vandamál stafa af hávaðatruflunum.

**5.2.8 Flugtak.**
Ef markhreyfill flugvélar bilar á einhverju stigi flugtaks, á að vera unnt annaðhvort að hætta við flugtak og stöðva flugvélina á tiltækri hemlunarvegalengd við flugtak eða halda flugtakinu áfram og komast hjá öllum hindrunum á flugferlinum í öruggri fjarlægð þar til unnt er að fljúga flugvélinni í samræmi við grein 5.2.9. Til þess að ákveða lengd tiltækrar flugbrautar þarf að taka til greina þann hluta flugbrautar sem ekki er hægt að nýta vegna þess hvar flugvélin er á flugbrautinni fyrir flugtak, sé um það að ræða.

**5.2.9 Leiðarflug með einn hreyfil óvirkan.**
Ef markhreyfill flugvélar verður óvirkur einhvers staðar á flugleið eða á áætluðum frávikum frá henni, skal vera unnt að halda fluginu áfram án þess að fljúga nokkru sinni niður fyrir lágmarksflughæðir og fljúga til flugvallar þar sem unnt er að lenda í samræmi við ákvæði greinar 5.2.11.

**5.2.10 Leiðarflug með tvo hreyfla óvirka.**
Til þess að öryggisákvæðum þessa kafla sé fullnægt, eiga flugvélar með þrjá eða fleiri hreyfla að geta flogið til varaflugvallar á flugleið og lent þar, þótt tveir hreyflar verði óvirkir, án tillits til þess hvar á flugleiðinni það er, ef fjarlægð frá varaflugvöllum á flugleið og lengd flugs er slík að gera verði ráð fyrir því að tveir hreyflar geti orðið óvirkir.

**5.2.11 Lending.**
Unnt skal vera að lenda flugvél á ákvörðunarflugvelli og á sérhverjum varaflugvelli og komast hjá öllum hindrunum á aðflugsferlinum í öruggri fjarlægð og stöðva flugvélina (fyrir lagarflugvélar: að hægja nægilega á ferðinni) á tiltækri lendingarvegalengd. Taka skal tillit til væntanlegra frávika í aðflugs- og lendingaraðferðum, ef það hefur ekki verið gert í töflum um afkastagetu flugvélarinnar.

**5.3 Upplýsingar um hindranir.**
Flugrekandi skal taka tillit til ónákvæmni korta þegar hann metur hvort ákvæðum í grein 5.2.8 sé fullnægt.

## 6.0 MÆLITÆKI, BÚNAÐUR OG FLUGSKJÖL FLUGVÉLA

**6.1 Almenn ákvæði.**

6.1.1 Til viðbótar lágmarksbúnaði, sem nauðsynlegur er vegna útgáfu lofthæfiskírteinis, eiga mælitæki, búnaður og flugskjöl, sem mælt er fyrir um í málsgreinum hér á eftir, að vera föst eða höfð um borð í flugvélum, eftir því sem við á og eftir því um hvers konar flugvél er að ræða og við hvers konar aðstæður á að framkvæma flugið.

6.1.2 Flugrekandi skal hafa í flugrekstrarhandbók sinni lista um lágmarksbúnað, sem flugmálastjórn hefur samþykkt, er gerir flugstjóra kleift að ákveða hvort flug megi hefja eða halda áfram frá áningarstað, þótt einhver mælitæki, búnaður eða kerfi flugvélarinnar verði óvirk.

6.1.3 Flugrekandi skal láta starfsliði flugumsjónar sinnar og flugáhöfnum sínum í té flugaðferðahandbók fyrir sérhverja flugvélartegund sem hann notar, er hefur að geyma lýsingu á eðlilegum og afbrigðilegum aðferðum við starfrækslu flugvélarinnar, auk neyðaraðferða. Handbókin skal innihalda nákvæma lýsingu á kerfum flugvélarinnar og þá gátlista sem nota skal.

**6.2 Allar flugvélar í sérhverju flugi.**

6.2.1 Flugvél skal búin mælitækjum sem gera flugliðum kleift að stjórna flugferli hennar, framkvæma allar þær flugathafnir sem þörf krefur og fljúga innan starfrækslutakmarka flugvélarinnar við þau skilyrði sem búast má við í fluginu.

6.2.2 **Flugvél skal vera búin:**

a) tiltækum og nægjanlegum sjúkrabúnaði fyrir þann farþegafjölda sem hlutaðeigandi flugvél getur flutt.
Til slíks búnaðar telst:
1) sjúkrakassi til skyndihjálpar fyrir almenna notkun og
2) einn eða fleiri sjúkrakassar til notkunar í neyðartilvikum. Hann eða þeir skulu geymdir á aðgengilegum stöðum og nálægt útgöngudyrum.

b) handslökkvitækjum af þeirri tegund sem ekki valda hættulegri loftmengun í flugvélinni við notkun. Að minnsta kosti eitt slökkvitæki skal vera í:
1) stjórnklefa og
2) sérhverjum farþegaklefa sem er aðgreindur frá flugstjórnklefa og flugmenn eiga ekki skjótan aðgang að.

c) 1) sæti eða legurúmi fyrir sérhvern farþega sem náð hefur tveggja ára aldri,
2) sætisólum fyrir hvert sæti og öryggisólum í hverju legurúmi og
3) öryggistygjum (sætisólum og axlaólum) fyrir hvert sæti flugliða. Axlaólar fyrir hvert flugmannssæti eiga að vera þannig útbúnar að þær hafi á sjálfvirkan hátt hemil á bol þess sem situr í sætinu, ef snögg hraðaminnkun á sér stað.
Axlaólar fyrir hvert flugmannssæti eiga, ef unnt er, að vera þannig útbúnar að þær komi í veg fyrir að flugmaður, sem verður skyndilega ósjálfbjarga, geti rekist á flugstjórntæki.

d) búnaði til þess að tryggja að upplýsingar og leiðbeiningar um eftirfarandi atriði berist farþegum:
1) hvenær spenna á sætisólar,
2) hvenær og hvernig nota á súrefnisbúnað, ef slíks búnaðar er krafist,
3) takmörkun reykinga,
4) staðsetningu og notkun björgunarbelta eða samsvarandi flotbjörgunarbúnað fyrir sérhvern um borð, ef slíks búnaðar er krafist og
5) staðsetningu neyðarútganga og aðferðir við að opna þá,

e) vararafmagnsöryggjum af réttum gerðum fyrir þau sem unnt er að skipta um meðan á flugi stendur.

6.2.2.1 **Neyðarsendar.**

Neyðarsendir (Emergency Location Beacon - Aircraft, ELBA) skal vera í flugvélum með hámarksmassa 27000 kg eða minna til þess að auðvelda leit og björgun. Hann skal senda á metrabylgju (VHF) í samræmi við ákvæði þau sem tilgreind eru í viðbæti 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 10).
Neyðarsendar skulu þannig hannaðir og komið fyrir að:

a) sending hefjist sjálfkrafa við flugslys er flugvél rekst í jörðina,
b) unnt sé að setja þá í gang handvirkt af þeim sem komast lífs af úr flugslysi eða óhappi,
c) þeir séu ekki háðir aflgjöf frá aflkerfum flugvélarinnar,
d) þeir séu vatnsþolnir og
e) ólíklegt sé að þeir verði óvirkir við flugslys.

6.2.3 **Flugvél skal hafa um borð:**

a) flugrekstrarhandbókina, eins og mælt er fyrir um í grein 4.2.2, eða þá hluta hennar sem varða flugrekstur,

b) flughandbók flugvélarinnar eða önnur gögn sem innihalda upplýsingar um afkastagetu, eins og krafist er í 5. kafla þessarar reglugerðar, og allar aðrar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til þess að starfrækja flugvélina í samræmi við ákvæði lofthæfiskírteinis hennar og

c) gild kort fyrir flugleið þá sem fljúga á og allar þær flugleiðir sem ætla má að hugsanlega yrðu flognar, ef víkja þyrfti af upphaflegri flugleið.

**6.3 Flugritar.**

**6.3.1 Gerðir ferðrita.**

6.3.1.1 Ferðriti af „Gerð I" skal skrá þær flugbreytur sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða nákvæmlega flugslóð flugvélarinnar, hraða hennar, stöðu, afl hreyfla, flugham og starfrækslu hennar.

6.3.1.2 Ferðritar af „Gerð II" og „Gerð II A" skulu skrá þær flugbreytur, sem nauðsynlegar eru til þess að ákvarða nákvæmlega flugslóð flugvélarinnar, hraða hennar, stöðu, afl hreyfla og stöðu hreyfanlegs lyftikrafts- og viðnámsbúnaðar.

6.3.1.3 Ferðritar, sem byggja á rispun málmþynna, fullnægja ekki þeim kröfum sem gerðar eru í þessum kafla.

**6.3.2 Skráningartími ferðrita.**

Ferðritar af „Gerð I" og „Gerð II" skulu geta geymt skráðar upplýsingar síðustu 25 klukkustunda í gangi. Ferðritar af „Gerð II A" skulu geta geymt skráðar upplýsingar síðustu 30 mínútna í gangi.

**6.3.3 Ferðritar flugvéla sem veitt var lofthæfiskírteini í fyrsta sinn l. janúar 1989 eða síðar.**

6.3.3.1 Allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27000 kg skulu búnar ferðrita af „Gerð I".

6.3.3.2 Allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg en mest 27000 kg skulu búnar ferðrita af „Gerð II".

**6.3.4 Ferðritar flugvéla sem veitt var lofthæfiskírteini í fyrsta sinn á tímabilinu 1. janúar 1987 til 31. desember 1988.**

6.3.4.1 Allar flugvélar með hverfihreyfla og skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg, að undanskildum þeim sem falla undir grein 6.3.4.2, skulu búnar ferðrita sem skráir tíma, hæð, hraða, lóðrétta hröðun og nefstefnu.

6.3.4.2 Allar flugvélar með hverfihreyfla og skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27000 kg, sem eru sömu tegundar og frumgerð sem hlaut tegundarviðurkenningu af hlutaðeigandi yfirvöldum framleiðslulands eftir 30. september 1969, skulu búnar ferðrita af „Gerð II".

**6.3.5 Ferðritar flugvéla sem veitt var lofthæfiskírteini í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 1987.**

Allar flugvélar með hverfihreyfla og skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg skulu búnar ferðrita sem skráir tíma, hæð, hraða, lóðrétta hröðun og nefstefnu.

**6.3.6 Hljóðriti flugvéla sem veitt var lofthæfiskírteini í fyrsta sinn 1. janúar 1987 eða síðar.**

Allar flugvélar með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 5700 kg skulu búnar hljóðrita sem hefur það hlutverk að skrá öll hljóð í stjórnklefa meðan á fartíma stendur.

**6.3.7 Hljóðriti flugvéla sem veitt var lofthæfiskírteini í fyrsta sinn fyrir 1. janúar 1987.**
Allar flugvélar með hverfihreyfla og skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 27000 kg og eru sömu tegundar og frumgerð sem hlaut tegundarviðurkenningu af hlutaðeigandi yfirvöldum framleiðslulands eftir 30. september 1969, skulu búnar hljóðrita sem hefur það hlutverk að skrá öll hljóð í stjórnklefa meðan á fartíma stendur.

**6.3.8 Hljóðritunartími.**
Hljóðritar skulu geta geymt hljóðritaðar upplýsingar síðustu 30 mínútna sem þeir eru í gangi.

**6.3.9 Smíði og ísetning flugrita.**
Flugritar skulu smíðaðir, staðsettir og komið fyrir þannig að þeir séu eins vel varðir fyrir hnjaski og skemmdum og kostur er svo að skráðar og hljóðritaðar upplýsingar varðveitist og unnt verði að endurheimta þær og umrita.

**6.3.10 Notkun flugrita.**
6.3.10.1 Ekki skal slökkt á flugritum meðan á fartíma stendur.
6.3.10.2 Til þess að varðveita þær upplýsingar sem flugritar skrá, skal taka þá úr sambandi að fartíma loknum, ef slys eða óhapp hefur borið að höndum, og setja þá ekki í samband aftur fyrr en gögn þeirra hafa verið fjarlægð og tekin til geymslu.

**6.4 Allar flugvélar í sjónflugi.**
Allar flugvélar í sjónflugi skulu búnar:
a) seguláttavita,
b) nákvæmum tímamæli, sem sýnir tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum,
c) nákvæmum þrýstingshæðarmæli,
d) hraðamæli, og
e) viðbótarmælum og -tækjum sem hlutaðeigandi yfirvöld kunna að fyrirskipa að séu um borð.

Auk þess eiga flugvélar í stjórnuðu sjónflugi að vera búnar tækjum samkvæmt grein 6.9.

**6.5 Allar flugvélar í flugi yfir haf eða vötn.**

**6.5.1 Lagarflugvélar.**
Allar lagarflugvélar skulu í sérhverju flugi vera búnar:
a) björgunarvestum eða sambærilegum flotbjörgunarbúnaði fyrir sérhvern um borð, og skal koma þeim fyrir þannig að auðveldlega megi ná til þeirra úr sætum eða legurúmum,
b) tækjum til þess að gefa frá sér þau hljóðmerki sem krafist er í alþjóðareglum til þess að koma í veg fyrir árekstra á sjó (International Regulations for Preventing Collision at Sea), þegar það á við og
c) einu rekakkeri.

Láðs- og lagarflugvélar eru taldar lagarflugvélar ef þær eru notaðar sem slíkar.

**6.5.2 Landflugvélar.**
6.5.2.1 Landflugvélar skulu hafa þann búnað sem mælt er fyrir um í grein 6.5.2.2:
a) þegar um er að ræða landflugvélar starfræktar samkvæmt greinum 5.2.9 eða 5.2.10 og flogið er yfir haf eða vatn í fjarlægð sem er meiri en 93 km (50 NM) frá landi,

b) þegar um er að ræða aðrar landflugvélar en í a) og flogið er leiðarflug yfir haf eða vatn í meiri fjarlægð frá landi en svo að flugvél geti svifið til lands og
c) þegar flugtak eða lending á sér stað á flugvelli þar sem flugtaks- eða aðflugsferill er svo mikið yfir hafi eða vatni að mati flugmálastjórnar að líklega yrði nauðlent á hafi eða vatni, ef óhapp kæmi fyrir.

6.5.2.2 Búnaðurinn, sem um er að ræða í grein 6.5.2.1, skal vera björgunarvesti eða sambærilegur flotbjörgunarbúnaður fyrir sérhvern um borð og skal koma þeim fyrir þannig að auðveldlega megi ná til þeirra úr sætum eða legurúmum.
Láðs- og lagarflugvélar eru taldar landflugvélar, ef þær eru notaðar sem slíkar.

**6.5.3 Allar flugvélar í langflugi yfir haf eða vötn.**

6.5.3.1 Til viðbótar þeim búnaði, sem getið er um í greinum 6.5.1 eða 6.5.2, hvort heldur sem við á, á eftirfarandi búnaður að vera um borð í öllum flugvélum á leiðum sem liggja yfir haf eða vötn og eru í meiri fjarlægð en sem svarar 120 mínútna flugi á farflugshraða eða 740 km (400 NM), hvort heldur er styttra, frá landi þar sem hæglega mætti nauðlenda. Þetta á við flugvélar, sem starfræktar eru samkv. greinum 5.2.9 eða 5.2.10, en um allar aðrar flugvélar gildir 30 mínútna flug eða 185 km (100 NM), hvort heldur er styttra:
a) björgunarbátar sem rúma alla um borð og komið er fyrir svo að auðvelt sé að taka þá umsvifalaust í notkun í neyðartilvikum. Bátarnir skulu hafa nauðsynlegan búnað til þess að menn geti lifað af í þeim og miðast sá búnaður við það flug sem fyrirhugað er hverju sinni. Einnig skal vera búnaður í bátunum til þess að senda neyðarblys svo sem lýst er í Flugreglum og viðbæti 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2) og
b) að minnsta kosti tvær neyðarsendistöðvar sem er þannig fyrir komið að auðvelt sé að taka þær umsvifalaust í notkun í neyðartilvikum, senda á metrabylgju (VHF) og eru í samræmi við viðeigandi ákvæði í viðbæti 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 10). Tækin eiga að vera beranleg, vatnsþolin, fljóta sjálfkrafa og ekki vera háð raforku flugvélarinnar og þannig gerð að unnt sé að nota þau fjarri flugvélinni af þeim sem ekki hefur verið sérstaklega kennt að nota þau.

6.5.3.2 Sérhvert björgunarvesti og sambærilegur flotbjörgunarbúnaður, sem er um borð í samræmi við greinar 6.5.1 a), 6.5.2.1, 6.5.2.2 og 6.6.2, skulu búin rafljósi til þess að auðveldara sé að finna fólk í neyð, nema þegar ákvæðum í grein 6.5.2.1 c) er fullnægt með „sambærilegum flotbjörgunarbúnaði" öðrum en björgunarvestum.

**6.6 Allar flugvélar í flugi á sérlega tilgreindum svæðum.**

6.6.1 Þegar flugvélum er flogið yfir landsvæði, sem hlutaðeigandi ríki hefur sérlega tilgreint sem erfið til leitar og björgunar, skulu þær búnar að minnsta kosti einni neyðarsendistöð sem er þannig fyrir komið að auðvelt sé að taka hana umsvifalaust í notkun í neyðartilvikum, sendir á metrabylgju (VHF) og er í samræmi við viðeigandi ákvæði í viðbæti 10 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 10). Sendistöðin skal vera beranleg, vatnsþolin, óháð rafafli flugvélarinnar og þannig gerð að unnt sé að nota hana fjarri flugvélinni af þeim sem ekki hefur verið sérstaklega kennt að nota hana. Flugvélar skulu einnig hafa búnað til þess að senda neyðarmerki og nauðsynlegan búnað til þess að menn geti lifað af eftir flugslys. Miðast sá búnaður við hvaða landsvæði flogið er yfir.

6.6.2 Í öllum íslenskum flugvélum í sérhverju flugi í íslenskri lofthelgi skulu vera björgunarvesti fyrir alla um borð.

6.6.3 Íslenskar flugvélar, svo og erlendar flugvélar sem íslenskur aðili notar eða ræður yfir, sem flogið er fjær ströndu en 93 km (50 NM) eða milli Íslands og annarra landa, skulu búnar björgunarbátum er rúma alla um borð.

6.6.3.1 Neyðarsendir, sem sent getur á tíðni 121,5 og 243 MHz og fullnægir kröfum flugmálastjórnar um slíka senda, skal vera í eða festur við a.m.k. einn björgunarbát flugvélarinnar eða þannig geymdur að auðvelt sé fyrir áhöfn að taka hana umsvifalaust í notkun í neyðartilvikum.

**6.7 Allar flugvélar í háflugi.**

Aths. Flughæð í meðallofti, er svarar því sem næst til þess gildis raunþrýstings sem notað er í þessum texta, er sem hér segir:

| Raunþrýstingur: | Flughæð í metrum: | Flughæð í fetum: |
|---|---|---|
| 700 hPa | 3000 | 10000 |
| 376 hPa | 7600 | 25000 |

6.7.1 Ef fyrirhugað er að nota flugvél þannig að loftþrýstingur verði minni en 700 hPa í vistarverum áhafnar og farþega, á flugvélin að vera búin súrefnisgeymum og öndunartækjum sem geta geymt og úthlutað súrefni eins og krafist er í grein 4.3.8.1.

6.7.2 Ef fyrirhugað er að fljúga í flughæð þar sem loftþrýstingur er minni en 700 hPa og flugvélin er með jafnþrýstibúnað sem getur haldið uppi meiri en 700 hPa þrýstingi í vistarverum áhafnar og farþega, á hún að vera búin súrefnisgeymum og öndunartækjum sem geta geymt og úthlutað súrefni eins og krafist er í grein 4.3.8.2.

6.7.3 Í flugvélum með jafnþrýstibúnað, sem teknar voru í notkun 1. júlí 1962 eða síðar og ætlað er að fljúga í flughæðum þar sem loftþrýstingur er minni en 376 hPa, skal vera búnaður sem varar flugliða á öruggan hátt við hvers konar hættulegu þrýstingstapi.

**6.8 Allar flugvélar sem fljúga í ísingu.**

Allar flugvélar skulu vera búnar ísvarnar- og/eða íseyðitækjum þegar flogið er þar sem tilkynnt hefur verið um ísingu eða búast má við henni.

**6.9 Allar flugvélar sem fljúga samkvæmt blindflugsreglum.**

6.9.1 Allar flugvélar, sem flogið er samkvæmt blindflugsreglum eða ekki er unnt að halda í æskilegri flugstöðu án þess að styðjast þurfi við eitt eða fleiri mælitæki, skulu búnar:

a) beygju- og hallamæli,
b) stöðuvísi (gervisjónbaugi),
c) nefstefnuvísi (stefnusnúðu),
   Aths. Skilyrðunum í a), b) og c) má fullnægja með samsettum mælitækjum eða með sameinuðu flugbeinikerfi, að því tilskildu að þær varnir gegn algerri bilun, sem eru innbyggðar í hverju einstöku ofangreindra þriggja tækja, haldist óbreyttar.
d) búnaði sem sýnir hvort afl að snúðutæki sé nægilegt,
e) tveimur næmum þrýstingshæðarmælum,
   Aths. Sérhver næmur hæðarmælir sem komið er fyrir í samræmi við lofthæfistaðla má vera annar þeirra tveggja sem hér er krafist.
f) búnaði í stjórnklefa sem sýnir hitastig utan flugvélarinnar,
g) nákvæmri klukku sem sýnir tíma í klukkustundum, mínútum og sekúndum,
h) mælikerfi lofthraða sem hefur búnað til að hindra skekkju vegna ísmyndunar eða vatnsþéttingar og
i) stig- og fallmæli.

**6.9.2 Allar flugvélar þyngri en 5700 kg. Neyðaraflgjafi fyrir rafknúna stöðuvísa.**

6.9.2.1 Allar flugvélar með skráðan hámarksmassa yfir 5700 kg, er teknar voru í notkun eftir 1. janúar 1975, skulu búnar neyðaraflgjafa sem starfar óháð aðalrafkerfi flugvélarinnar í því skyni að knýja og lýsa upp stöðuvísi (gervisjónbaug), sem flugstjóri getur auðveldlega séð, í að minnsta kosti 30 mínútur. Neyðaraflgjafinn á að vera sjálfvirkur eftir að aðalrafkerfi flugvélarinnar bilar að fullu og greinilega skal sjást merki um það á mælaborðinu að stöðuvísirinn sé nú knúinn neyðarafli.

6.9.2.2 Mælitækjum, sem flugmaður notar, skal vera þannig fyrir komið að hann geti fljótt og auðveldlega lesið af þeim úr sæti sínu með sem minnstu fráviki frá þeirri stöðu og sjónlínu sem hann er vanur að hafa þegar hann lítur fram í þá stefnu sem flugvélin flýgur.

**6.10 Allar flugvélar sem starfræktar eru að nóttu til.**

Allar flugvélar, sem starfræktar eru að nóttu til, skulu búnar:

a) þeim búnaði sem tilgreindur er í grein 6.9,
b) þeim ljósum sem kveðið er á um í Flugreglum (ICAO Annex 2) fyrir flugvélar á flugi og á hreyfingu á athafnasvæði flugvallar,
c) tveimur lendingarljósum,
d) lýsingu fyrir öll mælitæki og allan búnað sem er nauðsynlegur fyrir örugga stjórn flugvélarinnar og flugliðar nota,
e) ljósum í öllu farþegarými og
f) vasaljósi við starfsstað hvers flugverja.

**6.11 Veðurratsjá.**

Flugvél með jafnþrýstibúnað skal búin virkri veðurratsjá í farþegaflugi, bæði að nóttu til og í blindflugsskilyrðum, þegar flogið er um svæði þar sem búast má við þrumuveðri eða öðrum hættulegum veðurskilyrðum sem talin eru sjást á veðurratsjá.

**6.12 Geislunarmælir.**

Í öllum flugvélum, sem ætlað er að fljúga ofar en í 15000 m (49000 ft) hæð, skal vera búnaður til þess að mæla og sýna stöðugt styrkleika allrar geimgeislunar, sem flugvélin verður fyrir (þ.e.a.s. heildarjónun og nifteindageislun frá vetrarbraut eða sólu), auk þeirrar heildargeimgeislunar sem flugvélin verður fyrir í hverju flugi. Auðvelt skal vera fyrir flugliða að sjá vísi mælibúnaðarins.

**6.13 Hávaðamörk.**

Sérhver flugvél, sem uppfyllir ákvæði viðbætis 16, 1. bindis, við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 16, Volume I) um hávaðatakmarkanir, skal hafa skírteini um borð því til staðfestingar.

**6.14 Machtöluvísir.**

Sérhver flugvél með hraðatakmarkanir sýndar í Machtölum skal búin Machtöluvísi.

**6.15 Jarðvari (GPWS) í flugvélum með hverfihreyfla.**

6.15.1 Sérhver flugvél búin hverfihreyflum með skráðan hámarksflugtaksmassa yfir 15000 kg eða með heimild til þess að flytja 30 farþega eða fleiri, skal búin jarðvara.

6.15.2 Jarðvarinn skal geta gefið flugliðum sjálfkrafa, tímanlega og greinilega viðvörun þegar flugvélin er hættulega nálægt yfirborði jarðar.

**6.16 Sæti þjónustuliða í flugvélum sem flytja farþega.**

6.16.1 Allar flugvélar skulu búnar sætum sem ýmist snúa fram eða aftur (innan 15 gráða frá langási flugvélarinnar) og hafa öryggistygi fyrir hvern þjónustuliða sem nauðsynlegur er til að fullnægja tilgangi greinar 12.1 um neyðarrýmingu.

6.16.2 Sæti þjónustuliða, sem höfð eru samkvæmt grein 6.16.1, skulu staðsett nálægt gólfhæð farþegarýmis og nálægt neyðarútgöngum í samræmi við kröfur sem flugmálastjórn setur um neyðarrýmingu.

**7.0 FJARSKIPTA- OG LEIÐSÖGUTÆKI FLUGVÉLA**

**7.1 Fjarskiptatæki.**

7.1.1 Flugvél skal búin fjarskiptatækjum svo að unnt sé:
a) að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum við flugturnsþjónustu,
b) að hlusta á veðurfregnir hvenær sem er á flugi,
c) að halda uppi gagnkvæmum fjarskiptum hvenær sem er á flugi við að minnsta kosti eina flugfjarskiptastöð og við aðrar þær flugfjarskiptastöðvar og á þeim tíðnirásum sem hlutaðeigandi yfirvöld mæla fyrir um.

7.1.2 Fjarskiptatækin, sem um getur í grein 7.1.1, skulu gerð fyrir fjarskipti á neyðartíðnirás flugsins, 121,5 MHz.

7.1.3 Íslenskar flugvélar, sem áætlað er að fljúga í íslenskri lofthelgi samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til utan 28 km (15 NM) frá lýstum flugvelli, skulu búnar a.m.k. tveimur sendi- og viðtækjum fyrir metrabylgju (VHF) til fjarskipta við flugumferðarþjónustu. Auk þess skulu þær búnar tveimur hljóðnemum og tveimur heyrnartólum eða einu heyrnartóli og einum hátalara.

**7.2 Leiðsögutæki.**

7.2.1 Flugvél skal búin leiðsögutækjum svo að unnt sé að fljúga:
a) í samræmi við leiðarflugáætlun og
b) í samræmi við kröfur flugumferðarþjónustu,
nema unnt sé að fljúga rétta leið í samræmi við sjónflugsreglur með viðmiðun við kennileiti á jörðu niðri, ef slíkt hefur ekki verið bannað af hlutaðeigandi yfirvöldum.

7.2.2 Fyrir flug í sérstaklega skilgreindu loftrými, þar sem settar eru lágmarkskröfur um nákvæmni í flugleiðsögu (Minimum Navigation Performance Specifications) samkvæmt svæðisbundnum samningum um flugþjónustu, skal flugvél búin flugleiðsögutækjum sem:
a) gefa flugliðum stöðugt til kynna með nægjanlegri nákvæmni hvar sem er á flugleiðinni, hvort þeir fylgja fyrirhuguðum flugferli eða víkja af honum og
b) skráningarríki flugvélarinnar hafa heimilað til notkunar í flugi í þannig skilgreindu loftrými.

7.2.3 Flugvélin skal þannig búin flugleiðsögutækjum að þrátt fyrir bilun í einu tæki eða hluta þess hvar sem er á flugleiðinni, sé tryggt að þau tæki, sem eftir eru í lagi, nægi til þess að veita flugleiðsögu í samræmi við kröfur þær sem gerðar eru í grein 7.2.1. og þar sem við á í grein 7.2.2.

7.2.4 Þegar fyrirhuguð er lending við blindflugsskilyrði, skal flugvél búin leiðsögutækjum sem tekið geta á móti leiðarmerkjum sem leiðbeina henni til staðar þaðan sem unnt er að lenda í sjónaðflugi. Tækin skulu geta gefið þess konar leiðbeiningar við sérhvern ákvörðunarflugvöll, sem lenda skal á við blindflugsskilyrði, og sérhvern tilgreindan varaflugvöll.

7.2.5 Flugvélar, sem fyrirhugað er að fljúga:
a) samkvæmt blindflugsreglum í íslenskri lofthelgi og/eða
b) innan aðflugsstjórnarrýmis Reykjavíkur- og Keflavíkurflugvallar,
skulu búnar ratsjársvara.

7.2.6 Íslenskar flugvélar, sem fyrirhugað er að fljúga í íslenskri lofthelgi samkvæmt blindflugsreglum eða að nóttu til utan 28 km (15 NM) frá lýstum flugvelli, skulu búnar a. m. k. tveimur radíóáttavitum óháðum hvor öðrum, einu fjölstefnuviðtæki, svo og viðtæki fyrir markvita eða fjarlægðarmæli.

**7.3 Frágangur búnaðar.**

Fjarskipta- og leiðsögutækjum skal þannig fyrir komið að bilun í einstöku tæki, hvort sem er fyrir fjarskipti eða flugleiðsögu eða hvort tveggja, valdi ekki bilun í öðru tæki sem nauðsynlegt er fyrir fjarskipti eða flugleiðsögu.

**7.4 Viðurkenning og eftirlit.**

Gerð, ísetning og frágangur fjarskipta- og leiðsögutækja, sem notuð eru í íslenskum flugvélum, skulu hafa hlotið samþykki flugmálastjórnar/loftferðaeftirlits. Þetta á einnig við um fjarskipta- og leiðsögutæki sem ekki eru hluti af föstum búnaði flugvélarinnar. Póst- og símamálastofnun hefur eftirlit með starfsemi fjarskiptatækja í íslenskum flugvélum.

## 8.0 VIÐHALD FLUGVÉLA

**8.1 Almennt.**

8.1.1 Flugrekandi skal tryggja að tiltækt sé skipulag sem felur í sér þjálfað starfslið, verkstæði, önnur tæki og aðstöðu til þess að halda öllum flugvélum lofthæfum þegar þær eru í notkun. Í þessum kafla felur hugtakið „flugvél" í sér alla hluti hennar og búnað, svo sem hreyfla, loftskrúfur, fylgihluti, mæla, tæki og neyðarbúnað.

8.1.2 Þegar viðhald flugvéla, sem um getur í grein 8.1.1, er falið viðhaldsfyrirtæki sem flugmálastjórn hefur viðurkennt, annaðhvort að hluta til eða að öllu leyti, breytast skyldur flugrekandans varðandi greinar 8.2, 8.3 og 8.4 eftir því hve mikinn hluta viðhalds er um að ræða.

**8.2 Viðhaldshandbók.**

8.2.1 Flugrekandi skal tryggja að tiltæk sé viðhaldshandbók til afnota og leiðbeiningar fyrir viðhaldsfyrirtæki og starfslið er hafi að geyma þær upplýsingar sem skilgreindar eru í grein 11.3.

8.2.2 Flugrekandi skal tryggja að gerðar séu nauðsynlegar lagfæringar og breytingar á viðhaldshandbókinni þannig að upplýsingar í henni séu ætíð í gildi.

8.2.3 Afrit af öllum breytingum og lagfæringum á viðhaldshandbókinni skal senda jafnóðum til allra þeirra fyrirtækja eða einstaklinga sem viðhaldshandbókinni hefur verið dreift til.

**8.3 Þjálfun.**

Flugrekandi skal tryggja að allt viðhaldsstarfslið fái kennslu í vinnuaðferðum sem nota skal við viðhaldið, sérstaklega þegar nýjar eða framandi gerðir tækja eru teknar í notkun.

**8.4 Skoðanir.**

Flugrekandi skal ábyrgjast að tiltækt sé skoðunarkerfi er tryggi að allt viðhald, grannskoðanir, breytingar og viðgerðir, sem hafa áhrif á lofthæfi, fari fram í samræmi við fyrirmæli viðhaldshandbókar.

**8.5 Réttindi til að staðfesta lofthæfi.**
Hver sá, sem ber ábyrgð á að staðfesta lofthæfi flugvélar, skal hafa réttindi til þess í samræmi við „Reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn“ eða viðbæti 1 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex I).

**8.6 Breytingar og viðgerðir.**
Allar breytingar og viðgerðir skal framkvæma með aðferðum sem hæfa viðkomandi flugvél.

**8.7 Viðhaldsvottorð.**
Viðhaldsvottorð skal fyllt út og undirritað af manni eða mönnum, sem hafa réttindi samkvæmt „Reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn“ eða viðbæti 1 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex I), til þess að staðfesta að viðhaldsverki sé lokið á viðunandi hátt og í samræmi við vinnuaðferðir viðhaldshandbókar.

**8.8 Skrár.**
8.8.1 Flugrekandi skal tryggja að eftirfarandi skrár séu færðar:
a) um flugvélina í heild:
   1) um heildargangtíma og fjölda lendinga
b) um aðalhluta flugvélarinnar:
   1) um heildargangtíma og einnig fjölda lendinga ef notkun og endingartími þeirra takmarkast af fjölda lendinga,
   2) um dagsetningu síðustu grannskoðunar,
   3) um dagsetningu síðustu skoðunar,
c) um mælitæki og búnað ef notkun og endingartími þeirra takmarkast af gangtíma:
   1) um gangtíma að því marki sem nauðsynlegt er til þess að meta nothæfi þeirra og reikna út endingartíma þeirra,
   2) um dagsetningu síðustu skoðunar.

8.8.1.1 Skrár þessar skal varðveita í a. m. k. 90 daga eftir að endingartíma hlutarins, sem þær eiga við, er lokið.

## 9.0 FLUGÁHAFNIR

**9.1 Samsetning áhafnar.**
9.1.1 Fjöldi flugliða í áhöfn skal ekki vera minni en segir í flugrekstrarhandbókinni og samsetning flugáhafnar skal einnig vera í samræmi við hana. Í flugáhöfninni skulu vera allir þeir flugliðar sem krafist er samkvæmt lofthæfiskírteini eða flughandbók flugvélarinnar eða öðrum gögnum, tengdum lofthæfiskírteini hennar. Að auki skulu vera flugliðar í áhöfn eftir því sem nauðsynlegt er með hliðsjón af þeirri tegund flugvélar sem notuð er, hvaða flugstarfsemi er um að ræða og fartíma milli staða þar sem skipt er um flugáhöfn.

9.1.1.1 Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, skulu samt vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund í flutningaflugi með farþega. Í þjónustuflugi með einshreyfils flugvélum, sem flogið er að degi til við sjónflugsskilyrði, er þó heimilt að í flugáhöfn sé einn flugmaður. Þessi grein tekur gildi 1. janúar 1994.

9.1.1.1.1 Til 1. janúar 1994 gildir að í flutningaflugi með farþega skulu vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvélartegund enda þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, þegar um er að ræða:

a) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug milli Íslands og annarra landa og
b) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug með:
   i) þotum,
   ii) skrúfuþotum með jafnþrýstibúnaði,
   iii) flugvélum sem gerðar eru til flutninga á fleiri en 9 farþegum

**9.1.2 Starfræksla fjarskiptatækja.**
Þeir flugliðar, er nota fjarskiptatæki, skulu hafa gilt skírteini, fullgilt eða útgefið af Póst- og símamálastofnun sem heimilar þeim að starfrækja þau fjarskiptatæki sem um borð eru hverju sinni.

**9.1.3 Flugvélstjóri.**
Þegar hönnun flugvélar gerir ráð fyrir sérstökum starfsstað fyrir flugvélstjóra skal vera í áhöfninni a.m.k. einn flugvélstjóri sem ætlað er að starfa á þessum stað, nema annar flugliði, sem er handhafi skírteinis flugvélstjóra, geti sinnt þeim störfum á fullnægjandi hátt án þess að það trufli önnur skyldustörf hans.

**9.1.4 Flugleiðsögumaður.**
Í áhöfn skal vera a.m.k. einn flugliði sem er handhafi skírteinis flugleiðsögumanns, ef um er að ræða flug þar sem flugmálastjórn telur að flugmenn geti ekki frá starfsstað sínum annast þá flugleiðsögu sem nauðsynleg er til að flugið sé öruggt.

**9.2 Skyldur flugliða í neyðarástandi.**
Flugrekandi skal tilgreina fyrir sérhverja tegund flugvélar, hverjar skyldur hvers flugliða eru í neyðartilvikum eða við aðstæður sem krefjast neyðarrýmingar flugvélar. Í þjálfunaráætlun flugrekanda skal gert ráð fyrir árlegri þjálfun í neyðarviðbrögðum og skal hún fela í sér kennslu í notkun alls neyðar- og björgunarbúnaðar sem krafist er að sé um borð, svo og æfingu í neyðarrýmingu flugvélarinnar.

**9.3 Þjálfunaráætlun flugliða.**
9.3.1 Flugrekandi skal koma á og framkvæma áætlun um þjálfun flugliða á jörðu niðri og í lofti og skal hún viðurkennd af flugmálastjórn. Þjálfunin skal miða að því að tryggt sé að sérhver flugliði öðlist þá þekkingu og færni sem honum er nauðsynleg til að gegna skyldum sínum. Flugrekandi skal sjá um að tiltæk sé aðstaða til slíkrar þjálfunar, svo og að tiltækir séu réttilega hæfir leiðbeinendur í samræmi við ákvarðanir flugmálastjórnar. Þjálfunin skal bæði fara fram á jörðu niðri og í lofti, í flugvélum sömu tegundar og flugliðar eiga að starfa í. Hún skal miða að því að samræma störf einstakra flugliða og æfa vinnubrögð í neyðartilvikum eða við aðrar aðstæður, svo sem vegna óvæntra bilana í hreyflum, skrokk, kerfum, vegna eldsvoða eða annars sem úrskeiðis fer. Ennfremur skal veita flugliðum þjálfun í flutningi hættulegs varnings í flugvélum. Þjálfun flugliða, sérstaklega varðandi vinnubrögð við afbrigðilegar aðstæður eða í neyðartilvikum, skal tryggja að þeir kunni hlutverk sín og tengsl þeirra við störf annarra flugverja. Þjálfun þessi skal fara fram með reglulegu millibili eins og flugmálastjórn ákveður og skal fela í sér hæfnipróf.

9.3.2 Kröfum um endurtekna þjálfun á tiltekna flugvélartegund er talið fullnægt með:
a) notkun flugþjálfa sem flugmálastjórn hefur samþykkt til þeirra nota, að svo miklu leyti sem flugmálastjórn telur það hentugt eða
b) því að standast hæfnipróf samkvæmt grein 9.4.4 innan viðeigandi tíma í notkun þeirrar flugvélategundar.

**9.4 Hæfnikröfur.**

**9.4.1 Nýleg reynsla. Flugstjóri.**
Flugrekandi skal ekki fela flugmanni stöðu flugstjóra nema flugmaðurinn hafi á síðustu 90 dögum fyrir flugferðina framkvæmt að minnsta kosti þrjú flugtök og þrjár lendingar á þeirri tegund flugvélar sem honum er ætlað að stjórna.

**9.4.1.1 Reynsla. Flugstjóri.**
Flugrekanda er óheimilt að láta flugmann gegna störfum flugstjóra í flutningaflugi með farþega og flugmanni er óheimilt að starfa sem slíkur nema hann hafi minnst:
a) 500 fartíma reynslu og þar af séu ekki færri en 100 fartímar í landflugi,
b) 1200 fartíma reynslu, ef flogið er í reglubundnu áætlunarflugi.

**9.4.2 Nýleg reynsla. Aðstoðarflugmaður.**
Flugrekandi skal ekki fela aðstoðarflugmanni stöðu við stjórntæki flugvélar við flugtak og lendingu nema flugmaðurinn hafi á síðustu 90 dögum fyrir flugferðina verið flugstjóri eða aðstoðarflugmaður við stjórntæki sömu tegundar flugvélar eða hafi með öðrum hætti sannað hæfni sína sem aðstoðarflugmaður.

**9.4.3 Flugstjóri. Þekking á flugvöllum og flugleið.**
9.4.3.1 Flugrekanda er óheimilt að láta flugmann gegna störfum flugstjóra á flugleið eða hluta flugleiðar nema hann sé hæfur til þess í samræmi við greinar 9.4.3.2 og 9.4.3.3.
9.4.3.2 Sérhver slíkur flugmaður skal sanna fyrir flugrekanda að hann hafi fullnægjandi þekkingu á:
a) leiðinni sem á að fljúga og flugvöllum sem verða notaðir, þar með talið:
   1) landslagi og lágmarksflughæðum,
   2) árstíðabundnum veðurskilyrðum,
   3) veðurþjónustu, fjarskipta- og flugumferðarþjónustu og starfsháttum þeirra,
   4) leitar- og björgunarþjónustu og
   5) leiðarvirkjum og flugleiðsöguaðferðum ásamt öllum langflugsaðferðum tengdum flugleiðinni sem fljúga á

og
b) reglum og starfsháttum sem eiga við flugferla yfir þéttbýlum svæðum og fjölfarnar flugleiðir, hindranir, landslag, lýsingu, aðflugstæki og komu-, brottfarar-, biðflugs- og blindaðflugsaðferðir svo og viðeigandi lágmörk.

9.4.3.3 Flugstjóri á tiltekinni flugleið skal hafa framkvæmt aðflug inn á sérhvern flugvöll, sem lending er fyrirhuguð á, í fylgd flugmanns sem áður hefur sannað hæfni sína fyrir þann flugvöll. Flugmaðurinn skal annaðhvort hafa verið flugliði eða áhorfandi í stjórnklefa. Þess er þó ekki þörf þegar:
a) flug að flugvellinum liggur ekki yfir erfitt landssvæði og aðflugsaðferðum, aðflugstækjum og öðrum tiltækum hjálparbúnaði svipar til þess, sem flugstjórinn þekkir, né ef bætt er við venjuleg gildandi lágmörk, með samþykki flugmálastjórnar, eða sæmileg vissa er fyrir því að unnt sé að framkvæma aðflug og lendingu við sjónflugsskilyrði eða

b) lækkun úr frumaðflugshæð er gerleg við sjónflugsskilyrði að degi eða
c) flugrekandi gerir flugstjóra hæfan til þess að lenda á hlutaðeigandi flugvelli með því að kynna honum aðstæður með fullnægjandi myndtækni eða
d) hlutaðeigandi flugvöllur liggur nærri öðrum flugvelli sem flugstjórinn er hæfur til að lenda á.

9.4.3.4 Flugrekandi skal halda skrá sem fullnægir kröfum flugmálastjórnar um hæfni og reynslu flugmanna í þjónustu hans og þar skal einnig skrá með hvaða hætti þeir hafa öðlast hana.

9.4.3.5 Ef flugmaður hefur ekki flogið að minnsta kosti eina ferð síðustu 12 mánuði milli endastöðva á tiltekinni flugleið sem flugmaður, eftirlitsflugmaður eða áhorfandi í stjórnklefa, skal flugrekandi ekki fela honum starf flugstjóra á þeirri leið. Ef meira en 12 mánuðir hafa liðið frá því að flugstjóri flaug nálægt slíkri flugleið og yfir svipað landslag, skal hann sanna hæfni sína á ný í samræmi við greinar 9.4.3.2 og 9.4.3.3. áður en hann gegnir flugstjórastörfum á henni.

**9.4.4 Hæfnipróf flugmanna.**

Flugrekandi skal sjá til þess að flugmenn hans séu prófaðir, bæði við tæknilega framkvæmd flugsins og í neyðarviðbrögðum með þeim hætti að sýnt sé fram á hæfni þeirra. Þar sem kann að vera flogið samkvæmt blindflugsreglum ber flugrekanda að sannreyna hæfni flugmanna sinna í að framfylgja þeim reglum, annaðhvort með því að láta eftirlitsflugmann sinn eða eftirlitsflugmann frá flugmálastjórn sjá um slíka prófun. Slík prófun skal fara fram að minnsta kosti tvisvar á hverjum 12 mánuðum en þó þannig að eigi sé skemmra á milli tveggja svipaðra prófa en 4 mánuðir.

**9.5 Sjóngler flugliða.**

Ef gert er ráð fyrir því í skírteini flugliða og/eða heilbrigðisvottorði hans að hann þurfi að nota gleraugu eða linsur við stjórn flugvélar, skal hann hafa ein varagleraugu eða varalinsur í fórum sínum þegar hann stjórnar flugvél.

**10.0 FLUGUMSJÓNARMAÐUR**

10.1 Flugrekandi, sem stundar reglubundið áætlunarflug milli landa og flugrekandi sem stundar reglubundið áætlunarflug innanlands á flugvélum með hámarksmassa yfir 5700 kg, skal starfrækja flugumsjón sem flugmálastjórn hefur viðurkennt fyrir þann rekstur.

10.1.1 Við flugumsjón skal starfa flugumsjónarmaður (eða -menn) er hefur gilt skírteini samkvæmt „Reglugerð um skírteini gefin út af flugmálastjórn". Flugrekendur þeir, sem grein 10.1 tekur til, skulu í flugrekstrarhandbók sinni gera grein fyrir verksviði og ábyrgð flugumsjónar og þeirra flugumsjónarmanna sem hjá þeim starfa.

10.2 Flugumsjónarmanni á ekki að fela skyldustörf nema hann hafi:

a) á s.l. 12 mánuðum farið í eitt hæfnisflug aðra leiðina í stjórnklefa flugvélar sem flogið er yfir svæði er hann hefur heimild til þess að annast flugumsjón á. Í fluginu skal lent á eins mörgum flugvöllum og framkvæmanlegt er.
b) sannað fyrir flugrekanda að hann hafi þekkingu á:
   1) efni flugrekstrarhandbókar eins og lýst er í grein 11.1,
   2) fjarskiptatækjum í flugvélunum sem notaðar eru og
   3) leiðsögutækjum í flugvélunum sem notaðar eru,
c) sannað fyrir flugrekanda að hann hafi þekkingu á eftirfarandi atriðum varðandi flugrekstur sem hann er ábyrgur fyrir og svæðin sem hann hefur leyfi til þess að sinna flugumsjón á:
   1) árstíðabundnum veðurskilyrðum og hvar unnt er að afla upplýsinga um veðurfar,

2) áhrifum veðurskilyrða á móttöku fjarskipta í flugvélunum sem notaðar eru,
3) sérkennum og takmörkunum flugleiðsögukerfa sem notuð eru við reksturinn og
4) fyrirmælum um hleðslu flugvélarinnar,

og

d) sannað fyrir flugrekanda að hann hafi þekkingu á að gegna þeim skyldum sem tilgreindar eru í grein 4.6.

10.3 Flugumsjónarmaður, sem falið er starf, á að viðhaldà fullkominni þekkingu á öllum þeim atriðum rekstrarins sem varða slíkt starf.

10.4 Flugumsjónarmanni á ekki að fela störf, hafi hann verið fjarverandi frá þeim s.l. 12 mánuði nema hann fullnægi ákvæðum greinar 10.2.

## 11.0 HANDBÆKUR, LEIÐARBÆKUR OG SKRÁR

**11.1 Flugrekstrarhandbók.**

Flugrekstrarhandbók, sem má vera í nokkrum hlutum er fjalla um mismunandi greinar flugrekstrar, sbr. grein 4.2.2, skal hafa að geyma að minnsta kosti eftirtalin efnisatriði:

1) fyrirmæli er lýsa verkefnum og ábyrgð starfsfólks varðandi framkvæmd flugrekstrar,
2) samsetningu flugáhafnar fyrir hverja tegund flugs sem fljúga á, þ.á m. ákvæði er tilgreina í hvaða röð flugliðar taka við stjórn loftfars,
3) hámarksfartíma og flugskyldutíma flugliða sem eru ákveðnir samkv. grein 4.2.10.3,
4) skyldustörf hvers flugverja á flugi og í neyðarástandi,
5) gátlista yfir neyðar- og öryggisbúnað um borð og leiðbeiningar um notkun þess búnaðar,
6) lágmarksflughæðir:
   a) aðferðir við ákvörðun lágmarksflughæða og
   b) lágmarksflughæðir á hverri flugleið sem fljúga skal,
7) flugvallarlágmörk:
   a) aðferðir við ákvörðun flugvallarlágmarka og
   b) lágmörk og takmarkanir á öllum flugvöllum, sem líkur eru til að verði notaðir sem ákvörðunar- eða varaflugvellir,
8) hvenær skal hafa hlustvörð í fjarskiptum,
9) lista yfir leiðsögubúnað sem skal vera um borð,
10) sérstök fyrirmæli er varða útreikninga á því eldsneytis- og olíumagni sem hafa skal meðferðis með hliðsjón af öllum aðstæðum er skapast gætu, þar á meðal bilun eins eða fleiri hreyfla í leiðarflugi,
11) lista um lágmarksbúnað (MEL) fyrir sérhverja gerð flugvélar í notkun og þann flugrekstur sem er heimilaður,
12) leiðarlýsingu til að tryggja að fyrir hvert flug hafi flugáhöfnin upplýsingar um fjarskiptavirki, leiðsöguvirki, flugvelli og aðrar þær upplýsingar sem flugrekandi telur nauðsynlegar fyrir örugga framkvæmd flugsins,
13) við hvaða skilyrði skuli nota súrefni,
14) viðbrögð flugstjóra sem verður vitni að flugslysi, sbr. lög nr. 34/1964, 142. grein, „Reglugerð um tilkynningarskyldu“ og viðbæti 12 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 12),

15) upplýsingar um merkjamál til nota frá jörðu til loftfars fyrir þá sem lifa af slys eins og getið er um í viðbæti 12 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 12),
16) upplýsingar og leiðbeiningar varðandi einelti loftfars ásamt ákvæðum um:
    a) viðbrögð flugstjóra loftfars sem er einelt, eins og mælt er fyrir um í flugreglum (ICAO Annex 2),
    b) sjónmerki sem nota skal við einelti loftfars og frá eineltu loftfari, eins og getið er um í flugreglum (ICAO Annex 2),
17) fyrir flugvélar sem ætlað er að fljúga í yfir 15000 m (49000 ft) hæð:
    a) leiðbeiningar til flugmanns um heppilegustu viðbrögð ef menn verða fyrir áhrifum af geimgeislum sólar og
    b) leiðbeiningar um hvernig skuli bregðast við ef ákveðið er að lækka flugið og lýsi þær:
        i) nauðsyn þess að senda hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild fyrirfram viðvörun um ástandið og að fá bráðabirgðaheimild til lækkunar og
        ii) viðbrögðum sem gripið skal til ef ekki er unnt að ná sambandi við hlutaðeigandi flugumferðarþjónustudeild eða sambandið rofnar,
18) upplýsingar og fyrirmæli um flutning á hættulegum varningi, þar með talin viðbrögð í neyðartilvikum,
19) neyðarrýmingu,
20) öryggisráðstafanir vegna áfyllingar eldsneytis meðan farþegar eru um borð,
21) fyrirmæli og upplýsingar um klifurafköst flugvélar með alla hreyfla virka í samræmi við grein 4.2.3.3,
22) eðlilegar og afbrigðilegar flugaðferðir sem flugáhöfn á að beita, auk neyðaraðferða, svo og gátlista þar að lútandi og upplýsingar um kerfi flugvélarinnar eins og krafist er í grein 6.1.3
23) langflugsaðferðir sem nota skal þar sem við á,
24) nákvæma lýsingu á leiðarflugáætlun,
25) efnislega lýsingu á þjálfunaráætlun flugáhafna og kröfum um þjálfun þeirra,
26) efnislega lýsingu á þjálfunaráætlun þjónustuliða varðandi neyðarviðbrögð eins og krafist er í grein 12.4,
27) fyrirmæli og leiðbeiningar varðandi flugvernd og
28) efnislega lýsingu á áætlun um slysavarnir og flugöryggi sem gerð er samkvæmt grein 3.6.

**11.2 Flughandbók flugvélar.**

Í flughandbók flugvélar eru upplýsingar sem tilgreindar eru í viðbæti 8 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 8).

**11.3 Viðhaldshandbók.**

Í viðhaldshandbók, sem gerð er í samræmi við grein 8.2, skulu vera eftirfarandi upplýsingar fyrir sérhverja flugvél sem notuð er:
a) vinnuaðferðir við þjónustu og viðhald,
b) tíðni hvers eftirlits, skoðana eða grannskoðana,
c) ábyrgð hinna margvíslegu faglærðu starfsmanna við viðhaldsvinnu,
d) þjónustu- og viðhaldsaðferðir sem kunna að vera fyrirskipaðar af Flugmálastjórn og þurfa samþykki hennar fyrir fram og
e) um hvernig ganga skal frá viðhaldsvottorði, hvar og hvenær skal gefa það út og hverjir þurfa að undirrita það.

**11.4 Viðhaldsvottorð.**
Í viðhaldsvottorði skal felast staðfesting á því að viðhaldsvinna hafi verið framkvæmd á fullnægjandi hátt í samræmi við þær aðferðir sem mælt er fyrir um í viðhaldshandbók.

**11.5 Leiðarflugbók.**

11.5.1 Í leiðarflugbókinni eiga að vera eftirfarandi atriði og samsvarandi rómverskar tölur:

I Þjóðerni og skrásetning flugvélar.
II Dagsetning.
III Nöfn flugliða.
IV Úthlutun skyldustarfa flugliða.
V Brottfarastaður.
VI Komustaður.
VII Brottfarartími.
VIII Komutími.
IX Flugstundir.
X Tegund flugs (einkaflug, verkflug, áætlunarflug, leiguflug eða þjónustuflug).
XI Atvik og athugasemdir, ef einhverjar eru.
XII Undirskrift ábyrgs aðila.

11.5.2 Færslur í leiðarflugbókina á að framkvæma jafnóðum. Þær skulu færðar með bleki eða blekblýanti.

11.5.3 Varðveita á fullnotaða leiðarflugbók svo að fyrir liggi óslitnar upplýsingar um rekstur síðustu 6 mánaða.

**11.6 Skrá yfir neyðar- og björgunarbúnað um borð.**
Flugrekendur skulu alltaf hafa tiltæka lista fyrir björgunarmiðstöðvar með upplýsingum um neyðar- og björgunarbúnað um borð í flugvélum þeirra. Upplýsingar þessar skulu, eftir því sem við á, varða tölu, lit og tegund björgunarbáta og neyðarblysa, nákvæma lýsingu á neyðarbirgðum af lyfjum, vatnsbirgðum og tegund og tíðnisviðum beranlegra neyðarsendistöðva.

**11.7 Flugritaskrár.**
Ef flugvél lendir í slysi eða óhappi skal flugrekandi tryggja eins og unnt er örugga vörslu og varðveislu allra gagna úr flugritum hennar og, ef nauðsynlegt er, viðeigandi flugrita, þar til þeim hefur verið ráðstafað í samræmi við viðbæti 13 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 13).

**12.0 ÞJÓNUSTULIÐAR**

**12.1 Skipun í neyðarstörf.**
Flugrekandi skal hafa um borð í flugvélum sínum a.m.k. þann fjölda þjónustuliða sem áskilinn er skv. „Reglugerð um mannflutninga í loftförum". Skal miða tölu þeirra við sætarými eða fjölda farþega þannig að það tryggi örugga og greiða rýmingu vélarinnar og önnur nauðsynleg störf í neyðartilvikum eða ef neyðarrýmingar er þörf. Flugrekandi skal skipa þjónustuliða í þessi störf fyrir sérhverja flugvélartegund sem hann notar í rekstri sínum.

**12.2 Þjónustuliðar á neyðarrýmingarstöðum.**
Sérhver þjónustuliði, sem ætlað er tiltekið hlutverk við neyðarrýmingu, skal sitja í sæti sem honum er ætlað við flugtak og lendingu samkvæmt grein 6.16 og hvenær sem flugstjóri skipar svo fyrir.

**12.3 Verndun þjónustuliða.**

Sérhver þjónustuliði skal sitja með öryggisbelti spennt og axlaólar, ef tiltækar eru, við flugtak og lendingu og hvenær sem flugstjóri skipar svo fyrir. Meðan flugvél er ekið skulu þjónustuliðar einnig sitja spenntir, nema þeir þurfi að sinna skyldustörfum er varða öryggi flugvélar eða farþega.

**12.4 Þjálfun.**

Flugrekandi skal koma á og framkvæma áætlun um þjálfun þjónustuliða sem skal samþykkt af flugmálastjórn. Skal þjálfunin endurtekin árlega fyrir þjónustuliða sem eiga að sinna tilteknum skyldum í neyðartilvikum eins og krafist er í grein 12.1, og hún skal tryggja að þjónustuliði sé:

a) hæfur til að framkvæma skyldur sínar í neyðartilvikum, meðan á flugi stendur og við neyðarrýmingu flugvélarinnar,
b) hafi æfingu og sé fær í notkun neyðar- og björgunarbúnaðar sem skylt er að hafa um borð, svo sem björgunarvesta, björgunarbáta eða fleka, rýmingarrenna, neyðarútganga, beranlegra slökkvitækja, súrefnistækja og sjúkrakassa,
c) vel að sér um áhrif súrefnisskorts og líkamlegar verkanir hans, þegar um er að ræða störf í flugvélum sem fljúga ofar en 3000 m (10000 ft) og um líkamleg áhrif minnkandi þrýstings ef um er að ræða flugvélar með jafnþrýstibúnaði,
d) kunnugur skyldum og hlutverki annarra flugverja í neyðartilvikum, að svo miklu leyti sem það er þjónustuliða nauðsynlegt til að gegna eigin skyldum við þær aðstæður,
e) kunnugur þeim tegundum hættulegs varnings sem má eða má ekki flytja í farþegaklefum flugvéla og hafi lokið þjálfunarnámskeiði um hættulegan varning sem krafist er í viðbæti 18 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 18).

**13.0 FLUGVERND**

**13.1 Öryggisráðstafanir vegna stjórnklefa.**

Í öllum flugvélum, sem gerðar eru fyrir 20 farþega eða fleiri, eiga dyrnar að stjórnklefa að vera þannig gerðar að unnt sé að læsa þeim innan úr stjórnklefanum.

**13.2 Gátlisti vegna sprengjuleitar í flugvélum.**

Flugrekandi á að tryggja að um borð sé gátlisti sem segir til um hvernig fara skuli að við leit að sprengju, þegar grunur leikur á að hermdarverk kunni að verða unnin. Gátlistanum skulu fylgja leiðbeiningar um viðbrögð ef sprengja eða grunsamlegur hlutur finnst.

**13.3 Þjálfunaráætlun.**

13.3.1 Flugrekandi skal koma á og viðhalda þjálfunaráætlun sem tryggir að áhafnir fái fullnægjandi þjálfun í því hvernig rétt sé að bregðast við til þess að draga sem mest úr afleiðingum ólögmætra afskipta í flugvélum.

13.3.2 Flugrekandi skal koma á og viðhalda þjálfunaráætlun til þess að kynna hlutaðeigandi starfsmönnum forvarnaraðgerðir og aðferðir varðandi farþega, farangur, vörur, póst, búnað, aðföng og birgðir sem flytja á í flugvél þannig að þeir geti tekið þátt í að koma í veg fyrir hermdarverk og önnur ólögmæt afskipti í flugvélum.

**13.4 Tilkynningarskylda um ólögmæt afskipti.**

Flugstjóri skal án tafar senda næsta lögregluyfirvaldi skýrslu um sérhver ólögmæt afskipti um borð í flugvél undir hans stjórn, sbr. „Reglugerð um tilkynningarskyldu“.

**14.0 ÝMIS ÁKVÆÐI**

**14.1 Undanþágur.**
Flugmálastjórn/loftferðaeftirlit getur veitt tímabundnar undanþágur frá reglugerð þessari þegar sérstökum ástæðum er til að dreifa.

**14.2 Refsiákvæði.**
Séu lendingargjöld, skoðunargjöld eða önnur gjöld, sem leyfishafa ber að greiða fyrir starfsemi sína, ekki greidd á réttum tíma má afturkalla flugrekstrarleyfi um stundarsakir. Sama gildir ef leyfishafi dregur að senda skýrslur og reikninga sem kveðið er á um í þessari reglugerð. Að öðru leyti varða brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar refsingu samkvæmt XIII. kafla laga um loftferðir nr. 34, 21. maí 1964.

**14.3 Gildistaka.**
Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir, staðfestist hér með og skal öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi Reglugerð um flugrekstur nr. 381/1989 með áorðnum breytingum.

*Samgönguráðuneytið, 30. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Halldór S. Kristjánsson.*

# HEIÐURSMERKI FÁLKAORÐUNNAR

Eftirtaldir menn voru sæmdir heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu á árinu 1991:

## I. ÍSLENDINGAR.

**1. janúar:**

Aðalsteinn Vígmundsson, bifreiðarstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að verkalýðsmálum.
Egill R. Friðleifsson, kórstjóri, Hafnarfirði, riddarakross fyrir störf að söngmálum.
Eirika Friðriksdóttir, hagfræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir rannsóknir í þágu barna.
Finnur Kristjánsson, fv. kaupfélagsstjóri Húsavík, riddarakross fyrir störf að safnamálum.
Geir Arnesen, yfirverkfræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir vísindastörf í þágu sjávarútvegsins.
Guðrún Helgadóttir, forseti sameinaðs Alþingis, stórriddarakross fyrir embættisstörf.
Frú Helga Veturliðadóttir, Kópavogi, riddarakross fyrir uppeldisstörf í þágu þroskaheftra.
Ingþór Sigurbjörnsson, málarameistari, Reykjavík, riddarakross fyrir hjálparstörf í þágu bágstaddra.
Séra Jón A. Baldvinsson, sendiráðsprestur, London, riddarakross fyrir líknarstörf.
Frú Kristrún Ólafsdóttir, Akranesi, riddarakrossi fyrir æskulýðsstörf.
Ólafur Björn Guðmundsson, yfirlyfjafræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að garðyrkjumálum.
Pálmi Jónsson, forstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að málefnum verslunarinnar.
Dr. Sigmundur Guðbjarnason, háskólarektor, Kópavogi, stórriddarakross fyrir vísindastörf.
Sigríður Schiöth, söngstjóri, Akureyri, riddarakross fyrir störf að söngmálum.
Sigurður Björnsson, bóndi, Kvískerjum, Austur-Skaftafellssýslu, riddarakross fyrir fræðistörf.
Sigurður Björnsson, óperusöngvari, Garðabæ, riddarakross fyrir störf að tónlistarmálum.
Dr. Sigurður Helgason, prófessor, Boston, stórriddarakross fyrir vísindastörf.
Örlygur Hálfdánarson, bókaútgefandi, Seltjarnarnesi, riddarakross fyrir útgáfustarfsemi.

**11. júní:**

Dr. Bjarni Jónsson, prófessor, Nashville, TN, USA stórriddarakross fyrir vísindastörf.

**17. júní:**

Prófessor Ásmundur Fr. Brekkan, læknir, Reykjavík, riddarakross fyrir vísindastörf.
Ásgeir Guðbjartsson, skipstjóri, Ísafirði, riddarakross fyrir skipstjórnarstörf.



Steindórsprent Gutenberg hf.

Ásgeir Jóhannesson, forstjóri, Kópavogi, riddarakross fyrir störf að félags- og velferðarmálum.
Ástráður Sigursteindórsson, fv. skólastjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að skóla-, kirkju,- og æskulýðsmálum.
Prófessor Baldur Jónsson, málfræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir málrækt.
Prófessor Einar B. Pálsson, verkfræðingur, Reykjavík, riddarakross fyrir fræðistörf.
Garðar Halldórsson, húsameistari ríkisins, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í opinbera þágu.
Guðjón B. Ólafsson, forstjóri, Reykjavík, riddarakross fyrir störf í þágu Samvinnuhreyfingarinnar.
Guðrún Lárusdóttir, útgerðarmaður, Hafnarfirði, riddarakross fyrir störf að málefnum sjávarútvegsins.
Gunnar Ragnars, forstjóri, Akureyri, riddarakross fyrir störf að málefnum sjávarútvegsins.
Halldór Ásgrímsson, alþingismaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að málefnum sjávarútvegsins.
Séra Heimir Steinsson sóknarprestur og þjóðgarðsvörður, Þingvöllum, riddarakross fyrir störf að menningarmálum.
Kristján Jóhannsson, óperusöngvari, riddarakross fyrir sönglist.
Marteinn Davíðsson, múrsmiður, Reykjavík, riddarakross fyrir steinsmíði.
Páll Pampichler Pálsson, hljómlistarmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir störf að tónlistarmálum.
Sigurður Haraldsson, bóndi, Kirkjubæ, Rangárvöllum, riddarakross fyrir ræktun íslenska hestsins.
Sigurjón Einarsson, flugmaður, Reykjavík, riddarakross fyrir björgunarstörf.
Prófessir Unnsteinn Stefánsson, haffræðingur, Kópavogi, riddarakross fyrir vísindastörf.
Þorsteinn Gunnarsson, arkitekt, Reykjavík, riddarakross fyrir varðveislu gamalla húsa.

**31. desember:**
Davíð Oddsson, forssætisráðherra, Reykjavík, stórkross fyrir störf í opinbera þágu.
Sveinn Björnsson, sendiherra, forsetaritari, Reykjavík stórriddarakross fyrir störf í opinbera þágu.

## II. ERLENDIR RÍKISBORGARAR.

**15. janúar:**
Wolfgang Schiffer, rithöfundur, Köln, Þýskalandi, riddarakross.

**4. maí:**
Gianni De Michelis, utanríkisráðherra, Róm, stórkross.
Giovanni Dominedo, utanríkismálaráðgjafi, Róm, stórkross.
Massimo Curcio, sendiherra, Róm, stórkross.
Alessandro Vaciago, prófessor, menningarmálaráðgjafi, Róm, stórriddarakross með stjörnu.

Alessandro Vattani, deildarstj. menningardeildar, Róm, stórriddarakross með stjörnu.
Ludovico Ortona, upplýsingamálaráðgjafi, Róm, stórriddarakross með stjörnu.
Dr. Cesare Grella, líflæknir forseta, Róm, stórriddarakross.
Giovanni Castellaneta, sendifulltrúi, Róm, stórriddarakross.
Domenico Tria, hershöfðingi, hermálafulltrúi, Róm, stórriddarakross.
Claudio Bay-Rossi, sendifulltrúi, Róm, stórriddarakross.

Roberto Mazzotta, sendiráðunautur, Róm, stórriddarakross.
Claudio Bisogniro, sendiráðunautur, Róm, stórriddarakross.
Dr. Bruno Agro, upplýsingafulltrúi, Róm, riddarakross.
Dr. Tiziane Vetio, lögregluforingi, Róm, riddarakross.
Luca Sabbatucci, fulltrúi, Róm, riddarakross.
Domenico Searrone, höfuðsmaður, Róm, riddarakross.
Marcello Picchi, upplýsingafulltrúi, Róm, riddarakross.
Dino Pro, upplýsingafulltrúi, Róm, riddarakross.
Monica Arvisati, túlkur, Róm, riddarakross.
Ubaldo Ciavaclioli, fulltrúi, Róm, riddarakross.
Giovanni Agnello, lífvörður, Róm, riddarakross.
Peter Jankowitsch, fv. utanríkisráðherra, Austurríki, stórriddarakross með stjörnu.

**4. júlí:**
Claus von Barnekow, sendifulltrúi, Kaupmannahöfn, stórriddarakross.

**6. ágúst:**
Walter R. Koltonski, aðalræðismaður, Montevideo, stórriddarakross.

**10. september:**
Jonna Louis-Jensen, prófessor, Kaupmannahöfn, Danmörku, riddarakross.
Claus Lindegaard-Petersen, lektor, Kaupmannahöfn, Danmörku, riddarakross.
Thomas Fr. Duer, fv. ræðismaður, Aarhus, Danmörku, stórriddarakross.
Niels Jensen, ræðismaður, Hirtshals, Danmörku, riddarakross.
Harald Hansen, vararæðismaður, Odense, Danmörku, riddarakross.
Henning Ove Knudsen, vararæðismaður, Randers, Danmörku, riddarakross.
Antoine Quitard, framkvæmdastjóri, París, Frakklandi, riddarakross.
frú Christine Fell, prófessor, Nottingham, Englandi, riddarakross.
Mark Roger de Laval, læknir, London, Englandi, riddarakross.
John Christopher Rutland Lincoln, læknir, London, Englandi, riddarakross.
Torfinn Lindem, dósent, Osló, Noregi, riddarakross.
Odd Terje Sandlund, dr. phil., Þrándheimi, Noregi, riddarakross.
Bror Jonsson, prófessor, Þrándheimi, Noregi, riddarakross.
Timo Kairesalo, dósent, dr. phil. Lammi, Finnlandi, riddarakross.
Thomas P. Hogan, aðalræðismaður, Dublin, Írlandi, stórriddarakross.
Lennart Elmevik, prófessor, Svíþjóð, stórriddarakross.
Lennart Moberg, prófessor, Svíþjóð, stórriddarakross.

**7. október:**
Mitsno Sato, forstjóri, Tokyo, Japan, riddarakross.
Setsuo Makiuchi, forstjóri, Tokyo, Japan, riddarakross.
Andreas Howaldt, ræðismaður, Berlín, stórriddarakross.
Carlo Alberto Rizzi, aðalræðismaður, Genoa, Ítalíu, stórriddarakross.
Roberto Eminente, aðalræðismaður, Napoli, Ítalíu, stórriddarakross.
Luigi Spinelli, vararæðismaður, Torino, Ítalíu, riddarakross.
Pietro Fama, ræðismaður, Messina, Ítalíu, riddarakross.

**4. desember:**
Poul Michelsen, bæjarstjóri, Þórshöfn, Færeyjum, riddarakross.

# EMBÆTTI OG SÝSLANIR

**1988:**

17. október var Páli Torfa Önundarsyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

**1989:**

23. maí var Wolf Grütter skipaður kjörræðismaður Íslands í Hannover, Þýskalandi.

12. september var Ómari Ívarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

**1990:**

27. febrúar var Manuel Coronil Merion skipaður kjörræðismaður Íslands í Sevilla, Spáni.

30. apríl var Iðunni Láru Ólafsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

28. maí var Gunnari Torfasyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

8. júní var Ágúst Jónsson skipaður kjörræðismaður Íslands í Jönköping, Svíþjóð.

S.d. var Pamela Kay Bauer skipuð kjörræðismaður Íslands í Dallas, Texas, Bandaríkjunum.

4. júlí var William Ian Macenzie Turner jr., skipaður aðalræðismaður Íslands í Montreal, Kanada.

21. ágúst var Sif Ormarsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

28. ágúst var Elínborgu Bárðardóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Guðrúnu Hreinsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

21. september var Jón Örn Jónsson skipaður kjörræðismaður Íslands í Saskatchewan, Kanada.

S.d. var Kaj Bertil Nilsson skipaður kjörræðismaður Íslands í Helsingborg, Svíþjóð.

S.d. var Friedrich Nikolaus Schwarz skipaður kjörræðismaður Íslands í München, Þýskalandi.

2. nóvember var Guðbjörgu *Birnu* Guðmundsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Maríu Ólafsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sigríði Þórisdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

20. nóvember var Hirti Georg Gíslasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

S.d. var Önnu Björk Magnúsdóttur, cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

22. nóvember var Herði Helgasyni, sendiherra, veitt lausn frá embætti sendiherra samkvæmt eigin ósk frá 1. janúar 1991 að telja.

23. nóvember var dr. Snjólfur Ólafsson skipaður til að gegna stöðu dósents á sviði aðgerðarannsókna (aðalgrein) og tölfræði við viðskiptaskor viðskipta- og hagfræðideildar Háskóla Íslands frá 1. september 1990 að telja.

S.d. var dr. Kjartan G. Magnússon skipaður dósent í hagnýtri stærðfræði við stærðfræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. nóvember 1990 að telja.

26. nóvember var Gunnar Pálsson skipaður til að vera sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. janúar 1991 að telja.

S.d. var Sigríður Snævarr skipuð til að vera sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. febrúar 1991 að telja.

28. nóvember var Lilja Ólafsdóttir LL.M. skipuð til að vera sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember 1990 að telja.

S.d. var Lilja Viðarsdóttir M.A. skipuð til að vera sendiráðsráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. desember 1990 að telja.

29. nóvember var dr. Ólafur Proppé skipaður dósent í uppeldisgreinum við Kennaraháskóla Íslands frá 1. júní 1990 að telja.

3. desember var Pétri Þorsteinssyni, sýslumanni í Dalasýslu veitt lausn frá embætti, frá 15. janúar 1991 að telja.

4. desember var Sveinn Magnússon, heilsugæslulæknir í Garðabæ, skipaður til þess að vera héraðslæknir Reykjaneshéraðs, frá og með 1. janúar 1991 til og með 30. júní 1994.

S.d. var Garðari P. Jónssyni, lækni, veitt lausn frá störfum sem aðstoðaryfirlæknir lungna- og berklavarnardeildar Heilsuverndarstöðvar Reykjavíkur frá og með 1. janúar 1991 að telja.

S.d. var Haraldi Kröyer, sendiherra, veitt lausn frá embætti sendiherra samkvæmt eigin ósk frá og með 1. febrúar 1991, að telja.

11. desember var Þorvaldi Jóhannessyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Einar Magnússon, lyfjafræðingur, settur til þess að vera deildarstjóri lyfjamáladeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1991.

S.d. var Ólafur Hergill Oddsson, læknir, skipaður til þess að vera héraðslæknir Norðurlandshéraðs eystra, frá og með 1. janúar 1991 til og með 31. desember 1994. Jafnframt hefur honum verði veitt launalaust leyfi frá störfum heilsugæslulæknis á Akureyri sama tímabil.

S.d. var Þórarni Ingólfssyni, lækni, veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ásmundi Jónassyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

12. desember var framlengd setning Franklíns Georgssonar, gerlafræðings, til að gegna störfum forstöðumanns rannsóknastofu Hollustuverndar ríkisins, frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1991, í leyfi Guðlaugs Hannessonar, sem á sama tíma gegnir starfi fræðslufulltrúa stofnunarinnar.

S.d. var sr. Flóka Kristinssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Stóra-Núpsprestakalli í Árnesprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. mars 1991 að telja.

14. desember var Albert Páli Sigurðssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Kolbeini Guðmundssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Vigdísi Pétursdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Gísla Ingvarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Magnúsi Halldórssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Hrefnu Rúnarsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

17. desember var Hrefnu Friðriksdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

18. desember var Erlingi Þorsteinssyni, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu, frá og með 1. janúar 1991 til og með 31. desember að telja.

S.d. var Þórir Sigurðsson skipaður lektor í stærðfræði við sjávarútvegsdeild Háskóla Íslands á Akureyri frá 1. janúar 1991 að telja.

S.d. var dr. Hrafnhildur Ragnarsdóttir skipuð prófessor í uppeldissálarfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. desember 1990 að telja.

S.d. var Leifur A. Símonarson, lic. scient. skipaður prófessor í steingervingafræði við raunvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. desember 1989 að telja.

S.d. var Karli Strand, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu, frá og með 1. janúar 1991 til og með 31. desember 1991.

S.d. var Gunnar Gunnarsson skipaður til að vera sendifulltrúi í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. janúar 1991 að telja.

S.d. var Úlfari Þórðarsyni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu, frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1991.

21. desember var Bjarna Konráðssyni, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu, frá og með 1. janúar 1991 til og með 31. desember 1991.

S.d. var Þórólfi Guðnasyni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í smitsjúkdómum barna sem undirgrein við barnalækningar hér á landi, en sérfræðileyfi í barnalækningum var honum veitt þann 19. mars 1990.

S.d. var Þorgeiri Jónssyni, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu, frá og með 1. janúar 1991 til og með 31. desember 1991.

S.d. var Kristínu Andersen, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

**1991:**

2. janúar var Guðrún Erlendsdóttir, hæstaréttardómari, kjörin forseti Hæstaréttar Íslands til tveggja ára frá 1. janúar 1991 að telja, frá sama tíma var Bjarni K. Bjarnason, hæstaréttardómari, kjörinn varaforseti.

S.d. var Benjamín Bjartmarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. janúar var Gunnari Gunnarssyni veitt lausn frá lektorsstöðu í alþjóðastjórnmálum við félagsvísindadeild Háskóla Íslands frá 1. janúar 1991 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var dr. Ágústa Guðmundsdóttir skipuð dósent í matvælaefnafræði og matvælaefnagreiningu við efnafræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. janúar 1991 að telja.

8. janúar var gefin út löggilding handa Sigurbirni Magnússyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

14. janúar var Baldur Hafstað skipaður lektor í íslensku við Kennaraháskóla Íslands frá 1. janúar 1991 að telja.

17. janúar var sr. Pétri Þórarinssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Glerárprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. apríl 1991 að telja.

18. janúar var Friðjón Þórðarson, alþingismaður, skipaður til þess að vera sýslumaður í Dalasýslu, frá 1. apríl 1991 að telja.

23. janúar var séra Jón Dalbú Hróbjartsson, sóknarprestur í Laugarnesprófastsdæmi, skipaður prófastur í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, frá 1. febrúar 1991 að telja.

24. janúar var Jóni Hilmari Friðrikssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

25. janúar var sr. Sigurði Hauki Guðjónssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Langholtsprestskalli í Reykjavíkurprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. júlí 1991 að telja.

31. janúar var Kristjáni Þorbergssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

1. febrúar var Steinunni G. H. Jónsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

4. febrúar var Kristni Bjarnasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

5. febrúar var Friðjóni Þórðarsyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

6. febrúar var Ingvari Ingvarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Davíð O. Arnar, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

7. febrúar skilaði Baldvin Hafsteinsson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

S.d. var Ragnari Kristni Árnasyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

12. febrúar var Tómas Zoëga, læknir, skipaður til þess að vera yfirlæknir við geðdeild Landspítalans frá og með 1. mars 1991 að telja.

S.d. var dr. Ágúst Kvaran skipaður dósent í eðlisefnafræði við efnafræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. janúar 1991 að telja.

S.d. var Einar H. Guðmundsson, lic. scient., skipaður dósent í stjarnvísindum við eðlisfræðiskor raunvísindadeildar Háskólans frá sama tíma að telja.

14. febrúar var dr. Kristján Árnason skipaður prófessor í íslenskri málfræði við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júní 1990 að telja.

18. febrúar var Ólöfu Sif Konráðsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

19. febrúar var Júlíusi Valssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í gigtlækningum og embættislækningum hér á landi.

S.d. var Jóni Ingvari Ragnarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

S.d. var Guðmundi Daníelssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

20. febrúar var Jóni Ingólfssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Ingólfi Hjartarsyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

22. febrúar var Jóni Sigmundssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

25. febrúar var Helga Haraldssyni veitt lausn frá stöðu dósents í rússnesku við heimspekideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1991 að telja, að hans eigin ósk.

27. febrúar var Finnur Torfi Hjörleifsson, settur héraðsdómari, skipaður til þess að vera héraðsdómari við embætti bæjarfógetans í Hafnarfirði, Garðabæ og á Seltjarnarnesi og sýslumannsins í Kjósarsýslu, frá 18. febrúar 1991 að telja.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Kristni Ágústi Friðfinnssyni fyrir Hraungerðisprestakalli í Árnesprófastsdæmi, frá 1. mars 1991 að telja.

28. febrúar var Elín Soffía Ólafsdóttir, lic. pharm., skipuð í lektorsstöðu (37%) í lyfja- og efnafræði náttúruefna við námsbraut í lyfjafræði lyfsala í læknadeild Háskóla Íslands um fimm ára skeið frá 1. apríl 1991 að telja.

1. mars var Kristjáni Oddssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Skúla Gunnarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Jakobi Jóhannssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Elínborgu Guðmundsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

2. mars var Hjörtur Torfason, hæstaréttarlögmaður, skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. mars 1990 að telja.

4. mars var Smára Hilmarssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

5. mars var gefið út leyfisbréf handa Sigurlaugu Elmarsdóttur til þess að starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

8. mars var Hafsteini Guðjónssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í þvagfæraskurðlækningum hér á landi.

11. mars var Þórunni Sigurðardóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var var Eyvindi Kjelsvik, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ástráði Haraldssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Andra Gauki Ólafssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14.mars var Hjalta Kristjánssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

22. mars var Sigfúsi Arnari Ólafssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

25. mars var Tómasi Jónssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

27. mars var Kristjáni Stefánssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Torfa Fjalari Jónassyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ingunni Þorsteinsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Lúther Sigurðssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

5. apríl var gefið út veitingarbréf handa séra Svavari Stefánssyni fyrir Þorlákshafnarprestkalli í Árnesprófastsdæmi, frá 1. júní 1991 að telja.

S.d. var Gunnar Snorri Gunnarsson skipaður sendiherra í utanríkisþjónustu Íslands frá 15. apríl 1991 að telja.

9. apríl var Þóri Vilhjálmi Þórissyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

10. apríl var Þorsteinn Svörfuður Stefánsson, læknir settur til þess að vera yfirlæknir við svæfinga- og gjörgæsludeild Landspítalans frá og með 15. apríl 1991 til jafnlengdar næsta ár.

12. apríl var dr. Loftur Guttormsson skipaður prófessor í félagsfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. október 1990 að telja.

S.d. var dr. Jónas B. Magnússon skipaður prófessor í handlæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. apríl 1991 að telja.

S.d. var Sigurði Björnssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

16. apríl var gefið út veitingarbréf handa séra Gunnlaugi Garðarssyni fyrir Glerárprestakalli í Eyjafjarðarprófastsdæmi, frá 1. júní 1991 að telja.

17. apríl var gefin út löggilding handa Sæmundi Garðari Halldórssyni til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og úr þýsku og frönsku.

22. apríl var Þórði Þórkelssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

S.d. var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Harpa Viðarsdóttir megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Eddu Jónínu Ólafsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í barnalækningum hér á landi.

S.d. var Hjördísi Harðardóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

24. apríl var framlengd setning Guðjóns Magnússonar, dr. med., til þess að gegna störfum skrifstofustjóra og staðgengils ráðuneytisstjóra í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, frá og með 1. september til og með 31. desember 1991. Jafnframt hefur honum verið veitt leyfi frá störfum aðstoðarlandlæknis sama tímabil.

29. apríl var framlengd setning Matthíasar Halldórssonar, læknis, til þess að gegna störfum aðstoðarlandlæknis frá og með 1. september til og með 31. desember 1991 í leyfi skipaðs aðstoðarlandlæknis.

30. apríl var Lára Halla Maack, læknir, skipuð yfirlæknir réttargeðdeildar heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins frá og með 1. maí 1991 að telja.

S.d. var Birgittu Birgisdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sunnu Guðlaugsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sigrún Guðmundsdóttir skipuð lektor í handmenntum við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1991 að telja.

S.d. var Eyglóu Aradóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

3. maí var Birni Rúnari Lúðvíkssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Jakobi Ragnari Möller, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

13. maí var Steinunni Guðbjartsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var sr. Kjartani Erni Sigurbjörnssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Vestmannaeyjaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. september 1991 að telja.

15. maí var Sólveig Guðmundsdóttir, lögfræðingur, skipuð til að vera deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. maí 1991 að telja. Frá og með sama tíma fellur niður setning hennar í starfið.

S.d. var Einari Magnússyni, lyfjafræðingi, veitt embætti deildarstjóra lyfjamáladeildar (lyfjamálastjóra) heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis frá og með 1. maí 1991 að telja.

16. maí var dr. Halldór Guðjónsson skipaður dósent við tölvunarfræðiskor raunvísindadeildar Háskóla Íslands frá 1. ágúst 1991 að telja.

17. maí var Láru Höllu Maack, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum með réttargeðlæknisfræði sem undirgrein hér á landi.

S.d. var Ragnhildi Steinback, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum skurðlækningum hér á landi.

21. maí var gefið út skipunarbréf handa sr. Axel Árnasyni, fyrir Stóra-Núpsprestakalli í Árnesprófastsdæmi, frá 15. maí 1991 að telja til 15. maí 1995.

S.d. var dr. Jónasi Pálssyni veitt lausn frá lektorsstöðu í uppeldisgreinum við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1991 að telja að hans eigin ósk.

22. maí var gefið út skipunarbréf handa sr. Ingileif Malmberg fyrir Norðfjarðarprestakalli í Austfjarðaprófastsdæmi, frá 1. júní 1991 að telja.

24. maí var gefið út skipunarbréf handa sr. Agli Hallgrímssyni, fyrir Skagastrandarprestskalli í Húnavatnsprófastsdæmi, frá 15. maí 1991 að telja til 15. maí 1992.

27. maí var Stefán Yngvason, læknir, settur til þess að vera yfirlæknir við endurhæfingadeild Kristnesspítala frá og með 1. ágúst n.k. til jafnlengdar næsta ár.

S.d. var Guðjóni Kristleifssyni, tannlækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í tann- og munngervalækningum hér á landi.

S.d. var Solveigu Sigurðardóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Þórarni H. Þorbergssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

28. maí var Garðari Guðmundssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í taugaskurðlækningum hér á landi.

29. maí var gefið út skipunarbréf handa séra Flóka Kristinssyni fyrir Langholtsprestakalli í Reykjavíkurprófastsdæmi vestra, frá 1. júlí 1991 að telja.

30. maí var Sigurði Guðmundssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Þóra Kristinsdóttir skipuð dósent í uppeldisgreinum við Kennaraháskóla Íslands frá 1. ágúst 1991 að telja. Jafnframt hefur henni verið veitt lausn frá kennarastöðu við Æfingaskóla Kennaraháskólans frá sama tíma að telja.

S.d. var gefið út skipunarbréf handa sr. Karli Valgarði Mattíassyni, fyrir Tálknafjarðarprestakalli í Barðastrandarprófastsdæmi, frá 16. júní 1991 að telja til 16. júní 1993.

3. júní var Sigurði Heiðdal, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum lyflækningum hér á landi.

5. júní var Kristín Björnsdóttir skipuð lektor í hjúkrunarfræði, aðalkennslugrein almenn hjúkrunarfræði, við námsbraut í hjúkrunarfræði í læknadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1991 að telja.

S.d. var Guðmundi Sigurðssyni, lækni, veitt lausn frá hlutastöðu lektors (37%) í heimilislækningum við læknadeild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1991 að telja, að hans eigin ósk.

6. júní var Magnúsi Sigurðssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

10. júní var gefin út löggilding handa Hróbjarti Jónatanssyni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

11. júní var gefin út löggilding handa Jakobi R. Möller til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og úr ensku.

12. júní var Hildi Thors, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Dóru Lúðvíksdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Sigurði Jónssyni, fyrir Oddaprestakalli í Rangárvallaprófastsdæmi, frá 15. júní 1991 að telja.

S.d. var Ófeigi Tryggva Þorgeirssyni, cand. med. et chir. veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Stefáni Hjálmarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Maríu Sverrisdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Guðmundi Harra Guðmundssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

18. júní var Ara Víði Axelssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

19. júní var Páli Tryggvasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem almennur barnalæknir hér á landi.

S.d. var Dan Valgarð S. Wiium, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

20. júní var gefin út löggilding handa Ingólfi Klausen til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og úr ítölsku.

S.d. var gefin út löggilding handa Önnu Hólmfríði Yates til þess að vera dómtúlkur og skjalaþýðandi á og úr ensku.

25. júní var Gunnar M. Guðmundsson, hæstaréttarlögmaður, skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. júlí 1991 að telja.

S.d. var var gefið út starfsleyfi sem heimilar að Elín Soffía Ólafsdóttir megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Kristján S. Guðmundsson megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var gefið út sem starfsleyfi, sem heimilar, að Einar Már Sigurðsson megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

26. júní var Halldóri Halldórssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Kjartani Norðdahl, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

28. júní var Helgi Tómasson skipaður í lektorsstöðu á sviði tölfræði og hagrannsókna í viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands frá 1. júlí 1991 að telja.

1. júlí var Önnu Þ. Salvarsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í kvenkrabbameinslækningum sem undirgrein við kvenlækningar hér á landi, en leyfi til að starfa sem sérfræðingur í kvenlækningum fékk hún 18. nóvember 1988.

S.d. var Finni Snorrasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

S.d. var Úlfi Agnarssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í meltingar- og næringarsjúkdómum barna sem undirgrein við almennar barnalækningar hér á landi, en leyfi til að stunda barnalækningar fékk hann 31. desember 1986.

S.d. var Sjöfn Kristjánsdóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í meltingarlækningum sem undirgrein við almennar lyflækningar hér á landi, en leyfi til að stunda almennar lyflækningar fékk hún 15. ágúst 1989.

S.d. var Sigurveigu Þóru Sigurðardóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í almennum barnalækningum hér á landi.

S.d. var Finni Snorrasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í bæklunarskurðlækningum hér á landi.

5. júlí var Kristínu Jóhannesdóttur, lögfræðingi, og Helgu Leifsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

8. júlí var Guðmundi Pálssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Dóra S. Bjarnason skipuð dósent í félagsfræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. janúar 1991 að telja.

S.d. var Guðna Páli Daníelssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Sigríði Lilju Signarsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Guðbjörgu Jónsdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

15. júlí var Markúsi Erni Antonssyni, útvarpsstjóra, veitt lausn frá stöðu útvarpsstjóra Ríkisútvarpsins frá 15. júlí 1991 að telja, að hans eigin ósk.

S.d. var gefið út veitingarbréf handa séra Bjarna Karlssyni, fyrir Vestmannaeyjaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi, frá 1. september 1991 að telja.

16. júlí var gefin út löggilding handa Vilhjálmi Einarssyni, til þess að vera fasteigna- og skipasali.

17. júlí var Guðmundi Jónssyni, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. september 1991 að telja.

18. júlí var Páli Þorgeirssyni, lækni, veitt lausn frá störfum heilsugæslulæknis við heilsugæslustöð Suðurnesja frá 15. júlí s.l. að eigin ósk.

S.d. var gefin út löggilding handa Kjartani Ragnars til þess að vera fasteigna- og skipasali.

22. júlí var Anna Kristjánsdóttir skipuð prófessor í kennslufræði stærðfræðinnar við Kennaraháskóla Íslands frá 1. mars 1991 að telja.

24. júlí voru eftirtaldir skipaðir prófessorar við Háskóla Íslands:

Guðmundur Pétursson, forstöðumaður, prófessor við læknadeild frá 1. maí 1991 að telja.

Dr. Ágúst Kvaran, prófessor í eðlisefnafræði við raunvísindadeild frá 1. september 1991 að telja.

Dr. Vésteinn Ólason, prófessor í íslenskum bókmenntum við heimspekideild frá 1. september 1991 að telja.

Helga Kress, cand. mag., prófessor í almennri bókmenntafræði við heimspekideild frá 1. mars 1990 að telja

Ennfremur var dr. Þorlákur Karlsson skipaður lektor í aðferðafræði við félagsvísindadeild frá 1. júlí 1991 að telja.

9. ágúst var Héðni Sigurðssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

12. ágúst var Birni Gunnarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Marinó P. Hafstein, lækni veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í klínískri taugalífeðlisfræði sem undirgrein við taugasjúkdómafræði og starfa sem slíkur hér á landi, en leyfi til að starfa sem sérfræðingur í taugasjúkdómafræði hlaut hann 27. mars 1985.

S.d. var Sigurjóni Kristinssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

14. ágúst voru Benedikt Jónsson, Pétur G. Thorsteinsson og Sigurður Ásmundsson skipaðir til að vera sendifulltrúar í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. ágúst 1991 að telja.

S.d. var Þórður B. Guðjónsson skipaður til að vera sendiráðunautur í utanríkisþjónustu Íslands frá 1. október 1991 að telja.

S.d. var Gunnari Ás Vilhjálmssyni, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í augnlækningum og starfa sem slíkur hér á landi.

15. ágúst var sr. Gísla H. Kolbeins veitt lausn frá embætti sóknarprests í Stykkishólmsprestakalli í Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 15. október 1991 að telja.

S.d. var sr. Ragnheiði Erlu Bjarnadóttur veitt lausn frá embætti sóknarprests í Raufarhafnarprestakalli, Þingeyjarprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 15. október 1991 að telja.

S.d. var sr. Baldri Rafni Sigurðssyni veitt lausn frá embætti sóknarprests í Hólmavíkurprestakalli, Húnavatnsprófastsdæmi, að eigin ósk, frá 1. september 1991 að telja.

S.d. var Birni Þóri Sigurbjörnssyni, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í æðaskurðlækningum sem undirgrein við almennar skurðlækningar og starfa sem slíkur hér á landi. Leyfi til að starfa sem almennur skurðlæknir hlaut hann 25. febrúar 1988.

S.d. var Haraldi Haukssyni, lækni, veitt leyfi til þess að kalla sig sérfræðing í æðaskurðlækningum sem undirgrein við almennar skurðlækningar og starfa sem slíkur hér á landi. Leyfi til að starfa sem almennur skurðlæknir hlaut hann 22. nóvember 1985.

19. ágúst var Pétur Kr. Hafstein, sýslumaður og bæjarfógeti, skipaður til þess að vera dómari við Hæstarétt Íslands frá 1. október 1991 að telja.

20. ágúst var Vilhjálmi Ara Arasyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

21. ágúst var gefið út skipunarbréf handa Magnúsi Erlingssyni, cand. theol., fyrir Ísafjarðarprestakalli í Ísafjarðarprófastsdæmi, frá 1. september 1991 að telja til 1. september 1992.

23. ágúst var gefið út skipunarbréf handa séra Pétri Þórarinssyni fyrir Laufásprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi, frá 1. ágúst 1991 að telja.

26. ágúst var Hjördísi Smith, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í svæfingalæknisfræði hér á landi.

28. ágúst var Pétri Þorsteinssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

30. ágúst var Sveinbirni Jakobssyni veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

2. september var sr. Heimir Steinsson, þjóðgarðsvörður, skipaður útvarpsstjóri Ríkisútvarpsins frá 1. október 1991 að telja.

5. september var Hrefna Sigurðardóttir, viðskiptafræðingur, skipuð til að vera deildarstjóri í heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu frá og með 1. september 1991. Frá og með sama tíma fellur niður setning hennar í starfið.

10. september var Fanneyju Óskarsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Jóhanni Péturssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Óskari Thorarensen, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Ingvari Þóroddssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir hérðasdómi.

S.d. var Guðmundi Björnssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

13. september var gefin út löggilding handa Gissuri Kristjánssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

16. september var gefin út löggilding handa Jóhanni Péturssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

S.d. var Víði Óskarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ólafi Þór Gunnarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Magnúsi Arnulf Lúðvíkssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Brynjari Viðarssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Ólafi Baldurssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Kristni Tómassyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í geðlækningum og embættislækningum hér á landi.

18. september var gefið út veitingarbréf handa séra Hönnu Maríu Pétursdóttur fyrir Þingvallaprestakalli í Árnesprófastsdæmi, er jafnframt gegni starfi þjóðgarðsvarðar, frá 1. október 1991 að telja.

S.d. var Sigurveigu Þóru Sigurðardóttur, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í ofnæmis- og ónæmisfræði, sem undirgrein við almennar barnalækningar hér á landi, en sérfræðileyfi í almennum barnalækningum fékk hún 1. júlí 1991.

S.d. var Þórði Þórkelssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í nýburalækningum hér á landi sem undirgrein við almennar barnalækningar, en sérfræðileyfi í almennum barnalækningum fékk hann 22. apríl 1991.

19. september var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Helena Líndal Baldvinsdóttir megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. skilaði Guðmundur Þórðarson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu og fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

20. september var gefin út löggilding handa Sigurði Jónssyni til þess að vera fasteigna- og skipasali.

21. september var Hauki S. Magnússyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

25. september var Ágústi Gunnarssyni, veitt leyfi til þess að stunda tannlækningar hér á landi.

27. september var Leifi Árnasyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Valgarði Sigurðssyni, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

S.d. var Sigríði Jóhönnu Friðjónsdóttur, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Freyju M. Frisbæk, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs lyfjaverslunarinnar Lyfjabergs, Hraunbergi 4, Reykjavík, frá og með 1. janúar 1992 að telja.

S.d. var Jóni Þórðarsyni, lyfjafræðingi, veitt leyfi til reksturs Ölfus Apóteks, Breiðumörk 23, Hveragerði, frá og með 1. október 1991 að telja.

1. október var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Jóna Björk Elmarsdóttir megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var Ólafur Helgi Kjartansson, skattstjóri, skipaður til þess að vera sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, frá 15. október 1991 að telja.

3. október var framlengd setning Guðjóns Magnússonar, læknis, til að gegna störfum skrifstofustjóra og staðgengils ráðuneytisstjóra frá og með 1. janúar til og með 31. desember 1992 að telja. Jafnframt er honum veitt launalaust leyfi frá störfum aðstoðarlandlæknis sama tíma.

S.d. var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Guðjón Friðrik Sigurjónsson megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Eggert Bjarni Helgason megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

7. október var Þóri Hallgrímssyni, lögfræðingi, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

8. október var Hörpu Hauksdóttur, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Jóni Steingrímssyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Lýði Árnasyni, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Páli Torfa Önundarsyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í blóðsjúkdómum sem undirgrein við almennar lyflækningar hér á landi, en sérfræðileyfi í almennum lyflækningum fékk hann 17. október 1988.

10. október var gefið út veitingarbréf handa Jóni Hagbarði Knútssyni, guðfræðingi, fyrir Raufarhafnarprestakalli í Þingeyjarprófastsdæmi, í tvö ár, frá 1. nóvember 1991 að telja.

11. október var Karli Strand, lækni, veitt heimild til þess að reka lækningastofu frá og með 1. janúar 1992 til og með 31. desember 1992.

S.d. var dr. Hermann Þórisson skipaður til að gegna stöðu fastráðins sérfræðings við reiknifræðistofu Raunvísindastofnunar Háskólans frá 1. september 1991 að telja.

14. október var Indriða Gíslasyni veitt lausn frá embætti prófessors í íslensku við Kennaraháskóla Íslands frá 1. janúar 1992 að telja, að hans eigin ósk.

16. október var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Guðrún Þ. Kjartansdóttir megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

17. október var Freyju Matthíasdóttur Frisbæk, lyfjafræðingi, veitt lausn frá stöfum forstöðumanns Lyfjaeftirlits ríkisins, að eigin ósk, frá og með 1. janúar 1992 að telja.

S.d. var Þorsteini Njálssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í heimilislækningum hér á landi.

18. október var Bárði Sigurgeirssyni, lækni, veitt leyfi til þess að starfa sem sérfræðingur í húð- og kynsjúkdómalækningum hér á landi.

23. október voru Birni Jóhannessyni, Ásgeiri Eiríkssyni og Bjarna Lárussyni, lögfræðingum, veitt leyfi til málflutnings fyrir héraðsdómi.

S.d. var Elísabetu Benidikz, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

S.d. var Árna Hafstað, cand. med. et chir., veitt leyfi til þess að stunda almennar lækningar hér á landi.

28. október var framlengd setning Matthíasar Halldórssonar, læknis, til þess að gegna störfum aðstoðarlandlæknis frá og með 1. janúar til 31. desember 1992 í leyfi skipaðs aðstoðarlandlæknis.

29. október var gefið út veitingarbréf handa séra Gunnari Eiríki Haukssyni, fyrir Stykkishólmsprestakalli í Snæfellsness- og Dalaprófastsdæmi, frá 1. nóvember 1991 að telja.

5. nóvember var Bjarna K. Bjarnasyni, hæstaréttardómara, veitt lausn frá embætti frá 1. janúar 1992 að telja.

S.d. var Ragnari Halldóri Hall, borgarfógeta, veitt lausn frá embætti að eigin ósk, frá 1. febrúar 1992 að telja.

6. nóvember var Sigrúnu Guðmundsdóttur, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

7. nóvember var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Magnús Júlíusson megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

S.d. var gefið út starfsleyfi, sem heimilar, að Elísabet Tómasdóttir megi starfa sem lyfjafræðingur hér á landi.

14. nóvember voru Ásgeir Pétur Ásgeirsson, héraðsdómari og Freyr Ófeigsson, héraðsdómari, skipaðir til að vera héraðsdómarar við héraðsdóm Norðurlands eystra frá 1. júlí 1992 að telja.

18. nóvember var Ingvar Sigurgeirsson skipaður dósent í uppeldis- og kennslufræði við Kennaraháskóla Íslands frá 1. maí 1991 að telja.

20. nóvember var Ragnheiði Haraldsdóttur veitt lausn frá lektorsstöðu í hjúkrunarfræði við námsbraut í hjúkrunarfræði við læknadeild Háskóla Íslands frá 15. janúar 1992 að telja, að hennar eigin ósk.

S.d. var Aage Steinssyni veitt lausn frá kennarastöðu við Tækniskóla Íslands frá 1. janúar 1992 að telja, að hans eigin ósk.

27. nóvember var Skúla Th. Fjeldsted, héraðsdómslögmanni, veitt leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti.

29. nóvember skilaði Barði Þórhallsson, héraðsdómslögmaður og löggiltur fasteignasali, leyfisbréfi sínu til fasteigna- og skipasölu. Fellur því niður frá þeim tíma heimild hans til að starfa sem fasteigna- og skipasali.

# SKRÁ

**tilkynninga um ný hlutafélög sem birtust í Lögbirtingablaði 1991.**


| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Aðalmálun hf., Reykjavík | 154 |
| AG hf., Reykjavík | 129 |
| Agat hf., Hafnarfirði | 85 |
| Aggi hf., Reykjavík | 158 |
| Ágúst og Gísli hf., Patreksfirði | 101 |
| Akró hf., Akranesi | 154 |
| Akurey hf., Reykjavík | 135 |
| Al-lagnir hf., Reykjavík | 101 |
| Almálun hf., Reykjavík | 125 |
| Almenna bílaverkstæðið hf., Reykjavík | 91 |
| Almenni Hlutabréfasjóðurinn hf., Reykjavík | 83 |
| Alþjóðaverslunarfélagið Evrópa-Mexico hf., Reykjavík | 85 |
| Amtmannsstígur hf., Reykjavík | 84 |
| Ánanaust hf., Reykjavík | 101 |
| Áral hf., Ísafirði | 135 |
| Árból hf., Húsavík | 101 |
| Arbonne-Kóngsbakki hf., Stykkishólmi | 147 |
| Arðan hf., Reykjavík | 126 |
| Árfell hf., Dalvík | 126 |
| Argó hf., Reykjavík | 125 |
| Arkþing hf., Reykjavík | 101 |
| Arnarhreiður hf., Reykjavík | 102 |
| Árnes hf., Þorlákshöfn | 133 |
| Arnól hf., Reykjavík | 123 |
| Árvík hf., Reykjavík | 101 |
| Ás-prent hf., Akureyri | 83 |
| Ásbyrgi hf., Hafnarfirði | 19 |
| Ásgeir hf., Reykjavík | 19 |
| Ási hf., Reykjavík | 129 |
| Átt hf., Reykjavík | 101 |
| Auðnufell hf., Reykjavík | 20 |
| Auglýsingasetrið hf., Reykjavík | 139 |
| Austfirskir verktakar hf., Egilsstöðum | 82 |
| Austur og vestur hf., Kópavogi | 133 |
| Austurvöllur hf., Reykjavík | 123 |
| | |
| B.G. bílasalan hf., Reykjavík | 101 |
| B.M.-bílamálun hf., Akureyri | 101 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| B.S.A. hf., Akureyri | 83 |
| Barri hf., Egilsstöðum | 85 |
| Basis hf., Reykjavík | 141 |
| Bekkur, byggingarfélag hf., Reykjavík | 158 |
| Bergur-Huginn hf., Vestmannaeyjum | 135 |
| Berlín hf., Reykjavík | 101 |
| Betri bílar hf., Reykjavík | 133 |
| Bifreiðastöð Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði | 83 |
| Bílasala Selfoss hf., Selfossi | 129 |
| Bílaverk K.Á. hf., Keflavík | 84 |
| Bílaverkstæðið Áfram gengur hf., Reykjavík | 84 |
| Bílsel hf., Selfossi | 133 |
| Bíó barinn hf., Reykjavík | 84 |
| Bjarni Jónsson hf., Kópavogi | 102 |
| Blokk hf., Reykjavík | 129 |
| Blómagallerí hf., Reykjavík | 140 |
| Blómaglugginn hf., Mosfellsbæ | 133 |
| Bónus-ís hf., Reykjavík | 129 |
| Borgarfoss hf., Reykjavík | 133 |
| Borgarhóp hf., Reykjavík | 21 |
| Brauðhús hf., Þórshöfn | 83 |
| Brekkulækur hf., Reykjavík | 125 |
| Brot hf., Reykjavík | 135 |
| Broti hf., Sandgerði | 102 |
| BSH hf., Húsavík | 86 |
| Bygg hf., Reykjavík | 158 |
| Byggingafélag Gylfa og Gunnars hf., Reykjavík | 158 |
| Byggingafélagið Aðalvík hf., Hafnarfirði | 102 |
| Byggingavöruverslunin Núpur hf., Ísafirði | 126 |
| BÞ verktakar hf., Reykjavík | 123 |
| Böðvar Sigurðsson hf., Garðabæ | 101 |
| | |
| Dam hf., Reykjavík | 141 |
| Danco hf., Reykjavík | 126 |
| Depla hf., Reykjavík | 141 |
| Djúpfang hf., Bolungarvík | 147 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Djúpferðir hf., Ísafirði | 83 |
| Drafnir hf., Reykjavík | 147 |
| Drangur hf., Reykjavík | 123 |
| Dropinn hf., Akureyri | 141 |
| E.T. hf., Reykjavík | 84 |
| E.V. bílar hf., Garðabæ | 141 |
| Eðalmúr hf., Reykjavík | 140 |
| Efnisvinnslan hf., Bolungarvík | 23 |
| Eiði hf., Vestmannaeyjum | 132 |
| Eigna- og bílasalan Röst hf., Reykjavík | 84 |
| Eirvík hf., Reykjavík | 126 |
| Eltak hf., Reykjavík | 101 |
| Endurskoðunarskrifst. Tómasar Þorvarðssonar hf., Reykjavík | 154 |
| Erlendur Björnsson hf., Bessastaðahreppi | 20 |
| Esco hf., Mosfellsbæ | 123 |
| Evrópuflug hf., Reykjavík | 101 |
| Eyfell hf., Reykjavík | 125 |
| Fasteign hf., Reykjavík | 23 |
| Félag pípulagningaverktaka hf., Keflavík | 140 |
| Ferðavakinn hf., Reykjavík | 147 |
| Ferrum hf., Reykjavík | 135 |
| Fides hf., Akureyri | 84 |
| Fífuhvammur hf., Reykjavík | 129 |
| Fínverk hf., Reykjavík | 141 |
| Fiskeldisstöðin Lækur hf., Ölfusi | 84 |
| Fiskmarkaður í Þorlákshöfn hf., Þorlákshöfn | 125 |
| Fjarhönnun hf., Reykjavík | 123 |
| Fóðurverksmiðjan Laxá hf., Akureyri | 141 |
| Fossbygg hf., Selfossi | 123 |
| Framtíðarsjóðurinn hf., Reykjavík | 125, 132 |
| Fransk ítalska verslunarfélagið hf., Reykjavík | 123 |
| Frétta- og auglýsingaþjónustan hf., Keflavík | 129 |
| Frístund verkstæði hf., Reykjavík | 155 |
| Frostver Hafnarfirði hf., Hafnarfirði | 154 |
| Frumherji hf., Reykjavík | 133 |
| Fundur heimsborgar á Íslandi hf., Reykjavík | 141 |
| Fæðu gæði hf., Reykjavík | 147 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| G. Ámundason hf., Reykjavík | 123 |
| G.Þ. Vatnstæki hf., Reykjavík | 82 |
| Gallerí sport hf., Reykjavík | 140 |
| Gámatækni hf., Húsavík | 82 |
| Gámavinir hf., Vestmannaeyjum | 102 |
| Gamla krónan hf., Reykjavík | 101 |
| Garðaprýði hf., Reykjavík | 102 |
| Gerandi hf., Reykjavík | 141 |
| Gesthús hf., Selfossi | 101 |
| Geymslusvæðið hf., Hafnarfirði | 141 |
| Giga hf., Reykjavík | 126 |
| Glaxo á Íslandi hf., Reykjavík | 141 |
| Glugga- og hurðasmiðja Sigurðar Bjarnasonar hf., Hafnarf. | 101 |
| Goði hf., Reykjavík | 155 |
| Gosdrykkjaverksmiðjan Sanitas hf., (Gosan hf.) Reykjavík | 101 |
| Graftækni hf., Njarðvík | 135 |
| Gróandinn hf., útgáfufélag, Reykjavík | 103 |
| Grænmeti og ávextir hf., Rangárvallasýslu | 84 |
| Gufunes hf., Reykjavík | 82 |
| Gulleyjan hf., Reykjavík | 141 |
| Gunnbjörn hf., Vogum | 84 |
| Gunndís hf., Hnífsdal | 141 |
| Gæðasalat hf., Reykjavík | 135 |
| H-101 hf., Akureyri | 141 |
| Hafboði hf., Hafnarfirði | 86 |
| Hafsauga/Sleipnir hf., Reykjavík | 86 |
| Hagtak hf., Hafnarfirði | 123 |
| Hagþróun hf., Reykjavík | 154 |
| Hallargarðurinn hf., Reykjavík | 101 |
| Handsal hf.-verðbréfafyrirtæki, Reykjavík | 101 |
| Handtak hf., Ísafirði | 147 |
| Hegurð hf., Mosfellsbæ | 141 |
| Heild verktakar-tækniþjónusta hf., Kópavogi | 129 |
| Hermundur hf., Reykjavík | 84 |
| Hífir, Kjarnaborun hf., Reykjavík | 84 |
| Hilti hf., Reykjavík | 123 |
| Hitaveitan Hrókur hf., Grímsneshreppi | 133 |
| Hjálmhús hf., Reykjavík | 125 |
| Hjól hf., Reykjavík | 84 |
| Hjólbarðahúsið hf., Reykjavík | 140 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Hjólval hf., Kópavogi | 123 |
| Hljóðriti hf., Reykjavík | 83 |
| Hlutabréfasjóður VÍB hf., Reykjavík | 84 |
| Hlutabréfasjóðurinn Auðlind hf., Reykjavík | 84 |
| Hótel Austurland hf., Reykjavík | 125 |
| Hótel Ísland hf., Reykjavík | 101 |
| Hótel Mar hf., Reykjavík | 141 |
| Hótel Reykjavík hf., Reykjavík | 147 |
| Hraðsögun hf., Akureyri | 82 |
| Hreyfilistahúsið hf., Reykjavík | 140 |
| Hrói Höttur hf., Reykjavík | 125 |
| Húsa- og híbýlamálun H.H. málun hf., Reykjavík | 141 |
| Húsanes hf., Keflavík | 101 |
| Húsaverk hf., Reykjavík | 141 |
| Húsbyggjandinn hf., Reykjavík | 141 |
| Húseignin Laufásvegur 41 og 41a hf., Reykjavík | 147 |
| Húsfélagið Faxafeni 5 hf., Reykjavík | 21 |
| Húsið á sléttunni hf., Hveragerði | 125 |
| Húsprýði hf., Kópavogi | 154 |
| Hvammur-Hvammsvík hf., Kjósarsýslu | 135 |
| Hydro hf., Reykjavík | 129 |
| Hyrna hf., Reykjavík | 21 |
| Höfðaleigan hf., Reykjavík | 20 |
| Höldur hf., Akureyri | 101 |
| Höndin hf., Akureyri | 19 |
| Iðavellir hf., Keflavík | 129 |
| Iðnaðarpípulagnir hf., Reykjavík | 135 |
| Ís-rós hf., Kópavogi | 147 |
| Isarctic hf., Akranesi | 84 |
| Ísfiskur hf., Kópavogi | 84 |
| Íshnakkurinn hf., Hafnarfirði | 155 |
| Ísin hf., Reykjavík | 123 |
| Ískaffi hf., Reykjavík | 154 |
| Ískró hf., Reykjavík | 84 |
| Íslandsferðir hf., Reykjavík | 147 |
| Ísleifur hf., Vestmannaeyjum | 101 |
| Íslenska eignarhaldsfélagið hf., Reykjavík | 154 |
| Íslenska fjarskiptafélagið hf., Reykjavík | 102 |
| Íslenska heilsufélagið hf., Reykjavík | 141 |
| Íslenskar markaðsrannsóknir hf., Reykjavík | 84 |
| Íslenskar sjávarafurðir hf., Reykjavík | 154 |
| Íslenskir sjávarréttir hf., Húsavík | 141 |
| Íslenskur skinnaiðnaður hf., Akureyri | 154 |
| Íslenskur æðadúnn hf., Stykkishólmi | 123 |
| Isoport hf., Reykjavík | 101 |
| Ísprent hf., Ísafirði | 84 |
| Ísstöðin hf., Dalvík | 83 |
| Ístorg hf., Reykjavík | 126 |
| Ítölsk ráðgjöf, tengsl og þjónusta hf., Reykjavík | 129 |
| J. Brynjólfsson hf., Reykjavík | 19 |
| J.Á. heildverslun hf., Reykjavík | 123 |
| J.E. co. hf., Reykjavík | 125 |
| Jarðtæknistofan hf., Reykjavík | 154 |
| Jeppasmiðjan hf., Sandvíkurhreppi, Árnessýslu | 21 |
| Jeppasport hf., Reykjavík | 154 |
| JFE-byggingarþjónusta hf., Bolungarvík | 141 |
| K. Nielsen hf., Reykjavík | 147 |
| K.S. - verktakar hf., Kópavogi | 133 |
| Karat hf., Reykjavík | 86 |
| Karl og Birgir hf., Reykjavík | 141 |
| Kjötsmiðjan hf., Kópavogi | 102 |
| Klettagarðar hf., Reykjavík | 126 |
| Kompaníið hf., Reykjavík | 101 |
| Kontrapunktur hf., Reykjavík | 135 |
| Kos hf., Hafnarfirði | 84 |
| Kraftaverk hf., Hlíðarhreppi, N.-Múl. | 123 |
| Kringluljós hf., Reykjavík | 135 |
| Kringlusport hf., Reykjavík | 101 |
| Krókháls hf., Reykjavík | 101 |
| Kvikmyndafélag Íslands hf., Reykjavík | 141 |
| Kviksýn hf., Reykjavík | 85 |
| Kvos hf., Reykjavík | 84 |
| Lagastoð hf., Reykjavík | 154 |
| Landið hf., Akureyri | 140 |
| Landsendi hf., Loðmundarfirði | 141 |
| Landsveitingar hf., Reykjavík | 101 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Laugarásbakarí hf., Reykjavík | 82 |
| Leifur Eiríksson hf., Seltjarnarnesi | 84 |
| Leonard hf., Reykjavík | 135 |
| Lerki hf., Kópavogi | 140 |
| Líftryggingafélag Íslands hf., Reykjavík | 83 |
| Lindin hf., Reykjavík | 140 |
| Litsýn hf., Reykjavík | 158 |
| Lód hf., Reykjavík | 135 |
| Lyftarar hf., Reykjavík | 139 |
| Lykill hf., Reyðarfirði | 82 |
| Lækjarver hf., Reykjavík | 83 |
| Löndun hf., Reykjavík | 20 |
| | |
| Málmís hf., Reykjahlíð, S.-Þing. | 141 |
| Málningarþjónusta Húsavíkur hf., Húsavík | 101 |
| Málningarþjónusta Reykjavíkur hf., Reykjavík | 133 |
| Marbakki-Ístros hf., Kópavogi | 129 |
| Marteinn Haraldsson hf., Siglufirði | 102 |
| Máttur-vinnuvernd hf., Reykjavík | 129 |
| Meistarasmíð hf., Reykjavík | 147 |
| Melville Ísland hf., Reykjavík | 85 |
| Merki hf., Reykjavík | 101 |
| Moldarblandan-gæðamold hf., Reykjavík | 102 |
| Moli hf., Reykjavík | 141 |
| Mótel hf., Hafnarfirði | 141 |
| Myndbandasafnið hf., Reykjavík | 125 |
| Myndin hf., Reykjavík | 123 |
| Myndmál hf., Reykjavík | 141 |
| Mývatn hf., Skútustöðum, Reykjahlíð | 129 |
| | |
| Naglinn hf., Ísafirði | 141 |
| Nammi hf., Reykjavík | 123 |
| Naustið hf., Reykjavík | 133 |
| Naustkráin hf., Reykjavík | 101 |
| Neseyri hf., Kópavogi | 101 |
| Nora hf., Stykkishólmi | 20 |
| Norðlenska verslunarfélagið hf., Akureyri | 155 |
| Norðurstjarnan í Hafnarfirði hf., Hafnarfirði | 3 |
| Norfisk hf., Reykjavík | 91 |
| Norræn verktækni hf., Reykjavík | 129 |
| Nuddstofa Reykjavíkur hf., Reykjavík | 139 |
| Núnatak hf., Hafnarfirði | 103 |
| Nýbýli hf., Reykjavík | 123 |
| Nýi kjöt og fiskur hf., Reykjavík | 84 |
| Nýja verslunarfélagið hf., Reykjavík | 141 |
| Nýsir hf., Reykjavík | 101 |
| | |
| Ó. Haraldsson hf., Reykjavík | 126 |
| O. Guðmundsson hf., Seltjarnarnesi | 101 |
| O.I. Snyrtivörur hf., Reykjavík | 84 |
| Óðal hf., Akureyri | 140 |
| Oddur Pétursson hf., Reykjavík | 139 |
| Oddur hf., Ísafirði | 91 |
| Odysseifur hf., Þorlákshöfn | 91 |
| Okkar hf., Reykjavík | 84 |
| Olíustöðin Helguvík hf., Keflavík | 123 |
| Olsander hf., Reykjavík | 147 |
| Olympía hf., Reykjavík | 141 |
| Ómega Farma hf., Kópavogi | 85 |
| Óskar hf., Kópavogi | 101 |
| | |
| P. Halldórsson og Co. hf., Reykjavík | 141 |
| Pensill hf., Neskaupstað | 147 |
| Pet hf., Reykjavík | 139 |
| Pílugluggatjöld hf., Reykjavík | 84 |
| Plastbönd hf., Neskaupstað | 140 |
| Pólar-fjárfesting hf., Reykjavík | 20 |
| Póls rafeindavörur hf., Ísafirði | 101 |
| PS: Músik hf., Kópavogi | 129 |
| | |
| Ráðgjafinn hf., Reykjavík | 133 |
| Ráðverk hf., Kópavogi | 84 |
| Ráeyri hf., Siglufirði | 102 |
| Rafal hf., Búðardal | 154 |
| Rafdreifing hf., Reykjavík | 102 |
| Rafiðn hf., Akureyri | 82 |
| Rafkaup hf., Reykjavík | 155 |
| Rafport hf., Kópavogi | 129 |
| Rafsel hf., Reykjavík | 101 |
| Rafsýn hf., Reykjavík | 23 |
| Rasta hf., Kópavogi | 158 |
| Reis hf., Njarðvík | 154 |
| Rekstrarfélag Álafoss hf., Reykjavík | 147 |
| Rétting hf., Reykjavík | 84 |
| Reykvísk endurtrygging hf., Reykjavík | 129 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Reykvískar veitingar hf., Reykjavík | 102 |
| Reynir hf., Djúpavogi | 141 |
| Rit og bækur hf., Reykjavík | 141 |
| Ritsmiðjan hf., Reykjavík | 129 |
| Róði hf., Reykjavík | 135 |
| Rokk hf., Reykjavík | 135 |
| Rokó hf., Seltjarnarnesi | 140 |
| Róta hf., Reykjavík | 139 |
| Rörtækni hf., Ísafirði | 147 |
| S. Konráðsson og Co. hf., Reykjavík | 147 |
| S.K.V.B. hf., Mosfellsbæ | 135 |
| S.P. fiskvinnsla hf., Reykjavík | 140 |
| S.T.B. hf., Reykjavík | 101 |
| Salathúsið hf., Reykjavík | 158 |
| Sameinaðir iðnverktakar hf., Reykjavík | 84 |
| Sameinaðir rafverktakar hf., Reykjavík | 102 |
| Samskip hf., Reykjavík | 159 |
| Samskipti hf., Reykjavík | 155 |
| Seigla hf., Reykjavík | 141 |
| Selhraun hf., Egilsstöðum | 135 |
| Seli hf., Hafnarfirði | 129 |
| Selós hf., Selfossi | 154 |
| Sérleyfisbílar Akraness hf., Akranesi | 102 |
| Síðuval hf., Akureyri | 135 |
| Sigtryggur Benediktz hf., Hornafirði | 102 |
| Sigvaldi Jóhannsson & Co. hf., Reykjavík | 154 |
| Silfureyjan hf., Reykjavík | 84 |
| Silfurskin hf., Reykjavík | 101 |
| Síma- og tölvulagnir hf., Reykjavík | 139 |
| Símaval hf., Reykjavík | 129 |
| Síuval hf., Reykjavík | 84 |
| Sjúkraþjálfarinn hf., Hafnarfirði | 101 |
| Skagaröst hf., Keflavík | 19 |
| Skandi hf., Tálknafirði | 158 |
| Skarp hf., Sauðárkróki | 85 |
| Skeggi hf., Bakkafirði | 147 |
| Skil hf., Reykjavík | 101 |
| Skipafélagið Hrókur hf., Skagaströnd | 23 |
| Skóverslunin Laugavegi 11 hf., Reykjavík | 141 |
| Skrifbær hf., Reykjavík | 83 |
| Skúmur hf., Reykjavík | 140 |
| Smárar hf., Reykjavík | 23 |
| Smiðsverk hf., Kópavogi | 129 |
| Snæfellsás hf., Breiðavíkurhreppi, Snæfellsnesi | 147 |
| Sólbraut 5 hf., Seltjarnarnesi | 147 |
| Sómaco hf., Reykjavík | 84 |
| Sport hf., Reykjavík | 125 |
| Sportvöruverslunin Vesturröst hf., Reykjavík | 154 |
| Spölur hf., Akranesi | 102 |
| Staðarhóll hf., Siglufirði | 102 |
| Stafafell hf., Reykjavík | 141 |
| Stallar hf., Reykjavík | 155 |
| Stallur hf., Reykjavík | 84 |
| Stein-Orka hf., Hafnarfirði | 84 |
| Steinn hf., Reykjavík | 141 |
| Steintækni, steypusögun hf., Reykjavík | 129 |
| Stílhús hf., Reykjavík | 123 |
| Stjörnuegg hf., Mosfellsbæ | 101 |
| Stofnfiskur hf., Höfnum | 125 |
| Stóra bílaþvottastöðin hf., Reykjavík | 123 |
| Stórgeymslusvæði hf., Hafnarfirði | 126 |
| Stuðlar hf., Reykjavík | 102 |
| Stæða hf., Akureyri | 140 |
| Stæll hf., Kópavogi | 139 |
| Suðurhlíð hf., Kópavogi | 129 |
| Suðurvík hf., Reykjavík | 132 |
| Svarfhóll hf., Reykjavík | 158 |
| Sverrir Sigurðsson hf., Reykjavík | 126 |
| Sæbjörg hf., Grímsey | 102 |
| Sæluvist hf., Dalvík | 140 |
| Sæmark hf., Hafnarfirði | 101 |
| Söluskrifstofan Atgeir hf., Reykjavík | 141 |
| T. Tómasson hf., Reykjavík | 101 |
| Tagl hf., Suðureyri | 129 |
| Teiknistofa H.Á. hf., Akureyri | 141 |
| Terma hf., Reykjavík | 158 |
| Thailenska verslunarfélagið hf., Mosfellsbæ | 133 |
| Thor-Ísland hf., Reykjavík | 158 |
| Timburverk hf., Reykjavík | 102 |
| Tindafell hf., Jökuldal, N.-Múl. | 126 |
| Tíu-tíu, kvikmyndagerð hf., Reykjavík | 133 |

Tbl. nr.
Tómstundabúðin hf., Reykjavík . . 135
Trausttak hf., Reykjavík . . . . . . . 135
Tréfag hf., Reykjavík . . . . . . . . . 102
Tréós hf., Akureyri . . . . . . . . . . 155
Trésmiðjan Eik hf., Tálknafirði . . . 101
Trésmiðjan Elvar og Jens hf., Suðureyri . . . . . . . . . . . . . . . . . 135
Trésmiðurinn hf., Seltjarnarnesi . . 91
TS-heildverslun hf., Kópavogi . . . 85
Tækjamiðlun Íslands hf., Reykjavík 23
Tölvin hf., Vopnafirði . . . . . . . . . 141
Tölvugrafík hf., Reykjavík . . . . . . 135
Tölvuhúsið hf., Reykjavík . . . . . . 135
Tölvur og net hf., Reykjavík . . . . . 123

Una hf., Reykjavík . . . . . . . . . . 155
Útflutningsfélagið Vatnsberinn hf., Reykjavík . . . . . . . . . . . . . . 141
Útgáfufélagið Bjarki hf., Reykjavík 140
Útgerð Sigurfara hf., Vestmannaeyjum . . . . . . . . . . . . . . . . . 91
Útgerðarfélag Húsavíkur hf., Húsavík . . . . . . . . . . . . . . . 19
Útgerðarfélag Patreksfjarðar hf., Patreksfirði . . . . . . . . . . . . . 141
Útgerðarfélagið Hleri hf., Sandgerði . . . . . . . . . . . . . . . . . 102
Útvarp Aðalstöðin hf., Reykjavík . 123

V.J.B.G. hf., Garðabæ . . . . . . . . 154
Vaktþjónustan hf., Kópavogi . . . . 129
Val hf., Reykjavík . . . . . . . . . . . 129
Valurinn hf., Grenivík . . . . . . . 23
Veiðafæraverslunin Hamarssund hf., Sandgerði . . . . . . . . . . . 141
Veisluhöllin hf., Reykjavík . . . . . 20
Veitinga- og vöruhús Nings hf., Reykjavík . . . . . . . . . . . . . . 123
Veitingahúsið Bíldshöfða 16 hf., Reykjavík . . . . . . . . . . . . . 102
Veitingahúsið Borgarvirkið hf., Reykjavík . . . . . . . . . . . . . 23
Veitingahúsið Ósinn hf., Höfn . . . 155
Veitingahúsið Perlan hf., Reykjavík 135
Veitingahúsið Vestmannabraut 28 hf., Vestmannaeyjum . . . . . . . 125
Vélaleiga Símonar hf., Reykjavík . 139

Tbl. nr.
Vélamiðlunin hf., Kópavogi . . . . . 135
Vélar og málmur hf., Hafnarfirði . . 140
Vélaviðgerðir hf., Seltjarnarnesi . . 123
Vélsmiðja Sigurðar H. Þórðarsonar hf., Kópavogi . . . . . . . . . . . . 101
Vélsmiðjan Gils hf., Garðabæ . . . . 83
Verkframi hf., Mosfellsbæ . . . . . . 102
Verksmiðjan hf., Reykjavík . . . . . 84
Verksmiðjan Léttir hf., Neskaupstað . . . . . . . . . . . . . . . . . 147
Verkvernd hf., Reykjavík . . . . . . 147
Verslun E. Guðfinnssonar hf., Bolungarvík . . . . . . . . . . . . . . . 154
Verslunarfélag Raufarhafnar hf., Raufarhöfn . . . . . . . . . . . . . 147
Verslunarfélagið Miðholt hf., Akureyri . . . . . . . . . . . . . . 83
Verslunin Hjörtur Nielsen hf., Reykjavík . . . . . . . . . . . . . 141
Verslunin Hljómbær hf., Reykjavík 83
Verslunin sem vantaði hf., Reykjavík . . . . . . . . . . . . . . . . . 101
Vico hf., Reykjavík . . . . . . . . . . 84
Viddi Magg hf., Reykjavík . . . . . . 84
Viðgerðir hf., Akureyri . . . . . . . . 101
Víðir og Alda hf., Djúpavogi . . . . 126
Viðreisn hf., Kópavogi . . . . . . . . 154
Vinabær hf., Reykjavík . . . . . . . . 20
Virgo hf., Reykjavík . . . . . . . . . . 133
Virkir hf., Hellu . . . . . . . . . . . 129
Vitund hf., Reykjavík . . . . . . . . . 141
Vogasel hf., Vogum . . . . . . . . . . 135
Vottun hf., Reykjavík . . . . . . . . . 141
Völundarverk hf., Reykjavík . . . . 84
Vörn hf., Reykjavík . . . . . . . . . . 158
Vöruflutningar hf., Húsavík . . . . . 101
Vöruflutningar Hjartar Sigurðssonar hf., Patreksfirði . . . . . . . . . 140

Ýmir hf., Bíldudal . . . . . . . . . . 141

Þ.S. kranabílar hf., Mosfellsbæ . . . 133
Þjóðlíf hf., Reykjavík . . . . . . . . . 83
Þjóðólfur hf., Bolungarvík . . . . . . 23
Þórkötlustaðir hf., Grindavík . . . . 154
Þorsteinn Blandon hf., umboðs- og heildverslun, Reykjavík . . . . . . 135
Þorverk hf., Hafnarfirði . . . . . . . 123

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Þrúðvangur 36A hf., Hellu | 101 |
| Þurrfiskur hf., Reykjavík | 129 |
| Þverholt hf., Mosfellsbæ | 147 |
| Þytur hf., Reykjavík | 140 |
| Æfingamiðstöðin hf., Kópavogi | 84 |
| Ægir hf., Akranesi | 154 |
| Ævintýri hf., Mosfellsbæ | 125 |
| Ögurnes hf., Reykjavík | 129 |

# SKRÁ

**um firmatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1991.**


**Reykjavík:** Tbl.nr.

3A hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 151
Á næstu grösum . . . . . . . . . . . . . 138
Ábyrgð hf., tryggingafélag
bindindismanna . . . . . . . . . . . 31
Aðalbónstöðin . . . . . . . . . . . . . 128
Aðalhornið . . . . . . . . . . . . . . . 102
Aðalstræti 4 hf. . . . . . . . . . . . . 54
Afsláttarkort sf. . . . . . . . . . . . . 144
Ágæti hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 112
Áklæði- og gluggatjöld sf. . . . . . . 34
Akron hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 80
Alexander mikli sf. . . . . . . . . . . 17,59
Allra best . . . . . . . . . . . . . . . 138
Almenna tölvuþjónustan . . . . . . . 4
Almenna umboðssalan . . . . . . . . 4
Almenna varahlutasalan sf. . . . . . 17
Almenna verkfræðistofan hf. . . . . 151
Álstoð hf. . . . . . . . . . . . . . . . 151
Altak sf. . . . . . . . . . . . . . . . . 140
Andri hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 70
Antik- og fornsalan Öldin . . . . . . 23
AOS hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 80
Apró hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 51
Áramót hf. . . . . . . . . . . . . . . . 76
Árberg hf. . . . . . . . . . . . . . . . 33
Árbæjarblóm sf. . . . . . . . . . . . . 23
Arentsstál hf. . . . . . . . . . . . . . 80
Ares hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 52
Arinco . . . . . . . . . . . . . . . . . . 59
Ark . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 23
Arkitektar G.Ó.B. sf. . . . . . . . . . 102
Ármannsfell hf. . . . . . . . . . . . . 25
Arnarflug innanlands hf. . . . . . . 146
Árni Gunnarsson sf. . . . . . . . . . 59
Árni Gunnarsson, umboðs- og
heildverslun . . . . . . . . . . . . 59,149
Árni Siemsen hf. . . . . . . . . . . . 151
Artica hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 76
Árvík hf. . . . . . . . . . . . . . . . 76,151
Árvík sf. . . . . . . . . . . . . . . . . 59
Ásbak hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 51
Ásbjörn Ólafsson hf. . . . . . . . . . 54
Aseta hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 26

Tbl. nr.

Ásgeir Einarsson hf. . . . . . . . . . . 3
Asiaco hf. . . . . . . . . . . . . . . . 45,72
Ásjá sf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 4
Atlantikferðir hf. . . . . . . . . . . . 75
Atlantsflug hf. . . . . . . . . . . . . . 80
Atvik-Ferðaland hf. . . . . . . . . . . 45
Auðvitað . . . . . . . . . . . . . . . . 149
Auðvitað sf. . . . . . . . . . . . . . . 149
Augasteinn sf. . . . . . . . . . . . . . 4
Augljós markaðsþjónusta hf. . . . . 151
Auglýsingastofa P & Ó hf. . . . . . . 47
Auglýsingastofa P & Ó sf. . . . . . . 17
Austurás hf. . . . . . . . . . . . . . . 147
Austurvegur hf. . . . . . . . . . . . . 76
AVS Hagtæki hf. . . . . . . . . . . . . 147

B & B hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 80
B & B útgáfan hf. . . . . . . . . . . . 51
B.B. Barnavörur hf. . . . . . . . . . . 109
B.B.S. sf. . . . . . . . . . . . . . . . . 140
Bakaramiðstöðin hf. . . . . . . . . . 76
Bakaríið Austurveri . . . . . . . . . . 4
Bakkakjör . . . . . . . . . . . . . . . . 59
Bakkavör hf. . . . . . . . . . . . . . . 80
Bako hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 76
Balkan . . . . . . . . . . . . . . . . . . 59
Bananar hf. . . . . . . . . . . . . . . . 151
Barnafataverslunin Gurrý . . . . . . 48
Barnaheimur hf. . . . . . . . . . . . . 113
Bedco hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 103
Benice hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 151
Berggrill sf. . . . . . . . . . . . . . . . 102
Bergur og Björn sf. . . . . . . . . . . 148
Best . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 23
Besti fiskur . . . . . . . . . . . . . . . 23
Bifreiðabyggingar sf. . . . . . . . . . 4
Bifreiðar & landbúnaðarvélar hf. . . 31
Bifreiðasala Íslands hf. . . . . . . . . 4
Bílaábyrgð hf. . . . . . . . . . . . . . 26
Bílahúsið . . . . . . . . . . . . . . . . 140
Bílaleigan Far hf. . . . . . . . . . . . 138
Bílaleigan Vík hf. . . . . . . . . . . . 47
Bílanaust hf. . . . . . . . . . . . . . . 51

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Bílaport hf. | 33 |
| Bílar sf. | 134,143 |
| Bílasala Garðars | 4 |
| Bílasala Ragnars Bjarnasonar | 134 |
| Bílasalan Bílamiðstöðin sf. | 121 |
| Bílasalinn | 37,138 |
| Bílaskipti hf. | 51 |
| Bílastöðin | 144 |
| Bílaval | 134 |
| Bílaval sf. | 134,149 |
| Bíllinn hf. | 3 |
| Birkir Baldvinsson hf. | 72 |
| Björn og Halldór hf. | 33 |
| Björn Ólafsson hf. | 151 |
| Björnsbakarí hf. | 151 |
| Blaðaprent hf. | 53 |
| Bláfell hf. | 137,138 |
| Bláfell-Heimaland hf. | 51 |
| Blazer hf. | 145 |
| Blik sf. | 4 |
| Blikk og stál hf. | 54 |
| Blikksmiðja Gylfa hf. | 25 |
| Blikksmiðjan hf. | 151 |
| Blómabúðin Iðna Lísa sf. | 4 |
| Blómaheildsalan hf. | 80 |
| Blómamiðstöðin hf. | 76 |
| Blómatækni | 128 |
| Blómaval hf. | 70 |
| Blót sf. | 134 |
| Blær-sálfræðiþjónusta sf. | 102 |
| Boddíplast | 144 |
| Bogar sf. | 23 |
| Bókagerðin Arnar-Berg hf. | 112 |
| Bókaútgáfan Bautasteinn hf. | 80 |
| Bókhalds- og framtalsþjónustan sf. | 148 |
| Bókhaldsmenn | 51 |
| Bókhaldsmenn sf. | 51 |
| Bólstrun og tréverk hf. | 3 |
| Bonitas hf. | 112 |
| Bónstöð Reykjavíkur, bón og þvottur | 149 |
| Borgarbílasalan hf. | 51 |
| Borgarhella hf. | 81 |
| Borgarholt hf. | 54 |
| Brautarholt 22 sf. | 137 |
| Brim hf. | 76,151 |
| Brjótur hf. | 80 |
| BS-hús sf. | 137 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Burðarás hf. | 107 |
| Búsáhaldaverslun B.V. sf. | 17 |
| Butler Ísland hf. | 151 |
| Bygging sf. | 102 |
| Byggingafélagið Sólvellir hf. | 31 |
| Byggingarfélag Ásmundar og Halls sf. | 140 |
| Byggingarfélagið Brú hf. | 145 |
| Bæjarleiðir hf. | 3 |
| Bæjarnesti sf. | 37 |
| CIC-myndbönd sf. | 23 |
| CM sf. | 148 |
| Dalver | 37 |
| Danberg | 140 |
| Danco-verslunin Kot hf. | 109 |
| Daníel Ólafsson hf. | 138 |
| Daníel Þorsteinsson & Co. hf. | 81 |
| Dans | 51 |
| Dansskóli Hermanns Ragnars Stefánssonar hf. | 51 |
| Deplar sf. | 102 |
| Dídí-útgáfan | 23 |
| Djúpfiskur hf. | 145 |
| Drangar hf. | 151 |
| Drangsnes hf. | 80 |
| Drangur hf. | 151 |
| Draupnissjóðurinn hf. | 151 |
| Dúkur hf. | 4 |
| Dögun, bókaútgáfa | 4 |
| Dömu- og herrabúðin sf. | 149 |
| E.R.F. | 23 |
| Echo hf. | 50 |
| Eðalhreinsun sf. | 17,23 |
| Edda hf. | 3 |
| EE-húsgögn hf. | 151 |
| Efnalaugin Katla | 4 |
| Efnamiðstöðin hf. | 72,81 |
| Efnisvinnsla V. Jóhannsson sf. | 20 |
| Egill Árnason hf. - Parketval | 145 |
| Eigna- og bílasalan Röst hf. | 80 |
| Eignabankinn hf. | 52,112 |
| Eignarhaldsfélag Verslunarbankans hf. | 109,151 |
| Eignarhaldsfélagið Alþýðubankinn hf. | 145 |

Tbl. nr.

Eignarhaldsfélagið Iðnaðarbankinn hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . . . 145
Eignaumboðið hf. . . . . . . . . . . . 4
Eignaver sf. . . . . . . . . . . . . . . 4
Eikaborgarar sf. . . . . . . . . . . . . 121
Eimskipafélag Reykjavíkur hf. . . . 25
Eimskipafélag Íslands hf. . . . . . . . 33,109
Einar J. Skúlason hf. . . . . . . . . . 81
Einkatölvan hf. . . . . . . . . . . . . 51
Einu sinni var . . . . . . . . . . . . . 140
Ekra sf. . . . . . . . . . . . . . . . . 138
Eldhús og bað hf. . . . . . . . . . . . 102
Eldhúshornið hf. . . . . . . . . . . . 76,80
Eldverk hf. . . . . . . . . . . . . . . 51
Electric hf. . . . . . . . . . . . . . . 151
Endurskoðun hf. . . . . . . . . . . . 33,82
Endurskoðun og reikningsskil hf. . . 72
Endurskoðunarmiðstöðin hf.- N. Manscher . . . . . . . . . . . . . . 145
Endurskoðunarskrifstofan hf. . . . . 45
Ess hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 27,54
Evrópska verslunarfélagið hf. . . . . 48
Evrópuviðskipti hf. . . . . . . . . . . 80

Fag-gólf hf. . . . . . . . . . . . . . . 107,151
Fagtún hf. . . . . . . . . . . . . . . . 3
Fakta hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 151
Fálkinn hf. . . . . . . . . . . . . . . . 146
Falur, bifreiðaleiga hf. . . . . . . . . 76
Fást hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 25
Fasteignasalan Kringlan hf. . . . . . 75
Fatabónus/Bónusföt . . . . . . . . . . 53
Faxamjöl hf. . . . . . . . . . . . . . . 151
Faxi hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 80
Féfang hf. . . . . . . . . . . . . . . . 4,50,81
Féfang-Fjármögnun hf. . . . . . . . . 50,81
Félagsstofnun stúdenta . . . . . . . . 102
Fenris . . . . . . . . . . . . . . . . . . 34
Ferðamarkaðurinn hf. . . . . . . . . . 151
Ferðaskrifstofa Íslands hf. . . . . . . 145
Ferðaskrifstofan Áfangar hf. . . . . 80
Ferðaskrifstofan Atlantik hf. . . . . 75
Ferðaskrifstofan Úrval-Útsýn hf. . . 27,54
Ferðaskrifstofan Útsýn hf. . . . . . . 4
Fiða sf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 59
Fíladelfíu-Forlag . . . . . . . . . . . 149
Fingurbjörg hf. . . . . . . . . . . . . 112
Fínpússning sf. . . . . . . . . . . . . 51

Tbl. nr.

Fischersund sf. . . . . . . . . . . . . 23
Fiskbúðin Langholtsvegi sf. . . . . . 4
Fiskbúðin Sæver . . . . . . . . . . . 51
Fjall sf. . . . . . . . . . . . . . . . . . 148
Fjárfestir hf. . . . . . . . . . . . . . . 80
Fjarhitun hf. . . . . . . . . . . . . . . 107
Fjárskipti hf. . . . . . . . . . . . . . . 4
Fjölhönnun hf. . . . . . . . . . . . . . 80
Fjöllist . . . . . . . . . . . . . . . . . 144
Fjölmiðlun sf. . . . . . . . . . . . . . 102
Fjölþjóðasjóðurinn hf. . . . . . . . . 31
Flugfélag Íslands hf. . . . . . . . . . 4,151
Flugferðir hf. . . . . . . . . . . . . . 80
Flugleiðir hf. . . . . . . . . . . . . . 27,54,109
Flugstöðin hf. . . . . . . . . . . . . . 47
Flugtak hf. . . . . . . . . . . . . . . . 146
Foldaskálinn . . . . . . . . . . . . . . 48
Fólksbílaland hf. . . . . . . . . . . . 3
Formax hf. . . . . . . . . . . . . . . . 48
Formland-Formhönnun hf. . . . . . 4
Forrit sf. . . . . . . . . . . . . . . . . 144
Frábærar hugmyndir sf. . . . . . . . 102
Framvís hf. . . . . . . . . . . . . . . . 25
Framþróun sf. . . . . . . . . . . . . . 144
Fransís sf. . . . . . . . . . . . . . . . 17
Frjáls markaður hf. . . . . . . . . . . 33,47,54
Fróði hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 52
Frostmar hf. . . . . . . . . . . . . . . 72
Frumrekstrarsjóður sf. . . . . . . . . 37
Furðukistan . . . . . . . . . . . . . . 102
Fyrirvari hf. . . . . . . . . . . . . . . 138

G. Hansson, langferðabílar hf. . . . 145
G. Kjartansson hf. . . . . . . . . . . 72
G.B. Ólafsson & co. sf. . . . . . . . 4
G.K. matvæli sf. . . . . . . . . . . . 59
G.r.ó hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 151
G.S.G. útflutningur sf. . . . . . . . . 4
G.V. heildverslun hf. . . . . . . . . . 76
Gagnaeyðing . . . . . . . . . . . . . . 48
Gallabuxnabúðin . . . . . . . . . . . 138
Gallerí 8 . . . . . . . . . . . . . . . . 148
Garðaberg . . . . . . . . . . . . . . . 17
Garðshorn . . . . . . . . . . . . . . . 37
Garðurinn . . . . . . . . . . . . . . . 121
Garn og gaman . . . . . . . . . . . . 102
Garphóll sf. . . . . . . . . . . . . . . 37
Garri hf. . . . . . . . . . . . . . . . . 33

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Gíslason hf. | 146 |
| Gísli og Gylfi sf. | 128 |
| Gistiheimilið Miklubraut 1 | 23,144 |
| Gítarinn hf. | 26 |
| Gjaldskil sf. | 4 |
| Gjóla hf. | 3 |
| Gleraugansmiðjan sf. | 121 |
| Gleriðjan hf. | 80 |
| Glerslípun og speglagerð hf. | 109 |
| Glervirki | 121 |
| Glit hf. | 138,147 |
| Glitnir hf. | 103 |
| Gljúfur hf. | 145 |
| Gluggasel hf. | 3 |
| Glæsiskórinn sf. | 4 |
| Góð skil sf. | 59 |
| Gólflagnir hf. | 109,138 |
| Gott fólk hf. | 51 |
| Grandavídeó | 102 |
| Grandi hf. | 25,151 |
| Greiðslumiðlun hf. | 80 |
| Greipur hf. | 31 |
| Grjótnes hf. | 3 |
| Gróðrarstöðin hf. | 51 |
| Gróðrarstöðin Garðshorn | 37 |
| Græna höndin sf. | 33 |
| Græna bókalínan sf. | 129 |
| GSK hf. | 151 |
| GuðjónÓ hf. | 26,33 |
| Guðrún og Helga sf. | 51 |
| Gulleyjan sf. | 140 |
| Gullfoss-Miðbæjarmarkaðurinn | 23 |
| Gullnesti | 149 |
| Gullsól | 140 |
| Gúmmísteypa Þ. Kristjánssonar hf. | 76 |
| Gunnarskjör hf. | 54 |
| Gylfi Konráðsson hf. | 25,80 |
| Gylfir sf. | 121,140 |
| Gæðasalat | 140 |
| Gæðaskórinn sf. | 4 |
| | |
| H. Benediktsson hf. | 54 |
| H. Garðarsson sf. | 20 |
| H. Ólafsson & Bernhöft | 37 |
| H.B. verktakar sf. | 102 |
| Haf hf. | 4 |
| Hagbarði hf. | 145 |
| Hagfell sf. | 140 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Hagkaup hf. | 112 |
| Hagskil hf. | 26 |
| Háland sf. | 121 |
| Hampiðjan hf. | 112 |
| Hamrasel sf. | 4 |
| Hamrasól | 149 |
| Handverk hf. | 72 |
| Hans Petersen hf. | 137 |
| Hár X | 59 |
| Hárgreiðslustofan Art sf. | 144 |
| Hárgreiðslustofan Aþena | 37 |
| Hárgreiðslustofan Bardó | 144 |
| Hárgreiðslustofan Gleymmérei | 17 |
| Hárgreiðslustofan Hár-klass | 149 |
| Hárgreiðslustofan Kambur sf. | 4 |
| Hárgreiðslustofan Manda | 37 |
| Hárgreiðslustofan Safír sf. | 4 |
| Harpa hf. | 145 |
| Harrý hf. | 25,45 |
| Hátorg hf. | 25 |
| Hátún 6a sf. | 128 |
| Heildverslun Ásgeir Sigurðsson hf. | 140 |
| Heildverslunin Bár hf. | 145 |
| Heildverslunin Echo sf. | 20 |
| Heildverslunin Vaka sf. | 37 |
| Heimaklettur hf. | 48 |
| Hekla hf. | 151 |
| Helganes hf. | 47 |
| Hemlastilling hf. | 76 |
| Hér & nú hf. | 25 |
| Herragarðurinn hf. | 82 |
| Hesli sf. | 143 |
| Hilmar og Sveinbjörn sf. | 51 |
| Hilmir hf. | 25 |
| Hitaver hf. | 38 |
| Hjá Helgu | 4 |
| Hjaldur hf. | 25 |
| Hjarni hf. | 47 |
| HKJ hf. | 151 |
| Hlaðbær hf. | 109 |
| Hlíðabakarí hf. | 48 |
| Hlíðarkjör | 148 |
| Hljóðmúrinn | 4 |
| Hljóðmynd hf. | 47 |
| Hljómco hf. | 70,82 |
| Hljómtækjaverslunin Opus hf. | 4 |
| Hljómvangur hf. | 72,80,147 |
| Hlutabréfamarkaðurinn hf. | 80,145 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Hlutabréfasjóður VÍB hf. | 51,151 |
| Hlutabréfasjóðurinn hf. | 109,145 |
| Hlöðufell hf. | 146 |
| Hlöður hf. | 48 |
| Hnit hf. | 51,151 |
| Hnoss hf. | 76 |
| Hola, lifandi tunga | 144 |
| Hólar og hæðir | 149 |
| Hólmi | 138 |
| Hótel Geysir Reykjavík sf. | 4 |
| Hótel Höfði | 4 |
| Hótel Ísland hf. | 81 |
| Hótel Reykjavík | 121 |
| Hraðfrystistöðin í Reykjavík hf. | 4 |
| Hrafn | 144 |
| Hraunberg hf. | 72 |
| Hreggviður hf. | 147 |
| Hreinir gluggar | 51 |
| Hreint og beint sf. | 23,102 |
| Hugboð hf. | 109 |
| Hughönnun sf. | 144 |
| Hugmynd | 140 |
| Hugrúnir | 140 |
| Hugsun | 102 |
| Hugtak sf. | 137 |
| Húnaröst hf. | 50 |
| Húsafell hf. | 112 |
| Húsamálarinn sf. | 48 |
| Húsasmiðjan hf. | 147 |
| Húsfélagið Laugavegi 28b hf. | 33 |
| Húsgagnamarkaðurinn hf. | 3 |
| Húsprýði sf. | 4 |
| Hvesta hf. | 72 |
| Hýbýli sf. | 38 |
| Hýbýli og skip sf. | 140 |
| Hænco hf. | 45 |
| Höfðaleigan | 4 |
| Höfði hf. | 76 |
| Högun eignamiðlun hf. | 80 |
| Hönnun hf. | 145 |
| Hörður Sveinsson & Co. hf. | 151 |
| Í blóma lífsins | 17 |
| I. Stefánsson hf. | 51 |
| I.M.A. Innkaupasamband matvörukaupmanna | 140 |
| Icebest hf. | 151 |
| Icecon hf. | 107 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Iðngarðar hf. | 151 |
| Iðnsamtök hf. | 3 |
| Iðnverktakar | 102 |
| Ingi sf. | 140 |
| Ingólfsbrunnur | 17 |
| Innkaup og sala hf. | 72 |
| Ísaga hf. | 51 |
| Ísarn hf. | 151 |
| Ísbú hf. | 80 |
| Ísdjúp hf. | 48 |
| Ísgata hf. | 107 |
| Ísgler hf. | 80 |
| Íshöllin sf. | 102 |
| Ískort hf. | 146 |
| Ískraft hf. | 151 |
| Íslandsbanki hf. | 52,145 |
| Íslandsfiskur hf. | 50,109,112 |
| Íslandsflug | 59 |
| Íslandsflug hf. | 146 |
| Íslensk-belgíska verslunarfélagið sf. | 128 |
| Íslensk fjármögnunarleiga hf. | 80,81 |
| Íslensk-kóreanska hf. | 33 |
| Íslensk myndritun sf. | 149 |
| Íslensk upplýsing hf. | 33,47 |
| Íslenska matarverkstæðið | 59 |
| Íslenska myndbandaframleiðslan hf. | 72 |
| Íslenska myndverið hf. | 147 |
| Íslenska pökkunarfélagið hf. | 33 |
| Íslenska sjónvarpsfélagið hf. | 3,9,51,72,76 |
| Íslenska útvarpsfélagið hf. | 80 |
| Íslenska viðskiptaþjónustan | 140 |
| Íslenskar fjallaferðir hf. | 51 |
| Íslenskar fyrirsætur hf. | 25,107 |
| Íslenskar sjávarafurðir hf. | 145,151 |
| Íslenski fiskmarkaðurinn hf. | 45 |
| Íslenski hlutabréfasjóðurinn hf. | 81 |
| Íslenski vinsældarlistinn | 140 |
| Íslenskt sælgæti hf. | 151 |
| Ísmann sf. | 59 |
| Ísmar hf. | 76 |
| Ísól hf. | 54,76 |
| Ístak hf. | 3,109 |
| Ístan hf. | 103 |
| Ístel hf. | 26,151 |
| Ísvélar hf. | 4 |
| Ísör hf | 51 |
| Ítölsk ráðgjöf, tengsl, þjónusta sf. | 4 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| J. Brynjólfsson hf. | 48 |
| J.R. hf. | 3 |
| Jara hf. | 3 |
| Jarðarorka sf. | 149 |
| Jarðtæknistofan sf. | 37 |
| Jarlinn hf. | 145 |
| Járn hf. | 54 |
| Joco L.M. Jóhannsson & Co. hf. | 45 |
| Johan Rönning hf. | 81 |
| Jón Loftsson hf. | 151 |
| Jón og Jón sf. | 59 |
| Jón P. Jónsson hf. | 48 |
| Jón Sigmundsson, skartgripaverslun hf. | 4 |
| JSW heildverslun | 17 |
| Júllabúð | 4 |
| Júnóís | 121 |
| Jurtaréttir | 51 |
| Jurtaréttir sf. | 51,143 |
| Jötunn hf. | 54 |
| K & S sf. | 17 |
| K.K. og co. sf. | 4 |
| Kaffibrennsla Ó. Johnson & Kaaber hf. | 52,151 |
| Kaffihúsið Hafnarstræti 11 | 48 |
| Kaffisalan sf. | 4 |
| Kaffistofan Splitt | 17 |
| Kaj Pind hf., heildverslun | 145 |
| Kápusalan | 102 |
| Kátir kokkar | 51 |
| Kaup hf. | 4 |
| Keilir hf. | 112 |
| Kilja hf. | 72 |
| Kínverska veitingahúsið Shanghai hf. | 33 |
| Kínverska verslunarfélagið hf. | 26 |
| Kjarnavörur hf. | 3 |
| Kjartan Ólafsson hf. | 26 |
| Kjörbúð Laugaráss hf. | 151 |
| Klak sf. | 102 |
| Klaki hf. | 81 |
| Klapparstígur 27 hf. | 51 |
| Kola | 23 |
| Konráð Axelsson hf. | 75,80 |
| Korn & fóðurkaup hf. | 54 |
| Kortaútgáfan Kórund hf. | 72,109 |
| Kotið | 149 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Krana- og mótaleigan | 34 |
| Krás sf. | 102 |
| Kreditkort hf. | 70 |
| Kríli | 121 |
| Kringlusport hf. | 151 |
| Kúnst | 34 |
| Kvikmyndafélagið Útí hött-inní mynd hf. | 51 |
| Kviksýn | 23 |
| Kvöldúlfur | 149 |
| Kvörn sf. | 34 |
| Köfunarstöðin hf. | 33 |
| L. Ben hf. | 71 |
| L.M. Jóhannsson og co. sf. | 20 |
| Lagverk | 148 |
| Lamaiðjan hf. | 51 |
| Landflutningar hf. | 138 |
| Landsbréf hf. | 145 |
| Landssmiðjan hf. | 138 |
| Langholtskjör | 4 |
| Laufásvegur 12 hf. | 48 |
| Laugavegur 47 hf. | 147 |
| Laugavegur 172 hf. | 151 |
| Lavaex hf. | 102 |
| Leikfangahúsið | 4 |
| Leikskeið sf. | 59 |
| Léttir réttir | 51,134 |
| Léttsteypan hf. | 4 |
| Liðsauki hf. | 80 |
| Lífskraftur | 23 |
| Líkamsræktarstöðin hf. | 151 |
| Lind hf. | 138 |
| Listinn hf. | 48,109 |
| Litla bónstöðin | 23,48 |
| Litróf hf. | 51,81 |
| Litsýn sf. | 48 |
| Ljósop | 51 |
| Ljósop sf | 48 |
| Ljósrit hf. | 47 |
| Loftleiðir hf. | 4,151 |
| Lúxuskaffi | 51 |
| Lýra sf. | 140 |
| Lýsing hf. | 145 |
| Lækjarver hf. | 109 |
| Lögfræðistofa Sóleyjargötu 17 sf. | 148 |
| Lögmannastofan sf. | 134 |
| Lögmannsstofan Skipholti sf. | 102 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Lögmannsstofan Skipholti 50c sf. . . | 121 |
| Lögmenn Austurstræti sf . . . . . . . | 48 |
| Lögmenn Grensásvegi 16 hf. . . . . . | 25 |
| Lögmenn Skólavörðustíg 12 sf. . . . | 51 |
| Lögrún sf. . . . . . . . . . . . . . . . | 51 |
| | |
| M.K. bílaleiga . . . . . . . . . . . . . | 140 |
| Magnús og Bjarni sf. (M.B. sf.) . . . | 4 |
| Magnús og Bjarni sf. . . . . . . . . . . | 102 |
| Málflutningsskrifstofa Guðmundur Pétursson, Pétur Guðmundarson, Hákon Árnason, Jakob R. Möller sf. . . . . . . . . . . . . . . | 140 |
| Málarinn-Litaland . . . . . . . . . . . | 37 |
| Málningarþjónusta Arnars . . . . . . | 59 |
| Málningarþjónustan Málverk sf. . . | 4 |
| Malur sf. . . . . . . . . . . . . . . . . | 148 |
| Mamman sf. . . . . . . . . . . . . . . | 121 |
| Mannamót sf.- Ráðstefnumiðstöð Reykjavíkur, Íslensk-kanadíska verslunarfélagið . . . . . . . . . . . | 17 |
| Manni hf. . . . . . . . . . . . . . . . . | 151 |
| Marel hf. . . . . . . . . . . . . . . . . | 147 |
| Marella sf. . . . . . . . . . . . . . . . | 144 |
| Marinó Pétursson hf. . . . . . . . . . | 53 |
| Markaðsátak hf. . . . . . . . . . . . . | 81 |
| Markaðsfélagið . . . . . . . . . . . . | 140 |
| Markaðshúsið Snorrabraut 56 . . . . | 102 |
| Markaðsveitan . . . . . . . . . . . . | 4 |
| Marvild hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 81 |
| Máttarsólpar hf. . . . . . . . . . . . . | 109 |
| Máttur hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 109 |
| Mega hf. . . . . . . . . . . . . . . . . | 47 |
| Merkúr hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 53 |
| Metró . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 37 |
| Miðverk hf. . . . . . . . . . . . . . . | 72 |
| Mífatónbönd sf. . . . . . . . . . . . . | 51 |
| Mikligarður hf. . . . . . . . . . . . . | 31 |
| Míkró hf. . . . . . . . . . . . . . . . . | 33 |
| Mínúta hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 31 |
| Mirra . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 121,144 |
| Mjólkurísgerðin hf. . . . . . . . . . . | 81 |
| Mondó-tískuverslun . . . . . . . . . . | 121 |
| Morkinskinna sf. . . . . . . . . . . . . | 149 |
| Múrmótun sf. . . . . . . . . . . . . . | 138 |
| Myllan-Brauð hf. . . . . . . . . . . . . | 107 |
| Myndamót hf. . . . . . . . . . . . . . | 4 |
| Myndbandavinnslan hf. . . . . . . . . | 151 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Myndbær hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 4 |
| Myndráðgjöf sf. . . . . . . . . . . . . | 59,149 |
| | |
| Natco hf. . . . . . . . . . . . . . . . . | 25 |
| Nathan & Olsen hf. . . . . . . . . . . | 145 |
| Naustaborg hf. . . . . . . . . . . . . . | 147 |
| Nef hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . | 103 |
| Neon-þjónustan hf. . . . . . . . . . . | 51 |
| Nesport hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 76 |
| Neyðarþjónustan . . . . . . . . . . . . | 48 |
| Nist sf. . . . . . . . . . . . . . . . . . | 143 |
| Nóatún hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 51 |
| Nói-Síríus hf. . . . . . . . . . . . . . | 54 |
| Norðurleið-Landleiðir hf. . . . . . . | 70 |
| Norðurpóll sf. . . . . . . . . . . . . . | 37 |
| Nudd- og gufubaðsstofan Sauna . . | 59 |
| Nútíma samskipti hf. . . . . . . . . . | 48 |
| Nýborg hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 4 |
| Nýja bílasmiðjan hf. . . . . . . . . . | 72 |
| Nýja efnalaugin hf. . . . . . . . . . . | 103 |
| Nýja-kompaníið hf. . . . . . . . . . . | 76 |
| Nýja-rekstrarþjónustan sf. . . . . . . | 144 |
| Nýja skógerðin sf. . . . . . . . . . . | 59 |
| Nýja teiknistofan hf. . . . . . . . . . | 50 |
| Nýkaup sf. . . . . . . . . . . . . . . . | 20 |
| Nýtt útlit sf. . . . . . . . . . . . . . | 23 |
| Nývirki hf. . . . . . . . . . . . . . . . | 80 |
| Nærmynd sf. . . . . . . . . . . . . . . | 121 |
| Næst sf. . . . . . . . . . . . . . . . . | 138 |
| Næst sf., auglýsingastofa . . . . . . . | 138 |
| | |
| Ó. Johnson & Kaaber hf. . . . . . . . | 52,151 |
| O.I. snyrtivörur . . . . . . . . . . . . | 48 |
| Offsetþjónustan hf. . . . . . . . . . . | 3 |
| Ofnasmiðjan hf. . . . . . . . . . . . . | 31 |
| Ofurkraftur hf. . . . . . . . . . . . . | 72 |
| Ólafur Á. Ólafsson hf. . . . . . . . . | 80 |
| Ólafur Þorsteinsson & Co. hf. . . . . | 151 |
| Olíufélagið hf. . . . . . . . . . . . . . | 147 |
| Olíuverslun Íslands hf. . . . . . . . . | 145 |
| Olympía sf. . . . . . . . . . . . . . . | 140 |
| Ópus hljómplötur hf. . . . . . . . . . | 4,147 |
| Orico hf. . . . . . . . . . . . . . . . . | 26 |
| Orkutækni hf. . . . . . . . . . . . . . | 25 |
| Ósa hf. . . . . . . . . . . . . . . . . . | 51 |
| Óskar Kristjánsson hf. . . . . . . . . | 54,151 |
| Osta- og smjörsalan sf. . . . . . . . . | 143,144 |
| Otislyftur sf. . . . . . . . . . . . . . . | 17,59 |
| Oz sf. . . . . . . . . . . . . . . . . . . | 137 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| P.R. hf. | 33 |
| Par hf. | 54 |
| Parísarbúðin sf. | 128 |
| Parketgólf sf. | 4 |
| Passamyndir hf. | 81 |
| Peran hf. | 51,75 |
| Pétur Filippusson hf. | 72 |
| Pirola hf. | 27 |
| Pizzan-Ingós | 149 |
| Pizzaofninn hf. | 4 |
| Plastpokar sf. | 33 |
| Plastprent hf. | 27 |
| Plex hf. | 25 |
| Plötubúðin sf. | 17 |
| Póló | 148 |
| Portó hf. | 27 |
| Prénatal-umboðið | 102 |
| Prentgrip sf. | 4 |
| Prentsmiðjan Málmey hf. | 26 |
| Prentsmiðjan Oddi hf. | 47,53 |
| Prentsmiðjan Viðey hf. | 25,33 |
| Prentþjónustan hf. | 4 |
| Pylsuvagninn | 51 |
| R. Hannesson hf. | 4 |
| R.E.K. hf. | 81 |
| Rá sf. | 102 |
| Ráðgarður hf. | 54 |
| Radíóverk sf. | 34 |
| Radíóþjónusta Bjarna | 144 |
| Rafeindaþjónustan hf. | 103 |
| Rafföng sf. | 51 |
| Raflyftarar hf. | 48 |
| Rafteikn sf. | 34 |
| Raftækjasalan hf. | 26,76 |
| Raftækjavinnustofa Hauks og Ólafs sf. | 149 |
| Raftæknirinn | 17 |
| Rafvélar og stýringar hf. | 103 |
| Rafver hf. | 72 |
| Rafvirki | 51 |
| Rafvirkjaþjónustan hf. | 112 |
| Ragnar herrafataverslun | 4 |
| Rakarastofa Gríms | 102 |
| Rakarastofa Jörundar, Hár hornið | 17 |
| Rammar | 4 |
| Ranni hf. | 52 |
| Rannsóknarstofnun Reykjavíkur – viðskipta- og neytendarannsóknir | 37 |
| Reiðhjólaverslunin Örninn | 37,134 |
| Reiðhjólaverslunin Örninn-hjól hf. | 145 |
| Rekstrafélag Læknastöðvar Vesturbæjar sf. | 59 |
| Réttinga- og málningarverkstæðið hf | 151 |
| Reykjaborg hf. | 4 |
| Reykvísk Trygging hf. | 80 |
| Reynimelur hf. | 147 |
| Ríkið-myndbandaleiga-söluturn | 102 |
| Rimabær hf. | 80 |
| Ríp sf. | 4 |
| Riss hf. | 51 |
| Róbert og Kristján sf. | 102 |
| Rokkbúðin Þrek sf. | 17 |
| RT hf. | 151 |
| Rúllugerðin sf. | 17 |
| Rúmfatalagerinn hf. | 54 |
| Rúmið hf. | 26 |
| Rydens-kaffi hf. | 54 |
| Ræsir hf. | 54 |
| Rögn sf. | 4 |
| S.R. Sigurðsson hf. | 147 |
| Sala og markaður hf. | 80 |
| Sam-útgáfan sf. | 51 |
| Samberg hf. | 151 |
| Sameinaða auglýsingastofan hf. | 52 |
| Sameinaða endurskoðunarstofan hf. | 3 |
| Sameinaða líftryggingarfélagið hf. | 107 |
| Sameind hf. | 54 |
| Samprent hf. | 3 |
| Samskip | 102 |
| Samtök plúsmarkaða sf. | 102 |
| Samvinnusjóður Íslands hf. | 48 |
| Sanitas hf. | 26 |
| Sautján hf. | 72 |
| Scala hf. - Húsgagnahöllin | 50,52 |
| Seljakráin | 144 |
| Selsvör sf. | 148 |
| Sendibílastöðin hf. | 151 |
| Sess hf. | 151 |
| Seyma hf. | 151 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Síðumúli 9 hf. | 33 |
| Sigur | 23 |
| Sigurðssynir sf. | 140 |
| Silfurborg hf. | 33 |
| Sindra-Stál hf. | 81 |
| Sjávarafurðir hf. | 147 |
| Sjónvarpsbúðin sf. | 59 |
| Sjóvá-Almennar tryggingar hf. | 107 |
| Sjúkranuddstofan Heilsubót sf. | 140 |
| Skáís-Skoðanakannanir á Íslandi hf. | 3 |
| Skaparinn hf. | 4 |
| Skarphéðinn Örvarsson sf. | 17,148 |
| Skattaframtal | 140 |
| Skattstoð hf. | 54 |
| Skerjaver | 17 |
| Skerpir sf. | 59 |
| Skífan hf. | 54 |
| Skipabryggja hf. | 50 |
| Skipamálning hf. | 54 |
| Skipavarahlutir hf. | 48 |
| Skipholt hf. | 48 |
| Skipulag hf. | 109 |
| Skipulag – Lögfræðileg ráðgjöf hf. | 76 |
| Skírisskógur sf. | 134 |
| Skjárinn sf. | 34 |
| Skjöldur hf. | 112 |
| Skjöldurinn hf. | 82 |
| Skóborg hf. | 33 |
| Skorri hf. | 26 |
| Skúlagarður hf. | 27 |
| Skúlaskeið hf. | 151 |
| Skúlason & Jónsson hf. | 54 |
| Skurðstofur Reykjavíkur hf. | 145 |
| Skyggna hf. | 81 |
| Sleipnir sf. | 102 |
| Slippfélagið í Reykjavík hf. | 151 |
| Smáprent sf. | 17 |
| Smárabar | 102,149 |
| Smiðshögg sf. | 102 |
| Smjörlíki hf. | 80,147 |
| Smur- bón- og dekkjaþjónustan sf. | 4 |
| Snasi hf. | 109 |
| Snjóbolti hf. | 45 |
| Snotra sf. | 102 |
| Snyrtihöllin sf. | 23 |
| Snyrtistofan Ásýnd sf. | 102 |
| Snyrtivöruverslunin Mirra | 4 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Snyrtivöruverslunin Nana | 59 |
| Snævar sf. | 20 |
| Softís hf. | 80 |
| Sól hf. | 3 |
| Sól og sána | 144 |
| Sólargeislinn | 138 |
| Sólbaðsstofan Betri stofan | 59 |
| Sólbaðsstofan Bros | 144 |
| Sólbaðstofan Tahiti | 134 |
| Sólbaðstofan Tahiti sf. | 4 |
| Sólsetrið sólbaðstofa | 4 |
| Sonic hf. | 151 |
| Sonja hf. | 54 |
| Spor í rétta átt sf. | 121 |
| Sporið | 137 |
| Sport | 4 |
| Sportvöruverslunin Vesturröst hf. | 151 |
| Sproti hf. | 81 |
| Stál og ál sf. | 102 |
| Stálbær hf. | 76 |
| Stálhamrar sf. | 144 |
| Stálhurðir sf. | 59 |
| Stálkerfi hf. | 51,76 |
| Stálver | 59 |
| Stefán hf. | 33 |
| Stefán Thorarensen hf. | 3 |
| Stefánsson og Sigurðsson sf. | 140 |
| Stefnishús hf. | 151 |
| Steinavör hf. | 26,81,151 |
| Steinsson hf. | 51 |
| Stekkir sf. | 34 |
| Steypir hf. | 25,103 |
| Steypustöðin hf. | 26,103 |
| Stígjón hf. | 72 |
| Stjarnan | 128 |
| Stjórnvangur | 34 |
| Stjörnubakarí | 102 |
| Stjörnuborgarinn sf. | 59 |
| Stoð-endurskoðun hf. | 25 |
| Stofnungi sf. | 102 |
| Stórhöfði hf. | 81 |
| Strandfell | 140 |
| Stratus hf. | 103 |
| Straumnes hf. | 48 |
| Studio 1 hf. | 107 |
| Suðurgata hf. | 109 |
| Suðurtangi hf. | 151 |
| Sund hf. | 54 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Sundaeign hf. | 80 |
| Sunna sólbaðstofa | 140 |
| Sút sf. | 121 |
| Sveinbjörg sf. | 59 |
| Sveinn og Ólafur sf. | 20 |
| Sveinn Björnsson og Co. sf. | 148 |
| Svæðameðferðaskóli Íslands sf. | 23 |
| Syðri-Brekka hf. | 3,80 |
| Sýn hf. | 3 |
| Sælkerabakan-frystiréttir hf. | 145 |
| Sælkerabrauð hf. | 48,107 |
| Sæmundur hf. | 145 |
| Sæskel sf. | 59 |
| Söguforlagið | 4 |
| Sölu- og markaður hf. | 48 |
| Söluturn Öddu sf. | 102 |
| Söluturninn Á Horninu | 37 |
| Söluturninn Barmahlíð | 121,138 |
| Söluturninn Bólið | 59 |
| Söluturninn Bræðraborgarstíg 29 | 59 |
| Söluturninn Hafnarstræti 20 | 4 |
| Söluturninn Laugavegi 168 | 20 |
| Söluturninn Lóuhólum 2-6 | 102 |
| Söluturninn Óðinstorgi | 148 |
| Söluturninn Stansið | 149 |
| Söluturninn við Hálogaland | 59,102 |
| | |
| T. Thorstensen & co. hf. | 109,138 |
| T.G. hársnyrting | 48 |
| T.H. Magnússon sf. | 4 |
| T.R. Einarsson sf. | 102 |
| Tahiti sf. | 134 |
| Talnakönnun hf. | 72 |
| Tannlæknar Skipholti 33 sf. | 23 |
| Teiknistofan Laugavegi 96 sf. | 102 |
| Teiknistofan Skólavörðustíg 28 sf. | 134 |
| Teppabúðin hf. | 81 |
| Teppaverslun Friðriks Bertelsen | 4 |
| Teppaverslun Friðriks Bertelsen hf. | 112 |
| Texco hf. | 26 |
| Th. Benjamínsson & Co. | 4,59 |
| Timburvinnslan hf. | 151 |
| Tíu-ellefu | 149 |
| Tíu til tíu | 137 |
| Tíu-tíu sf. | 121 |
| Tómstundahúsið hf. | 72 |
| Toppgæði sf. | 149 |
| Toppþjónustan hf. | 47 |
| Torfan hf. | 103 |
| Tóró hf. | 71 |
| Tréhýsi sf. | 140 |
| Tryggingamiðstöðin hf. | 109 |
| Túrbó | 148 |
| Týli hf. | 138 |
| Týr hf. | 3 |
| Tæknigarður hf. | 151 |
| Tæknival hf. | 3,31 |
| Tækniverk sf. | 140 |
| Tölvudeild Magna | 138 |
| Tölvugrafík | 134 |
| Tölvukaup hf. | 109 |
| Tölvumiðlun hf. | 33 |
| Tölvuskóli Reykjavíkur | 72 |
| Tölvuskóli Íslands – Stjórntækniskóli Íslands – Ferðamálaskóli Íslands hf. | 145 |
| Tölvuspil hf. | 70,82 |
| | |
| Úlfar Jacobsen ferðaskrifstofa hf. | 4 |
| Umbúðamiðstöðin hf. | 138 |
| Umfang sf. | 4 |
| Umhverfisþjónustan sf. | 48 |
| Umslag hf. | 48 |
| Umstang sf. | 102 |
| Uppsalir hf. | 25 |
| Úranus hf. | 80 |
| Útgáfufélagið Geisli hf. | 4,76 |
| Útgerðarfélagið Freyr hf. | 151 |
| Úti og inni | 149 |
| Útvegsfélag samvinnumanna hf. | 151 |
| | |
| Vaka-Fiskeldiskerfi hf. | 72 |
| Valberg sf. | 37 |
| Valdimar Gíslason hf. | 109 |
| Varðan hf. | 145 |
| Varmi hf. | 4 |
| Vatnarækt hf. | 151 |
| Vátryggingarfélag Íslands hf. | 80 |
| Veiðihúsið | 59 |
| Veiðiland sf. | 34 |
| Veisluhöld sf. | 129 |
| Veislumiðstöðin | 129 |
| Veit sf. | 17 |
| Veitingahúsið Austurstræti 20 hf. | 81 |
| Veitingahúsið Hrafninn | 59 |
| Veitingahúsið Hverfisgötu hf. | 75 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Veitingahúsið Kotið sf. | 102 |
| Veitingahúsið Perlan hf. | 80 |
| Veitingahúsið Sprengisandur sf. | 17 |
| Veitingar hf. | 27 |
| Veitingastofan í Tæknigarði | 23 |
| Véla- og pallaleigan | 17 |
| Véla- og raftækjaverslunin Hekla hf. | 151 |
| Vélar og þjónusta hf. | 70,151 |
| Vélaverkstæði J. Hinrikssonar hf. | 80 |
| Vélsmiðjan Héðinn hf. | 76 |
| Verðandi hf. | 51 |
| Verðbréfamarkaður Íslandsbanka hf. | 31,80 |
| Verðbréfasjóðir VÍB hf. | 72,80 |
| Verk-vík | 140 |
| Verkfræðistofa Jóhanns Indriðasonar hf. | 151 |
| Verkfræðistofan Fjölhönnun hf. | 80 |
| Verkfæri & járnvörur hf. | 4 |
| Verkráðgjöf hf. | 25 |
| Verksmiðjan Vífilfell hf. | 151 |
| Verkþór sf. | 102 |
| Verslun Halla Þórarins hf. | 38 |
| Verslunarfélagið hf. | 112 |
| Verslunin Áskjör | 137 |
| Verslunin Jata | 149 |
| Verslunin Lundur | 17 |
| Verslunin Marás | 59 |
| Verslunin París | 59 |
| Verslunin Pilot hf. | 80 |
| Vertex sf. | 102 |
| Vesturás hf. | 54 |
| Vesturflug hf. | 50 |
| Vesturgata 3 hf. | 25,82 |
| Vesturheimar | 121 |
| Vesturís sf. | 140 |
| Vídeóbær | 144 |
| Vídeógæði | 17 |
| Vídeómyndir sf. | 51 |
| Vídeóspólan | 134 |
| Viðskipta- og málaskólinn hf. | 51,145 |
| Víkingsprent hf. | 33 |
| Virka sf. | 148 |
| Virkir-Orkint hf. | 3 |
| Vist sf. | 143 |
| Vistfang hf. | 145 |
| Vit hf. | 52 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Vox | 102 |
| Völlur sf. | 149 |
| Vöruflutningar hf. | 80 |
| Vöttur hf. | 26 |
| | |
| Wessmann, konditori og veisluföng sf. | 121 |
| | |
| Þakverk sf. | 140 |
| Þema hf. | 3,51 |
| Þjófavarnarkerfi heimilanna | 102 |
| Þjónusta hf. | 4 |
| Þjónustumiðstöð fataiðnaðarins hf. | 51 |
| Þórður Sveinsson & Co. hf. | 151 |
| Þrek hf. | 151 |
| Þrístikla sf. | 4 |
| Þrjátíu og þrír sf. | 144 |
| Þróun og ráðgjöf hf. | 25 |
| Þýsk-íslenska hf. | 51 |
| Þýsk-íslenska innflutningsfélagið hf. | 72 |
| Þýsk-íslenska verslunarfélagið hf. | 75 |
| Þöngulhús sf | 137 |
| | |
| Örvar | 102 |


**Akranes:**


| | |
|---|---|
| Bifreiðaþjónustan | 70 |
| Bifreiðaþjónustan sf. | 70 |
| Bílaþjónusta Þráins og Þóris sf. | 74 |
| Blómabúðin Louise | 74 |
| Bókhaldsþjónustan sf. | 74 |
| Eðalsteinninn | 151 |
| Fiskeldisfélagið Strönd hf. | 72 |
| Gler og málning sf. | 17 |
| Gró sf. | 58 |
| Grundaval sf. | 74 |
| Haraldur Böðvarsson & Co. hf. | 147 |
| Hárelo | 71 |
| Íslenskar múrvörur hf. | 103 |
| Markið | 38 |
| Nótastöðin hf. | 25 |
| Reynir sf. | 50 |
| Síldar- og fiskimjölsverksmiðja Akraness hf. | 147 |
| Skagaradíó | 63 |
| Staðarfell hf. | 72 |
| Tannlækningastofan sf. | 17 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Tannsmíðastofan sf. | 61 |
| Teigur sf. | 74 |
| Traðarbakki sf. | 58 |
| Trésmiðja Sigurjóns & Þorbergs hf. | 151 |
| Videobúðin sf. | 151 |
| Þórður Óskarsson hf. | 4 |
| Þorgeir & Ellert hf. | 3,112,145,151 |

**Akureyri, Eyjafjarðarsýsla og Dalvíkurkaupstaður:**

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Ábendi, Akureyri | 28 |
| Aðalver sf., Akureyri | 17 |
| AKO-plast hf., Akureyri | 103 |
| Álafoss hf., Akureyri | 25 |
| Altækni sf., Akureyri | 58 |
| Ari hf., Akureyri | 51 |
| Árver hf., Árskógsströnd | 145 |
| Árwill sf., Dalvík | 23 |
| Ás sf., Akureyri | 75 |
| B.M. bílamálun, Akureyri | 17 |
| Bifreiðaverkstæði Jóhannesar Kristjánssonar hf., Akureyri | 33 |
| Bílahöllin, Akureyri | 75 |
| Bílaval hf., Akureyri | 25 |
| Bílaval sf., Akureyri | 17 |
| Bílaver, Akureyri | 17 |
| Biska sf., Akureyri | 159 |
| Björn og Helgi sf., Dalvík | 147,151 |
| Bláfell hf., Akureyri | 33 |
| Blikkvirki hf., Akureyri | 80 |
| Bókabúð Jónasar sf., Akureyri | 107 |
| Brekka hf., Akureyri | 145 |
| Börkur sf., Akureyri | 110 |
| DNG hf., Glæsibæjarhreppi | 4 |
| Drapi sf., Akureyri | 5 |
| Drífa hf., Akureyri | 80 |
| Einarsbakarí hf., Akureyri | 52 |
| Endurskoðun Akureyri hf., Akureyri | 45 |
| Endurskoðun Dalvík sf., Dalvík | 83,151 |
| Estetik sf., Akureyri | 102 |
| Fell hf., Akureyri | 48 |
| Festa hf., Akureyri | 70 |
| Fínar línur, Akureyri | 83 |
| Fiskeldi Eyjafjarðar hf., Akureyri | 151 |
| Fiskmiðlun Norðurlands hf., Dalvík | 4 |
| Fjölnisgata 2a hf., Akureyri | 151 |
| Flugfélag Norðurlands hf., Akureyrarflugvelli | 146 |
| Garðurinn, Akureyri | 64 |
| Gúmmívinnslan hf., Akureyri | 33 |
| H.G.S. hf., Akureyri | 4 |
| H.S. vörumiðar sf., Akureyri | 102 |
| Habró, Akureyri | 53 |
| Hafspil hf., Akureyri | 4 |
| Hagi hf., Akureyri | 80 |
| Hagsmíði sf., Akureyri | 102 |
| Hannyrðaverslunin Hnotan, Akureyri | 64 |
| Haraldur og Guðlaugur hf., Akureyri | 51 |
| Heildverslunin Sif sf., Akureyri | 151 |
| Hótel Vin sf., Eyjafjarðarsveit | 114 |
| Hringur sf., Akureyri | 17 |
| Húsprýði sf., Akureyri | 38 |
| Höldur sf., Akureyri | 23 |
| Íslands-hestar hf., Akureyri | 145 |
| Íslensk spil hf., Akureyri | 45 |
| Ístess hf., Akureyri | 3 |
| Jarðverk hf., Dalvík | 48 |
| K. Jónsson & Co. hf., Akureyri | 80 |
| Kaffibrennsla Akureyrar hf., Akureyri | 52,103 |
| Kartöflusalan Svalbarðseyri hf., Svalbarðseyri | 80 |
| Keramikstofan, Akureyri | 108 |
| Kjarnafæði hf., Akureyri | 54 |
| Knattborðsstofan sf., Akureyri | 17 |
| Krossanes hf., Akureyri | 27,145 |
| Leðuriðjan Eski, Akureyri | 23 |
| Ley sf., Akureyri | 70 |
| Loki sf., Akureyri | 70 |
| Lundarkjör hf., Akureyri | 51 |
| Magnús Gíslason sf., Akureyri | 23 |
| Margnota bleiur, Dalvík | 107 |
| Múrprýði sf., Akureyri | 5 |
| Möl og sandur hf., Akureyri | 72,145 |
| N.T.-umboðið hf., Akureyri | 38 |
| Norðurverk hf., Akureyri | 3,26 |
| Nýja nætursalan sf., Akureyri | 102 |
| Nætursalan sf., Akureyri | 62 |
| Pallas sf., Akureyri | 5 |
| Pedrómyndir hf., Akureyri | 52 |
| Petit sf., Akureyri | 151 |
| Plast- og stálgluggar hf., Dalvík | 48 |

Tbl.nr.
Plasteinangrun hf., Dalvík . . . . . . 3
Prentsmiðjan Petit hf., Akureyri . . 27
Rafiðn, Akureyri . . . . . . . . . . . . 17
Rafnaust hf., Akureyri . . . . . . . . 151
Rammagerðin Akureyri, Akureyri . 70
Samfell sf., Akureyri . . . . . . . . . 113
Samherji hf., Akureyri . . . . . . . . 25
Sandblástur og málmhúðun sf., Akureyri . . . . . . . . . . . . . . . 75
Saumavélaþjónustan, Akureyri . . . 70
Sérleyfisbílar Akureyrar sf., Akureyri . . . . . . . . . . . . . . . . . . 62,151
Slippstöðin hf., Akureyri . . . . . . . 80,151
Spaðinn sf., Dalvík . . . . . . . . . . . 102
Sportver sf., Akureyri . . . . . . . . . 151
Stefanía Hótel, Akureyri . . . . . . . 102
Steinninn hf., Akureyri . . . . . . . . 151
Stíll hf., Akureyri . . . . . . . . . . . 54
Stíll sf., Akureyri . . . . . . . . . . . . 17
Stórhóll sf., Dalvík . . . . . . . . . . . 5
Strengjasteypan hf., Akureyri . . . . 145
Sæborg hf., Akureyri . . . . . . . . . 80
Sæplast hf., Dalvík . . . . . . . . . . . 31,81
Söltunarfélag Dalvíkur hf., Dalvík . 138
Tískuhúsið Ess, Akureyri . . . . . . 53
Trésmíðaverkstæði Jóns Gíslasonar hf., Akureyri . . . . . . . . . . . . . 27
Trésmiðja Hilmars, Akureyri . . . . 28
Tölvangur hf., Akureyri . . . . . . . 31
Útfararþjónustan sf., Akureyri . . . 114
Útgerðarfélag Akureyringa hf., Akureyri . . . . . . . . . . . . . . 25,151
Útgerðarfélag Dalvíkinga hf., Dalvík . . . . . . . . . . . . . . . . 4,151
Vaðlaberg sf., Akureyri . . . . . . . 75
Valsmíði sf., Akureyri . . . . . . . . 102
Vélsmiðjan Oddi hf., Akureyri . . . 138
Verkfræðistofa Norðurlands hf., Akureyri . . . . . . . . . . . . . . 50
Verslunin Dröfn sf., Dalvík . . . . . 83
Verslunin Kotra hf., Dalvík . . . . . 25
Vörubær hf., Akureyri . . . . . . . . 54
Yggur sf., Akureyri . . . . . . . . . . 17
Ylur sf., Eyjafjarðarsveit . . . . . . . 113
Ölunn hf., Dalvík . . . . . . . . . . . 3

Tbl.nr.

**Árnessýsla og Selfoss:**

Auðbjörg hf., Þorlákshöfn . . . . . . 70
Bakki hf., Selfossi . . . . . . . . . . . 145
Berserkir hf., Selfossi . . . . . . . . . 80
Bes sf., Selfossi . . . . . . . . . . . . . 108
Bjarg sf., Þorlákshöfn . . . . . . . . . 31,55
Braut sf., Sandvíkurhreppi . . . . . . 151
Búkolla hf., Selfossi . . . . . . . . . . 31
Bændasynir hf., Eyrarbakka . . . . . 33
Fannborg hf., Hrunamannahreppi . 54
Fjörfiskur hf., Selfossi . . . . . . . . . 151
Frægur hf., Þorlákshöfn . . . . . . . 51
Hafnarkjör hf., Þorlákshöfn . . . . . 80
Hafnarnes hf., Þorlákshöfn . . . . . 76
Hafneyri hf., Þorlákshöfn . . . . . . 33
Hellir hf., Selfossi . . . . . . . . . . . 51
Hitaveitan Brúin sf., Biskupstungum . . . . . . . . . . . . . . . . . . 83
Hitaveitufélagið Sel sf., Grímsneshreppi . . . . . . . . . . . . . . . . 38
Hlíðalaug hf., Biskupstungum . . . 147
Hrímgrund hf., Þorlákshöfn . . . . . 47
Í tilefni dagsins sf., Selfossi . . . . . . 31
Ingólfur sf., Selfossi . . . . . . . . . . 151
Ísfax hf., Selfossi . . . . . . . . . . . . 81
Ísfélag Þorlákshafnar hf., Þorlákshöfn . . . . . . . . . . . . . . . . . 27
Íslensk þjónusta hf., Þorlákshöfn . . 4
Ísno hf., Ölfushreppi . . . . . . . . . 80
Jarðvinnslan sf., Stokkseyrarhreppi 114
Kjörís hf., Hveragerði . . . . . . . . . 3
Lögmenn Suðurlandi, Selfossi . . . . 70
Magnús Magnússon hf., Selfossi . . 80
Meitillinn hf., Þorlákshöfn . . . . . . 151
Nesberg hf., Þorlákshöfn . . . . . . . 109
S.G. Einingahús hf., Selfossi . . . . 80
Sjávarréttir hf., Þorlákshöfn . . . . . 80
Skilti sf., Ölfushreppi . . . . . . . . 75
Snyrtistofa Klöru, Selfossi . . . . . . 151
Stálverk hf., Eyrarbakka . . . . . . . 48
Steypustöð Suðurlands hf., Selfossi . 26,103
Trésmiðja Þorsteins og Árna hf., Selfossi . . . . . . . . . . . . . . . . 33
Tungutak sf., Selfossi . . . . . . . . . 23
Verkfræðistofa Suðurlands hf., Selfossi . . . . . . . . . . . . . . . . . 109
Verktækni sf., Selfossi . . . . . . . . 23
Virki sf., Selfossi . . . . . . . . . . . . 71

Tbl.nr.

**Barðastrandarsýsla, Patreksfjörður og Bíldudalur:**

Bjarg hf., Patreksfirði . . . . . . . . . 54
Blakkur hf., Patreksfirði . . . . . . . 72
Bókaútgáfan Hildur hf., Reykhólahreppi . . . . . . . . . . . . . . . . 3
Dröfn hf., Patreksfirði . . . . . . . . 3
Egill og Sæbjörg sf., Patreksfirði . . 4,10
Geiri og Óli sf., Patreksfirði . . . . . 151
Gestur hf., Reykhólahreppi . . . . . 76
Höfði sf., Patreksfirði . . . . . . . . . 17
Ísrann hf., Patreksfirði . . . . . . . . 51
Lax hf., Tálknafirði . . . . . . . . . . 3
Múli sf., Patreksfirði . . . . . . . . . . 17
Oddi hf., Patreksfirði . . . . . . . . . 52
Patrekur hf., Patreksfirði . . . . . . . 72
Söluskálinn Bær hf., Reykhólahreppi . . . . . . . . . . . . . . . . 3
Tréval sf., Patreksfirði . . . . . . . . 17
Útgerðarfélagið Reykey hf., Barðastrandarhreppi . . . . . . . . . . . . 48
Vélsmiðja Tálknafjarðar hf., Tálknafirði . . . . . . . . . . . . . . 54
Þórsberg hf., Tálknafirði . . . . . . . 4,72
Þórslax hf., Tálknafirði . . . . . . . . 4,72
Þörungaverksmiðjan hf., Reykhólum . . . . . . . . . . . . . . . . . . 3,147

**Dalasýsla:**

Afurðastöðin í Búðardal hf., Búðardal . . . . . . . . . . . . . . 151

**Húnavatnssýsla:**

Alla leið hf., Skagaströnd . . . . . . 51
Blómabúðin Lilja, Blönduósi . . . . 89
Blönduskálinn sf., Blönduósi . . . . 75
Bókaútgáfan Hofi, Vatnsdal . . . . . 17
Búðin, sérverslun, Blönduósi . . . . 58,62
Dýhóll hf., Blönduósi . . . . . . . . . 25
Eyrarkjör hf., Hvammstanga . . . . 48
Fríðublóm, Blönduósi . . . . . . . . . 89
Hótel Blönduós hf., Blönduósi . . . 3
Ok hf., Skagaströnd . . . . . . . . . . 102
Orðtak hf., fjarvinnslustofa, Hvammstanga . . . . . . . . . . . . 25
Rúnir sf., Hvammstanga . . . . . . . 31
Saumastofan Pá sf., Húnavöllum . . 17
Saumastofan Seta hf., Skagaströnd . 151

Tbl.nr.

Serkir hf., Blönduósi . . . . . . . . . 151
Skagstrendingur hf., Skagaströnd . 145
Tangi hf., Hvammstanga . . . . . . . 81
Trésmiðjan Stígandi hf., Blönduósi 51

**Ísafjörður og Ísafjarðarsýsla:**

Áral sf., Ísafirði . . . . . . . . . . . . . 17
Arnarnúpur hf., Þingeyri . . . . . . . 4
Arnarvör hf., Ísafirði . . . . . . . . . 54
Atlastaðir sf., Ísafirði . . . . . . . . . 138
Blælax hf., Nauteyrarhreppi . . . . . 50
Ból sf., Nauteyri, Norður-Ísafjarðarsýslu . . . . . . . . . . . . . . . 102
Byggingavöruverslunin Núpur hf., Ísafirði . . . . . . . . . . . . . . . . . 103
Dalvör sf., Ísafirði . . . . . . . . . . . 56
Einar Guðfinnsson hf., Bolungarvík . . . . . . . . . . . . . . . . . . 72,147
Eldfoss hf., Bolungarvík . . . . . . . 48
Fáfnir hf., Þingeyri . . . . . . . . . . . 4
Fiskiðjan Freyja hf., Suðureyri . . . 3
Frábær hf., Ísafirði . . . . . . . . . . . 76
Föndurloftið hf., Ísafirði . . . . . . . 76
Gólflagnaþjónusta Vestfjarða sf., Ísafirði . . . . . . . . . . . . . . . . . 151
Grafíktækni hf., Ísafirði . . . . . . . 33
Græðir hf., Bolungarvík . . . . . . . 151
Hellusteinn sf., Ísafirði . . . . . . . . 11
Hjálmur hf., Flateyri . . . . . . . . . 145
Hólar hf., Bolungarvík . . . . . . . . 72
Hraðfrystihúsið hf., Hnífsdal . . . . 72
Ígull sf., Ísafirði . . . . . . . . . . . . . 38
Ísdjúp sf., Ísafirði . . . . . . . . . . . 5
Jakob Valgeir sf., Bolungarvík . . . 74
Júpiter sf., Bolungarvík . . . . . . . . 62
Ljónið hf., Ísafirði . . . . . . . . . . . 3
María, bókaforlag sf., Ísafirði . . . . 5
Miðfell hf., Hnífsdal . . . . . . . . . . 72
Pandalus sf., Ísafirði . . . . . . . . . . 60
Póls-tækni hf., Ísafirði . . . . . . . . . 48
Rækjustöðin hf., Ísafirði . . . . . . . 51
Rækjuverksmiðjan hf., Hnífsdal . . 147
Saltmar sf., Ísafirði . . . . . . . . . . . 138
Sandfell hf., Ísafirði . . . . . . . . . . 137
Tían, Flateyri . . . . . . . . . . . . . . 11
Togaraútgerð Ísafjarðar hf., Ísafirði 47,54
Útgerðarfélagið Magni hf., Ísafirði . 145
Vélsmiðjan Þór hf., Ísafirði . . . . . 80,145

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Verslunin Máninn sf., Flateyri | 159 |
| Vinnuvélar sf., Súðavík | 5 |
| Vír hf., Ísafirði | 102 |


**Keflavík, Njarðvík, Grindavík, Gullbringusýsla:**


| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Arctic lax hf., Vatnsleysustrandarhreppi | 72 |
| Ástþór hf., Sandgerði | 76 |
| Atlantslax hf., Grindavík | 33 |
| Benedikt Jónsson sf., Keflavík | 159 |
| Bílarétting E.E. Keflavík | 75 |
| Bílasala Róberts, Njarðvík | 60 |
| Bláa lónið, Grindavík | 122 |
| Blóma- og gjafavöruverslunin Akur, Grindavík | 122 |
| Bogey sf., Keflavík | 75 |
| Efnalaugin Kvikk, Keflavík | 17 |
| Eitill hf., Höfnum | 3 |
| Fasteignaþjónusta Suðurnesja, Keflavík | 159 |
| Félag vatnsvirkja hf., Hafnahreppi | 52 |
| Ferðaþjónusta Suðurnesja sf., Njarðvík | 151 |
| Festi hf., Grindavík | 70 |
| Fiskanes hf., Grindavík | 54 |
| Fiskfax hf., Grindavík | 80 |
| Fiskimjöl og lýsi hf., Grindavík | 26 |
| Fiskur sf., Sandgerði | 75 |
| Fjall hf., Keflavík | 80 |
| Fjöltak sf., Grindavík | 159 |
| Flatbakan sf., Keflavík | 17,60 |
| Flugfax hf., Keflavík | 3 |
| G.H. fiskverkun sf., Keflavík | 151 |
| Gauksstaðir hf., Gerðahreppi | 76 |
| Grágás hf., Keflavík | 151 |
| Hafrenningur hf., Grindavík | 31 |
| Hagkvæmt hf., Keflavík | 31 |
| Hamrar hf., Grindavík | 31 |
| Hópsnes hf., Grindavík | 76 |
| Hraðfrystihús Keflavíkur hf., Keflavík | 38 |
| Húsagerðin hf., Keflavík | 54 |
| Húsanes sf., Keflavík | 17 |
| Ísfélag Grindavíkur hf., Grindavík | 112 |
| Íslenska saltfélagið hf., Hafnahreppi | 80,151 |
| Íslenskir aðalverktakar sf., Keflavíkurflugvelli | 23 |
| Íslenskur markaður hf., Keflavíkurflugvelli | 54,81 |
| J.G. fiskur sf., Njarðvík | 159 |
| J.S. heildverslun sf., Njarðvík | 159 |
| JE og co. sf., Keflavík | 60 |
| Jón Erlingsson hf., Sandgerði | 4 |
| K-sport sf., Keflavík | 151 |
| Karfan sf., Keflavík | 151 |
| Kór hf., Njarðvík | 103 |
| Kristinn Guðmundsson og Co. hf., Keflavík | 51 |
| Landslög hf., Keflavík | 80 |
| Lísa, Keflavík | 159 |
| Lögfræðistofa Suðurnesja sf., Keflavík | 60 |
| Miðnes hf., Sandgerði | 45 |
| Mummi hf., Njarðvík | 103 |
| Mummi hf., Garði | 47 |
| Nesmúr sf., Sandgerði | 75 |
| Norðurfiskur hf., Keflavík | 82 |
| Nýja videoleigan sf., Keflavík | 159 |
| Pólar-frost hf., Höfnum | 51 |
| Radíókjallarinn sf., Keflavík | 17 |
| Rafiðn hf., Keflavík | 80 |
| Reykver hf., Höfnum | 145 |
| Seljabót 2 hf., Grindavík | 147 |
| Sigluberg hf., Grindavík | 26 |
| Sjóefnavinnslan hf., Hafnahreppi | 47 |
| Sjókvíar hf., Vatnsleysustrandarhreppi | 147,151 |
| Skutull hf., Njarðvík | 33,51 |
| Sólhúsið, Keflavík | 151 |
| Stapaprent hf., Njarðvík | 145 |
| Stígandi sf., Sandgerði | 75 |
| Stjörnufiskur hf., Grindavík | 31 |
| Stórmarkaðurinn í Keflavík, Keflavík | 159 |
| Styrmir sf., Njarðvík | 75 |
| Suðurnesjaverktakar hf., Keflavík | 25 |
| Suðurströnd hf., Njarðvík | 80 |
| Suðurvirki hf., Keflavík | 81 |
| Teiknistofan Örk sf., Keflavík | 60 |
| Teppahreinsun Suðurnesja hf., Keflavík | 75 |
| Túngarður hf., Keflavík | 33 |

Tbl.nr.

Tölvík sf., bókhaldsþjónusta, Grindavík . . . . . . . . . . . . . . . 159
Tölvuvæðing sf., Keflavík . . . . . . 151
Valbjörn hf., Sandgerði . . . . . . . . 4
Vatnsveita Suðurnesja sf., Njarðvík 159
Vélsmiðja Kr. Magnússonar sf., Njarðvík . . . . . . . . . . . . . . 159
Verkbær, Grindavík . . . . . . . . . . 159
Verkfræðistofa Suðurnesja hf., Keflavík . . . . . . . . . . . . . . . 3
Verslunin Femína, Keflavík . . . . . 17
Viktoría sf., Keflavík . . . . . . . . . 159
Víkurbraut hf., Keflavík . . . . . . . 80
Víkurhugbúnaður sf., Keflavík . . . 151
Vísir hf., Grindavík . . . . . . . . . . 4
Vogar hf., Vogum . . . . . . . . . . . 54
Vonir hf., Keflavík . . . . . . . . . . . 80
Þorri sf., Sandgerði . . . . . . . . . . 7
Þvottahöllin, Keflavík . . . . . . . . . 17

**Kjósarsýsla, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Seltjarnarnes:**

Áferð hf., Garðabæ . . . . . . . . . . 45
Alfa, Hafnarfirði . . . . . . . . . . . . 18
Alheimslist hf., Garðabæ . . . . . . . 31
Allt milli himins og jarðar hf., Mosfellsbæ . . . . . . . . . . . . . . . . 81
Andromeda sf., Garðabæ . . . . . . 4
Ásar hf., Hafnarfirði . . . . . . . . . 51
Ásheimar hf., Garðabæ . . . . . . . . 103
Ásholt hf., Mosfellsbæ . . . . . . . . 76
Austurvangur hf., Seltjarnarnesi . . 80
Belís-heilsuvörur hf., Kjalarnesi . . 4
Bílaleigan Höfði hf., Garðabæ . . . 103
Bílapartasala Garðabæjar, Garðabæ . . . . . . . . . . . . . . . . . . 75
Bílapartasalan Lyngás, Garðabæ . . 122
Bílapartasalan Lyngás sf., Garðabæ 102
Bílasala Hafnarfjarðar, Hafnarfirði 61
Bílastúdíó sf., Hafnarfirði . . . . . . 31
Birki sf., Hafnarfirði . . . . . . . . . . 61
Blómagluginn sf., Mosfellsbæ . . . 7,75
BÓ/Rammi hf., Hafnarfirði . . . . . 80,147
Ból hf., Mosfellsbæ . . . . . . . . . . 107
Brimrás hf., Hafnarfirði . . . . . . . 76
BS heildverslun hf., Hafnarfirði . . 113
Delta hf., Garðabæ . . . . . . . . . 54,81,102

Tbl. nr.

Djúpfiskur hf., Garðabæ . . . . . . . 75,76
E.P.A. hf., Mosfellsbæ . . . . . . . . 27
Efnaverksmiðjan Efnaval sf., Hafnarfirði . . . . . . . . . . . . . . . . 4
Einar Þorgilsson & co. hf., Hafnarfirði . . . . . . . . . . . . . . . . . . 145
Eldey hf., Hafnarfirði . . . . . . . . . 47
Elektra hf., Garðabæ . . . . . . . . . 151
Elvar sf., Garðabæ . . . . . . . . . . . 61
Esjuberg sf., Kjalarneshreppi . . . . 151
Faxaberg sf., Hafnarfirði . . . . . . . 61
Faxafrost hf., Hafnarfirði . . . . . . 145
Ferðaskrifstofa Hafnarfjarðar sf., Hafnarfirði . . . . . . . . . . . . . 75
Fet hf., Garðabæ . . . . . . . . . . . . 3
Finnsson hf., Hafnarfirði . . . . . . . 112
Fiskmarkaðurinn hf., Hafnarfirði . 31
Fiskveiðahlutafélagið Venus, Hafnarfirði . . . . . . . . . . . . . . . . 3
Fjarðarbilliard sf., Hafnarfirði . . . 117
Fjarðarkaup hf., Hafnarfirði . . . . 151
Fjarðarprent sf., Hafnarfirði . . . . 61
Fjölritunarstofan sf., Mosfellsbæ . . 151
Fljót sf., Garðabæ . . . . . . . . . . . 61
Fura hf., Garðabæ . . . . . . . . . . . 54
G. Hansson, langferðabílar sf., Mosfellsbæ . . . . . . . . . . . . . 31
Galti sf., Seltjarnarnesi . . . . . . . . 4
Geisli hf., útgáfufélag, Seltjarnarnesi . . . . . . . . . . . . . . . . . . 147
Golfskóli Arnars, Hafnarfirði . . . . 75
Granit sf., Seltjarnarnesi . . . . . . . 4
Groddi hf., Mosfellsbæ . . . . . . . . 76
Gæðamat sf., Hafnarfirði . . . . . . . 4
Hagflötur-Vesturvangur hf., Seltjarnarnesi . . . . . . . . . . . . . 3
Hagtala hf., Hafnarfirði . . . . . . . 80
Hagvirki hf., Hafnarfirði . . . . . . . 145
Hagvirki-Klettur hf., Hafnarfirði . . 81,147
Hámarkið hf., Garðabæ . . . . . . . 51
Hársnyrtistofan Nancy, Hafnarfirði 61
Haukur hf., Garðabæ . . . . . . . . . 4
Heimilisdeildin hf., Garðabæ . . . . 107
Hellan hf., Kjalarneshreppi . . . . . 80
Hleiðra hf., Hafnarfirði . . . . . . . . 3
Holtagarður hf., Mosfellsbæ . . . . . 80
Hraunver hf., Hafnarfirði . . . . . . 109
Hreinar línur sf., Hafnarfirði . . . . 75

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Húseigendaþjónustan S. Sigurðsson hf., Hafnarfirði | 80 |
| Hvaleyri hf., Hafnarfirði | 80 |
| Hyggir hf., Hafnarfirði | 45 |
| I. Stefánsson hf., Seltjarnarnesi | 53 |
| Iðnaður & efnavörur, Hafnarfirði | 149 |
| Ísberg hf., Hafnarfirði | 72 |
| Ísfell hf., Hafnarfirði | 71 |
| Íslensk matvæli hf., Hafnarfirði | 33 |
| Íslenska stálfélagið hf., Hafnarfirði | 107,151 |
| J.S. partar og viðgerðir, Garðabæ | 122 |
| Japanskar vélar, Hafnarfirði | 102 |
| Jarðsýn hf., Seltjarnarnesi | 4 |
| Járnbending hf., Garðabæ | 51 |
| Jónar hf., Hafnarfirði | 145,146 |
| Kantsteypan hf., Hafnarfirði | 31 |
| Kerta- og gjafagallerí sf., Hafnarfirði | 151 |
| Kjarnavörur hf., Hafnarfirði | 72 |
| KK-veitingar hf., Seltjarnarnesi | 25 |
| Klæðning hf., Garðabæ | 4 |
| Kyrr mynd, Hafnarfirði | 75 |
| Leifur Eiríksson hf., Seltjarnarnesi | 51,80 |
| Ljósaland hf., Hafnarfirði | 25 |
| Lómur hf., Hafnarfirði | 103 |
| Lyf hf., Garðabæ | 80 |
| Malbikunarmiðstöðin Hlaðbær-Colas hf., Hafnarfirði | 72,112 |
| Málmkaup sf., Garðabæ | 75 |
| Málmkaup Eriks Söegaards, Hafnarfirði | 7 |
| Marklína, Hafnarfirði | 122 |
| Matbraut hf., Garðabæ | 51 |
| Matfugl hf., Mosfellsbæ | 72,80 |
| Matvælaframleiðsla Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði | 4 |
| Melabraut 17 sf., Hafnarfirði | 122 |
| Merkilegt hf., Garðabæ | 51 |
| Merko, Hafnarfirði | 4 |
| Mjólkurbú Hafnarfjarðar-Baula hf., Hafnarfirði | 4 |
| Mosfellsblóm hf., Mosfellsbæ | 151 |
| Myndform sf., Hafnarfirði | 4 |
| Mynstursteypan sf., Hafnarfirði | 7 |
| Nessport hf., Seltjarnarnesi | 80 |
| Norðurstjarnan hf., Hafnarfirði | 102 |
| Norrænt verktak sf., Hafnarfirði | 149 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Núna hf., Garðabæ | 31,48 |
| Nýja bílasala Hafnarfjarðar sf., Hafnarfirði | 61,122 |
| Olíustöðin í Hafnarfirði hf., Hafnarfirði | 112 |
| Óríent hf., Garðabæ | 80 |
| Penslaverksmiðjan hf., Hafnarfirði | 151 |
| Pharmaco hf., Garðabæ | 51 |
| Plastvörur hf., Garðabæ | 145 |
| Rafboði hf., Garðabæ | 109 |
| Rafbrú sf., Mosfellsbæ | 102 |
| Rafgrein sf., Hafnarfirði | 75 |
| Raftækjavinnustofa Sigurjóns Guðmundssonar hf., Hafnarfirði | 48 |
| Rafþing, Seltjarnarnesi | 61 |
| Rekstrarfélag Bakkakotsvallar sf., Mosfellsbæ | 122 |
| Reykjabúið hf., Mosfellsbæ | 31 |
| Reykjagarður hf., Mosfellsbæ | 76 |
| Rækt hf., Garðabæ | 26 |
| Sel hf., Hafnarfirði | 117 |
| Sel-útgáfan sf., Seltjarnarnesi | 31 |
| SH verktakar hf., Hafnarfirði | 31,72,151 |
| Sigurverk sf., Mosfellsbæ | 61 |
| Silfurtún hf., Garðabæ | 25 |
| Sjávarmál hf., Garðabæ | 54 |
| Sjór hf., útflutningsfyrirtæki, Hafnarfirði | 3 |
| Sjóvík hf., Hafnarfirði | 4,76 |
| Sjúkraþjálfarinn sf., Hafnarfirði | 61 |
| Skipa- og togaraafgreiðsla Hafnarfjarðar hf., Hafnarfirði | 80 |
| Skipavörur hf., Garðabæ | 103 |
| Skjalaverk sf., Hafnarfirði | 149 |
| Smíði, Seltjarnarnesi | 151 |
| Smíði sf., Seltjarnarnesi | 151 |
| Snyrtihöllin, Garðabæ | 23 |
| Spar heildverslun, Garðabæ | 7 |
| Steinco, Hafnarfirði | 102 |
| Steinco-granít sf., Hafnarfirði | 102 |
| Steinull hf., Hafnarfirði | 51 |
| Steinval sf., Hafnarfirði | 122 |
| Stoðtækjasmíðin Stoð hf., Hafnarfirði | 33 |
| Strandgata 50 sf., Hafnarfirði | 122 |
| Suðurfell hf., Hafnarfirði | 45 |
| Suzuki umboðið hf., Hafnarfirði | 51 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Svanurinn hf., Bessastaðahreppi | 50 |
| Söluturninn Suðurhöfn hf., Hafnarfirði | 53 |
| Tekna hf., Seltjarnarnesi | 26 |
| Títus hf., Garðabæ | 25 |
| Trésmiðjan Mosfell hf., Mosfellsbæ | 103 |
| Útey hf., Garðabæ | 103 |
| Verkfræðistofa Sigurðar Sigurðssonar, Mosfellsbæ | 75 |
| Verkfræðistofan Meka hf., Seltjarnarnesi | 25 |
| Verktækni hf., Hafnarfirði | 81 |
| Vestpóstur hf., Garðabæ | 107 |
| Vinnuvélar hf., Kjalarnesi | 26,103 |
| Virgo hf., Hafnarfirði | 151 |
| Vökvatæki hf., Seltjarnarnesi | 80 |
| Vöruhúsið Eiðistorgi hf., Seltjarnarnesi | 82 |
| X-port hf., Hafnarfirði | 26 |
| Þrep sf., Hafnarfirði | 122 |
| Þroskaþjálfun sf., Hafnarfirði | 122 |
| Öryggi hf., Garðabæ | 33 |

**Kópavogur:**

| | |
|---|---|
| A.G. Matthíasson | 151 |
| Akurfell hf. | 76 |
| Allt í einu sf. | 151 |
| Almenningsvagnar | 31 |
| Alver | 113 |
| Aríes hf. | 82 |
| Axis húsgögn hf. | 151 |
| Baader Ísland hf. | 72 |
| Bílaleigan hf. | 72 |
| Bílaleigan Holt sf. | 31 |
| Bílasprautun og réttingar | 60 |
| Blástur sf. | 38 |
| Bókaútgáfan Himbrimi | 144 |
| Boxið sf. | 60 |
| Brauðform sf. | 17 |
| Byko hf., Byggingavöruverslun Kópavogs | 4,140,147 |
| Egill Vilhjálmsson hf. | 51,80 |
| Eignaborg sf. | 64 |
| Eldshöfði sf. | 151 |
| Engihjalli 8 hf. | 3,51 |
| Eyjólfur Ágústsson sf. | 63 |
| Fanntófell hf. | 81 |
| Fasteigna- og firmasalan hf. | 145 |

| | Tbl. nr. |
|---|---|
| Festa | 83 |
| G. Haraldsson hf. | 81 |
| Gala film sf. | 27 |
| Galdrastál hf. | 25,54 |
| Gasþjónustan | 83 |
| Gler- og speglafösun | 84 |
| Gluggar og garðhús hf. | 107 |
| Gróðurvörur sf. | 151 |
| Gullfoss bílaleiga sf. | 60 |
| Hafsteinn Júlíusson hf. | 76 |
| Húsbílaþjónustan sf. | 151 |
| Húsnæði, Kristján Snorrason | 112 |
| Ingólfsprent hf. | 54 |
| Ingvar Mar hf. | 3 |
| Ísfé hf. | 145 |
| Ísfiskur sf. | 23 |
| Íspan hf. | 54 |
| Ísvör-byggingarefni | 60 |
| J.G. heildverslun | 151 |
| Jákó sf., vélar og efnavörur | 4 |
| Jeppahlutir hf. | 33 |
| Jöfur hf. | 47 |
| Kársneskjör | 31 |
| Kjarni hf. | 72 |
| Kópavogsnesti | 60 |
| Krókháls sf. | 38 |
| Krossgötur | 102 |
| Leonard hf. | 151 |
| Ljóshraði-framköllunarþjónusta sf. | 31 |
| Lóukjör sf. | 74 |
| Medúsa | 98 |
| Ó.M. & co. sf. | 151 |
| Óli prik | 114 |
| P. Samúelsson hf. | 51,80 |
| Pakkhúsið sf. | 53 |
| Pallar hf. | 76 |
| Plast hf. | 33 |
| Rafrún hf. | 151 |
| Ratvís hf. | 80 |
| S.M.-verktakar sf. | 106 |
| Samstarf hf. | 80 |
| Selko, Sigurður Elíasson hf. | 25 |
| Skeifan húsgagnamiðlun hf. | 72 |
| Skilti & merki hf. | 145 |
| Skúffan sf. | 151 |
| Smáragarður hf. | 52,145 |
| Stíl-Húsgögn hf. | 51 |
| Stílhúsgögn hf. | 51 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Stórhýsi hf. | 50 |
| Tóftir hf. | 3 |
| Toppco hf. | 109 |
| Trésmiðjan Askur hf. | 53 |
| Trölli sf. | 151 |
| Tækja-tækni hf. | 72 |
| Tölvuþjónusta Kópavogs hf. | 80 |
| Umsýsla hf. | 47 |
| Varmaco hf. | 151 |
| Vélakaup hf. | 26 |
| Vélaleigan | 83 |
| Vélaverkstæðið Egill hf. | 147 |
| Vélsmiðja Sigurðar Jónssonar hf. | 33 |
| Vélsmiðjan Steinar hf. | 109 |
| Vélvangur hf. | 80 |
| Verland sf. | 129 |
| Vörðufell | 98 |
| Þyrnir sf. | 151 |

**Norður-Múlasýsla og Seyðisfjörður:**

| | |
|---|---|
| Fljótsbær hf., Fellahreppi | 48 |
| Hafsíld hf., Seyðisfirði | 25 |
| Kolbeinstangi hf., Vopnafirði | 103,138 |
| Netagerð Ásgeirs og Guðmundar sf. | 38 |
| Snæfell sf., Seyðisfirði | 62 |
| Strandarsíld hf., Seyðisfirði | 47 |
| Tangi hf., Vopnafirði | 48,109 |
| Trésmiðja Fljótsdalshéraðs hf., Fellahreppi | 72,147,151 |
| Tölvin sf., Vopnafirði | 102 |
| Útver hf., Bakkafirði | 80,151 |

**Suður-Múlasýsla, Neskaupstaður og Eskifjörður:**

| | |
|---|---|
| Aldan hf., Reyðarfirði | 3 |
| Austfiskur hf., Neskaupstað | 151 |
| Bára, Neskaupstað | 23 |
| Barnaheimur hf., Reyðarfirði | 31 |
| Bifreiðaverkstæðið Aféttarinn sf., Eskifirði | 7 |
| Bumburnar sf., Neskaupstað | 151 |
| Bútabúðin sf., Stöðvarfirði | 151 |
| Byggingafélagið Askur hf., Neskaupstað | 51 |
| Byggingafélagið Borg hf., Eskifirði | 145 |
| Endurskoðunarmiðstöðin hf., Egilsstöðum | 72 |
| Freyja sf., Breiðdalsvík | 72 |
| Friðþjófur hf., Eskifirði | 33 |
| Glæsir hf., Neskaupstað | 50 |
| H.M. vélaverkstæði, Neskaupstað | 23 |
| Hafalda sf., Neskaupstað | 23 |
| Helgafell sf., Djúpavogi | 151 |
| Hótel Austurland, Fáskrúðsfirði | 5 |
| Hótel Framtíð hf., Djúpavogi | 82 |
| Hraðfrystihús Breiðdælinga hf., Breiðdalsvík | 47 |
| Hraðfrystihús Eskifjarðar hf., Eskifirði | 50,147 |
| Hraðfrystihús Fáskrúðsfjarðar hf., Fáskrúðsfirði | 54,151 |
| Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf., Stöðvarfirði | 151 |
| Jón Kjartansson hf., Eskifirði | 50 |
| Katrín hf., Eskifirði | 51 |
| Kollur hf., Reyðarfirði | 51 |
| Malland hf., Djúpavogi | 27 |
| Miðás hf., Egilsstöðum | 107 |
| Síldarvinnslan hf., Neskaupstað | 50,54 |
| Síló sf., Neskaupstað | 75 |
| Slökkvitækjaþjónusta Austurlands, Eskifirði | 5 |
| Trémunir sf., Egilsstöðum | 38 |
| Trésmiðja Djúpavogs sf., Djúpavogi | 5 |
| Tölvuskóli Austurlands hf., Egilsstöðum | 33 |
| Útgerðarfélagið Þór hf., Eskifirði | 45 |
| Varahlutaverslun Gunnars Gunnarssonar hf., Egilsstöðum | 71 |
| Vélaleiga Sigga Þór hf., Egilsstöðum | 54 |

**Mýra- og Borgarfjarðarsýsla:**

| | |
|---|---|
| Borgarnesbíó sf., Borgarnesi | 151 |
| Hannyrðaverslun Evu, Borgarnesi | 23 |
| Hannyrðaverslunin Borgarnesi, Borgarnesi | 23 |
| Hitaveitan Múli sf., Stafholtstungum | 113 |
| Hvalur hf., Hvalfjarðarstrandarhreppi | 3 |
| Íslenska útgáfufélagið sf., Borgarnesi | 151 |
| Kolbeinn, Sigurður og Snorri sf., Hálsahreppi | 106 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Kolsstaðir hf., Hvítársíðuhreppi | 72 |
| Olíustöðin í Hvalfirði hf., Hvalfjarðarstrandarhreppi | 112 |
| Tamning sf., Hálsahreppi | 151 |
| Vélaþjónustan sf., Hálsahreppi | 23 |

**Ólafsfjörður:**

| | |
|---|---|
| Hraðfrystihús Ólafsfjarðar hf. | 72 |
| Kjarni sf. | 70 |
| Magnús Gamalíelsson hf. | 3 |
| Sólbaðsstofa Siggu og Völu sf. | 38 |
| Sæberg hf. | 72 |
| Trésmíði sf. | 17 |
| Vélsmiðja Ólafsfjarðar hf. | 76 |

**Rangárvallasýsla:**

| | |
|---|---|
| Árey hf., Hvolsvelli | 53 |
| Gilsá hf., Hellu | 103 |
| GK-flutningar sf., Hellu | 63 |
| Gróðrastöðin Heysholt, Landmannahreppi | 70 |
| Gróðrastöðin Kvistir, Holtahreppi | 5 |
| Grænmetispökkun Suðurlands, Djúpárhreppi | 23 |
| Holtabúið hf., Ásahreppi | 76 |
| Húsnæði sf., Hvolsvelli | 87 |
| Jarðsambandið sf., Landmannahreppi | 151 |
| Jón Jóhannsson hf., Ásahreppi | 33,151 |
| Kartöfluverksmiðja Þykkvabæjar hf., Þykkvabæ | 45 |
| Laufafell sf., Hellu | 10 |
| Plastiðjan hf., Hellu | 80 |
| Safco hf., Hvolhreppi | 51 |
| Slitlag hf., Hellu | 80 |
| Sönnak rafgeymar hf., Hellu | 71 |
| T.É. sf., Hvolsvelli | 151 |

**Siglufjörður:**

| | |
|---|---|
| Áprentun sf. | 23 |
| Bifreiðaverkstæði Siglufjarðar sf. | 106 |
| Fiskbúð Siglufjarðar sf. | 84 |
| Neta- og veiðafæragerðin hf. | 112 |
| Réttingaverkstæði Gunnars og Stefáns sf. | 159 |
| Siglfirðingur hf. | 151 |
| Siglfirska útgáfufélagið hf. | 51 |
| Tumi Þumall hf. | 80 |
| Verslunarfélag Siglfirðinga hf. | 38 |
| Þormóður rammi hf. | 72,80 |

**Skaftafellssýsla:**

| | |
|---|---|
| Bílahúsið sf., Höfn | 151 |
| Hvalnes hf., Bæjarhreppi | 72 |
| Ingvar og Gunnar sf., Höfn | 151 |
| Jöklahestar sf., Mýrdalshreppi | 83 |
| Kím sf., Höfn | 38 |
| Ómar Antonsson sf., Höfn | 14 |
| Skinney hf., Höfn | 45 |
| Tískuvöruverslunin Nína, Höfn | 31 |
| Útgerðarfélagið Hrísey hf., Höfn | 72 |
| Útgerðarfélagið Samstaða hf., Höfn | 109 |
| Vatnasleðaleigan sf., Höfn | 38 |
| Vélaleiga Guttorms Rafnkelssonar sf., Höfn | 14 |

**Skagafjarðarsýsla og Sauðárkrókur:**

| | |
|---|---|
| Bifreiða- og búvélaverkstæðið Pardus sf., Hofsósi | 23 |
| Fiskiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki | 47 |
| Hagur sf., Sauðárkróki | 113 |
| Hornið sf., Sauðárkróki | 17 |
| Hraðfrystihúsið hf., Hofsósi | 3 |
| Naf hf., Lýtingsstaðahreppi | 81,147 |
| Pardus hf., Hofsósi | 72 |
| Slátursamlag Skagfirðinga hf., Sauðárkróki | 3 |
| Steinullarverksmiðjan hf., Sauðárkróki | 147 |
| Steypustöð Skagafjarðar hf., Sauðárkróki | 72 |
| Útgerðarfélag Skagfirðinga hf., Sauðárkróki | 25 |
| Vélsmiðja Sauðárkróks hf., Sauðárkróki | 51 |
| Vinnuvélar Eyjólfs og Bjarna sf., Sauðárkróki | 27 |
| Ylplast hf., Sauðárkróki | 109 |
| Yzti-Mór hf., Sauðárkróki | 33 |

**Snæfellsnes- og Hnappadalssýsla:**

| | |
|---|---|
| Ármann sf., Ólafsvík | 99 |
| Átak, Ólafsvík | 113 |
| Björn og Einar sf., Ólafsvík | 38,55 |

| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Brauðgerð Ólafsvíkur hf., Ólafsvík | 54 |
| Breiði hf., Arnarstapa | 145 |
| Dalaplast hf., Búðardal | 76 |
| Eining hf., Stykkishólmi | 80 |
| Enni hf., Ólafsvík | 151 |
| Hergils sf., Reykhólahreppi | 60 |
| Hólmtak sf., Stykkishólmi | 60 |
| Hraðfrystihús Grundarfjarðar hf., Grundarfirði | 33 |
| Hraðfrystihús Hellissands hf., Hellissandi | 51 |
| Hrói hf., Ólafsvík | 26 |
| Hvammur sf., Ólafsvík | 55 |
| Höfuð-verk Kristjáns Ragnarsson-ar, Helgafellssveit | 53 |
| Klakkur sf., Staðarsveit | 53 |
| Marteinn G. Karlsson hf., Ólafsvík | 81 |
| Nes hf., Grundarfirði | 76 |
| Nesver hf., Hellissandi | 17,54 |
| Nesver sf., Ólafsvík | 17 |
| Ós sf., Skógarstrandarhreppi | 4 |
| Sigurður sf., Stykkishólmi | 151 |
| Snæfell sf., Verslunin Hvammur, Ólafsvík | 60 |
| Tindfell hf., Ólafsvík | 47 |
| Útver hf., Ólafsvík | 81 |
| Vídeóleiga Önnu, Hellissandi | 53 |

**Strandasýsla:**

| | |
|---|---|
| Hólmadrangur hf., Hólmavík | 3 |

**Vestmannaeyjar:**

| | |
|---|---|
| Anna hf. | 51 |
| Baldur hf. | 52 |
| Bergur hf. | 76 |
| Bergur-Huginn hf. | 145 |
| Byggingavöruverslunin Brimnes hf. | 80 |
| Einar Guðmundsson hf. | 71 |
| Fram hf. | 151 |
| Gámaþjónusta Vestmannaeyja | 151 |
| Goðhamar sf. | 112 |
| Greipur hf. | 25 |
| Gunnar Ólafsson & Co. hf. | 76 |
| Hafnareyri hf. | 33 |
| Hraðfrystistöð Vestmannaeyja hf. | 151 |
| Ísfélag Vestmannaeyja hf. | 145 |
| Klif sf. | 151 |
| Líkamsræktarstöðin Strax hf. | 72 |
| Nýja Geirseyri sf. | 151 |
| Pípulagnir | 151 |
| R/B trésmiðir sf. | 107 |
| Ragnar og Björgvin sf. | 112 |
| Samtog hf. | 145 |
| Smáey hf. | 75 |
| Suðurtangi hf. | 147 |
| Svanurinn sf. | 151 |
| Turninn | 61,151 |
| Ufsaberg hf. | 72 |
| Útgerð Sigurfara sf. | 28 |
| Útgerðarfélagið Ósk hf. | 3 |
| Þorvaldur og Einar sf. | 151 |

**Þingeyjarsýsla:**

| | |
|---|---|
| Askja hf., Húsavík | 48 |
| Bílaleigan sf., Mývatnssveit | 70 |
| Celite Ísland hf., Húsavík | 26 |
| Fatahreinsun Húsavíkur sf., Húsavík | 53 |
| Fiskiðja Raufarhafnar hf., Raufar-höfn | 151 |
| Garðræktarfélag Reykhverfinga hf., Reykjahreppi | 25 |
| Hik sf., Húsavík | 114 |
| Íshaf hf., Húsavík | 109 |
| Jökull hf., Raufarhöfn | 151 |
| Kjarabót hf., Húsavík | 151 |
| Marin hf., Grenivík | 76 |
| Mura sf., Húsavík | 53 |
| Mývatnsmarkaður sf., Skútustaða-hreppi | 62 |
| Norðurraf hf., Þórshöfn | 80 |
| Uggi sf., Húsavík | 23 |
| Útgerðarfélagið Vísir hf., Húsavík | 3 |
| Útvegsbændafélag Tjörnesinga sf., Tjörneshreppi | 83 |
| Vélsmiðjan Vík hf., Grenivík | 80 |

# SKRÁ

**um samvinnufélagatilkynningar sem birtust í Lögbirtingablaði 1991.**


| | Tbl.nr. |
|---|---|
| Byggung bsvf., Reykjavík | 5 |
| Kaupfélag Árnesinga, Selfossi | 22,31 |
| Kaupfélag Austur-Skaftfellinga, Höfn | 106 |
| Kaupfélag Fáskrúðsfirðinga, Fáskrúðsfirði | 74 |
| Kaupfélag Húnvetninga, Blönduósi | 152 |
| Kaupfélag Langnesinga, Þórshöfn | 84 |
| Kaupfélag Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík | 99 |
| Kaupfélag Skaftfellinga, Vík | 31 |
| Kaupfélag Vestmannaeyja, Vestmannaeyjum | 22 |
| Kaupfélag Vopnfirðinga, Vopnafirði | 24,144 |
| Kaupfélag Þingeyinga, Húsavík | 106 |
| Kaupfélagið Fram, Neskaupstað | 154 |
| Mjólkurbú Flóamanna, Selfossi | 13 |
| Pöntunarfélagið Dynjandi, Þingeyrarhreppi | 75 |
| Samband íslenskra samvinnufélaga, Reykjavík | 4,141 |
| Sölufélag garðyrkjumanna, Reykjavík | 5 |